Alþingi 1942.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1942, mánudaginn 16. febrúar, var hið fimmtugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og fimmta aðalþing í röðinni, en sjötugasta og fjórða samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,50 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1 miðdegis. Síra Jón Þorvarðsson, prófastur, steig í stólinn og lagði út af I. Kor. 3—11.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Bergur Jónsson, þm. Barð.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
6. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
7. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
8. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
9. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv.
10. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
12. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
13. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
14. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
15. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
16. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
17. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
18. Hermann Jónasson, þm. Str.
19. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
20. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
21. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
22. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
23. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
24. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
25. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
26. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
27. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
28. Ólafur Thors, þm. G.-K.
29. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
30. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
31. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
32. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
33. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
34. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
35. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
36. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
37. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
38. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema 6. þm. Reykv., sem boðað hafði veikindaforföll. En ókomnir voru til þings þessir alþingismenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
4. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
5. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
6. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
7. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
8. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
9. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.

Ríkisstjóri setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom ríkisstjóri, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls. Las hann upp opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar mánudaginn 16. febr. 1942, dags. 4. febr., svo hljóðandi:

Ríkisstjóri Íslands

gerir kunnugt: að ég samkvæmt stjórnarskrá hins íslenzka ríkis frá 18. maí 1920 hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 16. febrúar 1942.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og mun ég þá setja Alþingi, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Gert á Bessastöðum 4. febrúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Samkvæmt þessu opna bréfi lýsti rkisstjóri því næst yfir, að Alþingi væri sett. Síðan mælti

Ríkisstjóri (Sveinn Björnsson): Háttvirtu þjóðarfulltrúar!

Ríkisstjórnin telur, að þing það, sem nú kemur saman, verði að gera allumfangsmiklar ráðstafanir til þess að halda niðri sívaxandi dýrtíð í landinu. Jafnframt því verði aðgerðir þingsins að beinast að því að gera undirbúning að því að geta mætt þeim vandræðum, sem búast má við, að fari í kjölfar styrjaldarinnar, atvinnuleysi og öðrum erfiðleikum. Til þess þarf meðal annars að leitast við að safna í sjóði, svo að fé verði fyrir hendi til þess að inna af hendi nauðsynlegt viðreisnarstarf. Verður óumflýjanlegt að afla ríkissjóði frekari tekna í því skyni.

Auk venjulegs fjárlagafrumvarps munu frumvörp þau, er stjórnin leggur fyrir Alþingi að þessu sinni, aðallega beinast í þá átt, sem greint hefur verið.

Að svo mæltu vil ég biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Hermann Jónasson, mælti: „Lifi Ísland!“ — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Ríkisstjóri kvaddi nú elzta viðstaddan þingmann, Jakob Möller fjármálaráðherra, til þess að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings. Gekk ríkisstjóri síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Matthíasar Ólafssonar.

Aldursforseti (JakM): Frá því er síðasta þingi sleit, hefur látizt einn fyrrverandi alþingismaður, Matthías Ólafsson, fyrrum þingmaður Vestur-Ísfirðinga. Hann andaðist í sjúkrahúsi hér í bænum 8. þ. m., á 85. aldursári. Áður en þingstörf hefjast, vil ég minnast þessa manns nokkrum orðum.

Matthías Ólafsson fæddist í Haukadal í Dýrafirði 25. júní 1857, sonur hjónanna Ólafs Jónssonar bónda þar og Ingibjargar Jónsdóttur bónda í Stapadal Bjarnasonar. Hann ólst upp með foreldrum sínum og stundaði á unglingsárum sjómennsku og ýmis sveitastörf. Þegar Möðruvallaskóli var stofnaður fyrir 62 árum, réðst hann þangað til náms og útskrifaðist þaðan að 2 árum liðnum, 1881. Næstu tvo vetur fékkst hann við kennslu í Þingeyrarhreppi, var síðan verzlunarmaður á árunum 1883—1892, en stundaði jafnframt kennslustörf 1885—1889 við barnaskóla, er hann og fjórir menn aðrir reistu á eiginn kostnað í Haukadal. Árið 1892 setti hann sjálfur á stofn verzlun í Haukadal, en seldi hana 5 árum síðar, 1897, Gram á Þingeyri, veitti henni þó forstöðu um næstu 11 ára bil. Þá keypti hann verzlunina aftur og rak hana til ársins 1914, en á því ári fluttist hann til Reykjavíkur og gerðist ráðunautur og erindreki Fiskifélags Íslands. Því starfi gegndi hann til 1920, en þá tók hann um missiris skeið að sér forstöðu matvælaskömmtunarskrifstofu, er ríkið hafði sett á stofn, eða til þess tíma, er sú stofnun hætti störfum. Þá tók hann við gjaldkerastarfi í landsverzlun og síðar, 1928, þegar sú verzlun var lögð niður, sams konar starfi í Olíuverzlun Íslands. Af því starfi lét hann ekki fyrr en áttræður, 1937.

Meðan Matthías Ólafsson dvaldist vestra, átti hann mikinn þátt í flestum framfaramálum sýslu sinnar, bæði í verklegum efnum og öðru því, er til menningar horfði, og gegndi þar mörgum trúnaðarstörfum. Hann var þingmaður Vestur-Ísfirðinga 1912—1919 og sat því á 9 þingum alls, átti lengi sæti í hreppsnefnd og sýslunefnd auk ýmissa annarra starfa, er á hann hlóðust. Hann átti þátt í vélbátaútgerð í Haukadal, gekkst fyrir stofnun Sparisjóðs Vestur-Ísfirðinga um aldamótin og stofnun brunabótafélags í Þingeyrarhreppi árið 1904. Þegar suður kom og hann var orðinn ráðunautur Fiskifélags Íslands, gerðist hann um hríð umboðsmaður þess í útlöndum, dvaldist tvo vetur í Vesturheimi til þess að kynna sér þar markaðshorfur sjávarafurða og verkunaraðferðir, og síðar ferðaðist hann til Suðurlanda í sömu erindum. Af öðrum störfum hans í almenningsþágu má nefna, að hann var þingkjörinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna um nokkurra ára skeið.

Matthías Ólafsson var fjörmaður, glöggskyggn og áhugasamur, hugkvæmur um verklegar framkvæmdir og fús til nýbreytni, ef honum þótti vænleg til framfara, en þó gætinn og vildi jafnan kunna fótum sínum forráð. Liðtækur var hann til allra starfa á þingi, enda hafði hann aflað sér góðrar þekkingar á landsmálum, einkum þó um allt, er laut að útgerðar- og verzlunarmálum. Hann var og lipurmenni og manna vinsælastur.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu þessa merka manns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingmenn risu úr sætum sínum.]

Með því að allmargir þingmenn voru enn ókomnir til þings, frestaði aldursforseti fundi, og kvaðst mundu boða framhald fundarins með dagskrá.

Miðvikudaginn 18. febr., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið. Af þeim 9 þingmönnum, sem ókomnir voru til þings við þingsetningu, voru nú komnir: Einar Árnason, 2. þm. Eyf., Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm., og Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Kosning forseta.

Aldursforseti, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., og lét síðan ganga til kosningar um forseta sameinaðs þings.

Kosningu hlaut

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.,

með 16 atkv. — Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf., fékk 3 atkv., Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv., fékk 1 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

Þá gekk hinn nýkjörni forseti til forsetastóls

og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta sameinaðs Alþingis.

Kosinn var

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.

með 16 atkv. — Jónas Jónsson, þm. S.-Þ., fékk 1 atkv., en 21 seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta sameinaðs Alþingis, og var kosinn

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,

með 17 atkv. — Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv., fékk 2 atkv., Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf., fékk 1 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst fór fram kosning skrifara sameinaðs Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Komu fram tveir listar, A. og B. — Á A-lista var BjB, en á B-lista JJós. — Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

Kjörbréfanefnd.

Loks var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom aðeins einn listi, er á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa í nefndina. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna, en þeir voru þessir:

Pétur Ottesen,
Emil Jónsson,
Einar Árnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bergur Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 19. febr., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru JJ, BjB, EmJ, HelgJ, PHerm, en á B-lista PO, ÞÞ, SEH, SK. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Pétur Ottesen,
Bjarni Bjarnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Emil Jónsson,
Helgi Jónasson,
Sigurður E. Hlíðar,
Páll Hermannsson,
Sigurður Kristjánsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru JJ, BJ, ÁÁ, BÁ og til vara PHann, PZ, HG, GG; á B-lista MJ, JJós, GÞ og til vara ÓTh, BSn, ÁJ, og á C-lista EOl. — Atkv. féllu þannig, að A-listi hlaut 20 atkv., B-listi 14 atkv. og C-listi 3 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Aðalmenn:
Jónas Jónsson,
Magnús Jónsson,
Bergur Jónsson,
Jóhann Jósefsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Garðar Þorsteinsson.

Varamenn:
Pálmi Hannesson,
Ólafur Thors,
Páll Zóphóníasson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Haraldur Guðmundsson,
Gísli Guðmundsson,
Árni Jónsson.

3. Allsherjarnefnd.

Tveir listar komu fram. Á A-lista voru JörB, EÁrna, FJ, PZ, og á B-lista EE, ÁJ, ÞBr, eða samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa í nefndina. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jörundur Brynjólfsson,
Eiríkur Einarsson,
Einar Árnason,
Árni Jónsson,
Finnur Jónsson,
Þorsteinn Briem,
Páll Zóphóníasson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
4. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
7. Hermann Jónasson, þm. Str.
8. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
9. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm,
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema Bernharð Stefánsson og Erlendur Þorsteinsson, sem ókomnir voru til þings.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Ingvar Pálmason, til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson og Bjarna Snæbjörnsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 10 atkv. — 3 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.,

með 10 atkv. — 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.,

með 8 atkv. — 5 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PHerm, en á B-lista BSn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., og
Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Sætaskipun.

Loks skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom till. um, að sætaskipun héldist óbreytt eins og hún var á síðasta þingi. Afbrigði um þá tillögu voru samþ. með 12 shlj. atkv. og till. síðan sjálf samþ. með 11 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 19. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar kom aðeins fram einn listi, er á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa í nefndina. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bernharð Stefánsson,
Magnús Jónsson,
Erlendur Þorsteinsson.

2. Samgöngumálanefnd.
Páll Zóphóníasson,
Árni Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

3. Landbúnaðarnefnd.
Páll Zóphóníasson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Erlendur Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd.
Ingvar Pálmason,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd.
Páll Hermannsson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Erlendur Þorsteinsson.

6. Menntamálanefnd.
Jónas Jónsson,
Árni Jónsson,
Bernharð Stefánsson.

7. Allsherjarnefnd.
Ingvar Pálmason,
Magnús Gíslason,
Sigurjón Á Ólafsson.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Einar Olgeirsson, 4. þm. Reykv.
6. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
7. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
17. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
18. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
19. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
20. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Ólafur Thors, þm. G.-K.
23. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
26. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
27. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
28. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
29. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
30. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
31. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Fjármálaráðherra, Jakob Möller, aldursforseti deildarinnar, setti fundinn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Emil Jónsson, 6. landsk. þm., og Eirík Einarsson, 8. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 13 atkv. — 11 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Emil Jónsson, 6. landsk. þm.,

með 16 atkv. — Pétur Ottesen, þm. Borgf., fékk eitt atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning 2. varaforseta. Kosningu hlaut

Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.,

með 9 atkv., en 15 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista var nafnið Sveinbjörn Högnason, en á B-lista Eiríkur Einarsson. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr. þeir:

Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang., og
Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Pétur Ottesen,
8. — — Ásgeir Ásgeirsson,
9. — — Stefán Stefánsson,
10. — — Bjarni Bjarnason,
11. — — Jón Ívarsson,
12. — — Þorsteinn Briem,
13. — — Skúli Guðmundsson,
14. — — Einar Olgeirsson,
15. — — Helgi Jónasson,
16. — — Sigurður E. Hlíðar,
17. — — Ísleifur Högnason,
18. — — Jóhann G. Möller,
19. — — Héðinn Valdimarsson,
20. — — Sigurður Kristjánsson,
21. — — Bergur Jónsson,
22. — — Steingrímur Steinþórsson,
23. — — Haraldur Guðmundsson,
24. — — Gísli Guðmundsson,
25. — — Bjarni Ásgeirsson,
26. — — Pálmi Hannesson,
27. — — Jón Pálmason,
28. — — Gísli Sveinsson,
29. — — Finnur Jónsson,
30. — — Garðar Þorsteinsson,
31. — — Emil Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 19. febr., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu allra nefndanna komu fram tveir listar, A og B, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Af A-lista: Sveinbjörn Högnason, Skúli Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson.
Af B-lista: Jón Pálmason, Stefán Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd.

Af A-lista: Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason, Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Gísli Sveinsson, Eiríkur Einarsson.

3. Landbúnaðarnefnd.

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson, Haraldur Guðmundsson.
Af B-lista: Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

4. Sjávarútvegsnefnd.

Af A-lista: Gísli Guðmundsson, Jón Ívarsson, Finnur Jónsson.
Af B-lista: Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar.

5. Iðnaðarnefnd.

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson, Pálmi Hannesson, Emil Jónsson.
Af B-lista: Eiríkur Einarsson, Jóhann G. Möller.

6. Menntamálanefnd.

Af A-lista: Bjarni Bjarnason, Pálmi Hannesson, Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Gísli Sveinsson, Þorsteinn Briem.

7. Allsherjarnefnd.

Af A-lista: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson.
Af B-lista: Garðar Þorsteinsson, Jóhann G. Möller.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Loftvarnir o. fl.

Á 5. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum (stjfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þessi breyting á gildandi lögum var gerð vegna þess, að nauðsynlegt var talið vegna eldhættu, sem af loftárásum getur komið, er minnst varir, einkum þar sem eru timburhús, að koma sem fyrst hinum einföldustu eldvarnatækjum í öll hús. Húseigendur hafa verið skyldaðir til að hafa þau í húsum sínum, og ráðstafanir þessar hafa þegar verið framkvæmdar í aðalatriðum. Fyrst og fremst er það sandur, sem notaður er til að slökkva í eldsprengjum, þar sem vatn má alls ekki nota til þess. Frekari skýringar hygg ég ekki þurfi að fylgja þessum ráðstöfunum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 48).

Frsm. (Bergur Jónsson): Hér er aðeins um það að ræða að bæta við, inn í lögin um ráðstafanir til loftvarna, ákvæði um það, að húseigendum sé skylt að hafa nauðsynleg eldvarnatæki, eftir því sem fyrirskipað er af loftvarnanefnd.
Allshn. hefur athugað frv. og telur sjálfsagt að taka þetta ákvæði inn í lögin. Leggur hún því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Frv. þetta þarf engra verulegra skýringa við, svo að ég hef ekki ástæðu til þess að vera langorður. Ástæðan til, að þessi bráðabirgðal. voru sett er sú, að ef kviknar í húsum, einkum timburhúsum, út frá eldsprengjum, sem ef til vill yrði varpað hér, þá er sandur talinn bezta slökkvitækið.
Sandur þessi er geymdur á efsta lofti húsanna, og gefur loftvarnanefnd leiðbeiningar um notkun hans. Sandinum á að dreifa yfir eldsprengjuna, sem út frá kviknar. Ef notaðar eru venjulegar slökkviaðferðir, t. d. vatn, er talið, að eldurinn muni fremur magnast en slokkna. Eftir því hefur verið gengið af bæjaryfirvöldum, að þessu yrði framfylgt, en ekki er hægt að skylda mann til þess, nema með bráðabirgðal. þessum. Ég geri ráð fyrir, að tækjum þessum hafi verið komið fyrir í öllum eða allflestum húsum. Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en óska, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 121).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er lagt fram í þinginu af ríkisstj. til staðfestingar á bráðabirgðal. frá 9. des. 1941, og hefur það gengið gegnum Nd. og verið samþ. þar án breyt. Efni frv. er aðeins það, að bæta við gildandi l. um „ráðstafanir til loftvarna".
Gert er ráð fyrir að bæta við því ákvæði, að húseigendum skuli skylt að hafa til í húsum sínum nauðsynleg slökkvitæki, eftir því sem loftvarnanefnd ákveður. En tæki þessi eru aðallega sandpokar. Allshn. hefur athugað málið og telur rétt, að það verði samþ., því að þessi ákvæði virðast vera ofur eðlileg og húseigendum ekki sérstaklega kostnaðarsöm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 139).

2. Vegabréf innanlands.

Á 3. fundi í Ed., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um notkun vegabréfa innanlands (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 68).

Frsm. (Ingvar Pálmason): F. h. allshn. hef ég fátt eitt að segja um frv. fram yfir það, sem tekið er fram í nál. á þskj. 68. N. hefur ekki haft skilyrði til þess að afla sér sjálfstæðra upplýsinga um málið og nauðsyn þess að koma á slíkri vegabréfanotkun, en við 1. umr. málsins skýrði hæstv. dómsmrh. fyrir deildinni, hvers vegna brbl. voru sett, en frv. er borið fram til staðfestingar á þeim.

Okkur er það öllum ljóst, að þeir atburðir geta gerzt, að nauðsyn beri til, að ríkisstjórnin grípi til ýmissa ráðstafana, og um þetta mál gildir það sama. N. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt. En ég vil sjálfur benda á það, að ef til kæmi að nota þessa heimild um vegabréfanotkun víðar en hér í Reykjavík og Hafnarfirði, að óhjákvæmilegt er, að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess að gera slíkt framkvæmanlegt, því að það getur orðið miklum erfiðleikum bundið fyrir menn úti á landi að afla ljósmynda með stuttum fyrirvara, nema jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess að greiða fyrir mönnum um ljósmyndaöflun.

Hér í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem gnægð er ljósmyndara, virðist það ganga fullseint.

En hins vegar getur svo farið, að grípa þurfi til slíkra ráðstafana sem þessara víðar á landinu en hér, enda mun nú vera farið að krefja ferðamenn um vegabréf, t. d. þá, sem ferðast með flugvél. Ég vil benda á þetta og tel vafasamt, að það, sem enn hefur gert verið, sé fullnægjandi. Ég fjölyrði svo ekki frekar um mál þetta, en nefndin er á einu máli um að samþ. beri brbl.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil þakka n. fyrir, að hún hefur tekið málinu með skilningi, og mun ég taka tillit til leiðbeininga hennar. Það er rétt, að erfitt hefur reynzt að fá hæfar ljósmyndir í tæka tíð, en ekki er gert ráð fyrir, að þessi heimild verði notuð nema hér og í Hafnarfirði.

Ég tók þetta fram við 1. umr., en síðan hafa erfiðleikarnir vaxið, og hefur það ekki allt komið í ljós í umr. hér á Alþingi.

En það er eitt atriði, sem menn hnjóta um og reka augun í, að ekki er skylt að bera vegabréf undir 12 ára að aldri, og hafa menn bent á það, að nauðsyn væri engu að síður fyrir hendi fyrir unglinga innan 12 ára að bera vegabréf. Ég hef hins vegar bent á, að ef til árása kynni að koma hér, yrðu börnin flutt úr bænum og svo, að börnin eru að öllum jafnaði meira heima við en fólk, sem stundar atvinnu sína úti um bæ, og lögreglu- og hjálparsveitir. Við þetta er aldurstakmarkið miðað. Hins vegar er svo ekki heldur líklegt, að unglingar innan 12 ára hafi hirðusemi á því að gæta vegabréfa sinna, en mundu týna þeim. Ekki er heldur krafizt, að eldra fólk beri vegabréf, og eru fyrir því sömu ástæður, þ. e. a. s. álitið er, að það sé meira heima við og hafi þess vegna minni þörf fyrir þau. Þær ástæður, sem ég færði fyrir þessu frv., eru vafalaust fyrir hendi nú og hafa heldur aukizt. Herstjórnin álítur landið vera í mikilli hættu, án þess að hún geti gefið neinar nánari upplýsingar, og viti ekkert um það frekar en aðrir.

Erlendur Þorsteinsson: Ég hef heyrt, að herstjórnin heimti vegabréf af almenningi víðar en hér í Reykjavík, t. d. á ýmsum samgönguleiðum, og af þeim, er með flugvél ferðast. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, en vil spyrja hæstv. forsrh., hvort menn úti á landi geti fengið vegabréf, án þess að það sé fyrirskipað.

Ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt til þess að firra menn vandræðum, einkum ef þeir ferðast eitthvað. Menn utan af landi, bæði kaupsýslumenn og aðrir, koma oft hingað til Reykjavíkur, og ef herstjórnin er farin að krefjast vegabréfa af öllum, er ferðast á helztu samgönguleiðum, verður ekki hjá því komizt, að lögreglustjórar úti á landi hafi vegabréf handa þeim, er þess óska.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er rétt, að það hefur farið í vöxt, að vegabréfa væri krafizt. Enn fremur hefur herstjórnin farið fram á að fá helzt afrit af öllum vegabréfum, til þess að hægt væri að bera þau saman. Stafar þetta af því, að herstjórnirnar hafa þótzt komast að því víða annars staðar, að allur almenningur væri ekki eins hlynntur stefnu þeirra og þær töldu nauðsyn til bera.

Af þessu stafar sú tortryggni, sem Íslendingum er sýnd, sem ég vil segja að sé að ástæðu-

lausu. Hér hefur aldrei neitt það borið við, sem hægt er að kenna skemmdastarfsemi í neinni mynd. Af þeim sökum er okkur sýnd meiri tortryggni en hægt er með góðu móti að þola og sætta sig við, og tel ég það höfuðverkefni ríkisstj. að fá þessi mál leyst á viðunandi hátt. Hitt er vitanlega hægt að taka til athugunar, og alveg sjálfsagt að láta lögreglustjóra hafa þessi skírteini til, ef einhverjir óska eftir þeim, og mun ég láta dómsmálaráðuneytið fyrirskipa það. Hins vegar geta þeir, sem hér eru, fengið vegabréf hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, þótt þeir séu búsettir annars staðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 153).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 206).

3. Útsvör.

Á 2. fundi í Ed., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Hv. þdm. rekur sennilega minni til þess, að á haustþinginu var borið fram frv., sem var að efni til mjög samhljóða því frv., er hér hefur verið lagt fyrir. En með því að það náði ekki fram að ganga á því þingi, sá ríkisstj. sér ekki annað fært en að gefa út brbl. í samræmi við það.

Ástæðurnar fyrir þessu eru í rauninni svo nákvæmlega greindar í grg. frv., að það er í sjálfu sér óþarft að viðhafa langa framsögu um málið, og hv. þdm. hafa að sjálfsögðu kynnt sér grg. frv. Það er því að eyða tímanum til ónýtis að lesa það upp hér. Aðeins tel ég rétt að taka það fram, vegna setningar þessara brbl., að ríkisstj. sá ekki betur en nauður einn ræki til þess, því að eins og á stóð hefði niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík verið óstarfhæf, þegar átti að jafna niður útsvörum hér í bænum. Núverandi skattstjóri var eindregið búinn að biðjast lausnar frá þessu starfi, en starfið er orðið svo umfangsmikið, að hann telur sér alls ekki fært að gegna því vegna annarra forgangsstarfa. Ríkisstj. sá því ekki annað úrræði en að gefa út brbl., eins og ég hef nú þegar greint.

Eins og hv. þdm. sjá af grg., er þetta að efni til ekki annað en að færa fyrirkomulagið á niðurjöfnun útsvara í Reykjavík til samræmis við það, sem er í öðrum kaupstöðum landsins.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til hv. allshn. og 2. umr. Og ef n. teldi sig þurfa að fá eitthvað nánari upplýsingar frá ríkisstj., mun ég að sjálfsögðu veita allar slíkar upplýsingar.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Það er nú um þetta mál að segja, að það lá fyrir hv. Ed. á síðasta þingi og var þá vísað til hv. allshn. N. þá var mjög í vafa um, hvort rétt væri að gera þær breyt., sem nú hafa verið gerðar með útgáfu þessara brbl.

Það, sem virðist vera fært sem aðalröksemd fyrir þessari breyt., er, að skattstjóri sé nú orðinn svo störfum hlaðinn. Við athugun á málinu hjá allshn. í fyrra var það viðurkennt, að þessi rök væru takandi til greina á árinu 1941 í byrjun ársins, en það stafaði m. a. af þeim miklu breyt., sem Alþingi gerði þá á skattal., og hve seint sú ráðstöfun var gerð. Það var því skiljanlegt, að það hlaut að vera erfitt fyrir skattstjórann, eins og á stóð, að sinna þessu starfi. Nefndin hafði þá samband við skattstjórann og bar þetta mál undir hann, og hún fékk þau svör þá, að á venjulegum tímum væri þetta ekki meira verk en svo, að hann gæti annað því, ef ekki væri um stórfelldar breyt. að ræða.

Nú sé ég, að í grg. frv. eru færð önnur rök, sem eru þau, að í Reykjavík sé skipun niðurjöfnunarnefndar með öðrum hætti en tíðkast í öðrum bæjum. En svona hefur það nú verið síðan 1936 og virðist ekki hafa valdið neinum árekstrum. Og eitt af því, sem allshn. í fyrra lagði mikla áherzlu á, er hið nána samband, sem hún taldi að þyrfti að vera á milli skattstjórans hér í bænum og nefndarmannanna um niðurjöfnun útsvara. En það er vitanlegt, að eins og nú er háttað með niðurjöfnun útsvara, er aðalgrundvöllurinn undir álagningu útsvara skattskýrslurnar, sem segja eiga til um efnahag manna,

Hér í Reykjavík er það svo, að enginn maður getur þekkt allan þann fjölda bæjarmanna, sem jafnað er niður á. Það gefur því að skilja, að útsvörin verða að byggjast á framlögðum skýrslum. Í kaupstöðum eru það bæjarstjórnirnar, sem skipa oddamenn niðurjöfnunarnefnda, en þeir fylgjast oft mjög vel með skattaframtölum manna. Þess vegna tel ég einmitt hliðstætt að hafa skattstjóra hér sem oddamann. Og ég vil einnig benda á það, að skattstjóri á að vera algerlega hlutlaus embættismaður, og ég legg áherzlu á þetta, hlutlaus embættismaður, án þess að ég sé á nokkurn hátt að væna niðurjöfnunarnefnd, sem nú er kosin pólitískt, en þá ræður atkvæðamagn flokkanna. En eins og hún hefur verið skipuð, hafa oftast verið tveir og tveir, sem flokkarnir hafa eignað sér, Framsfl. 1, Alþfl. 1, Sjálfstfl. 2 og oddamaður hinn hlutlausi embættismaður, og ég hef ekki orðið var við í þessum bæ, að þetta hafi verið talinn neinn ljóður, nema síður sé. En með þessu fyrirkomulagi er meiri hlutinn orðinn pólitískur meiri hluti. Og ég er ekki alveg viss um, að borgararnir í þessum bæ telji það á nokkurn hátt betra fyrirkomulag en það, sem hefur verið. (**BSn:** Þeim er víst ekki vandara en öðrum kaupstöðum.) Það er nú sagt, að hér í Reykjavík séu átökin hörðust um, hvernig jafna eigi niður útsvörum, og sú var tíðin, að í Reykjavík þurfti að leggja mikið á borgarana. Það var því að sjálfsögðu oft mikið matsatriði, hvernig byrðarnar ætti að leggja á, kannske öllu frekar í þeim mannfjölda, sem hér er, heldur en í minni bæjum, þar sem miklu meiri kunnugleiki ríkir um ástæður og efnahag.

Ég skal á þessu stigi málsins ekki fjölyrða um þetta frekar. Málið fer til nefndar, og það má vera, að einhver skoðanamunur komi þar fram um þá ráðstöfun, sem nú hefur verið gerð, en eftir því sem ég bezt veit er búið að kjósa þennan mann, í staðinn fyrir að kjósa nefndina í heild. En það upplýsist síðar, hvað hæstv. ráðh. meinti, hvort ætti að kjósa einn mann eða nefndina að nýju.

*__Magnús Gíslason:__ Herra forseti! Ég kannast ekki við það, sem ég hlaut að skilja á orðum hv. 2. landsk., að allshn., sem hafði frv. líkt þessu til meðferðar í fyrra, hafi látið uppi nokkurt álit um þetta mál. Hinu man ég eftir, að form. n., hv. 2. landsk., var mjög tregur til þess að taka þetta mál fyrir í n., og það fór þannig, að það fékk enga afgreiðslu hjá honum. Ég vil þess vegna, hvað mig snertir, taka það fram, að ég vil ekki skrifa undir þau orð hv. 2. landsk., að það hafi verið álit n., að það væri varhugavert að samþ. frv. það, sem þá lá fyrir. Þvert á móti var það álit mitt, og ég lét það uppi þá, ef ég man rétt, að það væri í sjálfu sér nokkuð einkennilegt að setja sérstakar reglur hvað snertir niðurjöfnun útsvara í Reykjavík, í stað þess að láta sömu reglur gilda þar og í öðrum kaupstöðum landsins. Og ég hygg, að meðnm. mínir muni, að ég taldi, að eins og skattstjóri væri nú störfum hlaðinn væri það fullmikið á hann lagt að eiga líka að starfa sem formaður niðurjöfnunarn. Hitt er annað mál, að það er sjálfsagt, að nefndin hafi sem fullkomnast samstarf við skattstofuna, því að þar liggja öll gögn, sem fara verður eftir.

Mér finnst það vera fremur léttvæg ástæða til að vera á móti þessu að segja, að nefndin sé skipuð pólitískt í Reykjavík, þannig er það alls staðar á landinu, það er búið að koma því fyrirkomulagi á, og það er því ekkert sérstakt fyrir Reykjavík.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Í raun og veru hefur hv. 11. landsk. að mestu leyti tekið af mér ómakið, og sé ég því ekki ástæðu til að tefja þessar umr. Ég vil aðeins undirstrika þetta um pólitíska meiri hluta, sem hv. 2. landsk. virtist frekar líta hornauga til. Mér skilst, að honum gleymist, að allt okkar stjórnarfar byggist á því, að það sé pólitískur meiri hluti, sem ræður. En það er eins og sumum vilji gleymast þessi meginregla stundum, en fyrir mér er þetta, eins og raunar kemur fram í grg., meginatriði, að réttur kjósendanna komi þannig fram, að sá meiri hluti, sem er meðal þeirra, ráði í meðferð opinberra mála. Þannig er það í öllum öðrum kaupstöðum á landinu, og þannig á það þess vegna að vera í Reykjavík.

Hvað viðvíkur samstarfinu á skattstofunni, sem ég viðurkenni að sé fullkomin nauðsyn, þá er fyrir því séð í frv., að það haldist eins og nauðsynlegt er, þ. e., að n. hafi not af öllum gögnum skattstofunnar til að byggja niðurjöfnun á.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég ætla að segja örfá orð út af ræðu hv. 11. landsk.

Það var rétt hjá honum, að það var ekki gefið út opinbert álit af hálfu allshn. í málinu, og það, sem ég hef þá túlkað í minni fyrri ræðu, er það, sem við röbbuðum saman innan n. En ég held, að ég fari í öllum aðalatriðum rétt með, þegar ég segi, að skoðun n. þá hafi verið sú, að hún teldi þessa breyt ekki tímabæra. Um önnur rök hirði ég ekki að ræða.

Ég hygg, að það sé svo í þessu máli sem öðrum, að erfitt muni að snúa mönnum frá sinni fyrri stefnu.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að því, sem hæstv. fjmrh. sagði. Hann kom í raun og veru ekki með neitt nýtt, sem ekki er þegar vitanlegt, að með þessu væri verið að berjast fyrir að koma á sama skipulagi hér sem annars staðar, að það sé pólitískur meiri hluti, sem ræður um álagningu útsvara.

Ég tel það alveg sérstakan kost fyrir Reykjavík, að sú regla hefur gilt, að hlutlaus maður sé oddamaður. Og ef ég hef skilið allshn. rétt í fyrra, þá hygg ég, að hún sé ekki fráleit þessari skoðun. Og þó að það sé útséð um það, hvernig um þetta mál fer, þar sem nú er næstum búið að framkvæma l., þá á það jafnan rétt á sér að láta koma fram skoðanir, hversu ólíkar sem þær kunna að vera.

Ég tæpti á því í ræðu minni áðan og lagði enga spurningu fyrir hæstv. fjmrh. um það, hvort bæri að leggja þann skilning í l. eins og þau eru nú, að kjósa ætti einn mann. Mér finnst eftir orðalagi 1. gr. frv., að full ástæða hefði verið til, þegar farið væri að framkvæma l., að kjósa n. á ný, og ég vildi þá spyrja hæstv. ráðh.,

hvort þetta sé hans skilningur á þessum l., eins og þau liggja fyrir. Um hitt skal ég ekki þrátta meira, hvort þetta sé heppilegra eða ekki.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég get einnig sagt það, að það er minn skilningur á þessum l., að það ætti að kjósa eins og kosið var. Ég skildi það einnig svo, að lögfræðingarnir í stjórnarráðinu hefðu skilið l. þannig. Hins vegar var það orðað þannig á bæjarstjórnarfundi, þar sem þessi skoðun kom fram, að þessu máli yrði skotið til úrskurðar, og tel ég þess vegna ekki rétt að tilkynna neitt fyrirfram um þann úrskurð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, JJ, MG, MJ, ÞÞ, BSt, BSn, EÁrna.

ErlÞ, PZ, SÁÓ greiddu ekki atkv.

4 þm. (JJós, PHerm, ÁJ, BrB) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 26 og 28).

*Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason): Herra forseti! Allshn. hefur haft mál þetta til athugunar og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Hv. 2. landsk. hefur skilað nál. á þskj. 28, þar sem hann leggur til, að frv. verði felllt. En við hv. 2. þm. S.-M. höfum orðið sammála um að fallast á þær ástæður, sem fyrir frv. eru færðar í grg. þess, og leggjum til, að það verði samþ. óbreytt.

Málið liggur mjög ljóst fyrir. Sú regla gildir nú í öllum kaupstöðum utan Reykjavíkur, að bæjarstjóri, sem kosinn er af bæjarstjórn, skal vera formaður niðurjöfnunarnefndar, og er með því móti tryggt, að þeir, sem fara með meirihlutavald í kaupstaðnum eftir réttum lýðræðisreglum, hafi einnig vald á því á hverjum tíma, hver er formaður nefndarinnar. En í Rvík er skattstjóri ákveðinn formaður í n. og er skipaður af ríkisvaldinu, sem kunnugt er. Þar með er brotin hin viðurkennda lýðræðisregla, sem er meginuppistaða í löggjöf okkar um bæjar- og sveitarfélög, að réttur þeirra til að ráða sérmálum sínum skuli sem allra minnstum takmörkunum háður og aldrei takmarkaðri hjá einu bæjarfélagi en öðrum. Hér er það engin knýjandi nauðsyn, sem brýtur lög. Þess vegna er óeðlilegt og alrangt réttarfarslega skoðað, að í útsvarsl. skuli vera ákveðin sérstök íhlutun af hálfu ríkisvaldsins í Reykjavík og ekki annars staðar, — gengið á rétt þess bæjarfélags. Þetta getur leitt illt af sér á ýmsan hátt. Þó að einn flokkur hafi meiri hluta í bæjarstjórn og hafi aleinn vandann af stjórnarframkvæmdum, getur hann orðið í minni hluta í niðurjöfnunarn. fyrir því og litlu fengið ráðið um það, sem mörgum skattþegnum bæjarins mun finnast skipta sig einna mest allra stjórnarathafna. Ef það veltur í hvert sinn á atkvæði hins stjórnskipaða formanns, hver útsvarsstigi er notaður, getur það orðið ofan á, sem brýtur bág við meirihlutavilja bæjarstjórnar. Í mörgum einstökum tilfellum hlýtur hinn sami árekstur að geta orðið, t. d. um útsvör iðnfyrirtækja, — hvort á þau skuli lagt og þá eftir hvaða stiga.

Mér virðast svo glögg rök mæla með frv., að ekki þurfi að fara lengra út í efnið. Það hefur verið talin nauðsyn, að skattstjóri væri formaður n. sakir sérstaks kunnugleika síns á öllum framtölum og ýmsu athugaverðu í sambandi við þau. Þetta getur verið gott og blessað. En nú er gert ráð fyrir, að skrifstofustjóri skattstofunnar skuli aðstoða nefndina eftir þörfum við öll hennar störf. Auk þess hefur n. aðgang að öllum framtölum og getur leitað hverrar þeirrar vitneskju um þau, sem skattstofan kann að hafa aflað sér. Þó að það hafi þótt heppilegt einhvern tíma að sameina skattstjórastarf og formennsku n., er skattstjórastarfið nú orðið það umfangsmikið, að ekki er forsvaranlegt að hlaða meira en því einu á einn og sama mann á þeim tíma, sem höfuðannirnar eru bæði í n. og í skattstofunni. Skattstjórastörfin nú eru ekki saman berandi við það, sem var, þegar þetta var fyrst leitt í lög. Ég geri ráð fyrir, að hv. 2. landsk. eigi eftir að skýra sjónarmið sitt betur en á þskj. 28 og færa fleiri rök en þar, og sé ekki ástæðu til að svara honum fyrr en hann hefur talað fyrir máli sínu.

*Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Ég hafði þegar við 1. umr. látið í ljós afstöðu mína til þessa máls og drepið á, hvers vegna ég gæti ekki fallizt á breytinguna. Er það í samræmi við skoðun mína, þegar málið lá fyrir allshn. á síðasta þingi, og ekki fjarri skoðunum annarra nm. þá, að ég hygg, þeir virtust vera mér sammála. Þá sögu hef ég rakið, hverjar ástæður lágu til þess í öndverðu, að skattstjóri Reykjavíkur varð að vera í niðurjöfnunarnefnd. Það hefur verið talin rétt stefna í kaupstöðum annars staðar á landinu, að formenn skattanefnda væru einnig formenn niðurjöfnunarnefnda, og er staðfest í 1. gr. þessa frv. Sýnir það bezt, hver nauðsyn það er og verður ætið talin, að ein sé forstaða beggja og sami kunnugleiki notaður til fullnustu á báðum stöðum, og því verður ekki náð vel á neinn annan hátt en þann, að skattstjóri Reykjavíkur sé eins og hingað til í niðurjöfnunarnefnd bæjarins.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar, sem gerðar hafa verið á þessari löggjöf síðan 1921, hefur aldrei verið hróflað við þessu ákvæði hennar. Ég er algerlega samþykkur þeirri stefnufestu, sem Alþingi hefur þar sýnt, og vil brýna fyrir hv. þm. að fallast ekki á neitt það í þessu máli, sem þótt hefði fjarstæða lengst af þeim tíma, sem ákvæðið er búið að standa í lögum.

Það má vera, að losa þurfi skattstjóra við þær miklu annir, sem á hann hlaðast þennan tíma árs og eru vafalaust umsvifameiri en þær urðu nokkurn tíma á tímabilinu 1921—1935. Starf hans eykst að sjálfsögðu með vexti bæjarins. En skattstofan hefur aukið starfslið sitt, ef ekki nákvæmlega að sama skapi og viðfangsefnin jukust, þá mjög í átt til þess, og vandkvæði ættu ekki að verða á því að létta hinum hversdagslegri störfum af skattstjóra, svo að hans yrði aðeins að úrskurða ágreining, sem rísa kann

milli einstakra framtala og upplýsinga, sem rekast á. Ég fæ ekki annað séð en hverjum fullvinnandi manni í skattstjórastarfi ætti að vera mögulegt að inna þetta af hendi samhliða starfi í niðurjöfnunarnefnd.

Ég held nú, að þessi höfuðrök hv. frsm. meiri hl. séu í raun og veru ekki eins þung á metum og hann vill vera láta. Enginn annar maður en skattstjóri hefur aðstöðu til að kynna sér eins vel framtölin og hann, hvað þá að eignast jafnmikla reynslu og hann fær við að starfa að þessu ár eftir ár. En samkv. frv. á að kjósa mann til þessa starfs fyrir eitt ár í senn, og kunnugir vita, að það þarf meira en ár til þess að fá nokkurn botn í starfi eins og þessu. Ef svo ætti að koma nýr formaður með hverju kjörtímabili, sjá allir, hvílíkt vandræðaástand gæti af því sprottið. Þá er nokkur munur á, að utan Reykjavíkur er sami formaður bæjarstjórnarkjörtímabilið á enda, en hér, sem erfiðast er að verða starfhæfur án langrar reynslu, á að mega skipta um árlega.

Hins vegar er mér að fullu ljóst, að hv. frsm. meiri hl. talar f. h. flokks síns, sem hefur að sjálfsögðu ákveðið markmið með þessari breytingu. Þessi krafa er ekkert ný fyrir Sjálfstfl. Eftir 1930 mun það hafa verið allfast sótt að fá henni framgengt, en árangurslaust, — og hvers vegna? Vegna þess, að það er ekki alveg sama, hvernig farið er að því að jafna niður þeim fjárhæðum, sem bæjarstjórn leggur á skattþegnana á hverjum tíma. Þetta kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann minntist á álagningarstiga og útsvör fyrirtækja, t. d. í iðnaðinum, þar sem að miklu leyti getur verið um veltuútsvör að ræða. Það er vitanlegt, að veltuútsvör voru ekkert annað en neyðarráðstöfun, þegar ekki reyndist með öðru móti hægt að pína út úr skattþegnunum þá heildarupphæð, sem bærinn þurfti að fá. En tvær stefnur hafa að öðru leyti verið uppi, önnur að dreifa útsvörunum sem mest á mjóu bökin, hin að leggja meginþungann á þau breiðu. Hin fyrri var lengi ofan á, eftir að 5 manna nefnd var tekin við niðurjöfnuninni og íhaldsmenn höfðu meiri hlutann. Þann tíma vill Sjálfstfl. innleiða aftur. Mig undrar nokkru meir, ef Framsfl. er samtaka honum um það.

Þegar Framsfl. og Alþýðufl. sigruðu við þingkosningar 1927 og ríkisstj. notaði aðstöðu sína til að skipa skattstjóra, leiddi af því breyting á niðurjöfnunaraðferðinni, breiðari bökin fóru að bera meira en áður. Stefnubreyting þessi, sem hinn nýi oddamaður olli, varð síðan að algerum straumhvörfum. Þó hef ég engan heyrt halda öðru fram, a. m. k. um núverandi skattstjóra, en hann væri fullkomlega neutral pólitískt, fullkomlega réttlátur sem embættismaður í þessu starfi sínu, þar sem hlutverk hans var að halda uppi jafnvægi milli hinna andstæðu stefna pólitísku flokkanna, sem fulltrúa áttu í nefndinni. Þetta hafa margir þeir sjálfstæðismenn, sem ég hef átt tal við, látið í ljós um hann ekkert síður en aðrir. (**Fjmrh.**: Hvað stóð um þetta í Alþbl. í vor?). Ég veit vel, hvað þar stóð, og það er annað mál, hvernig þá var í pottinn búið, og ummælin þar hrekja ekki það, sem ég hér hef sagt, og sízt fremur fyrir það, þó að stundarástæður í því hlutverki yrðu ofraun, sem jafnvel reið e. t. v. heilsu þessa manns að fullu. Það er þessi stefna, sem gerði mig undrandi, og þó að Sjálfstfl. vilji koma þessari stefnu á, þá undrast ég það þó enn meir, að Framsfl. skuli fylgja þessari breyt. Af því að ég vil ekki ætla, að það séu orðin straumhvörf í skoðunum meðal kjósenda Framsóknar í þessum bæ, enda þótt margir þeirra séu orðnir meðeigendur í verksmiðjurekstri, þá er ég þess fullviss, að þessi breyt. er þeim mjög á móti skapi. Nú geri ég ekki ráð fyrir því, eftir fylgi okkar í d., að till. mínar verði teknar til greina í þessu máli, geri ráð fyrir, að málið fari sína leið og breyt. verði eins og hún er hér hugsuð. Samt sem áður vil ég drepa á örfá atriði í breyt., eins og hún leggur fyrir,

Ég gerði fyrirspurn til hæstv. fjmrh. við 1. umr. um það, hvort hann legði þann skilning í frvgr., að heimilt væri eftir henni að kjósa einn mann sem 5. mann í niðurjöfnunarnefnd. Hann vildi af vissum ástæðum ekki úttala sig í þessum efnum, þar sem mér skilst, að úrskurðurinn heyri undir hann sjálfan. En ég vildi benda honum á, að gr., eins og hún er orðuð, er það sama og frv. það, sem verða átti að l. á haustþinginu. Þá var hægt að kjósa niðurjöfnunarn. eftir þeim breyttu l., alla 5 nm. Nú hefur svo til tekizt, að gr. er tekin orðrétt eins og hún var lögð fyrir haustþingið, eina breyt., eins og frsm. minntist á, er sú, að skrifstofustjóri skattstofunnar skal aðstoða við störf n. Þetta er eina breyt., sem komin er inn í frv. frá s. l. hausti. Ég skil það vel, að hv. frsm. hefur hér komið til skjalanna og bent á þetta sem möguleika til þess að leysa vandann í þessu efni. Ég held, að engum hafi dulizt, að samkvæmt gr., eins og hún var orðuð, þá var ætlazt til, að ráðuneytið kysi alla 5 nm. í einu, en ekki að kjósa fyrst 4 og einn á eftir. Nú er það vitanlegt, að með því að haga löggjöfinni eins og hér er gert, þá er tekinn sá möguleiki af andófsflokkunum í bæjarstjórn Reykjavíkur að fá 2 menn kosna. Að vísu má segja, að það gildi einu, hvort það eru einn eða tveir menn. En ég held, að samvizkan hafi eitthvað ekki verið góð, því að í rauninni viðurkennir Sjálfstfl. þetta óbeint, því að hann kýs einróma mann, sem ekki er talinn úr meiri hl., heldur úr núv. bandalagsflokki (Framsfl.), sem átti einn mann í bæjarstj., honum er gefinn annar maðurinn eða 5. maðurinn í niðurjöfnunarnefnd. Hinir flokkarnir, sem höfðu möguleika til þess að fá tvo menn kosna, þeir eru algerlega útilokaðir. Hér eru l. fullkomlega misnotuð. Ég er á móti því, að þessi breyt. verði gerð, tel hana til skaða fyrir hina efnaminni borgara þessa bæjar, tel l. eins og þau eru nú fram sett hafa verið misnotuð af núv. bæjarstj. — Ég skal svo ekki hafa ræðu mína lengri að þessu sinni.

***Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason)**: Ég hafði búizt við því, að það mundu koma fram frekari röksemdir í þessu máli. En það virðist svo, sem aðalrökin séu þau fyrst og fremst, að þetta ákvæði sé búið að standa lengi í l. og sé því engin ástæða til þess að hrófla við því. Þessi ástæða virðist heldur mæla gegn því, að ekki

eigi að breyta ákvæðunum, því að því lengur sem l. standa, því líklegra er, að þau komist í ósamræmi við það ástand, sem skapast.

Það, sem gat verið skynsamlegt að gera fyrir 20 árum, getur verið mjög óheppilegt nú. Hvernig þetta ákvæði er komið inn í l., veit ég ekki, en það mun fyrst hafa verið sett 1923 samkvæmt l. frá 1921. Ástæðan fyrir því, að þetta var sett í l., mun vera sú, að framan af árinu 1926, þegar útsvarsl. voru sett, hygg ég, að ekki hafi verið heimild til þess í l. að veita niðurjöfnunarn. aðgang að framtölum manna, og þá gat það verið skynsamleg ástæða að láta skattstjóra vera form. n. Hann einn sat þá inni með þessa þekkingu.

Niðurjöfnunarn. hafði ekki aðgang að framtölunum 1926. Svo hafði þetta ákvæði orðið innlyksa í l. þangað til þetta stangaðist á við þær reglur, sem settar eru um þetta í öðrum kaupstöðum. Hv. 2. landsk. minntist á það, að þetta væri ekki ný krafa frá Sjálfstfl., og það er alveg rétt, því að það hefur verið óánægja, eins og eðlilegt er, með það, að Reykjavík hefur verið sett skör lægra í þessum efnum en allir aðrir kaupstaðir á landinu.

Hitt er það, að þessar till. hafa ekki fengið framgang fyrr en í fyrra. Þá leit svo út, eins og hv. 2. landsk. veit, sem þessar reglur yrðu settar og það jafnvel af þeim ráðh., sem þá fór með félagsmál, sem er flokksbróðir hv. 2. landsk., því að það var fyrir hans tilstilli, sem allshn. var í fyrra falið að flytja þær. Ég skal ekki segja, að félmrh. hafi verið þetta sérstakt keppikefli, að málið næði fram að ganga í þinginu, en hins vegar lagði hann ekki beinlínis á móti því. Hv. 2. landsk. var að tala um það, að síðan skattstjóri varð (form. niðurjöfnunarn., hafi það valdið straumhvörfum í niðurjöfnun útsvara hér í Reykjavík. Hv. þm. er kunnugri þessum málum en ég, en satt að segja veit ég ekki, á hverju hann byggir þessi ummæli. Það einasta, sem ég hef verið að halda fram í þessu máli, er það, að þessi skipun mætti ekki leiða til þess, að meiri hl. einnar bæjarstjórnar hefði ekki þau áhrif sem aðrir bæjarstjórnarmeirihl. hafa í landinu. Þetta er einmitt kjarni málsins. Þetta er það, sem um er barizt, hvort það eigi að gera rétt Reykjavíkur minni í þessum efnum en annarra bæja.

Ég ætla ekki að fara að væna hv. 2. landsk. um það, að hann tali hér ekki í fullri einlægni um þetta mál, ég hef enga ástæðu til þess. En mér er nær að halda, að ef svo stæði á, að sá flokkur, sem hv. þm. telur sig til, Alþfl., hefði meiri hl. í bæjarstj. Reykjavíkur, en Sjálfstfl. á sama hátt færi með völdin í landinu og skipaði skattstjóra til þess að vera form. niðurjöfnunarn., þá mundi það hafa þau áhrif, að hlutur Sjálfstfl. væri fyrir borð borinn í gegnum kosningu í niðurjöfnunarn. A. m. k. held ég, að Alþfl. mundi þá ekki berjast svo mjög á móti þessu frv. sem hann gerir nú.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég get verið þakklátur meiri hl. n. fyrir afgreiðslu málsins, og í sjálfu sér hef ég enga ástæðu til þess að vanþakka minni hl. fyrir afskipti hans af málinu. Í rauninni má segja, að hv. 2. landsk. í nál. sínu staðfesti, þó að það komi aðeins óbeint fram, að sú breyt., sem gerð er hér á gildandi l., sé alveg réttlát. Það er á dálítlum misskilningi byggt, sem hann segir um þetta mál í nál., og hann segir í ræðu sinni: „Það var talið og er talið rétt, að form. skattan. séu form. niðurjöfnunarn.“ Eiginlega væri miklu réttara að segja, að það hafi verið talið rétt og sé talið rétt, að bæjarstj. ráði form. niðurjöfnunarn., þar sem almenn l. um skipun niðurjöfnunarn. mæla svo fyrir, að bæjarstjóri skuli vera form. niðurjöfnunarn., en ekki skattan.

Bæjarstjóri er kosinn af bæjarstjórn, og þess vegna ræður hún ekki aðeins, hver verður form. niðurjöfnunarn., heldur einnig skattan., svo að með þessari breyt., sem hér er farið fram á, er ekki gengið eins langt og í hinum almennu l. En svo er hitt, ef það skyldi vera eina „principið“ í þessu máli, að form. þessarar n. væri embættismaður, þá er það bara misskilningur. Nei, það eina, sem hér er spurt um, er það, hvort það skuli gilda annar réttur í Reykjavík en í öðrum kaupstöðum, og ef það á að vera, hvers vegna á það þá að vera?

Hv. 2. landsk. var að tala um mjóu og breiðu bökin. Það er bara engan veginn tryggt, að frekar væri tekið tillit til mjóu bakanna, þó að skipað væri svo fyrir, að bæjarstjóri skyldi vera form. niðurjöfnunarn. Ég get bent hv. þm. á ákvæðið dæmi, en það er í Vestmannaeyjum. Hvernig er séð fyrir þessu þar? Þar er bæjarstjóri kosinn af meiri hl. bæjarstjórnar, flokksmeirihl., og er hann formaður niðurjöfnunarn. „Principið“ er þar ekki meira en það, að hann ber ábyrgð á stjórn bæjarins, og það er líka það rétta. Það fer svo eftir atvikum, hvort það eru breiðu eða mjóu bökin, sem bera aðrar byrðar. Ef verulega harðnar á, þá hygg ég, að það verði breiðu bökin, sem verða að taka við byrðunum, enda hefur sú orðið reyndin bæði hér og annars staðar.

Svo var hv. þm. að tala um það, að sér þættu störf skattstjóra hafa vaxið mikið síðan þetta fyrirkomulag var tekið upp, að hann væri formaður niðurjöfnunarn. Náttúrlega er það um þetta að segja, að höfuðverkefni skattstjóra er að hafa stjórn á hlutunum og skera úr, þar sem um vafaatriði er að ræða, gagnrýna framtöl o. s. frv., og starf hans vex auðvitað eftir því, sem framtölum fjölgar.

Mér þykir annars leiðinlegt fyrir hönd þess flokks, sem hv. þm. heyrir til, að hann skuli nú leggjast á móti þeirri alveg viðurkenndu lýðræðisreglu, að meiri hl. skuli ráða í hverju slíku máli, sem hér um ræðir, og bera ábyrgð á stjórn þess. Ég greip fram í fyrir hv. þm., þegar hann var að hrósa skattstj., og skal ég ekki neitt draga úr því hrósi, ég minnti hann bara á það, að það söng öðruvísi í tálknunum á málgagni flokks hans í fyrra heldur en í hans eigin tálknum nú, því að sannleikurinn er sá, að það var ekki fyrst og fremst vegna starfseminnar, heldur vegna svívirðilegra árása af hálfu þess flokks, sem hv. þm. heyrir til, að þessi maður hafði nær beðið tjón á heilsu sinni. Ég hef svo ekki meiru við þetta að bæta, þar sem hv. frsm. hefur einnig talað í þessu máli og gert glögga grein fyrir afstöðu meiri hl. nefndarinnar.

*Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Hv. frsm. meiri hl. kom með svo fátt nýtt sem rök fyrir máli sínu, að ég veit ekki, hvort það tekur því að gagnrýna ræðu hans. Hann vildi meina, að þetta hefði stafað af breyt., sem gerð hefði verið á l. 1926, og að þá hafi n. verið gefinn sá réttur, sem var í höndum skattan., þ. e. að fylgjast með skattaframtölum. Það má vel vera, að þetta sé rétt, en það breytir ekkert því, sem við deilum um. Hins vegar vildi hann halda því fram, að félmrh., sem lagði fram frv. í þessari d. á s. l. hausti, að það hafi verið hans skoðun persónulega, að þessa breyt. skyldi gera. En ég held, að ég hafi skýrt frá því innan n., að hann legði áherzlu á það, að þetta mál gengi fram.

En það er annað, sem ég vildi svara hv. frsm. meiri hl. Hann sagði, að það væri dálítið varhugavert fyrir meiri hl. bæjarstj. að geta ekki ráðið niðurskiptingu útsvara, og varpaði hann þeirri spurningu fram til mín, hvernig ég mundi líta á þetta, ef Alþfl. hefði meiri hl. hér í bæjarstjórn. Nú skal ég hreinskilnislega svara honum frá mínu sjónarmiði — ég get ekki svarað fyrir alla mína flokksmenn —, að ég lít þannig á, að hér í Reykjavík, sem hefur um 40 þús. íbúa, sé það ekkert keppikefli fyrir einn flokk að eiga meiri hl. í bæjarstj. til þess að jafna niður útsvörum. Og það er allt annað atriði heldur en það, að ein bæjarstjórn segir við ríkisstjórn: Þetta verðum við að fá til þess að fullnægja þörfum okkar sveitarfélags. Niðurjöfnunarn. er ekkert annað en tæki til þess að skipta á milli skattborgaranna, hún má ekkert undan draga, eins og þar stendur. Þetta starf niðurjöfnunarn. er nokkuð hlíðstætt því, þegar farið er fram á söfnun í góðgerðaskyni. Það er allt annars eðlis, þegar margir eiga að njóta þess, þá er reynt að deila fénu á milli sem flestra aðila. Út frá þessu sjónarmiði tel ég, að heppilegast sé fyrir skattborgarana, að enginn einn flokkur hafi meirihlutavald um það, hvernig jafnað er niður. Ég hef nú svarað hv. þm. frá mínu brjósti, hvernig ég lít á þetta mál, og ég hef 30 ára reynslu af því í þessum bæ, hvað heppilegra hefur reynzt.

Þá skal ég með örfáum orðum víkja að ræðu hæstv. fjmrh. Fyrri hluti hennar var ekki laus við að vera hálfgerður útúrsnúningur, en hann er sérstakur meistari í að snúa út úr ræðum manna, þegar hann brestur rök. Allir vita, að maðurinn er vel greindur, og það er einkennandi fyrir hann, hvað hann er laginn á þessa hluti. En í þetta sinn tókst honum svo hrapallega illa, að í raun og veru segir það allt annað. Ég býst við, að enginn hafi skilið hann í þessari hv. d.

Hann segir, að samkvæmt mínum till. verði ekki hægt að tryggja mjóu bökin, að þeirra hlutur verði ekki illa úti, eins og ég hafi viljað mála hér upp. Þetta viðurkenni ég algerlega rétt. Það er ekki hægt í öllum tilfellum, eins og dæmin sanna nú. En hvernig fékk bæjarstjórnin í Reykjavík þennan meiri hluta í niðurjöfnunarnefnd? Með því að kjósa 4 í einu lagi og svo einn á eftir, sem ég hef bent á, að sé á móti anda l. Og ég vil benda á sem einn þátt í því, að svona tókst til, að það má vel vera, að það hefði orðið hlutkesti, sem ráðið hefði um fjórða manninn, og af tilviljun hefði þá meiri hluti getað skapazt á þann veg. Hann benti á Vestmannaeyjar. Hann getur bent á alla kaupstaði landsins með réttu, að þar sé meiri hluti í niðurjöfnunarnefnd í höndum þess flokks, sem hefur meiri hluta í bæjarstjórn, og þar eru bæjarstjórar formenn. Ég hef líka viðurkennt þessa skipan, en bent á um leið, að þessi maður er í raun og veru skattstjóri um leið og hann er formaður niðurjöfnunarn. Þá gat hann þess einnig, út af kosningu þessa eina manns, að það hefði verið svo undanfarin ár, að maður úr þessum flokki hafi setið í nefndinni. Þetta skal líka viðurkennt, og sá maður, sem var í n. síðast af hálfu þessa flokks, hefur verið áður í n., og það er m. a. kunnugleiki hans og reynsla af störfum n., sem kann að hafa ráðið eins miklu um, að hann var settur inn í hana á ný. Hins vegar skal játað, að það getur enginn kunnugleiki ráðið í þessum bæ nema í gegnum skattstofuna. En sá mæti maður, sem nú tekur sæti í niðurjöfnunarn., er, eftir öllum líkum, einna ólíklegastur til þess, þar sem hann er nýfluttur í bæinn. Enda var eitthvert blaðanna svo gamansamt að geta sér þess til um kosningu þessa manns, að hann ætti að verða varamaður í bæjarstjórn til þess að skapa meiri hluta hjá Sjálfstfl. að loknum bæjarstjórnarkosningum 15. þ. m. Og þá er skiljanlegt, að gott sé að tryggja hann í niðurjöfnunarn., þegar þeir eiga von í honum til að tryggja sér völdin í framtíðinni. Möguleikarnir fyrir, að svona geti farið, eru talsvert miklir, og þess vegna skil ég vel, hvers vegna hæstv. ráðh. leggur svona mikið upp úr, að þessi breyt. fái að standa.

Hann minntist hér á núv. skattstjóra og hans miklu störf. Ég skal síður en svo draga úr því, sem ég viðurkenndi áðan, að störf skattstjórans fara stöðugt vaxandi með vaxandi skattskýrslum. En hinu vildi hæstv. ráðh. ekki neita, að hann hefur möguleika til að auka við starfslið sitt. Það er ekkert sérstakt með þennan mann. Ef störfin aukast svo, að hann fái þeim ekki annað, þá dettur engum annað í hug en að hann verði að meira eða minna leyti að leggja þar á aðra. Ég skal t. d. benda á lögmannsembættið og lögreglustjóraembættið. Það er búið að skipta lögreglustjóraembættinu í tvennt, og allir virðast hafa nóg að gera. Þeir fá lærða menn til að vera fulltrúa og geta því gripið inn í störf, þar sem nærvera þeirra er óhjákvæmileg. Og eitt af því, sem ég tel óhjákvæmilegt, er, að skattstjóri sé meira eða minna leiðandi kraftur í þessari n., og það er því sjálfsagt, að létt sé af honum störfum.

Þá vildi hæstv. ráðh. segja, að við hefðum nú ekki alltaf hlaðið á hann lofi, eins og ég hefði gert. Ég skal taka það fram, að svipað mætti segja um hæstv. ráðh., að Vísir hefur sagt ýmislegt um menn, sem hæstv. ráðh. hefði ekki skrifað, og sama má segja um hvaða blað sem er. Auk þess vil ég segja það, að ég get ekki alltaf verið sammála öllu því, sem í Alþýðublaðinu stendur. En hinu neita ég algerlega, að það hafi á nokkurn hátt haft áhrif á heilsu þessa mæta manns, þótt Alþýðublaðið minnti á, hvað gerzt hafði bak við tjöldin. Ég hygg, að heilsubrests hans hafi gætt áður en réttmæt

gagnrýni af hálfu Alþýðublaðsins var hafin í þessu máli. Það er því algerlega rangt að kenna Alþýðublaðinu um, að það hafi valdið því, að þessi mæti maður er kannske ekki heill heilsu.

Að síðustu var það bomba hjá hæstv. ráðh., sem átti að slá allar aðrar út, að við værum hér algerlega á móti okkar hjartans „princip"-málum. En ég vil bara benda honum á, að í lýðræðisskipulagi allra þjóða er það ekki höfuðkjarninn, hvort nefnd, sem hefur þýðingarmikil störf með höndum, er skipuð af einum valdaflokki, eða hvort aðrir viðurkenndir flokkar eigi að hafa þar íhlutun um. Ég þekki svo kallað lýðræði, sem við köllum einræði, þar sem í raun og veru enginn má koma til skjalanna nema sá eini viðurkenndi flokkur. Við þekkjum dæmin frá Hitler og Mussolini. Ætli þeir hafi marga framsóknarmenn og kommúnista eða jafnaðarmenn, sem fá að vera í n. þar? Nei, sannarlega er það Sjálfstfl., sem í n. fær að vera. Mér skilst, að það sé svona lýðræði, sem hæstv. ráðh. vill hafa hér á Íslandi. Valdaflokkurinn á að ráða, undir öllum kringumstæðum, þegar um það er að ræða, hvernig jafna eigi niður útsvörum og hverju sem vera skal. Ég ætla ekki að svara hæstv. ráðh. meiru um lýðræðisskipulagið, en það byggist á allt öðru en þessu. Lýðræðisskipulagið byggist á hinum almenna kosningarrétti. Það byggist á því, að þjóðin á hverjum tíma getur sagt við valdhafa sína: Við viljum ekki nota ykkur lengur. Og ég verð að segja það, að ég hef aldrei vænt þennan hæstv. ráðh. um það, að hann sé ekki lýðræðissinni, en það er ekki hægt að segja um alla ráðh.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mönnum er kunnug mín aðstaða til þessa máls frá því það lá fyrir hv. d. á aukaþinginu s. l. haust. Síðan hefur sú breyt. þó orðið á, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið tillit til þess, sem ég sagði, þegar ég benti á, hve geysilega óheppilegt væri að afnema tengiliðinn milli skattstofunnar og niðurjöfnunarnefndar. Nú er ákveðið, að skrifstofustjóri skattstjóra skuli vera tengiliðurinn, þetta er ákaflega mikið til bóta, en fullnægir varla því, sem ég vildi vera láta.

Það, sem sérstaklega gaf mér þó tilefni til að standa upp, voru orð hv. 2. landsk. um framsóknarmanninn, sem nú á sæti í niðurjöfnunarnefnd, þar sem hann gaf í skyn, að hann væri alókunnugur þessum störfum og lítt til þeirra fallinn. Ég vil í þessu sambandi upplýsa það, að þessi maður hefur verið bæjarstjóri á Ísafirði og þar með formaður niðurjöfnunarnefndar Ísafjarðar í mörg ár, og ég vil leyfa mér að efast um, að nokkur þeirra, sem nú eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, sé betur til þess starfs fallinn en hann að jafna réttlátlega niður útsvörum. Af störfum hans á Ísafirði vil ég segja það, að hann er allra manna ólíklegastur til að hjálpa Sjálfstfl. í þeim málum, sem skipta stefnum milli flokka. Maðurinn er ákveðinn og stefnufastur flokksmaður, og ég ber engan kvíðboga fyrir því, að hann gangi inn í Sjálfstfl. Það yrðu aðrir til þess frekar en hann.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég þarf í raun og veru ekki að svara hv. 2. landsk. neinu verulegu. Hann byrjaði með því að lýsa yfir, að líklega hefði enginn skilið, hvað ég var að fara í fyrri ræðu minni. Ég sá á því, sem hann sagði, að hann hefur ekki skilið það. Ég vil þá snúa því við, sem hann sagði, og segja, að hann hafi verið eini maðurinn í hv. d., sem ekki hefur skilið það. Og þetta er allnóg því viðvíkjandi.

En þar sem hann bar fram þá spurningu með allmikilli áherzlu, hvernig Sjálfstfl. hefði náð meiri hluta í niðurjöfnunarn., og sagði, að það hefði verið með því að láta kjósa einn mann nú til viðbótar, í staðinn fyrir formann, og með því náð meiri hl., þá er því til að svara, að það er sagt og viðurkennt af honum sjálfum, að þessi maður, sem kosinn var í n., er ekki sjálfstæðismaður, svo að á þann hátt hefur Sjálfstfl. ekki náð meiri hl. í n. Nei. Sannleikurinn er sá, að flokkurinn var búinn að ná meiri hl. í nóv. s. l., og skattstjórinn hefði þá komið inn sem 5. maður. Þá hefðum við haft 3 af 5, en ekki 3 af 4, en þetta notaði Sjálfstfl. sér ekki til að ná meiri hl. Ég bendi á þetta til að sýna fram á, að Sjálfstfl. þurfti ekki að fá þessa lagabreyt. til þess að fá meiri hluta í n., heldur til þess að slá því föstu, að meiri hl. eigi að ráða, eins og í öðrum kaupstöðum, og eitt verði þannig látið yfir alla ganga í þessu efni.

Þegar hv. þm. fór að tala um lýðræðið, þá gerði hann ráð fyrir því, að menn teldu vera lýðræðisskipulag á Ítalíu. Þetta er fyrsti maðurinn, sem ég hef heyrt segja það. Og ég veit með fullri vissu, að Mussolini gerir enga kröfu til þess að vera lýðræðissinni eða vilja halda uppi lýðræðisskipulagi. Hv. þm. skildi þá ekki meira í þeim málum heldur en það, sem ég sagði áðan.

Um lýðræðið hér á Íslandi hélt ég, að allir viðurkenndu, að það væri grundvallað á því, sem hann sagði, að það væri meiri hluti kjósendanna, sem réði, þegar fram hafa farið almennar kosningar með jöfnum atkvæðisrétti. Og það er einmitt þetta, sem er grundvöllurinn undir stjórnskipulagi okkar, alveg eins í bæjarstjórn Reykjavíkur og annars staðar. Þess vegna er hér um það að ræða, að lýðræðislegur meiri hl. borgaranna í Reykjavík fái að ráða málum sínum. Þessi hv. þm. segir nei, og er þess vegna ekki fylgjandi lýðræðisskipulagi. Hann vill fá þá undantekningu frá lýðræðisskipulaginu, að það gildi ekki um skipun niðurjöfnunarn. í Reykjavík. Þessa skoðun er honum frjálst að hafa, og það kemur mér síður en svo á óvart, en hitt er ekki satt, sem hann sagði, að ég áliti, að lýðræðismálið sé hjartans mál hans og hans flokksmanna, slíka vitleysu hefur mér aldrei dottið í hug að segja.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal nú ekki þreyta umr. úr hófi fram.

Hv. fyrri þm. N.-M. stóð hér upp og hélt því fram, að ég hefði viljað gera lítið úr þeim mæta manni, sem nýlega var kosinn í niðurjöfnunarn. Það er algerlega rangt, að ég hafi borið brigður á hæfileika þessa manns, heldur sagði ég hitt, að hann væri ókunnugur í þessum bæ og þess vegna ólíklegri en margur annar flokksmanna hans til að starfa að þessum málum hér af nokkrum kunnugleik. Hins vegar gengur nú sú skoplega saga, að þetta hafi aldrei átt að lenda

á þessum manni, heldur hafi það orðið fyrir hrapalleg mistök. Aftur á móti ætla ég ekki að spá í eyðurnar um það, hvor okkar verður fyrr sjálfstæðismaður. Ég býst við, að það verði líkt um okkur báða.

Hæstv. fjmrh. skal ég ekki svara mörgum orðum. Það er óþarfi. Hann þarf ekki að ætla sér að halda því fram, að hann hafi verið svo ljós í máli, að allir hafi skilið, hvað hann meinti. Og hvað sem hann álítur um minn sljóa heila, býst ég við, að þeir hafi verið fleiri, sem ekki áttuðu sig almennilega á því, sem hann sagði. Út af því, sem hann sagði um lýðræðisskipulagið, vil ég segja það, að þar er annaðhvort um misskilning eða hártogun hjá honum að ræða. Ég sagði, að ef meirihlutavald ætti undir öllum kringumstæðum að vera ríkjandi, þá þyrfti það ekki alltaf að eiga rétt á sér. Slíkt á sér stað hjá þeim, sem ekki vilja viðurkenna nema alræði eins flokks, en ég býst við, að við þurfum ekki að deila um, hver stigmunur er á þeim mönnum, sem við ræddum um, og þeim, sem hér eiga hlut að máli. Hitt vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það er hugsanlegur möguleiki, og hefur komið fyrir, að Sjálfstfl. hafi meiri hluta í bæjarstjórn með minni hl. kjósenda, og sá möguleiki er alltaf fyrir hendi. Það geta verið 3 eða 4 listar á móti. Sumir fá engan kosinn, og þó að þeir fái mann, þá geta alltaf farið forgörðum atkv., þannig að Sjálfstfl. hafi minni hl. atkv. í bænum. Hvaða réttur er þá fólginn í því, að hann hafi meiri hl. í n., sem á að jafna niður þeim skattabyrðum, sem bærinn þarf að leggja á borgarana? Ég sé ekkert réttmæti í því. Og nú vita allir, að þetta er mikið tilfinningamál, hvort rétt er í sakirnar farið eða einum hlíft á kostnað annars. Ég veit, að hæstv. ráðh. skilur þetta. En það, sem vakir fyrir mér, er, að minni hl. í bænum hafi ekki meiri hl. í niðurjöfnunarnefnd. Það er sannarlega ekkert lýðræði í því. Hins vegar viðurkenni ég, að það er rétt, að um margra ára skeið fékk Sjálfstfl. meiri hl., af því að andstöðuflokkarnir stóðu ekki saman um að kjósa á móti honum, 6 atkv. veittu báðum 4. mann. Annars er ég sannfærður um það, að það séu engar líkur til, að bæjarstjórnin verði þannig skipuð eftir kosningarnar 15. marz, að nokkur einn flokkur geti tekið meiri hl. Og þó að svo færi, að Sjálfstfl. næði 8 mönnum, því á hann þá að hafa 3 í niðurjöfnunarn. með minni hl. kjósenda? Jafnvel hæstv. ráðh., sem ég trúi að sé lýðræðissinni, getur ekki neitað, að rök mín hafa fullt gildi.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Það form á lýðræði, sem komizt hefur verið næst, er að láta kosningar fara fram með hlutfallskosningum, og sá, sem fær meiri hluta, er talinn hafa réttan lýðræðislegan meiri hluta. En þetta form er hv. þm. óánægður með og vill hafa leyfi fyrir sinn flokk til að lagfæra lýðræðið eftir því, sem á stendur á hverjum tíma. Hann vill taka upp þá aðferð, að aðrir en kjósendur lagfæri þetta, en þá er skammt yfir á braut Mussolinis.

Nei, ef við viljum vera trúir lýðræðinu, verðum við að halda okkur að þeim reglum, sem um það eru settar.

Hv. þm. sagði, að Sjálfstfl. hefði ekki réttan lýðræðislegan meiri hluta í bæjarstjórn, af því að hann hefði ekki meiri hluta kjósenda. Þetta er ekki rétt. Í mörg ár hefur Sjálfstfl. verið í hreinum meiri hluta í Reykjavík, og við komumst ekki nær lýðræðinu en þetta.

Eins og hv. frsm. meiri hl. hefur oft tekið fram, er það, sem deilt er um, þetta: Á það sama að gilda hér og í öðrum kaupstöðum? Ég sé ekki ástæðu til annars, því að fjöldinn er ekkert atriði í því sambandi. Réttlætið fer ekki eftir mannfjöldanum. Það er ekki lýðræðislega rétt að ætla að fara að skapa mismunandi reglur fyrir hina ýmsu kaupstaði.

Það er auðsjáanlega skylt með Alþýðuflokksmönnum og bræðraflokki hans til vinstri, að þeir telja ekkert lýðræði nema það, sem getur gefið þeim meiri rétt en þeir eiga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 13. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 3, 44).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 44 — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég hef ásamt tveim hv. þm. öðrum, hv. samþm. mínum og þeim landsk. þm., sem hér á sæti úr okkar héraði, borið fram þessa brtt. á 44. þskj., sem hér var leitað afbrigða fyrir. Það skal að vísu játað, að þessi brtt. er um annað efni en frv. fjallar um og því óskylt. En okkur hefur þó þótt rétt að bera hana fram sem brtt. við frv., því að hún fer fram á breytingu á útsvarsl. eins og það. Okkur fannst eðlilegra, ef hv. þd. vildi fallast á þetta á annað borð, að hvort tveggja yrði þá tengt í einum lögum í stað þess að bera fram tvö frv. um breytingu á sömu l. á sama þingi.

Till. fer fram á það, að rýmkaður sé að nokkru réttur atvinnusveita um útsvarsálagningu á rekstur, er þar fer fram. A-liður fyrri brtt. er á þessa leið: „Á eftir b-lið í 8. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi: Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefur verið verzlun, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverzlun eða annar síldaratvinnurekstur, verksmiðjuiðnaður, hvers konar sem hann er, enda þótt skemur sé rekið.“ B-liðurinn er aðeins eðlileg afleiðing aliðs. En þessir stafliðir í 8. gr. l. fjalla um það, hvenær leggja megi útsvar á í atvinnusveit. Í till. er talinn ýmiss konar rekstur, sem nefndur er einnig í 9. gr. frv., en þar eru ákvæði um rétt atvinnusveitar til hluta af útsvari. Er því hér farið fram á, að atvinnusveit megi beinlínis leggja útsvar á þennan atvinnurekstur í stað þess að fá aðeins **hluta útsvarsins.**

Ég átti sæti á Alþ. árið 1926, er útsvarsl. voru sett, og mér er kunnugt um, að ráðh. sá, er þar þau fram, og raunar þingið í heild, ætlaðist til þess, að það skyldi vera höfuðregla um utansveitarmenn, að atvinnurekstur skyldi útsvarsskyldur í þeirri sveit, þar sem hann fer fram,

en útsvörum, sem lögð eru á laun og aðrar slíkar atvinnutekjur, skyldi skipt milli atvinnusveitar og heimilissveitar. En ákvæði um þetta urðu ekki nægilega skýr, og framkvæmd og skilningur dómstólanna hefur verið þveröfugur við tilgang þingsins, er l. voru sett. Það hafa gengið dómar um þessi mál, sem ég sem leikmaður sé ekki betur en brjóti algerlega í bág við bókstaf l. Nú er ég ekki að bera það á dómarana, að þeir kveði visvitandi upp ranga dóma, en Alþ. hefur auðsjáanlega ekki tekizt að orða tilgang sinn nægilega skýrt. Í útsvarsl. er það yfirleitt skilyrði fyrir því, að útsvar megi leggja á utansveitarmann, að atvinnufyrirtæki hans sé heimilisfast í útsvarssveitinni. En þetta ákvæði hefur orðið til þess, að stór atvinnurekstur hefur sloppið alveg undan útsvari, því að allavega hefur verið hægt að skjóta sér undan því að kalla atvinnureksturinn heimilisfastan. Nú mælir þó allmikil sanngirni með því, að þar sem sveitarfélag eða bæjarfélag hefur lagt til ýmis skilyrði til atvinnureksturs utansveitarmanna, þá séu þeir útsvarsskyldir einmitt þar, sem þeim eru veitt slík skilyrði, oft með miklum fórnum hlutaðeigandi sveitarfélags. Því viljum við með till. okkar rýmka heimildina til að leggja útsvar á slíkan atvinnurekstur.

Ég sé ekki ástæðu til að leyna því, að þessi till. er borin fram sérstaklega vegna eins bæjarfélags hér á landi, sem sé Siglufjarðar. Allir vita, að þar er mikill atvinnurekstur utanbæjarmanna um síldveiðitímann, og hafa margir atvinnurekendur miklar tekjur af, án þess að þeir séu útsvarsskyldir þar. Það er annað, að bæjarfélagið eigi heimtingu á hluta af útsvarinu, sem heimilissveitin leggur á, því að bæði er það, að misjafnlega gengur að heimta kröfurnar, og eins hitt, að þessir atvinnurekendur eiga oft heima í sveit, sem leggur yfirleitt á lægri útsvör en hlutaðeigandi bæjarfélag.

Ég veit ekki, hvernig hv. þm. muni taka í þetta mál að þessu sinni. Hér hefur áður verið reynt að afla þessu bæjarfélagi sérstaklega tekna, og höfum við þm. Eyf. borið fram frv. um þetta. Á það ber að líta, að þetta bæjarfélag hefur verið í fjárþröng undanfarið vegna útsvarsl. frá árinu 1926, því að þegar þau voru sett, skipti algerlega um tekjuöflunarmöguleika þess. Ég sagði áðan, að þessi till. væri sérstaklega borin fram vegna þessa bæjarfélags, en þó að svo sé, gæti vel verið, að líkt stæði á um önnur bæjarfélög og ástæða væri til að samþ. hana einnig þeirra vegna.

Ég verð að harma það, að ekki var hægt að útbýta till. fyrr en á þessum fundi. Hv. allshn. hefur því ekki átt þess kost að athuga hana. En þetta mál er þó alkunnugt hér í þinginu, og er því ekki ólíklegt, að hv. þm. séu undir það búnir að taka afstöðu til þess og afgreiða till. Ég hef þó ekkert á móti því, að henni verði frestað, til þess, að frekari athugun hennar geti farið fram, þó að ég geri það ekki að till. minni, því að ég vil, að málið tefjist sem minnst.

Páll Zóphóníasson: Ég tel þörf á að endurskoða útsvarslöggjöfina í heild sérstaklega í þeim tilgangi, að henni verið breytt þannig, að niðurjöfnunarn. gefist ekki kostur á að starfa hver með sínum hætti, eins og nú er, heldur tái ramma til að starfa eftir og starfa innan.

Um þessa till. er það að segja, að ég held, að hún sé á misskilningi reist. Mér skildist á hv. flm., að hann teldi, að Siglufjörður hefði misst miklar tekjur vegna þess, að útsvarsálagning er oft lægri í heimilissveit manna en á Siglufirði, þar sem þeir reka atvinnu. En í 12. gr. útsvarsl. frá 1936 eru ákvæði, sem fyrirbyggja þetta. Sá hluti útsvars, sem fellur í hlut atvinnusveitar, er hækkaður upp í það, sem hann hefði orðið þar á lagður. Ef t. d. er lagt 3000 kr. útsvar á mann í heimilissveit og atvinnusveit á að fá ⅓, og útsvarsskali þar sé helmingi hærri en í heimilissveitinni, þá hækkar hluti atvinnusveitar í 2000 og heildarútsvarið í 4000. Atvinnusveit fær því ætíð sinn hluta réttan, miðað við útsvarsstiga hennar. En þegar Siglufjarðarbær kvartar um að missa af útsvörum manna, sem heima eiga annars staðar, en reka þar atvinnu, þá kemur það af tvennu. Annars vegar af því, að bærinn vanrækir að fara eftir 11. gr. útsvarsl. og tilkynna viðkomandi sveitar- og bæjarstjórn, á hverja þeir telja sig eiga kröfur, og hins vegar af því, að þeir krefjast ekki skiptingar, heldur berja höfðinu við steininn og leggja útsvör á menn, sem þeir hafa ekki rétt til að leggja á.

Þá eru líka til þar, eins og hér í Reykjavík, menn, sem telja sig eiga heimili annars staðar, en eiga raunverulega heima á Siglufirði. Á slíka menn ber að leggja á Siglufirði, og þar ber þeim að greiða útsvar, og eru þegar komnir margir dómar, er sýna, að það er hægt.

Annars hygg ég, að Siglufjarðarbær hafi í aðalatriðum vanrækt að krefjast skiptingar á útsvörum. Ísafjörður og Reykjavík hafa verið þar bezt á verði og flestar kröfur komið frá þeim um skiptingu á útsvörum til ríkisskattanefndar.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 3, 44, 53).

***Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason):** Herra forseti! Ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega um frv. sjálft, því að fyrir því var gerð grein við 2. umr. og þeim ágreiningi, er var í allshn. um það. Ég læt því útrætt um það að mestu og sný máli mínu að brtt. þeim, er fram komu við 3. umr. og var vísað til allshn. Allshn. hélt fund um málið og fékk á fund sinn einn flm. brtt., sem ég geri ráð fyrir að sé í bæjarstjórn Siglufjarðar, enda munu brtt. þaðan runnar. N. fól mér að athuga brtt., og það hef ég gert, en ég hef ekki borið álit mitt undir meðnm. mína. Það, sem ég segi hér, er því aðeins álit mitt. Þá er það fyrst formhlið málsins. Í brtt. á þskj. 44 stendur, að útsvarsskyldur skuli vera ýmis atvinnurekstur, og er þar nefnt hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverzlun o. s. frv.

Ég hygg hér eitt atriði vera á misskilningi byggt, því að í c-lið 9. gr. gildandi útsvarsl., sem brtt. eru teknar eftir, er ekki minnzt á síldarverzlun, heldur síldarverkun, enda er hitt meiningarleysa, þekar búið er að minnast á síldar-

kaup og síldarsölu. Mér var að detta í hug, að hér væri um prentvillu að ræða, sem vel mætti leiðrétta.

Við 3. umr., þegar þessar brtt. voru til umr., var bent á af 1. þm. N.-M., að rétt væri að fella niður c-lið 9. gr. gildandi útsvarsl., ef brtt. yrði samþ. Þetta höfðu flm. til athugunar og gerðu ráð fyrir, að þessi liður félli niður. En ef þetta er fellt niður, þá finnst mér meira þurfa að fella niður, t. d. 1. lið a í 9. gr. Í 1. gr. brtt. stendur, að leggja megi útsvar á mann þar, sem hann hefur unnið 8 vikur. Í 9. gr. segir, að skipta megi útsvörum milli sveita. Hér er um hliðstæð ákvæði að ræða, sem geta valdið ágreiningi milli gjaldenda annars vegar og niðurjöfnunarn. eða sveitastjórnar hins vegar. M. ö. o., ef brtt. yrðu samþ., þyrfti líka að fella niður 1. lið í 9. gr. Það geta líka verið fleiri atriði í 9. gr., sem breyta þarf, ef brtt. verða samþ., en ég hef ekki talið ástæðu til að gera till. í þá átt, því að ég er á móti brtt. í heild.

Ég mun þá víkja að efnishlið málsins. Brtt. á þskj. 44 sýnist hin meinleysislegasta, þegar fljótt er á litið, en hún er þó róttækari en við fyrstu athugun sést. Í gildandi útsvarsl. er slegið föstu, að ekki megi leggja útsvar á mann utan heimilissveitar nema hann reki þar fastan atvinnurekstur. Mönnum er sem sagt heimilt að reka atvinnurekstur utan sinnar sveitar, en til þess að atvinnusveitin verði ekki hart úti, þá er heimilt að skipta útsvarinu eins og tekið er fram í 9. gr. l. Verði því þessar brtt. samþ., þá verður vikið frá reglunni í stórum stíl. Í a-lið brtt. á þskj. 44 segir, að leggja megi útsvar á mann þar, sem hann hefur stundað atvinnu í 8 vikur eða meira. Athugum nú, hvenær þessi löggjöf var sett. Hún var sett árið 1926, en þau l. voru felld úr gildi vegna þess að þau þóttu sundurleit. Enda var eftir þeim hægt að leggja útsvar á mann, hvar sem hann nam staðar á landinu í atvinnuleit. Árið 1926 á Alþ. var þetta aðalágreiningsatriðið, en svo varð sú skoðun ofan á, að ekki mundi rétt að hafa þetta lengur, og varð það þá að aðalreglu, að ekki mætti leggja útsvar á mann nema þar, sem hann ætti heima, þó með undantekningum annars staðar, svo að atvinnusveitin yrði ekki of hart úti.

Næst er að athuga, hvort aðstæður séu orðnar svo breyttar hér á landi, að hverfa beri frá þessari reglu. Ástæðan fyrir því, að þetta ákvæði var sett, var missætti það, er skapaðist fyrir atvinnurekendur. Það, sem gerði, að meira bar á því hér á landi en annars staðar var, hversu menn þurftu oft að skipta um stað við atvinnu sína. Menn fara úr kaupstöðum í sveitir um sumarmánuðina, og sjávaratvinnuvegurinn er stundaður eina árstíðina fyrir Norðurlandi og aðra fyrir Suðurlandi o. s. frv. Þessar ástæður eru jafnt fyrir hendi nú og árið 1926.

Svo er annað, sem bætist við. Útsvarslöggjöfin er svo hér, að ekki eru neinar fastar reglur um, hvað leggja megi há útsvör á menn. Í öðrum síðuðum löndum eru þó einhverjar hömlur á því, hér engar. Reynsla undanfarinna ára hefur og sýnt, að niðurjöfnunarn. og sveitarstjórnir eru ekkert feimnar við að leggja mikil útsvör á menn, er koma í atvinnuleit. Ég sé við athugun ýmissa liða í brtt., að þeir geta komið allharkalega niður, ef þeir yrðu samþ. Í brtt. er talað um að leggja útsvör á síldarsölu, áður var í því sambandi aðeins um skiptingu útsvara að ræða. Ef t. d. bátur af Austurlandi, sem er á síldveiðum við Faxaflóa, legði afla sinn upp ýmist í Hafnarfirði, Keflavík eða Akranesi, þá gæti hann eftir þessum ákvæðum orðið útsvarsskyldur á öllum stöðunum, og það gæti skapað mikil óþægindi og útgerðin orðið hart úti í því. Svo að ég tali nú ekki um Norðurland, ef leggja ætti útsvör á báta á öllum þeim stöðum, sem þeir legðu þar upp afla sinn. Ég sé ekki ástæðu til að gera síldarkaup útsvarsskyld, því að l. gera ekki ráð fyrir, að kaup á vörum komi undir útsvör. Svo er að athuga, hvort atvinnusveitirnar verði svo hart úti í því að hafa utanaðkomandi menn við atvinnurekstur, að nauðsyn beri til að breyta l. Ég sé ekki, að svo sé, því að ákvæðin um skiptingu útsvara eru svo rúm, að atvinnusveitin getur á þann hátt fengið það útsvar, sem hún mundi fá, ef sanngjarnlega væri lagt á. Enn fremur er yfirskattan. skylt að hækka útsvar þeirra manna, sé útsvarsstiginn hærri í atvinnusveitinni heldur en í heimilissveitinni. Þetta veit ég, að er notað af sveitarfélögum.

Ég þekki talsvert vel til starfa yfirskattanefndar hér í Reykjavík og veit, að á tveimur síðustu árum hefur ekki komið nein krafa frá Siglufirði um skiptingu á útsvörum. Árið 1939 kom krafa, en síðan ekki. Sem sagt, ef atvinnusveitin notar sér þessar reglur, þá má hún vel við una, og ég sé því enga ástæðu til að breyta þessari löggjöf, á meðan ákvæðin eru jafnrúm og raun ber vitni um.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Ég ber engar brigður á það, sem hv. 11. landsk. sagði, að engin krafa hafi komið frá Siglufirði um skiptingu útsvara síðustu tvö árin, og er það af því, að bæjarstjórn Siglufjarðar ákvað að leggja útsvar þar á þessa menn, og hv. 11. landsk. veit, að ekki er hvort tveggja mögulegt að leggja á útsvar og óska eftir skiptingu. Enn fremur gætir dálítils misskilnings hjá hv. 11. landsk. viðvíkjandi brtt. okkar á þskj. 44. Það er ekki tilgangurinn með þeim að taka upp ákvæðin frá 1926, heldur ætlazt til með þeim að ná útsvörum af föstum atvinnurekstri á Siglufirði, sem hefur sloppið með því að telja atvinnurekandann eiga heimili annars staðar.

Það, sem við viljum fá með þessu, er að fá þennan atvinnurekstur, sem raunverulega er fastur þarna, útsvarsskyldan til Siglufjarðar. Þarna munu vera um 30 síldarstöðvar, en ekki nema 3—4, sem greiða gjöld til bæjarins, en bærinn hefur hins vegar orðið að sjá þeim fyrir nauðsynlegri vegalagningu og öðru sliku, en engar tekjur fengið þar á móti. Þetta viljum við koma í veg fyrir, fyrir nú utan það, hversu gersilegt misrétti er hér um að ræða, því að þótt þarna séu tvær stöðvar, sem hafa kannske jafnmikinn atvinnurekstur, þá verður önnur að greiða full gjöld til bæjarins, en hin aðeins örlítið eða ekki neitt.

Því hefur verið haldið fram af hv. 1. þm. N.-M. og hv. 8. landsk., að hægt væri að ná þessu gegnum ákvæðið um skiptingu útsvara. Ég við-

urkenni, að „teoretiskt“ séð er það hægt, og ég fullyrði ekki nema megi ná einhverju með miklum eftirgangsmunum. Ég er þessu talsvert kunnugur, af því að ég hef verið í 10 ár fulltrúi hjá bæjarfógetanum á Siglufirði, sem ég hygg að sé talinn mjög duglegur og samvizkusamur embættismaður. Þetta var reynt ár eftir ár, eftir því sem mögulegt var, og ég held, að við höfum komizt hæst upp í að fá eitthvað um 2000 kr. eitt árið. Ég skal ekki fullyrða, hvort málin hafa verið rekin áfram til ríkisskattan., sem hefði eitthvað getað úr þessu bætt. Annars er eins og það sé héraðsrígur í þessum málum og heimilissveitin vilji hjálpa mönnum til að sleppa við að borga til atvinnusveitarinnar, og yfirleitt er erfitt að fá nauðsynleg gögn um tekjur manna, enda er oft erfitt fyrir mennina sjálfa að gefa slíkar upplýsingar fyrir þann tíma, sem atvinnusveitin á að fá þessar skýrslur.

Af þessu hefur leitt það, að Siglufjörður hefur orðið að hækka álögur sínar á þeim, sem hann hefur getað lagt á, svo að útsvarstiginn hefur orðið talsvert hærri þar en víða annars staðar. Þeir, sem eftir hafa verið af þessum mönnum, sem t. d. reka síldarsöltun, hafa farið að athuga möguleika á að flytja alveg burt, selja þessar eignir eða stofna félög um þær, leigja þær síðan og hafa þá engar tekjur nema lítilfjörlegar leigutekjur, og komast þannig hjá að borga til bæjarins af atvinnurekstrinum, en það, sem í okkar till. felst, er að fá bætt úr þessum órétti gagnvart Siglufirði og fleiri bæjum, sem líkt eru settir.

Ég hygg, að það sé ekki rétt hjá hv. 11. landsk., að það sé ástæða til að vera hræddur við þessa breyt. vegna þess, að sama ástand skapist og var 1926. Tilætlunin er ekki sú að leggja útsvör á alla aðkomumenn, sjómenn, verkamenn etc., heldur ekki á báta, er leggja upp afla, enda væri það ekki heimilt, heldur einungis á þá, er reka í Siglufirði raunverulega fasta atvinnu, en sleppa við öll gjöld. Þar að auki er nú ríkisskattan., sem þeir gætu kært til, er teldu sig órétti beitta, og þá fengið verðskuldaða leiðréttingu, í staðinn fyrir það, að nú verður atvinnusveitin að kæra, og ég efast ekki um, að þeir, sem teldu sig órétti beitta, mundu með að fá leiðréttingu sinna mála verða ýtnari en atvinnusveitin hefur aðstöðu til, eins og nú standa sakir.

Þegar þetta allt er athugað og það, að þessar till. miða ekki að því, að upptekin verði stefnan frá 1926 að leggja á skip eða menn, sem yrðu þarna 8 vikur eða svo, heldur einungis að því að ná útsvörum af þeim atvinnurekstri, sem er þarna stöðugur, en virðist hafa fundið smugu til að koma sér undan réttmætum álögum, og þegar þessir einstaklingar hafa möguleika til að kæra áfram, ef þeir eru órétti beittir, og ég tel engan vafa á, að þeir fengju leiðréttingu, þá sé ég ekki annað en að hér sé um réttlætiskröfu að ræða.

Bernharð Stefánsson: Hv. meðflm. minn, sem síðast talaði, hefur tekið af mér ómakið að mestu leyti að svara þeim aths., sem fram hafa komið gegn þeim till., sem við þrír höfum borið fram á þskj. 44, og þarf ég því ekki nema litlu við það að bæta.

Ég skal fyrst víkja að því, sem hefur verið fundið að forminu á þessum brtt. okkar. Í fyrsta lagi benti háttv. 1. þm. N.-M. á það við fyrri hluta þessarar umr., að ef brtt. okkar á þskj. 44 verður samþ., þá ætti 2. liður 1. málsr. 9. gr. l. að falla niður. Þessi aths. hans viðvíkjandi forminu er rétt, og þess vegna er það, að við flm. að upprunalegu till. flytjum viðaukatill. við hana á þskj. 53 um, að þessi liður falli niður.

Þá geri ég ráð fyrir, að það sé rétt hjá hv. 11. landsk., að um prentvillu sé að ræða þar, sem stendur „síldarverzlun“. Það á að vera „síldarverkun“. Aftur á móti get ég ekki fallizt á það, sem hann hafði á móti forminu á þessari till. okkar. Hann sagði, að ef hún yrði samþ., yrði að fella niður a-lið í 1. málsgr. 9. gr. Ég held, að þess sé ekki þörf, því að þótt þar sé svipað komizt að orði, þá sakar ekki, þó að þessu sé bætt við, og samkv. þessum lið í l. hefur útsvar ekki verið lagt á í atvinnusveit eins og gert yrði samkv. okkar till. Þess vegna held ég, að óþarft sé að fella þennan lið niður, þó að brtt. okkar verði samþ.

Hv. 11. landsk., frsm., segir í ræðu sinni, að með þessari till. væri vikið frá meginreglu útsvarsl. Ég vék nokkuð að þessu við fyrri hl. þessarar umr. Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá þessum hv. þm. Till. okkar miðar einmitt að því að koma samræmi á útsvarsl., svo að þau nái sínum upprunalega tilgangi, en eins og ég gerði grein fyrir þá, var þeirra upprunalegi tilgangur sá, að allur almenningur manna greiddi útsvarið til heimilissveitar sinnar, en atvinnurekstur væri útsvarsskyldur þar, sem hann væri rekinn, og bera l. sjálf vitni um það, þar sem í þeim er tekið fram, að búrekstur á jörðum sé útsvarsskyldur þar, sem búskapurinn er rekinn. Þó að sá, sem rekur hann, eigi ekki heima þar.

Það er alveg rétt, að ástæðan til setningar útsvarsl. 1926 var m. a. sú, að löggjafinn var alltaf að teygja sig lengra og lengra í að heimila útsvarsálagningu á menn utan sinnar heimilissveitar. Það gekk svo langt, að fram kom till. um, að Faxaflói skyldi ákveðinn stærri en hann er landfræðilega, það kom jafnvel fram till., sem reyndar var ekki samþ., um, að Faxaflói skyldi ná að Ölfusárósum. En það er oft svo, að þegar breyta á til batnaðar og taka aðra stefnu, þá er sveigt of langt út í hina hliðina, og það var gert með útsvarsl. 1926, sem nú gilda í þessu atriði, að það var gengið of langt, m. a. með því, að stórkostlegur atvinnurekstur varð ekki útsvarsskyldur á þeim stað, þar sem hann er rekinn, og þá sérstaklega síldaratvinnuvegur í sínum ýmsu myndum, vegna þess, hvernig hann er. Hann er rekinn stuttan tíma af árinu og er að ýmsu leyti ólíkur mörgum öðrum atvinnugreinum. Ég get ekki séð, að rétt hafi verið að ganga svo langt sem gert var þá, þegar líka þess er gætt, að með þessu var eitt bæjarfélag svipt mjög miklum tekjum og hefur síðan haft við nokkuð þröngan fjárhag að búa. Hv. frsm. segir, að menn hafi verið sammála um að gera þessa breyt. 1926. Það er alls ekki rétt, það var mikill ágreiningur um hana, og ég man, að ég hafði þá sömu afstöðu og ég hef nú í þessu máli.

Hv. síðasti ræðumaður svaraði þeirri röksemd hv. frsm., að varasamt væri að gefa frekari

heimild til útsvarsálagningar utan heimilissveitar heldur en nú er, m. a. af því, að menn hefðu tilhneigingu til að leggja hærra útsvar á utansveitarmenn en á þá, sem þar ættu heima. Þetta kann rétt að vera, en eins og síðasti ræðumaður benti á, þá er hægt fyrir þá, sem verða fyrir óréttlæti í þessu efni, að ná rétti sínum með því að kæra til yfirskattan. og þá síðan ríkisskattan.

Hv. 1. þm. N.-M. hélt því fram við fyrri hl. þessarar umr., að flutningur þessarar till. væri byggður á misskilningi, vegna þess að atvinnusveitin hefði rétt til að fá hluta af útsvarinu, og það hækkað, ef útsvör voru yfirleitt lægri í heimilissveitinni. Ég vil segja hv. þm., að mér var fullkunnugt um þetta, en einmitt hann sjálfur upplýsti, að það hefði ekki verið nema Reykjavík og Ísafjörður, sem hefði neitt verulega notað þetta. Hann segir, að atvinnusveitin geti kært, ef heimilissveitin leggi lágt útsvar á, og krafizt þess, að sinn hluti verði hækkaður. En hvernig stendur þá á því, sem hv. þm. upplýsti, að þessi réttur til þess að fá hluta af útsvarinu hefur ekki verið notaður nema svona lítið? Ég geri ráð fyrir, að hann svari því, að þetta sé fyrir vanrækslu bæjaryfirvaldanna, og verður hver að meta það eins og honum þykir trúlegt, en mér virðist miklu eðlilegra að álíta, að það stafi af því, sem hv. síðasti ræðumaður hélt fram, sem er kunnugur þessum málum. Þetta er nefnilega svo flókið, að erfitt er að ná rétti sínum á þennan hátt, og þess vegna hefur það farizt fyrir, að þessi ákvæði væru notuð eins og bókstafur l. gefur tilefni til að halda, að hægt sé.

Ég get sparað mér það, sem ég var að vona, að ég hefði tilefni til, að þakka n. fyrir undirtektir hennar undir þessa till., og er ekkert við því að segja; n. hefur sína skoðun og við okkar, og verða atkv. að skera úr. Ég mun ekki fara að beita málþófi í þessu máli, en það er ég ekki í vafa um, að ef sanngirni ætti hér að ráða, þá yrði brtt. okkar samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég hygg, að það liafi komið fram í þessum umr., af hverju gengur svo erfiðlega með þessar kröfur um þessi skipti. Það er af því, að bæjarstjórnirnar hafa stungið höfðinu niður í sandinn eins og strúturinn og ekki hugsað um að fara eftir l., heldur lagt á útsvör, sem dómstólarnir hafa svo fellt niður. Þeir hafa ætlað sér að fá meira en þeir gátu fengið eftir skiptunum. L. mæla svo fyrir, að atvinnusveit skuli senda kröfur sínar til heimilissveitar, sem er skyldug að skipta útsvarinu eftir því, sem hún telur rétt. Ef atvinnusveit líkar það ekki, getur hún skotið því til yfirskattan. og ríkisskattan., og ef krafan er rétt, er ríkisskattan. skyldug til að hækka þann hlutann, er atvinnusveit ber, ef útsvarsstiginn er hærri í atvinnusveitinni en heimilissveit. Þetta er því ekkert meiri fyrirhöfn nema síður sé, því að þá losnar þó atvinnusveit við að rukka inn þessi útsvör, en fær þau send í einu lagi frá heimilissveitinni. (BSt: Ætli það vilji ekki verða Hálfdanarheimtur á því?) Ekki [illegible] á því þar, sem vakandi sveitarstjórnir eru.

Þá vil ég benda á annað dæmi, sem allar sveitarstjórnir virðast ekki hafa áttað sig á enn þá, en það er það, að einstöku menn telja sig annars staðar til heimilis til þess að skjóta sér undan útsvörum. Reykjavík hefur tekið eftir þessum mönnum og fengið um það dóm. Siglufjörður hefur ekki gert það. Á Ísafirði er einn maður, sem í þrjú ár lét skrifa sig annars staðar, og hefur nú loks verið dæmdur af því heimili, þar sem hann taldi sig eiga heima. Á Siglufirði veit ég um eina fjóra menn, sem eru byrjaðir að leika þennan leik. Ég held því, að þessar till. eigi ekki að ná samþ., því að það mundi aðeins verða til hins verra. Ég held, að ekkert mæli með þeim annað en það, að hægara kann að vera að ná útsvari frá mönnum, sem hafa gerviheimili, sem ég vil kalla svo. Þess vegna legg ég til, að þær verði felldar.

***Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason):** Ég sé ekki ástæðu til að þreyta langar umr. um þetta mál.

Ég skildi hv. 1. þm. N.-M. svo, að hann vildi halda því fram, að einungis Ísafjörður og einn staður annar hefðu notað sér þetta ákvæði um skiptingu útsvara til hlítar. En ég veit til þess, að s. l. ár hafa komið kröfur um skiptingu útsvara frá enn fleiri stöðum en áður, t. d. Presthólahreppi og Hafnarfirði. Mig furðar á því, ef það er rétt, sem hv. 10. landsk. sagði, að síðastliðið ár hefði aðeins komið til greina að skipta útsvari þriggja manna frá Reykjavík, sem atvinnu reka á Siglufirði, þar sem 10 eða 12 kröfur um skiptingu útsvars bárust frá Presthólahreppi einum. Ef ekki sækja fleiri en 3 menn frá Reykjavík til Siglufjarðar, þá finnst mér ekki vera mikil þörf þeirrar breyt., sem þeir fara fram á. Hv. þm. sagði líka, að þeir ætluðust ekki til þess, að tekin yrði upp gamla reglan um álagningu á atvinnurekstur utan heimilissveitar, en góð meining gerir enga stoð, því að í till. segir, að leggja beri á mann utan heimilissveitar, ef hann rekur þar atvinnu eigi skemur en 8 vikur.

Hv. þm. sagði líka, að ekki væri hætta á, að lögð yrðu útsvör á sölu síldarbáta, sem seldu afla sinn annars staðar en í heimilissveit sinni. Það getur verið, að hv. flm. ætlist ekki til þessa, en samkv. till. yrði samt að gera það. En nú er í b-lið 9. gr. gert ráð fyrir því, að útsvarinu sé skipt, ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda a. m. k. samtals 4 vikur af útsvarsárinu. Og þetta er sitt hvað. Hér er raunar bara talað um það, að skip leggi upp afla sinn. En ef brtt. verður samþ., þá verður það gert að aðalreglu, að síldarsala verði útsvarsskyld, hvar sem hún fer fram. Það yrði því að breyta orðalagi 9. gr. þannig, að síldarsala, sem fram fer utan heimilissveitar, skuli ekki vera útsvarsskyld, heldur skuli skipta útsvarinu, því að annars verður eilífur ágreiningur um það, hvort heldur skuli vera.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði það óþarfa athugasemd hjá mér, að fella yrði niður 1. lið a. 9. gr., ef brtt. ætti að ná fram að ganga. Mér skildist hann skýra þetta svo, að ef ekki hefði verið lagt útsvar á mann í heimilissveit hans, mætti skipta því samkv. 9. gr. En hér á gjaldandinn líka hlut að máli. Hann krefst þess, að útsvarinu sé skipt,

en sveitarstj. krefst þess, að útsvarið sé lagt á. Hér yrði því sífellt tilefni til ágreinings.

Hv. flm. sagði líka, að of langt hefði verið gengið árið 1926, þegar sú regla var upp tekin, að leggja yfirleitt ekki á atvinnurekstur utan heimilissveitar. En ég vil minna á, að Magnús Guðmundsson tók það fram í þingræðu, að aðalreglurnar, sem farið hefði verið eftir við samningu þessara l., hefðu verið teknar eftir l., sem eru í gildi á Norðurlöndum, hafa verið reynd í mörg ár og gefizt vel. T. d. hefðu Danir og Norðmenn tekið upp þetta fyrirkomulag, sem þeir nefna „den interkommunale Beskatning", en við skiptingu. Ég hygg, að í Noregi a. m. k. sé fyrirkomulagið líkt og hér, enda atvinnuhættir að ýmsu leyti líkir. Og ég hef ekki heyrt þær ástæður bornar fram gegn þessu fyrirkomulagi, að rétt geti verið að víkja frá því, þar eð reynsla er á það komin í öðrum löndum, þar sem líkt stendur á og hér.

***Jóhann Jósefsson:** Ég skil, að þessi till. muni rekast á það, sem hingað til hefur verið venja um skiptingu útsvara, en býst þó við, að eitthvað muni verða samþ. svipað því, sem hér er lagt til. En mér finnst það á skorta, að þessi ákvæði séu nógu víðtæk. Hér getur verið um að ræða verzlun með fleira en síld, t. d. fiskverzlun, og yrði hún þá að hlíta sömu lögum, ef horfið yrði að því að skattleggja atvinnurekstur utanhéraðsmanna. Þá skilst mér þetta ákvæði brtt. geta tekið til báta, sem leggja upp veiði til söltunar eða bræðslu á Siglufirði. Að vísu hefur hv. frsm. sagt, að ekki sé til þess ætlazt, að þetta eigi við það, er bátur selur veiði sína í verksmiðjur eða til söltunar. En æskilegt væri samt, að þetta væri tekið fram, svo að ótvírætt væri. Ég leyfi mér því að bera fram skrifl. brtt. í þessa átt. Till. mín er í tveim liðum og hljóðar svo: „Við 1. gr. a. 1. Á eftir orðunum „svo og ef rekin hefur verið verzlun" komi: sala eða kaup á fiski eða fiskafurðum, o. s. frv. 2. Við liðinn bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Ákvæði þessi ná eigi til veiðiskipa, þótt þau setji afla sinn á land til söltunar eða í verksmiðjur, né til skipshafna eða annars verkafólks, sem starfar utan dvalarsveitar um stundarsakir." Og þegar ég segi hér „um stundarsakir", á ég við vertíðarfólk, hvar sem er á landinu, sem hverfur frá heimili sínu um vertíð til þess að leita sér atvinnu. Ég tel, að ákvæði gr. eigi ekki að ná til slíkra manna. Ekki heldur til fiskiskipa, sem setja afla sinn á land til bræðslu eða söltunar, né áhafna slíkra skipa.

Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 66) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Erlendur Þorsteinsson: Ég get vel fallizt á þessa viðbótartill. frá hv. þm. Vestm., því fyrir okkur vakti engan veginn, að lagt yrði útsvar á fiskiskip, sem leggja upp afla sinn á Siglufirði, eða verkafólk, sem þangað leitar til þess að afla sér atvinnu.

Hv. 11. landsk. fannst það lítið, ef ekki væru nema 3 menn í Reykjavík, sem við gerðum kröfu til að fá útsvarshlut frá. En eftir að breytingin var gerð á b-lið 9. gr., eru ekki nema 3 slíkir menn í Rvík. Það eru ekki fleiri, sem söltun reka á Siglufirði. Af þessu dró hv. þm. þá ályktun, að ekki væri mikil þörf á brtt. okkar. En þetta er misskilningur. Till. okkar er eins nauðsynleg fyrir þessu, því að það eru aðrir aðilar, er atvinnu reka á Siglufirði, sem við viljum ná útsvari frá. Árið 1939 lögðum við útsvar á alla þessa menn, og vil ég taka hér tvö dæmi, sem sýna, hver nauðsyn er á till. okkar. Eru komnir hæstaréttardómar í málum þessara tveggja aðila. Annar þeirra saltaði á Siglufirði 8 eða 9 þúsund tunnur á einu sumri. Hann taldi sig eiga heima á Akureyri árið 1939 og hafði þá ekki aðra atvinnu en þessa söltun á Siglufirði. En hann var sýknaður á grundvelli þess, að hann ætti heima á Akureyri og hefði ekki haft opna skrifstofu á Siglufirði allt árið. Hinn aðilinn er félag, sem skrásett er á Akureyri, en á eignir á Siglufirði. Félag þetta hefur haft starfrækslu á Akureyri, en starfræksla þess á Siglufirði er þó heldur meiri. Það var sýknað á grundvelli þess, að það ætti heimili á Akureyri. Hins vegar býst ég við því, að eitt félag, sem lagt var á, muni verða dæmt til útsvarsgreiðslu vegna atvinnurekstrar á Siglufirði, því að það hafði þar opna skrifstofu allt árið. Er þá spurningin, hvort þetta félag tekur ekki upp þann hátt til þess að losna við útsvarsgreiðsluna að loka skrifstofu sinni á Siglufirði í einn eða tvo mánuði á ári.

Hv. 1. þm. N.-M. taldi, að þetta væri ekki rétt leið hjá okkur, og get ég ekki verið honum sammála um það. Hann viðurkenndi þó, að með till. okkar yrði komið í veg fyrir, að menn hefðu gerviheimili, sem hann nefndi svo. Ég veit t. d. um nokkra skipstjóra á Siglufirði, tekjuháa menn, sem hafa flutt heimili sín inn í Fljót. Bóndinn í Tungu í Fljótum hefur leigt einum þeirra húsnæði og látið skrá hann þar. Það getur sennilega orðið erfitt að neyða þessa menn til að búa á Siglufirði. Þetta eru einhleypir menn, en hafa alla sína atvinnu á Siglufirði eða á síldfirzkum skipum. Þá má nefna tvo skipaeigendur, er báðir eiga skip í ísfiskflutningum, sem nú gefa góðan arð. Bæði skipin eru skrásett á Siglufirði. Annar þessara manna hefur flutzt til Hafnarfjarðar og telur skipið rekið þaðan. Hinn hefur stofnað félag í Reykjavík, sem á að reka hans skip. Hvort tveggja er þetta útsvarsflótti frá Siglufirði, sem stafar af því, að ekki er unnt með núverandi útsvarslöggjöf að ná útsvörum af þeim atvinnurekstri, sem þar fer fram.

Ég tel, sem sagt, öll rök mæla með því, að brtt. okkar sé samþ. Hins vegar hef ég þegar tekið það fram, að ég er reiðubúinn að taka upp í brtt. viðbót, sem útiloki, að hægt sé að misbeita henni gagnvart skipum, sjómönnum og verkafólki, og hinu sama hefur hv. 1. flm. lýst yfir.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti! Það er misskilningur hjá hv. frsm. n., að ég hafi talið óþarfa að fella niður a-lið 1. töluliðs 9. gr. sökum þess, að niðurjöfnunarnefnd væri í sjálfsvald sett, hvort hún legði útsvar á mann, sem atvinnurekstur ræki í sveitinni, eða gerði kröfu til skipta. Ég álít, það sjálfsagt, að niðurjöfnunar-

nefnd leggi á útsvör eftir l., eins og þau eru, og ef brtt. okkar verða samþ., eigi hún að leggja útsvör á allan þann atvinnurekstur, sem þar er talinn upp. Nú er það óþarfi að fella niður a-lið 1. tölul. 9. gr., sökum þess, að það er einmitt tekið fram, að hann komi því aðeins til greina. að stafliðirnir í 8. gr. komi ekki til greina. Hann er aðeins um það, ef einhver atvinna er rekin, sem ekki þykir heyra undir neinn af þeim liðum, sem í 8. gr. segir. Það kann að vera, ef okkar till. nær samþ., þá sé það alveg útilokað, að hægt sé að reka slíka atvinnu, og liðurinn kann að því leyti að vera óþarfur. En ég sé ekki ástæðu til að fella hann niður, þó að till. okkar nái samþ., *og ég sé ekki, að greinarnar brjóti í bág hver* við aðra fyrir þetta. Ég stóð upp til þess að gera þessa stuttu aths., en ekki til að ræða það, sem fram hefur komið síðan ég talaði síðast, enda er það lítið. Það er aðeins eitt atriði, sem hv. 11. landsk. minntist á, sem gefur tilefni til að beina spurningu til hv. d. Hann upplýsti það, að úr einum hreppi, Presthólahreppi, hefðu komið 10 kröfur hingað til Reykjavíkurbæjar um skiptingu útsvara. Sennilega munu þá hafa komið víðar að af landinu kröfur um skiptingu. Finnst mönnum ekki, að allar þessar kröfur um skiptingu útsvara orsaki of mikla skrifstofuvinnu? Er ekki réttara, að sveitin eða bærinn, þar sem *atvinnureksturinn er stundaður, hafi meiri rétt* heldur en nú er til þess að leggja sjálf á útsvör? Mér kemur þetta mál svo fyrir sjónir. Eins og kom fram hæði hjá hv. 1. þm. N.-M. og fleirum, þá er það einn kosturinn, sem okkar till. fylgir, að það mundi verða miklu minni viðleitni á eftir til þess að fá sér „gerviheimili", eins og hv. 1. þm. N.-M. nefndi svo. Mér finnst þetta vera töluverður kostur á till. út af fyrir sig, en svo er líka ýmislegt fleira, sem kemur til greina.

Mér þykja dómar, sem dæmdir hafa verið í þessum málum, harla einkennilegir. En ég ætla ekki að bera það á dómara landsins, að þeir hafi dæmt ranga dóma í þessum málum. En ég veit, að dómar, sem upp *hafa verið kveðnir, brjóta* algerlega í bág við þann tilgang, sem mér er kunnugt um, að hafi legið til grundvallar fyrir útsvarsl., þegar þau voru sett. Líklega hefur Alþ. þá ekki tekizt að láta vilja sinn koma nægilega skýrt fram. Í d-lið 8. gr. er skýrt tekið fram, að eigi maður lögheimili í fleiri en einum stað, og sé lagt á hann fullt útsvar í báðum stöðunum, þá á hann heimtingu á, að útsvarið sé numið burt á öðrum staðnum. Nú þekki ég einn mann, sem átti heimili á tveim stöðum. Hann var dæmdur til að greiða útsvar í þeirri sveit, þar sem hann hafði gert kröfu um, að útsvarið, samkv. þessu lagaákvæði, yrði numið burt. Mér *er vel kunnugt um þetta, því að það var ég sjálf*ur, sem dæmdur var. Ég sé ekki annað en þetta brjóti algerlega í bág við ákvæði l., en mér dettur ekki í hug að segja, að dómarar hafi dæmt vísvitandi ranga dóma. Þessu máli var ekki vísað til hæstaréttar af þeim sökum, að þá var nýfallinn dómur út af öðru máli. Dómur þessi virtist vera á þann hátt, að ekki þýddi að vísa slíkum málum til dómstólanna lengur. Dómar, sem í þessum málum hafa fallið, virðast benda á það, að Alþ. hafi ekki tekizt að koma vilja sínum nógu skýrt fram, sem það hafði um þetta ákvæði, þegar útsvarsl. voru sett. Það er því full ástæða til, að útsvarsl. verði tekin til rækilegrar endurskoðunar og að lagaákvæðin verði gerð nægilega skýr, svo að dómar í þessum málum falli á sömu leið og Alþ. ætlaðist til með lögunum.

*Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason): Út af þeim brtt., sem fram hafa komið frá hv. þm. Vestm., vil ég taka það fram, að þar sem ég er mótfallinn brtt. á þskj. 44, þá er ég einnig á móti fyrri brtt. hv. þm. Vestm. Till. er á þá leið, að l. verði viðtækari og nái til kaupa á fiski og fiskafurðum, sem hingað til hafa verið látin í friði fyrir útsvarsl. Ég skil ekkert í hv. þm., að *hann skuli koma með slíka till., sem hlýtur að* hafa í för með sér aukin óþægindi og er varhugaverð fyrir þessi viðskipti manna. En hvað hina brtt. snertir, að síldarsalan skuli ekki vera útsvarsskyld, þá er ég henni ekki samþykkur.

Hv. 10. landsk. endurtók það, sem ég hef sagt hér áður, að aðeins 3 menn komi til greina við skiptingu útsvara á Siglufirði. Er því mikil þörf á að breyta þessu ákvæði, og þó að aldrei verði girt fyrir með l., að eitthvert misrétti verði í framkvæmdinni, er sjálfsagt að reyna að lagfæra það, ef hægt er. En maður má ekki kaupa það of dýru verði, svo að atvinnurekendur verði ekki of hart úti, sem ég hygg að verði, ef þessar *brtt. verða samþ. Ég held, að menn færi sig þá* upp á skaftið, þar til komið er í líkt horf og áður en útsvarsl. voru sett. Hv. 1. þm. Eyf. skýrði afstöðu sína til 9. gr. þannig, að það hefði verið misskilningur hjá mér, að sveitarstjórnir gætu valið um, hvort þær skiptu útsvörum eða ekki. Ég skal ekki deila um það. Hann taldi þetta að vísu óþarft ákvæði, en ekki væri nauðsynlegt að fella það niður. En þar sem það er óþarft ákvæði l., er nauðsynlegt að fella það niður, til þess að l. verði ekki misskilin af þeim, sem framkvæma lögin. Er sjálfsagt að hafa ekki fleiri ákvæði en nauðsynlegt er og fella niður ákvæði, sem einungis eru til að villa. Ég *mun ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég tel,* að málið sé ekki nægilega upplýst og undirbúið, svo að maður geti talið rétt að gera breyt. á l. á þessu stigi málsins.

ATKVGR.
Brtt. 66,1 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 44,I.a. felld með 8:6 atkv.
Aðrar brtt. komu ekki til atkv.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 21. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 150, 166).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 166. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Jóhann G. Möller): Það þarf nú ekki mörg orð um þetta frv. Það er komið frá hv. Ed. og er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 4. febr. 1942, og er samhljóða þeim.

Ástæðan fyrir þessari lagasetningu er sú, að það hefur þótt rétt að færa til samræmis skipun niðurjöfnunarn. í Reykjavík við það, hvernig slíkar n. eru skipaðar í öðrum kaupstöðum landsins, þannig að niðurjöfnunarn. verði svipur af því pólitiska valdi, sem ræður í bæjunum. Ástæðan til þess, að gefin voru út þessi brbl., var það, að komið var fram að þeim tíma, að jafna ætti niður útsvörum, og skattstjórinn í Reykjavík þurfti að snúa sér að þessu starfi. Og ef þessi l. hefðu ekki verið sett, hefði n. orðið óstarfhæf.

Allshn. hefur orðið sammála um að mæla með þessu frv. óbreyttu.

Ég sé, að hér er komin fram brtt. á þskj. 166 frá hv. þm. Mýr. og hv. þm. V.-Húnv. Þó að þeir hafi ekki ennþá talað fyrir þessari brtt., vil ég taka það fram, a. m. k. fyrir mitt leyti, að ég er henni sammála. Og ég man ekki betur en að lítillega væri ymprað á efni hennar í allshn. Þó að ég þori ekki að fullyrða, að allir hv. nm. verði með þessari brtt., vil ég ekki fara fram á, að henni verði frestað til 3. umr. Ég álít það atriði, sem brtt. fer fram á, svo sjálfsagt að samþ., að ekki sé ástæða fyrir n. að fá þessa brtt. til athugunar sérstaklega.

*Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti! Við höfum, ég og hv. þm. V.-Húnv., leyft okkur að bera hér fram brtt. við útsvarsl. Það hefði verið ástæða til að gera fleiri brtt. við þessi l. En við vildum í þetta skipti ekki fara lengra heldur en þetta. Úr því að útsvarsl. voru á annað borð opnuð, þá vildum við, að þessi breyt. væri sett í l.

Efni þessar brtt. er það, að breyta ákvæðum í tveim liðum 9. gr. l., sem eru um það, að heimilt er nú að skipta útsvörum á milli sveita, þegar menn, sem eru útsvarsskyldir í einu sveitarfélagi, hafa vinnu eða reka atvinnu í öðru sveitarfélagi, sem nemur nokkru verulegu. En það er sýnilegt, að löggjafinn hefur, þegar þessi l. voru sett, ekki ætlazt til, að verið væri að eltast við hverja smáupphæð, sem menn ynnu sér inn utan heimilissveitar, heldur ætti þessi skipting aðeins fram að fara, ef um verulegar slíkar upphæðir væri að ræða. Það er ákveðið í 9. gr. 2. tölul., að þegar maður hefur unnið a. m. k. 3 mánuði utan sveitar samtals á útsvarsárinu í sömu sveit og hefur fengið kaup a. m. k. 3000 kr. að öllu samanlögðu, sem til greina kemur, þá geti sú sveit, þar sem hann vinnur sér þetta inn, tekið hluta af útsvari hans. Og sama gildir, samkvæmt 3. tölul. sömu lagagr., ef maður er lögskráður á skip utan heimilissveitar a. m. k. 3 mánuði af útsvarsárinu samfleytt í sömu sveit og hefur fengið kaup a. m. k. 5000 kr.

Nú þykir okkur flm. þessarar brtt. sjálfsagt, að sama regla sé við höfð, þegar þessar upphæðir eru ákveðnar, eins og í skattal. gildir um umreikning á tekjum, þannig að áður en til útsvarsskiptingar komi, þá hækki þessar upphæðir, sem miðað er við í þessum tilfellum, eftir verðvísitölu. Því að með þeirri breyt., sem hefur orðið á verðgildi peninganna og vinnulaunum, mundi þetta að óbreyttum l. verða einlægur eltingarleikur með útsvarsskiptinguna. Er þetta ákvæði brtt. í samræmi við útsvarsl. um umreikning á tekjum, að það sé ákveðin hækkun á þessum tveimur upphæðum, sem kaupið þarf að ná, sem sé hækkun, er nemi meðalverðlagsvísitölu skattársins, til þess að heimilt sér að skipta útsvörunum. Þetta er aðalbreyt. með brtt.

Hinn liður brtt. er um það, að aftan við 2. gr. bætist ákvæði um það, að þetta komi til framkvæmda við innheimtu útsvara, sem falla á 1942 og lögð eru á tekjur af vinnu á árinu 1941.

Vænti ég þess, að hv. þm. verði okkur flm. sammála um, að þetta sé ekki nema sjálfsögð breyt., eins og ástandið er nú í landinu.

ATKVGR.
Brtt. 166,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 166,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 174, 175).

*Garðar Þorsteinsson: Við hv. 5. þm. Reykv. og ég höfum borið hér fram brtt. við útsvarsl. frá 1936, sem er á þskj. 175. Þessi brtt. gengur út á það, að heimilt skuli að leggja útsvar á gjaldþegn, þó að hann sé ekki heimilisfastur í sveitinni, ef hann rekur atvinnu þar, þ. e. utan sinnar heimilissveitar, ekki skemur en 8 vikur; og það sé, eins og hér er tekið fram, heimilt í þessum tilfellum að leggja á gjaldþegn á þennan hátt útsvör, þó að hann reki atvinnu skemur en 8 vikur utan heimilissveitar, ef það er verzlun, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverzlun eða annar síldaratvinnurekstur og verksmiðjuiðnaður, hvers kyns sem hann er. Hins vegar er gerð undantekning frá þessu á þá leið, að þessi ákvæði nái ekki til veiðiskipa, sem leggja upp afla sinn utan heimilissveitar. Þetta ákvæði mundi í raun og veru vera raunhæfast á Siglufirði, því að eins og hv. þm. vita, er atvinnurekstur þar tímatakmarkaður við síldveiðitímann eingöngu. Siglufjarðarbær hefur tiltölulega litlar tekjur af þeim mikla atvinnurekstri, sem þar er rekinn. En útgjöld bæjarins af ýmsum ástæðum, bæði vegna fátækraframfæris og vegna lögreglukostnaðar og ýmiss annars kostnaðar, hafa farið mjög vaxandi síðast liðin ár. En tekjurnar, sem hann fær af atvinnurekstri á Siglufirði, hafa ekki nærri því aukizt í samræmi við aukin útgjöld bæjarins. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, mun atvinnurekstur á Siglufirði útsvarsskyldur til Siglufjarðarbæjar nema að verðmæti um 3 millj. kr., en annar atvinnurekstur, sem rekinn er þar, en er ekki útsvarsskyldur til Siglufjarðarbæjar, 7½ millj. kr. Og þetta kemur til af því, að síldarsöltun og síldarverkun og síldarsala á Siglufirði, sem þar fer fram yfir þann stutta tíma, sem þessi atvinnurekstur er rekinn þar, er ekki útsvarsskylt að því leyti sem þeir einstaklingar og félög, sem þessa at-

vinnu reka þar, eiga ekki heima á Siglufirði. Nú hefur reynslan verið sú undanfarið, að meginþorri þeirra manna og félaga, sem reka síldarverkun og síldarsölu á Siglufirði, telja heimili sitt utan Siglufjarðar, og útsvör eru því lögð á þessa aðila utan Siglufjarðar, en bæjarfélagið fær engar útsvarstekjur frá þessum aðilum. Og þeir hafa allar sínar tekjur í raun og veru af þessari síldarverkun og síldarsölu á Siglufirði, og því lífsframfæri sitt alveg, en telja lögheimili sitt annars staðar, þar sem lægri útsvarsskali er, t. d. inni í Fljótum, á Akureyri eða inni í Eyjafirði. Fjöldi af þeim er einnig búsettur hér í Reykjavík. Síldarstöðvar, sem hafa verið reknar af mönnum búsettum á Siglufirði, hafa margar verið seldar mönnum eða félögum utan Siglufjarðar, sem svo hafa leigt þessar stöðvar til síldarverkunar mönnum eða félögum, þannig að Siglufjarðarbær hefur engan útsvarsskyldan tekjustofn af þessum atvinnurekstri annað en leiguupphæðirnar af stöðvunum. Afleiðingin af þessu er sú, að Siglufjarðarbær hefur ekki getað fengið neitt verulegt af þeim útsvörum, sem þessum mönnum mundi vera skylt að greiða til bæjarins, ef þessir atvinnurekendur væru búsettir á Siglufirði. Það, sem því farið er fram á hér í þessari brtt. viðkomandi Siglufjarðarkaupstað, er, að heimilt sé að leggja á þennan höfuðatvinnurekstur þessara aðila útsvör til Siglufjarðarkaupstaðar, þó að viðkomandi atvinnurekendur telji ekki lögheimili sitt á Siglufirði. Hins vegar veit ég það, að móti breyt. slíkri sem þessari hafa staðið ýmsir hv. þm. hér í d. af þeirri ástæðu, að skip, sem afla sinn leggja upp t. d. á Siglufirði, áttu, eftir brtt., sem áður hafa verið lagðar fram í sömu átt og þessi brtt., að vera útsvarsskyld til þess staðar, þar sem þau legðu upp afla sinn. En samkvæmt þessari brtt. eru þessi skip ekki útsvarsskyld þar, sem þau leggja upp afla sinn utan heimilissveitar. Fyrir það er girt með ákvæðinu í niðurlagi 1. tölul. brtt. okkar hv. 5. þm. Reykv.

Það er ekki neinn vafi á því, að það rétta í þessum málum er það, að menn greiði útsvar af atvinnurekstri sínum eins og hann er á hverjum stað, þó að löggjafinn hins vegar hafi farið inn á þá leið að takmarka útsvarsskylduna við heimilisfestu, eins og gert er.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að mér er tjáð, að á síðasta sumri muni nokkur félög og einstaklingar hafa haft frá 200 þús. kr. upp í 350 þús. kr. hagnað af atvinnurekstri á Siglufirði, en hafi ekki greitt neitt útsvar þangað. En einn af þeim mun hafa greitt 8 þús. kr. í útsvar til sinnar heimilissveitar. Það er því augljóst, að Siglufjarðarbær er í þessu efni mjög afskiptur, og er ekki nema sanngjarnt, að bærinn fái heimild til að leggja útsvar á þann atvinnurekstur, sem þar er rekinn. Þess vegna vænti ég þess fastlega, að hv. þd. geti fallizt á þá brtt., sem hér er borin fram.

*__Fjmrh. (Jakob Möller)__: Ég þarf að bera mig upp við hv. þd. og hv. flm. þessarar brtt. út af því, hvernig hún er borin fram. Þetta mál er komið hér gegnum fyrri umr. og er búið að vera í n. hér í d., og þá fyrst koma hv. þm. með brtt. við frv. og ætlast til þess, að hún verði samþ., án þess að n. fái tækifæri til að athuga hana. Þeir hljóta þó að vita það, hv. flm., að sams konar brtt. var borin fram í hv. Ed. og féll þar. Og því er bersýnilegt, að ef þessi breyt. væri gerð á frv. hér í þessari hv. d., væri frv. stofnað í verulega hættu. Og það þætti mér ákaflega leitt, þar sem málið að öðru leyti hefur verið samkomulagsmál innan þingsins. Þar við bætist nú þetta, að allur þessi málflutningur hv. 7. landsk. byggist á algerðum misskilningi fyrir þessari þörf, sem hér er um að ræða, því að útsvarslöggjöfin hefur séð fyrir því, að Siglufjarðarbær geti fengið tekjur af atvinnurekstri, sem þar er rekinn. Það er þannig fyrir mælt í l., að það skuli skipta útsvörum, sem þeir aðilar greiða, sem hv. 7. landsk. talaði sérstaklega um, milli heimilissveitar og þeirrar sveitar, þar sem atvinnan er rekin. Og eftir því sem framkvæmdin er á því, þýðir atvinnurekendum ekkert að stofna sér lögheimili í annarri sveit, þar sem útsvör eru lægri, því að ríkisskattan. getur hækkað útsvörin á þessum mönnum og félögum með tilliti til þeirra gjalda, sem sanngjarnt er talið, að þessir aðilar borgi vegna atvinnurekstrar síns utan sinnar heimilissveitar. Og sannleikurinn er sá í þessu máli, að það er þá aðeins fyrir framkvæmdaleysi hæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar, ef hann hefur farið á mis við tekjur af þessum atvinnurekstri á undanförnum árum. Ég verð að lokum að láta undrun mína í ljós yfir því, að einmitt þessir 2 hv. þm. skuli flytja þessar brtt., sem í sambandi við skattal. eru að bera sig, með miklum rétti, upp undan því, hvað skattgreiðendur séu berskjaldaðir fyrir útsvarsálagningu. En ef á að gefa bæjar- og sveitarstj. lausan tauminn, þannig að þær geti sjálfstætt lagt útsvör á atvinnurekendur, er hag þeirra teflt í enn þá meiri tvísýnu heldur en með útsvarslöggjöfinni, eins og hún er nú.

Ég vænti þess, að hv. d. felli þessar brtt. og afgreiði frv. eins og það kom frá 2. umr.

*__Garðar Þorsteinsson__: Mér þykir leitt, að hæstv. fjmrh. skuli taka svona í þetta mál, og ég held, að það gæti meiri misskilnings í ræðu hans heldur en minni.

Það má rétt vera, að þessar brtt. hefðu mátt koma fyrr fram, en það er ekkert óvanalegt, að komið sé með brtt. við 3. umr. Enda var hægurinn hjá fyrir hv. n. að athuga þessar brtt., því að þær komu fram fyrir nokkrum dögum. A. m. k. gæti n. haldið fund um þessar till. áður en gengið yrði frá málinu. Mér finnst þess vegna, að það þurfi ekki að standa í vegi fyrir því, að málið fái réttláta afgreiðslu, þó að till. hafi ekki komið fyrr fram.

Þá sagði hæstv. ráðh., að flm. þessarar till. ættu að vita það, að samskonar till. hefði komið fram í Ed. og verið felld þar. Þetta er rangt, eins og hæstv. ráðh. getur sannfærzt um, ef hann vill lesa báðar till. Það eru alls ekki sömu till. Hér er gerð sú mikilvæga breyt. á þessari till., frá því sem var í Ed., að skip, sem leggja upp afla utan heimilissveitar, eru samkvæmt þessari till. ekki útsvarsskyld, eins og þau voru samkvæmt orðalagi till. í Ed.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er

til ákvæði um það í útsvarsl., að heimilt sé að skipta útsvörum. En ég hygg, að þessum hæstv. ráðh., sem situr nú í bæjarstjórn og bæjarráði Reykjavíkur, sé það mjög vel kunnugt, af þeirri reynslu, sem hann hefur fengið hér í Reykjavík, að það er mjög erfitt að ná slíku inn í sambandi við skiptingu útsvars. Mér er kunnugt um, að Siglufjarðarbær hefur ekki nema í 2 eða 3 tilfellum fengið hluta af útsvari, þótt hann hafi farið fram á það. Það gengur ekki betur en svo að fá þetta. Enda hafa bæjarstjórnir ekkert úrskurðarvald þar um, heldur koma þar aðrir aðilar til greina.

Þá vil ég líka benda á það, að það hefur sýnt sig að vera erfitt að fá útsvör gjaldþegnanna hækkuð í samræmi við það, sem hækka bæri í því tilfelli að skipta ætti útsvari þannig, að atvinnusveit fái frá heimilissveit tiltölulega réttan hluta útsvars. En ef það kemur í sama stað niður fyrir gjaldþegn, að útsvari er skipt, er þá þessi sami gjaldþegn nokkuð verr settur, þótt lagt sé á hann á báðum stöðunum, ef tekið er tillit til þess á hvorum staðnum fyrir sig? Það fæ ég ekki séð. Mér virðist, að ef maður, sem býr uppi í sveit, greiðir af 200 þús. kr. ágóða 8 þúsund kr. í útsvar, þá sé lítil sanngirni í því, ef allur sá ágóði er fenginn af atvinnurekstri á Siglufirði, að hann greiði ekkert útsvar til þess bæjar.

Þó að ég og hv. 5. þm. Reykv. séum að bera okkur upp undan öryggisleysi í útsvars- og skattamálum, þá eigum við enga sök á því. Þeir mega taka það til sín, sem hafa haft völdin á undanförnum árum. Og hvað sem öryggisleysinu í þessum málum líður, þá er það að bæta gráu ofan á svart, ef á að svipta Siglufjarðarbæ tekjum, sem honum að réttu lagi ber. Hitt skal ég játa, að það kann að vera meiningarmunur um, hvaða fyrirkomulag á að hafa í sambandi við skiptingu útsvara að því er snertir gjaldþegna, sem heimilisfastir eru á einum stað, en hafa atvinnurekstur á öðrum. Það fellst ég á. Og ef hæstv. ráðh. vill benda á aðrar leiðir heppilegri, sem báðir mega vel við una, skal ég ekki setja fótinn fyrir það. En það liggur bara ekki fyrir hér. Og það er sannarlega ekki til of mikils mælzt, þó að litið sé á það, að af 11 millj. kr. útsvarsskyldum atvinnurekstri á Siglufirði eru ekki nema 3 millj. útsvarsskyldar til Siglufjarðarkaupstaðar. Hitt lendir til annarra sveitar- og bæjarfélaga. Við skulum hugsa okkur félag hér í Reykjavík. Það er sama, hvað það heitir. Það hefur stofnað hlutafélag og keypt eina stærstu síldarsöltunarstöðina á Siglufirði. Þessi stöð er síðan leigð mönnum búsettum utan Siglufjarðar, sem reka þar stóran rekstur, sem ekki er útsvarsskyldur til Siglufjarðarkaupstaðar, heldur aðeins þær leigutekjur, sem eigendurnir hafa af stöðinni sjálfri. Það er þetta, sem við flm. þessarar till. erum að reyna að bæta úr og fá samræmi í.

Ég hef ekkert á móti því, að sú n., sem hefur þetta mál til meðferðar, það mun vera allshn., taki þetta til athugunar á fundi. Og ef hæstv. fjmrh. vill styðja það, að úr því geti orðið, og ef hann mundi vilja ræða málið við n., þá væri kannske hægt að komast að einhverju samkomulagi, og ég hef síður en svo á móti því, en hef hins vegar ekki talið þess þörf. Það, sem hér er farið fram á, er ekkert annað en það, að Siglufjarðarkaupstaður fái réttmætar útsvarstekjur af þeim atvinnurekstri, sem þar er. Og þetta er ein bezta leiðin til þess. Það má líka hugsa sér þá leið, að greitt sé visst gjald af brúttóumsetningu þessara aðila, eins og síldarverksmiðjurnar borga ákveðið gjald. Þá má enn fremur hugsa sér, að síldarsaltendur greiði einhvern ákveðinn hundraðshluta af þeirri umsetningu, sem þeir hafa á staðnum. Og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann mundi mæla með slíku ákvæði til þess að auka tekjur Siglufjarðarkaupstaðar. Ég veit, að hæstv. fjmrh. er þess vel vitandi bæði nú og af fyrri viðkynningu við svipuð mál, að Siglufjörður hefur ekki þær tekjur af atvinnurekstri þar, sem honum eru nauðsynlegar.

Það er ekkert höfuðatriði fyrir mér, og ég hygg ekki bæjarstjórn Siglufjarðar heldur, að fá tekjur á þann máta, sem hér hefur verið farið fram á. Hitt er aðalatriðið, að Alþingi sjái honum fyrir nægilegum tekjum af þeim atvinnurekstri, sem þar á sér stað. Mig langar til að heyra það frá hæstv. fjmrh., hvort hann vill viðurkenna nauðsyn þess, að bærinn fái nægilegar tekjur, og hvort hann vill mæla með annarri heppilegri leið.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Ég held fast við það, að sams konar till. hafi verið borin fram í hv. Ed. Till. um það, að flytja þann atvinnurekstur, sem hér greinir, undir fyrirmælin um skiptingu útsvara, og undir það, að leggja megi á hann þar, sem hann er rekinn.

Um reynslu mína í Reykjavík af skiptingu útsvara hef ég ekki nema gott að segja. Og það er alger misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að hún hafi reynzt illa fyrir Reykjavík.

Þá talaði hv. þm. um það, að Siglufjarðarkaupstaður fái ekki réttmætar tekjur. En það er þá bara honum sjálfum að kenna. Það er ekki reynslan, eins og hv. þm. hélt fram, að Siglufjarðarkaupstað hafi ekki tekizt að fá góðar tekjur. Heldur er það af því, að hann hefur ekki reynt það. Ég veit það, og það er viðurkennt af hv. 8 landsk., flm. till. í Ed., að það hefur verið látið undir höfuð leggjast af Siglufjarðarbæ að ganga eftir skiptingu útsvara. Um það er alls ekki að deila. Og þess vegna eru þau rök, sem þessi hv. þm. færir fyrir þessu, í raun og veru úr lausu lofti, af því að þau eru byggð á röngum forsendum.

Það geta komið margvíslegar kröfur um sérstaka útsvarslöggjöf vegna hagsmuna einstakra sveitarfélaga. En ef á að setja sérstaka útsvarslöggjöf til að tryggja hagsmuni hvers einstaks sveitarfélags, þá geta hv. þm. gert sér grein fyrir, hvernig fara muni um öryggi skattgreiðendanna.

Það er alveg rétt, að það mætti fresta þessari umr. og fela allshn. að taka málið til nýrrar athugunar, en ég held, að það væri miklu réttara af þessum hv. þm. að flytja sérstakt frv. um það efni, sem þeir fjalla um, og vera ekki að stofna þessu máli í hættu með því að leiða inn í það deilumál, sem áreiðanlega veldur mikilli togstreitu innan þingsins, því að, ef satt skal segja, er það að gerbreyta þeim grundvallaratr-

iðum, sem tekin voru upp í útsvarslöggjöfinni frá 1936. Ég held fast við till. mína um það, að þessi till. verði felld.

Pétur Ottesen: Það er í raun og veru ekki þörf fyrir mig að taka til máls nú, af því að hæstv. fjmrh. hefur bent svo greinilega á, að með þessari till., sem hér liggur fyrir, er kippt grundvellinum undan útsvarslöggjöfinni, eins og hann var lagður í l. frá 1936. Þar er nefnilega svo ákveðið, að eingöngu megi í þeim tilfellum, sem tilfærð eru í 8. gr. l., leggja á menn útsvar á fleiri en einum stað. Þetta má gera í þessum tilfellum: ef maðurinn hefur heimilisfasta atvinnustofnun, ef hann hefur leiguafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð á jörð, ef hann er búsettur erlendis, *ef maður hefur lögheimili á fleiri en* einum stað, og á vátryggingarfélög þar, sem aðalumboðsmaður þeirra er heimilisfastur. Það er eingöngu í þessum tilfellum, sem samkvæmt útsvarslöggjöfinni nú er heimilað að leggja á menn á fleiri stöðum en einum. Aftur á móti geta menn orðið útsvarsskyldir á fleiri en einum stað. Það er samkv. ákvæðum 9. gr., ef rekin er verzlun, selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuiðnaður, hvers kyns sem hann er, enda þótt skemur sé rekið en 4 vikur. Auk þess tekur þetta til þess, ef einstakir menn reka atvinnu í fleiri en einni sveit, þó ekki skemur en 8 vikur, ef tekjur þeirra fara fram úr 3000 eða 5000 kr., eftir því, hvort atvinnan er rekin á sjó eða landi.

Í þessum tilfellum getur komið til mála að skipta útsvari, en undir þessum kringumstæðum á að leggja útsvar á í heimilissveit viðkomandi gjaldanda. Það er sá grundvöllur, sem útsvarslöggjöfin hvílir nú á. Og ástæðan til þess, að þessi grundvöllur var lagður, var sú, að það fyrirkomulag, að leggja á menn á mörgum stöðum, var orðið svo gersamlega óviðhlítandi, að ekki þótti tiltækilegt að byggja þessa löggjöf lengur á þeim grundvelli. Það er þess vegna augljóst, að ókostirnir á framkvæmd þessara mála, sem leiddu til þess að lögunum var breytt, mundu undir eins koma fram, þegar fara ætti að „praktísera“ löggjöfina á sama hátt og áður. Þeir yrðu jafnvel enn meiri en áður, af því að nú er meira um það, að menn stundi atvinnu á mörgum stöðum, heldur en þekkt var, þegar þessi breyt. var tekin upp. En með þessari brtt., sem hér liggur fyrir, á að kippa þessu algerlega í gamla horfið. Og við getum hugsað okkur, eins og atvinnulífi okkar er háttað nú, hvaða hringiða mundi myndast um útsvarsálagningu.

Þeir annmarkar, sem m. a. eru á því, að menn séu útsvarsskyldir í atvinnusveit, eru, að sú sveit, sem lagt hefur á mann, sem unnið hefur í 8 vikur eða lengur, þekkir í mörgum tilfellum ekkert til raunverulegra ástæðna viðkomandi manns. En grundvallarreglan undir álagningu útsvars er sú að leggja á eftir efnum og ástæðum. Og það er yfirleitt ekki hægt að framkvæma útsvarsl. á þessum grundvelli á öðrum stað en í heimilissveit, þar sem fullur kunnugleiki ríkir á hag og ástæðum gjaldenda. Það er af þessari ástæðu m. a., að Alþingi hefur horfið að þessu fyrirkomulagi.

Mér finnst svo ekki ástæða til að fara frekar út í þetta. En það kemur náttúrlega ekki til mála, með svona skyndilegum hætti, eins og hæstv. fjmrh. benti á, að ætla sér að fara að gerbreyta grundvellinum undir útsvarslöggjöfinni hér undir einni umr. og án þess að nokkur nánari athugun á því fari fram. Annars býst ég við, að menn hafi áttað sig á, hvað hér er á ferðinni, og að óhætt sé, að það komi undir atkv., en ef svo er ekki, þá er sjálfsagt, að sú n., sem hefur þetta mál til meðferðar, taki það til athugunar. En ég vil í þessu sambandi geta þess, að hv. Nd. hefur nokkra aðvörun í þessu máli, þar sem sams konar till., sem borin var upp í hv. Ed., var felld, af því að sá vilji var ekki til staðar að fara að gerbreyta útsvarslöggjöfinni. *Hún var áður fyrr búin að reynast óframkvæmanleg* og mundi, eins og ég sagði áðan, reynast sýnu verr nú en í hið fyrra skiptið.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég hef gerzt meðflm. þessarar till., sem hér liggur fyrir. Ég heyri, að hæstv. fjmrh. og hv. þm. Borgf. eru mjög undrandi yfir því, að þessi till. skuli koma hér fram, og finnst hún vera hrein fjarstæða. En ég vil nú rifja þetta mál svolítið upp fyrir hv. þm. Það er sem sagt ekki alveg eins nýtt hérna og þeir vilja vera láta. Það er eins og það hafi hrapað af himnum ofan, fyrirvaralaust. En sannleikurinn er sá, að það er búið að deila um það í hv. Ed., og á undanförnum þingum hefur verið deilt um það óbeinlínis í sambandi við tekjumöguleika fyrir Siglufjarðarkaupstað. Það, sem ég tel æskilegt að gera og brtt. fer fram á, er frá minni hálfu miðað sérstaklega við Siglufjörð. Og það er ekkert undarlegt, þó að þessi till. komi fram.

Ég held, að hv. þm. ættu að muna svo langt, að harðar deilur stóðu um tekjumöguleika fyrir Siglufjörð. Ég og fleiri hv. þm. báru fram, samkvæmt ósk bæjarstjórnar og bæjarfógeta Siglufjarðar, þá hóflegu till., að vegna þess, að Siglufirði yrði að sjá fyrir tekjum, væri honum heimilað að leggja ½% vörugjald á allmargar vörutegundir. Þessi till. var drepin hér algerlega rakalaust, bara af því, að hv. þm. voru hræddir um, að það mundi geta komið illa við einhverja kjósendur sína, einn á Akranesi, einn í Hafnarfirði, einn í Grindavík, einn á Akureyri, einn á Norðfirði o. s. frv. í kringum landið. Það var svo sem ekki tekið sem landsmál. Nei, heldur var það tekið sem kjósendamál, og till. var drepin. Þá stóð þannig á með Siglufjörð, að rúm 50% af öllum atvinnurekstri þar var ekki útsvarsskyldur, og kaupstaðurinn hafði því ekki meiri tekjur af þessu í bæjarsjóð. Nú er svo komið, að það eru aðeins 3/10, sem eru útsvarsskyldir á venjulegan hátt. Allir hljóta að sjá, að við þessu verður eitthvað að gera. Það er búið að *gera tilraun til* þess að láta þennan kaupstað fá sérstakar tekjur, en Alþingi hefur þverneitað og engin rök fært fyrir. Nú er komið með þessa till., að honum sé heimilað að leggja á atvinnurekstur, sem rekinn er um stundarsakir, en það *mætir sömu mótspyrnu.* Og nú eru færð tvenn rök fyrir þessu. Í fyrsta lagi, að till. komi mönnum á óvart við 3. umr., en það er hv. 7. landsk. búinn að sýna fram á, að ekki er rétt. Málið

hefur verið á leiðinni í gegnum þingið og sætt venjulegri málsmeðferð. Þá hefur hann einnig leiðrétt, að sama till. hafi verið flutt í Ed. og felld þar. Sá stóri munur er á þeim, að hér eru felld undan veiðiskip. Annars hefur hér oft verið breytt málum, sem komið hafa frá Ed., og það er engin skylda fyrir þessa hv. d. að leyfa sér ekki að hafa aðra skoðun en hv. Ed. Hin ástæðan, sem færð er gegn þessari till., er sú, að rangt sé að skapa öryggisleysi um útsvarsálagningu, og var vitnað í það, að núverandi ákvæði, sem með þessari till. á að breyta, hafi verið sett til öryggis, af því að menn hafi verið verndarlitlir fyrir nokkuð frekum útsvarsálagningum þar, sem þeir höfðu selstöð um stuttan tíma.

Út af þessu vil ég segja það, að hér er mikil breyt. á orðin. Ég ætla alls ekki að mæla Siglfirðinga undan því, að þeir kunni að hafa gengið fulllangt um útsvarsálagningu áður. En þeir hafa a. m. k. rekið sig á það síðan, að það borgaði sig ekki. Og síðan það gerðist, hefur verið skapað öryggi fyrir útsvarsgreiðendur. Það er vitað, að þá gátu menn ekki komið málum sínum lengra en til ríkisstj., ef þeir vildu kæra undan útsvari, og þá átti pólitískur ráðh. að lokum að skera úr, hvort útsvarið skyldi lækka, hækka eða standa óhaggað. Og í þeim hörðu pólitísku erjum og með þeim pólitísku fylkingum, sem verið hafa hér í landinu, þá þótti þetta vafasamt öryggi, og var það oft og tíðum ekkert öryggi. Nú hefur skipazt þannig, að ríkisskattan. sker úr þessu. Og ég sé enga ástæðu til að ætla annað en að bæði hafi hún tök á að afla sér upplýsinga um þessi mál, og heldur hef ég ekki ástæðu til að efast um, að hún muni fella úrskurði sína ópólitískt og eftir beztu samvizku. Hér er því skapað mikið aukið öryggi.

Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki nema ódugnaður bæjarstjórnar Siglufjarðar að ná ekki sínum hluta af útsvörum þeirra manna, sem búsettir eru utan Siglufjarðarbæjar, en reka atvinnu þar, og hann taldi þessi mál í góðu lagi hér í Reykjavík, af því að fast væri fylgt eftir um framkvæmd þeirra. En ég hef talað um þetta atriði við ráðandi menn í bænum, sem kvarta undan því að ná gjöldum, sem önnur sveitarfélög eiga að greiða. Og mér er kunnugt um það viðkomandi Siglufjarðarkaupstað, sem átti að ganga eftir sínum hluta af gjöldum þeirra manna, sem ráku atvinnurekstur þar snertandi sjávarútveg, að það hefur gengið ákaflega hörmulega, mest vegna þess, að undanfarin ár höfðu verið mestu vandræðaár fyrir sjávarútveginn. Og þó að menn hafi fengið úrskurðaðar svo og svo miklar upphæðir til sinna sveitarfélaga af þessum útsvörum, hefur oft ekki verið hægt að ná þeim sökum fátæktar og fjárhagsvandræða. Og það þýðir í þessu efni ekkert að miða við þann stríðsgróðatíma, sem nú er. Þetta er og verður alltaf mestu vandræðum háð að eiga að sækja útsvörin á þennan hátt, sem ætlazt er til í l., þegar á að skipta þeim.

Nú fer því fjarri, að ég vilji halda fast við það fyrirkomulag, sem til er lagt í brtt. okkar hv. 7. landsk., að haft verði á þessu. En ég er sjálfur búinn að reyna að fá hæstv. Alþ. til að ganga inn á aðra leið í þessu máli, og því hefur verið þverlega synjað. Og ég veit ekki, hvort hæstv. Alþ. og þá hæstv. fjmrh. telja sér það óviðkomandi, hvort sveitarfélögin geta náð inn þeim gjöldum, sem þau þurfa til þess, að þau geti fullnægt fyrirskipunum l. Mér skilst, að vandi hæstv. fjmrh. vaxi nokkuð, þar sem þessi mál heyra undir hann. Og ef hann vill beita sér gegn þessari breyt. á útsvarsl., verð ég að vænta þess, að hann muni telja sér skylt að finna einhverja aðra leið, sem fullnægi tekjuþörf a. m. k. þessara sveitarfélaga, sem ég hef hér haft alveg sérstaklega í huga. Fyrst hann gerist nú aðili í þessu máli, vil ég vænta þess, að hann hugsi sér að koma því í viðunandi form, þó að hann með sinni málafylgju verði kannske þessari brtt. að bana.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Það væri sjálfsagt að taka þessi tilmæli hv. þm. til greina um það að athuga til hlítar, hvaða tekjuöflunarleiðir ætti að finna fyrir þetta sveitarfélag, ef það væri staðreynd, að það gæti ekki fengið nægar tekjur með því að hagnýta sér þær leiðir, sem því eru til þess leyfðar. En nú vill svo til, að það er meira og minna upplýst af málflytjendum þessa sveitarfélags hér í þinginu, að Siglufjarðarkaupstaður hefur ekki notað þær leiðir, sem útsvarsl. heimila honum til að afla sér tekna. Og ef málið liggur þannig fyrir, að þetta sveitarfélag þverskallast við að framfylgja þeim l., sem sett hafa verið um þetta, af því að það byggi, að það geti haft meira upp með því að fá aðra lagasetningu, sé ég ekki, að hæstv. Alþ. geti sætt sig við það. Og ég sé því ekki ástæðu til að breyta gildandi l. hvað þetta snertir. Það er opin leið fyrir Siglufjarðarkaupstað til þess að fá tekjur af öllum þeim atvinnurekstri, sem hér er um að ræða, jafnvel þótt hann sé ekki rekinn nema einn einasta dag, „enda þótt hann sé skemmri tíma en 4 vikur“ stendur í l. Svo á bærinn að eiga undir högg að sækja um það, hvaða tekjur hann fær af því. Hver á að skapa honum kjör í þessu efni? Það er ríkisskattanefnd, og sú n. hefur vald til þess að hækka útsvör gjaldandans í hans heimilissveit til þess að fullnægja réttmætum kröfum Siglufjarðarkaupstaðar. Þetta vill Siglufjarðarkaupstaður ekki sætta sig við, honum þykir öryggi sitt ekki nægilega tryggt með því, að ríkisskattan. skeri úr um þetta, heldur vill hann hafa betra tangarhald á því. Þetta öryggi hefur hv. þm. ekki þótt nægilegt fyrir Siglufjarðarkaupstað, og ef svo væri, þá væri það heldur ekki nægilegt öryggi fyrir það sveitarfélagið, þar sem gjaldandinn á heimilissveit, að breyta til eftir till. hv. þm. nú. Og ef það væri ekki, þá liggur í augum uppi, að hagur annars hvors væri fyrir borð borinn.

ATKVGR.
Brtt. 175 felld með 15:7 atkv.
Frv. samþ. með 20:3 atkv. og endursent Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 174).

Á 37. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Ingvar Pálmason: Þetta frv., sem fyrir liggur á þskj. 174, er komið frá hv. Nd., og hefur sú hv. d. gert á því eina breyt., um að bæta gr. framan við frv., þar sem lagt er til, að aftan við 9. gr. l. komi ný málsgr., sem hljóðar, eins og sjá má í frv., um það, að á meðan vísitala kauplagsn. sé hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skuli fjárhæðir þær, sem um getur í 2. og 3. tölul., hækkaðar sem nemur meðalframfærslukostnaði á skattárinu samkvæmt vísitölu kauplagsn. Þessir liðir í 9. gr. l. fjalla um það, hvenær eigi að skipta útsvari milli hreppa, þ. e. a. s. hvaða hámark kaups, sem viðkomandi útsvarsgreiðandi vinnur sér inn, eigi að miða við, þegar um er að ræða að skipta útsvarinu milli sveitarfélaganna, ef það hefur komizt upp fyrir það hámark. Þetta hámark er í sumum tilfellum 3000 kr., en í öðrum 5000 kr. eftir því, við hvað er unnið. Breyt. er sem sé um það, að meðan vísitalan er 110 eða meira, þá skuli við þá upphæð bætt kauplagsnefndarvísitölunni, t. d. nú 83%, og verður í fyrrnefnda tilfellinu útkoman 5490 kr. og hinu hlutfallslega hærri, og eftir þeirri breyt. á frv., sem gerð var í Nd., yrði þá fyrst skipt útsvörunum milli sveitarfélaga, þegar innunnið kaup þessara manna hefur náð þessu marki og önnur skilyrði eru fyrir hendi, sem um getur í l. Ég fæ ekki betur séð en að þessi breyt. sé mjög réttmæt, því að úr því að í l. er ákveðin viss upphæð kaups, sem miðað er við til þess að útsvar komi til skipta, þá virðist mér eðlilegt, að til greina komi í því sambandi verðlagsvísitalan, því að annars er það alveg sama sem að færa niður þá kauphæð, sem fyrir löggjafanum vakti, þegar l. voru sett.

Ég hef ekki náð til hv. samnm. míns, þess, sem var ásamt mér í meiri hluta allshn. um þetta mál við meðferð þess, því að n. klofnaði í málinu. En hv. 11. landsk. og ég lögðum til, að frv. næði fram að ganga. En hv. 2. landsk. er á móti frv., og þá sennilega eins, þó að þessi brtt. komi til greina.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal lýsa afstöðu minni til þeirrar breyt., sem þetta frv. hefur tekið í hv. Nd., sem hv. frsm. meiri hluta allshn. lýsti, að ég sé út af fyrir sig ekkert við hana að athuga, og gæti ég því greitt atkv. með frv. hennar vegna, ef ég væri samþ. því að öðru leyti.

Hins vegar hefur 2. gr. frv., sem er aðalkjarni þess, ekki tekið neinum breyt. í hv. Nd., og er þá sýnt, að þingvilji er fyrir þessari breyt., sem með frv. er lagt til, að gerð verði á l. Ég mun því samt sem áður ekki ganga með málinu, þó að þessi breyt. hafi verið gerð á frv., þar sem ég álít, að hér hafi verið skakkt að farið, eins og ég áður hef bent á.

En ég vildi gjarnan koma fram einni leiðréttingu við þetta frv. Það er svo gert ráð fyrir í þessu frv., að formaður niðurjöfnunarn. í Reykjavík skuli kosinn til eins árs í senn. Ég tel, að það sé ekki heppilegt, að einnig sé hægt að skipta um formann niðurjöfnunarn. árlega eins og hina nefndarmennina. Ég hef rætt við menn úr niðurjöfnunarn. um þetta atriði, og þeir telja, að það mundi vera til bóta, ef í frv. væri komið ákvæðum, sem tryggðu, að formaður þessarar n. sæti a. m. k. út það kjörtímabil, sem umboð bæjarfulltrúa gildir fyrir. Með því mundi skapast meiri festa í störfum þessarar n., ef tryggt væri, að formaðurinn gæti verið svo langan tíma sem oddamaður í n., því að annars gæti verið möguleiki til að skipta um alla nefndarmennina í einu. En störf þessarar n. eru svo vandasöm, og það kostar svo mikla reynslu og kunnugleika að geta leyst þau vel af hendi, að það er nauðsynlegt, að sá, sem á að leiða þessa n., sé ekki þannig settur, að hægt sé að taka hann út úr starfinu eftir eitt einasta ár.

Ég hef því leyft mér að bera fram við frv. skrifl. brtt. um þetta atriði, sem ég hef þegar afhent hæstv. forseta. Það var meira fyrir gleymsku en að það væri af öðrum ástæðum, að þessi brtt. var ekki látin koma fram í hv. Nd.

Forseti (EÁrna): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. landsk. (SÁÓ), svo hljóðandi: „Við 2. gr. Á eftir orðunum „og einn þeirra formann nefndarinnar“ komi: og sé hann kosinn til 4 ára.“ — Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., og verður því að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, ef hún á að komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég vildi nú helzt mælast til þess, að hv. þd. væri ekki að gera þessa breyt. á frv. nú, sem brtt. hv. 2. landsk. felur í sér, ekki af því, að ég sé í sjálfu sér mótfallinn því, að formaður niðurjöfnunarn. sé kosinn til 4 ára. Þó er það dálítið andkannalegt, þegar hinir nefndarmenn eru ekki kosnir nema til eins árs í senn, en mætti þó e. t. v. hafa það fyrirkomulag. En ég geri ráð fyrir, að það megi trúa bæjarstjórninni fyrir því að sjá, hvað haganlegast er í þessu efni, og að hún skipti ekki um formann þessarar n. frá ári til árs. Því að að sjálfsögðu er bæjarfulltrúum það eins ljóst eins og hv. þm., að það muni henta betur, að formaðurinn sé sá sami um lengri tíma, og að því leyti tel ég þessa breyt. óþarfa.

En að fara að gera þessa breyt. á frv. nú, tel ég ástæðulaust á elleftu stundu, og teldi réttara, að það væri ekki gert.

Ingvar Pálmason: Ég skal ekki dæma um það, hversu mikið réttlæti felst í þessari brtt. hv. 2. landsk. Það er ekki ósennilegt, að það sé betra, að formaður þessarar n. sé ekki kosinn aðeins til eins árs í senn; þó er það náttúrlega undir atvikum komið. Það getur verið, ef svo hittist á, að valinn sé óreyndur maður í þetta formannsstarf, sem þó hafi skilyrði til að reynast vel, þá sé heppilegt, að hann sé kosinn til 4 ára. En hins vegar, ef bæjarstjórnin er svo heppin að hafa valið góðan formann í fyrsta skiptið, þá sé ég ekki ástæðu fyrir því að búast við, að það þurfi að leggja það fyrir bæjarstjórnina, að hún skuli ekki skipta um formanninn.

Svo er formsatriðið í þessu efni. Ég er ekki búinn að átta mig svo vel á efni þessarar skrifl.

brtt., að ég, þó að ég hafi heyrt hana lesna einu sinni, sé búinn að sannfærast um, að hún ekki skemmdi form frv., ef hún væri samþ. Það mundi e. t. v. vera álitið klasturslegt form á frv., ef brtt. væri samþ. Og þegar ég get ekki fundið svo brýna ástæðu fyrir því, að þessi efnisbreyt. á frv. komist að, þá get ég ekki fylgt brtt., þar sem hún mundi e. t. v. líka skemma form frv.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég sé ekki í fljótu bili, að skrifl. brtt. geti ekki komizt að vegna þess, að hún skemmdi form frv. **(IngP:** Hún getur komizt að þess vegna.) En það er náttúrlega leið, ef hv. 2. þm. S.-M. vill fá málinu frestað til þess að koma þessu í hið æskilega form, og væri að mínu áliti æskilegt, að málinu yrði frestað til þess.

En hæstv. fjmrh. telur, að í raun og veru geti bæjarstjórn ráðið þessu. Jú, það er gott og blessað. En það geta ráðið því ýmis öfl innan bæjarstjórnarinnar, hvort formaður þessarar n. er lengur eða skemur í starfinu. Hugsanlegt er nú, að í formannssætið hafi valizt maður, sem úr því vildi losna og fara í annað, þó að hann væri búinn að vera aðeins stuttan tíma í starfinu, og það getur alltaf komið fyrir. Þá er það ekki nema eftir gildandi l., að skipt sé um manninn eftir stuttan tíma. En ef það væri vitað, að kjósa ætti formanninn til 4 ára, þá eru líkur til þess, að ekki yrði fyrir valinu annar maður en sá, sem líklegt þætti, að mundi gegna því þau 4 ár. Og ég tel því að þessu leyti öruggara að hafa ákvæði minnar skrifl. brtt. í l.

ATKVGR.
Brtt. 217 felld með 9:2 atkv.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 220).

4. Læknaráð.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um læknaráð (stjfrv., A. 60).

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir um læknaráð, var fyrir síðasta reglulegu Alþ. og er þess vegna hv. þm. kunnugt áður.

Það ber stöðugt meir á því, sem ég veit, að hv. þdm. er ljóst, að það þarf úrskurði lækna um fjöldamargt. Og þeir, sem fást við réttarrannsóknir, vita, hve oft þarf að leita til lækna um úrskurði í sambandi við réttarrannsóknir þeirra. Í raun og veru hefur það verið þannig, að það er ekki ákveðið, hver á að veita slík vottorð. Það hefur að vísu verið sérstakur læknir fyrir fangahúsið í Reykjavík. Það hefur verið vitjað til bæjarlæknisins, þegar þurft hefur að framkvæma réttargerð, þar sem hefur staðið á því að skera úr um, hvort sá maður, sem fyrir réttargerðinni verður, er heilbrigður eða vanheill. En stundum er ekki hægt að ná til hans. Og vafi getur verið á því, hvort úrskurður hans á að gilda um slík mál eða annars læknis. Þetta hefur valdið ringulreið, sem rétt er að fyrirbyggja. Og þegar við þetta bætist það, að á seinni árum hafa verið leidd í l. margs konar ákvæði viðvíkjandi heilbrigðislöggjöf, um læknisúrskurði, þá þarf enn að ákveða, hvaða læknar eigi að framkvæma þessa læknisúrskurði, en um það er ekkert í l., hvaða læknar það skuli vera. Þetta frv. er flutt til þess að bæta úr þeim vanda og óreiðu, sem á vissan hátt hefur verið í þessu efni, og það er eðlilegt að setja í l. ákvæði þessa frv., af því að þessi störf hafa vaxið, úrskurðir lækna í ýmsum tilfellum. Menn finna til þess meira eftir því, sem þessi störf aukast meira, að það vantar sérstakt úrskurðarvald í þessu efni. Hér er gert ráð fyrir, að sérstakt læknaráð fari með úrskurðarvaldið í þessum málum. En af því að gert er ráð fyrir, að þetta ráð verði nokkuð fjölmennt, þá hefur verið svo ákveðið í þessu frv., að læknaráðið geti tilnefnt tvo menn eða fleiri til þess að úrskurða um slík mál. Yrðu þá valdir af læknum menn, sem sérstaklega væru færir um að úrskurða í málum, sem fyrir liggja í hvert skipti.

Ég hef fallizt á, að þetta frv. væri gert að stjfrv. Ég tel, að það, sem frv. fer fram á, sé til bóta. Vil ég vekja athygli á því, að í frv. eru ákvæði, sem takmarka algerlega starfssvið þessa ráðs, þannig að störf þess eiga að vera algerlega innan eðlilegs ramma í okkar þjóðfélagi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 149).

Frsm. (Finnur Jónsson): Allshn. hefur haft mál þetta til meðferðar og hefur litið svo á, að nokkur bót sé að samþykkt þess. Væri æskilegt, ef sett yrði á laggirnar sérstök stofnun, þar sem sérfræðingar gæfu upplýsingar og leiðbeiningar um þessi mál. N. er á einu máli um að samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsh. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 60, n. 218).

*__Frsm. (Magnús Gíslason)__: Herra forseti! Frv. þetta er borið fram af ríkisstj. og hefur gengið í gegnum Nd. óbreytt. Frv. gengur í þá átt, að setja skuli á stofn nýja stofnun, sem kallast læknaráð. Það á að vera skipað 9 læknisfróðum mönnum undir forsæti landlæknis. Starfssvið þessa ráðs á að vera þrenns konar. Í fyrsta lagi er því ætlað að láta í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstóla, þó því aðeins, að þeim sé beint þangað samkvæmt dómsúrskurði, sem þar um hefur gengið. Þó er sú takmörkun gerð á þessu í 3. gr., að læknaráð lætur ekki í té umsagnir um sakhæfi manna, nema áður liggi fyrir umsögn sérfræðings á því sviði. Sömuleiðis lætur það ekki í té umsagnir um dánarmein, nema áður liggi fyrir álit sérfræðings.
Í öðru lagi er ætlazt til, að læknaráð láti stj. heilbrigðismálanna í té álit sitt um, hvort tiltekin framkoma lækna og annarra manna í þjónustu heilbrigðismálanna er tilhlýðileg eða ekki.
Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að heilbrigðismálastjórnin geti borið undir læknaráðið ýmis mál, sem varða mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, sérstaklega sóttvarnarráðstafanir, sem mikil ábyrgð fylgir og mikill vandi er talinn að taka ákvörðun um.
Fyrsta atriðið tel ég mjög til bóta. Það hefur mjög vantað yfirdómstól í þessu efni, þar sem hægt væri að fá fullnaðarúrskurð um vafamál, sem upp koma bæði við dómsmál og sérstaklega skaðabótamál út af slysum og einnig við opinber mál. Dómarar hafa oft orðið að láta sér nægja að afla sér vottorða frá þeim, sem ekki hafa verið sérfræðingar í því sambandi, og það, sem verra er, að fyrir hefur komið, að fyrir dómstólana hafa verið lögð vottorð frá læknum, sem ekki hafa verið á sama máli. Til þess að taka af tvímæli í þessu efni, er dómara heimilt samkv. þessu frv., ef að l. verður, að skjóta slíkum vottorðum til læknaráðs til álita og umsagnar, og mundi þá að sjálfsögðu vera álit þess, sem lagt yrði til grundvallar í málinu, vegna þess að þetta ráð ætti að geta gefið fullkomnari upplýsingar um þessi mál en óbreyttir læknar.
Viðvíkjandi því að láta í té álit sitt um ávirðingar þeirra manna, sem eru í þjónustu heilbrigðismálanna, þá er það atriði, sem að sjálfsögðu hefur heyrt undir landlækni. Má vera, að ekki sé mjög mikil þörf á breyt. í því efni, en þó virðist ekki vera nema til bóta, að heilbrigðisstj. geti í vissum tilfellum skotið slíkum málum til læknaráðs og fengið álit þess þar um.
Loks eru það sóttvarnarráðstafanirnar. Það getur oltið á mjög miklu, hvernig tekst að gera ráðstafanir, sem skyndilega þarf að gera, ef næmar sóttir koma upp eða geisa í nágrannalöndunum og öðrum þeim löndum, sem við höfum miklar samgöngur við. Það hefur verið á valdi landlæknis, hvaða ráðstafanir væru gerðar í slíkum efnum. Hér er mál, sem getur haft svo víðtækar afleiðingar, að aldrei er of vel til þess vandað, hvernig brugðizt er við slíku. Það er því til bóta, að heilbrigðisstj. skuli l. samkvæmt hafa slíkt ráð til að ráðgast við og fá álit þess um, hvernig slíkar ráðstafanir skuli upp teknar og framkvæmdar.
Gert er ráð fyrir, að slík stofnun fái einhverja þóknun fyrir starf sitt, og verður ríkissjóður sjálfsagt fyrir einhverjum útgjöldum í sambandi við það, en ætla má, að þau séu ekki svo mikil, að á nokkurn hátt sé horfandi í það, samanborið við þá kosti, sem það ætti að hafa í för með sér, að þessi nýskipun yrði tekin upp.
N. hefur farið yfir þetta frv. og ekki fundið, að hún mundi geta breytt því til batnaðar. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 266).

5. Skemmtanaskattur.

Á 5. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942 (stjfrv., A. 13).

Á 6. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Vegna þess að síðasta þingi láðist að framlengja þau ákvæði, sem hér ræðir um, þótti ríkisstjórninni nauðsyn að gera það með bráðabirgðalögum, og virtist henni einsætt, að það mundi vera jafnt vilji Alþingis sem hennar.
Ég óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og nefndar.

*__Ísleifur Högnason__: Vegna þess að hér er kominn fyrir þingið til samþykktar heill bunki af bráðabirgðalögum og flest sett rétt áður en það kom saman, vildi ég mega spyrja nánar um nauðsyn þessa frv. Er fjárhagur hins opinbera svo slæmur í raun og veru, að ekki mætti bíða Alþingis að ákveða þetta? Sé svo ekki, hlýtur þessi lagasetning hálfum mánuði fyrir þing að

vera eitt af því, sem stjórnin gerir til að storka þinginu og traðka á virðingu þess og rétti.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Það er einber misskilningur hjá hv. 4. landsk., að þetta komi ríkisfjárhagnum við, því að tekjur af skemmtanaskatti renna nú til þjóðleikhúss, eins og í öndverðu var lögleitt. Einmitt af því, að síðasta þing afréð að framlengja ekki bráðabirgðaákvæðin um, að fé rynni til ríkisins, og þetta hætti um leið að vera mál fjármálaráðuneytis, en þjóðleikhúsið liggur undir ráðuneyti dómsmála og kennslumála, láðist að framlengja ákvæðin um viðauka við skattinn, þau féllu svona ofan í milli við flutninginn.

Engin breyting varð á aðgöngueyri skemmtana við þetta, og þar sem skatturinn var þannig þegar innheimtur, var spurningin ekki um annað en það, hvort þjóðleikhúsið fengi viðaukann eða láta hann renna í vasa bíóeigendanna og annarra, er skemmtanaaðganginn seldu. Var það einkum áhugamál hv. 4. landsk.?

*Ísleifur Högnason: Það kom fram, sem mig varði, að skatturinn hélzt og enga nauðsyn hafði borið til þessara bráðabirgðalaga, nema þá að traðka á þingræðinu, og það er það, sem við getum ekki þolað mótmælalaust, þingmenn utan af landi. Má vera, að stjórnin eigi hægari heimatökin við þm. hér í Reykjavík. Auðveldari og betri en bráðabirgðalögin hefði sú leið átt að vera að ná samkomulagi um greiðslu skattaukans við þá, sem búnir voru að innheimta hann, ekki sízt þar sem einn helzti bíóeigandinn er þm. í stuðningsflokki stjórnarinnar.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Þetta er enn hraparlegri misskilningur hjá þm., því að það er algerlega á þingsins valdi, hvort skattaukinn er hirtur eða verður gefinn þeim, sem að þessum einkarekstri standa. Það er líka misskilningur, að samkomulagsleiðin hefði verið fær. Bióin eru aðeins ein tegund þeirra fyrirtækja, sem um er að ræða, og þm. sá, sem hv. 4. landsk. veik að, er aðeins meðeigandi í einu þeirra. Auðvitað þurfti löggjöf, og nú er það Alþingis að ákveða hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 63).

*Frsm. (Stefán Stefánsson): Herra forseti! Samkvæmt nál. á þskj. 63 hefur fjhn. þessarar d. lagt til, að frv. þetta verði samþ., þó með nokkrum breyt. Einn nm., hv. þm. Seyðf., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun að sjálfsögðu gera grein fyrir ástæðunni til þess fyrirvara.

Við leggjum það til í brtt. í nál., að í stað þess, að heimilt sé að innheimta skemmtanaskattinn af kvikmyndasýningum með 80% álagi, verði heimilt að innheimta hann með 200% álagi, og að í staðinn fyrir, að eftir frv. á að vera heimilt að innheimta þennan skatt árið 1942, skuli það heimilt árin 1942 og 1943. Við gerum ráð fyrir, að ekki komi til þess, að haldið verði haustþing í haust, og þá mætti búast við, að ef ætti að framlengja skemmtanaskattinn fyrir árið 1943, þá yrði að gefa út bráðabirgðal., ef sú framlenging verður ekki gerð á þessu þingi, og höfum við því lagt þetta til nú.

Skemmtanaskatturinn er fyrst lagður á með l. nr. 40 frá 1923. Þessum l. var breytt árið 1927 með l. nr. 56 það ár. Síðan voru gerðar breyt. á þessum l. 1933. Þá var 80% álagið á skemmtanaskattinn af kvikmyndahúsum heimilað og 20% álag á aðrar skemmtanir, sem hefur verið innheimt frá 1933. Með bráðabirgðabreyt. á l. sama ár var heimilað, að skattur þessi, sem ætlaður var til þess upphaflega að koma upp þjóðleikhúsi, rynni allur í ríkissjóð, og var þjóðleikhúsið þannig svipt tekjum af þessum skatti öll árin frá 1934 til 1941, sem alls nema um 1½ milljón kr. Fram til ársins 1941, eða í 7 ár, er skattur þessi að upphæð alls kr. 1094360.52, en síðasta árið, 1941, mun hann hafa numið um 350 þús. kr., þannig að þetta er samanlagt um 1½ millj. kr.

Það má varla teljast vansalaust að láta þjóðleikhúsið standa lengi hálfgert, sérstaklega úr þessu, og ber að kippa því í lag við fyrstu hentugleika. Nú viljum við flm. brtt. þeirra, sem eru í nál., bæta leikhússjóði þann tekjumissi, sem hann hefur orðið að sæta og ég gat um, með þessum tekjuauka, sem við leggjum hér til, að leikhúsið verði látið fá, sem mun geta aukið tekjurnar fyrir leikhúsið um 100 til 200 þús. kr. á ári. Kvikmyndahúsin í Reykjavík munu hafa borgað á árinu 1941 í skemmtanaskatt kr. 220731.70, en samkv. l. um lestrarfélög og kennslukvikmyndir ganga 15% af þessum skatti í þann sjóð, þannig að kvikmyndahúsin hafa borgað að frádreginni þeirri upphæð kr. 191940.61.

Ég get ekki gert mér grein fyrir, hvað það mundi kosta að fullgera þjóðleikhúsið, en ég geri mér í hugarlund, að það mundi verða um 2 millj. kr. Og ef þessi brtt. verður samþ. og miðað er við sama eða meiri skemmtanaskatt á þessu og næstu árum, eins og hann var síðasta ár, má vænta þess, að á 4 árum náist inn með þessum skatti nógar tekjur til þess að fullgera þjóðleikhúsið.

Þessi l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús eru eingöngu miðuð við þjóðleikhúsbyggingu í Reykjavík. En þennan skatt greiða allir bæir á landinu, sem hafa yfir 1500 íbúa, svo að það sýnist ekki úr vegi að breyta þessum l. þannig, að þegar nægar tekjur séu komnar inn með þessum skatti til þess að fullgera þjóðleikhús í Reykjavík, þá eigi skatturinn að halda áfram til þess að byggja fyrir hann leikhús í þeim kaupstöðum landsins, sem leggja og hafa lagt drjúgan skerf til þjóðleikhússins.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess, að hv. þdm. geti samþ. þessa brtt. okkar fjhnm., sem beinlínis miðar og styður að því, að meira fé safnist í þjóðleikhússjóðinn, og flýtir þannig fyrir endanlegri byggingu þjóðleikhússins, og munu allir þm. vera sammála um, að okkur beri skylda til að stuðla að því, að svo megi verða.

*Haraldur Guðmundsson: Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Ég hefði kosið, að gerð hefði verið ein breyt. á þessu frv., en það náðist ekki samkomulag um hana, sem sé, að undanþága 1. gr. yrði færð nokkuð út og látin einnig þá til skemmtana, sem félög halda til tekjuöflunar fyrir menningarstarfsemi. Áskil ég mér rétt til að koma við síðari umr. með brtt. um það efni, ef mér virðist það líklegt til árangurs.

Ég er hinum nm. sammála um, að rétt sé að láta þessa heimild ná lengra en til næstu áramóta, því að óheppilegt er að þurfa að gefa út bráðabirgðal. til þess að framlengja þessi lagaákvæði, en gera verður ráð fyrir, að ekkert haustþing verði. Ég hefði talið nægilegt, að þau hefðu verið látin gilda til 1. júní, en tel það þó ekki skipta miklu máli.

Að því er snertir brtt. um, að í staðinn fyrir 80% verði skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum innheimtur með 200% viðauka, þá hef ég ásamt öðrum þm. borið fram frv. um sérstakan skatt á kvikmyndasýningar. Ég tel gerlegt nú að hækka þennan skatt vegna hinnar gífurlegu aðsóknar, sem nú er að kvikmyndahúsunum, en ég tel, að slíkir „ástandspeningar" eigi fyrst og fremst að ganga til þess að vinna á móti dýrtíðinni. Ég get því ekki greitt till. atkv., fyrr en ég veit, hvernig tekið verður undir frv. það, sem ég á hér á þingi um þetta efni.

Annars vil ég kasta því fram, að mér finnst full ástæða fyrir Alþ. til að athuga, hvort ekki sé ástæða til að tryggja með löggjöf, að sú sérstaða, sem tveir menn eða félög hafa nú í Reykjavík til fjáröflunar með kvikmyndahúsarekstri, verði ekki lengur látin haldast. Það má segja, að nær væri, að bæjarstjórn tæki þetta til athugunar, en ég álít, að rétt sé að athuga, áður en þetta frv. er afgr., hvort rekstur kvikmyndahúsa eigi ekki að vera á hendi þess opinbera, annaðhvort þannig, að bærinn hefði hann, eða þá, ef bærinn kynni að óska þess, að ríkissjóður tæki hann að sér.

*Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Mig langar til að gera eina fyrirspurn í sambandi við þetta frv. og þær brtt., sem n. hefur gert við það.

Ég sé, að n. vill hækka þetta álag verulega. Mér þykir þetta nokkuð stórt stökk, og það er vitanlegt, að þessi hækkun lendir á fólkinu, sem sækir kvikmyndahúsin, og mun aðgangseyririnn þá um það bil þrefaldast. Gert er ráð fyrir, að þetta skuli standa árin 1942 og 1943. Bendir það til þess, að n. geri ráð fyrir, að þetta óeðlilega ástand muni ríkja svona langan tíma, en ég vona, að það verði ekki svo lengi. Ég tel ekki eftir erlenda hernum að borga þetta, en mér er sárara um innlenda borgara, ef þeir eiga að borga þrefalt hærra gjald en áður. Ég vil þá spyrja, hvort allar kvikmyndasýningar eigi að sæta þessum álögum. Bæði í þingsölunum og annars staðar er lagt mikið upp úr kennslukvikmyndum. Það er eins og allir hafi gleymt, að þetta merkilega tæki er notað í þágu kennslunnar. Við höfum séð kennslukvikmyndir, bæði læknislegar og heilbrigðilegar, og mér þætti óeðlilegt, ef ætti að tolla þær með 200%. Ég vil því spyrja, hvort þessar sýningar mættu ekki koma í undantekningu.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins skjóta því fram í sambandi við þá miklu hækkun, sem hér er lagt til að gera á skatti á ákveðnar skemmtanir, hvort ekki væri ástæða til, jafnframt því, sem það væri gert, að endurskoða þessa löggjöf að öðru leyti. Það horfir dálítið sérstaklega við með þennan skatt, þar sem hér er lagt til að leggja skattinn á í öllum kaupstöðum víðs vegar um land, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, og verja því fé til ákveðinna framkvæmda á einum stað á landinu, sem sé þjóðleikhússins í Reykjavík, og nú er lagt til, að þessi skattur verði svo gífurlega hár sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og brtt. Mér virðist þetta gefa fullkomlega tilefni til, að l. séu tekin og athuguð að öðru leyti, um leið og gengið er frá þessum breyt., svo mikil hækkun sem þar er lögð til. Segja má, að gott sé að koma upp myndarlegu þjóðleikhúsi og það sé að vissu leyti landsmál og sá menningarauki, sem að því er, geti haft þýðingu fyrir leikmenntina á landinu yfirleitt, en þó er það vitanlegt, að það er víðar en í Reykjavík, sem menn eru með leiksýningar og annað slíkt. Það er því fullkomin ástæða til að athuga, hvort þeir staðir, sem greiða þetta gjald, eigi ekki að fá eitthvað af því, til þess að greiða götu leikmenntarinnar, þar sem hún er rekin, sem mun vera alls staður í kaupstöðum, þar sem íbúar eru yfir 1500.

Ég vildi aðeins hreyfa þessu, hvort n. vildi ekki taka þetta til athugunar fyrir 3. umr. málsins. Mér virðist þessi mikla hækkun gefa fullkomlega tilefni til þess, að l. yrðu líka að þessu leyti endurskoðuð.

*Garðar Þorsteinsson: Ég skal ekki lengja þessar umr., en af því, að ég er kunnugur þessum málum, tel ég rétt að segja hér nokkur orð.

Ég vil fyrst svara hv. þm. Seyðf., þegar hann var að tala um, hvort hér ætti að vera bæjarrekstur eða einstaklingsrekstur á kvikmyndahúsum. Ég hef ekkert við það að athuga, þó að hann láti þá skoðun í ljós, að kvikmyndahúsin eigi að vera rekin af ríki eða bæjum. Þeir, sem aðhyllast bæja- eða ríkisrekstur, vilja sjálfsagt fylgja þeirri stefnu sinni fram sem víðast. Það er skoðun mín, að það eigi ekki að vera, en hans, að það eigi að vera, og um þetta má endalaust deila, eins og alltaf má deila um, hvort atvinnurekstur eigi að vera í höndum einstaklinga og félaga eða ríkis og bæja, en ég hygg, að það kvikmyndahús, sem rekið hefur verið af bænum á Ísafirði. — (FJ: Það er ekki rekið af bænum.) Ég hef haldið, að svo væri. Hvers vegna hafa þeir ekki gert það? (SK: Það var bæjarrekstur, en hann bar sig ekki.) Ef þessir menn vilja endilega, að bæirnir reki kvikmyndahúsin, þá áttu þeir að byrja þar, sem þeir höfðu aðstöðu til þess. Ég hygg, að það stafi þá af því, að annaðhvort hafi þeir ekki talið rétt, að bærinn ræki það, eða þá að flokkurinn, sem á þetta hús, þar sem kvikmyndasýningarnar eru, hagnast á því, en ber þá minni umhyggju fyrir bænum en hann vill vera láta.

Ég veit ekki heldur betur en að Alþfl. vildi fyrir nokkrum árum kaupa Gamla Bíó, svo að hann hefur þá viljað komast í þá aðstöðu, sem hv. þm. Seyðf. segir, að tveir menn eða félög

hér í bænum hafi, en hann vill nú, að sé tekin af þeim. Annars vil ég benda á, að það eru fleiri en þessi tvö félög, sem hafa þessi séréttindi, en það er ekki þessum tveimur félögum að kenna, þó að ekki hafi verið rekin fleiri kvikmyndahús. Hv. þm. veit, að þjóðleikhúsið hefur, frá því að l. um það voru sett, haft rétt til kvikmyndasýninga, og háskólinn hefur hann einnig nú og er í þann veginn að byrja þennan kvikmyndarekstur.

Það vita allir, að síðan brezka setuliðið kom, hefur aðsókn að kvikmyndahúsunum aukizt gífurlega, en ég hygg, að fyrir þremur árum hafi kvikmyndahúsin hér verið fullkomlega nógu rúm fyrir þennan bæ. Ég hygg, að í bæjum á Norðurlöndum muni síður en svo vera færri áhorfendur miðað við sýningarsæti, sem sést af því, að fram til þess, að setuliðið kom, var ekki nema ein kvikmyndasýning á dag, sem sýnir, að aðsóknin var ekki það mikil, að gera mætti ráð fyrir, að fleiri kvikmyndahús gætu starfað í bænum.

Ég skal þá víkja með nokkrum orðum að þessu frv., sem er staðfesting á bráðabirgal., sem gefin voru út. Eins og hv. þm. er kunnugt, eru l. frá 1927 um skemmtanaskatt heimildarl., þannig að fjmrh. er heimilt að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 80% viðbót, og þessa heimild hefur ríkisstj. notað. Heimildin féll úr gildi 31. des. 1941, en bráðabirgðal. voru ekki gefin út fyrr en 1. febr. þ. á., svo að þarna er dauður punktur, þar sem engin l. eru um þessa viðbótarinnheimtu. Nú er mér ekki kunnugt, að hæstv. fjmrh. hafi gefið hlutaðeigendum neina tilkynningu með bréfi eða í Lögbirtingablaðinu um, að þessi heimild yrði notuð. Hins vegar er í þessum bráðabirgðal og í frv. sjálfu sagt, að skemmtanaskatt samkv. l. frá 1927 skuli á árinu 1942 heimilt að innheimta með álagi o. s. frv. Nú veit ég ekki, hvort er meining hæstv. stj. eða n., að þessi heimild eigi að gilda aftur fyrir sig, þannig að ef frv. er samþ. í marz eða apríl og l. koma þá út, að heimilt sé að innheimta skemmtanaskattinn með 200% álagi og hæstv. stj. vill nota þessa heimild, þá eigi að innheimta þennan skatt frá 1. jan. þ. á. Eins og frv. er orðað virðist, að l. eigi að gilda allt árið, en mér finnst ekki koma til greina, að hægt sé að leggja skatt á tekjur, sem fengnar eru, áður en l. eru samþ. Ég vil því spyrja, við hvað sé hér átt. Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hugsi sér að nota þessa heimild til þess ýtrasta og innheimta þennan skatt með 80 eða 200% álagi.

Ég get ekki fallizt á þá ástæðu, sem hv. frsm. færði fram fyrir þessari miklu hækkun á skattinum. Ég hygg, að það sé sönnu nær, að hugsanagangur þeirra þm., sem eru í n., hafi verið sá, að kvikmyndahúsin hefðu nú mikla aðsókn og græddu það mikið, að þau væru ekki of góð til að borga þessi 200%. En í staðinn fyrir að segja sannleikann eins og hann er, segja þeir, að þetta stafi af umhyggju fyrir þjóðleikhúsinu. Ég vil segja, að ef þjóðleikhúsið á að fá bættan þann tekjumissi, sem það hefur orðið fyrir við það, að skatturinn hefur ekki undanfarin ár gengið til þess, heldur ríkissjóðs, þá á sá aðili, sem hefur notið þessara peninga, að bæta þennan tekjumissi. Fyrst ríkissjóður hefur fengið að undanförnu þessa peninga, sem þjóðleikhúsið átti að fá, þá er ekki rétt að ætla að bæta þjóðleikhúsinu tekjumissinn með því að hækka nú skemmtanaskattinn svona gífurlega, því að hv. n. hlýtur að vera það alveg ljóst, að þessi hækkun lendir ekki nema að litlu leyti á kvikmyndahúsunum sem slíkum, heldur á þeim, sem við þau skipta, því að verð aðgöngumiða mun að sjálfsögðu hækka, og leyfi ég mér þar að benda á, hvað hefur orðið áður fyrr, þegar skatturinn hefur verið hækkaður. Þá hefur verð miðanna hækkað.

Það má ef til vill segja, að kvikmyndahús séu óþörf, en þetta er þó sú skemmtun, sem mun vera vinsælust og mest sótt af almenningi, og ég hygg, að hann vilji ekki án þeirra vera. Þá er á það að líta, að kvikmyndahúsin verða þrjú, en ekki tvö, og fjögur, þegar þjóðleikhúsið kemur. Ég veit ekki, hvort háskólinn á að greiða skatt, en ekkert réttlæti virðist vera í, að hann borgi ekki skatt eins og hver annar bíóeigandi.

Ég hygg, að hv. frsm. hafi ekki farið rétt með, þegar hann sagði, að skattur af kvikmyndasýningum hefði ekki verið nema 220 þús. kr. tvö síðastliðin ár. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur þær upplýsingar, en ég hygg, að það sé miklu meira. Vera kann, að skatturinn sé ekki meiri af bíóunum hér í Reykjavík, en það eru til fleiri kvikmyndahús, og þau borga líka skatt.

Það er rétt, að kvikmyndahúsin í Reykjavík hafa haft geysilega aðsókn og hafa að sjálfsögðu grætt peninga. En þau greiða eins og aðrir skatt og útsvar og enn fremur skemmtanaskatt, sætagjald o. s. frv. Ég vil enn fremur benda á, að það er ómögulegt, bæði fyrir Alþ. og einstaka þm., að miða þennan rekstur eða annan við það óvanalega ástand, sem nú er. Það þarf ekki að líta nema tvö ár aftur í tímann til þess að sannfærast um það. Þá var ein sýning á dag og kvikmyndahúsin sjaldan full, og þegar setuliðið fer aftur, mun sækja í gamla horfið og aðsóknin minnka stórlega. Að vísu má gera ráð fyrir, að bæjarbúum hafi þá fjölgað, en hins vegar er á það að líta, að þá verða kvikmyndahúsin orðin fleiri.

Þá er einnig á það að líta, að nú fær enginn amerískur hermaður að fara inn í bíóin hér í bæ, og er ætíð lögregluvörður við dyrnar til þess að gæta að því. Nú skilst mér, að brezku hermennirnir eigi að fara héðan úr bænum, og munu þá ekki aðrir sækja bíóin en Íslendingar og erlendir sjóliðar, sem hingað koma.

Ég vil líka benda á, að amerísku hernaðaryfirvöldin eru í þann veginn að reisa kvikmyndahús víðs vegar um land. Ég veit ekki, hvað mörg eru í nágrenni Reykjavíkur. Ég vil líka upplýsa, að það er skylda filmleigufélaganna í Ameríku að senda filmurnar til hernaðarstöðvanna úti um heim, strax og þær koma á markaðinn, þannig að kvikmyndafélögin í Ameríku, sem við skiptum við, eru skyldug til að senda myndirnar undir eins til Íslands eins og annarra landa, þar sem amerískar herstöðvar eru, svo að nærri því hver mynd, sem kemur til íslenzku kvikmyndahúsanna síðar, hefur áður verið sýnd hér fyrir ameríska herinn. Ég hef gert tilraun með nýjar og góðar myndir að fá

þær sýndar hér um leið, en það hefur alls ekki fengizt, svo að mönnum má þá vera það ljóst, að jafnvel þótt amerísku hermönnunum yrði síðar leyft að sækja íslenzku kvikmyndahúsin, þá munu þeir vera búnir að sjá flestar myndirnar, þegar við fáum þær, þar sem þær verða þá kannske ársgamlar og hafa verið sýndar hér *áður fyrir hermennina*. Þess vegna er alveg ljóst, að aðsókn að kvikmyndahúsunum hlýtur að minnka við þetta. Ég vil þess vegna aðeins benda á, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir rekstri kvikmyndahúsanna á þann hátt á næstu árum eins og hann nú er og hefur verið um skeið. Ef gert væri ráð fyrir því, væri það eins og að gera ráð fyrir, að hér gæti aldrei komið atvinnuleysi aftur, af því að nú hafa allir nóg að gera. Og þó að kvikmyndahúsin hér í Reykjavík gætu borgað þetta 200% álag með því að hækka inngangseyrinn, þá gildir ekki það sama um önnur kvikmyndahús hér á landi, þar sem dýrara er að reka þau, t. d. á Ísafirði, í Hafnarfirði, *Keflavík*, Akranesi, Borgarnesi, Seyðisfirði og Norðfirði. Hvernig eiga þessi kvikmyndahús að geta þolað, að skemmtanaskatturinn sé hækkaður upp í það, að hann sé innheimtur með 200% álagi? Mér hefði fundizt sanngjarnara, að þessi hækkun hefði verið sett með bráðabirgðaákvæði og næði eingöngu til kvikmyndahúsanna í Reykjavík, því að ég veit, að sum kvikmyndahús úti á landi hafa naumast borið sig. Og ég veit líka, að þorpsbúar á ýmsum stöðum vilja, að kvikmyndahús séu starfrækt hjá sér, vegna þess að þar er kannske ekki um aðrar skemmtanir að ræða. En verði skatturinn hækkaður, þannig að hann nái til allra kvikmyndahúsa *jafnt*, má búast við, að íbúar þessara þorpa hætti við að reyna að hafa kvikmyndahús hjá sér, vegna þess að þeir væru þess ekki umkomnir að bera þennan skatt á kvikmyndasýningarnar. Ég vil skjóta því til hv. þm., hvort þeim finnist ekki ráðlegt að láta þessa skatthækkun ná aðeins til kvikmyndahúsanna hér í bænum og vera aðeins til bráðabirgða.

Vil ég svo ljúka máli mínu með því að óska eftir upplýsingum um þetta tvennt: Í fyrsta lagi, hvort ríkisstjórnin skilur þetta frv. þannig, að það eigi að verka aftur fyrir sig, ef að l. verður, og í öðru lagi, hvort hæstv. fjmrh. hugsar sér að nota heimild þessara l. þannig, að skemmtanaskatturinn verði innheimtur með þessu 200% álagi skilyrðislaust.

*__Fjmrh. (Jakob Möller)__: Þetta mál heyrir raunverulega undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, eins og sjá má af frv., og ég stend nú ekki upp fyrir þann ráðh. En þar sem fjármálaráðuneytið hefur haft þetta mál til meðferðar að undanförnu, þá má segja, að það sé eðlilegt, að ég hafi eitthvert orð í að leggja um þetta mál.

Um það, hvernig ríkisstjórnin hugsi sér að framkvæma þessi l., skilst mér það vera augljóst af frv. eins og það liggur fyrir, að skemmtanaskatturinn verði innheimtur með 80% álaginu allt árið 1942. Þetta kann kannske að þykja dálítið hæpið, vegna þess að heimildin féll niður frá 1. janúar til 4. febrúar þetta ár. En það er vitað, að kvikmyndahúsin héldu áfram að innheimta skemmtanaskattinn með 80% álaginu, þ. e. a. s. hafa aðgangseyrinn það háan sem svaraði því. Þess vegna er það talið réttmætt að innheimta skemmtanaskattinn fyrir þetta tímabil, sem ég gat um, með 80% álaginu, af því að kvikmyndahúsin hafa gert það á þennan hátt. Öðru máli gegnir um það, ef Alþ. ákveður að hækka skattviðaukann upp í 200%, hvort fært þykir að innheimta skattinn frá nýári með 200% álaginu. Ég býst ekki við, að það verði gert og hann verði ekki innheimtur með því álagi nema frá *þeim tíma, er bráðabirgðal. voru sett* og kvikmyndahúsin fengu tilkynningu um það, að sá skattur væri genginn í gildi og heimild l. til innheimtu á honum yrði notuð. Annað held ég ekki, að sé ástæða fyrir ríkisstjórnina að leggja orð í belg um þetta.

Það skal játað, að 200% skattviðauki hljómar náttúrlega ákaflega illa í eyrum manna, sem þurfa að borga hann. En þegar þess er gætt, að grundvallarskatturinn er ekki nema 10%, þýðir þetta, að allur skatturinn verður 30% hækkun á aðgangseyri að kvikmyndum. Það má sjálfsagt segja, að það sé nokkuð hár skattur, og ég skal ekki neita því. En það er mál hv. þd. að ákveða um það, *hvort hún vill leggja samþykki* sitt á það, að skatturinn verði hækkaður eins og hér er farið fram á.

*__Frsm. (Stefán Stefánsson)__: Hv. 7. landsk. þm. vildi draga í efa, að þær hvatir, sem fjhn. hefði gengið til að mæla með þessari skatthækkun, hefðu verið góðar, og hann sagði, að það væri ekki af umhyggju fyrir þjóðleikhúsinu, heldur hefðum við lagt þetta til til þess að ná okkur niðri á kvikmyndahúsunum hér í Reykjavík. Ég vona samt, að þessi hv. þm. sannfærist um það, að ef n. hefði verið þess hugar virkilega að hefna sín á einhvern hátt á þessum kvikmyndahúsum hér í Reykjavík, sem ég veit ekki til að ástæða sé til að gera, þá hefði hún farið aðrar leiðir til þess heldur en hér er lagt til, því að þessi hækkun kemur öll niður á leikhúsgestum, en ekki á nokkurn hátt niður á kvikmyndahúsunum sjálfum. En ég vil geta þess fyrir hönd n., að þessi hækkun skattviðaukans upp í 200% er miðuð við gildistöku l., en ekki ársbyrjun.

Hv. þm. Ak., hv. 7. landsk. og hv. þm. Borgf. gera mikið úr þessari óttalegu hækkun á aðgöngumiðunum. En þessi hækkun er ekki eins óttaleg eða hættuleg eins og menn vilja vera láta. Almennir aðgöngumiðar munu kosta nú kr. 2.25 hér í Reykjavík. Og sú skatthækkun, sem yrði eftir frv., er 25 aurar á hvern miða. Þetta álít ég ekki óttalega hækkun. (__PO__: Ég var ekki að andmæla hækkuninni út af fyrir sig.) Þessi kvikmyndahús eru sótt að allmiklu leyti af erlenda setuliðinu, sem dvelur hér á landi, og finnst mér ekki ástæða til að vera með neina sérstaka hlífni við það um að greiða þennan skatt.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Ak. spurðist fyrir um, hvort þetta ætti einnig að taka til skattsins, sem á að renna til kennslukvikmynda, þá er það að segja, að eftir orðanna hljóðan á þetta að ná til þeirra. En ég veit ekki til, að kennslukvikmyndir hafi verið sýndar hér á landi. En þó svo væri, mætti koma þeim undir

3. gr. l., sem ákveður, að skemmtanir, þar sem haldnir eru fræðandi fyrirlestrar, skuli vera undanþegnar skemmtanaskatti. Ég býst við, að ráðuneytinu sé fært að koma kennslukvikmyndum þar undir, því að fræðandi fyrirlestrar munu vera haldnir í sambandi við þær myndir.

Ég gat um það áðan, að ég teldi ekki óliklegt, að þessum l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús yrði breytt, þannig að þegar lokið er að fullnægja þeirri skyldu, sem á Alþ. hvílir um að skilja sómasamlega við þjóðleikhúsmálið með byggingu þjóðleikhússins, þá yrði haldið áfram að innheimta skemmtanaskattinn, sem yrði þá látinn renna til annarra kaupstaða á landinu til þess að styrkja þá til að koma upp leikhúsum hjá sér, því að allir þeir kaupstaðir á landinu, sem hafa yfir 1500 íbúa, hafa verið og eru látnir greiða þennan skatt til þjóðleikhússins, eða sem ætlaður var til þess. Og hv. þm. Borgf. var að ræða um, hvort n. vildi ekki fyrir 3. umr. gera brtt. við frv. í þessa átt. Ég skal færa þetta í tal við n. En mér finnst ekki þurfa að flýta sér að því að setja l. um þetta atriði málsins, vegna þess að fyrirhugað er, að skatturinn renni allur næstu a. m. k. 3 til 4 árin til þjóðleikhússins hér í Reykjavík. Og að skatturinn renni eftir þann tíma til byggingar leikhúsa utan Reykjavíkur er því framtíðarmál, en ekki aðkallandi til ákvörðunar á þessum tíma. Ég skal þó gera mitt til þess, að n. taki þetta til athugunar. Og einnig mun ég leggja til, að n. taki til athugunar till. hv. 7. landsk., sem hann bar fram af umhyggju fyrir kvikmyndahúsum utan Reykjavíkur, að losa þau við þennan skattauka. En ég er eindregið fylgjandi því, að skatturinn nái til allra landsmanna, og vil ekki frá því hvika.

Gísli Guðmundsson: Í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, vildi ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvaða tekjur þjóðleikhúsið hefur nú af þeirri notkun, sem á því er. Ég minnist þess ekki, að neitt hafi verið gert kunnugt um það. En það væri fróðlegt, að það væri upplýst.

Fjmrh. (Jakob Möller): Þessu er fljótsvarað. Það hafa ekki tekizt samningar enn milli þjóðleikhúsn. og hernaðaryfirvaldanna um leiguna á húsinu, út af ágreiningi í máli út af húsinu.

ATKVGR.
Brtt. 63,1.a samþ. með 17 shlj. atkv.
-- 63,1.b samþ. með 13:6 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 63,2 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögnin, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 83, 90).

Forseti (JörB): Brtt. á þskj. 90 er of seint fram komin, og þarf afbrigði, til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég hreyfði því, þegar þetta mál var til 2. umr., að ég teldi eðlilegt, að sá skattauki, sem aflað verður samkv. þessu frv., renni til þeirra staða, sem skatturinn er innheimtur á. Ég gat þess, þótt álita mætti, að ekki væri óeðlilegt, að með þessum hætti væri aflað nokkurs fjár til þess að byggja þjóðleikhús í Reykjavík, sem er komið á nokkurn rekspöl, þó að nú hafi orðið hlé á framkvæmdum þar, þá sé jafneðlilegt, að þegar svo mikil hækkun verður á þessum skatti, þá séu þær tekjur ekki með öllu teknar frá þeim stöðum, sem teknanna er aflað á, og fluttar til Reykjavíkur. Það er skoðun okkar flm. brtt., að eðlilegt sé, að þannig verði ráðstafað þeim skattauka, sem fellur til samkv. þessu frv. Þegar skemmtanaskatturinn var upphaflega lagður á, átti hann að renna til þeirra staða, þar sem hann var innheimtur, og það var á valdi hreppsnefnda og bæjarstjórna að ráðstafa skattinum til þeirra þarfa, sem þær álitu, að honum væri vel varið til. Þessu var breytt árið 1923 og allur skatturinn látinn renna í svonefndan þjóðleikhússjóð, en jafnframt var mjög þrengdur sá rammi, sem settur hafði verið um innheimtu skattsins, því að þá var hann eingöngu bundinn við staði, sem höfðu yfir 1500 íbúa, en áður voru því ekki takmörk sett.

Við flm. litum svo á, að eðlilegast væri, að skatturinn gengi til þeirra staða, sem hann fellur til, og væri notaður til nauðsynlegra framkvæmda þar, en að vísu væri ekki óeðlilegt, að hið opinbera hefði einhverja íhlutun um, hvernig honum væri ráðstafað, en eins og ég gat um, var árið 1923 horfið að því ráði að verja honum til þjóðleikhússins. En á þessu hefur orðið veruleg breyting, því að um langt árabil hefur skatturinn runnið í ríkissjóð. Nú er aftur gert ráð fyrir, að frá síðustu áramótum renni hann í þjóðleikhússjóð, jafnframt því sem sú hækkun er gerð, sem í frv. felst. Ég held þess vegna, að það sé ekki nema eðlileg tilhögun, að þessum skatti yrði varið eins og við hv. þm. Ísaf. leggjum til í þessari brtt. okkar.

Mér þykir svo ekki ástæða til að fara lengra út í þetta mál. Við höfum ekki viljað á þessu stigi leggja til, að skatturinn renni allur í þann farveg, sem hann átti að renna upphaflega, að hann færi allur til þeirra staða, sem hann er innheimtur, heldur leggjum aðeins til, að þessi ráðstöfun verði gerð með skattaukann og vonum, að svo verði litið á, að þetta sé eðlileg og sanngjörn ráðstöfun og till. fái því góðar undirtektir í d.

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Hv. þm. Borgf. flytur hér ásamt hv. þm. Ísaf. brtt. við frv., og vilja þeir nú krukka í þann sjóð, sem nú á að afla til viðbótar í þjóðleikhússjóð Íslands. Ég get lýst yfir því f. h. meiri hl. n., að hann er þessu mótfallinn. Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, þá á skemmtanaskatturinn samkv. l. frá 1923 að renna óskertur í þjóðleikhússjóð Íslands, og við þann tilgang l. viljum við halda okkur óskorað. Við viljum, að allt það fé, sem fæst með þessu móti, gangi að svo stöddu og þar til nóg fé er fengið til byggingarinnar, í einn og sama sjóð. Hv. flm. gat þess, að með þessu væri verið að flytja fé til Reykjavíkur,

Það kann að vera, einhverjar örlitlar tekjur, en eins og ég gat um um daginn, þá verður fé flutt frá Reykjavík og til leikhúsbygginga utan Reykjavíkur, þegar nægilegt fé hefði fengizt í þjóðleikhússjóðinn. En svo er einnig á það að líta, að þjóðleikhúsið er ekki aðeins fyrir Reykjavík, heldur fyrir allt landið, og það má vera öllum landsmönnum metnaðarmál. Með þessari till. á að stíga spor aftur á bak, en ég held, að við ættum að sleppa allri hreppapólitík, þangað til þjóðleikhúsið er komið upp, og með tilliti til þessa greiði ég atkv. á móti þessari till.

*__Finnur Jónsson:__ Ég tel, að skemmtanaskatturinn eigi í rauninni að renna til sveitarsjóðanna eða almennra menningarframfara á þeim stöðum, sem hann er greiddur, en eigi að síður mundi ég geta látið það vera óbreytt með þann skatt, sem er innheimtur samkv. núgildandi l., að hann rynni til þjóðleikhússins, þar til það er fullbúið, en ég tel ástæðulaust, að sú viðbót, sem hér er farið fram á, renni til þjóðleikhússins. Þetta munar þjóðleikhúsið ekki miklu, en getur munað hina einstöku bæi talsverðu. Ég vænti þess, að þeir, sem standa fyrir þessu meirihlutanál., hafi tækifæri til að greiða atkv. um, að þeir efni það loforð, sem hv. frsm. gaf hér, að skemmtanaskatturinn renni þá til þeirra staða, þar sem hans er aflað, þegar þessu marki er náð, en ég óttast, að vanhöld verði í þeim efnum, þegar búið er að byggja húsið, því að þá þarf að reka það, og það kostar mikið fé. Ég vil því fá því slegið föstu með samþykkt þessarar till. frá okkur hv. þm. Borgf., að það væri prinsípmál þingsins, að skemmtanaskatturinn renni framvegis til þeirra staða, þar sem hans er aflað, þó að látin sé gilda undanþága sú, sem nú er í gildandi l., en viðbótin fari í þann farveg, sem skemmtanaskatturinn á að renna í.

ATKVGR.
Brtt. 90 felld með 11:8 atkv.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A 83).

Á 23. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 83, n. 203).

*__Frsm. (Magnús Jónsson):__ Þetta frv. er eins og það næsta á undan (frv. um breyt. á l. um gjaldeyrisverzlun) borið fram af stj. til staðfestingar á bráðabirgðal. Það tók tveimur breytingum í Nd. Í stjfrv. er gert ráð fyrir að framlengja aðeins um eitt ár að innheimta skemmtanaskatt með viðauka, en Nd. breytir því í 2 ár. Sömuleiðis var þar gert ráð fyrir að innheimta skatt af kvikmyndasýningum með 80% álagi, en sama d. hækkar það upp í 200%.

Þannig breytt kom svo frv. þetta til hv. d. hér.

Fjhn. hefur skilað sameiginlegu áliti um það, þótt ekki væru allir nm. í rauninni alveg sammála og skrifuðu undir með fyrirvara.

N. leggur öll til, að horfið verði að því sama og var í stjfrv., að l. þessi verði aðeins framlengd um eitt ár. Telur hún það einfaldast og auðveldast, en telur hitt fremur muni valda ruglingi, ef farið verði að framlengja ein l. um 1 ár, önnur l. um 2 ár o. s. frv., þannig að fremur gleymist þá að framlengja einhver lögin.

__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég lít svo á, að 200% álag á skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum sé of hátt, þar eð það mundi ekki koma niður á kvikmyndahúsunum, heldur þeim, er sækja þau. Það vill oftast verða svo, ef skattlagðar eru vörur, að sköttunum er velt yfir á neytendurna í hækkuðu verði varanna, sem þó oftast eru hækkaðar rúmlega um það, er ríkið ætlar í sinn hlut.

Í frv., sem Alþfl. flytur í Nd. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, er í 7. gr. lagt til, að 25% af andvirði seldra aðgöngumiða renni í sjóð, er verja skuli til að halda niðri dýrtíðinni.

Vænta mætti, að það, eins og annað, er miðar að því að halda dýrtíðinni í skefjum, mætti ekki mótstöðu nú á Alþingi, og yrði það samþykkt og skatturinn auk þess innheimtur með 200% viðauka, ætla ég, að aðgöngumiðar yrðu svo dýrir, að almenningur mundi vart geta sótt þessar skemmtanir, er hann hefur helzt átt völ á.

Þá eru, eins og menn vita, kvikmyndahús úti um allt land, sem þessi hækkun nær einnig til. Þó að menn gætu orðið sammála um, að Reykjavík mundi ekki muna mikið um þetta vegna þeirra tekna, sem menn hér hafa, þá hafa tekjur manna víða úti um land ekki vaxið mikið fram yfir það, sem nemur dýrtíðinni. Þess vegna hygg ég, að þessi hækkun gæti haft það í för með sér, að menn neyddust til að hætta að sækja þessar skemmtanir.

Þá má einnig um það deila, hvort þessi skattahækkun öll eigi að renna í þjóðleikhússjóðinn í Reykjavík og hvort ekki væri réttara að verja þessu fé til styrktar leiklistarstarfsemi á hverjum þeim stað, sem þessi skattur er greiddur. Um þetta kom fram brtt. í Nd., en náði ekki samþ. Ég hef ekki enn borið fram brtt. í þessa átt og veit ekki, hvort hún kemur frá hv. meðnm, minum, 1. þm. Eyf., en ég mun a. m. k. fylgja slíkri brtt., ef hún kemur fram, og mun athuga til 3. umr., hvort ég ber hana fram sjálfur.

__Bernharð Stefánsson:__ Eins og hv. frsm. gat um og nál. á þskj. 203 ber með sér, höfum við tveir nm. skrifað undir nál. með fyrirvara.

Það er ekki allskostar rétt, sem hv. flm. sagði, að okkur þætti hækkunin á skemmtanaskattinum of mikil. Hvað mig snertir er það ekki. Ég

álit, að eins og ástandið er í landinu, þegar allir virðast hafa fullar hendur fjár, ekki sízt það fólk, sem slíkar skemmtanir sækir aðallega, þá sé ekkert á móti því að hækka skemmtanaskattinn eins og hér er farið fram á. Það var hitt, sem fyrir mér vakti, sem hv. 10. landsk. minntist á í ræðu sinni, að mér finnst ekki alls kostar sanngjarnt, að allt þetta fé, sem innheimt er víðs vegar um landið, renni til þjóðleikhússins í Reykjavík, því að þótt það sé kallað þjóðleikhús, þá vita allir, að þegar það verður tekið til notkunar, þá verður það hér um bil eingöngu leikhús fyrir Reykjavík. Og þótt leikstarfsemi í Reykjavík eigi við mikla örðugleika að stríða og rétt sé að styðja framgang hennar, þá er á það að líta, að leikstarfsemi úti um land á við enn meiri örðugleika að stríða. Mér finnst því sanngjarnt, að einhver hluti a. m. k. renni til kaupstaða, þar sem skemmtanaskattur er innheimtur, og væri varið til leikstarfsemi þar. En það er svipað að segja um mig og hv. meðnm. minn, er síðast talaði, að ég hef þó ekki borið fram brtt. um þetta við þessa umr., aðallega sökum þess, að eins og hann gat um, var borin fram í Nd. brtt. um þetta efni, en hún var felld. Ég geri því ráð fyrir, að þótt brtt. í þessa átt yrði samþ. hér, þá yrði hún numin burt í Nd. En ég vil a. m. k. með þessum fyrirvara mínum áskilja mér rétt til þess við 3. umr., ef slík till. kemur fram, að greiða henni atkv., hvort sem ég sé ástæðu til að flytja hana sjálfur, með öðrum eða ekki.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Ég þarf ekki margt að segja, þar sem brtt. liggja ekki fyrir út af þeim ágreiningi, sem varð í n.

Út af þessari hækkun úr 80% í 200% vil ég segja það, sem er reyndar öllum kunnugt, að þótt þetta líti ægilega út á pappírnum, þá er þetta lítill viðauki. Ég ætla, að það muni vera 25 aurar á miða eða eitthvað þess háttar. Mér virtist hv. 10. landsk. búast við, að verð aðgöngumiða mundi hækka meira en skatthækkuninni næmi, en mig minnir, að það sé þannig, að prentað sé á hvern aðgöngumiða, hvað skatturinn er. Miðarnir mundu vera áfram í sama verði, þannig að sama verðið yrði á þá prentað, en aðeins bætt við skatthækkuninni.

Ég bið hv. 1. þm. Eyf. afsökunar á, að ég skuli ekki hafa haft rétt eftir honum fyrirvara hans. Ég skildi hann svo, að hann hefði einnig verið á móti hækkuninni, en það er ekki, og leiðréttist það þá hér með.

Viðvíkjandi breyt., sem hv. meðnm. minir ympruðu á í n. og eins hér við umr. um það, hvert skemmtanaskatturinn ætti að renna, þá fer ég ekki langt út í það, úr því að engin brtt. liggur fyrir, en það er veruleg ástæða á móti að bera fram slíka brtt., að hún mundi valda ágreiningi milli d. og hæpið, að málið kæmist í gegnum þingið. Ég vil aðeins segja, að það er rétt, að það virðist hart að styðja á þennan hátt leikhús í Reykjavík, þar sem eru kannske bezt lífsskilyrði, en sannleikurinn er sá, að til þjóðleikhúss eru gerðar kröfur, sem eru umfram þær, sem gerðar eru til gróðarekstrar. Það eru gerðar kröfur til, að þau haldi uppi leiklistarmennt, sem er umfram það, sem praktiskast er fyrir leikhús, og þegar þau eru sett í höfuðborgina, þá eru þau auðvitað til mests gagns fyrir þá borg, en þau eru sett þar af því, að flestir koma þó þangað og önnur leikhús geta notið þeirra mikið í sambandi við leikmennt, skóla og allar aðferðir, sem þar eru notaðar.

Ég vil svo að endingu mæla með, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. leggur til.

ATKVGR.
Brtt. 203,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 203,2 (fyrir „árin 1942 og 1943“ í fyrirsögn kemur: árið 1942) samþ. án atkvgr., og fyrirsögnin þar með ákveðin.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 250).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 292).

---

6. Læknisvitjanasjóðir.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um læknisvitjanasjóði (stjfrv., A. 56).

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Eins og hv. þd. er kunnugt, voru sett um þetta lög á seinasta reglulegu Alþ. En þegar átti að fara að framkvæma þessi l., kom í ljós, að á þeim voru ýmsir ágallar, sem nauðsynlegt var að lagfæra.

Það er gert ráð fyrir því í þessum l., sem um læknisvitjanasjóði voru sett, að visst framlag af hálfu ríkissjóðs komi gegn framlagi þeirra héraða, sem stofna til þessara sjóða. Og þegar farið var að athuga, hvernig fjárhagsútkoma fyrir þessa einstöku staði yrði, kom í ljós, að styrkirnir, sem sum plássin höfðu til þess að kosta læknisvitjanir, voru hærri en þær fjár-

hæðir, sem lagðar höfðu verið til sjóðanna frá ríkinu samkv. l. um læknisvitjanasjóði. Það var þess vegna fjarri því að þessi l. yrðu nokkur réttarbót, heldur það gagnstæða, svo að menn mundu ekki leggja út í að stofna þessa sjóði til þess að hafa af því fjárhagslegt gagn. Það er því gert ráð fyrir, að framlögin verði svipuð og í þeim l., sem um þetta voru sett. En þar sem nú eru greiddar nokkrar fjárhæðir til þess að kosta læknisvitjanir, þá er hér gert ráð fyrir, að þær renni í þessa sjóði, þannig, að sú upphæð, sem gert er ráð fyrir að verði greidd samkv. þessum l., verði greidd til viðbótar því, sem nú er greitt, enda auðsætt, að annars kom þetta misjafnt niður samanborið við þá styrki, sem nú eru veittir til þeirra staða, er hafa sérstaklega erfiða aðstöðu til læknisvitjana.

Enn fremur hefur sú breyting verið á gerð, sem einnig sýndi sig að vera nauðsynleg, að hér er heimilað, að einstakir hreppar megi vera sér um sjóði. Þetta kom í ljós, þegar átti að fara að stofna þessa sjóði. Ég hygg, að landlæknir hafi fyrstur rekið sig á það, þegar hann heimsótti pláss nokkur á Norðurlandi, að það eru ákaflega lítil félagssamtök um þetta út fyrir þau svæði, sem hrepparnir marka. Hann rak sig á það t. d. við Hrútafjörð, að öðrum megin fjarðarins töldu menn ástæður sínar svo bærilegar, að þeir kærðu sig ekki um að vera með. Hinum megin fjarðarins var þetta gagnstætt. Þess vegna er gert ráð fyrir því hér, að einstakir hreppar megi vera sér um sjóði.

Þetta eru þær tvær meginbreyt., sem gerðar hafa verið á l. frá því að gengið var frá þeim á síðasta þingi. Og þær eru gerðar vegna þess, að þeir ágallar komu í ljós, að ekki þótti fært að framkvæma þau, ef þau áttu að koma að notum. Eftir að landlæknir hafði séð þessa galla og athugað málið, beitti hann sér fyrir að þessar breyt. yrðu gerðar. Frv. er flutt eftir hans till. og undirbúið af honum.

Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. þetta frv., og vil óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Helgi Jónasson: Herra forseti! Frv. þetta er mjög svipað frv. því, sem lagt var fyrir Alþ. í fyrra. Að vísu eru í því smábreyt., sem ég tel að ýmsu leyti til bóta.

Þegar verið var að undirbúa þetta frv. í fyrra, var það aðallega gert vegna þess, að styrkir þeir, sem að undanförnu hafa verið veittir til ýmissa læknishéraða, hafa verið mjög af handahófi. Upprunalega var tilgangurinn með læknisvitjanastyrkjum, sem einstökum hreppum hafa verið veittir í fjárlögum, sá, að styrkja þá hreppa, sem áttu erfiðara um læknissókn en þeir, er enga styrki hafa fengið. Þó hefur í einstökum tilfellum skort nokkuð á, að gætt hafi verið fulls jafnaðar um þessar styrkveitingar. Til þess að ráða nokkra bót á þessu, fluttum við hv. þm. N.-Ísf. frv. um þetta efni á aðalþinginu í fyrra, þar sem öllum héruðum, sem áttu erfiða læknissókn, var gefinn kostur á að stofna læknisvitjanasjóði. Þetta var til mikilla bóta frá því, sem áður var. Við vitum, sem í dreifbýlinu búum, hve erfitt og kostnaðarsamt er að ná til lækna sums staðar á landinu. Og ef notaðir eru bílar, þá er það svo dýrt, að ókleift er fyrir héruðin að rísa undir því. En með samþykkt þessa frv. eru mál þessi komin í mun betra horf en áður hefur verið.

Ég vil að lokum aðeins benda þeirri n., sem fær þetta til meðferðar, á, hvort ekki væri ráðlegt að leyfa þeim ráðh., sem þetta heyrir undir, að heimila, þegar sérstaklega stendur á, að hver einstakur hreppur fái að stofna sérstakan sjóð, þó ekki sé gert ráð fyrir því í l. Þetta vildi ég benda á, af því ég veit, að ýmsir hreppar eru þannig settir, að þeir vildu mynda sinn eiginn sjóð.

Um hinar breyt. vil ég segja það, að þær eru mjög smávægilegar, og mæli ég með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

*__Gísli Sveinsson:__ Herra forseti! Þegar þetta eða skylt frv. til l. um læknisvitjanasjóði var hér fyrir síðasta reglulegu Alþ., mátti segja, að menn væru ekki alveg á eitt sáttir til að byrja með, hvert ætti að stefna í því efni.

Eins og kunnugt er, hafa margir hreppar, sem vitað er, að voru þannig settir, að þeir áttu erfitt til læknissóknar, fengið úr ríkissjóði nokkurn styrk. Hann hefur ekki verið mikill, en þó svo, að þá hefur um munað. Um þetta hefur ekki verið neinn ágreiningur. Þegar umsóknir um þessa styrki bárust til fjvn., bar mönnum ekki alltaf saman um, hvaða hreppur var betur í sveit settur en annar. Samt var vinsað úr, og mér er kunnugt, að það var engin örtröð af þessum umsóknum. Það var meira orð á því gert en raunveruleikar greindu. En svo kom það til, að fulltrúar tveggja sýslufélaga vildu haga þessu öðruvísi, og þannig varð þetta frv. til, sem hv. 2. þm. Rang. og landlæknir báru fram. En það er um það, að tekið verði upp annað form, þannig að hinir sérstöku hreppastyrkir falli niður, og öllu sé komið í eina súpu. Auk þess á, samkv. frv. þessu, að leggja nokkrar kvaðir á héraðsbúa til þess að þeir verði aðnjótandi þessara styrkja.

Ég og nokkrir fleiri hv. þm. vorum ekki alls kostar ánægðir með þetta í upphafi, og var það vegna þess, að við vildum ekki, að einstakir hreppar yrðu sviptir þessum styrkjum, sem að okkar dómi verðskulduðu þá. Fyrir það varð að samkomulagi, að inn í l. um læknisvitjanasjóði var sett ákvæði um, að þessir styrkir héldust, þótt einstakir hreppar héldu sig utan við sjóðina. Nú er samt svo komið, að landlæknir og sjálfsagt einhverjir meðal hv. þm. vilja koma þessu í það horf, að í rauninni eiga þessir hreppar ekki undankomu auðið, að geta haldið sér út af fyrir sig með sína styrki, svo framarlega sem læknisvitjanasjóður verður stofnaður í hverju héraði. Og eins og kunnugt er, þá virðist mjög auðvelt að stofna þessa sjóði, ekki síst þegar nákvæmar reglur vantar um það. Örfáir menn geta t. d. fundið upp á að stofna læknisvitjanasjóð, sem gildir fyrir heilt hérað. Og þeir, sem styrks hafa notið og vilja halda honum áfram, en telja sig ekki bættari með því að fara í samlögin, verða nauðugir viljugir að fara inn í þessa sjóði. Nú er svo komið, að þar, sem hreppar eru sér um eignarhlutdeild í sjóðnum, eru þeir

þrátt fyrir það háðir till., sem ráðsmenn þessara sjóða vilja vera láta. Þetta tel ég miður farið. Ég tel, að l., eins og þau voru orðin, hafi verið við hlítandi, þótt ég hins vegar hafi grun um, að þau hafi ekki komið að sérlega miklum notum.

Ég segi fyrir mig, að ég vil mótmæla því, að þessu er slegið svona saman, eins og í þessu frv. á sér stað. Með því er réttur einstakra, afskekktra og mannfárra hreppa, sem svo illa eru settir, að þeir geta vart styrklaust borið þann kostnað, sem af því leiðir að vitja læknis, mjög fyrir borð borinn. Þó að vegir og aðrar samgöngubætur hafi batnað mjög á síðari árum, þá vill svo einkennilega til, að það er tiltölulega dýrara að ná til læknis núna en áður var.

Þetta vildi ég segja til aðgæzlu fyrir þá hv. n., sem fær þetta til meðferðar. Ég vil ekki, að gerð sé nein réttarskerðing á einstökum hreppum, sem hafa fengið þennan styrk. Þeir eiga að halda honum öllum. Fyrir því tel ég réttara að haga orðalagi þesa frv. öðruvísi en hér er gert.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þær athugasemdir, sem komið hafa hér fram, ganga helzt í þá átt, að einstakir hreppar fái að skilja sig frá með sína sérstöku sjóði og þá styrki, sem gert er ráð fyrir, að þeir haldi samkv. þessum l. Ég vil taka það fram, að ég er ekki mótfallinn því, að þessi breyt. verði gerð. Og eftir að frv. kom fram, hefur fulltrúi hreppsfélags nokkurs bent á, að sér þætti ákvæði þessara l. um sjóðstofnanir einstakra hreppa tæplega nógu rúmt. Hann var ekki ánægður með að hafa þessa séreign í sjóðunum. Og þannig kann að vera um fleiri.

Ég vil ekki fara út í umr. um þetta meira en komið er, en vil bæta við, að þær breyt., sem komið hafa, eru sízt á móti vilja mínum eða ráðuneytis míns í þessu máli.

Helgi Jónasson: Mér skildist á hv. þm. V.-Sk. sem hann áliti, að þær till., sem um þetta efni komu fram á þinginu í fyrra, hefðu komið af öfund okkar, sem þannig erum settir, að við áttum ekkert að fá í fjárl. til okkar héraða. Þetta er mesti misskilningur. Ég tók það fram í fyrra og einnig nú, hversu mikið ósamræmi væri orðið í þessum styrkveitingum. Þó að fyrir 20—30 árum væri sums staðar erfitt að ná til læknis, þá er það nú orðið ekki meiri erfiðleikum bundið en víða þar, sem enginn styrkur hefur verið veittur af því opinbera. Þessu vildi ég beina til hv. þm. V.-Sk. Í hans kjördæmi fá nú flestir hreppar styrk í fjárlögum, og að mínu áliti eiga þeir líka fulla sanngirniskröfu á því. En þar er það þó hvorki erfiðara vegna vegalengda né annars heldur en í fjölda hreppa á landinu, sem líkt stendur á um og engan styrk hafa fengið. Þetta viljum við samræma. Og ég get ekki séð, að sú breyt., sem ráðgerð er hér á l., skerði á neinn hátt rétt þeirra hreppa, sem áður hafa haft hlunnindi úr ríkissjóði til læknisvitjana. Tel ég breyt. þessa á l. eins réttmæta fyrir því, þó að ég vilji einnig, að þeir hreppar, sem notið hafa styrks í þessu efni, fái hann óskertan áfram. En verði ekkert gert í þessu efni í þá átt, sem frv. fjallar um, fullyrði ég, að yfir Alþ. muni rigna umsóknum um slíka styrki frá 2. eða 3. hverjum hreppi í landinu.

Mikið hefur verið gert hér á landi til þess að greiða fyrir samgöngum. Ár hafa verið brúaðar og vegir eru víða góðir. En þar sem 70—80 km leið er til læknis, þá vita allir, sem til þekkja, hvað kostar að kaupa bíl alla þá leið til og frá. Bílkostnaður í slíkar ferðir getur orðið 80—100 kr., og allir sjá, hve dýrt þetta er ofan á allt annað, sem þeir, sem vitja þurfa læknis, verða að borga.

Það, sem samþ. var um þetta efni, læknisvitjanastyrkinn, í fyrra, var ekki stórtækt, og hefðu þau framlög kannske mátt vera hærri. En það var þó til stórra bóta fyrir héruðin, og það má alltaf bæta við þetta. Tel ég ekki erfitt að framkvæma l. frá í fyrra víðast hvar. Veit ég það a. m. k. fyrir mitt hérað. Læt ég svo útrætt um þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, 84, n. 213, 214).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** N. hefur haft frv. þetta til meðferðar og telur það vera til mikilla bóta. Hún leggur því til, að það verði samþ. með nokkrum breyt.

N. hefur borið fram brtt. á þskj. 213, þar sem í fyrsta lagi er lagt til, að í 1. gr. frv. komi 2 kr. í stað 1 kr. og 1500 kr. í stað 1000 kr. — 2. brtt. á sama þskj. er í samræmi við þetta. — N. mælir með brtt. þm. V.-Sk. á þskj. 84, en flytur sérstaka viðaukatill. við 2. brtt. á því þskj., sem fer í þá átt, að mjög afskekktir hreppar, sem eiga óhægt með þátttöku í rekstri læknisvitjunarsjóðs læknishéraðs, t. d. Grímsey, fái heimild til að vera sér um sjóð, og að hreppstjóri hafi yfirstjórn sjóðsins á hendi ásamt tveimur mönnum kjörnum af hreppsnefnd, í stað sýslumanns. Með þessum breyt. leggur n. til að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 213,I. samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 84,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 213,II. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 214 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 84,2 (ný gr., verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 233).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 299).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Um málið hef ég í raun og veru lítið að segja fyrir hönd allshn. N. hefur fallizt á, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd. Í Nd. voru gerðar nokkrar breyt. á frv., en þær breyt. skipta litlu máli, og enda þótt við hefðum fremur kosið, að frv. væri óbreytt eins og það var fyrst, þá hefur þessi aðalbreyt. þó mikið til síns máls. Málið er mikil nauðsyn, því að stuðla ber að því, að læknisvitjunarsjóðir komist upp í sem flestum læknishéruðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 348).

7. Gjaldeyrisverzlun o. fl.

Á 5. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (stjfrv., A. 14).

Á 9. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 27).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Á þinginu 1941 voru samþ. l. um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. Þar var fram tekið, að ríkisstj. skyldi heimilt að ákveða, að bankarnir skyldu leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem skilað er til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á þeirra áhættu. Einnig var ákveðið, að skipa skyldi fimm manna n., sem átti að úrskurða, hve mikill hluti gjaldeyrisins skyldi keyptur af bönkunum og hve mikill hluti lagður á biðreikninga. Í 3. gr. l. þessara segir svo, að heimilt sé að ákveða með reglugerð, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar séu samkvæmt ákvæðum l. þessara. En þar eru engin ákvæði um viðurlög við broti á þessu banni. Hinn 9. des. s. l. voru því gefin út brbl. um viðurlög við brotum á reglugerðinni og málsmeðferð út af slíkum brotum. Þetta frv. á 14. þskj. er flutt til staðfestingar þeim brbl. Hefur frv. verið athugað í fjhn., og mælir n. með því, að það sé samþ., eins og fram kemur í nál. á 27. þskj.

***Garðar Þorsteinsson:** Það mun vera rétt, sem fram er tekið í þessum brbl., er hv. n. hefur athugað og mælt með, að ákvæði um refsingu vegna brota á reglugerðinni vanti. Og það er auðvitað rétt að hafa slík viðurlög, fyrst bannað er að selja eða veðsetja þessar innstæður. En ég vildi nú leggja þá spurningu fyrir hv. n., hvort hún hafi athugað, hvort ekki sé mögulegt, að þessi pundainneign, sem nú stendur á reikningum einstakra manna, verði gefin frjáls, þannig að bankarnir keyptu hana eins og aðrar innieignir, áður en l. gengu í gildi, og eins og innieignir þær, sem myndazt hafa eftir að samningarnir við Bandaríkin gengu í gildi. Mér skilst, að þarna sé um fremur lítla upphæð að ræða, en þessi ákvæði bitna hins vegar misjafnlega á ýmsum félögum eftir því, hver sambönd þau hafa og hve heppin þau hafa verið um það að fá yfirfærða innieign sína í ísl. kr., eftir að l. gengu í gildi. Síðan Bandaríkin fóru að kaupa *pundainnieignina og yfirfæra í dollara, er lítil* hætta á, að pundainneign vaxi, og mér skilst auk þess, að þetta sé ákaflega lítill hluti af þeirri fúlgu, sem bankarnir verða nú að taka á sig. Ég sé ekki annað en hér sé um að ræða millibilsástand að því leyti, að þessi pundainneign bindur fyrir félögunum mikið fé, þó að hún hljóti fyrr eða síðar að koma á bankana. Þau félög, sem eiga pundainnieign, geta oft ekki greitt skuldir sínar, nema bankarnir kaupi pundin. Það hefur komið sér mjög illa fyrir mörg félög að hafa þessa peninga bundna.

Það kann að vera rétt, að heimilt sé að greiða nokkurn hluta þessara biðpunda í nýbyggingarsjóð. En mér er hins vegar kunnugt um, að ýmis félög geta ekki greitt útsvör sín, skatta og skuldir, nema þessi biðpund séu losuð og þeim gefinn kostur á að nota þau til slíkra greiðslna, þannig að Landsbankinn kaupi pundin. Ég beini því þeirri fyrirspurn til hv. fjhn., hvort hún hafi athugað þennan möguleika eða vilji mæla með honum.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): N. hefur ekki athugað þetta atriði, því að það snertir í rauninni ekki frv. það, sem hér er til umr. Eins og ég

tók fram áðan, er frv. aðeins um það, að í reglugerðinni megi ákveða um viðurlög við brotum á henni. Það er annað mál, hvernig fara skuli með innistæður þær í erlendri mynt, er ýmis félög eiga og myndazt hafa vegna ákvæða þessara l. Ég er ekki kunnugur þessum málum, en mér skilst, að n. sú, sem ákveður, hve mikill hluti gjaldeyrisins skuli keyptur, hafi farið eftir því, hver væri þörf útflytjenda á gjaldeyri til þess að greiða kostnað af rekstri sínum. Eins og hv. 7. landsk. veik að, var það ákveðið í fyrra, þegar sett voru í skattal. ákvæði um nýbyggingarsjóð, að nota mætti nokkurn hluta þess fjár, sem væri á biðreikningum í erlendri mynt, til að greiða tilskilin framlög í þann sjóð. Ég hef heyrt, að á þeim reikningum muni hafa verið hálf milljón sterlingspunda, eða milli 10 og 15 millj. ísl kr. Hins vegar hef ég heyrt, að nokkur breyting hafi á þessu orðið, síðan farið var að greiða mikinn hluta útflutningsins í dollurum. Til þessa mun hafa verið full þörf allra dollaranna, en við höfum hins vegar ekki þurft á að halda nema litlu af hinni miklu sterlingspundaeign bankanna.

Fyrirspurn hv. 7. landsk. snertir sem sagt ekki beinlínis þetta frv., en hann og aðrir hv. þm. geta að sjálfsögðu fengið upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj., hvernig þessi l. hafa verið framkvæmd. Ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu, að málinu yrði nú vísað til 3. umr.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort ekki hafi verið upp tekinn sérreikningur fyrir bíódollara. Ég hygg, að n. sú, sem á að fjalla um þessi mál, hafi eitt sinn ákveðið vissa lágmarksupphæð sterlingspunda, sem mætti flytja heim. Mun hafa vakað fyrir henni, að allan kostnað, beinan og óbeinan, bæri að flytja heim, en aðeins þann hlutann, sem væri hreinn gróði, skyldi binda á biðreikningum erlendis. Þetta mun hafa verið gert til þess að koma í veg fyrir það, að hreinn stríðsgróði yrði fluttur inn í landið til þess að auka á verðbólguna. Nú hefur orðið á sú breyting, að útflytjendur fá vöru sína greidda í dollurum, og sá hluti þessarar greiðslu, sem er hreinn gróði, hefur sams konar áhrif um það að auka á verðbólguna og hinn hreini stríðsgróði í sterlingspundum. Því spyr ég hæstv. stj., hvort engar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að setja slíkt fé á biðreikninga, eða fá seljendurnir þann hluta verðsins, sem er hreinn stríðsgróði, til frjálsra umráða?

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Til þess hefur ekki komið enn, að dollarar væru settir á biðreikninga, því að við höfum ekki enn haft nægilega dollara, en það er kunnugt, að innilokun sterlingspundanna stafaði af því, að við höfðum meira af þeim en þurfti að nota í svipinn eða fyrst um sinn. Því þótti betra að loka slíkan gróða inni erlendis en flytja hann heim, og þótti eðlilegast, að þeir, sem áttu sterlingspundin, hefðu áhættuna af því. Hins vegar verður það sjónarmið fyrst um sinn að sitja í fyrirrúmi, að við höfum nægilegan gjaldeyri til að kaupa frá Ameríku nauðsynlegar vörur, og verða því ekki dollarar settir á biðreikning fyrst um sinn, enda er nú lagt mikið kapp á að kaupa vörur frá Ameríku.

Viðvíkjandi sterlingspundunum vil ég taka það fram, að þótt ég geti ekki fallizt á það, að rétt sé að gefa þau frjáls, þykir mér rétt að gefa mönnum kost á að greiða skatta og gjöld í sterlingspundum. Tryggingin gegn þeim áhrifum, sem stór gróði hefur á verðbólguna, — en mikill hluti af þeim gróða er fyrir seldan fisk —, er sú, að skattakerfi ríkisins sé eins og það á að vera á slíkum tímum sem þessum og sé miðað við það að gæta þeirrar hliðar á verðbólgunni. En hvað sem aðferðum til að ná þessu marki líður, get ég sagt það, að innilokun dollara er ekki fyrir hendi, því að við höfum hingað til þurft á okkar dollurum að halda.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég býst við, að það sé rétt, að þörf bankanna á dollurum hafi samsvarað fyllilega eða jafnvel meira en það þeirri upphæð dollara, sem inn hefur komið á hverjum tíma. En hæstv. ráðh. svaraði ekki spurningu minni um það, hvort seljendur fá þennan hluta verðsins til frjálsra umráða. Það svarar til þess, að afgangurinn verði um fjögur þús. pund, eða nálægt 16000 dollarar. Þennan gróða þarf að vera hægt að binda úti.

__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Ég vænti þess, að hv. þm. og aðrir sjái, að hinn hæsti gróði er ekki eins mikill og menn vilja vera láta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 16., 28., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 10. og 31. marz, 8., 9., 10., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 14, 46).

*__Sigurður Kristjánsson:__ Brtt. hér á þskj. 46 er um það, að l. um svo kölluð geymslupund verði felld úr gildi.

Ég verð að rifja upp með nokkrum orðum, hvernig þessar sakir standa. Það er vitað, að l. um geymslupundin voru sett í þeim tilgangi að skipta áhættunni af þessari geymslu milli bankanna og þeirra manna, sem eignuðust þau í Englandi. Þegar innieignir okkar fóru að skapast þar í stórum stíl, þótti það að vonum ákaflega áhættumikið að láta bankana eina bera ábyrgð á þessu. Nú hefur reynslan fallið þannig, að pundainnieignir hefur hlaðizt upp svo að segja öll hjá þjóðbankanum. Og þessi geymslupund eru orðin í raun og veru ákaflega miklir smámunir, borið saman við pundaeignir landsmanna í heild. Ég hef fengið upplýsingar um þetta, talað um þetta bæði við formann n. og líka við stjórnir bankanna og fengið skýrslur um þetta. Um síðustu mánaðamót átti þjóðbankinn erlendis inni 172 millj. kr., 120 millj. kr. í bönk-

um, í verðbréfum 40 millj. kr. og í gjaldeyrisvarasjóði 12 millj. kr. En á sama tíma voru á reikningum þessa banka ekki nema 7 millj. kr. af þessum geymslupundum. Og án þess að sá bankastjóri, sem ég talaði við, leyfði mér að hafa það eftir sér, að hann teldi bankanum þetta einskis virði, þá lét hann þau orð falla við mig, að hann teldi það hégóma að halda þessu fyrirkomulagi við. Og sömuleiðis álítur n. þetta vera smámuni eina.

Um Útvegsbankann er það að segja, að hann átti engin pund erlendis um síðustu mánaðamót. En á hans vegum voru þá eitthvað um 3 millj. kr. í þessum geymslupundum, eða 137 þús. sterlingspund. Hann munar ekkert um, þó að hann þurfi að yfirfæra þetta, af þeirri ástæðu, að hann á engar innistæður ytra.

Spurningin hefur verið og er um það, hvað mæli með því að láta þessi geymslupund vera þarna áfram og halda við l. um það og n., sem þar er utan um, og hvaða ástæða er til þess að afnema þetta. Ég skal skýra frá minu sjónarmiði í þessu efni. Ég veit það af viðtali við ýmsa menn, sem þar eiga hlut að máli, að eigendur þessara punda geta hagnýtt sér þau, ef þeir fengju þau út, sumpart til skuldagreiðslna og sumpart, og kannske aðallega, til þess að kaupa fyrir þau vörur til landsins. Ég er nú alveg sannfærður um það, að þótt ekki sé um meiri upphæðir að ræða en þetta, 10—11 millj. kr. alls, væri ákaflega hagkvæmt fyrir landið, ef hægt væri að breyta þeirri eign sumpart í greiðslur á skuldum erlendis og þó aðallega til að flytja þarflegan varning inn í landið fyrir þessar upphæðir. Mikið af þessu fé er í eigu manna, — náttúrlega ekki svipað því allt —, sem enn halda uppi siglingum til Englands og selja þar íslenzkan fisk. Þessir menn eiga skip í förum og eiga því hægt með að flytja vörur til landsins. Þeir hafa kunnugleika ytra og sambönd og eiga því hægt með að afla sér nytsamra vara fyrir sína vöru. Það er enn þá hægt að fá talsvert af útgerðarvörum, sumar tegundir véla, byggingarefni og margt fleira. Og ég hygg, ef þessar innieignir væru gefnar lausar, að þær mundu fara út úr landinu á þann hátt, að þeim væri breytt í þarflegan varning, sem kæmi til landsins, og varið til lúkningar á erlendum skuldum.

Ég vil líka, áður en ég lýk máli mínu, geta þess, að þessi geymsla fjárins hefur komið talsvert óréttlátlega niður af óviðráðanlegum ástæðum. Það hefur fallið þannig, að þegar samningarnir voru gerðir um kaup Breta á sjávarafurðum hér, þá urðu margir menn, sem áður höfðu selt fisk til Englands, að hætta því. Skipum, sem sigldu, var fækkað úr rúmum 50 niður í 30, og þeir menn, sem áttu skip, sem þurftu að hætta, áttu meira og minna af lokuðum pundum. Ýmsir menn höfðu flutt fisk út á öðrum skipum aðeins fyrir flutningsgjöld, og sú sala á ísuðum fiski hvarf alveg úr sögunni, og ýmsir þeirra manna áttu þá nokkuð af geymslupundum lokuðum þarna inni. Þeir menn, sem halda nú áfram að selja fisk til Englands, fá hann greiddan, hvern einasta skilding fyrir hann, í dollurum. Þessir menn njóta þess vegna allt annarra kjara heldur en hinir, sem þurftu að hætta siglingum með pund sín innilokuð. Ég veit, að ef hægt er að meinalausu fyrir ríkið að gera þessum mönnum jafnt undir höfði og hinum, þ. e. a. s. að leysa pund þeirra manna, sem ekki geta haldið áfram neinum atvinnurekstri snertandi sölu sjávarafurða til Englands, þá á hæstv. Alþ. náttúrlega að vera mjög fúst til þess.

Höfuðatriðið er þá þetta, að ég tel, að það mundi vera hagkvæmt fyrir heildina, ef hægt væri að breyta þessum eignum í erlendar skuldagreiðslur og einkum í varning, sem fluttur yrði til landsins. En það er vitað, að þeir menn, sem mundu gera slíkt, þeir hafa ekki neina hagsmuni af því eða tök á því að gera það, ef þeir hafa ekki þessi pund sín til umráða.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi brtt. á þskj. 46 frá tveimur hv. þm. gerir ráð fyrir, að l. um bindingu gjaldeyris verði felld úr gildi. Ég get ekki mælt með því, að þessi brtt. verði samþ., af þeim ástæðum, sem nú skal greina:

Það voru aðallega tvenns konar rök, sem lágu til þess, að byrjað var á því að binda inni hluta af þeim gjaldeyri, sem menn fengu fyrir útfluttar afurðir. Það fyrst, að mönnum óx í augum, hversu innistæður bankanna erlendis jukust ört, og menn töldu ekki réttlátt, að bankarnir héldu áfram takmarkalaust að kaupa gjaldeyri, þegar þannig stæði á. Mönnum fannst, að ef takmarka þyrfti gjaldeyriskaup bankanna, þá væri eðlilegast, að sú takmörkun væri þannig framkvæmd, að bankarnir keyptu ekki þann hluta af gjaldeyrinum, sem svaraði til gróðans af útflutningnum. Þess vegna voru sett þau l., sem hér eru til umr., sem heimiluðu að loka inni erlendis hluta af þeim gjaldeyri, sem menn fengu fyrir þessar afurðir. Þetta hefur verið framkvæmt þannig að vísu, að ekki hefur þótt fært að binda inni hluta af verði því, sem íslenzkir framleiðendur hafa fengið fyrir sínar vörur, t. d. fisk, sem seldur hefur verið hér skv. brezka samningnum í skip til útflutnings. Og ekki hefur heldur verið bundið neitt af gjaldeyri fyrir afurðir, sem hliðstætt hefur verið farið með. Hins vegar hefur verið bundinn inni gróði þeirra, sem flutt hafa ísfisk á erlendan markað, og lítið eða ekkert annað, vegna þess að þar er gróðinn alveg ósambærilegur að vöxtum við það, sem menn almennt hafa grætt af sölu afurða. Það hefur ekki heldur þótt fært að binda inni neitt af því kaupi, sem Íslendingar hafa unnið fyrir hjá erlendu herjunum, sem hér hafa verið. Af þessu hefur leitt það, að það eru tiltölulega litlir fjármunir, sem þannig hafa bundnir verið. Alls er bundið inni þannig í dag um 400 þús. sterlingspund. En það, sem þannig hefur verið bundið, er stórgróðinn, sem mönnum er ekki eins mikil nauðsyn á að fá í sínar hendur eins og tekjur af öðrum útflutningi.

En ástæðan, sem lá til þess, að menn settu þessi l., var talsvert annars eðlis. Menn fundu það mjög greinilega, að það peningaflóð, sem inn í landið hafði flætt um skeið fyrir afleiðingar styrjaldarinnar, hafði ýmis miður heppileg áhrif á fjármálalífið. Og mönnum virtist liggja í augum uppi, að stórgróðinn, ef hann mætti óhindrað flæða yfir, mundi ýta mjög undir alls konar brask og verðbólgu, sem mönnum þótti

sérstaklega óheppilegt, að leikið gæti lausum hala. Menn fundu þess vegna, að ef stór hluti stórgróðans, eða mestur hluti hans, væri bundinn á þennan hátt, sem hér er um að ræða, mundi líka vinnast það, að hann yrði ekki notaður á þann hátt, að hann yki verðbólguna og þá miklu hættu, sem á því er, eins og nú standa sakir, að fasteignasölur eigi sér stað í stórum stíl, þannig að fasteignir í landinu fljóti uppi í peningaflóði, ef maður mætti svo að orði kveða, með þeim afleiðingum, sem flestir eru sammála um, að séu mjög óheppilegar. Nú er það svo, frá minu sjónarmiði, að báðar þessar ástæður eru fyrir hendi. Og þess vegna get ég ekki séð ástæðu til að afnema þessi l. Því er enn svo háttað, að gjaldeyrisinneignir bankanna erlendis eru nokkuð miklar. Og ekki er minni hætta nú en áður á hvers konar óhepoilegum afleiðingum af fasteignaverzlun og öðrum slíkum afleiðingum, sem mundu óhjákvæmilega koma fram, ef allur stærsti gróðinn væri laus látinn til ráðstöfunar.

Það er rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. upplýsir, að um stundarsakir hefði verið horfið frá að binda hluta af andvirði fisksins, sem fluttur hefur verið til Englands, þ. e. a. s., Íslendingum hefur verið greitt með dollurum, en það er stundarfyrirbrigði, því að það hefur verið dollaraskortur, en ef að líkum lætur, verður að binda þetta á ný alveg eins og sterlingspundið áður.

Ég geri ráð fyrir, að bent verði á, að síðari ástæðan sé veigalítil, að nauðsynlegt sé að hafa þetta fé bundið til frambúðar til ýmissa hluta, sem hafa óheppilegar afleiðingar, þar sem meginhlutinn af þessu fé mundi fara til ríkis og bæja samkv. l. um þann skatt, sem við erum nú að lögleiða. Þetta er að verulegu leyti rétt, langmestur hlutinn mundi fara í skatt eða verða bundinn í sjóðum. En þess er að gæta, að það mundi líða hátt á annað ár, frá því að gróðinn kemur fyrst eigendunum í hendur og þangað til þyrfti að greiða hann þannig að mestu leyti. Það er því víst, að þetta fé mundi verða laust til venjulegrar umferðar langan tíma, þangað til það yrði þannig bundið. Mér virðast því báðar ástæðurnar enn fyrir hendi í talsvert ríkum mæli. Má segja, að síðari ástæðan sé ekki fyrir hendi í alveg eins ríkum mæli og áður, en báðar í það ríkum mæli, að ekki sé ástæða til að afnema þessi l. Auk þess vil ég benda á, að ef þessi l. yrðu afnumin nú, þá mundu losna til ráðstöfunar talsvert stórar fjárhæðir, sem mundi áreiðanlega ekki verða heppilegt frá almennu sjónarmiði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en þetta eru þær meginrætur, sem mér finnst liggja að því, að ekki sé rétt að afnema þessi l., en tel rétt, að þau standi í gildi með þeim breyt., sem lagt er til í frv.

***Garðar Þorsteinsson:** Hæstv. viðskmrh. hefur upplýst, að þetta fé, sem bundið er í sterlingspundum, muni vera um 10 millj. kr. Þegar það er athugað, að inneignir bankanna munu nú vera 160 millj. kr., er ljóst, að sú upphæð, sem hér um ræðir, er ákaflega smávægileg. Það er líka þannig, að mikill hluti þessarar fjárhæðar mundi vera notaður til þess að greiða ríkissjóði og bæjarsjóðum skatta og útsvör. Hygg ég, að ekki sé fjarri því, að um 60% a. m. k. fari beinlínis í þær greiðslur. Það, sem mér virðist skipta aðalmálinu, er, að það er svo lítill hluti af þessu, þar sem væri um raunveruleg kaup af hendi bankanna að ræða umfram það, sem eigendurnir hafa kröfu til, að keypt sé af þeim upp í útsvar og skatt. Það er ekki nema 2—4 millj., sem um væri að ræða, og sér hver maður, að það getur ekki haft neina úrslitaþýðingu fyrir peningaflóðið eða dýrtíðina hér, hvort þetta er gert eða ekki. Mér er kunnugt, að það eru til félög, sem eiga ekki einn einasta eyri nema þessi bundnu sterlingspund og geta ekki keypt svo mikið sem róðrarbát fyrir íslenzka peninga, og er ósanngjarnt, að svo þurfi að vera. Ég veit um félag, sem stundaði útgerð nokkurn tíma, byrjaði ekki að sigla fyrr en þessi l. voru gengin í gildi og er hætt fyrir nokkru og fékk ekki yfirfærslu nema fyrir brýnasta útgerðarkostnaði. Hver eyrir, sem félagið hafði afgangs, var bundinn í sterlingspundum. Ég vil líka benda á, að það er ósanngjarnt gagnvart slíkum félögum, að nú um nokkurt skeið, síðan samningurinn við Ameríku gekk í gildi, hafa öll skip, sem selt hafa fisk til Englands, fengið allt yfirfært, og ég hygg, að frá því að þessi samningur gekk í gildi og fram til þessa dags, hafi sala sízt verið verri en áður, verið svo heppin að hafa getað selt, síðan farið Það er því ósannjarnt, að þau félög, sem hafa var að borga í dollurum, skuli fá allt yfirfært, en þau, sem hafa búið við þrengri kost, skuli ekkert hafa fengið yfirfært umfram nauðsynlegasta kostnað og verði að hafa fé sitt áfram bundið í sterlingspundum. Hæstv. ráðh. segir, að það komi af því, að það hafi verið dollaraþörf. Ég hygg, að ef réttsýni hefði átt að gilda og jafnt hefði átt að ganga yfir alla, hefði stj. getað greitt þessum mönnum íslenzka peninga eða látið þá hafa sínar greiðslur í sterlingspundum. Þeir, sem selja til Englands, selja fyrir sterlingspund, þó að Bandaríkin hafi greitt í dollurum. Ég er sízt að mæla með, að sú leið verði farin, en hitt er auðséð, að ósanngjarnt er að kaupa sterlingspund af einum aðilanum, en neita öðrum um það.

Hæstv. ráðh. hefur nú játað, að síðari ástæðan, sem hann færði fram, að peningaflóðið mundi verulega aukast, er niður fallin, og að því er snertir stórgróðann, að síður sé þörf á að yfirfæra hann, þá skal það játað í þeim tilfellum, sem það er rétt. En þar sem hæstv. ráðh. minntist á, að það væri nokkur tími, sem bankarnir fengju með því að þurfa ekki að kaupa peningana, fyrr en þegar skattarnir ættu að greiðast, þá vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vilji til samkomulags fallast á, að l. falli úr gildi 1. sept. 1942, sem sé á þeim tíma, sem bankarnir verða nauðugir viljugir að kaupa upp í 70% af þessum sterlingspundum vegna greiðslu á sköttum og útsvari. Það er nokkur ívilnun, að þeir, sem eiga þessi sterlingspund, megi eiga von á að fá þau laus, en þá er gengið til móts við ráðh., að pundin komi ekki í umferð, fyrr en þau koma til greiðslu sem skattar og útsvar. — Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um mál þetta að sinni.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég get ekki fallizt á að vera með því, að þessi l. falli úr gildi 1. sept. þ. á., af því að þótt gera megi ráð fyrir, að mikill hluti þessa fjár verði þá á einhvern hátt notaður til þess að greiða skatta og útsvar, þá má gera ráð fyrir, að þá verði komnar nýjar innstæður.

Hv. þm. virtist ganga út frá því, að bankarnir mundu kaupa það, sem félögin þyrftu til greiðslu á sköttum og útsvari, en það hefur ekki verið gengið enn frá þeirri hlið málsins, og ég dreg í efa, að nokkur banki hafi skyldu til að gera það, en það má taka þetta til athugunar í sambandi við skattal., sem hér eru til meðferðar.

*Sigurður Kristjánsson: Það eru örfá orð, sem ég vil bæta við. Ég tók ekki fram nema aðra ástæðuna fyrir, að þessi l. voru sett, en hæstv. viðskmrh. hefur bætt við annarri ástæðunni, sem er rétt, að var færð fram, en ég tel, að nú sé úr gildi fallin. Ég tel, að sú ástæða að létta á bönkunum sé úr gildi fallin að mestu leyti. Ég vil taka til dæmis innieign Landsbankans erlendis, að á móti henni er þetta ekki nema 1:24, sem hann ber ábyrgð á. Hins vegar er það með Útvegsbankann, að þótt hann hafi 3—4 millj. á sinni könnu, þá á sá banki alls engar innieignir, og þar af leiðandi hefði hann engin veruleg óþægindi af því, þótt þetta yrði yfirfært.

Ég gleymdi að færa það fram, til þess að engin skekkja sé í reikningunum, að á móti þessum 172 millj. kr., sem Landsbankinn átti inni um síðustu mánaðamót, skuldar hann 5—10 millj., svo að það er ekki nema 162 millj. fram yfir skuldir, en það raskar ekki miklu í þessu efni.

Hæstv. viðskmrh. sagðist álíta þessar ástæður, sem voru fyrir hendi, þegar l. voru sett, enn í gildi. Um þetta má deila. Hann veit vel, að það var gert ráð fyrir, að hlutföllin í innieignum bankanna á þessum lokuðu reikningum yrðu önnur en raun varð á. Það var álitið, að verulegur hluti mundi vera á reikningum útflytjenda, en reyndin varð sú, að það varð aðeins 10 millj. og líklegt, að það fari að verulegu leyti út, eins og hv. 7. landsk. tók fram. Ég er því sannfærður um, að þessi ástæða er að miklu leyti úr gildi fallin.

Að ekki þótti fært að láta þessar innieignir verða meiri, stafar af ýmsum ástæðum, sem í ljós komu, eftir að l. voru sett. Það vita allir, að ekki kemur til mála, að þessar 7—10 millj. sé svipað því allur gróðinn fyrir útflutning á þessum fiski. Það hefur verið yfirfært mikið fram yfir það, sem skylt var, því að það var nauðsynlegt fyrir útgerðina að fá þar fram yfir.

Að peningarnir verði í umferð til mikilla óþæginda, er nokkuð fræðileg ástæða. Það er náttúrlega rétt, að þegar ekki er verðmæti til að mæta peningunum, þá lækkar verð peninganna ósjálfrátt og verð á eignum hækkar. Ég vil segja án allra ýfinga, að mér hefur ekki fundizt hæstv. viðskmrh. sýna mikinn áhuga á því, a. m. k. ekki áður, að koma í veg fyrir þessi vandræði, því að ég held, að hann hafi staðið mjög á móti því, að verðmæti væru flutt inn í landið til þess að mæta hinu mikla peningaflóði. Ég held, að hann hafi litið á þetta og ýmsir bankamenn afar mikið frá hinni fræðilegu hlið. Ég talaði lengi um það við einn bankamann, að eitt útgerðarfélag vildi þá borga erlenda skuld með sterlingspundainnieign. Bankamaðurinn vildi gjarnan, að útgerðarmaðurinn borgaði þessa erlendu skuld og í staðinn kæmi innlent skuldabréf. Það varð að ráði í ríkisstj., því að ég talaði líka við hæstv. viðskmrh. um að leyfa þetta, að það mætti ekki selja bréfið. Þessi bankamaður sagði við mig: Það hefur enga þýðingu að hafa skuldabréfið laust, af því að það stendur í núlli. Það verður að standa fast, annars verður það selt. Þetta er vitleysa, en svona getur fræðimennskan farið með menn í gönur.

Ég er sannfærður um, að þótt það fé, sem hér um ræðir, komi mest inn í landið á þennan hátt, þá mundu menn kaupa fyrir það erlenda vöru. Það mundi lítil áhrif hafa, vegna þess að peningaflóðið er mest vegna innanlandskaupgreiðslu, sölu á veitingum og annað þess háttar, en stafar langminnst beint frá atvinnurekstrinum. Nú er þetta ekki mikið fé, og þótt eitthvað af því yrði til að auka peningaumferðina, þá mundi það nema aðeins ákaflega litlu.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. vilji líta á þetta mál frá sama sjónarmiði og ég, að þjóðhagslega er hagkvæmt að nota þessar gagnslausu innieignir sumpart til lúkningar skulda og sumpart til kaupa á þarflegum verðmætum, sem yrðu þá flutt inn í landið og við höfum mikla þörf fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 46 felld með 13:5 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 234).

Frsm. (Erlendur Þorsteinsson): Herra forseti! Fjhn. hefur athugað frv. þetta, og þykir henni rétt að staðfesta það.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, var ákveðið, að viss hluti af andvirði ísfisksölu í Englandi skyldi settur á biðreikning fiskeigenda þar í landi, og var sá hluti ekki til frjálsra afnota hér heima. Var gengið út frá, að svo yrði til styrjaldarloka.

En nú hefur þetta breytzt, eins og menn vita, þannig að fiskeigendur fá yfirfært hingað, en

ríkið eða bankarnir í dollara vestan hafs. — Enn er ekki tekin ákvörðun um, hvort peningar þessir skuli leystir út eða ekki, en meðan það er ekki gert, er sjálfsagt að ákvæði séu í lögum um það, að ekki sé heimilt að selja eða veðsetja þessa innistæðu, því að á meðan lögin eru, er rétt, að viðurlög séu við því, að þau séu brotin, og mælir n. með, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 14, 263).

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Eins og kunnugt er, hefur mál þetta gengið í gegnum Nd., og er rétt að geta þess, að sams konar brtt. og sú, sem ég flyt hér, var felld í Nd., mér er nær að halda að lítið athuguðu máli. Ég veit ekki, hvort það þýðir að telja fram þau rök, sem ég álít, að liggi til grundvallar brtt. á þskj. 263, án þess, að sá ráðh., sem þar um fjallar, sé við. Ástæðan til þess, að þessar brtt. eru fluttar, er sú, að lög þau, sem um er að ræða, eru orðin bókstaflega þýðingarlaus. Lög um viðauka við gjaldeyrisverzlun frá 1937, þar sem ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bankarnir skuli leggja nokkurt fé inn á biðreikninga erlendis, eru í raun og veru orðin úrelt, síðan gerðir voru samningar við Bandaríkin, að sá útflutningur, sem um er að ræða, skuli greiddur í dollurum. Sú upphæð, sem hér er um að ræða, mun vera um 400 þús. sterlingspund, eða sama og rúmar 10 millj. króna. Það mun hafa verið tilgangurinn með þessum lögum, að þessu fé yrði ekki hleypt inn í óþarfa veltu og brask og skapa verðbólgu á þann hátt. Það getur vel verið, að á þeim tímum, sem þetta var gert, hafi verið rétt, að stjórnin hefði þessa heimild. Þó er nær að halda, að af öðru fé en hér er um að ræða hafi frekar skapazt verðbólga í peningamarkaði hér á landi. Það er vitanlegt, að það fé, sem bundið hefur verið inni eða fryst, er eingöngu fyrir ísfisk. Nefnd sú, sem hafði með þetta að gera, ákvarðaði í hvert sinn, hve mikið fé hvert ísfiskskip mætti heim flytja af andvirði farmsins til nauðsynlegra útgjalda, en hitt var svo bundið í Englandi. Ég hef átt tal við einn af bankastjórum Landsbankans fyrir löngu, áður en kom til, að Ameríka borgaði í dollurum fisksendingar til Bretlands, og hann taldi þau þýðingarlaus. Enda er hér aðeins um að ræða 10½ millj. kr., og það mun hafa litla þýðingu að frysta þá upphæð inni í öllu því peningaflóði, sem nú er. Enn fremur hljóta þessi lög að koma ójafnt niður, og mér finnst ekkert réttlæti í því að frysta fé inni fyrir aðeins eina vörutegund, því að þannig hefur það verið í framkvæmdinni, þó að ekki sé tekið fram í heimildinni, að hún skuli aðeins ná til einnar vörutegundar. Það eru til menn, sem hafa aðeins selt fisk á erlendum markaði á því tímabili, sem bindingin var lögleidd og eftir það, en ekki áður. Ef þessir sömu menn hættu slíkri útflutningsstarfsemi nú, mundu þeir aðeins hafa stundað hana á þeim tíma, sem bindingin átti sér stað.

Þeir, sem á undan voru, og þeir, sem á eftir komu, fá sína peninga umreiknaða á venjulegan hátt, eins og áður en bindingin var lögleidd. Nú frá nýári er mér ekki kunnugt um annað en að afreiknað hafi verið hvert einasta pund, sem aflazt hefur fyrir ísfisk. Þessi binding er í sjálfu sér lítið til óþæginda fyrir þau fiskútflytjendafélög, sem starfað hafa frá byrjun stríðsins, og þau hafa fengið næstum allt sitt andvirði umreiknað, því að pundin, sem eru bundin fyrir þeim, eru ekki nema lítill hluti af þeim peningum, sem þau geta velt í þessu skyni. Eins og ég benti á, þá eru til fyrirtæki, sem eingöngu hafa lent í þessari bindingu, og þau eru þannig stödd í dag, að þó að þau eigi talsvert fé í frosnum pundum, þá hafa þau ekki nokkurt fjármagn í rekstrinum. Einn slíkur maður komst þannig að orði við mig um daginn, að þó að hann ætti fleiri þús. pund úti í Englandi, gæti hann ekki keypt nauðsynjar sínar hér á landi né fengið nægilegt fé í reksturinn. Þetta er sýnilegt misrétti gagnvart þegnum landsins. Ég hygg, að togarafélögin hafi lítið kvartað í þessum efnum, enda voru þau, áður en bindingin kom til greina, búin að senda fiskinn og fá andvirðið umreiknað. Eins og ég benti á, hafa þessi lög ekki verið framkvæmd síðan Ameríku-umreikningurinn á fiski kom til greina. Þegar þess er gætt, að nokkrir þegnar þjóðfélagsins eru settir á verra sess heldur en aðrir, enn fremur, að hér er um svo litla peninga að ræða, þá virðist mér, að annaðhvort ætti að nema lögin úr gildi eða gera gagngerðar umbætur á þeim, þannig að sumir þegnar þjóðfélagsins verði ekki beittir svo herfilegu misrétti. Nú verða þeir menn, sem eiga þessa peninga, að telja þá fram til skatts, þó að þeir hafi þeirra engin not og ómögulegt sé að segja, hvenær þeir verða fluttir inn. Peningar þessir eru geymdir úti á ábyrgð eigandans. Nú geri ég ekki ráð fyrir, að skattanefnd geri sig ánægða með, að þessi frosnu pund séu talin fram til skatts með öðru gengi en nú tíðkast, þó að enginn vilji umreikna þau. Sennilega fer mikið af þessum peningum til skattgreiðslu, og þegar loksins þau verða flutt heim, verður komið annað gengi og menn munu ef til vill verða fyrir tjóni á þann hátt. Mér finnst þetta mæla með því, að hér þurfi að koma breyting á, og ég sá ekki annað ráð vænna en að flytja till. um að afnema lögin. Ef einhver ný hætta væri í uppsiglingu með dollarann, gæti ríkisstjórnin á hvaða tíma sem er gefið út brbl. og komið nýrri bindingu á. Ég vildi heyra undirtektir hæstv. viðskmrh. og hvaða rök hann hefur fram að færa. Það eru einkum tvö atriði, sem mig langar til að heyra álit hæstv. ráðh. um, í fyrsta lagi, hvaða þýðingu þessi lög hafa fyrir þjóðarbúskap okkar og peningamál; í öðru lagi, hvernig sé hægt að réttlæta það misrétti, sem hér á sér

stað gagnvart þegnum þjóðfélagsins. — Ég vil ekki hafa orð mín fleiri að sinni.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þm. Vestm. gerði grein fyrir, leggur hann til, að lögin, sem hér er farið fram á að breyta lítilsháttar, verði felld úr gildi, og færir hann fyrir því nokkur rök frá sinni hálfu. Hann færir tvær ástæður fram fyrir þessari tillögu sinni. Í fyrsta lagi, að þau hafi litla þýðingu, og í öðru lagi, að framkvæmd þeirra skapi misrétti, sem sé óæskilegt.

Ég mun fyrst víkja að fyrra atriðinu. Það runnu tvær stoðir undir þessa lagasetningu á sínum tíma. Önnur var sú, að mönnum óx í augum, að bankarnir keyptu allan þennan gjaldeyri. Landsmenn höfðu ekki þörf fyrir allan þennan gjaldeyri og fannst því réttmætt, að nokkur hluti hans yrði lagður fyrir erlendis á reikning þeirra, sem öfluðu hans með útflutningi, í stað þess að kaupa hann allan. Hin stoðin var sú, að mönnum ógnaði peningaflóðið í landinu og sáu gleggra og gleggra, að ef engar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að draga úr því, mundi það hafa óheppileg áhrif á allt fjárhagslíf í landinu. Ýmsar leiðir voru hugsanlegar til þess að draga úr þessari hættu og ein einmitt sú að binda erlendis hluta af útflutningsverði þeirra afurða, sem mestum gróða skiladi, til þess að koma í veg fyrir, að sá gróði kæmist í umferð í landinu. Þetta eru þær tvær stoðir, sem runnu undir þessa löggjöf á sínum tíma.

Það er óhætt að fullyrða, að þeir, sem stóðu að þessari löggjöf, gerðu sér vonir um, að framkvæmd hennar mundi marka tímamót í þessum efnum, og að þær fjárhæðir, sem bundnar yrðu, mundu reynast hærri. En til þess, að ekki er meira fé bundið en raun ber vitni um, liggja þær ástæður, *sem nú skal greina:*

Það var ljóst, að ekki var hægt að binda nema hreinar tekjur, þ. e. hreinan gróða. Það var óhugsandi að binda það, sem framleiðendur þurftu til greiðslu innanlands. Enn fremur var á sinni tíð gengið út frá, að einnig yrði að taka til greina, hvort þeim, sem hlut áttu í máli, bar brýna nauðsyn til að greiða upp í skuldir sínar. Það þótti ekki fært að binda þann hluta af ágóðanum, sem framleiðendur töldu nauðsynlegt að nota til þess að greiða niður skuldir sínar við komandi atvinnurekstrinum. Það var talið, að það yrði að fara gætilega í það að binda þann hluta af ágóðanum, sem þyrfti að ganga til þessa.

Nú kom það fljótlega til greina, þegar fara átti að nota lögin, hversu viðtækt skyldi gera þetta. Hvort ætti að binda aðeins nokkurn hluta af andvirði fiskjar og annarra sjávarafurða, eða hvort það ætti að binda það allt. Nánar tiltekið, hvort það ætti að binda nokkuð af því verði, sem Englendingar gæfu fyrir fiskinn hér á íslenzkri höfn. Þótt menn vissu, að hér var um nokkurn ágóða að ræða, var talið erfitt að ganga inn á þá braut að binda nokkurn hluta af þessu *fisksöluverði. Alveg sama máli gegndi um það,* sem landsmenn unnu í þágu setuliðsins, og kom það til umræðu, en var ekki talið framkvæmanlegt né út í það leggjandi, enda aðilar þá svo margir. Sem sagt, pundatekjur landsmanna fyrir fisk eða aðrar afurðir, sem framleiðendur sjálfir seldu, eða fyrir vinnu, hlutu að koma inn í landið. Það var ljóst, að ef ekki yrði farið út í að binda nema nokkurn hluta af þessum tekjum, yrði starfsemi pundabindingarinnar að einskorðast að mestu leyti við ísfiskútflutning þeirra, sem veiddu í eigin skip eða keyptu fisk til útflutnings, enda hefur verið mikill gróði hjá þessum aðilum. Þannig hafa lögin verið framkvæmd, og þannig atvikaðist það, að ekki var farið út í víðtækari pundabindingu.

Sú upphæð, sem um er að ræða, er eitthvað um 10½ milljón króna. Það er sá gróði, sem hefur orðið að pundabindingunni minus því, sem eigendur hafa þurft að hafa í sérstakar greiðslur. Þetta er ekki há upphæð, ef miðað er við pundainnieign landsmanna erlendis, en þess ber að gæta, að þetta er gróði, sem mundi hafa farið í umferð í landinu, ef hann hefði ekki verið bundinn. Og það er þessi toppgróði, sem er hættulegur öllu fjárhagslífi, ef hann er látinn leika lausum hala. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að bindingin hefur meiri þýðingu en hún virðist hafa fljótt á litið af upphæðinni sjálfri, af því að hér er um umframgróða að ræða í sambandi við útflutninginn. Ég held, að allar þær ástæður, sem voru fyrir hendi, þegar þessi lög voru sett, séu fyrir hendi í aðalatriðum. Það hefur ekki verið talið fært að fara út í víðtækari bindingu af ástæðum, sem ég nú *hef nefnt, en mér finnst það ekki fullnægjandi* rök fyrir því að sleppa hendinni af toppgróðanum, að bindingin var ekki stórfelldari en þetta. Ég get því ekki mælt með því, að þessi lög verði felld úr gildi. Það gæti vel verið, að ýmsir vildu nota sér þær heimildir, sem í þessum lögum felast, í ríkara mæli en gert hefur verið. Þá væri ógætilegt að vera búinn að fella þau og sleppa milljónum þeim lausum, sem hafa verið bundnar. Ef milljónunum væri sleppt lausum, mundi það varla teljast mögulegt að byrja á ný, því að þá væri hægt að vísa í það, að því, sem búið væri að gera, væri sleppt lausu og því ekki réttmætt að byrja á slíku. Það er ekki heldur rétt að afhenda þetta bundna fé að sinni.

Það er rétt, sem hv. þm. Vestm. gat um, að lögin eru nú sem stendur ekki framkvæmd að neinu leyti.

Ástæðurnar eru þær, að hér hefur um lengri tíma verið skortur á dollurum. Það hefur verið mikil eftirspurn eftir þeim, meiri en hægt hefur verið að fullnægja. Af þessu leiðir, að bönkunum hefur verið heimilt að kaupa skilmálalaust alla þá dollara, sem fengizt hafa, og hefur það verið gert. Nú er þetta að breytast þannig, að bankarnir eru byrjaðir að eignast dollara, lítið að vísu, en ekki er hægt að gera sér grein fyrir, hve ört þeir kunna að berast. Af því leiðir að *mínum dómi, að bráðlega verður tímabært að* taka upp framkvæmd þessara laga með dollarana eins og pundin. Og eftir því, sem ég lít til, get ég ekki betur séð en að tímabært sé á næstunni að byrja á að binda eitthvað af þeim dollurum, *sem við erum ekki knúðir til að kaupa fyrir, því* að framboðið virðist vera að nálgast það að fullnægja eftirspurninni. Af þessu get ég ekki séð, að rétt sér að fella lögin.

Hv. þm. Vestm. minntist á, að hægt væri að

grípa til þess að setja lögin aftur síðar, ef það teldist skynsamlegt. En ég vil sérstaklega benda á það atriði í ræðu hans og undirstrika, að ef búið er að sleppa lausum þeim gróða, sem til fellur í pundum, mundi hann verða til þess að auka verðbólguna. Ég vil einnig undirstrika það, sem ég sagði áðan, að það eru líkur til, að dollararnir séu að fara í sama farveg. Svo getur komið til álita, hvort menn telja skynsamlegt að ganga lengra en áður var gert, þannig, að meiri hluti af útflutningnum verði bundinn en áður var. En á því eru margir erfiðleikar. Ef sleppa á útflutningnum, yrðu innistæðueigendur margir og mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikla þörf hlutaðeigandi hefur fyrir að fá yfirfærslu. Ég held þess vegna, að þar sem það er vitað mál, að hér er ekki bundið annað en stærsti gróðinn, toppgróðinn, þá sé það skynsamlegt að halda þessari löggjöf og framkvæma hana a. m. k. svipað og verið hefur.

Ég hef hér minnzt aðallega á fyrri ástæðuna, sem hv. þm. Vestm. bar fram fyrir því, að það bæri að fella þessi lög, sem sé það, að þau hefðu litla þýðingu. Um síðara atriðið vil ég aðeins segja það, að ég hef ekki fylgzt með í einstökum atriðum í framkvæmd þessarar löggjafar. Ég skildi hv. þm. Vestm. þannig, að þessi löggjöf hefði komið þyngra niður á þeim, sem byrjuðu eftir að lögin gengu í gildi, en hinum, sem byrjuðu að starfa áður en þau öðluðust gildi. Ég geri ráð fyrir, að erfitt sé að koma í veg fyrir, að slíkir hlutir geti átt sér stað, ef hægt er að kalla þetta misrétti, þegar allir búa við það sama eftir að lögin eru gengin í gildi og komin til framkvæmda. Þó má vera, að frá sjónarmiði þeirra, sem byrjuðu eftir að lögin öðluðust gildi, komi þetta undir að heita misrétti, en ég held, að það verði að líta á það sem óhjákvæmilega nauðsyn, að þeir komi undir lögin eins og aðrir, þótt þeir hafi starfað áður, og það getur þó aldrei orðið verra en það, að kannske verulegur hluti af gróða þeirra verði lokaður inni.

Ég veit ekki, hvort mönnum þykir það svo voðalegt, að meiri hlutinn af þessum gróða verði að bíða þangað til þjóðfélagið hefur meiri þörf fyrir gjaldeyri.

Ég held, að ég hafi minnzt á mest af því, sem hv. þm. Vestm. talaði um. Ég get ekki fallizt á réttmæti þess að fella þessa löggjöf úr gildi. Ég tel, að hún eigi að vera í gildi og framkvæmast líkt og verið hefur, ef ekki er hægt að framkvæma hana þannig, að hún komi að meira gagni, en á því eru ýmsir annmarkar, sem menn hafa fram að þessu talið svo veigamikla, að ekki sé hægt að komast fram hjá þeim.

Frsm. (Erlendur Þorsteinsson): Herra forseti! Áður en ég ræði þá brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Vestm., vil ég aðeins drepa á tvö atriði, sem komu fram í ræðu hæstv. viðskmrh. Það fyrra var, að hæstv. viðskmrh. minntist á það, að komið hefði til mála að binda hluta af tekjum manna í setuliðsvinnunni og hluta af tekjum þeirra, sem seldu fisk samkv. brezka samningnum. Mér þykir allmerkilegt, að nokkrum manni skuli hafa komið til hugar slík binding. Að mínu áliti er það alls ekki meiningin með lögunum. Þar stendur, að einungis skuli binda gjaldeyri erlendis fyrir reikning eigenda, en það er öllum vitanlegt, sem til þekkja, að hvorki verkamaðurinn né sjómaðurinn eiga erlendan gjaldeyri. Ef um bindingu væri að ræða fyrir setuliðsvinnu, mundi þurfa að binda fé hjá setuliðinu, sem eignast gjaldeyrinn, og ef um fé fyrir fisk væri að ræða, þá hjá þeim, sem kaupir hér fyrir ísl. peninga, sem mun vera Ministry of Food. Mér finnst aldrei geta komið til mála að binda kaup þessara manna. Það hefur aldrei komið fram, og ég býst ekki við, að neinum hafi dottið það í hug nema hæstv. viðskmrh. að binda kaup þeirra, sem aðeins hafa þurftarlaun, og hafi ensku samningarnir orðið þess valdandi, að íslenzki fiskveiðiflotinn verði rekinn með stórtapi, getur það aldrei komið til mála, að tilætlunin hafi verið með þessum lögum að setja fastan erlendis gjaldeyri, sem þarf að nota hér heima á Íslandi til þess að greiða slík töp.

Þá talaði hæstv. viðskmrh. um, að þörf væri að taka til athugunar að binda gjaldeyri fyrir nokkurn hluta af þeim ísfiski, sem seldur er í Englandi. En eins og nú háttar, fæst þessi fiskur greiddur í dollurum, sem notaðir eru til kaupa á nauðsynjavörum vestan hafs. Út af þessu vildi ég spyrja, hvort það sé rétt, að gjaldeyrisnefnd hafi neitað um gjaldeyrisleyfi fyrir járnvörum og öðrum slíkum vörum, sem þurfti að fá forgangsleyfi fyrir í Ameríku, og ekki þýðir að sækja um nema gjaldeyrisleyfi sé til staðar. Ef svo skyldi vera, að nægir dollarar séu til, nær það ekki nokkurri átt, að hægt sé að neita um gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum vörum eftir geðþótta eins eða tveggja manna og valda með því mikilli töf á afgreiðslu vörunnar, eða jafnvel því, að hún fáist ekki

Þetta var að vísu útúrdúr, en var nauðsynlegur vegna ræðu hæstv. viðskmrh.

Ég minntist í framsöguræðu minni á það atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Vestm. N. hefur ekki tekið afstöðu til þess, enda kom engin slík tillaga fram þar, og enginn nm. minntist á það að taka hana upp. Það, sem ég segi hér, segi ég því einungis sem mína skoðun, og bera meðnm. mínir enga ábyrgð á því.

Ég tel það út af fyrir sig réttlátt, að þessi lög verði látin gilda, ef aðeins er tekinn toppgróðinn þannig, að öruggt sé, að nauðsynlegar yfirfærslur fáist til þess að greiða verkakaup, og þannig að alltaf sé tekið til athugunar, þegar um aðrar vörur er að ræða en ísfisk, hvort sala slíkra vara þoli bindingu. Það kom beinlínis fram í ræðu hv. þm. Vestm., að togaraútgerðin hefur engan hnekki beðið af þessu, og ég get ekki fallizt á það, sem hann segir, að eldri félögin hafi orðið sérstaklega fyrir barðinu á þessari löggjöf. Það, að lögin hafi komið misjafnt niður, hlýtur að koma af því, að þau félög, sem um er að ræða, hafi aðeins flutt út á þeim tíma, sem lögin voru til framkvæmda, en hvorki fyrir né eftir. Mér skilst því, að með slíku reglugerðarákvæði mætti gefa þeim heimild til þess að fá þetta fé laust. En ég get ekki séð, út af fyrir sig, að nokkur ástæða sé til að nema þessi lög úr gildi. Ef framkvæmd þeirra er skynsamlega hagað, geta þau komið að notum, t. d. með því að taka úr umferð óhæfilegar fjárfúlgur.

Og ef til þess kæmi, eins og hæstv. viðskmrh. minntist á, að nægileg dollaraeign myndaðist, þá væri það mjög óeðlilegt að láta bankana eina bera ábyrgð á öllum þeim innistæðum eða gróða einstaklinga, sem af þessum sölum myndaðist.

*__Jóhann Jósefsson:__ Ég bjóst nú ekki við öðru en því, að hæstv. ráðh. mundi vilja halda í þessi lög, þótt hann kannaðist við, að þær vonir, sem til þeirra voru gerðar í byrjun, hafi staðið hærra en raun bæri vitni um. Ég hef enga löngun til að vera að karpa við hæstv. ráðh. um þetta „princip"-atriði. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að hafi tilgangurinn með þessum lögum verið sá að koma í veg fyrir óþarfa eyðslu í landinu, þá hefur honum ekki verið náð. Það er sýnilegt. En áður en ég eyði meira af tíma þessarar hv. d., þá vil ég, að gefnu tilefni eftir ræðu hv. 10. landsk., spyrja hæstv. ráðh., hvort hann muni vilja taka til athugunar breyt. á reglugerðarákvæðinu, til þess með því að rétta nokkuð hlut þeirra, sem vissulega eru til í þessu máli, sem bókstaflega geta ekki greitt skatta sína nema með því að fá yfirfært.

Hæstv. ráðh. talaði um toppgróða. Hvað á atvinnurekandinn að gera við þann gróða, sem hann hefur fram yfir útgjöld? Hann vill gjarnan halda áfram að starfa. En hann getur bara ekki haldið áfram, ef þessi gróði er bundinn og hann fær ekki hreyft við honum. Við skulum t. d. gera ráð fyrir, að menn, sem hefðu skip í förum á þessu tímabili, fengju það, sem hæstv. ráðh. kallar toppgróða. Þeir mundu vilja eignast skipið, kaupa báta og halda áfram að gera út. En þetta geta þeir ekki, þeim er haldið. Þeir hafa ekki leyfi til að ráðstafa sínum pundum. Þetta er dálitið einkennileg peningapólitík, en svona er það.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann vildi fallast á að láta mig fá frest til að ræða við n., um að fá einhverja tilhliðrun, sem gæti þá komið fram í reglugerð, í þessa átt, og mundi ég þá taka till. mína aftur, um afnám laganna. En ef hæstv. ráðh., og ef til vill einhverjum fleiri hv. þm., er það keppikefli að halda í þessi lög, sem eru ónýt og verða ónýt í framkvæmd, þá skal ég ekki standa í stríði með það. En hitt vil ég gjarnan, að hæstv. ráðh. fallist á að lagfæra það, sem hægt er, með reglugerð.

Í fyrra var þetta mál hér til umræðu, og varð þá að samkomulagi við hæstv. ráðh., að hann féllst á að gefa pundakaupan. fyrirmæli um það, að hún leyfði mönnum að kaupa skip og vélar fyrir þessa peninga. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það loforð hafi a. m. k. verið hálfsvikið. Ég veit ekki, hvers er eiginlega verið að hefna á einstökum mönnum, sem lenda innan þessa lagakerfis. Það eru ekki togaraeigendur, sem þarna eiga hlut að máli, heldur einstakir útflytjendur, margir hverjir smáir, sem hafa farið út í þennan fullkomlega leyfilega atvinnuveg á því tímabili, sem þessi binding hefur gilt, og vegna samningsins við Breta eru farnir út úr honum. Það var ekki leyfilegt eftir honum að hafa nein útlend skip í förum með ísvarinn fisk fyrir Íslendinga og ekki kaupa hann nema á vissum stöðum. Þess vegna finnst mér, að hæstv. ráðh. gæti gengið svo langt til samkomulags í þessu efni að fallast á það, að inn í lögin væri sett ákvæði um það, að í reglugerð skyldi tekið tillit til þess, hvort menn hefðu atvinnurekstur sinn að öllu leyti bundinn á þennan hátt eða ekki.

Eins og ég sagði áðan, geri ég ráð fyrir, að ríkið vilji fá sinn hluta af þessum tekjum eins og öðrum. Það verður auðvitað ekki komizt hjá því. En hvernig hefur ríkið hugsað sér, að greiddir yrðu skattar af frosnum pundum? Það er ég enn ekki farinn að sjá. Og eiga ekki þjóðfélagsborgararnir fullan rétt á því að fá að nota þann afrakstur, sem þeir hafa af atvinnu sinni? Ég segi fyrir mig, að ég held, að þeir eigi rétt á því, þó að það megi með ólögum binda hendur þeirra á einhverju tímabili.

Ég man eftir því, þegar ég spurði hæstv. ráðh. að því á síðasta þingi, hvers vegna bankarnir hefðu keypt sterlingspund af togarafél. algerlega umyrðalaust á því háa gengi, sem þá var, og miklu meira en maður gat ímyndað sér að bankarnir vildu hlaða að sér af þeirri mynt, að þá vildi hann skýra það með því, að það hefði verið eftir beiðni bankanna. Þeir hefðu gert það til þess að geta umreiknað þau og borgað upp sínar skuldir. Hér hefur verið mikil tilhliðrun sýnd, og það er ekki ástæða til að lasta það. En hún rekst óneitanlega á við fyrri afstöðu hæstv. ráðh. gagnvart togarafél. og gengur mjög á móti því, sem öðrum en togaraeigendum, sem þó hafa rekið líkan atvinnurekstur, er ætlað að búa við, því að þeirra afrakstur, sem hæstv. ráðh. kallar toppgróða, á nú að binda. Það er nú orðið svo með afrakstur þeirra manna, sem þennan atvinnuveg stunda, að hann er í svoleiðis járnklóm, að þeir mega ekki kaupa fyrir hann neinar vörur, heldur verða þeir að skila bönkunum honum, sem banna að láta þá fá hann í ísl. krónum. Og enn þá er ekki sýnt, hvort hægt verður einu sinni að fá hann til að greiða með lögboðin gjöld, eins og skatta. Það er líka ýmislegt fleira, sem menn vildu óska að gera við ágóðann af atvinnurekstri sínum, eins og ég tók fram í þessari hv. d. í fyrra, t. d. að auka framleiðslutæki sín.

Ef hæstv. ráðh. vill fallast á, að þetta verði tekið til athugunar, þá vildi ég bera fram þau tilmæli, að þessari umr. verði frestað, og að n. athugi, hvort ekki mætti leiðrétta það misrétti, sem hér er á orðið, með reglugerðarákvæði.

*__Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Hv. 10. landsk. lýsti yfir reiði sinni út af því, að það hefði komið fram í ræðu minni, að komið gæti til mála að binda einhvern hluta af tekjum manna í Bretavinnunni. Mér finnst ekki, að hv. þm. þurfi að taka þetta á þennan hátt, því að það er öllum vitanlegt, að þegar verið var að undirbúa þessi lög og gera sér grein fyrir því, hvernig hægt væri að draga úr pundasöfnun bankanna sjálfra, þá var náttúrlega rannsakað til hlítar, hvaðan pundin komu. En í því sambandi voru auðvitað teknir til athugunar allir þeir liðir, sem til mála gat komið, að hægt væri að minnka pundastrauminn um. Þar höfðu menn fyrir framan sig alla þá læki, sem mynda hina stóru á.

Og eins og ég hef áður sagt, þá var komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri fært að stífla þennan læk né takmarka hann að nokkru leyti.

Það má vera, að hv. þm. hafi skilið mig svo, að ég teldi hægt að binda þetta með löggjöf, en það hefur ekki þótt fært. Það var lagt til hliðar sem óhugsanlegur möguleiki áður en frv. var lagt fram.

Hv. þm. skaut því inn í fyrirspurn sína, hvort nýlega hefði verið neitað um innflutningsleyfi frá Ameríku fyrir brýnum nauðsynjavörum, eins og t. d. járnvörum. Og fannst mér hann gera ráð fyrir, að það hefði verið gert, og að það væri óheppileg ráðstöfun, þar sem nú hefði rætzt úr um dollara. Í des., jan. og febr., og raunar marz líka, var ákaflega lítið um dollara. Þá þurftu bankarnir að lifa á yfirdráttarlánum, í von um væntanlegar dollaratekjur, en þá var ekki búið að koma því á að greiða fiskandvirðið í dollurum. Á þessu tímabili var það svo, að menn neyddust til að flokka niður það, sem bezt væri að nota þennan gjaldeyri í, og kaupa aðeins það, sem mest lá á að fá. Og það varð að gæta þess, að það skipsrúm, sem fyrir hendi var á hverjum tíma, yrði notað sem bezt, og að fyrst og fremst yrði það flutt, sem beinlínis vantaði, og eft'r þessu hefur gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrirskipun frá ráðuneytinu um að haga störfum sínum. Það stóð alltaf til, og ráðuneytið var þess hvetjandi um þessar mundir, að taka meira lán í Bandaríkjunum, til þess að ekki þyrfti að láta dollaraskort hamla sér í viðskiptunum, en ýmsar tafir urðu í sambandi við þá lántöku, svo að ekki varð úr henni fyrri en of seint, að farið var að rætast úr. En hins vegar var það um tíma svo, að innflutningsleyfi urðu að miðast við dollarainnistæðu, því að það þurfti ævinlega að borga um leið og varan var keypt.

Um járnvörurnar er það að segja, að við fengum ákveðinn „koda" fyrir þær í Ameríku, ég held 10 eða 11 þúsund tonn. Og það var búið að tryggja, bæði af hálfu sendiráðsskrifstofunnar í Washington og innkaupanefndarinnar í New York, að þessar vörur eru fáanlegar. En til þess hins vegar að þessi „kodi" gæti skipzt sem réttlátast niður milli innflytjenda, þá var ekki annað ráð fyrir hendi en að auglýsa eftir umsóknum um þessar vörur, til þess að þær gætu allar komið til athugunar í einu. En ef þessi aðferð hefði ekki verið tekin upp, gat farið svo, að sumir hefðu orðið útundan, en aðrir fengið meira en þeim réttilega bar. Það má vera, að eitthvert stutt tímabil hafi mönnum þótt standa á svari, en það hefur þá einungis verið vegna þess, að það varð að taka umsóknirnar fyrir í einu lagi. (**JJós:** Það var ekkert stutt tímabil, eða hefur hæstv. viðskmrh. ekki fylgzt með því?) Það hefur þá engu að síður verið fyrir það, hvað innflytjendur hafa verið seinir að senda umsóknir sínar nógu snemma. Sem sagt, málið liggur þannig fyrir, að með aðstoð þessara manna fyrir vestan hafið hefur járnið verið tryggt, svo að það er nú til staðar fyrir þá, sem kunna að vilja kaupa það í gegnum viðskiptanefnd, sem hefur milligöngu um þetta í umboði **ríkisstj.** Annars hygg ég, að ef staðið hefur á þessum hlutum, þá sé það fyrst og fremst fyrir það, að mönnum gekk illa að fá forgangsleyfi vestra, og sendiherrann í Washington símaði, að það væri hætt við að reyna forgangsleyfi, því að það væri tilgangslaust. Aftur á móti ráðlagði hann að kaupa í gegnum opinbera stofnun. En eins og hv. þm. vita, þá er innflutningsverzluninni frá Ameríku þannig fyrir komið, að útbúin eru þar ýmiss konar forgangsleyfi, en ef ekki er hægt að fá þau, sem fyllilega er upplýst að á sér stað um sumar vörur, eins og t. d. stál og járn, þá er það keypt af opinberri stofnun, sem hér heima er viðskiptanefnd, en vestra 2ja manna nefnd í New York. Til viðbótar um járnið vil ég segja það, að það var, að ég hygg í janúar eða febrúar, auglýst af viðskiptamálaráðuneytinu, að menn skyldu senda járn- og stálpantanir sínar til ráðuneytisins til frekari fyrirgreiðslu, en það kom aðeins lítið af þeim, af því að menn vildu reyna forgangsleyfaaðferðina sjálfir, en hún hefur ekki reynzt framkvæmanleg.

Hv. þm. Vestm. sagði, að sér hefði í fyrra, undir meðferð þessa máls, verið gefið fyrirheit um það, að mönnum yrði leyft að kaupa skip og vélar fyrir frosin pund. Hann komst svo að orði, að það hefði a. m. k. verið hálfsvikið. Ég veit ekki, hvað hann á við með þessu. Eftir því sem ég bezt veit, þá hefur verið staðið við þetta til þessa. Hins vegar hefur það ekki verið samþ., að menn fengju heimild til þess að láta öðrum mönnum í té sín lokuðu pund, til þess að þeir gætu keypt fyrir þau skip eða vélar. Það var heldur aldrei tilætlunin. Ég hygg því, að þetta hljóti að vera á misskilningi byggt hjá hv. þm. (**JJós:** O, ekki mikið.) Það má vera, að pundanefndin hafi brugðið út af þessari reglu, og ef svo væri, þætti mér vænt um að fá að vita það.

Hv. þm. Vestm. gerði sér far um í sinni seinustu ræðu að sýna fram á það misrétti, sem kæmi fram gagnvart þeim mönnum, sem hefðu byrjað atvinnurekstur sinn eftir að þessi pundalokun fór að eiga sér stað, miðað við þá, sem áður höfðu starfað og haft hafa tækifæri til þess að borga upp skuldir sínar og jafnvel safna einhverju í sjóði. Ég vil í þessu sambandi benda hv. þm. á það, að þegar þetta mál var til umr. í fyrra, var talsvert rætt um þessa hlið málsins og áherzla lögð á það af ýmsum, að félögum og einstökum mönnum yrði leyft að fá fé sitt laust til þess að greiða með því skuldir, fyrst og fremst venjulegar afborganir, og enn fremur aukaafborganir, ef þess var nokkur kostur. Og ég veit ekki betur en að það hafi yfirleitt verið mjög vel í þær umleitanir tekið, sem komið hafa til pundakaupanefndarinnar af þessu tagi. Það hafa skilyrðislaust verið afgreiddar yfirfærslur til greiðslu afborgana, og í nærri því öllum tilfellum hefur nefndin fallizt á að heimila greiðslur á verulegum aukaafborgunum, sem mér finnst sanngjarnt.

Þá spyr hv. þm., hvort ég sé reiðubúinn að athuga breytingu á fyrirkomulagi reglugerðarinnar út af þessum lögum. Það er rétt hjá hv. þm., að það hefur enn þá ekki verið gefin út reglugerð um þessi lög, og það er fyrir það, að þau atriði, sem komið gæti til mála að ákveða í reglugerð, eru þannig vaxin, að það hefur ekki þótt heppilegt að gera ákvarðanir um þau til frambúðar nú. En ég hef sízt á móti því, að

þetta mál verði tekið af dagskrá og rætt í þeim fresti, sem fengist á umr. Ég get verið til viðtals í því hléi, sem þá skapaðist. Hins vegar er mér ekki ljóst af þeim ræðuhöldum, sem farið hafa okkar á milli, hvað fyrir honum vakir í þessu efni, eða hvaða tilefni gefur ástæðu til þess að fá þennan frest.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta, en get fallizt á, að umr. verði frestað um skeið, og tekið til athugunar í hléinu, hvort hugsazt gæti, að hægt væri að gera einhverja þá framkvæmd, sem gerði hv. þm. Vestm. ánægðari með lögin en nú á sér stað.

*__Jóhann Jósefsson:__ Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ráðh. vill ræða þetta mál frekar, og þar sem málum er svo komið, er ekki ástæða til langra umr. nú. Vonast ég til að fá tækifæri til að tala við n. og ráðh., þegar þar að kemur.

Umr. frestað.

Á 54. og 58. fundi í Ed., 11. og 15. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 18. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

*__Atvmrh. (Magnús Jónsson):__ Hv. þm. Vestm. á hér brtt., sem hæstv. forseti lýsti hér, sem er um það, að l. nr. 82 frá 9. júlí 1941 skuli numin úr gildi. Hv. þm. Vestm. hefur nú verið veikur og er það enn og hefur því ekki getað komið hingað á fund. En eins og hv. þdm. muna, beindi hann til þáv. hæstv. viðskmrh. nokkrum fyrirspurnum í sambandi við þessa brtt. og kvaðst mundu taka hana aftur, ef hann fengi fullnægjandi svör frá hæstv. ráðh. um það, sem hann spurði þar að. Þessi svör hafa nú ekki fram komið. En ég hef átt lítillega símtal við hv. flm. brtt. og vil segja það, að ég mun fyrir mitt leyti leitast við að setja mig inn í það spursmál, sem fyrirspurnin var um, svo fljótt sem ég get því við komið. Ég býst við, að öllum hv. þm. þyki það eðlilegt, að ég sé ekki búinn að gera það nú þegar. Og ég hef sagt hv. þm. Vestm., að ég muni taka spurningar hans til athugunar, sem voru sérstaklega um gjaldeyri þeirra fyrirtækja, sem hafa lent í því að fá sinn enska gjaldeyri svo að segja allan bundinn, þannig að þau standa uppi eiginlega gjaldmiðilslaus til að greiða skatta og annað. Ég mun taka þessar fyrirspurnir hv. þm. Vestm. til velviljaðrar athugunar í sambandi við þær athuganir, sem gerðar verða í þessu máli í heild sinni. Því að það er ekki ástand, sem getur verið til frambúðar, að taka þannig lítinn part af þeim erlenda gjaldeyri, sem myndazt hefur ytra, og binda hann, en láta annað af gjaldeyrinum vera laust. Ég hef tjáð hv. flm. brtt., þm. Vestm., þessi svör mín, sem að vísu eru nokkuð óákveðin, en þó svo ákveðin, að ég held, að óhætt sé að skila því til hæstv. forseta, áð hv. þm. Vestm. taki brtt. aftur.

ATKVGR.

Brtt. 263 tekin aftur.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 453).

8. Eftirlit með ungmennum o. fl.

Á 3. fundi í Ed., 23. febr., var úthýtt:

Frv. til l. um eftirlit með ungmennum o. fl. (stjfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Þetta frv. stendur í nánu sambandi við annað frv., sem tekið var fyrir í gær, en það var frv. til l. um vegabréf. Því miður vildi svo til, að ég gat ekki verið viðstaddur þær umr., vegna þess að ég þurfti að vera á fundi annars staðar. Þetta frv. stendur í beinu sambandi við það, og til þess að þetta verði framkvæmanlegt, er óumflýjanlegt, að frv. um vegabréf verði að lögum. Auk þess geri ég ráð fyrir, að þau lög verði sett, til þess að hægt yrði að fylgjast betur með öllu eftirliti, ef eitthvað kynni að koma fyrir, árásir eða annað, sem við vitum auðvitað ekkert um.

Þetta frv. er samið upp úr frv., sem ríkisstjórnin hafði komið sér saman um í aðalatriðum, áður en aukaþingið kom saman í haust. Frv. hafði verið undirbúið af nefnd, 3 konum og 2 lögfræðingum, sem ríkisstjórnin hafði kvatt til þess að endurskoða það. Kom í ljós af viðtali við þm. úr flestum flokkum á Alþ., að þeir voru ekki ánægðir með frv. eins og það var. Þeim þóttu afskipti af málum þess fólks, sem hér er um að ræða, vera of viðtæk. Var auðsætt, að málið mundi af þeim ástæðum ekki fá fylgi á Alþ. Vegna þessarar óánægju var frv. ekki lagt fyrir aukaþingið, og ekki var búið að lagfæra það fyrr en að því þingi loknu. Nú má segja sem svo, að þar sem lítið hafi verið gert í þessum málum hingað til, þá hafi verið mjög hæpin þörf á að gefa út brbl. um þetta atriði. En því er til að svara, að fyrst og fremst var nokkur þörf á undirbúningi undir þessar framkvæmdir, sem hlutu að miðast við það, hvernig þessum brbl. yrði tekið. Brbl., sem lágu fyrir í gær, eru þegar byrjun að framkvæmdum, og án þeirra er mjög erfitt að framkvæma ákvæði þessara l.

Í annan stað var búizt við af hálfu ríkisstjórnarinnar, að mögulegt yrði að hrinda þessum l. að einhverju leyti í framkvæmd fyrir síðastl. áramót. En vegna mikillar húsnæðiseklu hér í bænum, var hið eina hús, sem ríkisstj. gat í bráðina tekið til afnota í þessu skyni, sóttvarnahúsið, tekið sem bráðabirgðaíbúð handa húsnæðislausu fólki. Urðu ráðh. sammála um að láta sjónarmið þessa fólks sitja fyrir. En til þess að hefja framkvæmdir í þessum málum þarf athuganastöð og móttökustöð, og um ekkert annað húsnæði var að ræða í því skyni en sóttvarnahúsið. Auk þess mátti búast við, að flytja þyrfti fyrirvaralítið úr því húsi, af skæðar farsóttir kæmu upp í bænum og taka þyrfti það til sóttvarna, sem það er gert fyrir. En þegar sóttvarnahúsið var athugað, kom í ljós, að gera þurfti við það, en það var ekki hægt fyrr en eftir áramót, að fólkið flutti þaðan. Jafnframt var gert ráð fyrir að koma upp dvalarheimili fyrir þau ungmenni, — sérstaklega ungar stúlkur —, sem voru svo langt leidd, að þau þyrftu að dvelja á uppeldisstofnun. Í þessu skyni hafði

ríkið ætlað í haust að kaupa jörðina Kleppjárnsreyki í Reykholtsdal, þegar hinn nýi læknisbústaður væri tilbúinn. Nú var þetta nýja læknishús síðar tilbúið en gert var ráð fyrir, vegna þess, hve erfitt er að fá verkamenn og smiði til þess að reisa hús. Nú hefur ríkið fest kaup á Kleppjárnsreykjum samkv. heimild í l. frá síðasta Alþ. Hefur það sent mann þangað til að athuga húsið, og er ætlazt til, að það verði dvalarheimili fyrir ungar stúlkur, sem ekki nægir að leiðbeina á þann hátt, sem tekið er fram í l. þessum. Jafnframt þarf að velja menn til að standa fyrir framkvæmdum þessum.

Ég hef nú gert nokkra grein fyrir, hvers vegna brbl. voru sett. Tilgangurinn með þeim var sá, að hægt yrði að hefja framkvæmdir á áramótum, en það reyndist ókleift vegna húsnæðisleysis og fólkseklu. Ég ætla ekki, án sérstaklega gefins tilefnis, að orðlengja frekar um þetta mál. Ég hygg, að flestir séu sammála um það nú, að Alþ. geti ekki látið undir höfuð leggjast að gera ráðstafanir í þessu máli. Það voru ef til vill skiptar skoðanir um, hvort nokkuð ætti að gera í þessu máli. En nú hefur reynslan sýnt, að hjá einhverjum ráðstöfunum til varnar verður ekki komizt. Um það eru flestir sammála nú. Enn halda sumir því fram, að mál þetta sé búið að grafa svo um sig, að láta fólkið, sem í þessi vandræði er komið, eiga sig. Ekkert muni þýða að taka það „úr umferð", eins og sagt er um ölvaða menn. Nýtt fólk mundi koma í þess stað, og bezt sé að láta það sitja þar, sem það er. Ég geri mér ekki von um, að hægt verði að leiðrétta þær misfellur og bæta það tjón, sem þegar er orðið.

Ég veit dæmi til þess, að einstakir menn hafa gert tilraunir til þess að fá ungt fólk, sem komið er út á þessa hálu braut, til að snúa til baka, og margir fullyrða, að þær hafi borið árangur. Ég býst ekki við, að það tjón verði bætt, sem þegar er orðið. En við megum búast við, að styrjöldin standi lengi yfir enn, þó að við vitum það ekki. Þess vegna þarf að gera ráðstafanir til þess að hindra, að ungmenni, sem eftir 1—3 ár komast á hið hættulega aldursskeið fyrir unglingana hér í bænum, gangi sömu götu og það fólk, sem er 3—4 árum eldra. Það má búast við, að engu minni hættur verði á leið þessara barna en þeirra unglinga, sem nú hafa glatað svo miklu vegna þess, hvernig þeir höguðu sér gegn hættunum, sem nú eru í landinu.

Eins og hv. þm. sjá við athugun á frv., er gengið sem allra skemmst í því að hefta einstaklingsfrelsið, þar sem ekki er gripið til þessara úrræða fyrr en í lengstu lög, eftir að allar leiðbeiningar hafa reynzt árangurslausar. Það eru barnaverndarnefndir og skólanefndir, sem hafa hér mikið starf að vinna með áminningum og leiðbeiningum. Þetta fólk er ekki svipt frelsi, fyrr en áminningar og leiðbeiningar hafa ekki náð tilgangi sínum. Ég vildi að síðustu óska þess, þó að frv. yrði eitthvað lagfært, að það fengi að halda sér í öllum aðalatriðum og því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og allshn.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég verð að segja, að mér var ekki ókunnugt um á síðasta þingi, að löggjöf um þetta mál væri í uppsiglingu. Ég sé, að eins og frv. lítur út, þá er þar um að ræða allverulegar breytingar, en það er náttúrlega vandi að gagnrýna frv. á þessu stigi málsins. Ég mun því í aðalatriðum leiða það hjá mér, ekki sízt fyrir þá sök, að málið fer til n., sem ég á sæti í. Ég vil benda á það, sem er töluvert atriði í frv., að barnaverndarn. eiga að fá völd yfir ungmennum að 20 ára aldursskeiði. Hér er tekið stórt skref, og það getur orkað tvímælis, hvað aldurstakmarkið á að vera hátt, og hvort barnaverndarnefndir eigi að hafa völd yfir ungmennunum fram eftir öllum aldri.

Sú till. hefur ekki verið tekin til greina, og hygg ég þó, að hún hafi legið fyrir þeirri n., sem mér skilst, að sé höfundur frv., en það er hin svonefnda ástandsnefnd. Ég bendi aðeins á þetta, en vel má vera, að ekki hafi þótt fært að taka það til greina, sem ég er nú að tæpa á, en ég vil þó gjarnan heyra rök hæstv. ráðh. um þetta atriði, hvort hann sem gamall lögreglustjóri og núverandi dómsmrh. telji það langt frá vegi að mynda siðferðislögreglu.

Mér skilst einnig á frv., að af því muni leiða allverulegan kostnað, og er að sjálfsögðu ekkert við því að segja, ef það nær tilgangi sínum, en ég hefði gjarnan viljað fá að vita, hvort hæstv. ráðh. getur gefið okkur nokkra hugmynd um, hver þessi kostnaður mundi verða, því að það hefur þó nokkra þýðingu, hvort verið er að stofna til kostnaðar, sem menn hafa ekki meir en svo trú á að borgi sig.

Hitt er það, sem við bentum á í þingn. okkar, sem hefur nokkuð verið tekið til greina, en það er, að ekki má líta aðeins á annan aðilann, þann, sem er undir þyngstum áfellisdómi hjá almenningi. Mér skilst, að frv. sé fram komið mest vegna ungra kvenna, og vil ég þá geta þess, að í okkar till., og eins má sjá þess merki í 8. og að nokkru leyti í 9. gr., er ætlazt til, að tillit sé tekið til þess, að til er fólk, karlar sem konur, sem leiðir þessi ungmenni á glapstigu. Spurningin er sú, hvort í þessum l. eru nógu sterk ákvæði gagnvart þeim, sem eru að meira og minna leyti óbeinir hvatamenn þess, að ungar stúlkur og kannske ungir piltar leiðast á glapstigu, og hvort nógu sterkt eftirlit er með því, en slíkt er ekki verk barnaverndarn., heldur lögreglunnar, og er þá komið aftur að þeirri spurningu, hvort ekki þyrfti að vera siðferðislögregla, sem sérstaklega hefði svona mál með höndum, sérstaklega í bæjum eins og Reykjavík, þar sem mannfjöldinn er mestur, bæði íbúar og útlendingar.

Hæstv. ráðh. gat þess, að þrautaúrræðið gæti orðið að koma einhverju af þessu unga fólki á hæli, og er þá sennilega búið að tryggja byggingu slíks hælis. Það getur vel verið, að þetta sé rétt stefna. Veldur mjög miklu, hver þar stjórnar. Sennilega yrði það kona. Er mjög mikið undir því komið, að hún sé þeim vanda vaxin að leiða þær ungu sálir, sem í almennings augum hafa lent á glapstigum. Mér virðist þessu vera sérstaklega beint gagnvart þeim ungmennum, sem í augum borgaranna ættu ekki marga málsvara eða mikils úrkosti, m. ö. o., að efnaðri borgarar slyppu við slíka typtun, en þeir efnaminni yrðu fremur fyrir henni. Og ef við förum í alvöru og einlægni að tala um þetta ástand,

þá vitum við, að þess eru alveg eins dæmi um hina efnuðu, sem hina fátæku, að þeir leiðist út á þá braut, sem í augum Íslendinga er talin miður æskileg. Þess vegna legg ég mjög mikið upp úr því, að l. séu látin ganga jafnt yfir alla.

Ég skal ekkert segja um, hvort hér er rétt stefnt eða ekki, en ég hef heyrt, meira af afspurn en eigin raun, að þetta hafi verið reynt í nágrannalöndum okkar og árangurinn hafi orðið mjög vafasamur. Ég er samþ. í meginatriðunum efni og anda þessa frv. Ég álít, að eitthvað verði að gera. Spurningin er bara, hvaða leið á að fara.

Ég veit ekki, hvort það er goðgá að minnast á það, en mér skildist á hæstv. ráðh., að frv. það um vegabréf, sem lá fyrir d. í gær, væri í nánu sambandi við þetta mál. Ég veit, að ég hef ekki leyfi til að tala um það mál nú, en ég hefði gjarnan viljað óska eftir upplýsingum um, hvers vegna varð að grípa til þess að fara að fyrirskipa mönnum að bera vegabréf og gefa út um það brbl. Það getur verið, að hægt verði að fá þann fróðleik inn í n., en engum blandast hugur um, að undirbúningur þess frv. var ófullkominn, því að það er torvelt fyrir íbúa Reykjavíkur að fá ljósmyndir af sér, og þar að auki er þetta nokkur skattur á menn, 5—8 kr. á nef, þó að ef til vill megi segja, að menn muni ekki mikið um það nú, en ljósmyndararnir segja, að þetta hafi komið eins og þruma yfir þá, því að þeir höfðu t. d. ekki nægan ljósmyndapappír fyrir allar þessar myndir. Annars skal ég ekki fara að ræða það frv. nú, því að það mál liggur ekki fyrir, en ég vona þá, að hæstv. ráðh. geti rætt um þetta mál við n. og skýrt henni frá því, hvað hér á bak við býr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Í gær var hér til 1. umr. frv. til l. um staðfestingu á brbl. um vegabréf. Hæstv. ráðh. lét þá ekki svo lítið að upplýsa, hver tilgangurinn hefði verið með þeirri lagasetningu, enda þótt stj. hafi ekki leyfi til að gefa út brbl., nema brýna nauðsyn beri til. Hæstv. forsrh. hefur lítið eitt bætt úr þessu nú, er hann mælti fyrir frv. því, sem nú liggur hér fyrir, og sagði, án þess að fara nánar inn á þetta frv., hver tilgangurinn væri. Það hefði verið gott að fá að vita þetta í gær, vegna þess að það er ekki gott fyrir þm. að greiða atkv. um mál, sem þeir hafa ekki hugmynd um, hvaða tilgang hefur, sérstaklega þegar um er að ræða brbl., sem stj. hefur ekki heimild til að gefa út, nema brýna nauðsyn beri til. Ég ætla ekki að bera brigður á nauðsyn þessara brbl., en það ber a. m. k. ekki vott um mikla virðingu fyrir stjórnarskránni, þegar ráðh. gerir enga tilraun til að gera þm. skiljanlegt, hvaða nauður hafi rekið stj. til að gefa þessi l. út. Þeim er nefnilega nokkuð farið að fjölga, þessum brbl. Það er engu líkara en að hæstv. stj. hafi alveg fallið úr minni, að ekki má gefa út brbl., nema brýna nauðsyn beri til. Nú liggur fyrir þinginu sægur af brbl. Hvaða nauðsyn hefur borið til fyrir hæstv. stj. að gefa þau öll út? Það kann að vera, að nokkur rök megi færa fyrir nauðsyn þeirra l., sem lágu fyrir d. í gær, en ég hygg, að erfiðara verði að færa fram gild rök fyrir þeim l., sem liggja hér fyrir nú, og í raun-inni mörgum öðrum.

Mér hefði þótt æskilegt að fá að vita, hvaða nauðsyn hefur borið til að gefa út þessi brbl. þennan stutta tíma síðan síðasta þingi lauk. Hæstv. ráðh. upplýsti, að skiptar skoðanir hefðu verið milli flokka um frv., sem legið hefði fyrir, áður en þing kom saman í haust, og þess vegna hefði frv. ekki komið fram. En fyrst skiptar skoðanir voru um það, skils mér, að það hefði verið hlutverk þingsins að ræða það. Nei, hin leiðin var farin. Frv. var ekki lagt fyrir þingið, en þennan stutta tíma, sem leið milli þinga, voru ónefndar konur og menn látin taka að sér það starf, sem Alþingi ber, og svo gaf stj. þetta út sem brbl., tók þannig alveg að nauðsynjalausu löggjafarvaldið af Alþ. og virti stjórnarskrána að vettugi. Nú fer allmikill hluti þingsins í að samþ. öll þessi brbl. Þm. standa augliti til auglitis við staðreyndirnar, l., sem búið er að gefa út og farið er að framkvæma, og þeir líta yfirleitt svo á, að þeir eigi ekki annars kost en að samþ. þessi l. og beygja sig undir staðreyndirnar, samþ. það, sem stj. hefur gert og er farin að framkvæma. Ástandið er þannig á Alþ., að stuðningsflokkar stj. álíta skyldu sína að snúast ekki móti því, sem stj. hefur gert í því efni, enda mundi það kosta stj. svo mikla erfiðleika, ef brbl. féllu, að ekki væru miklar líkur til, að hún gæti haldið áfram að fara með völd. Með þessu verður þinghaldið hreinn skrípaleikur, a. m. k. sá hluti þess, sem fer í að fást við öll slík brbl., og er rétt eins og með slíku sé verið markvisst að vinna að því að brjóta niður virðingu þingsins.

Þessi l. líta fljótt á litið ósköp sakleysislega út, og sjálfsagt eru þau miklu saklausari en frv. það, sem legið hefur fyrir, áður en þing kom saman í haust, eftir því sem ég hef heyrt og mér skildist á ræðu hæstv. forsrh. Ég viðurkenni, að undir vissum kringumstæðum getur verið ástæða að grípa til ráðstafana svipaðra sumum þeim, sem gert er ráð fyrir í þessum l. Samt sem áður er það svo, að þótt nú sé talað um „ástand", þá hefur oft áður verið engu minni nauðsyn til viturlegra ráðstafana vegna unglinga, sem leiðast á glapstigu, heldur en nú. Skýrslur lögreglunnar leiða í ljós, að afbrot unglinga eru stórum minni nú, eftir að atvinnuleysið hvarf. Þetta sannar ekki annað en að það stjórnarfar og þjóðskipulag, sem atvinnuleysinu veldur, á fyrst og fremst sökina. Nú mun það vera hið svonefnda „ástand", sem er tilefni þessara l., og unglingarnir, sem fyrst og fremst er átt við, eru fyrst og fremst stúlkur, og er ætlazt til, að lögreglan hafi eftirlit með framferði þeirra til 20 ára aldurs. Því er ekki að leyna, að almennt mun álitið, að það ástand sé í landinu, að nauðsyn sé til að gera eitthvað. En því er ekki heldur að leyna, að eftir þeirri reynslu og þeim dæmum, sem við höfum af réttarfarinu í þessu landi, þá munu menn ekki við neinu góðu búast úr þeirri átt. Það verður ekki af skafið, að í nafni lögreglunnar, í raun-inni ranglega í nafni hennar allrar, hafa verið gefnar skýrslur, sem eru hneykslanlegar, sannanlega fullar af ýkjum og rangfærslum. Litur út fyrir, að einhverjir menn hafi verið hafðir til þess að snuðra um einkalíf manna og árangur-inn m. a. orðið sá, að skikkanlegar og heiðar-

legar stúlkur, sem hafa verið trúlofaðar útlendingum og jafnvel giftar þeim, hafa verið settar í flokk með vændiskonum og lauslætisdrósum. Slík framkoma er ekki til að efla siðgæði, heldur er hún versta siðleysi.

Eins og réttarfarið er nú í þessu landi, þá óttast ég, að þessum l. verði misbeitt, og það er hægt að misbeita þeim á svívirðilegasta hátt. Í landi, þar sem fávitar og geðveikt fólk er látið vera í fangelsi með afbrotamönnum, þar býst maður ekki við neinu góðu. Með þessum l. er veitt vald til að dæma fólk, sem ekkert refsivert hefur aðhafzt, í allt að 3 ára þvingunarvist. Það heitir ekki refsivist, en það mun verða litið á það sem refsingu. Ég skal ekki leyna því, að mér hrýs hugur við slíku valdi í höndum ríkisstjórnar, sem hefur þá sögu, sem þessi hefur.

Ég held því, að nauðsyn hafi verið mest til allt annarra hluta en þessarar lagaútgáfu. Ef hæstv. stjórn hefði látið sér mjög annt um unglinga þessa lands, hefði hún fyrir löngu séð þeim fyrir tækifæri til framhaldsskólanáms, komið upp menningarstöðvum fyrir æskulýðinn í Reykjavík og veitt unglingunum aðgang að hollum skemmtunum, t. d. með því að koma upp kvikmyndahúsum, þar sem sýndar væru kvikmyndir, sem hefðu menningarlegt gildi.

Það, sem æskulýðurinn þarf á að halda, er þetta. En siðgæði og menning verða aldrei sköpuð með lögregluaðgerðum. Það eru allt aðrir hlutir, sem til þess þarf.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Það var dálítið einkennilegt að heyra það af munni hv. 1. landsk., þó að ég ætli ekki að fara að mótmæla *þeirri setningu, að siðgæði og menning* verði aldrei sköpuð með lögregluaðgerðum. Hvergi mun þó vera nær því en í því ríki, Rússlandi, sem hann vegsamar, þar sem sú stefna er ráðandi, er hann telur sig berjast fyrir, að reynt sé að skapa með lögregluaðgerðum þann móral, sem ríkisvaldið telur, að ráðandi eigi að vera. (__BrB__: Þess vegna er það víst, að Rússarnir eru svona mórallausir!) Nú, er það? Það má t. d. minna á hreinsanirnar svo kölluðu þar í landi. Þeir höfðu þar svo gott yfirlit um þá, sem voru *á móti kerfinu (um slíkt er reyndar ekki að* ræða hér), að þeir voru allir teknir svo að segja fyrstu dagana og skotnir, svo að ekki þyrfti að óttast svo kallaða kvislinga. Hefur hvergi verið gengið eins langt í því og þar að berja menn til hlýðni og ekki bara í því að berja menn, heldur jafnvel þurrka einstaklingana út.

En hitt er rétt, að of litið hefur verið gert að því hér á landi að veita unglingum kost á hollum og góðum skemmtunum. Og auðvitað er ekki hægt að skapa uppeldi og móral með kerfi eins *og því, sem hér er um að ræða. En þetta tvennt* verður þó að fylgjast að. Það þarf að ala æskulýðinn upp, en jafnframt þarf að hirða þá einstaklinga, sem hljóta alltaf að fara forgörðum, og hjálpa þeim til að komast aftur á réttar brautir.

Það, sem veldur því, að ég tek hér til máls, er það, að ég hef verið sakaður um að hafa gefið út brbl. að nauðsynjalausu og að hafa ekki verið hér viðstaddur í gær til að mæla fyrir brbl., sem lögð voru fram. Ég hélt ekki, að þörf væri að beina til mín þessari síðar nefndu ásökun, því að ég hef vanalega fylgt eftir þeim málum, er ég hef borið fram, og ég hef þegar gert grein fyrir ástæðunni til þess, að ég kom ekki í gær. Það voru mistök. Annars er leitt að þurfa að taka þátt í umr. sem þessum, þar sem ríkisstj. er sökuð um hvers konar ósóma fyrir að gefa út þessi brbl., eins og hún væri að fremja eitthvert afbrot, og það þótt hver maður viti, hver tilgangurinn er með brbl. og til hvers verið er að taka upp þessi vegabréf. Það er vitanlegt, að ekki er hægt að framfylgja tilgangi l. nema því aðeins, að hver einstaklingur hafi vegabréf í vasanum, sem sýni, hver hann er og á hvaða aldri. Hvernig á lögreglan að geta haft sæmilegt eftirlit með skemmtistöðum t. d. án slíkra vegabréfa? Það er auðskilið, að miklum óþægindum er létt af lögreglunni og einstaklingunum sjálfum, ef hver maður hefur slíkt bréf á sér. Og mér finnst varla orð á því gerandi, þótt gripið sé til slíkra ráðstafana á ófriðartímum. Hér er svo sem engan veginn verið að hefta frelsi ungmennanna. Og hver ósköp eru það, þó að menn séu skyldaðir til að láta taka af sér mynd, sem kostar, að ég held, tvær krónur og veitir þeim sjálfum ýmis þægindi, og verði svo að taka við vegabréfi á lögreglustöðinni ókeypis. (__SÁÓ__: Það kostar engin mynd minna en fimm krónur.) Það getur verið, en mér finnst samt ástæðulaust að vera að gera veður út af þessu, eins og gert hefur verið hér í blöðunum, því að vitanlegt er það, að lögreglan getur ekki á nokkurn háttt misnotað þessi vegabréf.

Svo er annað atriði, sem allir hv. þm. vita og engum er launungarmál, en við höfum ekki kunnað við að skrifa um í blöðin, þó að við hefðum á þann hátt getað hnekkt þessum rógi. Við vitum, að styrjaldaraðilarnir leggja nú mikla áherzlu á baráttuna um hafið. Við heyrum um hækkun á farmgjöldum af þeim ástæðum, árásir á Færeyjar o. s. frv. Við vitum, að hér fara fram hjá fjölmargar skipalestir á leið til Rússlands og koma jafnvel inn á íslenzkar hafnir. Enginn veit, hvort við sleppum við loftárásir. Þær geta hafizt hvenær sem er. Þegar svo er ástatt, er það siður annars staðar, að *hver einstaklingur er látinn hafa vegabréf*, svo að hægt sé að vita, hver hann er, ef hann lætur líf sitt eða eitthvað annað kemur fyrir hann, er gerir hann ófæran um að segja til sín. Það má líka búast við því, ef til árása kemur, að menn flýi héðan úr bænum, og ef til þess kemur, þá er einnig gott, að menn hafi slík gögn fram að leggja. Þetta viljum við vera lausir við að tala um opinberlega, en það er þó ein meginástæðan til þess, að vegabréfin eru gefin út. Hættan er talin mest um þessar mundir, það *sem eftir er þessa mánaðar, í næsta mánuði* og fram í aprílmánuð, því að þá er orðið nægilega bjart og stillur hæfilega miklar til þess, að hægt sé að fljúga hingað, en svo er talið, að hættan minnki, þegar lengra líður, því að þá er orðið of bjart til árása, þar sem hér er mikið af varnarflugvélum. Þetta höfum við ekki viljað draga mjög fram, til þess að vekja ekki óþarfa hræðslu meðal almennings, þó að reynt hafi verið á hinn bóginn að gefa mönnum til kynna á hóflegan hátt, hver hætta kynni að vera á ferð-

um. Þetta er önnur meginástæðan til þessara brbl., sem svo mjög hefur verið fjargviðrazt út af í blöðum, þó að stj. hafi gefið þau út í samráði við þá menn, er gerst ættu að vita um þessa hættu.

En viðvíkjandi hinum brbl. hef ég skýrt frá því, að til eru bréf, sem farið hafa á milli ráðuneytanna og sýna, að þegar þau voru gefin út, var búið að ákveða að taka sóttvarnarhúsið í Reykjavík til áðurnefndra afnota. En þá skrifaði borgarstjórinn stjórnarráðinu og krafðist hússins til handa húsnæðislausu fólki í bænum. Dómsmrh. mótmælti því, að orðið yrði við þeim tilmælum, en þó varð það úr, mest fyrir atbeina fjmrh., að húsið var tekið til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum, enda var þess talin brýn þörf. Þess vegna stöðvaðist þessi starfsemi. Líka varð dráttur á því, að húsið, sem við keyptum á Kleppjárnsreykjum, yrði laust á tilsettum tíma.

Um það, að fyrirlitning á þm. komi fram í útgáfu þessara brbl., er það að segja, að uppkast að frv. var lagt fyrir fulltrúa þriggja þingflokka á síðasta þingi, og höfðu þeir ýmislegt við það að athuga, en uppkastinu var breytt til samræmis við óskir þeirra, meðal annars í þá átt að láta skólan. og barnaverndarn. hafa sem mesta um þessi mál að fjalla, en láta ekki dómstólana koma til, fyrr en allt um þrýtur. Hér er það ekki stj., sem er að fyrirskipa þm., heldur þm., sem fyrirskipa stj.

Þó að ég vilji ræða sem minnst um ástandsmálin, get ég sagt það, að svo fjarri fer því, að skýrslur lögreglunnar séu ýktar, að ástandið er í raun og veru miklu verra en fram kemur í þessum skýrslum. Ég hef áður sagt það í blaði því, sem að mér stendur, að skýrslurnar væru réttar, og ég veit, að ástandið hefur versnað síðan. Ástandið er svo, að ekki er hægt að tala um það, og er bezt, að sem minnst sé um það talað.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. landsk. sagði, vil ég geta þess, að ætlunin er að skipa hér siðferðislögreglu svipaða þeirri, sem er í mörgum bæjum erlendis. Yrðu í henni aðallega konur, en því miður er erfitt að finna konur, sem hæfar séu til þessa starfa og um leið fúsar til að taka hann að sér. Ég get upplýst það, að í London er íslenzk kona, sem starfað hefur að þess konar málum í mörg ár í sambandi við Þjóðabandalagið, og er hún orðin mjög þekkt, en eins og kunnugt er, tíðkast það mjög, þar sem prostitution er áberandi (við höfum verið lausir við hana að miklu leyti þar til nú), að hið opinbera grípi þar í taumana. Hefur nú verið leitað til þessarar konu og hún beðin að taka að sér þessi störf hér á landi, en hún hefur ekki séð sér það fært vegna anna. En ætlunin er að fá þrjár konur til þessarar starfsemi innan lögreglunnar.

Viðvíkjandi því, hvort koma eigi upp hæli handa þeim stúlkum, sem verst eru komnar, get ég sagt það, að ég tel þess fulla þörf. Þær konur, sem athugað hafa þetta, segja, að hér í bæ sé fjöldi af hálfheimilislausum eða algerlega heimilislausum stúlkum, sem eiga þess engan kost að rétta við, nema þeim sé hjálpað til þess. Ég veit það frá fólki, sem áhuga hefur haft á að hjálpa slíkum stúlkum, að þær segja sem svo: Hvað eigum við að gera? Við fáum hvergi atvinnu, eigum engin heimili, og allir vita, að við erum á þessari braut. Ég veit dæmi þess, að slíkum stúlkum hefur verið útvegað heimili og atvinna, og þær hafa snúið alveg við. Þessi ráð á að reyna fyrst, en ef þau duga ekki, þá er ætlazt til, að stúlkurnar verði settar á sérstök heimili, þar sem þær geta notið kennslu og uppeldis, sem geri þeim fært að snúa aftur til sæmilegs lífs. Þeir, sem hafa kynnt sér hvíta þrælasölu erlendis, vita, að mikill hundraðshluti af þessum ungmennum vill gjarnan snúa við, en getur það ekki hjálparlaust. Það er ekki til neins að halda, að hér verði bót á ráðin nema með nokkuð ströngu aðhaldi, sem vekur nokkurn ótta hjá því fólki, er leggja vildi út á þessa braut. En sízt vil ég beita mér gegn því, að Reykjavík og aðrir bæir leggi nokkuð af mörkum til að sjá ungu fólki fyrir betra uppeldi en hingað til hefur tíðkazt. Mikið af þessum yfirsjónum stafar af því, að fyrir þessu hefur ekki verið séð sem skyldi. En þvílíkar aðgerðir og strangt aðhald verða að haldast í hendur.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég skal vera fáorður. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar hans um vegabréfin. Þó að orð hans væru ekki tæmandi um inntak þessa frv., gat ég skilið, hvað undir bjó. En hvers vegna láðist ríkisstjórninni að gera þessar ráðstafanir á haustþinginu 1941? Loftárásarhættan hefur í engu aukizt síðan, og þá var eigi minna tilefni til slíkra ráðstafana en nú. — En betra seint en aldrei. — En þá vil ég spyrja: Ef vegabréf eru nauðsynleg í Reykjavík og næsta nágrenni með tilliti til loftárásarhættu, hvers vegna eru þau ekki álitin nauðsynleg annars staðar á landinu? Ég hygg hins vegar, að til loftárása geti komið víða úti um land, engu síður en hér í Reykjavík, og þá eru slíkar ráðstafanir sem þessar ekki síður nauðsynlegar þar en hér.

Að öðru leyti skal ég engan veginn draga í efa réttmæti þeirrar fullyrðingar hæstv. forsrh., að nauðsynlegt sé, ef til loftárása kynni að koma, að þekkja fallna menn og særða og þá, sem kunna að flýja heimili sín. Við hitt málið hef ég lýst fylgi mínu, og mun ég ekki fjölyrða um það. Ég tel siðferðislögreglu vera til bóta, um hæli í því skyni gegnir kannske nokkuð öðru máli. Skal þó ekki dregið í efa, að þau séu nauðsynleg. Hins vegar sé ég enga ástæðu til þess að hafa þau uppi í sveit. Ég hefði hins vegar talið hyggilegast, að slík hæli væru reist í næsta nágrenni Reykjavíkur og heimilislausar stúlkur ættu þar jafnan athvarf. Hæstv. forsrh. gat hins vegar ekki svarað fyrirspurn minni um kostnað, er af þessum ráðstöfunum leiðir, og er kannske varla við því að búast á þessu stigi málsins. Mér skilst, að nú þegar séu komnir dómendur í þessum málum í öllum bæjum og sveitum. Auk þess mun óhjákvæmilegt að launa betur en nú **er gert barnaverndunar- og skólanefndir, sökum hins aukna starfs,** sem þessum aðilum er ætlað að inna af hendi.

Af þessu öllu hlýtur að leiða mikinn kostnað. En það er nú svo, að nauðsynlegar framkvæmdir ber að inna af hendi á þann hátt, að **bezt** komi

að notum, en sé þó um leið eins ódýrt og framast er unnt.

Ég sé ýmsan kostnað við þessar ráðstafanir, sem betur þarf að upplýsa áður en málið er afgreitt úr deildinni. En þar sem ég hef tækifæri til þess að fjalla um málið í nefnd, skal ég ekki á þessu stigi málsins lengja umr. frekar.

Brynjólfur Bjarnason: Það er aðeins stutt athugasemd.

Hæstv. forsrh. minntist á uppeldisráðstafanir í Rússlandi, en fór þar ekki með rétt mál. Þar er ungu fólki veitt tækifæri til framhaldsmenntunar og til þess að njóta hollra skemmtana, en lögregluvaldi er ekki beitt í því skyni að bæta siðferðið.

Það er allt annað mál, þó að kvislingar séu skotnir í Rússlandi, það er ekki gert til þess að bæta siðferðið, heldur aðeins í varnarskyni. Það er sama sjálfsvörnin og á sér stað, þegar rússneskir hermenn skjóta á þá heri, er ráðast á rússneska grund. Þetta hlýtur hæstv. forsrh. að skilja.

Það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er það virðingarleysi, sem ríkisstjórnin sýnir Alþingi. Frv. um vegabréf er þar algert aukaatriði, enn fremur það, er ég gat um í fyrri ræðu minni, að hæstv. forsrh. hefði ekki verið viðstaddur í gær, til þess að skýra fyrir þingmönnum nauðsyn þess að setja slík lög, það nefndi ég aðeins sem tákn framangreinds virðingarleysis.

Það virðist svo sem ríkisstjórninni hafi alveg sézt yfir ákvæði stjórnarskrárinnar um útgátu brbl., því að segja má, að hún hafi enga heimild haft til útgáfu alls þorra af þeim ógrynnum brbl., sem raun ber vitni. Hæstv. forsrh. sagði, að álits nokkurra ónefndra þm. hefði verið leitað um málið á síðasta þingi, en ekki unnizt tími til þess að afgreiða það, og var því frestað þangað til þm. voru komnir heim. Þá eru gefin út brbl., og er þing kemur saman næst, er þm. sagt að samþykkja þau.

Nú vil ég spyrja: Er þetta þingræði? Það er farið til einhverra þm., þeir spurðir ráða, en aldrei komið til þingsins. Næst þegar þing kemur saman er búið að setja lögin og farið að framkvæma þau.

Það hefði þó varla verið ofverk haustþingsins að ræða þetta mál, ekki lá nú svo mikið eftir það, nema þá kannske lögin um fornritaútgáfuna, — en það hefði nú sennilega mátt sleppa þeim alveg að skaðlausu.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** 1. landsk. rembdist eins og rjúpan við staurinn að reyna að sanna, að ríkisstjórnin hafi ekki farið eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar um setningu brbl. Hann hlýtur þó að skilja, að það er ávallt matsatriði, hvenær ríkisstjórnin álítur brýna nauðsyn bera til setningar slíkra laga, og í þessu tilfelli áleit hún, að svo væri. Þessi lög eru á allan hátt sett í anda lýðræðisins. Engin stjórnmálastefna neins sérstaks flokks stendur á bak við setningu þessara laga. Hitt er sanni nær, að þau séu sett í samræmi við skoðanir allra flokka á því, að viðhorfið í þessum málum væri svo geigvænlegt, að til öflugra gagnráðstafana bæri að grípa. Hins vegar er rétt, að það komi hér fram, að um enga þvingun gagnvart þm. er að ræða, þeir geta gert það eitt, er þeim sjálfum sýnist.

Mér þykir rétt að upplýsa það hér, ekki vegna þm. sjálfra, heldur vegna þeirra annarra, er á þessar umræður hlýða eða hafa spurnir af þeim, að brbl. eru yfirleitt alls ekki gefin út, nema stjórnin hafi fullvissað sig um, að meiri hl. þm. væri þeim fylgjandi. Það er vitað, að haustþinginu vannst ekki tími til þess að ganga frá þessu frv., en hins vegar er málið afgreitt í höfuðatriðum skv. vilja þeirra nefnda, er skipaðar voru til þess að fjalla um málið. Það, sem hv. 1. landsk. heldur hér fram, er því ekki aðeins rökleysur, heldur og bein ósannindi.

Brynjólfur Bjarnason: Aðeins stutt aths. Ég hef ekki farið með nein ósannindi hér, en hæstv. forsrh. virðist hafa skrítnar hugmyndir um þingræði. Hann virðist halda, að nóg sé að styðja sig við einhverjar nefndir ónefndra þingmanna. En til hvers er þá þingið, ef hann getur kallað saman einhverjar nefndir og látið þar við sitja? Hann álítur þersýnilega enga þörf á því að kalla þingið saman til þess að leggja á ráðin, og þar með talda andstöðuflokka ríkisstjórnarinnar. Hvernig heldur hann, að enska þingið mundi bregðast við, ef brezka ríkisstjórnin hagaði sér svona?

Röksemdafærsla hæstv. forsrh. er með öllu óskiljanleg, en virðingarleysið fyrir Alþingi er svo mikið, að úr hófi keyrir.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. 1. landsk. heldur fast við þetta virðingarleysi gagnvart Alþingi. En nú er það svo, að næstum því hver þm. fyllir þá flokka, er stóðu að ríkisstjórninni. Þess vegna, er hann talar um virðingarleysi, er stjórnin sýnir þinginu, á hann við virðingarleysið fyrir kommúnistaflokknum. Þetta er aðalatriði málsins, og í kringum þennan kjarna hefur hv. 1. landsk. alltaf verið að snúast.

Brynjólfur Bjarnason: Enda þótt um kommúnistaflokk sé að ræða, sem hæstv. forsætisráðherra kallar svo, á hann kröfu til þess að vera kallaður til ráða — **(Forsrh.:** Þetta er kjarni málsins.), en í þessu tilfelli er einnig um fleiri þm. að ræða en þm. Sósfl. Þetta var því lélegur útúrsnúningur hjá hæstv. forsætisráðherra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 9, n. 216).

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Herra forseti! Þetta frv. er samhljóða brbl., sem ríkisstj. gaf út 9. des. s.l.

Allshn. hefur haft þetta frv. lengi til meðferðar og lengur en hún var ánægð með. Ástæðan til þess var fyrst og fremst sú, að hún taldi nauðsynlegt að leita sér ýmissa upplýsinga og

gagna um þetta frv., og það stóð nokkuð lengi á að fá svör við þeim fyrirspurnum, sem n. hafði gefið út. Hún fékk umsögn um þetta bæði frá barnaverndarráði og prófessor í refsirétti við háskólann, Ísleifi Árnasyni. Auk þess taldi n., að hér væri svo mikið nýmæli á ferðinni, að henni væri nauðsyn á að glöggva sig vel á málinu, áður en hún gerði sínar till. um breyt. á því.

Ef maður ber þetta frv. saman við þá löggjöf, sem nú er til um sams konar efni, um afskipti þess opinbera af börnum og unglingum, verður maður fljótt var við, að hér er um að ræða víðtækar breyt. frá þeim l. Aðallöggjöfin fram til þessa er l. um barnavernd, sem sett voru 1932, og var ekkert tilsvarandi til í l. áður. Með þessum l. var gert ráð fyrir að skipa sérstaka barnaverndarn. fyrir kaupstaði, sem hefði eftirlit með börnum allt til 16 ára aldurs; annars staðar var skólan. falið sama starf. Þetta eftirlit með börnum var aðallega í því fólgið að gæta hagsmuna barna gagnvart foreldrum og forráðamönnum þeirra, gæta þess, að þau liði ekki skort, væri ekki ofþjakað með of þungri vinnu, yrðu ekki fyrir óhollum áhrifum siðferðilega á heimilunum o. s. frv. Í þessum l. var barnaverndarn. og skólan. gefið nokkurt vald til þess að ráðstafa börnum innan 16 ára, taka foreldraráðin af foreldrum, ef þau að dómi n. eru ekki fær um að ala börnin upp, og eins ef einhver maður dvelur á heimilinu, sem ætla má, að hafi slæm áhrif á börnin siðferðislega.

Í þessum l., sem hér er ætlazt til, að verði samþ., er fyrst og fremst gert ráð fyrir, að eftirlit með uppeldi og hegðun barna og unglinga skuli ekki ná til 16 ára, heldur til 20 ára aldurs. Auk þess er gert ráð fyrir, að barnaverndarn. og skólan. hafi miklu víðtækari afskipti af hegðun og uppeldi en áður. Í 2. gr. eru taldir vissir lestir eða ávirðingar, sem annars eru ekki refsiverðar í l., sem barnaverndarn. sérstaklega eigi að líta eftir í fari barna og ungmenna, svo sem lauslæti, drykkjuskapur, slæpingsháttur, óknyttir og aðrir slíkir lestir. Verði n. vör við eitthvað af slíku, á hún fyrst og fremst að telja um fyrir ungmenninu og aðvara foreldra og forráðamenn og reyna þannig á friðsamlegan hátt að koma þessu í betra horf. En ef það tekst ekki, þá má beita hæfilegum uppeldisráðstöfunum við þessi börn og unglinga, vista þau í skóla, koma þeim fyrir á heimilum og auk þess að koma þeim fyrir á sérstökum hælum, sem stj. er heimilt að setja upp í þessu skyni. N. hefur ekki úrskurðarvald um þetta, heldur er gert ráð fyrir, að settur verði upp sérstakur dómstóll, sem á að dæma um þessi mál. Héraðsdómari hefur forsæti í dóminum, og auk þess eru tveir meðdómendur, sem bæjar- og sveitarstj. kjósa til 4 ára í senn. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði. Auk þess sem þessir dómstólar eiga að hafa úrskurðarvald í málum vegna brota á þessum l., þá er líka gert ráð fyrir, að þessir dómstólar dæmi einnig um refsimál, sem höfðuð eru gegn unglingum upp í 20 ára. Úrskurðir þessir eiga ekki að vera bundnir við ákveðinn tíma, heldur gilda um ótiltekinn tíma, þó þannig, að sami dómur getur aftur tekið upp málið til úrskurðar um, að hælisvistar sé ekki lengur þörf. Þó má þessi dómur ekki fara fram úr 3 árum, nema nýr úrskurður sé kveðinn upp, og virðist ekkert til fyrirstöðu samkv. þessum l., að unglingur sé dæmdur á hæli og sá dómur sé framlengdur um 3 ár í senn, og ef úrskurður er kveðinn upp, rétt áður en unglingurinn verður 20 ára, getur þessi hælisvist náð allt til 23 ára aldurs unglingsins. Svo er gert ráð fyrir í 6. gr., að þessum úrskurðum megi áfrýja til hæstaréttar, en þó því aðeins af hálfu aðila eða lögráðamanns hans, að dómsmálaráðuneytið gefi leyfi til slíkrar áfrýjunar. Svo eru ýmis nýmæli eins og um það, að banna megi unglingum að vinna tilgreind störf, ef álitið er, að þau geti verið skaðleg þroska og siðferði þeirra. Loks er gert ráð fyrir, að refsa skuli þeim, er leiða ungmenni út á siðferðislega glapstigu eða leyfa, að saurlífi viðgangist í þeim húsum, sem hlutaðeigandi á yfir að ráða. M. ö. o., þær breyt., sem er ætlazt til, að verði gerðar á gildandi löggjöf, er fyrst og fremst að auka stórkostlega eftirlit barnaverndarn., þar sem nú er ætlazt til, að það nái allt til 20 ára aldurs, auk þess sem þetta starf á að verða miklu víðtækara, því að n. eiga hreint og beint að líta eftir hegðun þessara ungmenna og vanda um við forráðamenn þeirra og þau sjálf, ef þær verða varar við þá misbresti á hegðun þeirra, sem tilgreindir eru í 2. gr. Þá er það nýmæli að skipa sérstakan dómstól, og loks eru viðurlög við þessum brotum, sem er frelsissker ðing allvíðtæk, sem getur jafnvel náð allt til 23 ára aldurs.

Í grg. eru ekki tilgreindar aðrar ástæður fyrir frv. en þær, að það sé fram komið vegna þess ástands, sem nú ríkir, og telji stj. því nauðsynlegt að gefa út þessi l. Nú er ekki hægt að álíta, eftir því sem ég þekki til, að drykkjuskapur, slæpingsháttur og óknyttir hafi aukizt svo mjög í seinni tíð, að nauðsynlegt hafi verið þess vegna að grípa til slíkra ráðstafana. Þvert á móti geng ég út frá, að dregið hafi úr slíkum löstum, vegna þess að atvinnuleysi hefur ekkert verið. Unglingarnir hafa meiri kost á að fá sér sómasamlegt lífsviðurværi en þegar atvinnuleysi herjar löndin, svo að það er vafalaust ekki þess vegna, að þessi brbl. hafa verið gefin út. Við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur, það er vegna lauslætis, og er þá eðlilega átt þar við kvenþjóðina, að þessi l. hafa verið gefin út. Og þá er spurningin, hver þörf hafi verið að setja þessi l. og hver verður réttaraðstaða þessara ungmenna. Bæði manna meðal og í blöðum og útvarpi hefur verið mikið rætt um þetta ástand, og enginn vafi er, að siðferðisástandið hefur beðið mikinn hnekki við, að svo fjölmennt erlent setulið hefur verið í landinu, og það er ekkert nema það, sem mátti við búast. Það er gömul saga, að alls staðar þar, sem fjölmennt setulið er langan tíma, þá hefur það ávallt í för með sér nánari kynni kvenna og setuliðsins heldur en almennt hefur verið talið hollt og sómasamlegt, og hefur oft gengið illa að fá ráðstafanir af hálfu þess opinbera, sem gætu heft þetta eða dregið úr. Fyrir Alþ. liggja engar opinberar skýrslur um, hvernig ástatt sé í þessu efni, en öllum er kunnugt, að hæstv. stj. lét á síðasta ári fara fram rannsókn í þessu sambandi, og hefur verið birt hrafl úr þeirri

skýrslu í blöðum. Þessi skýrsla hefur sætt nokkurri gagnrýni bæði af hálfu erlendra hernaðaryfirvalda og eins af hálfu sumra blaða. En hvað um það, enginn vafi er, að ástandið gæti verið betra en það er, og full þörf er fyrir það opinbera að taka í taumana að svo miklu leyti sem í þess valdi stendur, en þó einkanlega að því er snertir börn og vanþroska unglinga.

Nú má um það deila, hversu langt beri að ganga í þessum efnum. Allshn. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að óheppilegt sé, að þetta eftirlit nái allt til 20 ára aldurs. Í nál. eru færðar fram ástæður fyrir þessu, fyrst og fremst það, að samkv. íslenzkum l. er hver unglingur sjálfráður sinna gerða, þegar hann er orðinn 16 ára. Eftir það hefur hann ráð á að vista sig og þarf yfirleitt ekki að spyrja sína forráðamenn, hvernig hann skuli fara með sitt vinnuafl, og hefur að l. leyfi til að ráðstafa sínum högum eins og honum sýnist innan ramma landslaga, og eftir 18 ára aldur hafa konur leyfi til að ganga í hjónaband. N. sýndist alls ekki viðeigandi, að fólk, sem fyrir löngu er búið að fá sjálfræði, sé undir eftirliti barnaverndarn. og skólan. Hitt er annað mál, sem er þess vert, að stj. og þing athugi, hvort það aldurstakmark, sem gert er að skilyrði fyrir sjálfræði, sé ekki of lágt og hvort ekki sé heppilegra að færa það upp, og þá allt upp í 18 ár, og er margt, sem mælir með því, enda er það í samræmi við löggjöf nágrannalandanna, t. d. Danmerkur, þar sem miðað er við 18 ár, en meðan þetta er ekki gert, virðist afar óeðlilegt, að unglingar skuli háðir eftirliti þess opinbera, og það eftir að þeir eru alveg komnir undan yfirráðum foreldra eða forráðamanna.

Þó þykir n. einna varhugaverðast í þessu sambandi að gera starf barnaverndarn. svo víðtækt sem hér er ætlazt til, því að auðvitað verður það miklu meira, eftir því sem fleiri unglingar koma undir eftirlit n. Það er mitt álit, að það geti farið þannig, að þar sem þörfin er mest á eftirliti með börnum og unglingum meðan þeir eru óþroskaðir, þar geti dregið úr því, ef starf barnaverndarn. er gert svo víðtækt sem hér er ætlazt til, auk þess sem eftirlitið verður því erfiðara, því þroskaðri sem unglingarnir eru. Ef framkvæmdin verður slík, að hún verður n. ofvaxin, þá getur það aðeins orðið til þess að gera illt verra í staðinn fyrir að vera til bóta. N. er sem sé þeirrar skoðunar, að börn og unglingar verði fyrst og fremst að fá á heimilunum það uppeldi, sem þau þurfa með. Það er sagt, að án er ills gengis nema heiman hafi, og ég hygg, að grundvöllinn að lífi unga fólksins verði að leggja á heimilunum sjálfum og með þeim áhrifum, sem skólar og kirkja geta haft, og er þar vissulega mikið hlutverk fyrir skóla og kirkju að inna af hendi eins og nú er ástatt í landinu. Ég tel, að afskipti þess opinbera af slíku sé aðeins neyðarráðstöfun, sem er þá allt eins mikið í þágu þjóðfélagsins eins og þeirra unglinga, sem ætlazt er til, að verið sé að bjarga með þessu.

Allshn. hefur því lagt til, að aldurstakmarkið verði fært úr 20 árum niður í 18. Auk þess hefur n. lagt til þá breyt. á dómstólnum, að hann fari eingöngu með þau mál, sem höfðuð eru gegn unglingum fyrir brot á þessum l., en nái ekki til refsimála, sem höfðuð eru gegn unglingum innan 20 ára aldurs, eins og gert er ráð fyrir í frv. N. byggir þetta á því, að eins og kunnugt er hefur legið fyrir þinginu nýlega frv. um breyt. á réttarfari í opinberum málum. Sýnist ekki ástæða til að vera að gera í sambandi við þetta frv. sérstakar breyt. um meðferð refsimála í landinu, þar sem ganga má út frá því, að innan skamms verði þetta mál tekið upp aftur og fái sína endanlegu lausn hér á þingi.

Eins og ég gat um áðan, er í frv. gert ráð fyrir, að úrskurðir um vist ungmenna á hælum eða heimilum séu óákveðnir, en megi þó ekki fara fram úr 3 árum. N. þykir fullmikið, að gengið sé út frá, að ekki sé hægt að breyta slíkum úrskurðum fyrr en þrjú ár eru liðin, og vill færa það niður um eitt ár. Virðist n. það sanngjarnara. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að forráðamenn aðila geti ekki krafizt nýs úrskurðar fyrr en eftir eitt ár. N. vill færa það niður í 6 mánuði.

Loks eru í frumv. ákvæði um, að aðeins megi áfrýja þessum úrskurðum af lögráðamanni, ef dómsmálaráðuneytið veitir leyfi til þess. Þetta er brot á þeim réttarprincipum, sem snerta refsimál, að hver maður geti skotið máli sínu til æðri réttar, og sýnist ástæðulaust að veita ekki ungmennum sama rétt. N. vill þess vegna breyta þessari frvgr. á þann hátt, að ekki þurfi leyfi dómsmrn. í hverju tilfelli, sem aðili vill skjóta slíku máli til hæstaréttar.

Loks leggur n. til breyt. við 9. gr., en þar eru ákvæði, sem herða á þeim refsingum, sem áður hafa gilt samkv. refsilögum fyrir að leiða ungmenni innan 21 árs á glapstigu eða láta saurlífi viðgangast í húsum sínum, bifreiðum eða öðrum stöðum, sem menn hafa yfir að ráða. N. finnst full ástæða til, að inn í þetta séu líka tekin skip, sem hlutaðeigandi ræður yfir, því að það getur eins komið fyrir, að slíkt framferði eigi sér þar stað eins og í húsum, og gerir n. því brtt. þar að lútandi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Brtt. eru ekki stórvægilegar nema 1. brtt., sem er um að færa aldurstakmarkið úr 20 árum í 18 og svo að heimila að áfrýja til hæstaréttar, án þess að leyfi dómsmrn. komi til.

Ég vil að lokum geta þess, að í dag hafa n. borizt ný gögn, sem hún hefur ekki haft tíma til að fara yfir. Er það í sambandi við 1. brtt., og legg ég því til, að hún verði látin bíða til 3. umr.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég sé, að gerðar hafa verið nokkrar brtt. við þetta frv., sem eru að mínu áliti allar heldur til hins verra.

Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, var frv. um þetta tilbúið, þegar haustþingið kom saman, en var ekki vilji meðal þm. að samþ. svo ströng ákvæði sem það frv. gerði ráð fyrir. Er ekkert við því að segja, en ég vil gjarnan, að það komi hér fram, að það stóð ekki á mér að ganga frá þessu, en það var ekki vilji fyrir því hjá þm. Það var reynt að ganga skemmra í þessu máli og koma með ákvæði, sem mættu verða að gagni, og var það gert í því frv., sem

var hér lagt fyrir, og eftir að hafa borið sig saman við þá, sem vildu ganga skemmst í þessu máli, var þetta frv. samþ.

Ég held, að þótt vera kunni eitthvert gagn í þessu frv., eftir að búið væri að draga úr því eins og gert yrði, ef þessar brtt. væru samþ., þá verður frv. miklu rýrara en frv. það, sem var lagt fyrir upphaflega.

*__Sigurjón Á. Ólafsson__: Ég verð að segja það, að ég er mjög undrandi á ræðu hæstv. forsrh. Hann kastar því fram, að allar brtt. séu til ills eins, en gerir svo ekkert til að rökstyðja mál sitt. Frsm. n. gerði ýtarlega grein fyrir brtt. og rökstuddi þær, en hæstv. forsrh. gaf sér ekki tíma til að hlusta á mál hans, og nú þegar ég stend upp, þá gengur hann af fundi.

Ég sé ekki annað en að l. þessi nái tilgangi sínum, þótt aldurstakmarkið sé lækkað og frestur inn lækkaður um eitt ár. Mál þetta er mikið vandamál, og enginn „fasistiskur“ hernaðarandi á að ráða því til lykta hér, því að ég trúi ekki, að harkan ein sé góð til að koma því í framkvæmd, sem gera þarf.

Þar sem hæstv. forsrh. er ekki á fundi, en til hans beindi ég orðum mínum, þá virðist mér tilgangslaust að hafa þessi orð mín fleiri. En ég tel brtt. vera til bóta fyrir málið.

ATKVGR.

Brtt. 216,1 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 216,2 (ný 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
-- 216,3.a. samþ. með 8 shlj. atkv.
-- 216,3.b. samþ. með 8 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 216,4 samþ. með 8 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 216,5 samþ. með 8 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 253, 216,1).

*__Frsm. (Magnús Gíslason)__: Herra forseti! Við 2. umr. lét ég í ljós þá ósk f. h. allshn., að fyrsta brtt. á þskj. 216 yrði ekki látin koma þá til atkv., heldur skyldi því frestað til 3. umr., af því að rétt áður en fundur var settur, bárust n. plögg varðandi málið, sem hún vildi kynna sér frekar. Nú hefur n. farið yfir þessi gögn og ekki fundizt ástæða til að breyta afstöðu sinni til málsins, en leggur til, að till. verði samþ. Till. fer í þá átt að færa aldurstakmarkið, sem eftirlit með unglingum er miðað við, úr 20 árum í 18 ár. Úr því að farið er upp fyrir aldurstakmarkið, sem sjálfræði manna er miðað við, sem sé 16 ár, er alltaf álitamál, hve langt skuli gengið. En því lengra sem farið er frá 16 ára takmarkinu, því meiri hætta er á, að það sé ekki í samræmi við réttarmeðvitund þjóðarinnar, að verknaður, sem talinn er vítalaus, ef fullorðið fólk fremur hann, skuli vera refsiverður og þung hegning koma fyrir í l. um eftirlit með ungmennum.

N. taldi æskilegt, að ríkisstj. vildi bera fram frv. um, að sjálfræði manna verði fært úr 16 ára aldri upp í 18 ára. Við 2. umr. komu ekki fram nein andmæli gegn brtt. nema frá hæstv. forsrh., en þau andmæli voru ekki þannig, að ég ætli að mótmæla þeim, en þar sem ég sé, að hæstv. forsrh. er nú staddur hér í d., þá vildi ég mælast til þess, að hann geri þessu máli betur skil heldur en við 2. umr. þess, og er n. reiðubúin til að ræða öll ágreiningsatriði við hann.

Ég legg svo til, að brtt. verði samþ. og að málið verði afgr. úr d. á þessum fundi.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Ég heyrði því miður aðeins niðurlagið af ræðu hv. 11. landsk., en þóttist skilja, að hann vildi fá mig til að segja eitthvað um þetta mál. Ég sé, að hv. n. leggur til, að frv. sé samþ. eins og hún hefur gengið frá því. — Við 2. umr. lét ég nokkur orð falla um málið, og lét í ljós skoðun mína á breyt. þeim, er gerðar hafa verið af hv. n. við frv., og jafnframt gat ég þess, til hvers þær leiddu. Ég sé, að í nál. er ekki talin ástæða til að ganga lengra en svo að setja takmarkið við 18 ár, og enn fremur er bent á, hvort eigi væri rétt að breyta l. um sjálfræði manna, en þrátt fyrir þetta hefur n. þó ekki getað fallizt á að gera breyt. á sjálfræði eins og lá fyrir í frv. Til álita kom að breyta l. um þetta atriði almennt, en við nánari athugun þótti eðlilegra að hafa ákvæði um þetta í þessum l., því að gert er ráð fyrir, að þessi l. verði við lýði aðeins skamman tíma, svo að hér yrði því aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða. Jafnframt er og vitað mál, ef gerðar eru ráðstafanir til að afstýra því, að margt fólk fari forgörðum, og ef svo á að hætta við þessar ráðstafanir að meira eða minna leyti, þá eru l. gagnslaus með öllu, og þessu fólki er varpað aftur út í sömu eymdina.

Ég vil benda þeim mönnum, sem vilja litlar aðgerðir í málinu, á það, að þeir menn, sem andvígastir voru í fyrra nokkrum aðgerðum, og ýmsir, er skrifuðu í blöðin um þetta á síðasta ári, þeir eru nú búnir að reka sig á, hvernig ástandið er í þessum efnum, og skrifa nú og tala gagnstætt því, sem þeir gerðu.

Í frv., eins og það kom frá ríkisstj., er farið eins skammt og mögulegt var. Í raun og veru þurftu þessar ráðstafanir að vera gerðar miklu fyrr, og ástandið er þannig, að þessi réttarskerðing, sem farið er fram á, er ekki nema lítið af því, sem þjóðfélagið þyrfti að gera til að ráða bót á slíku vandamáli sem þessu. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég býst við, að í kvöld verði haldinn lokaður fundur hér í Alþ. til þess að ræða ýmis vandamál, er skapazt hafa af völdum ófriðarins.

Ég vil að lokum segja það, að því meir sem menn skyggnast í málið, þá sjá þeir, að frv. það, er hér lá fyrir, gekk eins skammt og hægt var, enda var það samið með hliðsjón til þeirra manna, er skemmst vildu ganga.

*__Frsm. (Magnús Gíslason)__: Mér skildist á hæstv. forsrh., að n. hefði ekki viljað samþ. þær

breyt. á sjálfræði, sem farið er fram á í frv., en það er ekki rétt, eins og sjá má af nál. En til þess að breyta ákvæðinu um sjálfræði þarf sérstaka löggjöf, og eins og nú er, þá er sjálfræðið miðað við 16 ára aldur, en eftirlitið nær. eða átti að ná samkv. frv., til 20 ára aldurs. Hæstv. forsrh. sagði, að við í n. vildum hætta að gera ráðstafanir eftir að unglingar eru orðnir 18 ára. Þetta er ef til vill að nokkru leyti rétt, en þó eigi alveg, því að það, sem við viljum, er, að eftirlit eftir 18 ára aldur falli niður. en að þeir, sem brotlegir hafa gerzt við l. fyrir 18 ára aldur, geti náð framlengingu á þeim úrskurði til 20 ára.

Þá sagði hæstv. ráðh., að við álitum lítilla aðgerða þörf, en það er alveg misskilningur, sem stafar líklega af því, að hæstv. forsrh. var ekki í d., þegar ég hélt ræðu mína við 2. umr. málsins, en þá gerði ég fulla grein fyrir okkar breyt. Við leggjum áherzlu á, að það séu börn og vanþroska unglingar, sem þetta eftirlit beinist að, því að ef barnaverndarnefndum er fengið í hendur eftirlit með 20 ára ungmennum, þá yrði starfssvið þeirra of mikið, svo vel gæti farið svo, að úr því yrði kák, auk þess hvað erfitt yrði fyrir hið opinbera að hafa eftirlit með svo þroskuðum ungmennum.

En það verður að hjálpa heimilunum og skólunum að halda í hemilinn á börnum og vanþroska unglingum. Það er hætt við, að þessi brbl. öðlist ekki þann skilning hjá almenningi eins og æskilegt væri, þegar um er að ræða frelsisskerðingu í mörg ár fyrir að vera brotlegur um verknað, sem er talinn vítalaus hjá fullþroska fólki. Tökum t. d. það dæmi, að 13 ára gömul stúlka gerist brotleg við l. Hún er sett á hæli og er þar til 17 ára aldurs. Ef hún hefur ekki batnað við vistina þar, þá má framlengja vistina til 20 ára aldurs. Dugi það ekki, þá þar til stúlkan er orðin 23 ára. Hér er um 9 ára frelsissviptingu að ræða, eða álíka og við stórglæpi. Menn mega vara sig á því, þegar l. eru sett, að þau brjóti ekki í bág við réttarkennd heillar þjóðar.

Það gerir í rauninni lítinn mismun, hvort unglingur er settur á hæli í Árnessýslu eða upp í Borgarfjörð. Í báðum tilfellunum er hann orðinn 2. klassa borgari og gengur með það brennimark það sem eftir er ævinnar.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég sagði nokkur orð um þetta mál við 2. umr þess, sem var beint til hæstv. forsrh., en hann heyrði ekki. Ég mun ekki endurtaka það, sem ég sagði þá. Ég hygg það rétt, að n. hafi tekið þetta mál alvarlegum tökum og reynt að fara hóflega í sakirnar. Enn fremur hefur hún leitað umsagna þeirra, er l. þessi eiga að framkvæma, og einnig þeirra, er hafa sérþekkingu í svona málum. Niðurstaðan er brtt. þær, er hér liggja frammi á þskj. 216.

Ég hygg, að flestir séu sammála um, að á einhvern hátt sé hægt að ráða bót á því ástandi, er hér ríkir í sambandi við hið svokallaða „ástand“, en ég sé ekki, að brtt. n. torveldi á nokkurn hátt framkvæmdir nauðsynlegra ráðstafana. Hið eina, sem máli skiptir, er, að n. hefur fært aldurstakmarkið niður í 18 ára aldur.

Ég vildi gjarnan, að hæstv. forsrh. gæti hlustað á það, sem ég er að segja. (__Forsrh.:__ Ég er því miður tímabundinn, því að ég hef boðað fund kl. 3 og þarf nauðsynlega að mæta þar.) Ég skal ekki vera langorður. Ég vildi, að hæstv. forsrh. svaraði því, hvað líður þeim undirbúningi, sem gera átti, til þess að l. yrðu framkvæmanleg, og hvar þau hæli séu, sem barnaverndarnefnd og sakadómari geta komið fyrir fólki, er þarf að hafa afskipti af. Einn af aðalmönnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur átti við mig ýtarlegt tal um þetta mál í gærkvöldi, og hann sagði, að það, sem torveldaði þeim starfið, væri, að þá vantaði hæli og því um líkt. Brbl. um þetta efni voru sett 9. des. s. l., og ríkisstj. hefði því haft tíma til að gera eitthvað í málinu. — Þessi maður sagði, að barnaverndarnefnd væri í vandræðum bæði með pilta og stúlkur, sem eigi væri hægt að koma fyrir á einkaheimilum. (__Forsrh.:__ Öllu þessu fólki hefur verið komið fyrir.) Jæja, ég held, að þær heimildir, sem ég hef, séu alveg áreiðanlegar. Það er mikill vandi að búa til l., sem bæta úr þessu ástandi, og ég tel hörkuna ekki aðalatriðið, heldur að taka málið sem mýkstum tökum, þó þannig, að almenningur meti það, sem verið er að gera. Till. okkar í n. miða að því að draga úr ýmsu, sem ekki er vel séð af mörgum. Ég játa, að ef til vill hafi okkur sézt yfir ýmis atriði, sem hægt er að gera, og við tökum með þökkum á móti öllum brtt., sem miða til bóta. Ég held, að ekki eigi við að lýsa ástandinu sérstaklega nákvæmlega, því að flestum mun það kunnugt, en það er erfitt að lækna þetta mein, sem er með þjóðinni og að miklu leyti var til orðið áður en setuliðið kom hingað. Það tekur tíma að laga það og verður ekki gert með einu pennastriki frá Alþ.

ATKVGR.
Brtt. 216,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 264).
Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 264, n. 449).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

__Frsm. (Bergur Jónsson):__ Frv. þetta liggur fyrir eins og Ed. samþ. það. Allshn. þessarar d. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

9. Dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Á 1. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum (stjfrv., A. 2).

Á 10. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti (JörB): Þá verður gengið til dagskrár og tekið til meðferðar frv. um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Umr. verður útvarpað, og tekur fyrstur til máls hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, og talar af hálfu Sjálfstfl. í 30 mínútur.

*__Atvmrh. (Ólafur Thors)__: Mál það, er hér er til umr., bráðabirgðal. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, er þegar orðið alþjóð kunnugt. Af hendi þeirra, er að löggjöfinni standa, hafa verið fluttar um það 4 útvarpsræður, auk þess sem blöð Sjálfstæðisflokksins hafa frá því prentaraverkfallinu lauk, birt nokkrar greinar því til skýringar. En Alþýðuflokkurinn, sem með mjög óheiðarlegum herbrögðum tryggði sjálfum sér einkarétt til blaðaútgáfu í höfuðstað landsins, notaði sér þá aðstöðu til þess að flytja daglega blekkingar og rangfærslur um þessa löggjöf, löggjöf, sem þó áreiðanlega verður, þegar fram líða stundir, talin merkasta löggjöf síðari ára, og sú lagasetning, sem öllu öðru fremur stefnir að því að bægja vá frá dyrum verkamanna og annarra launastétta landsins. Málið hefur auk þess verið mikið rætt í útvarpsumr. þeim, er fram hafa farið út af bæjarstjórnarkosningum þeim, er fram eiga að fara hér í Reykjavík næstkomandi sunnudag.

Ég get því að þessu sinni látið mér nægja að drepa á nokkur helztu grundvallarrök þeirra, er að löggjöfinni standa, en vísa að öðru leyti fyrst og fremst til þeirra raka, er ríkisstjórnin hefur áður fært fyrir málinu í útvarpsræðum þeim, er allir ráðh. hafa flutt um málið. Tel ég einnig fyrir það síður þörf á að tína til öll rök, að andstaðan gegn lögunum hefur farið þverrandi með hverjum degi, sem líður, jöfnum höndum og almenningur hefur fengið aðstöðu til að kynnast réttum málavöxtum, og má nú teljast lokið, að undanskildu andófi nokkurra stjórnmálaleiðtoga, sem enn freista þess að afla sjálfum sér fylgis með falsrökum gegn þessu þrifamáli.

Allt fram til þess, er þessi löggjöf var sett, hefur enginn dirfst að andmæla því, að vaxandi verðbólga væri geigvænlegt þjóðarböl. Og af engu hefur ríkisstjórnin, og þá einnig ráðh. Alþfl., *hlotið meira ámæli en einmitt* því, að hann hafi skort vilja eða getu, eða hvort tveggja, til þess að sporna við vexti dýrtíðarinnar.

Á vorþinginu 1941 var sett löggjöf um þessi mál, sem þó ekki kom að liði. Á haustþinginu var að *nýju borið fram frv. um málið*. Náðist sem kunnugt er ekki um það samkomulag. Vildi Framsfl. þá lögbinda ýmis fyrirmæli, en þó í ýmsu ólík þeim, er bráðabirgðal. þessi mæla fyrir um. En Sjálfstfl. og Alþfl. beittu sér gegn því, út frá þeim rökum, að hægt væri að ná öllu hinu sama án löggjafar. *Hefur sú saga verið* margrakin og er öllum löngu kunn. Aðalatriðið er, að allir flokkar töldu höfuðnauðsyn að stemma stigu við vexti dýrtíðarinnar, en frumskilyrði þess er að stöðva kapphlaupið milli afurðaverðs og kaupgjalds, þ. e. a. s. hindra allar hækkanir, jafnt á afurðaverði sem grunnkaupi. Sjálfstfl. og Alþfl. tóku að sér að rannsaka, hvað verkalýðsfélögin hefðu í hyggju í þeim efnum. Að lokinni þeirri rannsókn tók Sjálfstfl. á sig ábyrgð á því, að tvö stærstu verkalýðsfélög landsins mundu una óbreyttu grunnkaupi, en Alþfl., eða ráðh. hans, fullyrti, að flest félög innan Alþýðusambandsins mundu gera hið sama, og aðeins fá félög fara fram á smávægilegar lagfæringar, sem engu gætu orkað á dýrtíðina, eins og hann komst að orði. Talaði ráðherrann um, að ekki væri sæmilegt að „væna“ — hann sagði „væna“ — menn og félög um að svíkja þau fyrirheit, og var í öllu hinn öruggasti, hvað þetta áhrærði. Var þá talið óhætt að treysta því, að grunnkaup héldist óbreytt, og með því að Framsfl. vildi lögbinda afurðaverð óbreytt til 1. september 1942, þótti sýnt, að hvorugt þyrfti að óttast hækkun grunnkaups né afurðaverðs.

Kvað nú Sjálfstfl. upp úr á haustþinginu um stefnu sína með svo hljóðandi úrskurði:

„Ef hægt er að tryggja, að grunnkaup og afurðaverð hækki ekki svo neinu nemi, sýnist mögulegt að ná öllu því sama án nýrrar lagasetningar.“

Hins vegar tók flokkurinn jafnframt af öll tvímæli um það, að ef út af brygði um fullan trúnað í þessum efnum, neyddist hann til að beita löggjafarvaldinu til þess að tryggja það meginstefnumál flokksins að stöðva dýrtíðarflóðið. Var um þetta sagt í framsöguræðu af hálfu flokksins um dýrtíðarmálin á haustþinginu:

„Þótt Sjálfstfl. óski eftir, að þetta mál verði leyst með frjálsum samtökum, þá liggur ekki í því nein synjun um að leggja inn á lögþvingunarleiðina, ef annað reynist árangurslaust.“

Var nú að þessu ráði hnigið á haustþinginu af meiri hluta Alþ., og væntu menn, að treysta mætti því, að frjálsa leiðin héldi.

Dómur reynslunnar varð annar. Lægst laun-

uðu stéttirnar sýndu þegnskap, og var það í senn í þágu þeirra eigin framtíðarheilla og þjóðarheildarinnar. En betur launuðu stéttirnar, þær, sem Stefán Jóhann Stefánsson taldi skömm að „væna“ um kauphækkunarkröfur, brugðust. Nokkrar þeirra heimtuðu hækkun grunnkaups frá 20—30%, og er þeim kröfum fékkst ekki fullnægt, fylgdu þær stéttir, er hlut áttu að máli, þeim eftir með verkföllum.

Þannig var málum komið um áramótin.

Um tvennt var að velja. Annaðhvort að ný dýrtíðaralda riði óbrotin yfir eða að bregða skjótt við og stöðva flóðið viðstöðulaust með nýrri lagasetningu, er setti skorður við nýju kapphlaupi kaupgjalds og verðlags.

Það var að sjálfsögðu metnaðarmál þeirra flokka, er ábyrgð tóku á frjálsu leiðinni, að girða fyrir, að oftraustið á frjálsu leiðinni færði bölvun yfir þjóðfélagið. Að sönnu gat Sjálfstfl. látið sér vel líka, að hans ábyrgð hafði ekki brugðizt. Félögin, sem **hann** rannsakaði, stóðu við sín heit. Það voru orð Alþfl., sem reynzt höfðu ómerk, eins og svo oft áður. En þetta var ekki aðalatriðið, heldur hitt, að úr því að svo fór, lá fyrir að velja milli nýrrar dýrtíðar eða nýrrar löggjafar.

Stjórnarflokkarnir áttu í rauninni ekkert val. Þeir höfðu marglýst yfir því, að þjóðarnauðsyn væri að berjast gegn dýrtíðinni og tjáð sig reiðubúna til þátttöku í þeirri baráttu. Fyrir þeim lá því annaðhvort að eiga þátt í nýrri löggjöf eða svíkja stefnu sína og heit.

Sjálfstfl. valdi að sjálfsögðu hið fyrra.

Alþýðuflokkurinn hið síðara, — eins og svo oft áður.

Í þessari löggjöf er ekki fyrirskipuð kauplækkun, eins og gert hafði verið 1939 með atkvæðum og einlægu fylgi Alþfl. Ekki einu sinni er fyrirskipað óbreytt grunnkaup. Nei, heimilt er að hækka grunnkaup til lagfæringar og samræmingar, en síðan skal goldin alveg full og ótakmörkuð uppbót, eftir því, sem vísitala verðlagsn. segir til um.

Jafnframt eru gerðar margvíslegar aðrar ráðstafanir til stöðvunar á verðlaginu. Þannig er óheimilt að hækka verð á innlendum afurðum umfram það, sem sannað er, að framleiðslukostnaður hafi vaxið, og hvorki má hækka álagningu né vöruverð á erlendum og innlendum vörum, þar með taldar iðnaðarvörur, og ekki heldur farmgjöld, nema að fengnu samþykki gerðardóms, er í eiga sæti 5 eiðsvarnir menn, en dómur sá úrskurðar einnig kauphækkanir allar.

Það er þessi löggjöf, sem Alþfl. hefur tekið upp baráttu gegn. Jafnframt hefur hann bætt nýjum titli við sitt virðulega nafn, svona eins og þegar menn hengja í hnappagatið nýtt heiðursmerki, og kallar sig nú flokk launastéttanna. Nákvæmara heiti hefði þó verið flokkur **há**launastéttanna, þ. e. a. s. flokkur forkólfa Alþfl.

Tvær tylliástæður hefur Alþfl. reynt að færa fram til varnar sínum ábyrgðarsnauða loddaraleik.

Í fyrsta lagi vill Alþfl. aldrei skerða hinn helga samningarétt verkalýðsins varðandi kaup og kjör.

Í öðru lagi eru lögin árás **á launastéttina**, en samkvæmt hinu nýja heiti og heiðursmerki Alþfl. er hann sjálfkjörinn verndarvættur allra launamanna í landinu.

Varðandi hið fyrra nægir að minna á,

að þeir, sem Alþfl. hefur tekið sér til fyrirmyndar og talið sér helzt til frama að stæla í hvívetna, svo sem jafnaðarmenn í Danmörku undir forustu Staunings og jafnaðarmenn í Noregi undir forustu Nygaardsvold, hafa æ ofan í æ lögskipað gerðardóm til þess að gera út um kaupdeilur, og það á friðartímum.

að hér á landi hefur hið sama verið gert a. m. k. tvisvar,

að í annað skiptið var það gert samkvæmt beinni beiðni forsprakka Alþfl.,

að í ársbyrjun 1939, áður en styrjöldin hófst, hafði Alþfl. gengið ólíkt fastar á hinn helga samningarétt og hagsmuni launastéttanna. Þá **flutti** Alþfl., ásamt fleirum, frv. til l. um gengislækkun, þ. e. a. s. um hækkandi verðlag. Í sama frv. bannaði Alþfl. skilyrðislaust að hækka grunnkaup. Þá var ekki eins og nú á valdi neins gerðardóms að hækka kaupið til lagfæringar og samræmingar. Nei. Alþfl. hafði sjálfur setzt í sæti dómarans og kveðið upp dóminn. Enga kauphækkun, pilta, ekki eyri, ekki einn einasta eyri, hversu sem á stendur.

Þetta er hálfleiðinleg æskumynd af hinum virðulega verndara launastéttanna. En sagan er ekki hálfsögð. Í þessum sömu l. Alþfl. frá 1939, lögunum um hækkandi vöruverð, er ekki látið nægja að taka réttinn af launamönnunum til að semja um grunnkaup sitt. Nei, — það er líka tekið af hinum nýju vinum Alþfl., launastéttunum, öll fyrirhöfn og allar áhyggjur út af baráttunni fyrir dýrtíðaruppbót þeim til handa. Alþfl., málsvari launastéttanna, tók einnig það hlutverk að sér. Hann setti í l. bein og ótvíræð ákvæði um það, hversu mikið af dýrtíðinni atvinnuveitandi skyldi greiða verkamönnum og hversu mikið skyldi tekið úr buddu launþeganna sjálfra.

Það, sem verndari launastéttanna þá skammtaði launastéttunum, var þetta:

Engir launamenn áttu að fá neinar bætur, nema verkamenn og sjómenn og þeir fjölskyldumenn í Reykjavík, sem höfðu minna en 300 kr. á mánuði, — segi og skrifa þrjú hundruð krónur á mánuði. Og skammtur þessara allra lægst launuðu manna var svo þessi:

Ef verðlagið hækkaði um minna en 5%, áttu þeir að borga brúsann sjálfir — allan brúsann sjálfir.

Af fyrstu 10% hækkuninni áttu þeir aðeins að fá helming bættan, og eingöngu ⅔ af því, sem dýrtíðin óx þar fram yfir.

Þetta eru sporin, sem verndari launastéttanna skildi eftir sig í löggjöfinni. Þetta er það fordæmi, sem hann þá setti þeim til fyrirmyndar og eftirbreytni, er nú og síðar telja þjóðarnauðsyn að lögbjóða um kaupgjald.

Í þessum kapítula í reyfarasögu Alþfl. stendur skýrt og ótvírætt:

Ef Alþfl. er við völdin, þá er ekki aðeins heimilt að svipta alla launþega hinum helga samningarétti, þá er ekki eingöngu leyfilegt að lögbanna allar breytingar á grunnkaupi. Nei, þá er líka ekki aðeins heimilt, heldur og líka rétt og sjálfsagt að lögfesta kauplækkanir eftir vild,

er leggjast með fullum þunga á þá, er hafa yfir 300 krónur á mánuði, og hálfum þunga á hina.

Þetta er ljót saga af þeim, sem nú allt í einu telja samningaréttinn óskerðanlegan, hvernig sem á stendur, og skyldi enginn misvirða það við leiðtoga Alþfl., þótt þeir að undanförnu hafi reynt að koma við strokleðrinu og afmá eða óskýra þetta leiða letur. Formaðurinn hefur þá líka í útvarpsumr. og í nokkrum fremur veigalitlum og dálítið ósannsöglum pistlum í Alþýðublaðinu verið að reyna að skálda í eyðurnar. Hann reynir auðvitað ekki að neita því, að Alþfl. hafi átt þátt bæði í þessari löggjöf og svipuðum l. frá 1940, enda stendur það allt skráð og skjalfest í Alþingistíðindunum. Nei, Alþfl. var með, það **skal** játað. En lengst af var hann að glíma við sér verri öfl — og alltaf að sigra, að sögn Stefáns Jóh. Stefánssonar. Hann sigraði 1939, þegar launastéttirnar voru sviptar samningsrétti og stórvægileg launalækkun lögfest. Hann sigraði einnig 1940, þegar l. var breytt, og tap launastéttanna náði hámarki. Þannig er allt ein rakin röð sigra, þar til sett eru l. í því skyni að bægja versta fjanda launastéttanna, vaxandi verðbólgu, frá dyrum þjóðfélagsins, l., sem ekki banna hækkun grunnkaups eins og Alþfl. gerði, þegar hann var að sigra, heldur þvert á móti heimiluðu hækkun til samræmingar og lagfæringar, l., sem ekki svipta launastéttirnar ýmist allri eða hálfri dýrtíðaruppbót, eins og Alþfl. gerði, þegar hann var að sigra, heldur l., sem þvert á móti tryggja öllum launþegum fulla dýrtíðaruppbót, 100%, allt upp að 650 kr. mánaðarkaupi. Það er **fyrst**, þegar **þessi** l. eru sett, að Alþfl. snarkippist við í valdastólnum, steytir hnefann og segir: Hingað og ekki lengra, annars stend ég upp og er farinn.

Hver getur fellt saman framkomu Alþfl. 1939 og nú, hver skýrt heljarstökkið?

Stefán Jóhann Stefánsson hefur verið að reyna það. Hann segir: 1939 stóð atvinnulífið höllum fæti, nú blómgast það.

En er ekki samningsrétturinn helgur og óskerðanlegur jafnt fyrir það?

Og er ekki verkalýðurinn, að dómi Stefáns Jóhanns Stefánssonar, einfær um að dæma það, hvenær hans atvinna er í voða, hvenær hans hagsmunir mæla með óbreyttu kaupi eða kauplækkun? Á ekki verkalýðurinn rétt á að segja: Hvað vill Stefán Jóhann Stefánsson og hans nótar vera að taka af mér samningsréttinn og lögbjóða auk þess stórfelldar kauplækkanir? Ég skal sjálfur dæma, hvað mér er fyrir bestu.

Þessu á Alþfl. eftir að svara. Kannske verður verndara launastéttanna stirt um svarið. En brúna milli fortíðar og nútíðar er létt verk að byggja.

1939 blasti valdastóllinn við. Þá varð helgi samningsréttarins að víkja fyrir þjóðarnauðsyn og lögfesting kaups og kauplækkunar beinlínis til blessunar.

1942 blasa kosningar við.

Hinn deyjandi Alþfl. hugsaði: Nú eru góð ráð dýr. Þá er gerðardómur og lögskipuð full dýrtíðaruppbót kúgun og svívirðing, þótt það sé gert til þess að stöðva dýrtíðina. Þá er Alþfl. ófáanlegur til að hafast við í ráðherrastóli með þeim fólum, sem slík níðingsverk fremja.

Þetta er nærri því of greinilegt, til þess að verðskulda heitið kosningabrella. Það er feigðarsvipur á þessum myndum af verndara launastéttanna.

En hversu sterkt er þá hitt haldreipi Alþfl.? Er stöðug kauphækkun til hagsbóta fyrir launastéttirnar?

Í öllum siðmenningarlöndum er nú háð hörð brið gegn dýrtíðinni. Og alls staðar er þeirri herferð hagað á sama hátt. Allir stefna öllum árásum á sömu tvo höfuðóvinina, hækkun kaupgjalds og hækkun afurðaverðs. Hvers vegna? Það er vegna þess, að allir hafa fyrir löngu gert sér ljóst, að það er þetta tvennt, kaupgjaldið og afurðaverðið, sem skapar verðbólguna. Hvort verðlagið eltir annað, en bæði skapa þau dýrtíðarskrúfuna, sem allt veltur á að stöðva.

Íslendingar eiga mörgum öðrum betri aðstöðu til að öðlast fullan skilning á þessum málum. Innlendar afurðir ráða vísitölunni að ⅙ hlutum. Hækki kaupgjaldið, vex framleiðslukostnaðurinn að sama skapi. Framleiðendur krefjast að fá það bætt með hækkuðu afurðaverði. Sú verðlagshækkun veldur svo aftur því, að kauphækkunin verður launþeganum einskis virði. Hann fær að sönnu fleiri krónur, en þær eru verðminni, svo að hann getur ekki aflað sér meiri lífsþæginda eftir kauphækkunina en fyrir. Hann krefst því nýrrar kauphækkunar, sem svo leiðir til nýrrar hækkunar á afurðaverðinu, o. s. frv. Þetta er dýrtíðarskrúfan. Í rauninni hækkar hún hvorki afurðaverðið né kaupgjaldið. Hún lækkar verðgildi peninganna. Hún ræðst á sparifé, ellitrygginguna, líftrygginguna, peningakröfuna í hverju formi sem er. Gerir peningana stöðugt verðminni, þar til þeir eru að engu orðnir.

En sá, sem berst fyrir dýrtíðinni, er ekki aðeins fjandmaður sparifjáreigandans, gamalmennisins, ekkna og munaðarleysingja og annarra, er afkomuvonir hafa byggt á peningaeign eða peningakröfum. Nei, hann er einnig böðull framleiðenda og launamanna og raunar alþjóðar.

Við okkur Íslendingum blasir bölvun framtíðar óvenju skýr og ótvíræð, sé verðbólgan látin óhindruð.

Ég geri hér ekki að umræðuefni, hvort auðið muni að tryggja, meðan ófriðurinn stendur, nægjanlega hátt verð á útflutningsvörunni til þess að standa undir því kaupgjaldi, er leiðir af taumlausri innanlands verðbólgu. Ég vek aðeins athygli á því, að bregðist það, er hrunið skollið á.

En eftir stríðið? Hvað skeður þá? Þá missa þær þúsundir manna atvinnu, er lífsframfæri hafa haft af þjónustu í þágu hervaldsins. Allir, sem grætt hafa á auknum tekjum þeirra manna, og allir, sem hagnazt hafa beint og óbeint af eyðslueyri erlenda setuliðsins, missa spæni úr aski sínum. Sú alda breiðist út í hvern afkima fjármálalífs þjóðarinnar. Loks hverfur svo sá stríðsgróði, sem ríkissjóður hefur gert sér að mikilli tekjulind, einmitt þegar nýjar framfærslukvaðir leggjast á ríkissjóðinn.

Næsti þáttur er fljótlesinn.

Segjum, að Alþfl. og kommúnistar hefðu sigrað og kaupgjald og verðlag fengið óhindrað að eigast við. Segjum, að vísitalan hefði ekki verið stöðvuð neitt nærri 183 stigum, eins og nú er, heldur t. d. komizt í 500, eða rétt hærra en í

síðustu styrjöld, og auðvitað væri kaupgjaldið og afurðaverðið í réttu samræmi.

Hvað skeður þá?

Það, sem skeður, er þetta: Þegar tekjur ríkissjóðs bregðast, en jafnframt hlaðast á hann nýjar kvaðir og skyldur, þá lækkar Alþ. á einni kvöldstund með einni lagabreyt. dýrtíðaruppbætur embættis- og sýslunarmanna úr 400% í 300% — 200% eða 100%, eftir því sem fjárhagur ríkissjóðs krefst. Í kjölfarið og fast á eftir sigla ríkisstofnanir, verzlanir, sem viðskiptin missa, framleiðendur, sem þola verða markaðsmissi og verðfall o. s. frv. Verkalýður til lands og sjávar mótmælir. Verkföll og verkbönn neyta átaka og afls. Kannske lækkar tímakaupið lítið, en tímunum fækkar, atvinnan minnkar. Atvinnuleysið heldur innreið sína með sult og seyru sitt til hvorrar handar.

Þetta er það, sem koma mun, ef baráttta Sjálfstfl. og Framsfl. gegn dýrtíðinni yrði brotin á bak aftur.

Sækist nokkur eftir þessu? Hver er sá, er vill skipta á þessu og því að spyrna nú við fæti, stöðva dýrtíðina, una sínu, festa gildi þeirra peninga, sem þjóðin með áratuga striti hafði eignazt og nú óvænt og sumpart óverðskuldað hafa aukizt meir en nokkrar vonir stóðu til, tryggja verðgildi sparifjár og líftryggingarfjár, og vígbúast þannig á öllum sviðum gegn þeim óhemju örðugleikum, er óhjákvæmilega bíða okkar sem annarra þjóða á sviði atvinnu- og fjármálalífsins að ófriðnum loknum?

Hver þorir að segja, að hann vilji þetta?

Enginn.

En kommúnistar vilja það. Þeir skilja, hvað í vændum er, ef þjóðin æðir áfram í gullleit og gróðavímu á feigðarbraut vaxandi dýrtíðar. Þeir sjá hrunið, sem þá bíður Íslendinga, verðleysi peninganna, afnám eignarréttar, upplausn sjálfs þjóðskipulagsins.

Það er þetta, sem **þeir** vilja. Þess vegna berjast þeir fyrir dýrtíðinni. Þess vegna mundu þeir hlakka eins og hrafnar yfir hræi, ef ríkisstjórnin yrði að lúta í lægra haldi í baráttunni gegn dýrtíðinni.

En Alþýðuflokkurinn? Villist honum sýn um, hvað í vændum er?

Eða er það þetta, sem **hann** vill?

Við skulum spyrja hann sjálfan. Rödd Alþfl. hefur oft kveðið við í þessu máli. Talsmaður flokksins, Jón Blöndal hagfræðingur, hefur fyrr og síðar sagt frá skoðun flokks síns í því. Af mörgu, sem hann fyrir flokksins hönd hefur um þetta sagt, mun ég aðeins rifja tvennt upp. Hið fyrra er skrifað í Alþýðublaðið í árslok 1940 og hefur nýlega verið gert að umræðuefni. Þar segir Jón Blöndal:

„Ég vil halda því fram, að engin stétt geti til lengdar grætt á því verðhækkunarkapphlaupi, sem hér hefur verið háð undanfarið. Máske getur sá gróði enzt fram yfir næstu kosningar, en óvíst, að það verði miklu lengur. Haldi verðhækkunarskrúfan áfram, leiðir hún óhjákvæmilega til þess, að framleiðslukostnaðurinn hækkar, atvinnuvegirnir hætta á ný að bera sig, þeir, sem nú græða, fara að tapa, og hrunið blasir við fyrr en menn kann að óra fyrir nú". Þetta sagði Jón Blöndal þá.

Alveg nýverið hefur svo hagfræðingurinn Jón Blöndal, ekki Alþýðuflokksmaðurinn, sagt álit sitt af nýju. Í greinargerð varðandi skyldusparnað, sem hann ásamt hagstofustjóra og Ólafi R. Björnssyni hagfræðingi hefur sent ríkisstjórninni og dagsett er 10. f. m., segir meðal annars:

„Þeir, sem fyrst og fremst verða fyrir barðinu á verðbólgunni, eru fólk, sem á peningakröfur, svo sem sparifjáreigendur, eigendur peningakrafna á hendur einstaklingum o. s. frv. Þeir, sem aftur á móti græða á verðbólgunni, eru atvinnurekendur," segir Jón Blöndal. Þennan gróða af verðbólgunni athuga svo hagfræðingarnir nánar og komast að þessari niðurstöðu:

„En haldi verðbólgan hér á landi áfram, hlýtur gengislækkun að verða óumflýjanleg fyrr eða síðar, en hún mundi koma af stað nýrri dýrtíðaröldu." — „Þegar verðbólgan hefur náð vissu stigi, skapast hætta á því, að kapphlaup verði um þær vörur, sem á boðstólum eru, þar eð allir vilja reyna að koma peningum sínum í vörur, áður en kaupmáttur þeirra minnkar meir. Skapast þá hætta af vöruþurrð. Algert verðhrun peninganna mundi líka sennilega skapa slíkt öngþveiti í atvinnulífinu, að vafamál er, hvort það mundi ekki einnig í þágu atvinnurekenda, sem framleiða fyrir innlendan markað, eða þeirrar stéttar, sem líklegust er til þess að græða á verðbólgunni, að hún yrði stöðvuð, þannig að segja megi með enska hagfræðingnum Keynes, að ráðstöfunum gegn verðbólgunni megi líkja við umferðarreglurnar, þannig að þær séu til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigendur."

Þannig talar Jón Blöndal nú í hópi hagfræðinga, þ. e. a. s. þegar hann segir það, sem hann meinar.

Hér lýsir Jón Blöndal prýðilega blóðferli verðbólgunnar. Ímyndaður gróði og töp. Gengisfall. Öngþveiti í atvinnulífinu. Niðurstaðan er: „að ráðstöfunum gegn verðbólgunni megi líkja við umferðarreglur, þannig að þær séu til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigendur." Með öðrum orðum, Jón Blöndal segir: Það er jafnnauðsynlegt að stöðva verðhækkunarskrúfuna, festa grunnkaup og afurðaverð — eins og ríkisstjórnin hefur nú lagt til að gert verði — sem það að setja umferðarreglur í mannmargri borg. Sé þetta ekki gert, þ. e. a. s. ráði þeir, sem berjast gegn gerðardómsl., þar á meðal fyrst og fremst Alþfl., tapa fyrst sparifjáreigendur, gamalmenni, ekkjur og munaðarleysingjar, en síðan skapast öngþveiti, sem allir tapa á.

Þannig mælir þessi framsögumaður Alþfl. í fjármálum. Að þetta er einnig skoðun Alþfl., vita allir, sem til þekkja. En það sannast m. a. af því, að um svipað leyti lýsti einn af aðalleiðtogum Alþfl., Jónas Guðmundsson, því í Alþýðublaðinu, hvernig fara mundi, ef stjórnina brysti kjark til að berjast gegn dýrtíðinni. Hann komst þannig að orði:

„Þegar stríðinu loks lýkur og allt fer aftur að lækka, verður kaupgjaldið, húsaleigan og verð á innlendum afurðum í algerðu ósamræmi við afurðaverð það á erlendum markaði, sem þá fæst, kyrrstaða og ný kreppa steðjar að atvinnulífinu, og sama sagan, sem við höfum þekkt síðustu 10 árin, endurtekur sig." — „En framkvæmd þessara mála þarf að vera sterk og ör-

ugg, og engin undanbrögð mætti leyfa neinum. Þjóðinni er skylt að bera sameiginlega byrðarnar, og sá, sem ætlar þar undan að svíkjast, ætti að gjalda þess grimmilega.“ — „Það hafa áreiðanlega oft verið sett bráðabirgðalög hér á landi af ekki brýnni nauðsyn en hér er nefnd og af minna tilefni.“ Svona talar þessi aðalforvígismaður Alþfl.

Þessi hlið málsins er útrædd. Hér er ekkert um að villast. Alþfl. veit, eins og allir aðrir, að vaxandi dýrtíð færir ógn og öngþveiti yfir alla, en þó bitnar bölvun sú fyrst og mest á sparifjáreigendum og þeim, er aðrar peningakröfur eiga, og launamönnum öllum.

Barátta Alþfl. gegn ríkisstjórninni í þessu máli er því eigi aðeins barátta gegn réttum og góðum málstað, heldur og barátta gegn betri vitund.

En hvers vegna gerist Alþfl. sekur um slíkt athæfi? Hvers vegna ræðst Alþfl. gegn augljósum hagsmunum almennings? Hvers vegna vegur Alþfl. þyngst að þeim, sem hann þykist vilja vernda?

Spyrjum Jónas Guðmundsson.

Hann segir í áðurnefndri grein um nauðsyn á útgáfu bráðabirgðal. til að stöðva vöxt verðbólgunnar:

„Það skal játað, að það þarf nokkurt hugrekki til þessara framkvæmda.“

Mundi þetta ekki vera svarið? Það stóðu fyrir dyrum bæjarstjórnarkosningar. M. a. vegna ákvæðinnar synjunar prentsmiðju Alþfl. á því að verða við kaupkröfum prentara skall á prentaraverkfall. Þessi prentsmiðja Alþfl. hafði skriflega heitið að halda hópinn með öðrum prentsmiðjum. Þegar verkfallið var riðið yfir, sveik hún það heit og hefur nú verið dæmd fyrir. Þar með tryggði Alþfl. tvennt. Í fyrsta lagi að geta sjálfur gefið út blað. Í öðru lagi, að aðrir flokkar gátu ekki gefið út blað.

Jafnframt afneitaði ráðh. Alþfl. sinni eigin og flokksins fortíð og skoðunum í höfuðnauðsynjamálum þjóðarinnar, dýrtíðarmálunum, skarst úr leik og sagði sig úr ríkisstjórninni. Þannig sveik Alþfl. gefin heit um að berjast gegn hækkun á grunnkaupi. Hann setti sig í þess stað sjálfan í fararbrodd fyrir verkföll og óreiðu og notaði illa fenginn einkarétt til blaðaútgáfu eftir fremstu getu til árása á ríkisstjórnina út af viðleitni hennar til að stöðva dýrtíðina. Hann lagðist á sveif með kommúnistum í baráttunni gegn hagsmunum launastéttanna, gegn hagsmunum sjúkra, gegn hagsmunum gamalla og munaðarlausra, í baráttunni fyrir öngþveiti í þjóðfélaginu.

Þetta er það, sem Alþfl. gerði. Allt þetta. Og hvers vegna?

„Það þarf hugrekki“, sagði Jónas Guðmundsson. Kosningar stóðu fyrir dyrum. Bæjar- og sveitarstjórnarkosningar og þingkosningar. Í mörg ár hefur Alþfl. verið brýndur á því, að hann væri deyjandi flokkur. Nú var komið að kosningum, að dómsdegi. Alþfl. vissi, hver dómurinn yrði. Hann brast hugrekki til að hlýða á þann dóm. Í örvinglan kastaði hann öllu fyrir borð, eigin fortíð í málinu, skoðun sinni, velferð umbjóðenda sinna og hagsmunum alþjóðar, allt í því sama skyni að reyna að rétta bardagann, reyna að afla sér kjörfylgis á kostnað alþjóðar. Silfurpeningarnir urðu að vísu nokkrir, Júdasarlaunin einhver. Alþfl. fékk skárri kosningaúrslit í kaupstöðum landsins en hann áður hafði gert sér vonir um.

En nú er aftur komið að skuldadögunum. Nú eru svikin komin í dagsins ljós. Nú veit Alþfl., hvað bíður hans. Nú mundi Alþfl. einskis fremur óska en þess að hafa átt dálitið meira hugrekki, þegar gerðardómsl. voru sett, því að nú brestur hann hugrekki til að horfast í augu við dóm þjóðarinnar yfir þeim svikum, sem hann þá framdi, ofan á allt annað.

Forseti (JörB): Næstur tekur hv. þm. Seyðf., Haraldur Guðmundsson, til máls og talar af hálfu Alþýðuflokksins í 30 mínútur.

Haraldur Guðmundsson: Ef hægt væri að stöðva dýrtíðina með stóryrðum og skömmum um Alþýðuflokkinn, þá væri áreiðanlega engin dýrtíð í landinu. Ég skal ekki víkja nema fáeinum orðum að þeim rakaleysum, sem hæstv. atvmrh. flutti hér áðan, en verð að drepa nokkuð á það, sem hann sagði um árið 1939 og það, sem þá var gert. Hann orðaði það svo, að lög Alþfl. um að hækka vöruverðið hefðu verið bein árás gegn launastéttunum í landinu. Ég er nú vanur við sitt af hverju í stjórnmálunum, en meiri óheiðarleik hef ég aldrei á minni ævi upplifað. Ég man ekki betur en að þessi hæstv. ráðh. hafi verið einn aðalhvatamaður þess, að gengisl. voru sett, af því að stéttarbræður hans voru komnir í fjárþröng. Alþfl. bar þá fram allt aðrar till. í þessu máli heldur en gengislækkun, en till. hans voru felldar, svo að það eina, sem Alþfl. gat gert, var að koma fram svo miklum uppbótum, sem mögulegt var, til þess að mæta dýrtíðinni. En þessi hæstv. ráðh. stóð þá fremstur í flokki til að hindra, að allar slíkar till. Alþfl. næðu samþ.

Ég mun ekki að sinni svara þessum hæstv. ráðh. frekar.

Nú eru nærfellt 3 ár síðan samsteypustjórnin var mynduð. Höfuðverkefni hennar var að skapa einingu innan stjórnmálaflokkanna til þess að mæta yfirvofandi stríðshættu. Nú er þessi eining rofin, vegna blygðunarlausrar árásar á launastéttir landsins af þeim flokkum, sem hafa sérstaklega beitt sér fyrir því, að ríkisstjórnin verndaði þær fyrir áróðri frá hinum flokkunum. Annað höfuðverkefni þjóðstjórnarinnar var að afstýra dýrtíðinni í landinu. En hvað hefur verið gert til þess að stöðva dýrtíðina? Þessi 3ja ára barátta hefur ekki borið mikinn árangur. Vísitalan hefur hækkað upp í 183 stig, þrátt fyrir stór orð hæstv. atvmrh. um, að ráðh. væru alltaf að berjast gegn dýrtíðinni, og engin grunnkaupshækkun til að mæta aukinni dýrtíð. Ráðherrarnir hafa vissulega rætt mikið og ritað um dýrtíðina og bölvun hennar. En þeir hafa ekkert gert til að stöðva hana. Eini ráðherrann í samsteypustjórninni, sem nokkuð hefur gert til að stöðva dýrtíðina, er Stefán Jóhann Stefánsson, ráðh. Alþfl. Undir hann heyrðu húsaleigulögin, og eins og kunnugt er, hélzt húsaleigan óbreytt til 1. okt. síðastl. Síðan hefur hún hækkað aðeins um 11%

þrátt fyrir kröfu sjálfstæðismanna um að gefa hana frjálsa, og má fullyrða, að þá mundi hún hafa hækkað vísitöluna um 20—40 stig. Einu raunhæfu till. til dýrtíðarráðstafana eru till. Alþfl. 1940. Hann lagði til, að lagt yrði útflutningsgjald á ísfiskinn, sem yrði notað til þess að halda niðri verðlagi nauðsynja og flutningsgjalda og verðbæta innlendar afurðir. Auk þess vildi Alþfl. láta skattleggja stríðsgróðann. En hinir fjórir ráðh. í ríkisstjórninni hafa bókstaflega ekkert gert til þess að hamla gegn dýrtíðinni. Þeir hafa þvert á móti beinlínis aukið hana. Ástæðan er sú, að þeir hafa séð sér leik á borði að nota ávöxt dýrtíðarinnar — verðlagshækkunina — til að skara eld að köku þeirra manna og stétta, sem þeir bera sérstaklega fyrir brjósti, en það eru verzlunarstéttin og atvinnurekendur, hinir hærri. Enda hefur stríðsgróðinn allan þennan tíma runnið þangað í stríðum straumum, og verðlagið fór hækkandi með hverjum mánuði, meðan þeir yfirfylltu blöðin og eyru Íslendinga með orðum um böl dýrtíðarinnar. En jafnvel þessi gróði getur orðið skammgóður stundarhagur, áreiðanlega keyptur á kostnað heilbrigðs atvinnulífs í landinu í framtíðinni. Allir eru sammála um, að frumorsök dýrtíðarinnar sé hækkun erlendra vara og farmgjalda (sbr. álit hagfræðinganefndar.) Hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, sem er ráðherra siglingamála, bar skylda til að hindra, að farmgjöld hækkuðu umfram þörf. En ráðh. gerir það ekki. Hann hindrar það, að sett séu brbl. um takmörkun flutningsgjalda, og eftir að Alþ. varið 1941 hefur sett l. um þetta efni, neitar hann að framkvæma þau, en skrifar í blöðin að farmgjaldahækkunin muni aðeins valda hækkun á vísitölunni, sem nemur broti úr stigi.

Ársreikningur Eimskips græðir 5 millj. kr. árið 1940. Um gróða annarra íslenzkra flutningaskipa gefur sala Ísafoldar á Eddu, Fjallfoss, nokkra hugmynd. Hlutafé þessa félags var rúmar 80 þús. kr. og bréfin voru innleyst með 30-földu verði. Skipaeigendur græddu, þökk sé hæstv. ráðherranum. En hverjir borga gróðann? Ofan á síaukin farmgjöld og þennan taumlausa gróða, leggjast svo verðtollar og álagningar verzlana, sem eru frá 40% upp í 100% á skömmtunarvörur. Fyrir þessa menn hefur hér verið sannkallað Gósenland stríðsgróðans, undir verndarvæng hæstv. ráðh., sem nú telur þjóðarvoða, ef grunnkaup verkamanns hækkar um nokkrar krónur. Nú virðist hæstv. ráðh. telja það þjóðarvoða, ef kaup prentara og járnsmiða, hinna láglaunuðu iðnstétta, hækkar úr 8000 kr. í 13000 kr. á ári, en 8000 kr. í fyrra svara til 5000 kr. fyrir stríð. Önnur meginástæða dýrtíðarinnar er stríðsgróðinn, sem flæddi yfir landið frá því á miðju ári 1940, vegna hinnar gífurlega háu og síhækkandi ísfisksölu í Englandi. En hæstv. ráðh. sér engan voða af þessum stórfellda milljónagróða, sem er aukinn og margfaldaður með tollum og álögum. Alþfl. vildi í fyrsta lagi binda gróðann í nýbyggingum, í öðru lagi leggja á útflutningsgjöld og í þriðja lagi leggja á stríðsgróðaskatt. Hann hélt fast í skattfrelsið og hindraði útgáfu brbl. um afnám þess. Hann hafði góð orð um að aura í sjómannaskóla, ef skattfrelsið fengi að haldast. Og þegar loks skattfrelsið fékkst afnumið á Alþ. 1941, tókst ekki að fá Framsóknarfl. til þess að samþ. tapsfrádráttinn frá 1931 og draga þannig undan skatti margar millj. kr., sem juku „spekulationina", verðbólguna og dýrtíðina í landinu.

Þá kem ég að hæstv. forsrh., Hermanni Jónassyni.

Sumir undrast aðgerðaleysi forsrh. í dýrtíðarmálunum, þegar þeir bera það saman við öll skrif hans í „Tímann". Skýringin er þessi: Aðaláhugamál þeirra er með öllu ósamrýmanlegt því að halda dýrtíðinni í skefjum, en það er að koma afurðum bænda í sem allra hæst verð, til þess að tryggja flokknum vissara kjörfylgi þeirra. Hækkun landbúnaðarafurða er þriðja meginorsök dýrtíðarinnar, enda hefur hún orðið þrefalt meiri en verðlagsuppbót verkamanna og langtum meiri en hækkun erlendra vara, þrátt fyrir gífurleg flutningsgjöld, tolla og álagningar. En að vonum hefur þetta orðið til þess að auka dýrtíðina stórkostlega. Meira en helmingur vísitöluhækkunar stafar af hækkun á íslenzkum afurðum. Allan þennan tíma hefur verðlagið verið ákveðið af opinberum nefndum undir yfirstjórn Hermanns Jónassonar landbrh. Þannig hefur hann barizt gegn dýrtíðinni, þegar hann hefur ekki verið að skrifa í Tímann. Þetta eru hinar raunverulegu dýrtíðarráðstafanir hæstv. forsrh., þ. e. til að auka dýrtíðina. Öllum till. Alþfl. um að halda niðri verðlagi landbúnaðarafurða með verðuppbótum, sem teknar væru af stríðsgróða og útflutningsgjaldi af ísfiski, hafnaði þessi hæstv. ráðh.

Þegar Hermann Jónasson er búinn að hækka verð á landbúnaðarafurðum svo, að Dagsbrúnarverkamaður þarf að vinna 2 stundir fyrir 1 kg af kjöti, í stað einnar stundar fyrir stríð, og þar með hækkað grunnkaup bænda, berst hann fyrir því, að kaupgjaldið sé bundið með lögum og verðlagsuppbótin einnig, þótt dýrtíðin aukist. Þá sér hann, hvers virði grunnkaupshækkunin er. Það skal játað, að ýmislegt mælir með því, að grunnkaup bænda hækki vegna aukins framleiðslukostnaðar. En allar sömu ástæður mæla með tilsvarandi grunnkaupshækkun til verkamanna og launastétta, því að hagsmunir þessara stétta beggja fara saman og eru andstæðir hagsmunum atvinnurekenda og stríðsgróðamanna.

Hæstv. fjmrh., Jakob Möller, hefur verið veitt gersilega víðtækt vald til þess að gera ráðstafanir til að stöðva dýrtíðina. Reglulegt Alþ. 1941 samþ. l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Þar voru ríkisstjórninni gefnar svo víðtækar heimildir, að þess eru fá eða engin dæmi í íslenzkri löggjöf, í því skyni, að stjórnin stöðvaði dýrtíðina, sem þá var komin í 155 stig. Jakob Möller var þar gefin heimild til í þessu skyni:

a) að leggja fram 5 millj. kr. úr ríkissjóði, en þær eru nú ónotaðar,
b) að innheimta 10% álag á tekjuskatt. Það var gert, og nam það fé 900 þús. kr., en enginn eyrir af því var notaður gegn dýrtíðinni,
c) að leggja útflutningsgjald á ísfisksölu. Þar hefur ekkert verið gert, þó að meðalsala togara hafi verið 260—270 þús. kr.,
d) að afnema eða lækka tolla á nauðsynjavör-

um, svo sem kaffi og sykri. Það var ekki gert,

e) að afnema verðtolla af flutningsgjöldum, sem hafa margfaldazt, allt að tífaldazt. Það var ekki gert,

f) að verja fé til lækkunar erlendra og innlendra nauðsynjavara og flutningsgjalda. Það var ekki gert.

Ekkert, bókstaflega ekkert, af þessum heimildum hefur verið notað til dýrtíðarráðstafana. Allir vita þó, að tollarnir hafa hækkað og gert sitt til að auka dýrtíðina. Álagningu verðlagsnefndar hefur verið svo óviðunanlega hagað, að ákveðin er viss %-álagning á verð vörunnar, þegar hún er komin til kaupmanna. Því dýrari sem varan er, því hærri, sem tollarnir og flutningsgjöldin eru, því meira fær kaupmaðurinn að leggja á hana. Ef verðtollur á flutningsgjöld og tollarnir hefðu verið afnumdir, hefði verðið lækkað og gróði verzlananna að vísu, og hefði þá dýrtíðin minnkað, en hitt virðist þessum hæstv. ráðh. hafa verið ríkara í huga.

Ég kem þá að sjálfum ráðherra dýrtíðarinnar, hæstv. viðskmrh., Eysteini Jónssyni. Undir hann heyra dýrtíðarlögin. Saga hans í þessu máli er átakanleg sorgarsaga. Líklega hefur enginn rætt né ritað meira en hann um nauðsyn þess að stöðva dýrtíðina og líklega hefði engum í hans stöðu orðið minna ágengt. Verðlagseftirlitið, sem átti að verða ein helzta vörnin gegn dýrtíðinni, er í hans höndum. Nefndirnar, sem eiga að starfa að þessu með honum, virðast aðallega skipaðar þannig, að vörusalarnir sjálfir ráða þar mestu. Áður hefur verið minnzt á verðlag landbúnaðarafurða. En að því er snertir hið almenna verðlagseftirlit virðist reglan hafa verið sú, að hæstv. ráðh. hefur verið að berjast við að setja ákvæði um álagningu á einstaka vöruflokka, en mikill fjöldi annarra verið undanskilinn og því hækkað því meira. Álagningin er yfirleitt ákveðin í %, og verður því því meiri, sem verðið er hærra og innkaupsverðið, flutningsgjöldin og tollar hækka. Og synd væri að segja, að álagningin hefði verið skömmtuð mjög naumt. Á nauðsynjavörum, svo sem skömmtunarvörum, mun hún hafa verið lægst. Þar var hún 40%. Það er kunnugt, að kaupmenn tóku 40 kr. fyrir að afgreiða úr einum hrísgrjónapoka, og annað var eftir því. Á öðrum vörum, svo sem vefnaðarvöru, var hún miklu hærri, svo að ekki sé talað um þær vörur, sem álagningin er ótakmörkuð á.

Þegar Eysteinn Jónsson var að leitast við að afsaka gerðardóminn í útvarpinu, fullyrti hann, að gróði iðnrekenda yrði því meiri, sem kaupið hækkaði. Mér blöskraði. Hefur hæstv. ráðh. gleymt því, að honum ber skylda til að sjá um, að ekki sé lagt á vörurnar úr hófi fram? Hefur hann gleymt því, að verðlagseftirlitið er í hans höndum?

Eysteinn Jónsson er talinn ákafur kaupfélagsmaður. Sjálfsagt hefur hann álitið, að kaupfélögin þyrftu að græða til að búa sig undir erfiðleika framtíðarinnar. En á þennan hátt verður ekki dregið úr dýrtíðinni, enda hefur hann hjálpað fleirum til að græða en þeim. Árið 1940 voru veitt 53 verzlunarleyfi í Reykjavík einni, árið 1941 133 og 1942 28 í viðbót. Aldrei hafa kaupmenn grætt meir en nú undir verndarvæng Eysteins Jónsonar, og það er sannarlega von, að þeir vottí honum þakklæti sitt fyrir verðlagseftirlitið.

Ég hef nú sýnt og sannað, að því fer fjarri, að hæstv. ráðh. hafi barizt gegn dýrtíðinni. Hún hefur stöðugt vaxið, sumpart fyrir aðgerðaleysi og sumpart fyrir beinar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að auka hana. Vöxt dýrtíðarinnar hafa þeir svo notað til að auka tekjur og stríðsgróða þeirra einstaklinga og stétta, sem þeim er annast um. Með þessu hafa hæstv. ráðherrar brotið fyllilega í bága við yfirlýstan vilja Alþingis — og eigin loforð. Síðasta reglulegt Alþ. samþ., eins og ég hef þegar sagt, lögin um ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Þar var ætlazt til

að gróðinn á ísfiskinum yrði skattlagður,

að tollar yrðu afnumdir eða lækkaðir,

að verðtollur á flutningsgjöld yrði felldur niður,

að flutningsgjöld yrðu bundin,

að af tekjum ríkissjóðs yrði notað fé til að halda niðri verði innlendra og erlendra nauðsynja.

Eysteinn Jónsson hefur haft þennan vilja Alþingis að engu. Hann hefur hindrað framkvæmd l. og lagt þau til hliðar, eins og þýðingarlausan blaðsnepil. Svo hafa ráðherrar Framsfl. kennt ráðherrum Sjálfstfl. um og segja, að þeir hafi neitað framkvæmdinni á þeim þáttum l., sem undir þá heyrðu. Hvers vegna voru þá ekki sett brbl., eins og nú? Hæstv. forsrh. brást þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að kalla Alþ. saman, þegar ráðh. Sjálfstfl. gerðu verkfall, en það sýnir óheilindi hans í málinu. Í stað þess fer hann að semja við þá um nýja stórkostlega verðhækkun á kjöti, mjólk, mjólkurafurðum og kartöflum. Samningar nást. Kjötið hækkar í 3.65 kr. eða um 152%, mjólkin í 0.84, smjör í 9.95, kartöflur í 1.80—2.00 kr. Síðan fara ráðh. að sjóða saman ný lög um að lögbinda allt kaupgjald og banna alla frekari hækkun á verðlagsuppbót, þó að dýrtíðin aukist. Einnig um þetta næst samkomulag, og Alþ. er síðan stefnt saman í okt. til að taka við boðskap ríkisstjórnarinnar. Baráttan gegn dýrtíðinni, sem reyndar var aldrei nema í orði, var felld niður. Í þess stað er tekin upp baráttan gegn kaupinu, baráttan gegn launastéttunum fyrir gróðamennina. Nú er það orðið bert, að baráttan er um stríðsgróðann. Það á að hindra, að launastéttirnar fái nokkra hlutdeild í hinum gífurlega auknu þjóðartekjum, nema með eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu. Þetta hefur líka í raun og veru verið aðalatriðið í hinni svokölluðu dýrtíðarbaráttu þessara ráðherra.

Loks er frv. Framsfl., sem ég nefndi áðan. Þessi barátta er því tilefnislausari og ósæmilegri sem launastéttirnar hafa sýnt þann þegnskap að una óbreyttu grunnkaupi og verðlagsuppbótin jafnan komið eftir á sem afleiðing af hækkuðu vöruverði. Þannig hafði kaupið aðeins hækkað um 27% í sept., þegar kjöthækkunin var orðin 152% að meðaltali og aðrar landbúnaðarafurðir höfðu hækkað um 120%. Auk þess var kaupið bundið og dýrtíðin eigi bætt að fullu árið 1940. Þegar á átti að herða, gugnaði Sjálfstfl., vegna neitunar Alþfl. og vegna þeirrar andúðar, sem frv. vakti. Stjórnin tók við á ný og

forsrh. lýsti því yfir samkv. vilja Alþ., að hún ætlaði að halda dýrtíðinni óbreyttri og nota til þess dýrtíðarlögin frá síðastl. Alþ. Mótspyrna sjálfstrh. gegn framkvæmd l. var því brotin á bak aftur. Nægilegt fé var til og heimildir til að stöðva dýrtíðina. En þá skeður hið furðulega. Hermann Jónasson lýsir því yfir, að hann sé ábyrgðarlaus á aðgerðum ráðuneytis síns í dýrtíðarmálum. Allir undruðust þessa fáránlegu yfirlýsingu forsrh. En skýringin kom. Í byrjun des. hækkaði mjólkin undir yfirstjórn forsrh. Hermanns Jónassonar um 12 aura lítrinn. Orsakirnar voru hinar fáránlegustu tylliástæður: Aukin útgjöld við bíl, sem kostaði 200.00 kr. á dag, og annað eftir því. Mjólkurhækkunin olli því, að visitalan hækkaði um 5 stig. Hæstv. atvmrh. lætur ekki sitt eftir liggja. Því að um sama leyti hækkar hann farmgjöldin um 25%. Kemur það bersýnilega í ljós, að stjórnin ætlar að hafa vilja Alþ. að engu, en heldur í þess stað áfram að auka dýrtíðina. Og um leið hefur hún hafið herferð gegn sparnaðarviðleitni og trú almennings á peningana.

„Vörur eru betri en peningar," sögðu blöð íhaldsmanna, og í samræmi við þessa kenningu voru allar búðir fylltar fyrir jólin af verðlausu rusli, sem selt var með uppsprengdu verði. Sem dæmi má nefna, að brúður voru seldar á 200.00 kr. Þetta rusl var flutt inn í tonnatali, en svo var ekkert rúm í skipunum fyrir byggingarefni og aðrar nauðsynjar. Þessar aðgerðir eru bein ógnun við launastéttirnar. Þeim er með þessu athæfi beinlínis storkað, og þess vegna er það eðlilegt, að það yrði til þess að herða á kröfum þeirra um launabætur. Samt var allt útlit fyrir, að samkomulag næðist um launakjör við þau fáu félög, sem höfðu sagt upp kaupsamningum, en í þeim voru ca. 400—500 manns. Þá gerðist furðulegur atburður. Forsrh. ávarpar þjóðina í útvarpsræðu og eggjar atvinnurekendur til að neita allri grunnkaupshækkun og lofar til þess stuðningi stjórnarinnar. Afleiðingin varð auðvitað sú, að allir samningar féllu niður og vinna stöðvaðist í þessum iðngreinum. Nú var tilganginum náð. Forsrh. hafði lánazt að koma af stað vinnustöðvun og búa sér til yfirskinsástæðu til þessara aðgerða. Og nú stendur ekki á framkvæmdum. Ráðh. fjórir rifta samstarfinu við Alþfl. og gefa út brbl., sem setja bann við allri kauphækkun og bann við verkföllum, gegn vilja félmrh., Stef. Jóh. Stef., og gegn yfirlýstum starfsreglum í stjórninni. Svo leggja þeir útvarpið undir sig og flytja þar einhliða áróður og meina Stef. Jóh. Stef. að komast þar að.

Brbl., sem banna alla kauphækkun til allra launþega í landinu, ná til tuga þúsunda. Stjskr. mælir svo fyrir, að því aðeins megi gefa út brbl., að brýna nauðsyn beri til, en sú nauðsyn var ekki fyrir hendi, því að Alþ. gat komið saman eftir fáa daga. Engar deilur eða vinnustöðvanir gátu komið upp þessum dómi, og það var ekki hægt að benda á nokkurn snefil af yfirskinsrétti fyrir þessari lagasetningu. Auk þess lá fyrir skýlaus yfirlýsing um vilja síðasta Alþ. Það felldi frv. Eyst. Jónssonar um kaupbindingu, en einmitt kaupbindingin er aðalefni brbl. Ríkisstj. var því óheimilt að setja brbl. um þessi efni.

Því er haldið fram, að þessi l. eigi að stöðva dýrtíðina. Ég fullyrði, að þau geri það ekki. Grunnkaupshækkunin hefur engan, bókstaflega engan, þátt átt í aukningu dýrtíðarinnar, sem nú er komin upp í 183 stig, sbr. árið 1940 og í fyrra stríðinu 1914—1918. Máli mínu til sönnunar skal ég leiða sem vitni sjálfan hæstv. viðskmrh. Hann skrifaði í Tímann 13. febr. s. l. á þessa leið: „Aðalkostur þeirra (þ. e. gerðardómsl.) er sá, að þau komu í veg fyrir grunnkaupshækkanir. Hins vegar hindra þau ekki verðhækkanir erlendra vara og stöðva því ekki hækkun vísitölunnar og kaupgjaldsins, eins og dýrtíðarfrv. hefði gert, ef það hefði verið samþykkt." Þau stöðva ekki hækkun vísitölunnar, segir þessi hæstv. ráðh., og hvað þarf því frekar vitnanna við? Þeim er ætlað að hindra kauphækkun, annað ekki. L. eru frekleg skerðing á rétti fjölmennustu stétta landsins, rétti launþega og atvinnurekenda til að semja um kaup og kjör, sett án nokkurra nauðsynja eða raunverulegs tilefnis. Skipun dómsins er þar að auki slík, að launþegar eiga þar engan fulltrúa.

Dómurinn er enginn dómstóll. Hann á ekki að meta þörf verkamannsins, ekki greiðslugetu þess, sem vinnur fyrir kaupi. Hann á að banna kauphækkun.

Enginn bóndi má taka kaupamann, kaupakonu eða vikapilt fyrir hærra kaup en í fyrra, enginn ráða aðstoðarstúlku á heimili fyrir hærra kaup en í fyrra, nema dómurinn samþ. það. Þvílík fjarstæða! Á að gera alla að lögbrjótum hér, sbr. ýmsar auglýsingar eftir stúlkum?

Og hvernig hafa svo framkvæmdirnar orðið? Járnsmiðir fengu staðfesta mjög verulega hækkun og stóraukin fríðindi, en dómurinn vildi þó ekki fallast á alla þá hækkun, sem samkomulag var um með aðilum. Mismuninn, kr. 3.50 á viku, greiða atvinnurekendur til félagsins í einu lagi, og gera þar með gys að dómnum. Veikari félögin er dómurinn harðhentari við, t. d. bókbindarana. Önnur félög, eins og t. d. rafvirkjar og bifreiðastjórar, semja ekki, því að þeir vita, að þeir geta fengið hærra en með samningum, sem dómurinn má staðfesta. Það er á hvers manns vitorði, að menn borga yfir og dómurinn sé óvirtur.

En verðlagseftirlitið þá? Þar er væntanlega mjög sæmilega tekið á hlutunum. Já, kjötið hækkaði um 20 aura pr. kg eftir áramót. Það var á móti l., og dómstóllinn tók nú rögg á sig. Hann úrskurðaði, að kindakjöt, nema ekki læri og hryggur, skyldi lækka um 10 aura pr. kg. En hvað gerist? Kaupmenn og verlanir leggja bara á heimsendinguna 30 aura í staðinn, og dómurinn segir ekki orð. Sá, sem kaupir 3 kg, borgar sama verð fyrir kjötið og áður, en sá, sem ekki kaupir nema 1 kg, borgar 20 aurum meira.

Verðlagið, lækkunin, kemur fram í vísitölunni, en ekki heimsendingarkostnaðurinn. Þessi dæmi, er ég hef hér nefnt, sýna hvert stefnir og bera þess glöggt vitni, að l. eru hin mesta rangsleitni. Hinar einu raunhæfu till. eru till. Alþfl., sem stefna að því að skattleggja stríðsgróðann, draga þar með úr verðbólgu og nota fé til að halda niðri verðlagi innlendra og erlendra vara og flutningsgjalda, og hækka gengi íslenzku krónunnar. Það verður einfaldasta og

áhrifaríkasta ráðstöfunin til að sporna við verðhækkun.

Með tilvísun til þess, sem ég hef sagt, legg ég til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá, og vil með leyfi hæstv. forseta lesa hana hér upp:

„Þar sem brbl. þau, sem með frv. þessu er leitað staðfestingar á, eru ekki sett á þingræðislegan hátt, svipta verkalýðsfélögin og launastéttirnar yfirleitt sjálfsögðum löghelguðum samningsrétti, valda stórkostlegu, þjóðfélagslegu misrétti, spilla vinnufriði og eru áhrifalaus sem ráðstöfun gegn dýrtíðinni, telur d. rétt að víkja frv. frá umr. þegar á þessu stigi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (JörB): Þessi rökstudda dagskrá liggur þá einnig fyrir til umr. hér í kvöld.

Næstur tekur til máls hv. 3. landsk. þm., Stefán Stefánson, og talar af hálfu Bændaflokksins í 30 mínútur.

Stefán Stefánson: Herra forseti! Ef rekja ætti gang dýrtíðarmálanna á Alþ. til nokkurrar hlítar, afstöðu þingflokka og jafnvel einstakra þm. til þeirra, mundi það verða um of langt mál. Það kom fljótt í ljós eftir að heimsófriðurinn brauzt út, að alls konar dýrtíð mundi fara í kjölfar hans hér með okkar þjóð. Svo er það ætíð á styrjaldartímum, enda sú reynsla okkar frá síðustu styrjöld. Sívaxandi dýrtíð er stórhættuleg öllu fjárhags- og atvinnulífi þjóðanna, og keppast því allar þjóðir við, svo sem föng eru á, að halda henni í skefjum.

Í löndum, sem eiga í ófriði, er þetta tiltölulega auðvelt, en annars staðar er þetta meiri og minni erfiðleikum bundið.

Á Alþ. þ. 17. júní 1941 voru samþ. heimildarl., þar sem ríkisstj. var heimilað að gera ýmsar ráðstafanir og afla tekna vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna. Allir flokkar greiddu þessum l. atkvæði, og kom þannig fram skýr og tvímælalaus vilji Alþ. um, að hafizt yrði handa til viðnáms og baráttu gegn sívaxandi dýrtíð. Allverulegur hluti af þingmönnum hafði gengið í það að undirbúa og ná samkomulagi um l. Öll ríkisstj. stóð að og fylgdist með undirbúningi þeirra. Hún hafði óskað eftir að fá sem óbundnastar hendur um, hvað gert skyldi í dýrtíðarmálunum. Alþ. varð við þessum óskum. Gert var ráð fyrir, samkvæmt lögunum, að afla allmikilla tekna, má ætla 10—15 milljóna, ef allar heimildir til tekjuöflunar hefðu verið notaðar. Gert var ráð fyrir 5 millj. króna framlagi úr ríkissj. af tekjum ársins 1941, 10% viðauka á tekju- og eignarskatt álagðan 1941, 50% tollhækkun á vín og tóbak og innlendar tollvörutegundir og allt að því 10% gjald á útflutningsafurðir, sem þá var heimilt að hafa misjafnlega hátt, miðað við framleiðslukostnað og söluverð. Þessu fé skyldi síðar varið til þess meðal annars að halda niðri verði á innlendum og erlendum nauðsynjavörum. Heimilt var að fella niður tolla á nokkrum matvörum og lækka á öðrum. Lög þessi hefur ríkisstj. látið koma til framkvæmda, að undanskildum 10% skattviðauka, og má fullyrða, að það sé beint ofan í vilja meiri hluta þm.

Því er að vísu fram haldið af ríkisstj., að l. hafi bæði verið ófullnægjandi og óframkvæmanleg, en fyrir því hafa eigi komið nein frambærileg rök. En hvað sem um það er, hafa l. ekki verið látin koma til framkvæmda, og mun ósamkomulag innan ríkisstj. hafa ráðið þar mestu um. Ég get eigi stillt mig um að minnast hér lauslega tveggja till., er fram komu sín úr hvorri deild, meðan heimildarl. voru á döfinni, till., sem miðuðu að því að tryggja hagsmuni bændanna. Í Nd. bárum við Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., fram till. þess efnis, að ríkisstj. heimilaðist að tryggja bændum það verð fyrir mjólk og dilkakjöt árið 1941, er nægði að dómi Búnaðarfélags Íslands til að koma í veg fyrir, að framleiðsla þessara afurða drægist saman. 22 þm. greiddu atkv. gegn þessari till., aðeins 7 með, og voru það, auk okkar flm., Bjarni Ásgeirsson, Eiríkur Einarsson, Pétur Ottesen, Steingr. Steinþórsson og Þorsteinn Briem.

Í Ed. flutti Þorst. Þorsteinsson till. þess efnis, að Búnaðarfélagi Íslands skyldi falið að rannsaka, hve hátt verð bændur þyrftu að fá fyrir mjólk og kjöt til þess að fá sjálfir og geta greitt verkafólki sínu kaupgjald í samræmi við annað kaupgjald í landinu. Till. þessi var einnig felld.

Um afstöðu meiri hluta þingsins til þessara till. mætti margt segja. En hér skal aðeins á það bent, að hv. alþm. virðast ekki hafa gert sér ljóst, hver afstaða og þörf bændastéttarinnar er, hvílík þjóðarnauðsyn landbúnaðurinn er á öllum tímum, eigi hvað sízt á styrjaldartímum.

Þar sem heimildarl. voru virt að vettugi af ríkisstj., hélt dýrtíðin áfram að vaxa hröðum skrefum. Þá er það, að gripið er til þess ráðs að kalla saman hið nafntogaða aukaþing, er kom saman þ. 13. okt. s. l. Maður skyldi nú ætla, að þar sem ráðherrarnir allir fimm að tölu höfðu verið fylgjandi heimildarl., en eigi náðst samkomulag með þeim um framkvæmd þeirra, þá hefðu þeir komið sér saman um endurbætta útgáfu af þeim, og væri því þing aðeins kvatt saman til að ganga formlega frá hlutunum. En það var eitthvað annað.

Svo sem kunnugt er, bar þinghald þetta lítinn árangur. Var það þjóðinni aðeins sönnun þess, að jafnvel á mestu alvöru- og háskatímum, sem yfir landið hafa gengið, er hver höndin upp á móti annarri í ríkisstj. Íslands og á Alþ. Íslendinga.

Sundrung og flokkadrætir eru ríkjandi í stað samstarfsvilja og samheldni.

Þrír af fimm fulltrúum í ríkisstj., þeir: Jakob Möller, Ólafur Thors og Stefán Jóhann vildu reyna hina svo kölluðu „frjálsu leið“, til viðnáms og baráttu gegn vaxandi dýrtíð, og færðu fram, að þeir töldu nokkrar líkur fyrir því, að hún mætti takast. Átti málið að leysast á frjálsum grundvelli milli stjórnarflokkanna fyrir atbeina ráðherranna hvers á sínu sviði, og áttu því öll lagafyrirmæli að vera óþörf. Ráðherrarnir Eysteinn Jónsson og þá fremur Hermann Jónasson voru vantrúaðir á mátt hinnar frjálsu leiðar.

Bar Eysteinn Jónsson fram frv. til l. í Nd. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, en lét þess jafnframt getið, að allur þingfl. Framsfl. stæði að

flutningi þess. Vitað var, að ýmsir áhrifamenn í flokknum utan þings voru því mjög andvígir. Það skal þegar tekið fram, að við Bændaflm. töldum frv. þessu í ýmsu ábótavant, og gerðum það að skilyrði fyrir fylgi okkar við það, að brtt. frá mér yrðu samþ. Ég lýsti því yfir, að nauðsynlegt hefði verið, að samkomulagsgrundvöllur lægi fyrir milli ríkisstj. Íslands annars vegar og herstjórna Breta og Bandaríkjanna hér hins vegar um vinnu Íslendinga hjá setuliðinu og kaupgreiðslu við þá vinnu.

Frv., þó að l. yrði, mundi verða óframkvæmanlegt, væru þeir samningar okkur óhagstæðir. Nú hafa tekizt samningar um þetta efni, og er að því leyti allt aðgengilegra en það var á haustþinginu. Ég gat þess, að yfirleitt væri ég því mótfallinn að lögfesta kaupgjald og afurðaverð, en vegna þess öngþveitis, er ríkjandi væri í dýrtíðarmálunum, og vegna hagsmuna alþjóðar bæri nauðsyn til að ráða til lykta, gæti ég samþ. frv. með brtt. mínum, sem eins konar neyðarráðstöfun.

Höfuðefni frv. má segja að hafi verið að banna hækkun á grunnkaupi launþega og greiða eigi hærri verðlagsuppbót en þá, sem byggð var á framfærslukostnaði 1. okt. 1941. Vísitalan var þá 172. Bannað var einnig að hækka verð framleiðsluvara frá því, sem það var 1. okt. 1941, að undanskildum lítilfjörlegum árstíðahækkunum. Um allt kaupgjald, sem greitt er án þess að beint sé miðað við verðlagsuppbót, var svo ákveðið í frv., að það skyldi eigi hækka frá því sem það var fyrir gildistöku l. miðað við sama stað og sama árstíma árið á undan gildistöku þeirra. Undir þetta ákvæði féll allt kaupgjald við landbúnaðinn í sveitum landsins. Frv. skyldi öðlast lagagildi þegar í stað. Allt kaupgjald til sveita skyldi því verða eins og það var árið 1940. Slíkt ákvæði um lögfestingu á kaupgjaldi til sveita var fjarstæða ein og landbúnaðinum stórhættulegt. Slík lögfesting á kaupi í sveitum gat beinlínis orðið til þess, ásamt öðrum öflum, að tæma sveitirnar af verkafólki og þannig draga á stórfelldan hátt úr framleiðslu landbúnaðarins, og það því fremur, sem enginn samkomulagsgrundvöllur lá fyrir um vinnu Íslendinga hjá setuliðinu.

Kaup verkafólks við landbúnaðarstörf hefur undanfarið verið allt mikið lægra en kaup annars staðar, enda þótt á þessu hafi orðið allmikill jöfnuður upp á síðkastið. Ef frv. Eysteins Jónssonar hefði orðið óbreytt að l., allt kaupgjald til sveita lögbundið, svo sem það var 1940, voru l. tilvalin til að flæma úr sveitum landsins það fáa verkafólk, sem þar er eftir og heldur tryggð við landbúnaðinn. Fólk þetta ætti þó allt annað og betra skilið en að svo væri að því búið af löggjafanum.

Það er þjóðarhagur og þjóðarnauðsyn að koma í veg fyrir sívaxandi dýrtíð, en eigi er það síður þjóðarnauðsyn að viðhalda framleiðslunni og þá fyrst og fremst framleiðslu landbúnaðarins. Löggjafinn má því ekkert spor stíga, er að því getur miðað að draga úr henni. Til þess var frv. Eysteins vel fallið, — því mátti ekki samþ. það óbreytt.

Enginn veit, hversu lengi við Íslendingar getum haldið uppi siglingum við umheiminn eða fengið þaðan vörur. Vel getur svo farið, að við þurfum að búa að okkar framleiðslu um lengri eða skemmri tíma, hver veit hvað lengi. Því má framleiðsla landbúnaðarins eigi dragast saman.

Brtt. mín við frv. snertandi kaupgjald til sveita var á þá leið, að hækka kaup í sveitum, ef nauðsynlegt væri til að halda við framleiðslunni.

Í beinu sambandi við þessa till. var önnur till. þess efnis, að verðlagsn. landbúnaðarafurða skyldi heimilt að hækka verð á mjólk og kjöti, ef kaupgjald hækkaði við framleiðsluna. Verðvísitala afurðanna mátti því eigi vera hærri en vísitala kaupgjalds, hvort tveggja miðað við árið 1941. Neytendur afurðanna skyldu eigi greiða þessa hækkun, heldur skyldi hún greidd úr dýrtíðarsjóði, er stofna átti samkv. frv.

Þriðja brtt. mín var þess efnis, að ríkisstj. heimiladist að banna verkföll og önnur samtök, sem miðuðu að því að stöðva eða leggja niður vinnu. Það kom þegar fram, að ýmsir foringjar launastéttanna, meðal þeirra ýmsir alþm., gerðu allt sitt til að æsa fólkið gegn frv. Mótmæli gegn frv. voru pöntuð víðs vegar frá og þau lögð fram á Alþ.

Full ástæða var til að ætla, að yrði frv. að l., yrði æsingastarfinu haldið áfram og gæti komið til verkfalla og verkbanna í því sambandi. Yrði gerð tilraun til að koma í veg fyrir framkvæmd l., yrði að veita ríkisstj. þær heimildir, sem að gagni gætu komið. Ef þessar till. og fleiri, sem ég bar fram, hefðu verið samþ., var ég reiðubúinn að fylgja frv. Till. var fálega tekið af flm. frv. og þær felldar. Því greiddi ég atkv. gegn frv. En svo einkennilega vill til, að allar aðalbrtt. mínar við frv. EystJ. á haustþinginu, þær eru nú af honum og öðrum ráðherrum í ríkisstj. teknar upp í brbl. frá 8. jan. s. l. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Það er að sjálfsögðu ekkert nema gott um það að segja, að menn sjái að sér og bæti ráð sitt, svo sem Eyst. Jónsson hefur nú gert, en ég get ekki stillt mig um að benda á, að þetta sé ekki í fyrsta skipti, sem farið hefur verið að ráðum Bændafl. og till. hans teknar upp. Mætti þar t. d. benda á till. hans í gengismálinu, um gengislækkun til viðreisnar framleiðslunni og atvinnulífinu í landinu, sem mættu mjög hörðum árásum til að byrja með, en voru síðan teknar upp af Framsfl. og þá taldar hið einasta bjargráð til viðreisnar atvinnuvegum landsmanna.

Enn fremur mætti benda á kröfur Bændafl. um, að framleiðendur fengju greitt framleiðslukostnaðarverð og væri það óhjákvæmilegt skilyrði fyrir öllu heilbrigðu atvinnulífi í landinu. Kröfur þessar voru taldar mjög broslegar, ómögulegt væri að reikna út tilkostnaðarverð o. s. frv.

Nú eru þessar kröfur af flestum eða öllum, að minnsta kosti í orði kveðnu, taldar réttmætar og sjálfsagðar, en ekki er nóg, að þetta sé viðurkennt í orði, það verður einnig að vera í framkvæmd.

Frv. EystJ. var felld í Nd. sem kunnugt er, og beiddist þá forsráðh. lausnar fyrir sig og ráðuneytið. En eigi virtist þó mikil alvara fylgja

þeirri lausnarbeiðni. Eftir nokkra daga tekur hann að sér að mynda stjórn af nýju með hinum sömu ráðherrum og áður.

Var þetta allt eins konar skopleikur, ýmsum til gamans, enda þótt það væri grátt gaman af hálfu forsætisráðh.

Það er í frásögur færandi, að um leið og forsætisráðh. tekst á hendur myndun nýrrar ríkisstj., þá lýsti hann því yfir, að hann og hans flokkur afsalaði sér allri ábyrgð á dýrtíðarmálunum. Að sjálfsögðu var slík yfirlýsing markleysa ein. Ábyrg ríkisstj. getur ekki, um leið og hún sezt að völdum, afsalað sér ábyrgð á mestu vandamálunum, en þó jafnframt verið þingræðisstjórn.

Þ. 8. jan. 1942 voru gefin út brbl. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Tilefni til útgáfu þeirra var ágreiningur, sem upp hafði komið milli vinunveitenda og vinnuþega í nokkrum iðngreinum í Reykjavík. Taldi meiri hluti ríkisstj., 4 af 5 ráðh., óhjákvæmilegt að ráða ágreiningnum til lykta með brbl. Um kaupgreiðslur segir svo í 3. gr. brbl.:

„Allar breyt. á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð gerðardómsins. Í úrskurðum sínum skal gerðardómurinn fylgja þeirri meginreglu, að eigi má greiða hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941, en þó má úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar, ef sérstaklega stendur á."

Samkvæmt þessu er hækkun kaups eigi útilokuð. Kaup er allt miðað við árið 1941, en eigi við 1940. Sízt af öllu mun vera bönnuð hækkun á kaupi til sveita, þar sem þar almennt mun vera greitt lægra kaup en annars staðar, og mætti því telja hækkun á því gerða til samræmingar við annað kaupgjald.

Enn fremur er skylt samkvæmt 5. gr. að hækka afurðir, af breyt. verða á tilkostnaði við framleiðslu þeirra. Um þetta segir svo í greininni: „Gerðardómurinn skal þó að fengnum till. hlutaðeigandi verðlagsnefnda ákvarða breyt. á verðlagi þeirra innlendra framleiðsluvara, er felldar verða undir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. í samræmi við breyt. á tilkostnaði við framleiðsluverð þeirra." Hér er í fyrsta lagi heimilt að hækka kaup og í öðru lagi heimilt að hækka verð afurða, ef framleiðslukostnaður vex. Er þetta hvort tveggja í fullu samræmi við brtt. mínar við frv. EystJ. á haustþinginu.

Brtt. mín um að heimila ríkisstj. að banna verkföll og verkbönn hefur einnig verið upp tekin í brbl., því að í þeim segir svo í 4. gr.: „Verkföll eða verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breyt. á kaupi eða kjörum samkvæmt 3. gr., eru óheimil frá gildistöku l. þessara, og nær þetta einnig til verkfalla, sem þegar eru hafin."

Hér eru verkföll og verkbönn bönnuð, en eigi heimild til að banna svo sem ég hafði lagt til, en það skiptir raunar minnstu. Um brbl. mætti ef til vill segja, að þau hefði mátt einskorða meira við það efni, sem þeim var ætlað að ráða bót á, sem sé ágreining þann, er upp hafði komið í Reykjavík milli vinnuveitenda og vinnuþega í nokkrum iðngreinum, en að allt annað, sem l. taka til, hefði mátt bíða Alþ. þess, er nú situr. Ríkisstj. má eigi á nokkurn hátt misbeita ákvæðinu um setningu brbl. samkv. 23. gr. stjskr., en eigi er laust við, að ýmsum þm. finnist ríkisstj. ganga um of langt í þeim efnum.

Allir ráðh., er nú eiga sæti í ríkisstj., hafa undirritað brbl. ásamt ríkisstjóra. Fulltrúi jafnaðarmanna í ríkisstj. taldi sér eigi fært að fylgja l. og var því dreginn úr ráðherrasæti af sínum flokksmönnum.

Jafnaðarmenn og kommúnistar hafa tekið upp mjög harðvítuga baráttu gegn brbl. Heita þau kúgunarl. gegn launastéttunum á máli jafnaðarmanna, en þrælal. á máli kommúnista. Eigi er að efast um, að ýmsir jafnaðarmenn eru sér þess meðvitandi, að þeir hafa tekizt á hendur illt hlutverk, en telja að sig hafi rekið nauður til. Það var sem sé vitað, að kommúnistar yrðu á móti allri löggjöf um lögfestingu á kaupi launastéttanna. Af ótta við þá töldu jafnaðarmenn sig tilneydda að dansa með. Ýmis atvik undanfarandi ári sýna ljóslega hina sífelldu skelfingu og ótta jafnaðarmanna við kommúnista.

Í blöðum og á mannfundum láta þeir í ljósi takmarkalausa fyrirlitningu og formæla þeim á allan hátt, en í öllum sínum athöfnum er hræðsla þeirra bersýnileg. Af ótta við þá ganga þeir gegn brbl., af ótta við þá eru þeir gegn takmörkun Íslendinga í setuliðsvinnu, af ótta við þá kjósa þeir kommúnista sem formann í Dagsbrún, fjölmennasta verklýðsfélagi landsins o. s. frv. — Því ekki að láta kommúnista eina um það að blása eld að þeim glæðum, er gætu orðið til þess að auka og magna dýrtíðina og gera íslenzka peninga verðlitla eða verðlausa? Því eigi að láta kommúnista eina um að vinna að því, að aðalatvinnuvegir landsmanna komist á kaldan klaka og atvinnuleysi, það þjóðarból, skapist í landinu? En það gera þeir með því að berjast fyrir rýrnandi verðgildi peninganna og gegn því, að reynt sé að tryggja íslenzkum atvinnuvegum nægjanlegt vinnuafl. — Það geta því ekki verið þjóðarhagsmunir, sem jafnaðarmenn berjast hér fyrir. En hvers hagsmunir eru það þá? Eru það einkahagsmunir foringja jafnaðarmanna eða flokkshagsmunir? Sennilegt er, að hér sé um hvort tveggja að ræða.

Menn þessir, jafnaðarmenn og kommúnistar, tala aðeins um að brbl. séu kúgun eða þrælkun gegn einni stétt þjóðfélagsins, gegn launastéttinni. Að þeirra dómi er frjálst að kúga allar aðrar stéttir. Það er gerð krafa um, að við bændur séum háðir verðlagseftirliti, tekjur okkar séu lögbundnar af ríkinu, og svo sé einnig um aðra framleiðendur. Því eigi að láta eitt yfir alla ganga, þá um er að ræða baráttu gegn böli, sem ógnar allri þjóðinni?

Flokkar þessir, jafnaðarmannafl. og kommúnistafl., sem oft hefur verið erfitt að skilja hvorn frá öðrum og nú virðast vera að renna saman í eitt undir forustu kommúnista, gera sér ekki stórar vonir um kosningasigra með þjóðinni, vegna þeirrar afstöðu, er þeir taka til brbl. Er þar um að ræða bæjarstjórnarkosn. í Reykjavík og væntanlegar Alþ.kosn. á næsta vori. Ég vænti þess, að allir, og þá eigi hvað sízt launastéttirnar, í sambandi við brbl., líti eigi aðeins til dagsins í dag, heldur jafnframt til framtíðar-

innar. Sé litið til hennar, fara hagsmunir þjóðarinnar vissulega saman. Hvers er að vænta, ef dýrtíðin vex í það óendanlega? Minnizt þess, hversu fór eftir stríðið 1914—1918. Þá hrundu atvinnuvegirnir, atvinnuleysi og hvers konar vandræði sköpuðust. Svo fór vegna hinnar geipilegu dýrtíðar, er myndazt hafði. Óska launastéttirnar eftir því, að sú saga endurtaki sig? Óska þær eftir því, að það fé, er þær nú spara saman, verði verðlítið eða verðlaust? Óska þær eftir því, að það ástand skapist, að atvinnuvegir landsmanna hrynji í rústir, svo sem var eftir fyrri heimsstyrjöld, og atvinnuleysi og erfiðleikar skapist? Óska þær eftir, að það fé, sem eldra launafólk og aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa dregið saman til elliáranna, verði einskis virði og fólk þetta komist á vonarvöl?

Það kemur engum á óvart, þótt þessar séu óskir kommúnista og þeirra, sem af þeim eru dáleiddir. Því meiri erfiðleikar og upplausn, sem skapast með þjóðinni, því betri jarðveg telja þeir fyrir sig sem boðbera kommúnismans á Íslandi. En að Alþýðuflokkurinn skuli feta í sporaslóð þeirra, það mun mörgum koma undarlega fyrir.

En þegar athugað er, að endanlegt takmark beggja þessara flokka er eitt og hið sama, þjóðnýting og ríkisrekstur á öllum sviðum atvinnulífsins, þá er þetta ekki svo undarlegt fyrirbrigði.

Við Bændaflm. munum greiða brbl. atkvæði, meðal annars af þeim ástæðum, er ég hef áður getið, en að sjálfsögðu áskiljum við okkur rétt til að bera fram brtt. við þau eða fylgja brtt., er fram kunna að koma. Engin ákvæði eru í l. um stofnun dýrtíðarsjóðs eða annars sjóðs til öryggis því, að halda megi niðri vaxandi dýrtíð, eða til eflingar framkvæmda- og atvinnulífs að ófriðnum loknum. En að sjálfsögðu eru brbl. aðeins einn af þeim mörgu hlekkjum, sem smíða þarf til viðnáms gegn vaxandi dýrtíð. Stofna þarf öflugan dýrtíðarsjóð. Tekna í hann má að sjálfsögðu afla á fleiri vegu, en fyrst og fremst verður það að gerast með stríðsgróðaskattinum. Einnig verður að safna forða til vondu áranna. Enginn mun draga í efa, að hjá okkur skapist margvíslegir erfiðleikar að ófriðnum loknum. Við þurfum einnig að hefja viðbúnað til að mæta þeim örðugleikum, og til þess þurfum við einnig að stofna öflugan sjóð eða sjóði.

Ríkisstj. mun, samkv. heimildarl., hafa ráð á um 6—7 millj. kr. nú, 5 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði af tekjum ársins 1941 og 10% viðaukanum á tekju- og eignarskatt, á lagðan 1941. Af fé þessu eða öðru dýrtíðarfé þarf að verðbæta útflutningsafurðir landbúnaðarins frá s. l. ári. Bretar greiddu uppbætur á ýmsar útflutningsafurðir ársins 1940 vegna markaðstapa, er við urðum fyrir vegna ófriðarins. Munu hin sömu skilyrði vera fyrir hendi og á s. l. ári. Því er einnig sjálfsagt að krefjast uppbóta á sama hátt fyrir það ár.

En beri slík krafa ríkisstj. eigi árangur, þá verður hún eigi síður að tryggja, að þessar uppbætur fáist. Að því er landbúnaðinn snertir mun hér um ull, en þó fyrst og fremst gærur, að ræða. Mér dettur ekki í hug að brbl. um gerðardóm séu einhlít til að ráða bót á vaxandi dýrtíð, þrátt fyrir margar ráðstafanir, sem gerðar kunna að vera í sambandi við þau.

Við ráðum t. d. ekki yfir verðlagi erlendra vara, nema að litlu leyti. Innkaupsverð þeirra getur vaxið stórkostlega, tryggingargjöld hækkað og flutningskostnaður aukizt. Dýrtíðarsjóður kynni því að hrökkva skammt til að halda því söluverði, sem varan nú er seld hér innanlands.

Brbl. um gerðardóminn eru því nánast tilraun ásamt öðrum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir vaxandi dýrtíð, tilraun, sem rétt var að gera og við vonum, að beri fullan árangur, en við vitum, að ber einhvern árangur.

Um þessi brbl. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, er ég hefði talið heppilegra að stytta og kalla brbl. um verðlagsdóm, þá er ástæða til að vera alveg sérstaklega kröfuharður um að l. verði beitt til hins ýtrasta. Vænti ég þess, að ríkisstj. hafi strangt eftirlit með, að svo verði gert.

Það var eitt sinn haft eftir mætum borgara norðlenzkum, að hann skorti allt nema peninga. Sé íslenzka þjóðin tekin sem heild, mætti ef til vill segja eitthvað svipað um hana. Ég vil þó eigi segja, að hana skorti allt nema peninga, enda þótt hana skorti margt, en peninga skortir eigi. Það, sem íslenzku þjóðina ef til vill skortir mest, er samheldni og pólitískur drengskapur. Við, sem sæti eigum á löggjafarþingi Íslendinga, erum í þessum efnum engir eftirbátar annarra. En eigum við nú ekki að reyna að bregða út af vananum og sýna umbjóðendum okkar samheldni í dýrtíðarmálunum, samheldni í að gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til að tryggja það, að peningar þjóðarinnar verði eigi einskis virði og íslenzkt atvinnulíf falli eigi í rústir?

Ef ekkert er aðhafzt í þessum málum, eru allar líkur til þess, eigi aðeins, að íslenzka þjóðin geti sagt að ófriðarlokum, eins og borgarinn norðlenzki, að hana skorti allt nema peninga, heldur einnig, að hana skorti peningana líka.

Forseti (JörB): Þá hefur hv. 3. landsk. þm. lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. þm. V.-Húnv., Skúli Guðmundsson, og talar af hálfu Framsfl. í 30 mínútur.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. viðskmrh., Eysteinn Jónsson, sem ákveðið hafði verið að tæki þátt í þessum útvarpsumr. af hálfu Framsfl., getur ekki mætt á þingfundinum sakir lasleika. Eftir beiðni ráðherrans flyt ég hér ræðu, er hann hefur samið um þetta mál og hann alit þangað til í dag gerði sér vonir um að geta flutt hér sjálfur. Ræðan er á þessa leið:

Frá því að verulega fór að verða vart verðbækkunar í landinu af völdum stríðsins, hafa menn yfirleitt viðurkennt í orði nauðsyn þess að vinna gegn dýrtíðinni. Mun tvennu vera til að dreifa í því sambandi. Það er vinsælt að tala um að vinna gegn dýrtíðinni, og svo hitt, að undir niðri hjá flestum, og það jafnvel þeim, sem daglega telja sér trú um, að þeir græði á dýrtíðinni, leynist nokkur uggur um það, sem gerast mun, ef ekkert væri gert til þess að vinna gegn verðbólgunni. Þrátt fyrir þetta hefur svo

farið, alveg fram að síðustu áramótum, að ef eitthvað verulegt hefur átt að hafast að til þess að vinna gegn dýrtíðinni, hafa ekki fengizt samtök um það. Menn hafa við haft alls konar undanbrögð. Sagt, að ekki væri byrjað á réttum enda o. s. frv.

Þessi undanbrögð hafa vitaskuld oftast átt rót sína að rekja til þess, að ekki er hægt að gera ráðstafanir til að hefta dýrtíðina, nema þær snerti og leggi nokkrar hömlur á svo að segja hvert mannsbarn í landinu. Þeir, sem ekki skilja, að stöðvun verðbólgunnar er engu síður í þeirra þágu en annarra, hafa tilhneigingu til þess að líta svo á, að slíkum afskiptum og hömlum sé beint gegn þeirra hagsmunum, og gera sig líklega til að snúast gegn nauðsynlegum ráðstöfunum og láta þá gjalda pólitískt, sem fyrir þeim beitast. Það er óttinn við þessa menn, sem ekki geta eða vilja skilja samhengi málsins, sem fyrst og fremst hefur orðið þess valdandi, að ekki hefur fengizt tekið á málunum fyrr en nú, og alveg sérstaklega er það þessi ótti, sem því veldur, að lausn dýrtíðarmálsins kostaði fall þjóðstjórnarinnar. Það er af þessum ástæðum, sem Alþýðuflokkurinn hefur nú snúizt í stjórnarandstöðu, og mun ég víkja nánar að því síðar.

Ég hef svo oft haft tækifæri til þess að gera grein fyrir skoðun minni á nauðsyn þess að stöðva dýrtíðina og þeim afleiðingum, sem ég álít að það hljóti að hafa í för með sér, ef ekkert er aðhafzt, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þá hlið málsins í þetta skipti. Vil þó aðeins enn einu sinni minna á, að sé verðlagið og kaupgjaldið hjá okkur orðið miklu hærra í styrjaldarlok en hjá þeim þjóðum, sem við munum skipta við í framtíðinni, þá hljóta atvinnuvegirnir að lenda í fjárhagsvandræðum. Verðlagið, sem þá fæst fyrir útflutningsvörurnar, verður ekki í neinu samræmi við framleiðslukostnaðinn, og afleiðingin verður samdráttur og jafnvel stöðvun framleiðslunnar og síðar gengishrun.

Nú má segja sem svo, að þar sem innlenda verðlagið er orðið nú þegar allmiklu hærra hér en í þeim löndum, er við skiptum helzt við eftir stríðið, þá sé nokkurn veginn víst, að þessari hættu verði ekki afstýrt að fullu, úr því sem komið er. Er þetta vafalaust rétt skoðun, en hitt er annað mál, að því meira sem þetta ósamræmi verður, þ. e. a. s. því meira bil, sem er á milli framleiðslukostnaðar og söluverðs, því stórkostlegra verður hrunið síðar, og allt, sem gert er til þess að draga úr frekari hækkunum framleiðslukostnaðarins og verðlagsins, eða til þess að reyna að nema staðar þar, sem komið er, er því engu ónauðsynlegra út af fyrir sig en þótt þær ráðstafanir hefðu verið gerðar fyrr.

Á vetrarþinginu 1941 flutti ég í samráði við Framsóknarflokkinn frumvarp um dýrtíðarmálin. Var þar lagt til að afla verulegra fjármuna með útflutningsgjaldi og almennum skatti og verja því fé til þess að koma í veg fyrir, að vörur þyrftu að hækka í verði á innlendum markaði, og þar með kaupgjald. Þetta frumvarp var að vísu rýrt mikið og úr því dregið í meðferð Alþingis, en þó voru ýmsir megindrættir þess samþykktir. Hafði ríkisstjórnin því heimild til þess að gera verulegar ráðstafanir til að hamla gegn dýrtíðinni. Sumarið 1941 varð hins vegar ekkert samkomulag um að gera slíkar ráðstafanir, og þannig leið fram á haust 1941. Þá lagði ég fram, einnig í samráði við Framsóknarflokkinn, nýjar tillögur um málið í því skyni að fá almenn samtök um að stöðva dýrtíðarflóðið þar, sem það var þá komið. Ég lagði þá til, að til viðbótar þeim ráðstöfunum, sem áður hafði verið heimilt að gera og í því voru fólgnar að verja fé til þess að halda niðri verðlaginu á vörum, þá skyldi allt verðlag innlendra vara og kaupgjald í landinu lögbundið, eins og það var þá. Það var ætlun mín, að þannig yrði gerð stórfelld tilraun til þess að stöðva verðlagið, eins og það var 1. okt. s. l. haust.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér nákvæmlega sögu þessa frv., en það er kunnugt, að frumvarpið var fellt í þinginu. Allur þingheimur kepptist hins vegar um að lýsa yfir því, að brýna nauðsyn bæri til þess að stöðva dýrtíðina.

Ýmsir sögðu, að það væri ekki hægt að stöðva dýrtíðina með þeim aðferðum, sem ráðgerðar væru í frv. Aðrir sögðu, og þeir voru enn fleiri, að óþarft væri að setja fyllri lagaákvæði en í gildi væru um dýrtíðarmálin. Það væri hægt að ná sama árangri með frjálsum samningum við þá, sem réðu kaupgjaldinu og verðlaginu.

Við framsóknarmenn sögðum, að afskipti löggjafarvaldsins af kaupgjaldi og verðlagi væri eina leiðin, sem reynandi væri að fara til þess að vinna gegn verðbólgunni, eins og þá væri komið.

Um dýrtíðarmálin urðu talsverð átök á aukaþinginu, og sagði þjóðstjórnin af sér, vegna þess að hún gat ekki komið sér saman um lausn málsins. — Eftir allmikið þóf á Alþingi fór hins vegar svo, að ríkisstjórnin var mynduð á ný af sömu flokkum og áður, og í henni sátu sömu menn. Ráðherrar Framsóknarflokksins lýstu hins vegar yfir því, að þeir tækju enga ábyrgð á framkvæmdum í dýrtíðarmálunum, þar sem þeirra leið hefði verið hafnað. Þátttaka Framsóknarflokksins í stjórnarmyndun þessari byggðist á því, að ekki var unnt að láta alþingiskosningar fara fram um hávetur, en þingmeirihlutinn í málinu vildi ekki takast á hendur stjórnarmyndun. Framsóknarflokkurinn taldi ekki rétt, eins og á stóð, að skorast undan að taka þátt í slíkri bráðabirgðastjórn. Þá er rétt að geta þess, að undir niðri töldum við engan veginn óhugsandi, að skár kynni að skipast um úrlausn málsins en áborfðist þá, og svo kynni að fara, að einhver viðunandi samtök yrðu af hálfu löggjafarvaldsins um framkvæmdir í málinu, þegar það sýndi sig, að samningaleiðin, „frjálsa leiðin", væri ófær.

Þegar ég flutti frv. mitt á síðasta Alþingi, bjóst ég við, að það mundi verða fellt, af því sem á undan var gengið í ríkisstjórninni. Eigi að síður lét ég þau ummæli falla við framsögu fyrir málinu í þessari hv. d., að ég væri engan veginn vonlaus um, að sú alda, sem ég vissi að rísa mundi með málinu, mundi valda stefnubreytingu í verðlags- og fjárhagsmálunum.

Þegar leið fram undir áramótin, sögðu fleiri

og fleiri félög upp samningum sínum, einkum félög iðnlærðra verkamanna, og brátt var auðsætt, að undirbúin hafði verið ný sókn af hálfu þessara stétta í kaupgjaldsmálum, sem miðuð var við það að knýja fram hækkun á öllu grunnkaupi í landinu. Auðséð var, að tilgangur þeirra, sem hér hófust handa, var einmitt sá, að setja sig í fararbrodd nýrrar hreyfingar í landinu um hækkun alls kaupgjalds, og herópið var, **að með þessu ætti að tryggja launastéttunum hlutdeild í stríðsgróðanum.** Það var augljóst, að ef þær stéttir ,sem höfðu sagt upp kaupgjaldssamningum, fengju yfirleitt hækkað grunnkaup sitt, mundi ekki verða staðið gegn almennri grunnlaunahækkun í landinu. Færi slíku fram, ofan á allt annað, mundi dýrtíðin taka að vaxa með slíkum risaskrefum, að gersamlega vonlaust væri að reyna að aðhafast nokkuð til þess að forðast fullkomið öngþveiti í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar.

Þegar hér var komið, voru mál þessi tekin upp að nýju og rædd til þrautar í ríkisstjórninni, og náðist samkomulag um það milli Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins að setja gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, en Alþýðuflokkurinn beitti sér gegn þeirri lausn og dró ráðherra sinn út úr stjórninni.

Í gerðardómslögunum segir, að meginreglan skuli vera sú, að grunnkaupgjald skuli standa óbreytt frá því, sem það var á árinu 1941, en þó sé heimilt að úrskurða breytingar til samræmis og lagfæringar.

Augljóst var, að þegar hér var komið sögu, var á ýmsan hátt erfiðara að taka á þessum málum en áður hafði verið. Vísitalan hafði hækkað verulega frá því um haustið, þar eð engar ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess að halda henni niðri, og hitt skipti einnig máli, að á voru skollnar vinnudeilur og verkföll. Talsvert meira kapp var því komið í málið en áður hafði átt sér stað og aukin freisting fyrir þá, sem ístöðulitlir eru í stjórnmálaháttum, að skerast úr leik við úrlausnina og freista þess að ná með því móti pólitískum augnablikshagnaði. Hitt var jafnljóst, að ef ekkert var aðhafzt nú til þess að stöðva almenna grunnkaupshækkun ofan á þá dýrtíð og verðbólgu, sem fyrir var, þá mundi skriðan renna af stað með slíkum fallþunga, að óstöðvandi yrði, og allar ráðstafanir, sem síðar yrðu gerðar, máttlaust kák.

Hér voru því vegamót í þessu máli. Síðustu forvöð að hefjast handa. Síðasta tækifærinu glatað, ef ekkert væri aðhafzt.

Framsóknarflokkurinn var því af þessum ástæðum alveg eindregið þess hvetjandi, að gerðardómsleiðin væri farin, enda þótt honum væri fyllilega ljóst, að það leysti ekki alla þætti málsins og næði ekki að fullu þeim árangri, sem náðst hefði síðastliðið haust.

Það hefur verið nokkuð rætt um mismuninn á gerðardómslögunum og frv. því, er ég flutti á síðasta þingi. Virðast mér þær umræður ekki að öllu leyti sanngjarnar. Því hefur verið haldið á lofti, að meginmunurinn væri sá, að með frv. mínu hefði átt að lögbinda, ekki aðeins grunnkaupið, heldur einnig verðlagsuppbótina, en hér væri aðeins um að ræða í gerðardómslögunum að festa grunnkaupið. Samkvæmt þessu hefðu því launamenn landsins, ef mitt frv. hefði verið samþykkt, átt von á því, að verðlagið í landinu gæti hækkað verulega án þess að þeir fengju það nokkru bætt með hækkaðri verðlagsuppbót. En hér er sagan ekki nema hálfsögð, og þó verra en það. Í frv. mínu var sem sé gert ráð fyrir myndun dýrtíðarsjóðs til þess að halda niðri verðlagi á innfluttum erlendum nauðsynjum, og lagði ég mikla áherzlu á, að það væri sameiginlegt mál allrar þjóðarinnar að halda verðlagi þeirra vara niðri, sem ekki var beinlínis lögfest verð á samkvæmt frumvarpinu. Það er misskilningur, þegar því er haldið fram, að grundvallarmunur sé að þessu leyti á þeirri úrlausn, sem nú hefur verið valin, og því, sem ég lagði til í frv. mínu.

Þegar við framsóknarmenn ákváðum að beita okkur fyrir gerðardómslöggjöfinni í samstarfi við sjálfstæðismenn, höfðum við fullkomlega opin augu fyrir því, að verðlagið hér innanlands og framleiðslukostnaður er orðið svo hátt, að feikna erfiðleikum mun valda fyrr en varir. En það hefur ekki dregið úr áhuga okkar fyrir því að reyna að fyrirbyggja, að í enn meira óefni verði stefnt.

Meginstefna þessarar löggjafar er sú, eins og áður segir, að halda föstu grunnkaupsgjaldi og verðlagi miðað við það, sem var árið 1941. En á þessu er þó sá fyrirvari að sjálfsögðu, að ef erlend vara hækkar að innkaupsverði, þá geti gerðardómurinn úrskurðað hækkun á verðlagi hennar innanlands, svo framarlega sem ekki eru gerðar neinar ráðstafanir til þess að vinna gegn því að slík hækkun þurfi að koma fram í útsöluverðinu. Jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum, að verð á landbúnaðarvörum skuli hækka, ef framleiðslukostnaðurinn eykst. Ef verðlagið á erlendu vörunum þarf að hækka af utanaðkomandi ástæðum eða framleiðsla landbúnaðar þarf að hækka, þá hækkar vísitalan og þar af leiðandi kaupgjaldið einnig, — og síðan verðlagið aftur og þannig koll af kolli. — Það er þess vegna brýn nauðsyn, að ráðstöfunum gerðardómsins fylgi framkvæmdir til þess að koma í veg fyrir, svo sem frekast verður við komið, að slíkar hækkanir þurfi að eiga sér stað, bæði með því að verja fé til þess að mæta hækkunum erlendu varanna og eins með því að vinna gegn því, að erlend hráefni, sem nota þarf til landbúnaðarframleiðslu, hækki, svo sem áburður, fóðurbætir o. fl.

Hefur orðið samkomulag um það milli flokka þeirra, sem standa að ríkisstjórninni, að gera ráðstafanir í þessu efni, og mun verða lagt fram sérstakt frv. í því skyni að afla nægilegra heimilda til slíkra framkvæmda, svo framarlega sem athugun, er nú fer fram á þessum málum, leiðir í ljós, að nýrrar löggjafar sé þörf. — Að mínum dómi á að reka þessa starfsemi til að halda niðri verðlaginu óhikað, og það fé, sem til þess fer, er alls ekki tapað. Þar er raunverulega aðeins um tilfærslu fjármuna að ræða, en ekki eyðslu. — En vitanlega verður að fylgja slíkum ráðstöfunum fjáröflun. Vil ég í því sambandi nefna útflutningsgjald af þeim vörum, sem seljast hæsta verði út úr landinu, og þá sérstaklega fiskinn, sem fluttur er beint til Englands og seldur þar með miklum gróða. Má sérstaklega

sjá eftir því, að þær heimildir, sem í lögum eru um slíkt útflutningsgjald, skuli ekki hafa verið notaðar til þess að skattleggja þennan útflutning.

Síðan gerðardómurinn hóf starf sitt, hefur hann, í samvinnu við verðlagsnefndina, unnið mikið starf í því að koma í veg fyrir verðhækkanir á vörum og beinlínis orðið þess valdandi, að verðlag á sumum vörum hefur lækkað. Var það áður óþekkt fyrirbrigði um langt skeið. Árangurinn af þessu starfi hefur orðið sá, að *vísitalan hefur staðið óbreytt frá 1. jan. til þessa dags.*

Ég hef í öðru sambandi fært ýtarleg rök fyrir því, að stríðsgróðinn verði ekki sóttur í hendur atvinnurekenda með hækkuðu kaupgjaldi og verðlagi, og hefur hvergi verið gerð minnsta tilraun til að hrekja þau rök. Slíkar ráðstafanir *verða ekki til þess að færa gróðann í hendur* almennings, heldur til ills fyrir alla, sem hlut eiga að máli. Ég hef og sýnt fram á, einnig í öðru sambandi, að hvergi í nálægum menningarlöndum finnast ábyrgir alþýðuleiðtogar, sem leyfa sér að halda slíku fram.

En hvað á þá að gera við **stríðsgróðann**? Stríðsgróðann á hiklaust að taka með sköttum og leggja hann í sjóði ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, til þess að mæta kostnaði við margs konar nauðsynlegar framkvæmdir, sem gera verður, þegar aftur skapast möguleikar til þeirra og efni og vinnuafl verður fyrir hendi. Í því sambandi er aðeins eins að gæta sérstaklega. Þeir, sem reka áhættusaman atvinnurekstur, eins og t. d. sjávarútveg, sem stundum gefur mikinn arð, en á öðrum tímum er rekinn með miklum halla, verða að fá tækifæri til að safna hæfilegum varasjóðum til erfiðu áranna og til þess að leggja í ný tæki. Stríðsgróðann ber að festa fyrst og fremst í eigu hins opinbera til almennra þarfa, en sumpart hjá atvinnurekendum, og verða að vera örugg ákvæði til tryggingar því, að sá hluti ágóðans, sem atvinnurekendur halda sem varasjóðum, verði raunverulega notaður til stuðnings atvinnuvegunum. Þannig munu og þau mál verða leyst á þessu þingi. — Þegar svo er komið, geta allir sanngjarnir menn sætt sig við strangar hömlur til þess að halda niðri verðlagi og kaupgjaldi.

Það hefur verið ósk Framsóknarflokksins og ákveðin stefna að leysa alla þætti dýrtíðarmálsins, þar með sköttun stríðsgróðans, samtímis, og mun það verða gert á þessu þingi.

Mun ég þá víkja að afstöðu Alþýðuflokksins til þessa máls og framkomu hans.

Það vantar ekki, að forkólfar Alþýðuflokksins tali fagurt um að stöðva dýrtíðina. Er ekki unnt að heyra annað aðra stundina en að þeir telji hinn mesta háska fyrir verkamenn og launamenn ekki síður en aðra, ef dýrtíðin fær að vaxa áfram, en annað veifið telja þeir það einu samgjörnu leiðina til þess að skipta stríðsgróðanum að auka verðbólguna með því að hækka kaupgjaldið í landinu. Hins vegar hefur reynslan verið sú, að alltaf þegar átt hefur að **gera** eitthvað til þess að hindra verðbólguna, þá hefur Alþýðuflokkurinn skorizt úr leik, — og á því er einföld og eðlileg skýring, sem ég kem að síðar.

Þegar lagt hefur verið til að hafa opinbert eftirlit með verðlagi á landbúnaðarafurðum og kaupgjaldi, þá hefur flokkurinn verið fús til þess að lögbinda verðlag á landbúnaðarvörum og beinlínis krafizt þess, að það yrði lögbundið, en ekki viljað fallast á eftirlit með kaupgjaldi. Ef kaupgjald á að ákveða með löggjöf, þá er það **kúgun** og **ófrelsi** og lögin um það **þrælalög**, og það engu að síður þótt Alþýðuflokkurinn hafi sjálfur oftar en einu sinni tekið þátt í slíkri lagasetningu. — En verðlag á landbúnaðarafurðum, sem vitanlega er ekkert annað en kaupgjald bændanna, — **það** má lögfesta. **Það** er ekki kúgun. **Það** er ekki ófrelsi. Það má löggjafarvaldið fara með eins og það vill. Þannig er samræmið í kenningum flokksins, og menn geta ímyndað sér, hvernig það muni vera að starfa að lausn vandasamra mála með mönnum, *á meðan þeir eru í slíkum ham.*

Þessi fáránlega afstaða flokksins í málinu er svo rökstudd með því, að kaupgjald í landinu hafi lítil eða engin áhrif á verðlagið, en hins vegar ráði verðlag landbúnaðarafurða mestu um dýrtíðina. Ætti það þó að vera augljóst hverjum manni, sem eitthvað hefur reynt að gera sér *grein fyrir almennum málum, að enginn einn* þáttur hefur meiri áhrif á verðlagið í landinu en einmitt kaupgjaldið, og enginn einn þáttur hefur eins mikil og gagnger áhrif á verðlag landbúnaðarafurðanna og einmitt kaupgjaldið.

Nú er stríðið búið að standa á þriðja ár. Árin 1940 og 1941 eru liðin. Á þessum árum hefur verið mikill gróði hjá atvinnurekendum, ekki síst þeim, sem hafa getað selt afla sinn beint á erlendan markað. Fram að árslokum 1941 hefur það verið stefna verklýðssamtakanna og forkólfa Alþýðuflokksins, að verkamönnum bæri að fara mjög gætilega í því að krefjast grunnkaupshækkana. Að vísu áttu sér stað nokkrar grunnkaupshækkanir í ársbyrjun 1941, en það var aðallega til samræmis við það, sem áður tíðkaðist á öðrum stöðum á landinu.

Það hefur yfirleitt verið viðurkennt, að grunnkaup var hér hátt fyrir stríð og miðað við að menn yrðu að ganga atvinnulausir hluta ársins.

Forkólfar verklýðsfélaganna hafa yfirleitt ekki farið neitt dult með þessa skoðun sína um grunnkaupið. En nú allt í einu haustið 1941, þegar stríðið hefur staðið í 2 ár og allar horfur eru á því, að hið mesta gróðatímabil sé liðið hjá, og jafnvel fullkomin óvissa um það, hvort atvinnuvegirnir muni bera sig á næstunni, þá rjúka pólitískir spákaupmenn, sem vilja kalla sig foringja verkalýðsins, upp til handa og fóta og krefjast grunnkaupshækkana fyrir verkamenn og launamenn, til þess að ná þeim til handa hluta af stríðsgróðanum! Ef nokkurt vit væri í þessari stefnu, að krefjast grunnkaupshækkana til þess að draga gróðann úr höndum atvinnurekendanna yfir til almennings, hvað má þá segja um trúmennsku þessara svokölluðu alþýðuleiðtoga undanfarin tvö ár við verkalýðinn, að hafa ekki fyrr tekið upp baráttuna fyrir því, að þeir fengju hluta af stríðsgróðanum? Hvernig hafa þeir farið með umboð kjósenda sinna þessi tvö ár, fyrst þeir hafa ekki minnzt á það, sem þeir telja nú aðalhagsmunamál verkalýðsins?

Hvernig ætla þeir að gera grein fyrir þessum

svikum sínum við málstað verkalýðsins, þegar þeir menn, sem nú kunna að trúa kenningum þeirra um grunnkaupshækkanir og stríðsgróða, krefja þá reikningsskapar um þetta mál?

Það skyldi þó aldrei vera eitthvað bogið við þetta allt saman? Það skyldi þó aldrei vera, að kenningin um „skiptingu stríðsgróðans" reyndist falskenning, þegar til alvörunnar kemur?

Það mættu þá einnig vera meiri svikin af hálfu allra verklýðsleiðtoga í öðrum löndum, alls staðar þar, sem við þekkjum til, að hafa ekki krafizt þess, að farin yrði kauphækkunarleiðin, ef hún er raunverulega hin rétta aðferð til þess að deila stríðsgróðanum meðal landsmanna og launastéttanna sérstaklega!

Hvarvetna í öðrum löndum beita verkamannaleiðtogar sér fyrir því, að grunnkaup raskist sem allra minnst, og auðvitað með það fyrir augum að vinna að hagsbótum launastéttanna engu síður en annarra.

Það þarf ekki heldur að fara langt aftur í tímann til þess að sýna, hvernig þeir menn eru settir, sem nú, til pólitísks ávinnings, ætla sér að halda því fram, að hækkun grunnkaups sé réttmætt úrræði til þess að skipta stríðsgróðanum. Þegar rætt var um frv. mitt á haustþinginu, voru allir, sem um það ræddu, sammála um, að hvað sem liði lögbindingu afurðaverðs og kaupgjalds, þá væri það þó víst, að öllum væri fyrir beztu, að grunnkaupshækkanir ættu sér ekki stað. Og ekki nóg með það. Þegar verið var að athuga þetta mál innan ríkisstjórnarinnar sérstaklega og menn tóku sér hlé til þess að rannsaka, hvort hin svonefnda „frjálsa leið" væri fær, þá fór fyrrverandi hæstv. ráðh., Stefán Jóh. Stefánsson, á fund Alþýðusambandsstjórnarinnar og spurðist fyrir um það, hvort hún byggist við grunnkaupshækkunum, og hvort hún vildi stuðla að því, að grunnkaupsgjaldið héldist óbreytt, ef það yrði ekki lögbundið. — Þegar Stefán Jóh. Stefánsson kom aftur á fund ríkisstjórnarinnar, lýsti hann yfir því, að hann byggist við, að verkalýðsfélögin mundu ekki beita sér fyrir neinum teljandi grunnkaupshækkunum, og enginn gat skilið ummæli hans öðruvísi en svo, að stjórn Alþýðusambandsins vildi vinna að því, að grunnkaupið héldist yfirleitt óbreytt, ef það gæti orðið til þess að kaupið yrði ekki lögbundið. — Var **þá** ekki jafnmikil nauðsyn og **nú** að tryggja launastéttunum hluta af stríðsgróðanum? — Ef það er árás á verkalýðinn, kúgun og ég veit ekki hvað fleira, að gera ráðstafanir til að grunnkaup breytist sem minnst, hvað má þá segja um þessa afstöðu verkalýðsforkólfanna í haust og allan tímann síðan vart fór að verða við stríðsgróðann?

Þegar verið var að ræða þessi mál í haust, þá var í mesta lagi talað um smáleiðréttingar á grunnkaupi hinna lægstlaunuðu stétta, eins og ég hef þegar sýnt fram á. Ég get ekki stillt mig um að taka hér upp ummæli úr ræðu Stefáns Jóh. Stefánssonar, ráðherra, er hann hélt á Alþingi 24. okt. s. l., og sýna mjög vel, hvernig þá var litið á grunnkaupshækkanir. Hann kemst þannig að orði:

„Og ég held, að launastéttirnar í landinu hafi yfirleitt enga löngun til þess að láta dýrtíðina vaxa og að þegar atvinna í landinu er góð og mikil og þær fá upp borna í hækkuðu kaupi vaxandi dýrtíð, þá sé ekki mikil tilhneiging hjá launastéttunum til þess að hækka grunnkaupið. Reynslan hefur sýnt þetta."

Hann sagði enn fremur:

„Og mér er kunnugt um það, að það er engin sérstök hreyfing í þá átt að segja upp kaupsamningum með það fyrir augum að hækka grunnkaupið." Hann orðaði það einnig svo, — „að engin **yfirvofandi hætta** sýnist á því, að slíkt skelli á." Félagsmálaráðherrann sagði í þessari ræðu sinni, að það væri „óeðlilegt og ranglátt, nema í lífsnauðsyn þjóðarinnar, að kaupsamningar séu ekki frjálsir milli verkamanna og atvinnurekenda." En svo bætti hann við þessum orðum:

„Engri slíkri nauðsyn er til að dreifa að mínu áliti, þegar **launastéttirnar hafa ekki sýnt það í verki, að þær hugsi sér að auka dýrtíðina, með því að gera ákveðnar og almennar kröfur um hækkun grunnkaups.**"

Hér er ekki verið að skafa utan af því. Hér er það sagt eins greinilega og hægt er, að engin sérstök hreyfing sé í þá átt að segja upp kaupsamningum til að fá hækkað grunnkaup, og enn fremur að engin **„yfirvofandi hætta"** sé á slíkum hækkunum. Orðið „hætta" er beinlínis notað í þessu sambandi, og auðvitað mundi enginn tala þannig, sem teldi grunnkaupshækkanir eðlilegar.

Ég held, að engum geti blandazt hugur um, að sá, sem heldur þessa ræðu, er sjálfur þeirrar skoðunar, að grunnkaup eigi ekki að hækka, og að slíkar hækkanir væru meira en lítið vafasamur hagnaður fyrir verkalýðinn sjálfan. Það er megináherzla á það lögð, að þess sé engin þörf að lögbinda kaupið, vegna þess að grunnkaupshækkanir séu ekki í vændum. Hver mundi halda slíka ræðu, ef hann væri sannfærður um, að grunnkaupshækkanir væru sjálfsögð réttlætiskrafa verkalýðsins til þess að tryggja sér stríðsgróðann? Er það ekki broslegt, að við skulum vera kallaðir verkalýðsböðlar og öllum illum nöfnum fyrir að vera sömu skoðunar og Alþýðuflokksmenn voru í haust og eru sjálfsagt enn?

Alþýðublaðið er þó jafnvel enn berorðara. Í blaðnu 1. nóv. í haust segir:

„Er því algerlega óþarft að lögbinda það (þ. e. kaupgjaldið) til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, **nema því aðeins að reynt yrði að knýja fram grunnkaupshækkun.** En ekkert bendir til þess, að það sé fyrirhugað, að minnsta kosti við í hönd farandi áramót."

Með þessum orðum segir Alþýðublaðið, að lögbindingin sé óþörf, **nema því aðeins,** að reynt yrði að knýja fram grunnkaupshækkanir. Þetta er ekki hægt að skilja nema á einn veg: Ef knýja ætti fram grunnkaupshækkun, þá væri blaðið meðmælt kaupbindingu, — en þörfin er bara ekki fyrir hendi, af því að engin hreyfing er í þá átt að hækka kaupið! Hvað segja menn nú um þetta annars vegar, og hitt, sem við megum nú daglega sjá og heyra, hins vegar!

Þegar afstaða Alþýðuflokksins frá upphafi stríðsins og það, sem kom fram í haust, er athugað og borið saman við það, sem nú er haldið fram í sambandi við gerðardómslögin, þá munu vart margir telja Alþýðuflokkinn öfunds-

verðan af hlutskipti hans. En hver er þá skýringin á þessum ósköpum? Hún getur ekki verið nema ein og er ákaflega einföld. Flokkurinn hefur frá upphafi verið ráðinn í því að eiga engan þátt í lausn dýrtíðarmálanna. Hann hefur frá öndverðu verið ráðinn í því að komast í stjórnarandstöðu á þessum málum, til þess að vinna sig upp. Aðeins út frá þessu sjónarmiði er afstaða flokksins skýranleg. Það er ekki skiljanlegt frá öðru sjónarmiði, að flokkurinn skuli flytja tillögur um að lögfesta afurðaverð bændanna, sem vitanlega er ekkert annað en kaupgjald þeirra, en láta allt annað kaupgjald í landinu vera óbundið, og bíta svo höfuðið af skömminni með því að þykjast með þessu móti vilja gera **réttlátar ráðstafanir** gegn dýrtíðinni.

Ekki verður heldur skýrt með öðru það undarlega fyrirbrigði, að frá stríðsbyrjun og fram undir síðustu áramót telur flokkurinn eðlilegt, að grunnkaup standi yfirleitt óbreytt, en um áramótin, þegar svo er komið, **að ekki var fyrir hendi annað úrræði til þess að skerast úr leik og komast í stjórnarandstöðu en að snúa algerlega við blaðinu og telja það eina sáluhjálplega fyrir verkalýðinn að hækka grunnkaupið, þá var það gert.**

Hitt er annað mál, að þessu fylgja meira en lítil óþægindi, vegna þess, sem á undan er gengið. En einmitt það, að Alþýðuflokkurinn skuli ekki hika við að taka á sig þessi óþægindi, sýnir, að óttinn við samkeppni kommúnista og vantraustið á skilningi launastéttanna hefur altekið Alþýðuflokkinn, og að hann hefur verið alveg ráðinn í því frá byrjun að eiga engan þátt í lausn dýrtíðarmálanna.

Fátt sýnir betur þá ófæru, sem vinnubrögð Alþýðuflokksins hafa hrundið honum út í, en viðaukatillögur þær í dýrtíðarmálunum, sem hann hefur nú lagt fram, frumvarpið um gengishækkun.

Ég segi viðaukatillögur vegna þess, að þrátt fyrir gengisfrumvarp sitt endurflytja Alþýðuflokksmenn dýrtíðarfrumvarp sitt frá því í haust, sem er ekkert annað en uppsuða úr tillögum *minum um dýrtíðarmálin*, þó með þeirri veigamiklu breytingu, að allt á að binda nema kaupgjaldið.

Nú þyrfti það út af fyrir sig ekki að bera neinn sérstakan vott um úrræðaleysi að gera tillögu um gengishækkun, þó að óneitanlega séu margir erfiðleikar á að nota það úrræði, eins og nú er komið málum. Það er annað, sem sérstaka eftirtekt hlýtur að vekja í þessu frumvarpi. Samkvæmt því á að bæta útflytjendum þann halla, sem þeir verða fyrir af gengishækkuninni, þ. e. a. s. þeim, sem selja vörur upp í brezka samninginn. Og bankarnir eiga að fá bættan gengismun á innstæðum sínum, milli 20 og 30 milljónir króna.

Ég hef aldrei séð jafn„ósminkað" kosningafrumvarp á Alþingi og þetta plagg. Það á að hækka krónuna, og margir eiga að græða á því. *Þeir, sem flytja út vörur upp í brezka samninginn*, eiga að fá fullar bætur. En hvaðan eiga þær bætur að koma? Jú, það er talað um skatt á eignaaukningu í stríðinu, og það er vit í því út af fyrir sig, til þess að jafna gengismun á innistæðum erlendis, ef til gengishækkunar verður gripið. En dettur nokkrum manni í hug, að sú gengishækkun, sem yrði til þess, að borga þyrfti aðalatvinnuvegi landsmanna útflutningsstyrk, geti staðizt stundinni lengur? Þeir verða ekki til frambúðar teknir af eignaaukningu manna vegna stríðsins og allra sízt, ef stríðsgróðinn er hæfilega skattlagður. — Halda menn, að það yrði ekki einnig að styrkja útflytjendur fleiri vara en fisksins? Hvers eiga þeir að gjalda, sem flytja út síldarafurðir og landbúnaðarafurðir t. d., hví eru þeir ekki tryggðir gegn tapi af gengishækkun?

Gengishækkun er ein af þeim leiðum, sem gaumgæfilega hafa verið athugaðar í sambandi við dýrtíðarmálin. Þótt sú leið væri farin, yrði að gera flestar þær aðrar dýrtíðarráðstafanir, sem nú hefur verið gripið til, ef árangur ætti að nást í því að stöðva dýrtíðina. Enn fremur er þess að gæta, að gengishækkun ein mundi hafa mjög takmörkuð áhrif á framfærslukostnaðinn — dýrtíðina.

En hvað sem því líður, hvort grípa skuli nú til gengishækkunar eða ekki, þá er bezt að gera sér það fullljóst einmitt nú, að geti aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna — sjávarútvegurinn — ekki þolað gengishækkun styrkjalaust, — sé búið að spenna svo upp framleiðslukostnaðinn nú þegar, að smábátaútvegurinn t. d. þoli ekki hærra gengi en nú er —, þá er gengishækkun ekki framkvæmanleg. Allir ábyrgir menn sjá það í hendi sér, að það verður fullerfitt að raka saman 20—30 millj. króna til þess að bæta bönkunum upp gengishalla, þótt ekki bætist þar við, að greiða þurfi tugi milljóna í útflutningsstyrki árlega.

Það sýnir bezt einurðarleysi Alþýðuflokksins, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, að hann skuli ekki þora að viðurkenna þessa staðreynd og skuli hika við að leggja gengismálið hreint fyrir landsmenn. Hvers vegna að reyna að dylja fyrir mönnum hin eðlilegu og óumflýjanlegu áhrif gengishækkunar? Trúir flokkurinn ekki svo á málstaðinn, að hann þori að koma hreint fram og segja við framleiðendur, t. d. útgerðarmenn og sjómenn: Auðvitað verðið þið fyrir tapi í bili, en af því að þessi ráðstöfun er rétt, þá verður að gera hana samt. Í stað þess er sagt: Enginn verður fyrir neinum halla, — ríkissjóður borgar uppbætur á fiskinn —, að vísu gerir frumvarpið ekki ráð fyrir slíkum uppbótum nema rétt fram yfir kosningar, en þó að Alþýðuflokknum þyki sú trygging kannske nægileg, mundi kannske sumum öðrum finnast hið gagnstæða.

Sé nú svo komið, að gengishækkun yrðu að fylgja útflutningsstyrkir á aðalútflutningsvöruna, þá er hún óframkvæmanleg, nema um leið séu gerðar öflugar ráðstafanir til þess að lækka framleiðslukostnaðinn, og það má svo sem nærri geta, hvernig þeim ráðstöfunum yrði tekið.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins leggja dóm á það, hversu ástatt er um möguleika sjávarútvegsins til þess að þola gengishækkun, en hitt vil ég segja, að tillögur Alþýðuflokksins um þetta mál eru óframkvæmanlegar, og í sjálfum tillögunum er því í raun og veru slegið föstu, að gengishækkun sé ekki framkvæmanleg, vegna þess að útflutningsframleiðslan þoli hana ekki.

Hitt tekur enginn alvarlega, að gengisskráning verði til lengdar byggð á því, að milljónatugir séu greiddir í útflutningsverðlaun. Það er framkvæmanlegt að greiða útflutningsuppbætur á einstaka vörutegundir, sem ekki eru mjög mikill þáttur í utanríkisverzluninni. Hitt er óframkvæmanlegt og mundi leiða til gengislækkunar á nýjan leik von bráðar, þótt reynt yrði.

En hvernig stendur á þessu fálmi Alþýðuflokksins? Mér finnst auðvelt að finna á því skýringu. Eftir að flokkurinn hefur ákveðið að freista gæfunnar í stjórnarandstöðu, — eins og hann er raunar vanur að gera fyrir kosningar — sbr. það, sem gerðist 1931 og aftur 1937 —, þá virðist honum sérstaðan í dýrtíðarmálinu af sinni hálfu varla nógu glögg, og er það vorkunnarmál, þegar þess er gætt, að aðaltillögur flokksins eru uppsuða úr dýrtíðartillögum mínum — með þeirri breytingu, að þeir krefjast þess, að engin afskipti séu höfð af kaupgjaldi, þótt kaupgjald framleiðenda eigi hins vegar að binda með afurðaverðinu. — Flokknum hefur því þótt þörf á að brydda upp á einhverju nýju, — og þá er gengishækkun góð. — En þegar nánar er að gætt, er þó sá galli á gjöf Njarðar, að Alþýðuflokkurinn hefur áður haldið fram, að fiskverðið samkvæmt brezku samningunum væri allt of lágt, — jafnvel svo, að fiskveiðar gætu ekki borið sig. Gerði flokkurinn mikið veður út af þessu á sinni tíð og átti að koma sér vel hjá útvegsmönnum og hlutamönnum. Nú voru því góð ráð dýr. En brátt rættist þó betur úr en áhorfðist. Vandinn reyndist ekki annar en sá að bæta nokkrum línum inn í frumvarpið, þess efnis, að ríkissjóður skyldi bæta upp hallann af gengishækkuninni þeim, sem selja fisk samkvæmt fisksamningnum við Breta, — það gerði ekkert til um hina. Þetta var svo einfalt og hafði þann mikilsverða kost, að með því móti gafst einnig sérstakt tækifæri til þess að benda á, hvað þeir væru afskiptir, sem byggju við þennan samning.

Þegar þetta úrræði var fundið, gat svo Finnur Jónsson, hv. þm. Ísaf., gerzt 1. flutningsmaður frumvarpsins um gengishækkunina, þrátt fyrir allt, sem hann er búinn að fjargviðrast um fyrirsjáanleg vandræði og rekstrartap útgerðarinnar vegna þess að verðlagið sé of lágt.

Það er ekki vandasamt að vera í stjórnarandstöðu á Íslandi, ef Alþýðuflokksmenn hafa hitt naglann á höfuðið með framkomu sinni í dýrtíðarmálunum.

Þeir segja: Það er lífsnauðsyn fyrir verkamenn að stöðva dýrtíðina, engir tapa á henni meira en þeir. Jafnframt segja þeir: Það er réttlætismál, að grunnlaunin séu hækkuð og stríðsgróðanum skipt þannig, og það veldur engu um hækkun dýrtíðarinnar, þótt það sé gert, — það verður bara að setja fast verðið á landbúnaðarafurðunum, þá er öllu borgið. Enn fremur: Verðið á fiskinum er allt of lágt, framleiðslan ber sig ekki. — Eigi að síður er það eitt helzta nauðsynjamálið og úrræðið í dýrtíðarmálunum að hækka gengið. Það þarf enginn á því að tapa, — ríkissjóður borgar — allir græða.

Ég er sannfærður um, að Alþýðuflokkurinn á eftir að hafa litla gleði af þrekleysi sínu í dýrtíðarmálinu, og það er mesti misskilningur, ef flokkurinn heldur, að hann auki fylgi sitt með slíkum vinnubrögðum. Til þess liggja margar ástæður, sem of langt yrði að rekja hér. Í **fyrsta lagi**, að dýrtíðarmálið mætir vaxandi skilningi almennings hvarvetna á landinu, ekki síður launamanna en annarra. Í **öðru lagi**, að stefna Alþýðuflokksins brýtur í bága við stefnu annarra verklýðsflokka í þessum málum, og þegar af þeirri ástæðu munu menn sjá, að það er eitthvað meira en lítið bogið við afstöðu flokksins. Í því sambandi ber ég þá ekki saman við forkólfa kommúnista, — þeir hafa aðeins eitt áhugamál, og það er að gera öngþveitið sem mest. Í **þriðja lagi**, að afstaða Alþýðuflokksins til kaupgjaldsmálanna frá stríðsbyrjun hefur verið sú, að grunnkaup ætti ekki að hækka, — þangað til þeir töldu sig þurfa af pólitískum ástæðum að fara að „skipta stríðsgróðanum“ með hækkun grunnkaupsins.

Það mun sönnu næst í þessu máli, að forkólfar Alþfl. munu ekki gera sér neinar tyllivonir um, að þeir skipti stríðsgróðanum með launastéttunum, þótt almennar grunnlaunahækkanir eigi sér stað. Hins vegar munu þeir hafa ætlað sér að hafa **pólitískan stríðsgróða** af því að hlaupa undan merkinu í dýrtíðarmálunum. **Reyndin mun hins vegar verða sú, að þau vinnubrögð munu ekki reynast gróðavænlegri fyrir flokkinn en aukning verðbólgunnar fyrir verkalýðinn.**

Forseti (JörB): Næstur tekur til máls hv. 4. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og talar af hálfu Sameiningarfl. alþýðu — Sósialistaflokksins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Heiðruðu áheyrendur! Ég tala hér fyrir hönd Sameiningarfl. alþýðu — Sósialistafl. og mun setja fram skoðanir hans á frv. því, sem hér um ræðir.

Gerðardómslögin, sem ríkisstjórnin gaf út 8. jan., eru freklegasta réttindaskerðing, sem nokkurn tíma hefur verið framkvæmd af íslenzkri ríkisstjórn gagnvart öllum stéttum, er land þetta byggja, að undantekinni þeirri fámennu stétt auðmanna, sem hirðir gróðann af útflutningi landsmanna. Með þessum lögum eru allir Íslendingar, sem lifa af að selja vinnuafl sitt eða framleiða fyrir innlendan markað, sviptir réttinum til þess að ráða sjálfir verðlagi vinnuafls síns eða framleiðslu sinnar, ef hún er fyrir íslenzkan markað. Þeir Íslendingar, sem selja erlendis afurðir landsmanna, eru hins vegar gerðir að sérréttindastétt, sem allt önnur lög gilda fyrir en aðra landsmenn.

Fyrst og fremst beinast lög þessi gegn verkalýð og öðrum launþegum, eða meiri hluta íslenzku þjóðarinnar, sem lifir einvörðungu á sölu vinnuafls síns. Allan þennan fjölda á að gera að réttlausum þrælum, sem eru neyddir til að láta vinnuafl sitt í té fyrir verð, sem 3 bankastjórar og 2 embættismenn ákveða.

Ég skal nú athuga í stuttu máli, hvers konar kjör það eru, sem verkalýðnum eru raunverulega sköpuð með lögum eins og þessum.

Í því auðvaldsþjóðfélagi, sem við enn eigum við að búa, skiptast á löng atvinnuleysis- og vandræðatímabil og skömm góðæristímabil fyrir verkalýðinn. Allt frá 1930 til 1940 hefur verka-

lýður Íslands átt við atvinnuleysi að stríða og hvers kyns vandræði, sem því fylgja, fáækt, sult og sjúkdóma. Allan þennan áratug kvað sífellt við sá sónn frá valdhöfunum, auðmönnum landsins, að lækka yrði kaupið, að skammta yrði verkalýðnum enn smærra. Það þótti hreinasta fjarstæða, að verkalýðurinn reyndi að hækka kaup sitt á slíkum tímum, enda hafði hann yfirleitt litla aðstöðu og litla möguleika til þess.

1939 þorði svo auðmannastéttin loks að leggja til atlögu við verkalýðinn, af því að henni hafði tekizt að sameina foringja þjóðstjórnarflokkanna þriggja í þjónustu sinni. Í apríl 1939 var pundið hækkað — fyrir Kveldúlf, krónan felld, laun verkalýðsins raunverulega lækkuð og verkalýðurinn sviptur frelsi sínu til verkfalla, launahækkun lögbönnuð, verkalýðnum skammtað smátt og þungi dýrtíðarinnar látinn leggjast á herðar verkamanna og annarra launþega, en Kveldúlfur og aðrir togaraeigendur gerðir skattfrjálsir.

Og verkalýðurinn varð að þola launalækkunina, því að á tímum atvinnuleysis er erfitt, oft ókleift, fyrir hann að fá grunnlaun sín hækkuð.

Nú er komið svokallað góðæri. Nú streymir meiri auður inn í þetta land en nokkru sinni fyrr. Nú er nóg atvinna. — Nú er því eina tækifærið, sem verkalýðurinn hefur sem heild til að bæta aðstöðu sína sem stéttar í þjóðfélaginu, tryggja sér meiri hlutdeild en þann smánarlega litla hlut, sem hann hefur hingað til haft.

Og nú — nú er honum bannað með lögum að bæta hlut sinn, að hækka grunnkaup sitt.

Á atvinnuleysis- og krepputímum hindra auðmennirnir með samtakavaldi sínu, að verkamenn geti hækkað grunnkaup sitt.

Á atvinnu- og góðæristímanum banna auðmennirnir með löggjafarvaldi ríkisstjórnar sinnar, — og máske Alþingis —, að verkamenn megi hækka grunnkaup sitt.

Með öðrum orðum: Innan þessa þjóðfélags á verkalýðurinn aldrei að fá að bæta kjör sín. Hann á alltaf að vera afskiptur þræll, sem auðmennirnir geti gripið til, fyrir kaup, sem þeir ákveða, þegar þeim finnst gróðavon, og kastað út á kaldan klaka atvinnuleysisins þar á milli.

Þetta er sannleikurinn um vilja valdhafanna, sannleikurinn, sem gerðardómslögin leiða í ljós.

En það er ekki nóg með þetta: Valdhöfunum finnst erfitt um framkvæmd slíkra þrælalaga sem þessara og þykir uggvænt að þau verði brotin, nema jafnframt sé komið á atvinnuleysi aftur. Hæstv. viðskmrh., Eysteinn Jónsson, sagði í framsöguræðu sinni út af þvingunarlögunum á síðasta þingi, að koma yrði á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, m. ö. o. minnka svo atvinnuna, að eftirspurn eftir vinnuafli yrði ekki meiri en framboðið. Og nú vinnur ríkisstjórnin að því að fá Bretavinnuna minnkaða og hefur tekizt það. Henni er svo áfram um að minnka atvinnu verkamanna, að henni er alveg sama, þótt hún um leið dragi úr hervörnum landsins, einmitt þegar innrásarhættan er mest, þegar Hitler safnar saman herskipum sínum, herliði og flugvélum í Noregi.

En það er ekki nóg með það, að auðmennirnir og ríkisstjórn þeirra banni grunnkaupshækkun og minnki atvinnu verkalýðsins. Þeir sjá og ofsjónum yfir, að verkamenn, með því að þræla baki brotnu, geti þannig bætt kjör sín. Ríkisstjórnin er nú að reyna að fá því framgengt, að verkamenn megi ekki vinna nema venjulegan vinnudag í Bretavinnunni, svo að þeir beri sem minnst úr býtum.

En svo hefur verið fram að þessu, að fjöldi verkamanna hefur þrælað fram á síðla kvöld og sunnudaga líka. Þeir hafa með þessari iðjusemi verið að reyna að spara sér saman til komandi atvinnuleysisára, sem þeir vita, að núverandi valdhafar munu leiða yfir þá, ef þeir fá að drottna áfram. — Fyrir nokkrum árum voru auðmennirnir að svívirða verkamennina fyrir leti. Frekustu þjónar auðmannanna, eins og Jónas frá Hriflu, vildu klæða fátækustu verkamennina í einkennisbúninga, til að svívirða þá og kölluðu þá iðjuleysingja.

Nú banna auðmennirnir og stjórn þeirra verkamönnum að vera iðjusamir.

Það er því auðséð, hvert sem litið er, að hverju er stefnt: Verkalýðurinn á að vera undirokuð stétt, er búi við ill kjör, og þau mega aldrei batna. Ef vald braskaranna yfir atvinnutækjunum nægir ekki til að halda verkalýðnum niðri, þá er löggjafarvaldinu beitt til þess líka.

Hatrið til verkalýðsins — og óttinn við sigursæla þjóðmálastefnu hans, sósíalismann — er höfuðeinkennið á núverandi ríkisstjórn. Og hin hlið þess máls er þjónusta hennar við þann hluta íslenzku auðmannastéttarinnar, sem nú er orðinn svo langsamlega ríkastur allra auðmanna, er verið hafa á Íslandi, togaraeigendurna, — að segja má, að hér sé nú risið upp nýtt auðvald, sem hefur álíka gífurlega yfirburði yfir alla aðra einstaklinga þjóðarinnar á fjármálasviðinu eins og auðhringir Bandaríkjanna hafa þar í landi yfir öðrum einstaklingum. Og þessi nýríka togaraeigendastétt er nú að reyna að skapa sér álíka pólitískt einræði og þýzku auðhringirnir hafa skapað sér. Gerðardómslögin eru einn prófsteinninn um, hvað megi bjóða þjóðinni.

Um leið og ríkisstjórnin hefur vægðarlaust látið kúgunarsvipu einræðislaganna dynja á herðum verkalýðsins, hefur hún sem auðmjúkur þjónn ausið tugum milljóna króna í hít þeirra svindilfélaga, sem áður fyrr voru allt að því búin að setja þjóðbankann og ríkið á hausinn með óstjórn sinni, en hafa nú fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar bólgnað út, svo að þau eru orðin að auðjötnum, sem í hroka sínum telja sig upphafna yfir aðra Íslendinga og dirfast að telja fullgott handa öðrum það, sem þeir ekki vilja líta við sjálfir. Mér þætti gaman að sjá Thorsara þá, sem græddu milljónatug á síðasta ári, líta við því að lifa af 159 kr. á viku, eins og Dagsbrúnarmaður hefur nú. Það mundi ekki einu sinni hrökkva fyrir húsaleigu handa þeim.

Og hvernig er svo breytt við aðrar stéttir þjóðfélagsins, meðan launþegunum er haldið niðri, en gömlu svindilbraskararnir dubbaðir upp í milljónamæringa?

Fyrir meginþorra bænda hefur afkoman ekkert batnað, þrátt fyrir þá hækkun á afurðaverðinu, sem komið hefur þungt niður á neytendum bæjanna. Fyrir mikinn hluta af millistétt bæjanna hefur afkoman beinlínis versnað. — Og þeir smáútvegsmenn, sem verulega hefur batnað

fyrir, fá svo rétt á eftir framan í sig aðgerðir milljónamæringanna í fisksölumálunum.

Fyrir smærri atvinnurekendur, sem framleiða fyrir innlendan markað, eru gerðardómslögin ætluð sem fjötur, svo að þeir nái ekki til sín nema sem minnstu af gróðanum, sem togaraeigendur raka til sín.

Hvert sem litið er, þá er auðséð, að með gerðardómslögunum er verið að koma á einræði útflutningsauðvaldsins — og þá fyrst og fremst togaraeigendanna undir forustu Kveldúlfs — yfir allri íslenzku þjóðinni.

Ef þetta einræði milljónamæringanna, sem á útlendu máli er kallað fasismi, á ekki að festast hér í sessi, þá verður þjóðin nú tafarlaust að hefjast handa gegn því.

Formælendur þessa einræðis og kúgunarlaganna, er hér liggja fyrir, eru að reyna að blekkja þjóðina með því, að þeir séu að berjast á móti dýrtíðinni með þessum aðförum.

Það er furðuleg frekja, að sú ríkisstjórn, sem hefur leitt mestu dýrtíð yfir þetta land, sem nokkur þjóð veraldarinnar býr við, skuli dirfast að koma fram fyrir þjóðina með slíkar blekkingar. Fyrsta ráðstöfunin til þess að hindra ocðlilega dýrtíð, afstýra þeirri dýrtíð, sem við yfirleitt getum ráðið við, var og er sú að taka stríðsgróðann allan úr umferð. En ríkisstjórnin hefur verið svo langt frá því að gera slíkt, að hún gerir fyrst stríðsgróðann skattfrjálsan og veitir honum síðan inn í landið sem falskri kaupgetu þjóðhagslega séð, — en einokaðri í höndum stríðsgróðamannanna —, þannig að þeir brjála með þessum tugmilljónum króna, sem þeir fá upp í hendurnar, allt fjármálalíf landsins og kaupa upp í krafti krónulækkunarinnar og yfirfærslunnar á stríðsgróðanum sívaxandi hluta af eignum bjargálnamanna: hús, skip, lóðir, lendur og annað, sem þeir girnast.

Til þess að draga úr dýrtíðinni, eftir því sem í okkar valdi stendur, yrði fyrst og fremst að eyðileggja handaverk þessarar dýrtíðarstjórnar, gera þveröfugt við það, sem þessi stjórn gerði til að koma dýrtíðinni á.

Þessi stjórn lækkaði krónuna og byrjaði þannig að eyðileggja kaupmátt hennar. — Það er hægt að hækka krónuna og byrja þannig á því að auka kaupmátt hennar.

Þessi stjórn skellti gífurlegum tollum á þjóðina, smeygði heilli tollakeðju um háls hennar í Finnagaldrinum sællar minningar og jók þannig á dýrtíðina. — Það er hægt að afnema alla þessa tolla og lækka þannig dýrtíðina.

Þessi stjórn reiknar tollana af vöruverðinu að meðtöldum flutningskostnaði hingað, sem nú er geysihár, og hækkar þannig vöruverðið. — Það er hægt að hætta að leggja þannig á flutningskostnaðinn og lækka einnig á þann hátt dýrtíðina.

Þessi stjórn borgaði stríðsgróðann út til braskaranna og hleypti þannig af stað því gegndarlausa braski með hús og aðrar eignir, sem nú á sér stað. — Það er hægt að taka stríðsgróðann úr umferð og binda alveg endi á þetta óhóflega brask.

En ekkert af þessu gerir ríkisstjórnin, sem aðeins einblínir á hagsmuni Kveldúlfs. Hún vill ekki einu sinni afnema tolla á nauðsynlegustu vörunum, af því að hún veit, að þá verður erfiðara að koma þeim á aftur seinna!

Þvert á móti. Hún ætlar sér auðsjáanlega að nota hinar þungu álögur á þjóðina til þess að geta ausið áfram í þá hít milljónamæringanna, sem aldrei ætlar að fyllast, — ausið utan við öll fjárlög, rétt eftir því, sem ríkisstjórninni þóknast.

Ég skal nú reyna að skýra í stuttu máli, hvernig hún fer að þessu.

Ríkissjóður hefur á tveimur síðustu árum fengið tekjur, sem fara um 15—20 milljónir króna fram úr áætlun, og stafar verulegur hluti þessarar tekjuaukningar frá þeim gífurlega tollahækkunum, sem skellt var á almenning með tollskránni nýju, sem laumað var í gegnum Alþingi meðan fólkið var blindað af rykmekki Finnagaldursins og sá ekki, hve þungar byrðar var verið að binda því, meðan þingmenn töluðu hæst um viðkvæman sóma sinn og ást sína á Mannerheim.

Með tollaálögum þessum var lagður þyngsti nefskattur á þjóðina, sem á hana hefur verið lagður á síðustu tímum, og var nú engri nauðsynjavöru hlíft, enda þótti mikils við þurfa, því að með því móti urðu Kveldúlfur & Co. skattfrjálsir.

Þeim milljónatekjuafgangi, sem myndazt hefur með þessum nefsköttum á alþýðu manna, á nú, eftir samkomulagi stjórnarherranna, og samkvæmt almennri heimild, sem þeir láta þingið gefa sér, að verja til þess að halda niðri verði á erlendum vörum. Valdhafarnir ætla sér — og eru þegar byrjaðir á því — að halda niðri verði á aðfluttum vörum með því að borga með vörunum úr ríkissjóði og láta atvinnurekendur og aðra fá þær undir kostnaðarverði, einungis til þess að hindra, að atvinnurekendur verði að greiða hærri dýrtíðaruppót á kaupgjald verkamanna vegna hækkaðs verðlags.

Með öðrum orðum: Alþýðan er með tollaálögunum látin borga kostnaðinn af því að halda verðlaginu og sínu eigin kaupgjaldi niðri — fyrir stóratvinnurekendurna.

Ég vil svo spyrja forkólfa þessarar stefnu: með hverju ætla þeir að borga, þegar ríkissjóður er þurrausinn í það að borga með útlendum vörum, til þess að halda verðinu á þeim niðri? Á þá bara að þyngja tollana enn meir, — eða á holskefla dýrtíðarinnar þá að skella yfir án þess að taka á sig mynd nýrra tolla?

Svikamyllan, sem hafin var í Finnagaldrinum, er enn í fullum gangi. Nú er það bara kallað að forða þjóðinni frá hyldýpi dýrtíðarinnar, sem í rauninni er það að láta alþýðuna borga kostnaðinn við herferð Kveldúlfs gegn verkalýðssamtökunum.

Við þingmenn Sósíalistaflokksins skorum á þingmeirihlutann hér, sem hefur það á stefnuskrá flokka sinna að afnema alla tolla á nauðsynjavörum, að gera það nú. Aldrei hafa fjárhagsástæður ríkissjóðs leyft það að afnema þessa tolla og munu aldrei leyfa það, ef þær leyfa það ekki nú. Við skulum láta stríðsgróðamennina sjálfa borga allan kostnaðinn við að halda dýrtíðinni niðri, með því að gefa með erlendu vörunum. Og mér þætti gaman að sjá, hvað lengi þeir væru óðfúsir til þessa, sem þeir nú eru svo

ginnkeyptir fyrir, þegar þeir geta greitt það með tollum á nauðsynjum alþýðu.

En, — það mun enginn ætlast til þess, að ríkisstjórn, sem sköpuð var til þess eins í upphafi að rétta Kveldúlf við á kostnað þjóðarinnar, og hefur síðan alltaf fyrst og fremst borið hag milljónamæringanna fyrir brjósti, muni fara að brenna það, sem hún áður hefur tilbeðið eða tilbiðja það, sem hún áður hefur brennt.

Eigi nokkuð alvarlegt að gerast á móti dýrtíðinni og fjárhagslegu einræði milljónamæringanna, þá verður þessi stjórn að falla. Og þessi gerðardómslög eiga að verða banabiti hennar, ef Alþingi er sjálfu sér samkvæmt og þorir að breyta í samræmi við vilja þjóðarinnar. Það væri líka undarleg ráðstöfun að ætla að fela þeirri stjórn forustu í baráttu við dýrtíðina, sem sett hefur heimsmet í að koma dýrtíð á og gengið lengra í þjónustu við örfáa auðkýfinga en nokkur stjórn áður hefur gert á Íslandi.

Ríkisstjórnin, t. d. hæstv. viðskmrh., hefur talað um að taka stríðsgróðann. Það mundi ekki skorta atkvæðamagn á Alþingi til að framkvæma slíkt, ef Framsókn væri alvara, en Framsókn hefur alls ekki viljað taka stríðsgróðann úr umferð, heldur bara tala um það. Framsóknarráðherrarnir gerðu lögþvingunina gegn verkalýðnum að fráfararatriði á síðasta þingi, og þeir sprengdu þjóðstjórnina á að framkvæma hana nú, — en þeir hafa bara þvaðrað um að taka stríðsgróðann, en ekkert gert. — Og það þarf enginn að láta sér detta í hug, að stjórn, sem er stjórn milljónamæringanna nýbökuðu, muni nokkurn tíma þora að taka allan milljónagróða þeirra af þeim, til þess að firra þjóðina þeirri hættu, sem auðdrottnun þeirra er, og leggja grundvöll að heilbrigðum búskap þjóðarinnar sjálfrar, er hún ráði sjálf stærstu framleiðslutækjum sínum.

Þvaðrið um baráttuna gegn dýrtíðinni er bara dula til að dylja með baráttu einræðisstjórnar milljónamæringanna gegn alþýðu landsins og þorra þjóðarinnar.

Gerðardómslögin eru, ásamt kosningafrestuninni, freklegasta mannréttindaránið, sem valdhafarnir enn hafa framkvæmt. En það er og auðséð á afstöðu þeirra í öðrum málum, að ekki skortir viljann til að feta í fótspor þeirra einræðisherra, sem miða allar gerðir sínar við hatrið á sósialismanum og kúgun verkalýðsins.

Það átti svo sem kné að fylgja kviði, ef verkalýðurinn hefði sýnt sig í mótþróa á götum úti gegn gerðardómslögunum. Ríkisstjórnin fyrirskipaði lögreglunni að dreifa hvers konar mannsöfnuði með harðri hendi. Og svo að lögreglan hefði eitthvað hart í hendinni, var eftirfarandi pöntun gerð á skotvopnum, sem kom með einu ísl. skipi, sem ég get nefnt, ef þörf gerist:

15 vélbyssur (svo kallaðar Tommy guns) og 20 þúsund skot. Og til þess að vera enn betur viðbúin til að veita fólkinu þá blessun lýðræðis og þjóðfrelsis, sem þjóðstjórnin lofaði í upphafi, fékk hún með útlendu skipi, sem ég get og nefnt, ef þörf gerist: 14 kassa af táragasi, 3 kassa af (sickening) gasi, 1 kassa af táragas-pistólum.

Nú hefur helzta stjórnarblaðið, Morgunbl., lýst því yfir, að landvarnirnar séu ríkisstjórninni óviðkomandi, svo að það er engum blöðum um það að fletta, til hvers þessi vopn áttu að vera, þau áttu hvorki að notast til að taka Garð af Bretunum né verja landið gegn Hitler. Þessi vopn átti að nota gegn verkamönnum Reykjavíkur, ef þeir færu út á götuna til að mótmæla einræðisaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Það er ekki ríkisstjórninni og milljónamæringunum, herrum hennar, að þakka að ekki hefur komið til blóðugra árekstra í Reykjavík. Það er að þakka stillingu og stefnufestu verkalýðsins, sem er ákveðinn í að gjalda valdhöfunum rauðan belg fyrir gráan — á öðru sviði og hafa þar kjörseðilinn að vopni.

Gerðardómslög, þingkosningafrestun og vopnun lögreglunnar með vélbyssum eru einkennin á einræðishugsunarhætti stjórnarinnar.

Stjórnin hefur nú setið í tæpt ár í trássi við stjórnarskrá og lög landsins. Hún hefur notað þennan tíma til að koma hér á fjármálalegu alræði nokkurra reykvískra milljónamæringa.

Frelsi þjóðarinnar er í yfirvofandi hættu, ef þessi stjórn situr áfram. Hún á að falla á þessu þingi. Og hún á að falla á gerðardómslögunum, ella er þingið komið í svo hrópandi mótsögn *við sjálft sig og vilja þjóðarinnar*, að ekki verður lengur við unað.

Gerðardómslögin eru stærsta sporið, sem stjórnin hefur stigið á einræðisbrautinni, — spor, sem Alþingi verður að láta hana stiga til baka, ef það ætlar að *vernda mannréttindin* í landinu gegn milljónamæringunum og stöðva á einræðisins að ósi.

Þjóðin hatar þessi lög og brýtur þau nú þegar. Verkalýðshreyfing sú, sem ihaldið með miklum erfiðismunum hafði skapað sér, hrundi til grunna í einu vetfangi, er það léði lögum þessum fylgi sitt. Dagsbrún hrökk úr höndum þess. Og eina verkamannafélagið, þar sem það heldur stjórn, Hlíf í Hafnarfirði, mótmælir eins skörulega lögum þessum og öll önnur verklýðsfélög landsins, mótmælir að tilhlutun stjórnar sinnar sjálfrar!

Hvarvetna eru lögin brotin. Stundum neyðist gerðardómurinn til að leggja blessun sína yfir brotin, til að reyna að firra stjórnina falli með smán. Stundum eru brotin vandlega dulin. En það úir og grúir af þeim. Ríkisstjórnin yrði að fara í mál við allan þorra reykvískra launþega og atvinnurekenda, ef hún ætlaði að framfylgja þessum lögum, sem hún setti fyrir togaraeigendur.

Afgreiðsla þessa máls verður prófsteinn á virðingu Alþingis fyrir sjálfu sér. Síðasta þing felldi lögþvingunarfrumvarp framsóknarráðherranna. Ef þetta þing nú samþykkir kaupþvingunina, af því að íhaldsráðherrarnir hafa gengið inn á hana, þá er það að gefa upp vald sitt, afsala löggjafarvaldinu í hendur stjórninni og segja: Gerðu hvað sem þú vilt, ég samþykki það eftir á, þó að ég þori ekki að gera það á undan.

Þetta þing væri að kveða upp dauðadóm yfir sjálfu sér með því að gera slíkt. — Og hvaða dóms ætti slíkt þing að vænta frá þjóð, sem enn hefur virðingu fyrir sjálfri sér, mannréttindum sínum og þjóðfrelsi, — ef hún fær að kveða hann upp á löglegan hátt?

Ég þarf ekki að lýsa honum, hann er þegar ákveðinn í huga allra Íslendinga, sem vernda vilja frelsi sitt gegn einræði milljónamæringanna.

Ég skal hins vegar engu spá um afdrif þessa máls á þinginu, en aðeins ljúka máli mínu í þetta sinn með því að staðhæfa, að svo framarlega, sem andstæðingar fasismans í öllum stjórnmálaflokkunum hafa ekki vit og þor til að taka höndum saman til að hnekkja því samsæri, sem formenn Framsóknarfl., hins íhaldsflokksins, hafa gert, um að koma hér á alræði örfárra togaraeigenda og embættismanna, — ef þessi sameining lýðræðisaflanna ekki tekst á næstu vikum eða mánuðum, þá er frelsi og framtíð þjóðarinnar, og ekki sízt vald og virðing Alþ. í alvarlegri ætlu en nokkru sinni fyrr á síðustu 100 árum, síðan Alþingi var endurreist.

Forseti (JörB): Þá er lokið fyrri umferð þessarar útvarpsumræðu, og hefst nú síðari umferðin. Fyrstur talar hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, og hefur til umráða 15 mínútur.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Hv. þm. Seyðf. þreytist nú aldrei að fjargviðrast yfir aðgerðaleysinu í dýrtíðarmálunum. — En hvers vegna kom ekki þessi gagnrýni fyrr en á þessu þingi? Af því að meðan Stefán Jóh. Stefánsson var í stjórn, lagði Alþfl. ekki aðeins blessun sína yfir þetta „aðgerðarleysi", heldur streittist við að hindra samkomulag um nauðsynlegar aðgerðir. Nú er St. Jóh. St. farinn úr stjórn, nú er óhætt að bauna á stjórnina, finnst þeim. Meðan hann sat þar, lét hann líklega um alla samvinnu, þó að hann segði eitt í dag og annað á morgun. Nú er aðferð hans og Alþfl. önnur, en markmiðið sama. Og nú, eftir burtför hans, hefur tekizt, hvað sem Alþfl. segir, að stöðva dýrtíðarvísitöluna við 183 stig, hvort sem hægt verður að halda henni stöðugri til lengdar. Nú er höfuðádeilan á mig byggð á því, að ég hafi ekki gert hið eina nauðsynlega í málinu, að hindra hækkun á „fragt" með íslenzkum skipum. Það er heimskuleg blekking. Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri hefur reiknað út, að hefði verið notuð heimild Alþingis til að verja ríkisfé til að hindra farmgjaldahækkun á matvöru, hefði það aðeins numið 0.62 úr vísitölustigi, en hefði verið hindruð farmgjaldahækkunin á öllum vörum nema kolum, hefði það aðeins numið 1.63 stigum, og enda þótt bætt væri tolli og verzlunarálagningu við, mundi hækkunin, er stafar af fragtinni, aldrei nema meira en 2.30 stigum, eða mjög litlu broti vísitöluhækkunarinnar. Þegar svo er athugað, að fragtin stóð alveg óbreytt, meðan vísitalan hækkaði úr 127 stigum í 177, sést enn betur, hve lítinn þátt hún hefur átt í dýrtíðaraukningunni. En Alþfl. heldur sér stöðugt við það, að hún sé einhver höfuðorsök, það er þar trúaratriði. Lítum nú á breytingar farmgjalda í Ameríku. Þar hafa þau sjöfaldazt, síðan stríðið brauzt út. Hér hækkuðu þau aðeins um 56%, og nú síðast er hækkunin orðin 95% á öðru en matvörum. Rekstursútkoma Eimskipafélagsins sýnir líka 375 þús. kr. tap á íslenzku skipunum s. l. ár. Þau töp vona ég, að félagið vinni að vísu upp nokkurn veginn á rekstri erlendra skipa, sem það hefur haft á leigu. Félagið hefur alltaf gert allt, sem ríkisstjórnin hefur óskað eftir, þótt töp kynni af því að leiða. Halli af 5 ferðum, sem farnar voru s. l. ár til Halifax til matvöruflutninga, varð að meðaltali 44 þús. kr. á ferð, eða um 40—50 kr. á hvert tonn. Og á 18 síðustu ferðunum hefur þannig orðið stöðugur halli. Hallinn á einu skipanna, sem ég hygg, að liggi nú hér á höfninni, hefur orðið 324 þús. kr. Halli á einni ferð, sem Brúarfoss fór, varð 228 þús. kr., eða 132 kr. á smálest. Þannig mætti rekja tölurnar, sem tala sínu óvéfengjanlega máli um þær fórnir, sem Eimskipafélagið hefur fært með því að hækka ekki fragtina miklu fyrr og meir en gert er. Ádeilurnar á félagið eru ekki aðeins sprottnar af skammsýni og vanþekkingu, heldur bláberri öfund. Og hvar stæðum við nú, ef Eimskipafélagið væri ekki til?

Um skattalagafrv. ríkisstj. get ég verið fáorður, því að það verður lagt fram mjög bráðlega. Með því er ætlazt til að taka meginhlutann af þeim tekjum, sem verða kunna yfir 200 þús., nema leyft er að leggja ⅓ þess í varasjóð. Með þessu frv. ætlumst við til, að tekjur ríkissjóðs nægi til þess, að hann sé fær um hlutverk sitt, er ástand breytist, og geti tryggt almenningi atvinnu, þegar þar að kemur. Með því einu móti getur stríðsgróðinn veitt alþýðu manna nokkurt aukið öryggi.

Málflutningur Alþfl. í gengishækkunarmálinu og dýrtíðarmálum ber það með sér, að engin alvara er að baki og ekki reynt að sýna, að leiðirnar, sem stungið er upp á, séu í rauninni færar. Tjón af gengisbreytingunni á að bæta með verðlaunum, og fé til verðlaunanna á að taka með eignarskatti þeirrar tegundar, sem hvergi þekkist. Það er ein höfuðnauðsyn Íslendinga að hækka gengi íslenzkrar krónu, og ríkisstj. mun leggja fram till. í þá átt, ef hún sér nokkra leið til þess. En ef hinir erlendu kaupendur ganga ekki inn á að hækka vöruverð, hefur Alþfl. játað, að gengishækkun sé óframkvæmanleg. Betur þarf ekki að lýsa, hvílíkt ábyrgðarleysi felst á bak við hjá honum.

Hv. þm. Seyðf. taldi upp hin og önnur ljómandi áhugamál flokks síns. En hann má ekki halda, að menn séu ekki farnir að þekkja Alþýðuflokkinn.

Það hvílir enginn alvörublær yfir málflutningi Alþýðuflokksins, hvorki varðandi gengismálið né önnur þau mál, er Alþýðuflokkurinn nú hefur á oddi.

Þess er ekki heldur von, því að það eru ekki sjálf málefnin, sem Alþýðuflokkurinn hefur áhuga fyrir, heldur allt annað, nefnilega kjósendaveiðar og kjörfylgi við í hönd farandi kosningar.

Flestir þekkja eðli bjarndýrsins. Það leggst í dvala á veturna og sefur hinum langa værðarsvefni. Með vorinu rámkar það við sér, skríður úr híðinu, magurt og máttvana. Hugurinn beinist að munni og maga, leitin að björg og bráð.

Alþýðuflokkinn skortir að sönnu kraft bjarndýrsins, en minnir þó á það. Eins og bjarndýrið leggst flokkurinn í dvala og sefur þar svefni hins hóglífa og værukæra milli kosninga, og eins og bjarndýrið skríður Alþýðuflokkurinn

úr hiðinu, þegar hann veðrar bráðina og leggur á kjósendaveiðar, sjálfum sér til lífsviðurværis.

Enn er öllum í ferska minni fjögra ára áætlun Alþýðuflokksins fyrir kosningarnar 1934. — Hin mörgu fögru loforð um atvinnu öllum til handa o. s. frv. Alþýðuflokkurinn komst í stjórn, lagðist í dvala og gleymdi að sjálfsögðu fallegum fyrirheitum. Það leið að kosningum. Á þinginu 1937 skreið Alþýðuflokkurinn úr hiðinu, fylltist heilögum áhuga, bar fram stefnu- og áhugamál sín og var hinn vígglaðasti.

Allir muna kvöldfundina hér í þessari deild, 18. marz 1937, hygg ég það hafi verið.

Hinn sprengvirðulegi ráðherra flokksins, Haraldur Guðmundsson, hv. þm. Seyðf., sá er hér spreytti fjálgleik sinn áðan, stóð upp, hélt háværa ræðu, krafðist þess, að samstarfsflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, samþykkti fimm ákveðin áhugamál Alþýðuflokksins, og tilkynnti hátíðlega og af enn þá einlægari sannfæringu og meiri rembingi en áður, að ef Framsóknarflokkurinn gengi ekki að þeim kostum, segði Alþýðuflokkurinn þegar slitið allri samvinnu í ríkisstjórn og um löggjöf landsins.

Forsætisráðherra svaraði, að Framsóknarflokkurinn sæi sér ekki fært að ganga að öllum þessum kröfum. Hið sanna væri, að hann mundi að engri þeirra ganga.

Eftir þetta var þing rofið. Alþýðuflokkurinn lét að sínu leyti kjósa um þessi fimm hugsjóna- og áhugamál flokksins, en af einhverri hendingu gleymdi ráðherra flokksins, sá er tilkynnti að slitið væri samvinnu í stjórn landsins, maðurinn, sem áðan var að tala, — að segja af sér og fara, heldur sat hann sem fastast.

Eftir kosningar kom þing saman að nýju. Alþýðuflokkurinn reyndist trúr eðli sínu, hann *lagðist í dvala að nýju, og ekki aðeins* var ekkert hinna fimm kosningamála flokksins lögfest, — nei, svo þungur var svefn flokksins, að ekki svo mikið sem eitt einasta af þessum málum bar Alþýðuflokkurinn fram á þinginu, hvað þá meira, — málefnunum, sem hann gerði þó fyrir kosningar að skilyrði fyrir þátttöku í stjórn landsins og um löggjöfina. Og Alþýðuflokkinn henti ekki aðeins sú smán að gleyma málunum. Hann gleymdi líka að fara úr stjórninni. Ráðherra flokksins sat þar og sat, öllum til undrunar, unz honum ári síðar var varpað fyrir borð, beinlínis rekinn úr skiprúmi, eftir að hafa hlotið nafnið **mjögsitjandi.**

Svo fór um sjóferð þá.

En, eins og þar stendur, sagan endurtekur sig.

Snemma árs 1939 settist Alþýðuflokkurinn í stjórn að nýju. Hann sat þar í nær þrjú ár. — Allan þann tíma lét hann sér nægja að fylgja því, sem samstarfsfélagarnir urðu ásáttir um, enda var þá ákveðið að fresta öllum kosningum.

Svo kom að því, að sýnt þótti að kosið yrði. — Alþýðuflokkurinn hafði að sönnu heitið að beita sér gegn grunnkaupshækkunum. Hann sveik það. Í stað þess mun hann hafa unnið að því, að kröfur kæmu fram um slíkar kauphækkanir. Hann sá líka um að láta synja þeim kröfum með því að láta sína eigin prentsmiðju, Alþýðuprentsmiðjuna, bindast samtökum við hinar prentsmiðjurnar um að neita algerlega öllum kröfum prentaranna. Þannig vann Alþýðuflokkurinn bak og fyrir að verkföllum um áramótin. Hann vissi, að þau hlutu að leiða til lagasetningar um gerðardóminn. **Þannig ber Alþýðuflokkurinn í rauninni ábyrgð á lögunum um gerðardóminn.**

Og til hvers?

Til þess með þessu, með því að svíkja stefnu sína, skoðun og hagsmuni alþjóðar, að skapa sjálfum sér tylliástæðu til andstöðu og árása.

Og vegna hvers?

Vegna þess, að kosningar fóru í hönd.

Og nú er Alþýðuflokkurinn skriðinn úr hiðinu af nýju, hungraður og veiðibráður í kjósendaleit, fullur eldlegs áhuga, með sæg að nýjum hugsjónum og velferðarmálum.

Þannig mun Alþýðuflokkurinn *ráfa um á* hjarninu í iskulda vanvirðu og fyrirlitningar kjósenda, allt fram yfir kosningar.

En þá hjaðnar áhuginn, — þá gleymast málefnin. Þá fær Alþýðuflokkurinn hvíldina í löngum dvala allt til þess, er nýjar kosningar fara í hönd.

Þetta vita kjósendur af reynslunni, og þess vegna er hætt við, að hinum deyjandi flokki verði bágt til bjargar við þessar kosningar.

Beri menn nú þessa aðferð saman við Sjálfstfl., sem hefur ætíð verið stefnu sinni trúr, hvort sem byrlega blés eða ekki!

Tími minn er þrotinn. Ég hef engu svarað kommúnistum. Ég veit, að Alþfl. hefur löngun til að láta gott af sér leiða, hinir illt, og slíka þjóna erlends kúgunarvalds vil ég ekki láta njóta andsvars.

Forseti (JörB): Næstur tekur til máls hv. þm. Seyðf., Haraldur Guðmundsson, og talar í 15 mínútur.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. atvmrh. sagði í ræðu sinni, að Sjálfstfl. hefði alltaf verið trúr stefnu sinni í dýrtíðarmálunum. Það má satt vera, ef stefnan er að þjóna sérhagsmunum stétta og stórfyrirtækja, en ekki að vinna í raun og veru móti dýrtíðinni. Það er undarlegt, hversu mikill skyldleiki virðist vera orðinn með hæstv. atvmrh. og viðskmrh. í þessu máli. Oftast er hinn fyrrnefndi nemandi, hinn síðari lærifaðir. Sömu rök og sömu skammaryrði nota báðir. Hvorugur treystist til að reyna með einu orði að leiða líkur að því, að bráðabirgðal. um gerðardóminn muni verða til þess að stöðva dýrtíðaraukning í landinu. Þessir flm. frv. sýna engan veginn fram á, að lagasmíð sín komi að gagni. Þeir viðurkenna þannig, að til þess séu mjög litlar vonir. Sektartilfinningin er undirtónn í ræðum þeirra, þegar þeir eru t. d. að reyna að koma því á Alþfl., að hann hafi ekki verið betri, og Finnur Jónsson, þm. Ísaf., hafi verið meðflm. að gengisskráningarfrv. 1939. En af hverju var hann meðflm., og af hverju neyddist Alþfl. til að eiga þátt í þeirri löggjöf þá? — Af því að með því einu móti gat hann tryggt launastéttunum nokkra uppbót fyrir þá gengislækkun, sem hann hafði ekki afl til að hindra og var þegar að miklu leyti komin til framkvæmda. Auk þess var þá stríð í aðsigi og brýn þörfin að standa saman, eins og ég hef áður lýst. Það er rétt, að nú, þegar það stríð er í algleymingi, er sú þörf

ekki minni. En þegar samkomulagið við Alþfl. er svikið, er gagnslaust og óhugsanlegt fyrir hann að taka þátt í samstarfi við þá, sem þannig hafa breytt við hann. Þegar níðzt er á launastéttunum, getur ekki verið um samkomulag við Alþfl. að ræða, og úr því að ráðh. Alþfl. fékk ekki hindrað það, gat hann ekki setið lengur í stjórninni.

Ráðh. spyr, hvers vegna Alþfl. hafi ekki borið fram fyrr gagnrýni sína á aðgerðarleysinu í dýrtíðarmálum. Ég verð að segja, að hann mætti vera minnisbetri. Þá gagnrýni bar ég fram á haustþinginu — eins skarpa ádeilu og ég gat. Hæstv. forsrh. og öll ríkisstjórnin lofaði þá bót og betrun, — nú skyldi framkvæmd dýrtíðarlöggjöfin frá 1941. En síðan hefur það loforð verið svikið. Allt fjas hæstv. atvmrh. um það, að hækkun farmgjalda nemi aðeins 0,67 eða 1,63 vísitölustigum samkvæmt óyggjandi útreikningi Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra, er blekking. Og það er hart, að hann skuli ætla að gera mann eins og hagstofustjóra ábyrgan fyrir blekkingum sjálfs sín. Allir vita, að hækkunin er ekki aðeins þessi, heldur margfalt meiri, þegar á það er litið, hver álagning kemur á hráefnin frá uppskipun, þangað til vörurnar úr þeim eru komnar til neytenda, fyrst verksmiðjuálagning, þá heildsalaálagning, þá smásalaálagning, og við hverja þá veltu bleður snjókúla verðhækkunar, sem af farmgjöldum stafar, utan um sig. Auk þess segir það sig sjálft, að margra milljóna gróði skipaútgerðanna sprettur ekki af engu. Munar 6—7 milljóna gróði almenning engu? Skálaræðu hæstv. ráðh. um öll töp Eimskipafélagsins ætla ég ekki að tala um, vil heldur bíða eftir reikningum þess.

Frv. um tekju- og eignarskatt hefur nú verið boðað 5 eða 6 sinnum af hendi stjórnarflokkanna, og þeir látast svo sem ætla að taka í ríkissjóð bróðurpartinn af stríðsgróðanum. En hvers vegna þora þeir ekki enn að láta skattafrv. sitt sjá dagsljósið? Er þar eitthvað, sem betra er að dylja sem lengst? Að minnsta kosti er varlegra að taka ekki rósamál þeirra um frv. svo, að það segi allan sannleikann og ekkert nema hann. Og víst er um það, að við fáum ekki að sjá það fyrir bæjarstjórnarkosningar, hvað sem veldur.

Ráðh. héldu því enn báðir fram, að Stefán Jóh. Stefánsson hafi blekkt Alþingi um kaupgjaldsmálin. Þetta er marghrakið. Hann sagði það eitt, að ekki væri neitt útlit fyrir almenna hreyfingu í þá átt að breyta grunnkaupinu, þannig að það hefði veruleg áhrif á vísitöluna. Það hefði ekki heldur haft veruleg áhrif á hana, þótt 25. hluti þeirra 13 þúsund manna, sem eru nú í Alþýðusambandinu, hefði fengið nokkrar kauphækkanir, og fleiri voru það ekki, sem í kaupgjaldsdeilunni stóðu eftir áramótin. Langstærstu félögin voru þá búin að binda sig með samningum árið út. Það er á allra vitorði, að enn hafa engar grunnkaupshækkanir orðið til þess að hækka vísitöluna, og þó er hún komin í 183 stig. Einhverjar aðrar ástæður en kaup verkalýðsins valda sem sér vísitöluhækkun — og eiga eftir að valda henni, hvað sem ráðh. segja nú. Hitt hef ég aldrei sagt, að grunnkaupshækkanir gætu ekki orkað á vísitölu til hækkunar. Það var fullkominn misskilningur í „greinargerð“ hæstv. ráðh. fyrir þessum bráðabirgðal., að kaupgjaldið væri nokkur frumorsök vísitöluhækkunar, en það hækkar ætíð á eftir henni. Það var furðuleg ósvífni af hæstv. viðskmrh. að bera það fram fyrir allan landslýð, að hækkun kaupgjalds mundi auka svo álagning iðjufyrirtækja og annarra, að það mundi beint auka stríðsgróða hinna fáu, — þeir vildu því gjarnan hækkað kaupgjald sem átyllu að hækkun. Gleymir hæstv. viðskmrh. því, þegar hann túlkar þessa skoðun, að það er hans að líta eftir of hárri álagningu? Ef hann léti þetta óátalið, brygðist hann skyldu sinni. Ég vil fullyrða, að grunnkaupshækkun sú, sem prentarar, járnsmiðir og skipasmiðir fóru fram á, hefði ekki þurft að leiða til vísitöluhækkunar, — svo mikill var gróði atvinnurekenda orðinn í þessum greinum. En hæstv. ráðh. hefur enga oftrú haft á því, að sér tækist að standa þar sæmilega í stöðu sinni og hindra óþarfa álagningu.

Annars hefur hann sjálfur gefið skýringu á því, hvers vegna grunnkaupshækkanir séu eðlilegar. Þegar hann skrifaði í Tímann 13. febr. um „leið Sjálfstæðisflokksins í dýrtíðarmálunum“, sagði hann m. a. um ráðstafanir til að stöðva dýrtíðina: „Slíkar ráðstafanir mundu vafalaust hafa orðið til þess að friða verkalýðssamtökin, svo að þau hefðu síður haldið kaupkröfum sínum til streitu.“ — Þetta er það, sem ég hef áður sagt: Kröfurnar eru bein og óhjákvæmileg afleiðing þess, að öllum stéttum öðrum hefur verið leyft að hrammsa til sín stríðsgróðann hindrunarlaust, hver sem betur getur. Hefði mikill hluti stríðsgróðans verið tekinn til að hamla móti dýrtíðinni, hefðu miklu síður komið fram kröfur um grunnkaupshækkun og reynzt auðveldara að standa móti þeim. En hæstv. viðskmrh. viðurkennir, að þetta var það, sem átti að gera og ekki var gert. Hvers vegna ekki gert? — Hvers vegna er dýrtíðin orðin eins og hún er? Vegna sleifarlags stjórnarinnar. Og þar getur hann ákært sjálfan sig og núverandi starfsbræður sína í ríkisstj. Og dóminn yfir þeim hefur hann sjálfur fellt í greininni, sem ég vitnaði til. Hann veit líka, hvers vegna Sjálfstfl. sveik stefnu sína í málinu og lét Framsfl. svínbeygja sig þar, og er ekkert feimnismál við, eftir að þeir sjálfstæðismenn hafa beygt sig svo, að nudda þeim upp úr skítnum og minna þá á forna tíma. Hann segir, að það hefði ekki samrýmzt stéttarhagsmunum Sjálfstfl. að fylgja sannfæringunni í dýrtíðarmálunum, og flokkurinn beygði sig að fullu, samtímis því sem hann keypti sér kosningafrestun í Reykjavík fyrir skattalagabreytingar o. fl., sem hollast þykir að láta ekki uppskátt. — Hitt er jafnljóst, að stöðvun verðhækkunarinnar hefði ekki heldur samrýmzt stéttarhagsmunum Framsfl., sem hefur hækkað verð landbúnaðarafurða svo geysilega, að sú hækkun veldur ein fullum helmingi allrar vísitöluhækkunar, sem orðið hefur í landinu. Ráðh. getur talað hreystilega um að baka sér pólitískar óvinsældir — hjá bændum — með því að hækka afurðaverð þeirra. Sér er nú hver hreystin. Eins og það samrýmist ekki stéttarhagsmunum skipaeigenda í Englandssiglingum, togaraeigenda né annarra meginstoða Sjálfstfl,

að skattleggja fiskútflutning til Bretlands, samrýmist það ekki stéttarhagsmunum Framsfl., að kjósendur hans afsali sér neinum gróða til þess að halda niðri verðlagi í landinu. Það ræður stefnu Framsfl., og engin látalæti geta falið það fyrir almenningi. Með dóminum um Sjálfstæðisflokkinn er því hæstv. viðskmrh. að dæma sig og sinn flokk.

Rétta leiðin gat ekki verið sú, sem hlaut að stórauka dýrtíðina, heldur hitt, að verðuppbæta vörur þær, sem þurfti til þess að framleiðslan stæðist. Ráðh. taldi, að það hefði verið að gera bændur að ölmusulýð, að veita þeim styrk á útfluttar vörur. Það er vitanlega ekkert nema firra.

Að lokum örfá orð um gengismálið. Hæstv. viðskmrh. taldi, að ýmislegt gæti réttlætt það að leggja sérstakan eignarskatt á þá eignaaukning 2 síðustu ára, sem beinlínis má teljast stríðsgróði og stafar að miklu leyti af því, að £ voru keypt af útflytjendum of háu verði. — Þetta kallar hæstv. atvmrh. hlægilegt að vísu. Hann á við, að sér kæmu aðrar tillögur betur. — Hins vegar segir ráðh. (EystJ), að ekki komi til mála að hækka gengið, nema breytingar fáist á fiskverði því, sem ákveðið er með brezku samningunum, engin leið að bæta þeim skellinn, sem blut eiga að máli. Þetta er beinlínis vísvitandi tilraun til blekkingar. Hann veit, að þessir samningar gilda aðeins til 30. júní n. k. og fyrir þann tíma verður að vera búið að semja af nýju. Hann veit líka fullvel, að þegar brezku samningarnir voru gerðir, var dýrtíðarvísitalan 160 stig, en er komin í 183 stig, svo að grundvelli verðlagsins í samningnum og kaupgjaldsins, sem mönnum var þar skammtað, er burtu kippt. Við getum ekki framleitt útflutningsafurðir, nema það verð hækki, svo mjög hefur kaupgeta þess kaupgjalds rýrnað síðan í júlí í fyrra, — miðað við vísitölu. Það væri fullkomið óvit að ætla þeim, sem draga fiskinn úr sjónum, skellinn af gengishækkun. En við því má gera. Auðvitað hljóta gengisráðstafanir eins og aðrar dýrtíðarráðstafanir að kosta nokkurt fé.

Um kúgun þá, sem látið er heita, að Alþýðufl. vilji beita bændur, þarf ég ekki margt að segja. En bændur eru raunverulega kúgaðir, síðan afurðasölul. voru sett, því að nú er allt verðlag á vörum þeirra bundið af opinberum n., sem hlíta fyrirmælum hæstv. forsrh. Annars væri gaman að ræða nokkru nánar um afurðasölul. Árin 1933—1939 hækkaði verð á kjöti um 30%, en mjólkurverð hækkaði um 20%, og er þá átt við það, sem greitt var til bænda. Þessum grunnkaupshækkunum bænda kom Alþfl. fram í samvinnu við Framsóknarfl., en gegn vilja Sjálfstfl. Síðan hafa þessi l. verið mjög misnotuð. En afstaða Alþýðufl. til þessara l. brekur algerlega þá staðhæfingu, að flokkurinn sé fjandsamlegur bændum, og er þýðingarlaust fyrir Framsóknarfl. að ætla að telja bændum trú um slíkt. Einu raunhæfu till., sem fram hafa komið bændum til hagsbóta, eru frá Alþýðuflokknum, sem leggur til að hækka kaupgjaldið og leggja fram fé til þess að halda dýrtíðinni niðri. En að svipta stéttir landsins réttinum til að semja um kaup sitt og kjör er hins vegar rangsleitni af verstu **tegund.**

Forseti (JörB): Næstur tekur til máls hv. 3. landsk. þm., Stefán Stefánsson, og talar af hálfu Bændafl. í 15 mínútur.

Stefán Stefánsson: Herra forseti! Þar sem ég er einn meðal hinna fáu bænda, sem sæti eiga á Alþ., tel ég mér skylt að fara nokkrum orðum um verðlag landbúnaðarafurða og kaupgjald í því sambandi.

Oft hafa verið nokkur brögð að því, einkum þó frá því er ófriðurinn hófst, að menn hafi ráðizt bæði í ræðu og riti allharkalega á verðlag landbúnaðarafurða. Það hefur verið talið allt of hátt, svo hátt, að óverjandi væri, og væri sízt ástæða til þess af neytendum að láta bjóða sér slíkt.

Er því fram haldið, að verð á afurðum landbúnaðarins eigi mestan þátt í hinni vaxandi dýrtíð, og frá því er ófriðurinn hófst, hafi verðlag á þeim hækkað meira en kaupgjald í landinu. Bændur hljóti því að vera orðnir stórgróðamenn.

Að sjálfsögðu vilja neytendur fá afurðir landbúnaðarins við sem vægustu verði, svo sem aðrar vörur, sem hafa þó í mörgum tilfellum stigið til jafns við þær eða meira. En svo virðist sem neytendur sjái ekkert nema afurðir landbúnaðarins.

Blöð hinna pólitísku flokka hafa haldið uppi áróðri um þetta mál. Einkum hefur Alþýðublaðið upp á síðkastið gengið þar fram fyrir skjöldu. Blöð Framsfl. birta þó engar óánægjugreinar. Til þess eru þau of hyggin, enda þótt þeir neytendur, sem fylgja þeim flokki, séu engir eftirbátar annarra í því að bölsótast yfir hinu háa verði á afurðum landbúnaðarins. Halda þau hins vegar drjúgum á lofti aðfinnslum annarra blaða. Þeir vita, hvað við á, framsóknarmenn.

Um verðlag á landbúnaðarafurðum miðað við kaupgjald er rétt að geta þess, að sé miðað við ófriðarbyrjun, hefur verðlag þeirra hækkað meira hlutfallslega en kaupgjald, og er þá hvort tveggja miðað við Reykjavík. En þessi staðreynd er fjarri því að vera nokkur sönnun þess, að verð landbúnaðarafurða sé of hátt.

Til þess að finna, hvort svo sé, verður að leita nokkuð aftur í tímann, en þó jafnframt að miða við núverandi ástand.

Hvert var hlutfall milli afurðaverðs landbúnaðarins og kaupgjalds árið 1914, og hvernig er hlutfallið nú miðað við sama tíma?

Menn munu spyrja: Hvers vegna að taka þetta ár til samanburðar?

Vegna þess, að þá var verðlag eðlilegt, atvinnulíf var heilbrigt, óraskað af völdum gengisbreytinga og styrjalda.

Jafnvægi, er skapazt hafði milli kaupgjalds og verðlags, raskaðist á ófriðarárunum, og allt fram til ársins 1939 hafði jafnvægi eigi skapazt af nýju, og svo er enn.

Kaupgjald verkamanna í Reykjavík er enn þá allmiklu hærra hlutfallslega en verðlag á kjöti og mjólk miðað við árið 1914. Verð ég að fara hér með nokkrar tölur þessu til sönnunar.

Árið 1914 var kaup verkamanna í Reykjavík kr. 0.40 á klukkustund. Heildsöluverð á dilkakjöti var þá kr. 0.58 á kg, og verð á **mjólk kr.** 0.22 á lítrann. Verkamaðurinn var því tæplega

hálfa aðra klukkustund að vinna fyrir einu kg af kjöti, en rúmlega hálfa klukkustund að vinna fyrir einum lítra af mjólk.

Nú er verkamannskaup í Reykjavík kr. 2.65 á klst. Heildsöluverð á dilkakjöti var síðastliðið haust kr. 3.20 á kg og verð á mjólk kr. 0.92 á lítrann. Nú er því verkamaðurinn hér um bil 1 klst. og 13 mínútur að vinna fyrir einu kg af kjöti, eða nokkru skemur en árið 1914. Hins vegar er hann aðeins rúmar 20 mínútur að vinna fyrir einum lítra af mjólk, eða um þriðjungi skemmri tíma en árið 1914. Árið 1914 var því verkamaðurinn rúmlega klst. að vinna fyrir 2 lítrum af mjólk, en árið 1942 er hann rúmlega klst. að vinna fyrir 3 lítrum af mjólk.

Frá 1914 hefur heildsöluverð á dilkakjöti hækkað úr kr. 0.58 á kg í kr. 3.20 á kg, eða um 552%.

Frá 1914 hefur mjólk hækkað úr kr. 0.22 í kr. 0.92 á lítrann, eða um 418%.

Frá 1914 hefur kaup óbreyttra verkamanna í Reykjavík hækkað úr kr. 0.40 á klst. í kr. 2.65 á klst., eða um 663%.

Hefði heildsöluverð á dilkakjöti og útsöluverð *á mjólk hækkað hlutfallslega jafnmikið og* kaupið frá 1914, þá væri verð þessara vörutegunda nú:

Heildsöluverð á kjöti kr. 3.84 á kg í stað 3.20, og verð mjólkur kr. 1.46 á lítrann í stað kr. 0.92.

Bændur hafa eigi enn þá fengið leiðrétta þá röskun, er varð á kaupgjaldi og verðlagi landbúnaðarafurða eftir 1914. Þeir eiga kröfu á að fá þá röskun leiðrétta.

Kaupstaðabúum er kunnugt um flótta bændanna úr sveitum landsins nú og undanfarin ár. Ber hann vitni um gróða hjá bændum? Er vanalegt, að menn hlaupi frá þeirri atvinnu, sem arðvænleg er og veitir góðar tekjur? Til þess geta verið einhverjar sérstakar ástæður, en almennt er **það ekki.**

En einhleypa fólkið, hvers vegna flýr það sveitirnar? Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem mest tala um gróða bænda, segi það stafa af því, að bændur tími ekki að greiða því kaup. Getur verið, að slík dæmi séu til, en almennt er það ekki heldur.

Hið sanna í þessum málum er það, að flóttinn byggist fyrst og fremst á því, að landbúnaðurinn er eigi og hefur eigi verið samkeppnisfær við aðrar atvinnugreinar um kaupgreiðslur, hvorki um kaupgjald húsbænda né verkafólks.

Fyrst þegar það er tryggt, að þeir, sem stunda landbúnað, hvort sem þar er að ræða um húsbændur eða verkafólk, fái sambærilegt kaup við aðrar stéttir þjóðfélagsins, þá er einhver von til þess, að flóttinn stöðvist.

Mér er það vel ljóst, að ýmsir íslenzkir bændur, sem vel eru í sveit settir og þar sem aðrar aðstæður eru góðar, hafa bætt hag sinn undanfarin 2 eða 3 ár. *En nú er mikið talað um* stríðsgróða og það, að margir bæti hag sinn og safni fé, þar á meðal launamenn, eða réttara sagt verkamenn, því að um gróða hjá opinberum starfsmönnum, sem oft eru kallaðir launamenn, er eigi að ræða. Hvers vegna mega þá bændur eigi einnig hagnast? Er það einhver goðgá, að bændur grynni á skuldum eða safni einhverju fé, þeir sem skuldlausir eru? Slíkt ætti að vera öllum kaupstaðabúum, öllum landsmönnum mesta fagnaðarefni.

Því meira verð, sem neytendur greiða fyrir afurðir landbúnaðarins, því meira bera bændur úr býtum.

Eyfirzkir bændur fengu á síðastliðnu ári kr. 0.46 fyrir hvern lítra meðalmjólkur, og er þá auðvitað ógreiddur allur kostnaður við framleiðsluna, einnig flutningskostnaður. Meðalútsöluverð mjólkurinnar var kr. 0.51 á hvern lítra.

Miðað við útsöluverð var þetta ágæt útkoma og framkvæmdastjóra samlagsins, Jónasi Kristjánssyni, til sóma. En ekki skal farið út í það hér, hvort útsöluverð mjólkurinnar hefur verið nógu hátt eða of hátt. Það er aðeins hægt að fullyrða, að þrátt fyrir 46 aura verð á hvern lítra mjólkur er langt frá því, að eyfirzkir bændur séu samkeppnisfærir um kaupgreiðslur við aðrar atvinnugreinar. En eigi landbúnaðurinn að eiga einhverja framtíð, þarf svo að vera.

Meðalútsöluverð mjólkur hér í Reykjavík mun s.l. ár hafa verið hér um bil fjórðungi hærra en á Akureyri. Eigi er enn vitað, hvað bændur fá, en ýmsir kunnugir draga það nokkuð í efa, að *það muni verða meira en í Eyjafirði.* Ef sú verður reyndin á, er ekkert undarlegt, þótt sunnlenzkir framleiðendur dragi það í efa, að öll framkvæmd mjólkurl. hér sé svo sem vera ætti, og þá jafnframt það, að eigi mætti koma henni í betra og hagkvæmara horf.

Það virðist óneitanlega dálítið undarlegt, að þeir, sem telja sig til hinna útvöldu málsvara launastéttanna hér á Alþ., svo sem hv. þm. Seyðf. og Ísaf., skuli telja það eitt helzta ráðið í dýrtíðarmálunum að koma í veg fyrir einhvern ímyndaðan stórgróða bænda. Þeir tala mikið um það hér á þingi, að hlutur bænda sé dreginn fram á kostnað annarra stétta, að afurðaverð bænda sé á undan tilkostnaði, að fulltrúar bænda á Alþ. haldi áfram að fita dýrtíðarpúkann á fjósbitanum hjá bændum o. s. frv. Svo leyfa menn þessir sér að tala um málefni, sem þeir eru með öllu ókunnugir og bera ekkert skyn á. Framhleypni ein ræður orðum þeirra og gerðum. Blað þessara manna sagði t. d. á síðastliðnu ári, að það væri til hagsbóta einum stjórnmálaflokki, að bændur flosnuðu ekki upp í sveitum landsins. Eftir því skiptir það þjóðfélagið í heild engu, þó að sveitirnar leggist í auðn.

Nú má ætla, að margur spyrji: Hver er hugur þessara manna til sveitanna og landbúnaðarins? Vilja þeir koma íslenzkum landbúnaði fyrir kattarnef? Eigi ætla ég þeim svo illt. En árás þeirra á landbúnað og bændur byggist á tvennu: fáfræði og kjósendaveiðum. Eigi þó kjósendaveiðum meðal bænda, heldur meðal launamanna. En lágt er lotið vegna flokkshagsmuna, og meira en vafasöm mun uppskeran verða.

Ég vildi nú taka mér það bessaleyfi f. h. þessara manna, sem gegna mörgum opinberum störfum, að fara þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún gerði hvort tveggja í senn, leysti þá frá störfum og útvegaði þeim land til nýbýlagerðar eða jarðir til ábýlis. Á þann hátt geta menn þessir sannfærzt um stórgróða bænda. Báðir eru menn þessir vanir háum tölum bæði í sínu eigin reikningshaldi og þeirra stofnana, sem

þeir eru við riðnir. Kemur það sér vel, þegar þeir fara að gera upp búreikningana og stórgróðann. Búreikningaáhuga sinn hafa menn þessir hvað eftir annað opinberað hér á Alþingi.

En vera má, að þeir menn, sem reka áróður um stórgróða bænda og fullyrða jafnvel, að lækka eigi afurðir þeirra til þess að minnka gróðann, fái einu áorkað, og er þá eigi til einskis barizt. Ef til vill flykkjast launastéttirnar upp í sveit til þess að verða þátttakendur í hinum mikla bændagróða.

En vilja nú eigi þessar stéttir reikna út stórgróðann sjálfar? Því að eigi er rétt að taka of mikið mark á útreikningi eða skrumi þm.

Samkvæmt upplýsingum búnaðarmálastjóra á þingi í haust er meðalbú á Íslandi 3 kýr og 75 ær. Hvar halda menn, að sé að finna stórgróðann, þá búið er að klæða og fæða heimilið, greiða skatta og skyldur, vexti af skuldum eða fé því, sem bundið er í jörð og búi, kaupgjald o. fl.?

Áróður þessara hv. þm. eru blekkingar einar, sem launamenn skulu varast að taka mark á. Aðeins vil ég skjóta því fram til launastéttanna, að þar sem menn þessir eru uppvísir að blekkingum um eitt mál, eru þeir þá eigi einnig reiðubúnir til þess í öðrum málum, t. d. í máli því, er hér er sérstaklega til umr.?

Það, að afurðir landbúnaðarins hafa hækkað meira hlutfallslega frá stríðsbyrjun en kaup verkamanna, byggist fyrst og fremst á því tvennu, að réttlæta varð gamalt ranglæti um kaup bænda til móts við kaup launamanna og gera varð ráðstafanir til þess að framleiðslan félli eigi í rústir vegna stórlega hækkaðs kaupgjalds og annars aukins tilkostnaðar.

Verðlagsnefndum landbúnaðarafurða er að skiljast það, að bændur hvorki þola né eiga að vera einhver olnbogabörn þjóðfélagsins.

Mér er það vel ljóst, að hagur verkamanna hefur víða verið mjög erfiður undanfarin ár vegna stopullar vinnu, eins og hagur bænda. En þegar kaupstaðabúar safna nú fé, launamenn einnig, hvers vegna mega þá bændur og aðrir, er framleiða matvæli í sveitum landsins, eigi bera eitthvað úr býtum líka?

Bændur og annað sveitafólk þola það ekki, að sveitirnar séu skoðaðar sem einhver hjáleiga kaupstaðanna og laun þeirra fyrir framleiðslu landbúnaðarafurða séu skömmtuð svo naumt, að einungis sé tekið tillit til hinna sárustu þarfa, um leið og kaupstaðirnir eða þeir, er þar búa, velta sér í peningum.

Sveitafólk muni eigi skorast undan að taka á sig byrðar þjóðfélagsins, ef þörf gerist, en það gerir jafnframt kröfu til þess að verða eigi með öllu afskipt, ef vel árar.

Landbúnaður á Íslandi á enga örugga framtíð, meðan það er eigi tryggt, að þeir, sem að honum vinna, hvort heldur eru húsbændur eða aðrir, beri eitthvað hlíðstætt úr býtum og fólk þetta getur fengið við aðra vinnu. Trygging fyrir þessu er aðeins hægt að fá á einn veg, með réttu verðlagi á afurðum landbúnaðarins.

Afurðirnar eru kaup sveitafólksins. Því verður að skapa verðlag þeirra á hverjum tíma, svo að örugt sé, að þeir, er landbúnað stunda, beri eigi minna úr býtum fyrir störf sín en þeir, sem stunda aðra atvinnu með þjóð vorri.

Forseti (JörB): Þá tekur til máls hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, og talar af hálfu Framsfl. í 15 mínútur.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er aldrei meira los á hugum fólksins en á stríðstímum. Þá er sjaldgæft, að hægt sé að gera stjórnarráðstafanir, sem eru vinsælar. Margar óvinsælar takmarkanir á frelsi einstaklinganna eru algengar, og það er erfiðara á stríðstíma en endranær að gefa tæmandi skýringar á framkvæmdunum. Aldrei er því eins auðvelt fyrir stjórnarandstöðu og á styrjaldartímum að fiska í öllu þessu gruggguga vatni. Þrátt fyrir þessa alveg óvenjulegu möguleika stjórnarandstöðu á styrjaldartímum hefur svo farið, að því geigvænlegra sem stríðið hefur orðið, því óalgengari er stjórnarandstaða meðal þjóðanna. Hún er svo að segja að hverfa. Það eru ýmist þjóðstjórnir eða flokksstjórnir, en munurinn er næsta lítill. Stjórnarandstaðan vinnur víðast einhuga með stjórninni í flestum stórum vandamálum. Orsakir þessa eru þær, að spákaupmennskusjónarmiðið í stjórnmálum hefur, vegna hinnar miklu sameiginlegu hættu, vikið fyrir tilfinningunni að vinna samlöndum sínum og ættjörð gagn. Hér á Íslandi, þar sem hættan er sízt minni en annars staðar, er annað uppi á teningnum. Umræðurnar í kvöld, útvarpsumræðurnar fyrir nokkrum dögum, skrif Alþýðublaðsins og Nýs dagblaðs eru áreiðanlega næsta sérstæð á þessum tímum. Ég held, að það sé næsta vandalítið fyrir hugsandi fólk að heyra og sjá, að þar ræður hin pólitíska spákaupmennska, tillitslítil og oft tillitslaus. Það bjóst að vísu enginn við öðru af kommúnistum. Þeirra ófrávíkjanlega takmark er að skapa fjárhagshrun og upp úr því byltingu. En sú leið, sem jafnaðarmenn eru komnir inn á, er óvenjuleg og mörgum vonbrigði. Þótt ýmsir eigi bögg í annars garð í dýrtíðarmálunum, hljóta andsvör og ádeilur því fyrst og fremst að beinast gegn Alþfl. Rökin, sem þeir bera á borð, eru næsta furðuleg. Þeir geta ekki neitað því, að lög um stöðvun kaupgjalds- og verðlags hafi verið sett í Canada og Bandaríkjunum, af hinum róttæku jafnaðarmönnum, sem stjórna Ástralíu, sem og í flestum löndum, er við höfum spurnir af. En þeir segja, að ráðstafanir til þess að halda niðri kaupgjaldi og verðlagi hafi hvergi verið gerðar nema með samningum eða samþykki verkalýðsfélaganna og þátttöku verkalýðsins í gerðardómunum. En í þessum falsrökum liggur þrefölð játning: Að foringjar verkalýðsins og verkalýður annarra landa hefur samið um það að stöðva kaupgjald og verðlag (sbr. Svíþjóð, þar sem samið var um kauphækkun 75% af vísitöluhækkun), að sömu aðilar hafa verið samþykkir gerðardómslögum, að þeir taka þátt í gerðardómum sem dómendur.

Jafnaðarmenn hér segja nú við verkamenn: Þið eigið að ná í stríðsgróðann með hækkuðu grunnkaupi. Þessir svívirðilegu kúgarar og auðkýfingar hafa sett þrælalög, til þess að þið náið ekki rétti ykkar og atvinnurekendurnir verði enn ríkari. — Jafnaðarmenn á Íslandi segja

ykkur með þessu, — og fyrir það eigið þið að sýna þeim sérstakt traust —, að þeir viti betur í fjármálum en fjármálamenn allra landa, því að fjármálamenn annars staðar halda því fram, sammála og í engum vafa, að hækkað kaup auki dýrtíð hraðar en flest eða allt annað, gjaldmiðillinn verði verðlitill eða verðlaus, atvinnulífið stöðvist og valdi hörmungum og atvinnuleysi, en flestir verði fátækir, nema þeir allra ríkustu, sem með sérstökum aðferðum stundum græða á öllu saman, sbr. Þýzkaland á sínum tíma. En jafnaðarmenn á Íslandi þykjast vita þetta allt betur.

Um verndun ríkisstjórnarinnar á stríðsgróðanum og hinum ríku geta jafnaðarmenn ekki dæmt með neinum rétti fyrr en skattafrumvarpið hefur verið lagt fram. Það átti að leggja það fram þessa dagana, en hefur dregizt, m. a. vegna veikinda viðskiptamálaráðherra. Jafnaðarmenn hafa ekki lagt fram neinar tillögur í skattamálunum hér á Alþingi, og það vekur undrun, en skæðar tungur segja, að þeir séu hræddir við að verða smátækari á stríðsgróðann en stjórnarfrumvarpið og vilji þess vegna bíða, til þess að vera vissir um að geta yfirboðið. En ég get vel sagt það hér, að með þessu frumvarpi er ráðgert, að eftir að félögin hafi lagt sanngjarnlega í varasjóði til uppbyggingar, verði miklu af stríðsgróðanum safnað í framkvæmdasjóð, sennilega tugum milljóna, sem ríkið eigi, er að sverfur eftir styrjöldina. Og hvort halda menn nú að sé hyggilegra, að hækka grunnkaupið og verðlagið, auka dýrtíðina með þeim afleiðingum, sem allir virðast sammála um nema jafnaðarmenn á Íslandi, eða stöðva þetta, reyna að festa verðgildi peninganna og safna í sjóði verðgildum peningum til framkvæmda síðar? Og hverjir njóta síðar þessara milljóna úr framkvæmdasjóði ríkisins? Ég man svo langt, að jafnaðarmenn börðust eitt sinn fyrir jöfnunarsjóði ríkisins. Þá sögðu þeir verkalýðnum, að hann ætti að njóta þeirra peninga, þaðan fengi hann verkalaun fyrir auknar framkvæmdir, er að syrfi. En það gilda víst allt aðrar reglur um þessar milljónir, sem safnast í framkvæmdasjóð fyrir atbeina núverandi stjórnar, — a. m. k. er það í samræmi við aðrar áróðursaðferðir stjórnarandstöðunnar að segja almenningi það.

En verkalýðnum er nú sagt, að mér farist ekki að tala um dýrtíð, þessum okrara, sem hafi hækkað úr hófi verðlag á landbúnaðarafurðum, er ekki hefði átt að hækka nema í samræmi við dýrtíðarvísitöluna. Hinu er þagað yfir, að kaupgjaldið hefur ekki aðeins tvöfaldazt við landbúnaðarvinnu, sérstaklega vetrarvinnu, eins og mjólkurverðið, heldur í sumum tilfellum sexfaldazt. Kýrnar eru skornar niður, búin ganga saman, stórbú í nágrenni Reykjavíkur hætta starfrækslu, vinnufólkið streymir til kaupstaðanna, bændurnir líka, framleiðslan minnkar, og hætt er nú við skorti á ýmsum landbúnaðarvörum, þegar erfiðast er með siglingar. — Þetta er sjálfsagt allt vegna þess, að verðið á landbúnaðarafurðum hefur verið ákveðið of hátt samanborið við kaupgjaldið! Hér er beitt sömu tegund áróðursaðferðar og fram kom í deilunni um fækkun fólks í vinnu hjá setuliðinu. Þessi fækkun hafði verið ráðgerð vikum áður en Stefán Jóh. Stefánsson fór úr ríkisstjórninni. Alþýðublaðið hafði ekki minnzt á hana, og Stefán Jóh. var henni ekki mótfallinn. En eftir brottför St. Jóh., þá er byrjað að nota þetta sem áróðursefni á ríkisstjórnina og sagt, að hún sé að stofna til atvinnuleysis. Engir menn hafa verið teknir úr setuliðsvinnunni nema brýn þörf hafi verið fyrir þá annars staðar, og þörf Íslendinga fyrir vinnuafl hefur enn ekki nándar nærri verið fullnægt. Afleiðingin verður sú, að atvinnulífið dregst saman. Það setur þjóðfélagið í margvíslega hættu, meðal annars þá, að okkur skorti gjaldeyri til þess að kaupa fyrir nauðsynjar frá Ameríku. Skipin grotna niður. Atvinnutækin hrörna, og innan skamms blasir við atvinnuleysi. En það er sjáanlega skoðun stjórnarandstæðinga, að Íslendingar séu þannig hugsandi, að bezta aðferðin til þess að ná lýðhylli sé að segja við þá: Hugsið ekkert um annað en sjálfa ykkur, ekkert nema um líðandi stund, vinnið þar, sem léttast er og bezt borgað í bráðina. — Á þessari skoðun á kjósendum byggist sú áróðursaðferð, sem stjórnarandstaðan beitir. En þó er aðstaða kommúnistanna ennþá viðurstyggilegri. Fyrir einu ári var ekki meira um Íslendinga í setuliðsvinnunni en svo, að ekki stafaði tjón af fyrir atvinnulíf landsmanna. Þá hömuðust kommúnistar gegn því, að Íslendingar stunduðu þessa vinnu. Kommúnistar töldu sig heyja eins konar frelsisstríð, líktu sér við Jón Sigurðsson og Jón Arason og töldu sig ofsótta fyrir þetta heilaga stríð, er þeir ættu í fyrir ísl. þjóðina. Þá voru Rússar á móti Bretum. Þegar setuliðsvinnan er nú að draga vinnuaflið til sín frá framleiðslu landsmanna og ríkisstjórnin berst fyrir því, að fækkað sé í þessari vinnu, þá telja kommúnistar þessa viðleitni ríkisstjórnarinnar þrælkun, óþokkaskap og kúgun. Í fyrra hét slík framkvæmd frelsisstríð, en nú eru valin þessi nöfn. Nú eru Rússar með Bretum! Og svo segja þessir erlendu „agentar“, að þeir séu Íslendingar og berjist fyrir íslenzkum hagsmunum! Það er undarlegt, að til skuli vera sá Íslendingur, sem fylgir þessari manntegund að málum. Það, sem er sameiginlegt fyrir bæði Alþýðuflokkinn og kommúnista og gerir málflutning þeirra enn lítilmótlegri, er það, að allur þessi áróður er viðhafður gegn betri vitund. Alþýðublaðið segir 1. nóvember, að það sé óþarft að lögbinda kaupgjaldið til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, „nema því aðeins, að reynt yrði að knýja fram grunnkaupshækkun“. Þannig er hinn 1. nóvember viðurkennt tvennt, sem flokkurinn harðneitar nú: 1. að grunnkaupshækkun valdi hættulegri dýrtíðaraukningu, 2. að lögþvingun sé eðlileg, ef eigi að knýja fram grunnkaupshækkanir. Og Stefán Jóh. Stefánsson segir í ræðu, sem birt er í Alþýðublaðinu 28. október, að „engin yfirvofandi hætta sýnist á því, að slíkt skelli á“ (þ. e. grunnkaupshækkanir). Hinn 28. október álítur Stefán Jóhann grunnkaupshækkanir hættulegar fyrir þjóðfélagið, en, sem betur fer, segir hann, að slíkur voði sé ekki yfirvofandi.

Um áramótin standa bæjarstjórnarkosningar fyrir dyrum, og þá er þessi sami flokkur kominn með tvo formenn stærstu verkfallsfélaganna á framboðslista hjá sér, og þá er tekið að beita

sér fyrir því, að þessi hætta, grunnkaupshækkanirnar, verði leidd yfir þjóðina. Þetta sýnir, að flokkurinn meinar ekkert af því, sem hann segir. Hér er pólitísk spákaupmennska að verki. Flokkurinn ætlaði að reyna að smeygja sér út úr ríkisstjórninni og komast í stjórnarandstöðu, til þess að auka fylgi sitt. Skýrasta dæmið um þetta eru gerðardómslögin. Meðan þau voru í undirbúningi, lét Alþýðuflokkurinn fylgismenn sína skýra frá því manna á meðal, að Stefán Jóhann mundi alls ekki fara úr ríkisstjórninni, þótt lögin yrðu gefin út. Þetta var bardagaaðferð til þess að Sjálfstæðisflokkurinn læki ekki niður einu sinni enn í dýrtíðarmálunum, eins og jafnaðarmennirnir orðuðu það, og jafnaðarmennirnir misstu það tækifæri, sem þeir sátu um.

En þetta sýnir spákaupmennsku stjórnarandstöðunnar í þessu alvarlegasta málefni þjóðfélagsins nú. Ætlun stjórnarandstöðunnar er að græða á þessu framferði á óeðlilegum og hættulegum umrótstímum við í hönd farandi kosningar. Ég hlakka til kosninganna, til þess að fá með þeim úr því skorið, hvort það er pólitík þessarar tegundar, sem Íslendingar vilja, — hvort það borgar sig fyrir stjórnmálaflokkana að segja: Far þú bara í Bretavinnu, — þar hefur þú mest kaup og léttasta vinnu, en hirtu ekkert um skyldurnar gagnvart þjóð þinni. Heimtaðu kauphækkun, þótt það verði til þess að gera peningana verðlausa og stefna öllu í hrun fyrir öllum. — Það er fróðlegt að sjá, hvort það borgar sig bezt fyrir stjórnmálamenn að haga sér eins og Stefán Jóhann og Alþýðublaðið, að prédika 24. október og 1. nóvember það, sem sömu aðilar ráðast með mikilli heift gegn um næstu áramót, — já, og telja þá baráttu frelsisstríð gegn þrælkun og kúgun.

Ég hef ekki mikla trú á því, að íslenzkir kjósendur hafi geð á því að hópast að kjörborðinu til að efla aðstöðu þess fólks í landinu.

Forseti (JörB): Þá tekur til máls hv. 4. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forsrh. endaði ræðu sína með því að tala um þá hættu, sem stafað gæti af ábyrgðarleysi í stjórnmálum þeirra landa, sem væru í hættu vegna stríðsins, eins og okkar land er. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh.: Hefur ábyrgðarleysið nokkurs staðar komizt eins langt og nýlega í einni yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., sem var á þessa leið: „Landvarnarvinnan er ríkisstj. óviðkomandi"? Hvað er ábyrgðarleysi í stjórnmálum, ef ekki slík ummæli? Ég ætla aðeins að minnast á eitt atriði í sambandi við þetta, það er afstaðan til hervarna landsins.

Aðalblað ríkisstj., Morgunblaðið, lýsir yfir því, að „landvarnirnar séu ríkisstj. óviðkomandi". Er þetta nú borið fram til þess að verja það, að fækkað sé í Bretavinnunni, en tilgangurinn með því er að geta lækkað kaupið eða haldið því verulega niðri.

Þegar ríkisstj. gerði hervarnarsamninginn við Bandaríkin í fyrra, þá áskildi hún sér eftirfarandi rétt í samningnum:

„Bandaríkin skuldbinda sig til að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúum þess eins mikið öryggi og frekast er unnt og að þeir verði fyrir sem minnstum truflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslenzk stjórnarvöld að svo miklu leyti sem mögulegt er."

Og enn fremur:

„Íslenzka ríkisstj. leggur sérstaka áherzlu á, að nægar flugvélar séu til varnar, hvar sem þörf krefur og hægt er að koma þeim við, jafnskjótt og ákvörðun er tekin um, að Bandaríkin takist á hendur varnir landsins."

Það er auðséð, að ríkisstj. hefur þá ekki álitið landvarnirnar sér óviðkomandi. En álitur hún þær sér óviðkomandi nú? Það er óhjákvæmilegt fyrir hana að taka afstöðu til ummæla Morgunbl., sérstaklega þó vegna þeirra tilrauna, sem hún gerir til þess að fá Bretavinnuna minnkaða. — Ríkisstj. afsakar sig með því, að atvinnuvegirnir séu í hættu. Verklýðsfélög eins og Dagsbrún hafa þegar lýst sig reiðubúin til samninga við ríkisstj. um að tryggja nauðsynlega framleiðslu í landinu jafnhliða hervarnavinnunni. Í fyrra settum við Sósialistaflokksm. fram till. um að tryggja landbúnaðarvinnuna með því að veita bændum fjárhagslegan styrk, til þess að þeir stæðust samkeppnina við Bretavinnuna. Enn þjóðum við aðstoð verklýðsfélaganna, eins og Dagsbrún nú hefur gert, til þess að tryggja framleiðslu nauðsynjavaranna, og það er ríkisstj. sem hafnar þeirri samvinnu. Hún vill taka menn úr Bretavinnunni, til þess að reyna að skapa atvinnuleysi, en hún vill ekki fækka í óþarfavinnunni, Bretasjoppunum. — Hvað er hún að gera?

Hæstv. forsrh. minntist á stríðsgróðann, hver á að eiga hann? Eiga togarafélögin að eiga hann, svo sem Kveldúlfur? Ég segi nei! Þjóðin sjálf á að eignast stríðsgróðann, til þess að hún geti ráðið framleiðslutækjunum og gert þau að sinni sameign. Það er það, sem við erum að berjast um.

Hæstv. atvmrh. talaði hér af miklum þjósti um „hrunið eftir stríðið", atvinnuleysið og eymdina, sem þá biði fólksins. Hann var að reyna að láta líta svo út sem þetta hrun kæmi því aðeins, að stefna hans sigraði ekki, að hrunið væri aðeins afleiðing dýrtíðar. — Nú vil ég í fyrsta lagi taka það fram, að einmitt dýrtíðin er stefna hæstv. ráðh., ef dæma skal hana af ávöxtunum. 83% dýrtíðaraukning á tæpum 3 árum, það er heimsmet í dýrtíð. En sleppum því nú. Hrun kom eftir síðasta stríð, bæði í þeim löndum, sem verðbólgan varð ógurlegust í, eins og Þýzkalandi, sem og í hinum, sem tóku aftur upp gullmynt, eins og í Englandi. Hrunið stafaði ekki af einstökum ráðstöfunum, svo sem gengisskráningu eða slíku. Orsök hrunsins var skipulagsleysi auðvaldsþjóðfélagsins sjálfs. Atvinnuleysi og eymd er óhjákvæmilegur fylgifiskur þjóðfélags, sem hefur gróða fyrir Kveldúlf og öðrum slík auðfélög að leiðarstjörnu, en hindrar með öllum ráðum verkalýðinn í því að eignast fullan afrakstur vinnu sinnar. Þeim, sem boða atvinnuleysi eftir stríðið, vil ég segja þetta: Þjóðirnar, sem nú ganga í gegnum þjáningar stríðsins, er yfir stendur, ætla sér áreiðanlega ekki að þola það, að eftir stríðið verði atvinnuleysi og eymd haldið áfram sem áður var. Þjóðirnar eru búnar að fá nóg af stjórn manna, sem ekki geta annað

en fært eymd, atvinnuleysi og kúgun yfir þær. — Föðurlandsástin hjá Thorsurunum! — já, ég efast ekki um að þeir elski föðurlandið og þjóðina, — en það er þá í bezta falli eins og reiðmaður elskar hest, sem hann pínir áfram með sporunum til að bera sig að markinu. Þrælalögin, sem við hér ræðum, sýna það bezt, hvað það er, sem þeir elska, þessir herrar, — allur ferill stj. frá 1939 sannar það, — það eru peningarnir, gróðinn t. d. hjá Kveldúlfi. Það hefur verið eina markmiðið, sem þessir herrar hafa stefnt að, og þar hefur líka þjóðin verið pínd svo um munar. Einskipafélög þau, sem einn af bræðrum hæstv. ráðh. er form. í, hafa þrítugfaldað auð sinn, — en sjómönnunum, sem aflað hafa gróðans og allt of margir hafa fórnað lífinu — þeim er bönnuð grunnkaupshækkun og reynt að brennimerkja áhættuþóknun þeirra með orðinu „hræðslupeningar", sem búið er til af helzta samstarfsmanni þessa hæstv. ráðh. Hverjir eru þá „föðurlandsleysingjar", ef ekki fyrst og fremst þessir tilbiðjendur gróðans, sem alltaf hafa verið reiðubúnir að semja við erlenda auðmenn á kostnað þjóðarinnar, allt frá Gismondi-samningnum alræmda og til brezku samninganna í sumar?

Ég held, að Jensenssynir ættu að tala sem minnst um föðurland. Þeirra er hvorki Ísland né einu sinni Danmörk, þeirra föðurland er bara gróðinn.

Og svo kom hæstv. atvmrh. að Finnagaldrinum, — ósköp held ég, að hann sakni hans —, að nú skuli vera hlegið að honum fyrir sömu ummælin, sem menn héldu, að hann meinti fyrir tveimur árum. Hann er auðsjáanlega jafnhrifinn enn af verklýðsböðlinum Mannerheim sem fyrir 2 árum. Hann hefur auðsjáanlega ekki minnkað ást sína á honum, eftir að hann tók upp baráttuna með Hitler, máske aukið hana. Sækjast sér um líkir. Það er ekki verið að fara í felur með aðdáunina á fasismanum hjá þessum forsprakka milljónamæringanna á Íslandi. Staðfestir þetta allt þau ummæli mín, sem ég áðan hafði.

Það er blekking hjá stjórnarfl., að þeir geti ráðið við dýrtíðina að fullu. Ég skal athuga stuttlega höfuðþætti dýrtíðarinnar. Við getum hindrað braskið. — En það hefur ríkisstj. einmitt ekki gert. Hún hefur þvert á móti fengið bröskurunum tugi millj. kr. til þess að braska með og skapa þannig verðbólguna. Við getum ekki hindrað verðhækkun erlendu varanna. — Það er hægt að gefa með þeim um tíma, — en það er þá beinlínis verið að taka úr vasa eins — alþjóðar — og láta í vasa annars — stórútflytjendanna —, og til lengdar er það, ef verðhækkun verður mikil. — Það er hægt að reyna að binda kaupgjaldshækkun, ef menn vilja velta afleiðingum dýrtíðarinnar yfir á verkalýðinn. En það er þá gert til þess eins að kúga verkalýðinn, en ekki til hins, að hindra dýrtíðina, því að kaupgjald getur vel hækkað án þess að dýrtíð vaxi. T. d. hefur kaupgjaldið í Bandaríkjunum, frá því á síðasta ári, hækkað um 25%, en dýrtíðin aðeins vaxið um 6%. — Það, sem stjórnarfl. hér hafa verið að tala um dýrtíðina sem átyllu til gerðardómsl., er þá fyrst og fremst blekking, — átylla til þess að dylja með kaupkúgunina. Þessi bræsni stjórnarfl. verður berust, ef athugaðar eru gerðir þeirra. Hverjir eru það, sem gera öngþveitið mest? Hverjir eru að gera peningana verðlausa? Hverjir hafa fellt krónuna síðan 1939 svo hrottalega, að dýrtíðin hefur vaxið um 83%? Hverjir hirða eignir ekknanna og munaðarleysingjanna? Það eru ekki kommúnistarnir. — Það eru þeir, sem hafa látið dýrtíðina vaxa um 83%, þeir, sem knúðu fram gengislækkunina 1939. Það eru þeir, sem héldu krónunni jafnlágri, þegar reynt var þó að lækka sterlingspundið eftir hernámið. Og hverjir eru þetta? Stjórnarflokkarnir. Hverjir hafa grætt á þessu? Togaraeigendur með Kveldúlf í broddi fylkingar.

Það kann nú að virðast spaugilegt, sem fulltrúi Bændafl. sagði hér áðan: að það væri stefnuskrá hans, sem væri framkvæmd, þegar mikið lægi við, — en þetta er nú eiginlega alveg satt, sbr. gengislækkunina 1939 og þrælalögin nú. Þegar breiðfylkingin alræmda gekk til kosninga, þá þorði Sjálfstfl. ekki að segja neitt um gengislækkun vegna kjósenda sinna, — en Bændafl. í breiðfylkingunni gat engu tapað hjá sínum kjósendum með því að segja, hvað fyrir honum vekti. Þess vegna gerði hann það. Nú er stefnuskrá þeirra framkvæmd fyrst af Alþfl. og nú síðast Ólafi Thors og svo auðvitað af Bændafl. En kjósendurnir, sem kusu 30 þm. vinstri flokkanna á þing, á móti breiðfylkingunni, eru sem vænta má, illa sviknir. — Baráttan, sem stendur um þetta frv., er einn mikilvægasti þátturinn í stéttar- og valdabaráttu, sem hér hefur verið háð. Annars vegar standa stríðsgróðamenn, stórútflytjendurnir, eins og togaraeigendur, sem grætt hafa nú yfir 100 millj. kr. á stríðinu, — menn, sem hafa þrítugfaldað auðmagn það, sem þeir hafa lagt í hlutafélög sín, meðan íslenzka sjómannastéttin hefur beðið þyngra afhroð vegna stríðsins en nokkru sinni fyrr. Hins vegar standa allar vinnandi stéttir þessa lands, verkamenn og launastéttir, bændur og smáatvinnurekendur kaupstaðanna. Allar þessar stéttir eru gerðar að ófrjálsum þegnum stríðsgróðaauðvaldsins, — að féþúfu þess —, ef þessi l. fá að standa áfram. Þess vegna er það mál málanna, að þær sameinist nú, sameinist gegn milljónamæringastéttinni og hirðmönnum hennar.

Forseti (JörB): Þá er þessari útvarpsumræðu lokið, en með því að allfátt er nú þingmanna í deildinni, verður atkvgr. frestað til næsta fundar.

Á 18. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Seyðf. (HG) felld með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, HG, ÍslH.

nei: JakM, JÍv, ÓTh, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BJ, BjB, EE, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JörB.

SK greiddi ekki atkv.

5 þm. (BÁ, EystJ, HV, JGM, JPálm) fjarstaddir.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HelgJ, JakM, JÍv, ÓTh, PHann, PO, SEH, SK,[1]) SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BJ, BjB, EE, GD, GG, GSv, JörB.
nei: ÍslH, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, HG.
5 þm. (BÁ, EystJ, HV, JGM, JPálm) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 26., 27. og 30. fundi í Nd., 25. og 30. marz, 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 2, 73, n. 86 og 108).

*Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Eins og menn sjá af nál., hefur allshn. klofnað í þessu máli. Fjórir nm. vilja samþ. frv. í aðalatriðum, en minni hl., hv. þm. Ísaf., vill láta fella frv., og hefur hann skrifað alllangt nál. Ég kemst ekki hjá því að geta þess í upphafi, að hv. þm. Ísaf. byrjar nál. sitt með því að kasta hnútum að okkur samnm. sínum fyrir það, að við höfum ekki athugað málið nógu vel. Nú veit hv. þm. það, að hann lýsti yfir því á 1. fundi n., að hann væri andvígur frv., og þegar ég spurði hann um það, hvort hann vildi, að n. athugaði frv. saman, þá vildi hann það ekki, enda var það til lítils, úr því að hann vildi ekki ganga inn á frv. Hv. þm. bar fram till. um það, að málið yrði sent til umsagnar Alþýðusambandsins, en við litum þannig á, að þar sem 2 mánuðir voru liðnir frá útgáfu bráðabirgðal., þá hefði öllum aðilum gefizt tækifæri til þess að láta álit satt í ljós um málið, og væri því ekki þörf á því að senda það sérstaklega til umsagnar Alþýðusambandsins eða annarra aðila. Málið hefur nú almennt verið mikið rætt, og er því ekki ástæða til að fara inn á það, þar sem líka 1. umr. um þetta frv. var útvarpað. Meiri hl. n. telur, að það sé rétt stefna, sem kemur fram í frv., að reyna að draga úr dýrtíðinni með því að stöðva grunnkaupshækkanir og hafa hemil á verðlagi nauðsynjavara. Minni hl. n. heldur því fram í nál. sínu, að það sé gagnslaust og þýðingarlaust að reyna að halda niðri grunnkaupi, því að það hafi enga þýðingu fyrir dýrtíðina. Hvernig dettur þessum reynda þm. í hug að halda öðru eins fram og þessu, að grunnkaup hafi engin áhrif á dýrtíðina, þar sem það hefur grundvallarþýðingu fyrir dýrtíðina, að grunnkaup hvorki hækki né lækki? Eftir því, sem það er hærra, eykst verðbólgan og með henni kapphlaupið á milli kaupgjalds og verðlags í landinu. Það er annars einkennileg tilviljun, að þessi hv. þm. skuli nú vera aðalandmælandi frv., sem er samhljóða því frv., er hann var meðflm. að 1939, nema hvað þar er lengra gengið að öllu leyti. Í því frv., sem þessi hv. þm. þá flutti, var lagt til, að lögfest yrði 20% lækkun á launum manna í landinu og þar að auki að verkföll yrðu bönnuð og verðlagsuppbót alls ekki veitt nema takmarkað. Þegar þessi löggjöf var borin fram og samþ., — og hv. þm. Ísaf. stóð með henni —, var mikið atvinnuleysi í landinu, og kom þetta því miklu harðar niður heldur en nú, þar sem allir hafa yfirfljótanlega vinnu. Nú er aðeins farið fram á að halda grunnkaupi í skefjum, en hins vegar er leyft að hækka það til samræmingar og lagfæringar. Ég get tekið undir það með hv. minni hl. n., að það sé illa farið, að stjórnin skyldi ekki nota sér heimildarl. frá 1938 og 1941 til þess að reyna að vinna á móti dýrtíðinni, eins og Alþ. ætlaðist til. En ég veit ekki, hvernig þessi hv. þm. hugsar sér að ásaka aðra menn í stj., þar sem ráðh. hans flokks gerði ekki neitt til þess að vinna á móti dýrtíðinni, og hans flokkur yfirleitt hefur ekkert gert í þessum málum annað en að tala um í blöðum sínum, að það þurfi eitthvað að gera. Svo þegar loks á að fara að taka ákvarðanir í þessu máli, þá dregur Alþfl. sinn ráðh. úr stj.

Hv. þm. segir í nál. sínu, að félmrh., Stefán Jóh. Stefánsson, hafi framkvæmt húsaleigul. Ég veit ekki, hvort þetta er sagt til þess að rugla menn, eða hvort hv. þm. sér það ekki, að það er talsverður eðlismunur á húsaleigul., sem eru heimildarl., þar sem fyrirskipað er, að þau skuli framkvæmd, og ráðh. Alþfl. var því ekkert þakkandi, þó að hann léti framkvæma þau.

Hv. þm. segir í nál. sínu, að setning þessara bráðabirgðal. hafi verið þingræðisbrot. Þetta mun hann byggja á því, að frv. um lögfestingu kaups var fellt í Nd. á haustþinginu. En mér finnst rétt að benda á það í því sambandi, að andstæðingar þess frv. báru það aðallega fyrir, að réttara væri að fara hina svo kölluðu frjálsu leið, til þess að láta ekki grunnkaupið hækka. Þeir sögðu, að það væri ekki ástæða til þess að óttast, að launþegar mundu með verkföllum knýja fram grunnkaupshækkun. En um áramótin kemur það í ljós, að nokkur félög gera verkföll og sum í þeim tilgangi að fá verulega hækkun á grunnkaupi sínu. Þá er svo komið, að stj. er beinlínis skyldug til þess að taka tillit til þess vilja, sem kom fram á haustþinginu um að reyna að gera einhverjar ráðstafanir til þess að fullnægja því, sem ætlazt var til með hinni svo kölluðu frjálsu leið. Ég tel því, að ekki sé hægt að telja þetta þingræðisbrot, og hinu hefur ekki verið haldið fram, að hér hafi verið um stjórnskipunarlagabrot að ræða, enda kemur það ekki til mála. Stj. verður að meta það í hvert sinn, hvort ákvæðum 23. gr. stjskr. sé fullnægt eða ekki.

Mér finnst ekki heldur, að það hefði verið rétt að loka augunum fyrir því, að það hefði skapazt ranglæti með því að horft hefði verið á það aðgerðarlaust, að einstakir flokkar launþega hefðu getað knúið fram grunnkaupshækkun hjá sér, þegar allur þorri launþega sýndi þann þegnskap að hreyfa sig ekki.

Mér finnst það vera óþarfi fyrir minni hl. n. að vera með sneiðar í sambandi við þetta mál, eins og kemur fram í nál., ekki sízt með tilliti til þess, að Alþfl. hefur á undanförnum árum haft ráðh. í ríkisstj. Hv. þm. talar um, að það sé árangur af stefnuleysi stj. í þessum málum, hvað vísitalan sé nú orðin há, og segir hann, að dýrtíð hafi hér vaxið örar en í nokkru öðru landi, svo sem í Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýzka-

1) SK: Þó að ég sé ósammála þessu frv. í mikilsverðum atriðum, þá vil ég samt, að það komist til 2. umr., því að ég hugsa mér að bera fram brtt. við það, og segi því já.

landi. Það kann vel að vera, að þetta sé rétt, en mér þætti fróðlegt að heyra, hvernig hv. þm. hefur fengið vitneskju um það, hver dýrtíðin er í Þýzkalandi og hverjar þær ráðstafanir eru, sem hv. þm. vill taka eftir nazistunum til þess að halda dýrtíðinni niðri hér á landi. Meiri hl. n. ætlaði ekki við þessa umr. að bera fram neina brtt. við þetta frv., en það kann vel að vera, að brtt. komi fram frá meiri hl. við 3. umr. málsins. Hins vegar liggja fyrir brtt. frá hv. 5. þm. Reykv., og væri æskilegt, að hv. þm. vildi taka brtt. sínar aftur til 3. umr. Ég verð að segja það fyrir hönd meiri hl. n., að við getum ekki greitt þessum brtt. atkv., ekki sízt vegna þess, að þarna er það gert að skilyrði fyrir úrskurði frá hendi gerðardómsins, að ágreiningur milli vinnuseljanda og vinnukaupanda skuli lagður undir úrskurð gerðardómsins.

Ég skil ekki, hvaða bót er að því að taka þessi ákvæði út úr meginefni frv.

Annars er einkennilegt að taka svo til orða, að frv. skuli gilda á meðan ófriðurinn geisar í Norðurálfu, því að í frv. er gert ráð fyrir því, að l. gildi ekki nema til ársloka 1942.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Það hefur viljað svo til, að meiri hl. allshn. hefur valið sér sem frsm. í þessu máli hv. þm. Barð., sem er einn greindasti og skeleggasti lögfræðingur þessa lands. Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að ýmsir, sem hlustuðu á ræðu hans, hafi orðið nokkuð hissa á því, hve lélegur málflutningur hv. þm. var fyrir þessu máli, en fyrir mitt leyti er ég ekkert hissa á því, þó að varnirnar fyrir þessu frv. yrðu mjög lélegar, þegar tillit er tekið til allrar sögu málsins og til frv. sjálfs. Ég hef í nál. rakið þessa sögu allýtarlega, og byrjaði ég að lýsa meðferð málsins á fundi allshn. Ég hef í nál. ekki vikið einu eða neinu að meðnm. mínum, sem ástæða er fyrir þá að þykkjast yfir, heldur einungis sagt frá því, hvernig fór með afgreiðslu málsins á nefndarfundi. Það er alkunnugt, að þetta mál snertir hvern einasta launþega og atvinnurekanda í landinu mikið, og þess vegna var það lágmarkskrafa mín, að fyrir n. lægi umsögn frá Vinnuveitendafélagi Íslands og frá Alþýðusambandinu. Það mun væntanlega fáheyrt, að þingnefnd neiti að leita sér upplýsinga hjá aðilum þeim, sem frv. snerta mest. Það er alkunnugt t. d., að sjútvn. sendir þau mál, sem hún hefur með að gera, til Fiskifélagsins til umsagnar, eða annarra slíkra stofnana. Það er og algengt, að frv., er snerta gengisbreytingar, eru send til bankanna til umsagnar o. s. frv. Þó að ég vilji ekki kasta steini að meðnm. mínum fyrir afgreiðslu þessa máls, er það einkennilegt, að þeir skyldu ekki vilja leita sér upplýsinga um jafnmikilsvert mál eins og þetta hjá réttum aðilum. Mér virðist þetta muni stafa af því, að meðnm. mínir hafi ekki verið sjálfráðir gerða sinna í þessu efni, heldur hafi verið um það samið á milli Sjálfstfl. og Framsfl., að á þessu máli færi ekki fram nein athugun og þingið gerði enga breyt. á því.

Jafnvel þótt meðnm. mínir hafi engar upplýsingar viljað fá frá þeim stofnunum, er mestu varðar þetta mál, og frsm. væri mjög fáorður um efni frv., tel ég mér skylt að ræða það ýtarlega.

Ég tel því bezt að byrja á sögu málsins og rekja hana, eins og tími vinnst til. Sagan er að vísu alkunn, en þó þannig vaxin, að ekki er hægt að ganga fram hjá henni.

Á Alþ. í júní 1941 var lagt fyrir þm. uppkast af dýrtíðarfrv. frá hæstv. viðskmrh. fyrir hönd ríkisstj. Þessi ráðh. vildi fá þetta frv. afgr. með snöggum hætti og slíta síðan þinginu fyrir hvítasunnu. Þessu voru þm. óviðbúnir, enda málið með eindæmum, meðal annars var gert ráð fyrir launaskatti og fleiri tekjum til ríkissjóðs, allt að 10—15 millj. krónur. Hins vegar var ekki gerð grein fyrir, hvað við þetta fé ætti að gera, og niðurstaðan varð sú, að þm. allra flokka gerðu uppreisn gegn því að afgreiða frv. fyrir hvítasunnu. Niðurstaðan af uppreisn þm. varð sú, að 6 manna n. fékk málið til meðferðar og athugaði það yfir hvítasunnuna. Að því loknu afhenti hún ríkisstj. uppkast að frv., sem viðskmrh. tók svo sem atriði upp úr í sitt eigið frv. Frv. viðskmrh. var þó eigi eins og það, er 6 manna n. hafði komið sér saman um.

Frv. þetta var síðan til umræðu á Alþ. og tók þar miklum breytingum frá því, er viðskmrh. hafði lagt til. Var því hraðað svo mjög, að í Ed. vakti það gremju, hversu stuttan tíma sú d. hafði til að ræða það. Voru ríkisstj. með því gefnar heimildir til að vinna gegn dýrtíðinni. Enda þótt l. væru í heimildarformi, þá kom þó greinilega fram hjá þm., að þeir ætluðust til, að þau yrðu framkvæmd eftir því sem unnt væri. Því til sönnunar skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa í 1. gr. l. 2. mgr. Þar segir svo: „Ríkisstj. skal verja fé því, sem aflað er samkv. l. þessum til þess að koma í veg fyrir, svo sem unnt er, að verðlag á innlendum og erlendum nauðsynjavörum hækki til neytenda frá því, sem nú er, og til að styðja þá framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum eru neyddir til að selja vöru sína óeðlilega lágu verði, allt að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru".

Eins og sést á þessu, kemur vilji Alþ. mjög greinilega fram í 2. mgr. 1. gr. l. þessara, því að þar er beinlínis fyrirskipað að verja fé því, er aflað er með l., til þess að halda niðri dýrtíðinni. Þess vegna er það algerlega rangt hjá hv. frsm., þm. Barð., sem hann sagði um þetta atriði. Ríkisstj. var ekki í sjálfsvald sett, hvaða tekjur hún notaði til að framkvæma þessi l. Hún hafði heimild til að innheimta útflutningsgjöld af útfluttum vörum, er seldar voru með stríðsgróða, 10% viðauka á tekju- og eignarskatt, sem nam 900 þús. kr., og auk þess 5 millj. kr. úr ríkissjóði. Með þessum l. var ríkisstj. gefin heimild til þess að ákveða farmgjöld af vörum með íslenzkum skipum og leiguskipum, sömuleiðis heimild til þess að fella niður tolla af ýmsum nauðsynjavörum, lækka tolla af öðrum vörum, svo sem sykri, um helming, hækka tolla af áfengi og tóbaki um 50% o. fl., en ekkert af þessu gerði ríkisstj., allar þessar heimildir lét hún undir höfuð leggjast að framkvæma, og þó fannst hæstv. viðskmrh. heimildirnar ekki nógu víðtækar og þótti skorta á, að tekið var undan úr till. hans ákvæði um að leggja á 10% launaskatt. (**Viðskmrh.:** Ég er hræddur um, að hv. þm. fari hér með rangt mál, því að aldrei var talað um neinn launaskatt.) Eins og hæstv.

viðskmrh. man, var rætt um launaskatt, en það má vera, að hann hafi í till. sinni breytt því í tekjuskatt, en hinu getur hann ekki neitað, að þessi skattur var miðaður við, að þyngt yrði sem mest á miðlungs- og lágtekjum. Enda er þetta einmitt alveg í samræmi við skoðanir hæstv. viðskmrh. í dýrtíðarmálunum. Honum hafa ætíð vaxið í augum peningar þeir, sem sjómenn og verkamenn hafa unnið sér inn frá því að stríðið hófst. Hann hefur sett sér það mark að ná þessum tekjum í ríkissjóð og koma í veg fyrir, að stríðsgróðinn lendi meðal almennings.

Nú var svo með þessa löggjöf, að hún var staðfest 9. júlí, en svo leið til hausts, og ríkisstj. gerði ekkert af því, sem henni var falið, annað en að innheimta 10% viðauka á tekju- og eignarskatt, álagðan árið 1941. Allar aðrar ráðstafanir lét ríkisstj. undir höfuð leggjast að framkvæma, og á þessum tíma hækkar dýrtíðarvísitalan úr 157 stigum, sem hún var 1. júlí, og upp í 183 um áramót. Ég bendi á þetta, af því að það virðist vera álit hæstv. viðskmrh. og sýnist staðfest með þessum l., sem eru til umr. hér nú, að það sé sérstaklega vegna grunnkaupshækkunar sem vísitalan hafi hækkað.

Ég sagði ekki í nál. mínu, að grunnkaupshækkanir gætu ekki haft áhrif á vísitöluna, en ég sagði, **að vísitalan hefði hækkað án þess að grunnkaupshækkun kæmi þar til greina.** Vilja þeir hæstv. viðskmrh. og hv. frsm. meiri hl. benda mér á einhverja grunnkaupshækkun frá 1. júlí til áramóta? (**BJ**: Var það ekki um áramótin, sem samningar runnu út?) Jú, samningar runnu út um áramótin, en ég er að reyna að koma hv. þm. Barð. í skilning um það, að vísitalan hafi ekki hækkað til áramótanna af völdum grunnkaupshækkunar, sem þá hafði heldur engin orðið. (**BJ**: Hún hefur staðið í stað síðan á nýári.) Það er rétt, en inn á það atriði kem ég seinna.

Áframhald þessa máls er svo það, að Alþ. kemur saman í okt. síðastliðnum til þess að ráða fram úr þessum málum, sem ríkisstjórnin tók við af Alþ. og ætlaði að framkvæma, til þess að halda niðri dýrtíðinni í landinu, sem hún gerði svo ekki, er til kastanna kom. Hæstv. viðskmrh. leggur þá fyrir Alþ. till., sem voru á þá leið m. a., að grunnkaup hækkaði ekki og dýrtíðaruppbót heldur ekki, þótt dýrtíðin hækkaði, lögfest yrði verð á mjólk og ýmsum innlendum afurðum, húsaleiga yrði lögbundin áfram og ráðherra fengi vald til að ákveða hámarksverð á vörur, en það vald hefur hann í rauninni haft síðan 1939. Samfara þessu hafði hæstv. viðskmrh. drepið á aðra möguleika sem ráðstafanir gegn dýrtíðinni, sem ekki komu fram á Alþ., svo sem gengishækkun og framlag úr ríkissjóði í dýrtíðarsjóð. Niðurstaðan af þessu varð sú, að ríkisstjórnin sagði af sér. Tilraun var gerð í þá átt að mynda nýja stjórn, en svo fór þó, að ríkisstjórnin tók aftur við völdum og lofaði að framkvæma dýrtíðarl., enda þótt ráðh. Framsfl. teldu þau ófullkomin. Ríkisstj. hefur þannig tekið tvisvar við l. frá Alþ. og tvisvar hefur hún brugðizt skyldu sinni. Ég veit ekki, hvað sagt yrði um óbreytta borgara í þjóðfélaginu, ef þeir brygðust skyldu sinni svona. Fjarri fór þó því, að ríkisstj. áliti, að ekki væri hægt að gera eitthvað eftir þessum l. Sérstaklega voru tveir hæstv. ráðh., sem töldu mikið hægt að gera með þeim. Það voru þeir hæstv. viðskmrh. og hæstv. atvmrh. Hæstv. viðskmrh. taldi þó það skorta á, að eigi væri nóg þrengt að sjómönnum og verkamönnum. Um þessi l. sagði hæstv. viðskmrh. í júní s. l. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Allar þessar ráðstafanir miða að því að gera erfiðleikana minni síðar og til þess að halda uppi verðgildi peninganna. Þessar ráðstafanir ættu að koma í staðinn fyrir gengishækkun. Ég vil sérstaklega taka það fram, að ég tel fulla þörf á því að nota allar heimildirnar, sem hér er gert ráð fyrir, að fullu." Hæstv. atvmrh. sagði, að hækkun dýrtíðarinnar væri þjóðarógæfa, sem bæri að hindra á allan hátt. Hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Því fer fjarri, að ríkisstj. sé áhrifalaus í nefndum þeim, er ákveða verðlagið, því að hún skipar formenn þeirra. — Það er kannske of mikil bjartsýni að gera sér vonir um algera stöðvun dýrtíðarinnar, auk þess, sem marga óvænta hluti getur borið að höndum. En mikið má ef vill."

Þannig fórust þessum hæstv. ráðh. orð, þrátt fyrir það stóð hann á móti því, að nokkuð yrði gert til þess að bæta úr ástandinu, eins og Alþ. þó hafði ætlazt til. Ég hef vitnað í þessi ummæli hæstv. ráðh., af því að reynt var að færa þá afsökun fyrir ríkisstj., að l., sem Alþ. hefði afgr., hafi verið gagnslaus, en þó viðurkenndu tveir hæstv. ráðh., að vel mætti gera mikið, ef viljinn væri með, eins og hæstv. atvmrh. sagði.

L. voru sem sagt látin óframkvæmd að undanskildum 10% skattaviðaukanum á tekjuskatt og eignarskatt, sem nam um 900 þús. kr., en ekki var þó notaður eins og l. ætluðust til, þ. e. til að halda niðri dýrtíðinni. Þá kom einnig fram hjá nokkrum hv. þm. sú skoðun, að þeir ætluðust til, að heimildir þessar væru notaðar. Einkum á ég þar við hv. þm. V.-Sk., sem fórust orð á þessa leið á Alþ. 1941, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel líka heppilegast fyrir ríkisstj., að hún hafi í þessu máli ákveðinn þingvilja til að styðjast við. — Ég tel einnig rétt, að ríkisstj. viti fullkomlega af því, að hún mun fá sinn dóm fyrir framkvæmd þessara mála. — Hún mun fá sinn dóm frá þinginu."

Jafnhliða því, sem látið var undir höfuð leggjast af ríkisstj. að gera viðbúnað vegna erfiðleika af völdum styrjaldarinnar, með því t. d. að fella niður tolla af korni og sykri og verja fé úr ríkissjóði til dýrtíðarráðstafana, þá var verðlagseftirlitið vanrækt líka. — Þegar gengi krónunnar breyttist 1939, þá var ásetningur ríkisstjórnarinnar að gera allt, sem hægt var, til þess að halda niðri verðlagi í landinu. Og það tókst um skeið að gera þetta, meðan verðlagseftirlitið var nokkuð vakandi. Seinna fór þetta aftur úr böndunum. Og því miður hefur hæstv. viðskmrh., sem annars virðist hafa verið mjög góðum vilja gæddur og miklum hæfileikum, alls ekki virzt þess umkominn að halda uppi verðlagseftirlitinu, eins og gera þurfti og hæstv. Alþ. ætlaðist til.

Hv. þm. Barð. spurði mig að því, hvað það hefði verið í verðlagsráðstöfunum í Þýzkalandi, sem ég hefði talið, að hefði verið heppilegt, að

notað hefði verið hér á landi. **(Forseti:** Má ég benda hv. þm. Ísaf. á, að ef hann á mikið eftir af ræðu sinni, væri kannske rétt að fresta umr. Fundartíma er nú senn lokið.) Ég er fús til þess, en vildi aðeins ljúka einu atriði áður.

Eitt af því, sem Þjóðverjar hafa gert, sem er nokkuð merkilegt, er framkvæmd verðlagseftirlits þeirra. Og þó að ég sé mjög andvígur allri þjóðfélagsstefnu nazista, sennilega miklu andvígari henni heldur en hv. þm. Barð. og áreiðanlega miklu andvígari henni heldur en þeir, sem settu kúgunarl. um gerðardóminn, þá hefði ég óskað þess, að hæstv. viðskmrh. hefði tekið sér nokkuð til fyrirmyndar þær ráðstafanir, sem Þjóðverjar gerðu til þess að halda niðri verðlaginu. **(Viðskmrh.:** Ég held, að þá hefði þurft að koma eitthvað nærri kaupgjaldinu.) Þeir tóku það ráð að banna hærri verðlagsálagningu heldur en var fyrir stríð, að viðbættri dýrtíðaruppbót. En hæstv. viðskmrh. hefur í verðlagsákvörðunum þeim, sem undir hann heyra, fylgt þeirri reglu að jafnaði, þangað til nú allra síðasta tímann, að leyfa hundraðshluta-álagningu á erlendar vörur, miðað við innkaupsverð. Og þetta hefur gert það að verkum, að verzlunarálagningin hefur alla jafna síðan stríðið hófst verið langt á undan kaupgjaldinu með að hækka, sem kemur til af hækkuðu innkaupsverði, mjög hækkuðum farmgjöldum og hækkuðum tolli. Til dæmis um þetta hef ég látið athuga þetta dálítið. Teknar voru átta nauðsynjavörutegundir og athuguð hækkunin á vörunum og hækkunin á álagningunni. Og sú athugun hefur fært mér heim sanninn um það, að dýrtíðaruppbótin, sem verzlanirnar hafa fengið gegnum verzlunarálagningu þá, sem heyrði undir hæstv. viðskmrh., hefur alla jafna verið nokkuð löngu á undan dýrtíðinni. **(Viðskmrh.:** Það er bara misskilningur.) Ég hef hér fyrir framan mig verð á nokkrum helztu vörutegundum, innkaupsverð á þeim í jan. 1939 og útsöluverð; sömuleiðis innkaupsverð á þeim í janúar 1941 og útsöluverð eftir heimiluðri álagningu. Og álagningin á þessar vörur hafði þá hækkað á þessu tímabili um 51%. En kaupgjald hafði þá hækkað um 42%. Þetta er ákaflega ljós afleiðing af þeirri röngu stefnu, sem hæstv. viðskmrh. hefur fylgt um álagningu á vörur.

Ég skal svo verða við tilmælum hæstv. forseta um að fresta ræðu minni að öðru leyti þar til síðar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson) [frh.]: Ég hafði í gær gefið yfirlit um forsögu þessa máls og framkvæmdaleysi hæstv. ríkisstj. á þeim heimildum eða lögum, sem hún hefur tvívegis tekið við frá Alþingi. Ég hafði sýnt fram á það, hvernig ríkisstj hefur ekkert gert af því, sem fyrir hana var lagt, þrátt fyrir gefin loforð. Og ég hafði sýnt fram á það, hvernig dýrtíðin hefur hækkað úr 57% upp í 83% á tímabilinu frá 1. júlí til áramóta, eða um 45%, án þess að á þeim tíma hafi komið fram nokkrar grunnkaupshækkanir. Ég ætla, að þessi ábending mín um hina geysilegu hækkun vísitölunnar ætti að nægja til að sanna það, sem hv. frsm., þm. Barð., var þó að finna að nál. mínu, að ég héldi fram, að grunnkaupshækkun væri ekki orsök dýrtíðarinnar.

Ég skal svo leyfa mér að rekja þetta mál dálítið lengra. Það er hv. þm. kunnugt, hver úrslit dýrtíðarmálin fengu hér á haustþinginu, að ríkisstj. tók á ný við þessum heimildarl., sem að vísu er nokkurs konar fyrirskipun til ríkisstj. um að framkvæma það, sem til er tekið í l. Ráðherrar Framsfl. töldu l. ófullnægjandi, en tóku þó við þeim, og fylgdi sú yfirlýsing, að ætlazt væri til, að l. yrðu framkvæmd. En það varð ekkert úr þessu loforði ríkisstj., heldur var tekið til að halda áfram sama kapphlaupinu milli fjögurra ráðh. í ríkisstj. um að auka dýrtíðina. Landbúnaðarafurðir voru stórhækkaðar, en ekki verðbættar, eins og Alþfl. lagði til að gert væri, verðlagseftirlit var látið halda áfram með sama sleifarlaginu. Það var svikizt um að gefa eftir tolla á nauðsynjavörum, eins og Alþ. þó hafði ætlazt til. Og það var látið undir höfuð leggjast að hafa nokkurt eftirlit með farmgjöldum. Allt þetta kæruleysi ríkisstj., eða réttara sagt kapphlaup um að auka dýrtíðina, mun hafa valdið því, að þau félög, sem höfðu sagt upp samningum um áramótin, sem að vísu voru fá, sáu sér ekki annað fært en að fara fram á allverulega grunnkaupshækkun. Það var talið á haustþinginu, að þessi félög mundu ekki hafa ætlað sér að fara fram á verulega grunnkaupshækkun. En þegar verkamenn sáu, að ríkisstj. gerði allt, sem hún gat, til að auka dýrtíðina í landinu, — ekki einasta með því að svikjast um að framkvæma öll fyrirmæli Alþ., heldur einnig skrúfa upp verð á landbúnaðarafurðum úr öllu valdi, til þess að hækka vísitöluna, — þá mun það hafa orðið ljóst fyrir verkalýðsfélögunum, að ekki væri önnur leið fyrir þau að bæta hag sinn en að hækka kaupið. Nú voru þetta þó ekki neinar viðtækar kaupdeilur. Þeir, sem höfðu sagt upp samningi, voru aðeins fjögur félög iðnaðarmanna innan Alþýðusambandsins og tvö félög utan sambandsins. Þessi félög voru Bókbindarafélagið, Félag járniðnaðarmanna, Hið íslenzka prentarafélag, Klæðskerafélagið Skjaldborg, og utan sambandsins félög rafvirkja og skipasmiða. Það leit út fyrir, að samningar mundu takast brátt upp úr áramótum milli flestra þessara félaga og atvinnurekenda. Það virtist ekki bera neitt það á milli, að ekki væri hægt fyrir þessa aðila að brúa það bil með samkomulagi. Vinnustöðvunin mundi þá hafa staðið skamma stund. Þá heldur hæstv. forsrh. hina alkunnu nýjársræðu sína og spáir þar afskiptum hins opinbera til að koma í veg fyrir, að grunnkaup hækki. Samt sem áður er samningsviljinn svo mikill á milli iðnaðarmanna og atvinnurekenda, að a. m. k. tvö af þessum félögum gerðu samninga. Nú liðu nokkrir dagar af janúar. Hinn 8. jan. gefur svo ríkisstj. út bráðabirgðal., sem hún nefnir l. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Nafnið á þessu frv. er harla einkennilega valið. Og ég vil gera fyrirspurn til hins ágæta lögfræðings, sem er frsm. meiri hl. n., hvort hann veit þess nokkur dæmi nokkurs staðar úr sögu lögfræðinnar, að gerðardómur hafi verið skipaður

á þann hátt, sem ætlazt er til að gert sé í þessu frv. Ég hef heyrt það fullyrt af ekki ómerkum lögfræðingi, að í byggingu þessa frv. séu brotnar allar þær reglur, sem annars eru gerðar kröfur til um gerðardóm. Venjulega mun það vera svo, að ef tveir aðilar búast við að geta ekki komið sér saman, þá tilnefna þeir jafnmarga menn hvor í gerðardóminn. Og ef þessir útnefndu aðilar koma sér ekki saman, þá er einhver óvilhöll stofnun, sem útnefnir oddamann, ef þá ekki þessir útnefndu menn af deiluaðilum sjálfum útnefna oddamann. Gerðardómurinn á svo að kynna sér allar málsástæður frá báðum hliðum. Það er skylda gerðardómsmanna sem dómara. Og að því loknu kveða þeir upp sinn dóm. Hér virðist vanta öll grundvallaratriði fyrir því að kalla þetta frv., sem hér liggur fyrir, frv. til laga um gerðardóm, Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að þessi stofnun kveði upp úrskurði, jafnvel þótt ekki sé neinn ágreiningur fyrir hendi. Það er gert ráð fyrir, að fyrir þennan dómstól séu lagðar allar breytingar á kaupi, *kjörum og þóknunum og hlutaskiptum, hverju* nafni sem nefnast, frá því sem gilti árið 1941. Það er eins gert ráð fyrir, að þetta sé lagt fyrir dóminn, þótt báðir aðilar, verkamenn og atvinnurekendur, séu sammála um breyt. **Það er með öðrum orðum gert ráð fyrir, að þessi stofnun geti búið til ágreining milli atvinnurekenda og verkamanna, þegar þeir eru búnir að koma sér saman um að ráða fram úr málinu.** Ég tel, að þetta muni vera svo einstakt um gerðardóm, að ég vildi biðja þann ágæta lögfræðing, hv. frsm. meiri hl. n., að benda á einhver dæmi, sem finnast mættu, annaðhvort hér á landi eða á Norðurlöndum, fyrir því, að fyrir dómstól væri lagt til úrskurðar — og kallað gerðardómsúrskurður — samkomulag, sem búið væri að gera á milli manna um kaup og kjör. Mér er ekki *kunnugt, að annað hafi verið lagt fyrir sams* konar stofnanir á Norðurlöndum en **ágreiningur** milli manna um kaup og kjör. En að leggja samkomulag undir dómstól, og kalla slíkt gerð, mun vera einsdæmi og til þess eins fallið að gera þvert á móti því, sem gerðardómi er ætlað í öðrum löndum, — sem sé að búa til ágreining í staðinn fyrir að jafna ágreining.

Þá er skipun þessa dóms. Ríkisstj. tilnefnir alla fimm mennina í dóminn. Þar með er ekki fylgt þeirri reglu um gerðardóm, sem ég gat um, — að aðilar, sem ekki koma sér saman, tiltaki jafnmarga menn í dóminn, — heldur kemur óviðkomandi stofnun og tilnefnir fimm menn í dóminn. Og í l. er ekki ráð fyrir því gert, að þessir fimm menn hafi neina sérþekkingu á því, sem þeir eru að gera, hvorki sérþekkingu á högum *verkamanna né högum atvinnurekenda*. Og það, sem út yfir tekur, er það, að þessum fimm mönnum er beinlínis markað starf: þeim er ekki leyft að meta málsástæður aðila, þeim er beinlínis bannað það. Þeim eru fyrirskipaðar reglur um, hvernig þeir eigi að dæma, hvernig svo sem kjör þeirra manna eru, sem þeir eiga að dæma um. Og hvernig svo sem möguleikar atvinnurekstrarins eru til að greiða hærra kaupgjald, þá er þeim fyrirskipað að halda sér við þá meginreglu að láta grunnkaupið vera óbreytt, frá því sem var á árinu 1941. Ég tel, að þegar að þessu leyti sé þessi löggjöf algert einsdæmi, — ekki einasta í löggjöf okkar hér á landi, heldur í löggjöf allra Norðurlanda. Ég tel, að það mundi þurfa að leita í reglugerðum þriðja ríkisins hjá sjálfum Adolf Hitler til þess að finna eitthvað, sem væri sambærilegt við ákvæði þessa lagafrv. Og þegar við búum undir vernd þeirra tveggja stærstu þjóða, sem telja sig vera að berjast fyrir lýðræði í heiminum, þá er það sannast að segja dálítið einkennilegt, að þessi einna elzta lýðræðisþjóð hér í álfu skuli leita til Adolfs Hitlers um fyrirmyndir fyrir sinni löggjöf. Ég vildi skora á þá, sem hér eru staddir úr meiri hl. allshn., að gera grein fyrir því, hvernig þeir geti talið það forsvaranlegt að kalla þetta lagafrv., sem hér liggur fyrir, því nafni, sem ríkisstj. hefur valið.

Í þessari löggjöf er að öðru leyti gert ráð fyrir því, að ríkisstj. gefi út skrá um nauðsynjavörur, sem ekki megi selja hærra verði en gert var í árslok 1941, og skrá yfir vörur, sem ekki megi leggja meira á en gerðist á þeim tíma. Þá er þessum svonefnda gerðardómi fyrirskipað að ákveða breytingar á verðlagi innanlandsframleiðslu þeirrar, sem á skránni er, í samræmi við framleiðslukostnað hennar. Enn fremur er honum heimilt að ákveða breyt. á verðlagi annarra vara, sem ríkisstj. kveður á um. Ef við tökum nú svolitinn samanburð á rétti þeirra, sem framleiða innlendar vörur, og rétti þeirra, sem selja vinnu sína, þá er þar harla mikið gert upp á milli. Grunnkaup skal að jafnaði standa óbreytt, hvort sem það er svo hátt, að þeir, sem taka kaupið, geta lifað af því eða ekki. Gerðardómnum er fyrirskipað að láta grunnkaupið standa óbreytt. En þeir, sem framleiða innlendar vörur, hvort heldur eru iðnaðarvörur eða landbúnaðarvörur, njóta alls annars réttar. Gerðardómnum er beinlínis fyrirskipað að breyta vöruverðinu *á þessum vörum eftir því*, hvað það kostar að afla þeirra. Ég get vel fellt mig við þessa reglu gagnvart þeim, sem framleiða innlendar vörur. En hvers vegna mega þeir, sem selja vinnuafl sitt, ekki njóta sömu kjara hjá þessari dæmalausu stofnun? Það er vegna þess, að þeir, sem að þessu frv. standa, forvígismenn Sjálfstfl annars vegar, hafa hag af því, að kaupgjaldinu sé haldið niðri, og ýmsir menn úr Framsfl. sjá ekki annað böl verra í þessu þjóðfélagi heldur en að verkamenn í kaupstöðunum hafi við nokkurn veginn sæmileg kjör að búa. Eftir það samstarf, sem átt hefur sér stað milli fulltrúa bænda og verkamanna hér á Alþ., þá er þetta sárgrætilegur árangur, hvað fulltrúa bænda snertir. Þetta þrönga sjónarmið hefur orðið þess valdandi, að fulltrúar bænda hafa látið sér það lynda að láta stríðsgróðann renna millj. saman í vasa einstakra manna. Þeirra sjónarmið hefur ekki verið viðara heldur en það, að þeir (þ. e. Framsfl.) hafa séð ofsjónum yfir aurunum, sem verkam. hafa fengið, en láta á sama tíma millj. streyma óhindrað í vasa stríðsgróðamannanna. Þá er í frv. þessu gert ráð fyrir, að ekki megi hækka farmgjöld án samþykkis gerðardómsins, og loks er í heimildinni ákveðið, að verðlag á nauðsynjavörum megi ekki hækka. Allmikið af þessum heimildum var til í eldri l., og það, að taka þetta upp í þessi l., virðist ekki vera gert

til annars en að sýnast. Hvers vegna er stj. að fá sér ýtarlegar heimildir um áramót með bráðabirgðal. til þess að gera það, sem hún hafði vanrækt að gera áður, en hafði þó heimild til að framkvæma? Með þessum bráðabirgðal., sem ætlazt er til, að verði staðfest, er 5 mönnum gefið úrskurðarvald um það, að banna alla breyt. á kaupi. Nú er það svo, að stjórnin gaf um áramót út skrá yfir vörur, sem bannað var, með sérstakri auglýsingu, að hækka verð á. Þetta gerðist rétt áður en bæjarstjórnarkosningarnar fóru fram úti um land, og skráin var látin halda sér óbreytt á meðan verið var að kjósa í kaupstöðunum, en þegar búið var að kjósa, þá breyttist þessi skrá. Ég man t. d., að mjólkin var seld á 72 aur. ltr. á Siglufirði fyrir áramót, en eftir bæjarstjórnarkosn. leyfði gerðard. að hækka mjólkina upp í 82 aur. pr. ltr. Þetta var þó ein af þeim vörutegundum, sem búið var að banna hækkun á með sérstakri augl. fyrir áramót. Það er kunnugt, að leyft var að hækka kjöt hér í Rvík um 10 aur. kg frá því, sem það var fyrir áramótin, og auk þess hafa kjötkaupmenn fundið upp það snjallræði að leggja 30 aura gjald á hverja heimsendingu. Nú veit ég um það, að erlendar vörur úti um landið hækkuðu í verði vegna þessarar auglýsingar stj., og hefur hún því með þessari auglýsingu á ýmsan hátt orðið til þess að hækka vöruverðið fyrr en annars hefði orðið, í stað þess að lækka það. En þetta er að vísu ekki nema eðlilegt, eins og sambandi og stj. þeirra tveggja flokka, sem nú fara með völdin, er háttað, því að öðrum megin stendur stj. verzlunarvaldsins, kaupmannavaldið, en S. Í. S. hinum megin, neytendurnir eiga nú engan fulltrúa í ríkisstj., og er því ekki að neinu leyti séð fyrir þeirra hagsmunum eða velferð. Nú skal ég játa það viðvíkjandi verðlagsákvæðum þessa frv., að ef þau væru framkvæmd út í yztu æsar af kjarki og dugnaði, þá gætu þau ef til vill komið að einhverjum notum.

En eins og stj. hefur framkvæmt slælega þær heimildir, sem hún hefur haft til þessa til þess að hafa hemil á verðlagi í landinu, þá er ekki hægt að gera sér háar vonir um árangur, þó að stj. fengi nýjar heimildir í þá átt, að hún mundi nota þær á nokkurn hátt betur en hún hefur notað hinar gömlu heimildir, sem hún áður hafði.

Ég sé ekki, að hæstv. viðskmrh. sé hér nærstaddur, svo að hann megi heyra mál mitt, en ef svo skyldi vera, vildi ég bera fram þá fyrirspurn til hans, hvort nokkurn tíma hefði verið reiknuð út eða búin til sérstök vísitala fyrir verzlunarkostnað. Mér skilst, að ef hafa ætti eftirlit með verðlagi í landinu, svo að gagni kæmi, þá þyrfti að gera sér ljóst, hvað verzlunarkostn. hefði vaxið mikið. Nú hefur verzlunarkostnaður alls ekki fylgzt með kaupgjaldinu, því að kaupgjald er ekki nema nokkur hluti af dreifingarkostnaði, allmikið af kostnaðinum er húsaleiga, rafmagn og fleira, sem ekkert hefur hækkað. Það væri þess vegna engin ástæða til þess, að verðlagsvísitalan fyrir álagninguna fylgdist með kaupgjaldsvísitölunni. Ég veit ekki, hvað gerzt hefur síðustu mánuðina, en fram að áramótum varð ekki annað séð en að ekki væri farið eftir neinum slíkum reglum. Verzlunum hefur verið heimiluð álagning að því er virðist án tillits til þess, hvað þær gætu með því fengið háar tekjur, en hundraðsálagning er vitanlega alveg óréttlát, ef það er ætlunin að halda niðri verðlagi í landinu. Væri til þess ætlazt, þarf að fylgja þeirri reglu, sem fylgt hefur verið um launastéttirnar, að verzlanirnar fái aukinn kostn. að tiltölu við aukna dýrtíð í landinu, en ekki hundraðsálagningu, hvað mikið sem vörurnar kunna að hækka í verði. Ég skýrði frá því í gær, að ég hefði látið gera á þessu dálitla tilraun með 9 algengar vörutegundir, og sú tilraun hefur sýnt það, að álagningin á þessar vörutegundir, í jan. 1941, miðað við júní 1939, hefur hækkað um 51%. Á sama tíma hækkaði kaup ekki nema um 42%. M. ö. o. dýrtíðaruppbót verzlana hefur á þeim tíma verið 9 stigum hærri heldur en kaupgjaldið, þrátt fyrir það, þó að verzlunarkostnaður allur hafi ekki aukizt í samræmi við dýrtíðina. Því að það veit hæstv. viðskmrh., að er ekki, þegar tekið er tillit til þess, að allmikill hluti verzlunarkostnaðar er húsaleiga, rafmagn og fleira, sem ekki hefur hækkað eins mikið og kaupgjaldið.

Það má vera, að þetta hafi breytzt eitthvað síðustu mánuði, ég vildi gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. viðskmrh. Sérstaklega vil ég fá hann til þess að viðurkenna þá reglu, að tekjur þeirra eigi að fylgja eftir dýrtíðarvísitölunni af þeim ástæðum, sem ég hef drepið á.

Ég skal svo víkja nokkuð að framkvæmd þessara l. í öðrum atriðum en ég hef þegar gert. Ég hef drepið á það, að ástæðan til þess, að þessi bráðabirgðal. voru gefin út, var sú, að 6 félög hér í Rvík höfðu sagt upp samningum. Ég hef einnig getið þess, að útlit var fyrir, að sum félögin mundu ná samningum, og sum voru þegar búin að semja, en ríkisvaldið hindraði það beinlínis, að samningar gætu tekizt. En þessi aðferð, að binda samninga á milli verkamanna og atvinnurekenda, mun ekki vera til annars staðar, nema ef vera skyldi í riki Adolfs Hitlers.

Ég vil nú stuttlega gera grein fyrir kjörum þessara manna, sem hafa sérstaklega orðið fyrir barðinu á gerðardómnum. Prentarar (vélsetjarar) hafa í grunnkaup kr. 115.20 á viku, en aðrir setjarar og prentarar kr. 97.05, vinnutími þeirra er 48 klst. á viku og sumarfrí 12 dagar, veikindafrí 12 dagar. Bókbindarar hafa kr. 93.90 á viku og sama vinnutíma og prentarar, sumarfrí og veikindafrí hið sama. Járnsmiðir hafa unnið upp á tímakaup, 8 st. vinnu á dag, grunnkaup kr. 1.93 á tímann, samtals 92.64 fyrir 6 daga vinnuviku. Nú ber þess að gæta, að ekki er hægt að bera þetta saman við vikukaup prentara og bókbindara, vegna þess að þeim er borgað fyrir 6 daga vinnuviku, eins þó að aukahelgidagar séu í vikunni og þeir þá eigi frí frá störfum. Klæðskerasveinar hafa í vikukaup kr. 90.00, 60 st. vinnu á viku, sumarfrí 8 daga og veikindafrí 12 daga. Námstími í öllum þessum iðngreinum mun vera svipaður, eða 4 ár. Klæðskerasveinar náðu fljótt samningum við atvinnurekendur um 10% grunnkaupshækkun og einnig um 51 st. vinnuviku í stað 60 áður. Fulltrúar frá atvinnurekendum járniðnaðarins vildu fljótlega semja við járniðnaðarmenn, en gerðardómurinn kom í

veg fyrir það. Þó fór svo að lokum, eftir að gerðardómsl. voru sett, að járniðnaðarmenn gerðu samning við atvinnurekendur. Þeir fengu grunnkaupshækkun, sem þeir telja sjálfir að hafi numið um 16%, en gerðard. breytti því í grunnkaupshækkun, sem járniðnaðarmenn telja að sé um 12%, þegar tekið er tillit til þeirrar breyt., sem gerð var, að vinnutímanum var breytt úr tímav. í vikuv. En þegar þeir vísu menn í gerðardómnum fara að dæma, þá dæma þeir af klæðskerasveinum, sem voru lægst launaðir, þá kauphækkun, sem þeir höfðu fengið með samningum við atvinnurekendur, og þeir lengja vinnutímann úr 51 st. upp í 54 st. á viku. — Hins vegar gekk gerðardómurinn inn á það, að láta járniðnaðarmenn halda mestum hluta af þeirri grunnkaupshækkun, sem þeir voru búnir að semja um. M. ö. o., þeir fengu að halda samningi sínum, sem var allmiklu betri heldur en hjá klæðskerasveinum. Nú fer fjarri því, að ég sé að telja eftir þær kjarabætur, sem járniðnaðarmenn fengu, en ég vil með því, sem ég hef dregið fram, sýna það, hve miklu misrétti gerðardómurinn beitir í þessu tilfelli. Hann lætur járniðnaðarmenn halda samningum sínum að mestu, en dæmir af klæðskerasveinum flestar þær kjarabætur, sem þeir voru búnir að fá með samningi, þótt þeir hefðu áður mun lakari kjör. Ég vil nú spyrja hæstv. stj.: Er þetta það, sem hún kallar að færa kjör manna í landinu til lagfæringar og samræmingar, eða er það eitthvað annað, sem hér vakir fyrir þessum gerðard., eitthvað, sem er ekki tekið fram í l., eins og t. d. það, að það geti komið að því, að hið opinbera þurfi frekar að fá járniðnaðarmenn til þess að vinna heldur en klæðskera? Ráðh. hefðu sjálfsagt komizt af með fötin, sem þeir ganga í, þó að klæðskeraverkfallið hefði staðið eitthvað lengur. En togararnir, sem sumir ráðh. eiga eitthvað í, þeir þurftu að komast út, svo að þeir gætu haldið áfram að moka inn stríðsgróðanum. Er þetta það, sem valdið hefur hinum mismunandi sjónarmiðum gerðardómsins? Annars hafa afskipti þessa dóms ekki orðið allmikil af kjörum annarra félaga, og sum félög eða atvinnurekendur hafa beinlínis skotið sér undan því að leggja samninga undir gerðardóminn. Mér er t. d. kunnugt um eitt félag, sem hafði í grunnkaup 1.10 á klst., er hækkaði kaupið upp í 1.30 á klst. frá áramótum, en þessi samningur hefur aldrei komið fyrir gerðardóminn. Af öðrum framkvæmdum þessu viðvíkjandi má nefna það, að vegamálastjóri er búinn að hækka grunnkaup í vegavinnu í Borgarf. úr 1.10 upp í 1.30, en á sama tíma hefur gerðardómurinn verið að burðast við að níðast á elztu fagfélögum, þar sem mest vinna menn, sem eru orðnir grónir í iðninni og vilja ekki fara í neina aðra vinnu.

Eitt dæmi vil ég nefna um afskipti gerðardómsins.

Nýlega hefur gerðardómurinn afnumið með úrskurði samning um grunnkaupshækkun félagsins Iðju á Akureyri.

Við iðnaðinn á Akureyri vinnur fólk, sem hefur haft sérstaklega lág launakjör undanfarin ár. Sáttasemjari ríkisins gekk í það um áramót, að þetta félag og atvinnurekendur gerðu með sér nýjan samning, með nokkuð auknum fríðindum, og um hækkun á grunnkaupi, sem nam 5%. Þessi grunnkaupshækkun, sem sáttasemjari ríkisins var búinn að beita sér fyrir, var af þessu fólki tekin með gerðardómnum, og skyldi maður þó ætla, að sáttasemjari ríkisins væri betur fær um að dæma um þarfir verkafólksins og getu atvinnuveganna heldur en gerðardómsmennirnir. Nú var þarna ekki um neina almenna kaupdeilu að ræða, síður en svo. Alls höfðu 7 félög með 500 meðlimum farið fram á grunnkaupshækkanir, en í Alþýðusambandinu eru um 18 þús. meðlimir, svo að l. eru ekki sett til þess að koma í veg fyrir það, sem stj. hefur kallað yfirvofandi almennar grunnkaupshækkanir. Lögin eru sett til þess að koma í veg fyrir samninga, sem í mörgum tilfellum var búið að gera á milli atvinnurekenda og verkamanna, og til þess að koma í veg fyrir samkomulag á milli þessara aðila um leiðréttingu á kaupi og kjörum. Það eru þessi dæmi, sem hvergi þekkjast annars staðar á Norðurlöndum.

Nú gefur framkvæmd l., eins og hún hefur verið, tilefni til að beina þeirri fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar, hvort hún hafi látið fara fram nokkra rannsókn á grunnkaupi verklýðsfélaganna í landinu, hvort henni sé fullkunnugt um, að grunnkaup verkafólks í landinu sé almennt svo hátt, að ástæða sé til að banna hækkun þess. Mér er nær að halda, að ríkisstjórnin viti ekkert um þetta, og mun halda það, þar til annað kemur í ljós. Hún hefur sett þessi lög, án þess að nokkur vitneskja hafi legið fyrir um það, hvort verkalýðurinn gæti lifað af því kaupi, sem honum er skammtað.

Ég hef lítillega látið athuga þetta mál. Sú athugun hefur leitt í ljós, að í 10 verklýðsfélögum, með um samtals 900 meðlimi, er grunnkaupið á klst. kr. 1.10 og lægra. Þessi félög eru öll, ef svo mætti segja, á útkjálkum landsins. Þar er ekki mikil eftirspurn eftir vinnukrafti, engin Bretavinna eða annað slíkt og þeim, sem við þetta eiga að búa, er nauðsynlegt að flytja burt til þeirra staða, þar sem atvinna er meiri og betur borguð, ef þeir eiga að fá kjör sín bætt. — Er það kannske tilgangur ríkisstjórnarinnar beinlínis að neyða fólk til þess að flytja úr dreifbýlinu og til hinna þéttbyggðari svæða? En ég hef haldið, að ekki væri ástæða til þess að sjá ofsjónum yfir tekjum þeirra manna, sem eiga við slitrótta vinnu að búa og fá kr. 1.10 í grunnkaup, jafnvel þótt grunnkaupið væri 1.20 pr. klst. En þessar athuganir sýna enn fremur, að 9 verklýðsfélög með 1200 meðlimi eiga við þau kjör að búa, að grunnkaupið er kr. 1.20 og lægra. Þessi félög eru líka á útkjálkum landsins. M. ö. o. rúmlega 2000 skipulagsbundinna verkamanna í landinu eru með kr. 1.20 í grunnkaup og þaðan af lægra.

Ef þetta fólk því á þess nokkurn kost, þá flytur það úr dreifbýlinu og til þeirra staða, þar sem betri kjör eru fáanleg. Það er ein afleiðing þessarar löggjafar.

Annars er það svo, að þessi lög eru að sumu leyti óframkvæmanleg eða þá þau eru ranglát, ef hægt er að framkvæma þau, og skal ég nú finna þeim orðum mínum stað. — Í l. er bannað að hækka grunnkaup frá því, sem það var árið 1941. Það er bannað að hækka allt kaupgjald,

ekki einungis hjá öllu félagsbundnu fólki, heldur og einnig hjá öllum vinnuhjúum, vinnukonum, vinnumönnum og kaupafólki. Nú vita það allir, að menn ráða ekki til sín t. d. vinnukonu nema brýn þörf sé. Allir reyna eftir megni að spara við sig allt fólkshald. En fáist nú ekki vinnukona fyrir sama kaup og s.l. ár, verða lögin brotin á hverju einasta heimili í landinu, sem ræður til sín vinnukonu. — Sama máli gegnir um kaupafólk í sveit. Ég veit, að búnaðarmálastjóri staðfestir það með mér, að bændur mundu borga kaupamanni t. d. 110 kr. meira á mánuði en í fyrra heldur en að geta ekki aflað heyja handa búpeningi sínum. Það er því auðséð, að þessi lög, ef samþ. verða, verða brotin meira en nokkur lög áður í þessu landi. Þau verða ekki aðeins brotin í einstökum tilfellum, heldur á hverju einasta heimili í landinu, sem þarf að taka fólk.

Það er alkunna, að þessi lög eru nú þegar brotin í mjög stórum stíl hér í Reykjavík. Ef maður t. d. þarf að láta reisa hús, verður hann að borga smiðunum svo og svo marga tíma í eftirvinnu, sem þeir ekki vinna. Ég veit um opinberar stofnanir, sem hafa orðið að fara svipað að.

Það er vitanlegt, að þeir, sem urðu fyrir barðinu á gerðardómsl., hafa yfirgefið iðngreinar sínar.

T. d. eru 15 járnsmíðasveinar farnir síðan á áramótum. Fengu þeir þó kjör sín að mestu bætt eins og þeir óskuðu eftir. Hvað þá um hinar iðngreinarnar, sem engar kjarabætur fengu?

Árangur laganna er því sá, að alls staðar þar, sem eftirspurn er eftir vinnukrafti, verða lögin brotin, og það er helzt á þeim stöðum, þar sem grunnkaup er þolanlegt.

Úti um land, þar sem grunnkaupið er lágt, en engin eftirspurn eftir vinnuafli, verða lögin til þess að níðast á lægst launuðu verkamönnunum í landinu. Ég verð að segja það, að það er hart til þess að vita, á tímum milljónagróða, að hafa svo óréttláta og skammsýna ríkisstjórn, að hún setur lög til þess að níðast á lítilmagnanum. Það ríkti önnur skoðun í fyrra á svona lögum, a. m. k. hjá öðrum ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Hæstv. atvinnumálaráðherra lét þess þá getið, að hann væri eindregið fylgjandi dýrtíðarfrumvarpinu, eins og það lá þá fyrir, og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að vitna hér í þau ummæli hans. **Ráðherrann** sagði:

„Ég er eindreginn stuðningsmaður þess, að sú tilraun sé gerð, sem frv. fjallar um. Ég áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að reyna að koma fram breytingum og mun snúast gegn því, ef nauðsynlegustu lagfæringar fást ekki, því að slík löggjöf gagnar aldrei vel, ef þeir gallar fylgja, sem skapa henni fjandskap verulegs hluta þjóðarinnar.“

Síðan þetta var sagt, eru liðnir 9 mánuðir. Áður en liðnir voru meira en rúmir 6 mánuðir, var þessi sami ráðherra fús að vera með í að setja löggjöf, sem skapaði fjandskap verulegs hluta þjóðarinnar. Ég hefði í nefndinni flutt þau rök, sem ég hef hér flutt, ef ég hefði ekki **strax** heyrt á meðnm. mínum, að þeir töldu það skyldu sína að afgreiða málið óbreytt. — En þessi lög, ef samþ. verða, eru á annan bóginn óframkvæmanleg, en að hinu leytinu ranglát og bitna á þeim, er sízt mega við því.

Til viðbótar við framkvæmdaleysi ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálunum vil ég segja það, að henni var heimilað að leggja úflutningsgjald á sjávarafurðir. — Það var á það bent í umræðunum um brezku samningana, að smábátaútvegurinn mundi ekki þola það, en hins vegar mundu togararnir þola það vel. Ég hef dálítið athugað verð á útfluttum fiski, sem seldur var á frjálsum markaði í Englandi, eða frá júní—des. 1940 og ísfisksölurnar 1941. Þessi athugun hefur leitt í ljós, að verðið hefur verið allmiklu hærra 1941 en 1940. — Í júní—des. 1940 eru flutt út 40 000 tonn af ísuðum fiski. Sé dregið frá söluverðinu 10% vegna kostnaðar og 300 kr. á tonn reiknaðar sem flutningsgjald, en það er sú tala, sem Gjaldeyris- og innflutningsnefnd reiknar með, þá verður verðið á fiskinum 0.83 kr. pr. kíló. Sé reiknað á sama hátt verð útflutts fiskjar 1941, þó að flutningsgjöldin hækkuðu upp í kr. 400 á smálest, kemur í ljós, að meðalverðið hefur verið 1.26 kr. pr. kíló.

Aðgætandi er í þessu sambandi, að nokkur hluti fiskjarins árið 1941 hefur verið fluttur út hausaður, svo að nærri mun láta, að 1940 hafi verðið verið kr. 0.83 og 1941 hafi það verið 0.95—1.00 pr. kg. — Ef ríkisstjórnin hefði því notað sér þær heimildir, sem hún hafði til tekjuauka, og lagt útflutningsgjald á ísfisksölurnar, má gera ráð fyrir, að hún hefði haft a. m. k. 10—11 milljónir króna til þess að vinna með á móti dýrtíðinni.

Allt þetta hefur ríkisstjórnin látið undir höfuð leggjast. En sé athugað allt skraf atvmrh. um, að dýrtíðin væri þjóðarógæfa, látandi svo allar heimildir ónotaðar, verð ég að segja, að það er þjóðarógæfa að hafa svona ríkisstjórn. Þegar hún svo fer að gera eitthvað, ræðst hún ekki á dýrtíðina, heldur á kaupgjald launastéttanna í landinu. Þá kemur hún með lög, sem eru hvort tveggja í senn, óframkvæmanleg og ranglát.

Ég hef því af þeim ástæðum, sem ég hef nú hér greint, lagt til, að þetta frv. verði fellt. Og ég held, að ef þm. fengjust til þess fyrir flokksofríki að athuga málið og ef sú athugun væri gerð óhlutdrægt, ef menn létu vera að taka tillit til þess, sem þegar er búið að samþykkja, heldur tækju málið upp eins og það liggur fyrir, og eins og reynslan hefur sýnt, að framkvæmd þess er orðin á þeim mánuðum, sem brbl. hafa verið í gildi, þá gæti ekki hjá því farið, að meiri hl. hv. þm. kæmist að þeirri niðurstöðu, að það ætti að fella þetta frv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég mun nú ekki svara nema sumum atriðum úr þessari löngu ræðu hv. þm. Ísaf. Enda er sannleikurinn sá, að hún mun meira hafa verið haldin til þess að tefja tímann heldur en af því, að hv. þm. sé ekki ljóst, að mest af því, sem þessi hv. þm. hefur nú tekið fram, hefur verið tekið fram áður, ýmist af samherjum hans hér í þinginu eða annarra flokka mönnum. Og jafnframt hefur flestu af því, — að vísu ekki öllu —, sem hann hefur nú komið fram með, verið svarað áður. Ég ætla hér aðallega að minnast á það af því, sem hann hefur sagt nú, sem snertir það ráðu-

neyti, sem ég veiti forstöðu. En áður en ég kem að því, vil ég víkja örfáum orðum að ýmsum almennum fullyrðingum, sem þessi hv. þm. kom með og snerta flokk minn sérstaklega. En mestur hlutinn af þeim skætingi, sem hv. þm. Ísaf. hreytti til mín í ræðu sinni, er þannig, að hann er ekki svara verður.

Hv. þm. Ísaf. sagði í gær, að mér hefði fundizt það ábótavant við löggjöfina, sem gilt hefur um dýrtíðarmálin og ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í þeim málum, að þær væru ekki nógu illvígar í garð verkamanna og launamanna í landinu. Ég veit ekki, hvernig þessi hv. þm. ætlast til, að þessu sé svarað, hvort hann ætlast til, að því sé svarað með sams konar skætingi. En ég ætla ekki að fara í neitt slíkt skæklatog hér á hæstv. Alþ. Hitt ætla ég að minna hv. þm. á, að hann og flokkur hans hefur gert sér títt um það undanfarin ár, hve mörgum áhugamálum verkamanna og launamanna hann hafi komið fram með stuðningi Framsfl. og þá ekki síður mínum stuðningi en annarra. Þetta hygg ég, að hafi verið aðalinntakið í því, sem hv. þm. Ísaf. og flokksmenn hans hafa haldið fram hingað til um Framsfl.

Hv. þm. Ísaf. minntist á það, sem hann kallaði launaskattstill. frá þinginu í fyrra. Ég greip þá fram í fyrir honum og leiðrétti það, því að það lágu ekki fyrir 1941 neinar slíkar till. á þingi um launaskatt. En ég sagði, að þessi hv. þm. væri svo oft búinn að segja þetta, að hann vissi varla, hvað væri rétt í þessu máli. Ég er sannfærður um, að 9 menn af hverjum 10 eru farnir að trúa því, að lagt hafi verið fram launaskattsfrv. hér á þingi, sem aldrei hefur sézt hér. En það var lögð fram till. um að leggja sérstakan viðbótartekjuskatt, að vísu með sérstökum hætti, á almennar tekjur landsmanna, en ekki frekar á laun heldur en aðrar tekjur. Þetta er sýnishorn af þeim málflutningi, sem sumir menn telja sómasamlegan í þessu máli. Þessi skattstill. átti að réttlæta ummæli hv. þm. Ísaf. um það, að ég væri verkalýðsböðull og teldi aldrei nógu níðangurslega gengið í garð verkamanna. Eftir þessari till., sem ég gat um, var gert ráð fyrir þessum viðbótartekjuskatti þannig, að þó að hann hefði verið lagður við tekjuskattinn, sem samþ. var á þinginu, þá náði hann samt ekki því, sem flokkur hans og við framsóknarmenn lögðum á sem tekjuskatt sameiginlega. Þessi hv. þm. verður því að hafa mig afsakaðan, þó að ég taki ekki sérstaklega nærri mér gífuryrði hans út af þessari till.

Hv. þm. Ísaf. talaði mikið um vanrækslu ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálunum. Þótt ég vilji ekki taka undir gífuryrði hans um það efni, þá get ég tekið undir margt af því, sem hann sagði um það, vegna þess að enginn maður hefur meira gagnrýnt það skeytingarleysi, sem ríkisstjórnin, sem áður sat, sýndi í því máli, þar sem, eins og hv. þm. benti á, var samþ. löggjöf í dýrtíðarmálunum að mínu frumkvæði, sem ekkert verulegt fékkst framkvæmt eftir. Ég tek því ekki til mín skæting hv. þm. Ísaf. um það efni. En hann getur ekki, né flokkur hans, ákaflega djarflega talað um þessi mál. Ég get upplýst það hér, ef menn vita það ekki áður, að hæstv. fyrrv. félmrh. (StJSt) átti aldrei frumkvæði að neinum aðgerðum í dýrtíðarmálunum og rak aldrei eftir því, að neitt væri gert í þeim. En hann tók venjulega undir það með mér, þegar ég rak eftir aðgerðum í þeim efnum í ríkisstjórninni, og tjáði sig reiðubúinn til að fylgja því, sem ég lagði til. En að hv. þm. Ísaf. geti staðið hér upp og fleygt í menn skætingi út af framkvæmdaleysi í dýrtíðarmálunum, finnst mér alveg fráleitt, af því að aðstaða flokks hans er eins og ég hef skýrt frá í þessu máli.

Hv. þm. Ísaf. deildi talsvert mikið á aðgerðarleysið í dýrtíðarmálunum, og það má margt segja um það og kannske fleira en hv. þm. drap á. En það er eitt atriði í sambandi við dýrtíðarmálin enn þá, sem ekki snertir sérstaklega mitt ráðuneyti, sem mér finnst skylt að minnast á, það, sem hv. þm. sagði um það, að hækkanir á verði á landbúnaðarafurðum hefðu verið framkvæmdar gersamlega úr hófi fram og með slíkri frekju, að engin dæmi og engin skynsamleg rök væru fyrir, og að þessar framkvæmdir hefðu orðið til þess að gera að engu viðleitni manna í dýrtíðarmálunum. Ég vil ekki hafa þau gífuryrði um flokk hans út af þessu, eins og hann hafði um ríkisstjórnina viðkomandi verkamönnum. En ég get bent á, að þrátt fyrir þessa framkvæmd, sem hann talaði um í verðlagsmálum landbúnaðarins, þá er ástandið þannig, að fólkið streymir jafnt og þétt frá landbúnaðinum úr þessari sælu, sem þar á að hafa verið sköpuð, og yfir í verkamannastéttina, þar sem kúgunarl. gilda. Þannig er ástatt í landinu. Ég hygg, að það væri betra fyrir þennan hv. þm. að kryfja til mergjar ástæðurnar fyrir þessari þróun heldur en að sitja við að setja saman aðra eins gífuryrðaræðu eins og hann hefur flutt hér. Það er ekki hægt að komast fram hjá þessari einföldu staðreynd. Og það er ekki hægt fyrir þennan hv. þm. að sleppa með það að gera það í öðru orðinu að ádeiluefni á ríkisstj., að hún hafi þolað verðhækkun á landbúnaðarafurðum, en segja í hinu orðinu, að hann sé ekki að telja eftir hækkunina á verðlagi til bændanna. Það er tilgangslaust fyrir þennan hv. þm. að gera slíkar tilraunir til þess að draga úr því í öðru orðinu, sem hann segir í hinu. Og það er ekki hægt fyrir hann að komast fram hjá þeirri staðreynd, að afurðaverð landbúnaðarins er svo lágt, að fólkið streymir frá þeirri framleiðslu og í verkamannastéttina, sem, eftir orðum þessa hv. þm., býr við kúgunarlög.

Um sjálf gerðardómsl., sem hér liggja fyrir, ætla ég ekki að ræða almennt. Þau snerta ekki nema að litlu leyti þá stjórnardeild, sem ég veiti forstöðu. Hv. þm. Ísaf. kallaði þau kúgunarl. L. eru um það aðallega, að haldast skuli sem mest óbreytt grunnkaup í landinu, eins og það var um síðustu áramót. Ég held, að það væri nær fyrir þennan hv. þm., heldur en að setja á langa ræðu um þetta, að útskýra fyrir hv. þm., í hverju það afbrot liggur að setja l. sem þessi, þegar þess er gætt, að ráðh. flokks hans og Alþýðusamband Íslands var reiðubúið að vinna að þessu sama, sem l. miða að, en án löggjafar. Það er ekki nema til þess að gera sig hlægilegan að vera með þennan bægslagang og kalla þessi l. kúgunarlög vegna þess, að þau gangi nærri verkamönnum. Það lætur undarlega í eyr-

um frá þeim mönnum, sem hafa þá afstöðu, sem ég hef bent á.

Ég mun ekki svara fleiru af þeim ádeilum, sem snerta framkvæmdir þær, sem gerðar hafa verið eftir þessum l., eða almennt l. sjálf. En ég mun ræða hér sérstaklega verðlagseftirlit erlendra vara, sem hv. þm. Ísaf. deildi talsvert á í ræðu sinni. Hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu, að mér skildist, að eftirlitið með verðlagi erlendu varanna hefði verið slælega rekið. Og hann sagði það beinlínis, að það hefði verið gagnslitið, og að mér skildist gagnsminna heldur en það hefði getað verið, ef vel hefði verið á haldið. Hann sagði, að ég mundi hafa haft góðan vilja til þess að sinna þessu máli, sem stakk nokkuð í stúf við vitnisburð hans um mig viðvíkjandi öðru efni, en að framkvæmdin hafi ekki orðið eftir því. Ég verð nú að segja það, að það er ákaflega erfitt bæði fyrir mig og eins hv. þm. Ísaf. að færa sönnur á það, hvaða gagn hafi verið að verðlagseftirlitinu með erlendum vörum, eða að hve miklu leyti hefði getað orðið meira gagn að því heldur en raun hafi á orðið, vegna þess að hvorugur okkar veit, hvernig verðlagsástandið hefði verið hér í landinu á erlendum vörum, ef ekki hefði verið verðlagseftirlit. Hins vegar munu allir gera sér það ljóst, að mjög mikið gagn hefur orðið að þessu verðlagseftirliti. Það þarf ekki annað en athuga verðlag á varningi þeim, sem ekki er undir verðlagseftirliti, til þess að fá hugmynd um, hvernig ástandið hefði verið, ef ekkert slíkt eftirlit hefði átt sér stað, t. d. verðlag á hlutum, sem ganga kaupum og sölum manna á milli með margföldu verðlagi, og miður þörfum hlutum í verzlunum, sem ekki hefur verið hámarksálagning eða hámarksverð sett á. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Ísaf. í þessari gagnrýni sinni á framkvæmd verðlagseftirlitsins, sem var nokkuð almenn, hafi stuðzt við almennar fullyrðingar, sem í blöðum hafa birzt um það, að verðlagseftirlitið hafi verið slælega rekið. En þessar fullyrðingar hafa lítið verið rökstuddar og jafnvel sumar alls ekki. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Ísaf. hafi viljað taka undir þennan söng hér á þingi. Það er ákaflega erfitt að færa fram sannanir í þessu máli. En það er hægt að draga fram líkur að því, hvað unnizt hefur. Ég ætla að minnast á eitt dæmi.

Hér í bænum starfar öflugt kaupfélag, og það hefur þá aðstöðu í bænum, að það getur ráðið verði á helztu nauðsynjavörum. Þetta félag hefur nú gert upp reikninga sína fyrir s. l. ár, og niðurstaðan er sú og hefur verið birt opinberlega, að félagið hefur haft verzlunarumsetningu, sem nemur 6½ millj. kr. Hreinn ágóði félagsins s. l. ár er reikningslega 315 þús. kr., en ef bætt er við óvenjulegum afskriftum, þá byggi ég, að hann sé um 370 þús. kr. (GÞ: Það ætti að greiða stríðsgróðaskatt.) Það lætur meginhlutann ganga til þeirra, sem skipta við það, og hann er sem næst 5%—6% af brúttóumsetningu félagsins. Nú er augljóst, að þetta félag á að hafa aðstöðu til að haga rekstri sínum hagkvæmlega eða hagkvæmlegar en flestir aðrir, sem reka verzlun hér í bænum. Það verzlar með alla nauðsynlega verzlunarvöru. Það kom greinilega fram á aðalfundi þessa félags, að þessi ágóði er ekki meiri en þetta vegna þess verðlagseftirlits, sem haldið hefur verið uppi. Og það er gengið út frá því, eftir upplýsingum, sem komu fram á þessum fundi, að ef verðlagseftirlitinu væri haldið í því horfi, sem nú er, þá mundi varla verða þess að vænta, að félagið gæti borgað nokkurn tekjuafgang á yfirstandandi ári til félagsmanna sinna, því að það var gengið út frá því, að það verð, sem það má hafa á vörum, gerði ekki betur en að það slyppi með að bera uppi rekstrarkostnað. Nú skal ég ekki segja um það til hlítar, hvernig þessi verzlun er rekin. En þetta er stórt félag og hefur þessa aðstöðu. En þetta sýnir það, að ef félagið er sæmilega rekið, þá hefur verðlagseftirlitið í þessum vörugreinum verið mikluru mun áhrifameira heldur en þeir vilja vera láta, sem skrifa í blöðin um það, og heldur en hv. þm. Ísaf. vill vera láta. Hitt er svo annað mál, að mér er ekki kunnugt um afkomu heildverzlana. Þetta félag rekur smásöluverzlun. En mér leikur grunur á því, að afkoma heildverzlana sé hlutfallslega betri og þar hafi ekki verið gengið nægilega langt í því að takmarka verðið með eftirliti. En það mál er í athugun, miðað við afkomu þá, sem menn sjá, að verður hjá þeim á árinu 1941.

Það mætti nefna ýmis dæmi um árangurinn af verðlagseftirlitinu, enda býst ég ekki við, að neinn haldi fram, að það hafi ekki borið árangur, heldur að það hafi ekki borið nægilegan árangur. Í því sambandi vil ég benda á það, að samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið, þá var álagningin á vefnaðarvörur í heildsölu, áður en farið var að skipta sér af álagningunni, 30% og komst jafnvel upp í 60%. En þessi álagning hefur verið knúin niður í 13%. Smásöluálagning á vefnaðarvörur hefur ekki verið eins gífurlega lækkuð, af því að hún var ekki eins gífurleg eins og heildsöluálagningin, en þó mikið lækkuð. Enda vita allir, sem kaupa vefnaðarvörur, að þegar miðað er við innkaupsverð á vefnaðarvörum fyrir stríð, þá er furða, hvað útsöluverðið hefur hækkað lítið. Hins vegar, eins og innkaupsverðið er orðið á vefnaðarvöru, þá má lækka álagninguna enn meira, og er það í athugun.

Þá má nefna þann árangur af verðlagseftirlitinu, að hér var tekið til meðferðar verðlag á nýjum fiski og verð á honum lækkað um 20—30 aura hvert kg, og það munar líklega a. m. k. upp undir hálfri milljón á ári á þeim eina lið. Um kol er það að segja, að þau hafa alltaf verið undir nákvæmu álagningareftirliti. Og á þeirri vörutegund munar það hundruðum þús. kr., sem borið hefur á milli verðlagsins, sem hefði verið, og þess verðlags, sem verðlagsnefnd hefur heimilað. Sama er að segja um olíu og veiðarfæri o. fl. Það er því ekki nein spurning um það, að árangurinn hefur orðið gífurlegur af verðlagseftirlitinu, hvort sem hægt hefði verið að komast lengra eða ekki. Ég tel, að það hefði verið hægt að komast lengra í ýmsum greinum heldur en verið hefur, og er verið að rannsaka það sérstaklega. Og þar á ég við heldur meiri lækkun héildsöluálagningar en gerð hefur verið. En ég er þeirrar skoðunar, að þó að farið hefði verið í öllum greinum eins langt í takmörkun álagningarinnar og hugsanlegt hefði verið að gera, þá hefði það tiltölulega lítil áhrif haft á heildar-

verðlagið, vegna þess að það er svo skammt á milli þess, sem gert hefur verið, og þess, sem hægt er að komast. Þeir, sem vilja skjóta sér undan því að kryfja dýrtíðarmálin til mergjar og standa að nokkrum róttækum ráðstöfunum í málinu, þeim er tamt að tala um verðlagseftirlit á erlendum vörum. Það þarf vitanlega að líta gaumgæfilega eftir því, hve álagningin á erlendu vörurnar er mikil. En það er ekki nema einn tiltölulega lítill þáttur í verðlagseftirlitinu, því að það, sem kaupfélög og kaupmenn taka upp í kostnað, er ekki nema sáralítill hluti af verði vörunnar sjálfrar, hvað þá þegar tekið er tillit til alls, sem hefur áhrif á framfærslukostnaðinn og verðvísitöluna í heild.

Eftirlitið með erlendu vörunum í þessu efni hefur verið framkvæmt þannig, að það hefur verið í höndum 5 manna nefndar. Þessi nefnd hefur ekki verið skipuð af ríkisstjórninni nema formaður hennar. Hinir 4 nefndarmenn eru skipaðir af Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráðinu og Landssambandi iðnaðarmanna. Þessi n. hefur haft endanlegt úrskurðarvald um álagningu og markaðsverð. En ríkisstjórnin hefur ekki haft þar neitt vald, nema það, sem hún hefur gegnum formann nefndarinnar, þannig að þó að viðskiptamálaráðuneytið hafi ekki verið í öllum greinum ánægt með gerðir n., þá hefur það ekki getað breytt þeim. Ég vildi fá þessu breytt þannig á þinginu í vetur, að ég gæti fengið verðlaginu breytt, ef ég væri ekki ánægður með verðlagseftirlitið. En þeirri till. var komið fyrir kattarnef. Þess vegna hefur gerðardómurinn fengið vald yfir þessum málum, sumpart með l., sem sett voru í jan. s. l. og sumpart með því, að ríkisstjórnin hefur falið honum að starfa að ákvörðun verðlags samkvæmt þeim l.

Hv. þm. Ísaf. gagnrýndi mjög og gerði lítið úr starfi verðlagsn., án þess þó að færa nokkur rök fyrir máli sínu í raun og veru. Nú hef ég skýrt frá því, að Alþýðusamband Íslands á einn fulltrúa í verðlagsn. Og það hefði áreiðanlega verið mjög vel þegið af mér og form. verðlagsn., að sá fulltrúi hefði beitt sér skelegglega til þess að lækka álagningu og hámarksverð vara eða hafa áhrif á vöruverð til lækkunar. Ég segi það vegna þess, að í n. voru menn, sem vildu halda verðinu uppi, svo að það hefði verið gott að fá þann fulltrúa til þess að vega á móti til þess að gera aðstöðu formanns n., fulltrúa okkar í ríkisstjórninni, betri. En þessi fulltrúi Alþýðusambands Íslands hefur ekki átt frumkvæðið að svo sem neinum málum í verðlagsn. eða hjálpað til þess að vega upp á móti hinum nefndarmönnunum, sem vildu toga verðlagið upp.

Ég held, að hv. þm. Ísaf. hefði verið sæmra, áður en hann fór að ráðast á mig með óbilgjarnri gagnrýni fyrir þessi mál, sem þingið hefur ekki látið mig hafa neitt vald í, að kynna sér, hvað fulltrúi Alþýðusambandsins hefur gert í þessum málum, hversu vel hann hefur staðið þar á verði, og hefur hann þó haft þar meira að segja en ég, þar sem hann hefur atkvæðisrétt í nefndinni, en ég hef ekki getað haft þar áhrif nema með viðtölum við form. n., en ég skil vel, að það muni passa betur í kramið fyrir hv. þm. Ísaf. að beina ádeilu sinni að mér en fulltrúa Alþýðusambandsins þar, og verður að virða honum það til vorkunnar, en eigi að síður eru málavextir eins og ég hef greint.

Hv. þm. Ísaf. spurði, hvort nokkur vísitala hefði verið gerð yfir verzlunarkostnaðinn. Ég hygg, að mér sé óhætt að svara því neitandi, og það af þeirri almennu ástæðu, að hún mundi ekki hafa verið að neinu gagni við verðlagseftirlitið, af því að allar kringumstæður eru svo misjafnar í hinum ýmsu verzlunargreinum, að hún hefði í raun og veru verið einskis virði. Hins vegar hefur verið unnið þannig, að reynt hefur verið, — ekki að koma upp vísitölu —, heldur hafði nefndin reikninga og kynnti sér beinlínis þann raunverulega verzlunarkostnað í hverri grein fyrir sig og reyndi þannig að komast að niðurstöðu um, hvað verzlunarkostnaðurinn raunverulega hækkaði og reyndi að miða ákvarðanir sínar við það, svo að fremur má segja, að reynt hafi verið að koma upp vísitölu fyrir hverja verzlunargrein fyrir sig.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á, að erfitt er að sanna með tölum, hvað mikla þýðingu verðlagseftirlitið hefur haft, en það er alveg ljóst, að það hefur haft gífurlega mikla þýðingu. Það má deila um, hvort farið hafi verið eins langt og hægt hefði verið að komast með því svo að segja að taka allan ágóðann úr verzluninni. Hins vegar stendur það fast að því er snertir aðalnauðsynjavörurnar í Reykjavík, að KRON, sem er langstærsti verzlunarrekandinn í þeirri grein og hefur betri aðstöðu til að reka þá verzlun ódýrt en nokkur annar, hefur ekki haft nema 5—6% ágóða af þessum verzlunarrekstri. Bendir það eindregið í þá átt, að eftirlitið hefði orðið mjög áhrifamikið á helztu nauðsynjar a. m. k. í smásölu. Nú hefur gerðardómurinn þetta með höndum, og hefur hann enn lækkað álagninguna á helztu nauðsynjar með þeim árangri, að margir halda fram, að sú álagning, sem leyfð er, sé of lág. Þannig verður tekin hver vöru tegundin eftir aðra og alls staðar lækkað, þar sem mögu leikar eru á að koma slíkri lækkun við. Hins vegar tala menn mikið um þennan mikla verzlunargróða. Ég hef minnzt á afkomu KRON, en vera má, að í þeim verzlunum, sem hafa minna þarfar vörur, þar sé mikill verzlunarágóði, en það er ekki óeðlilegt. Þar sem umsetning er mikil og verðið fer síhækkandi, er aldrei hægt að koma í veg fyrir, að gróði komi á birgðirnar, sem fyrir eru. Og þegar engin vanskil eiga sér stað, þá er ekki undarlegt, þó að ýmsar verzlanir, sem verða minna fyrir barðinu á eftirlitinu, geti grætt talsverðar fjárhæðir. Annars vil ég segja það, að sú tröllatrú, sem sumir menn hafa á verðlagseftirliti, sé á misskilningi byggð. Auðvitað verður að halda uppi slíku eftirliti eins og mögulegt er, en hversu vel sem það er gert, þá verður meira og minna komizt fram hjá því, og er ómögulegt að koma í veg fyrir það. Samt sem áður getur það gert mjög mikið gagn, en það eina verðlagseftirlit, sem er tryggt frá mínu sjónarmiði, er, að fólkið sjálft taki verzlunina í sínar hendur og reki svo öflug kaupfélög, að þau geti ráðið verðinu og verið óbilugt verðlagseftirlit, og það er það, sem fólkið getur framkvæmt sjálft, og þarf ekki að deila við neinn óviðkomandi um, hvernig það verki. Nú ráða

kaupfélögin ekki alls staðar verðlaginu, og þess vegna verður að vera verðlagseftirlit, þó að misbrestir kunni að verða á því í framkvæmdinni, og er ástæðulaust að kippa sér upp við, þó að rökstudd gagnrýni komi á slíka starfsemi, en órökstuddar fullyrðingar verða aldrei að neinu gagni fyrir neinn.

*Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Ég hef borið fram brtt. við frv. þetta á þskj. 73, og er skylt, að ég fylgi þeim úr hlaði með nokkrum skýringarorðum. Ég vil þó leyfa mér, áður en ég tala um brtt. sjálfar, að fara nokkrum almennum orðum um málið og tildrög þess, því að það er vitað, að þessi bráðabirgðal., sem frv. er ætlað að staðfesta, hafa valdið ákaflega miklum deilum, svo að það er ekkert undarlegt, vegna þess að þau koma mjög við hagsmuni fjölda manna, og það er einnig eðlilegt vegna þess, að þessi bráðabirgðal. eiga sér ákaflega einkennilega eða fágæta forsögu. Þau eru sett, að því er okkur er sagt, vegna dýrtíðarinnar, en hún hefur ekki komið eins og þjófur á nóttu yfir þjóðfélagið, heldur verið að læðast eins og þoka eða eiturgas yfir þjóðfélagið í mörg ár. Þessi dýrtíðarvofa var búin að sýna sig meira að segja löngu áður en stríðið skall á, og ef sögu hennar ætti að rekja, væri hún bæði löng og að ýmsu leyti ljót, en ég mun fara fljótt yfir þá sögu.

Dýrtíðin í landinu byrjaði í raun og veru með tvennu, annars vegar með því að innleiða hér innflutningshöft á útlendar vörur og hins vegar með því að setja l. um afurðasölu. Hvort tveggja varð mjög til þess að auka dýrtíðina í landinu.

Sú grein var gerð fyrir innflutningshöftunum, að þau ættu að vera til að lagfæra gjaldeyrismál þjóðarinnar. Það var vitað, að verðmæti útfluttra vara hrökk ekki fyrir þeim nauðsynjum, sem við þurftum að fá frá öðrum þjóðum, og þeir vísu feður í stj., og þá fyrst og fremst hæstv. viðskmrh., töldu einasta ráðið til þess að bjarga þessum gjaldeyrismálum að hefta innflutning á erlendum vörum. Það er í raun og veru vitanlegur hlutur, að til þess að bæta hag sinn við aðrar þjóðir, er aðeins eitt ráð, sem dugir, en það er að auka framleiðsluna og útflutninginn. Það getur dugað í bráðina að minnka innflutninginn, en aðeins meðan verið er að eta upp þær birgðir, sem fyrir eru í landinu. Þessi elixir, sem hæstv. viðskmrh. var sýknt og heilagt að bera að vörum þjóðarinnar í 6 ár, hefur aldrei getað læknað neitt í þessum sökum nema meðan verið var að eyða þeim birgðum, sem til voru í landinu. Þeir, sem kunna skil á verzlunarjöfnuði, vita, að ekkert er einhlítt nema að eiga verðmæti, sem þjóðin getur flutt út, hitt verður aldrei nema í smáum stíl og til bráðabirgða, sem þjóðin getur sparað. Út í það skal ég ekki fara lengra, en vil með þessu sýna, að dýrtíðin, sem hæstv. stj. þykist vera að berjast við, er að miklu leyti skuggi hennar sjálfrar. Það er ekki vanskilið mál, að vöruskortur í landinu eykur dýrtíðina, hækkar vöruverðið. Það er lögmál, sem enginn hefur getað komizt í kringum. Þetta er einmitt það, sem gerzt hefur hér á landi. Nú væri það út af fyrir sig villa að halda, að innflutningur svo að mörgum árum skipti gæti lagað viðskiptin, og þersýnilegt var, að þetta mundi hækka verðlagið í landinu, en þegar stríðið skellur á, þá er þessari stefnu haldið áfram, og það er mergurinn málsins, og þar komum við að höfuðsök hæstv. stj., þegar hún er að berjast við að kveða niður þennan draug, sem hún sjálf hefur vakið upp, að hún ber þá saklausu ekki síður en þá seku.

Það er vitað mál, að áður en stríðið brauzt út, strax og nágrannaþjóðir okkar sáu fram á að dró til ófriðar, byrjaði hjá þeim kapphlaup um að flytja inn nauðsynjavörur og birgja sig sem bezt upp. Ísland var eina landið, sem taldi það nauðsynlegasta stríðsundirbúninginn að hafa sem mesta búsveltu í landinu, en það var það, sem hæstv. stj. gerði. Hæstv. viðskmrh. er því faðir og móðir dýrtíðarinnar í þessu landi, að svo miklu leyti sem þetta er mönnum sjálfrátt.

En það var ekki nóg með, að Íslendingar byggju sig ekki undir stríðið einir allra þjóða með því að bugsa ekki um það að birgja sig upp. Það var ekki látið þar við lenda, heldur liðu svo mánuðir og aftur mánuðir, eftir að stríðið var byrjað, að þess var enginn kostur, þrátt fyrir eindregnar kröfur almennings, að fá þessum innflutningshöftum létt af.

Ég man það, að á árinu 1940 var ég á flokksfundi, þar sem hart var rætt um þessi mál. Stríðið var búið að standa nærfellt ár, og þá var hörð deila um, hvort ætti að létta af innflutningshöftunum, en engin leið var að fá því framgengt. Allir sáu þá, að takmörkun innflutningsins átti mjög drjúgan þátt í þeirri dýrtíð, sem þá var farin að þjá almenning, og allir sáu, hvaða háski því fylgdi að hafa þjóðina birgðalausa. Ég hygg, að ég taki ekki of djúpt í árinni, þó að ég segi, að þetta andvaraleysi, að láta afskekkt eyland, sem lítinn siglingaflota hefur, vera birgðalaust, og það eftir að það var farið að eiga drjúgar inneignir erlendis, sé algerlega einsdæmi í veraldarsögunni, og tel ég, að hæstv. stj. hafi tekizt hér að setja ævarandi heimsmet. Hún hefur gert það, sem engar sögur herma að gert hafi verið í nokkru landi, að halda þjóðinni í vöruskorti að nauðsynjalausu heilt ár, eftir að út hafði brotizt styrjöld og hafnbanni lýst á hvar sem ófriðaraðilar telja sér hag.

Nú er það að sjálfsögðu ekki nema lítill hluti af dýrtíðinni, sem mönnum er sjálfráður. Það er eðlilega mestur hluti þeirrar dýrtíðar, sem þjáir okkur, sem er okkur óviðráðanlegur. Um það þýðir ekki að deila. Þegar við komum saman á Alþ. 1940, voru hér strax sett l. viðvíkjandi dýrtíðinni. Þá tók ég strax fram, að ég áliti milli tvenns að greina, þess, sem okkur væri óviðráðanlegt, og móti því yrði að taka með þolinmæði og reyna að búa okkur til varnir til að standast það, og svo þess, sem okkur væri sjálfrátt, og um það vildi ég, að menn söfnuðust saman til að ráða þar bót á. Þá voru sett l. um að skipa verðlagsnefnd til þess að sjá um, að vörur yrðu seldar með skikkanlegu verði. Þessi l. voru sett að beiðni stj., og hún mun hafa samið frv. sjálf og fengið allshn. til að flytja það. A. m. k. var því lýst yfir í framsöguræðu hv. frsm. allshn., að frv. sé flutt fyrir stj. Þar segir svo, að skipa skuli 5 manna verðlagsn., og er þar fram tekið, hvernig n. skuli skipuð. Bregður þar svo einkennilega við, að af 5 mönnum, sem í n. eru,

eiga seljendur að ráða 3. Er bersýnilegt, að með þessu er tilgangurinn að gæta þess, að verðlag sé ekki of lágt, því að það er vitanlegt, að þeir menn, sem selja almenningi vörur, hafa fyrst og fremst það sjónarmið, að verðið sé nógu hátt. Einn nm. er tilnefndur af iðnrekendum, sem hafa sína framleiðslu, sem þeir selja, einn er tilnefndur af kaupmönnum, sem hafa það eingöngu að atvinnu að selja öðrum vörur, einn af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, sem einnig hefur það að aðalstarfi að selja vörur. Með þessu er frekar lagður grundvöllurinn að því, að verðið sé frekar spennt upp en haldið niðri. Ég veit, að það er geysimikill vandi að vera í slíkri n. sem þessari, og þess vegna er bezt að fara gætilega í að ámæla henni, en vitanlegt er það, að samvizka nm. segir þeim fyrst og fremst að vera trúverðugir þeim, sem hafa útnefnt þá, og þegar 3 af 5 eru útnefndir af þeim, sem hafa hagsmuni af því, að verðið sé sem hæst, þá er ekki undarlegt, þó að árangurinn hafi í heild orðið sá, að verðlag hafi ekki lækkað mikið. Það hefur líka farið svo, að n., sem starfar undir stjórn ríkisstj., hefur ekkert skipt sér af verðlagi á mörgum helztu nauðsynjavörum. Það leið geysilangur tími frá stofnun n., þangað til hún skipti sér beinlínis af venjulegum nauðsynjavörum, en það steig, eftir að n. tók til starfa. Það brá svo einkennilega við, að matvara, sem alltaf hefur verið seld með lítilli álagningu, steig geysilega mikið. Hefur verið sýnt fram á, að undir vernd þessarar n. hefur það átt sér stað enn þá, að einn matvöruseðkur er seldur með 40% álagningu. Sér hver maður, hversu geysileg sú hækkun er frá því, sem var á friðartímum. Má benda á ýmsa vöruflokka, sem ráða beint dýrtíðinni, sem hefur ekki verið reynt að lækka. Aftur á móti er hægt að benda á aðra flokka, þar sem n. kleip álagninguna mjög við neglur sér. Ein villan var þó mest. Álagningin var miðuð við hundraðshluta. Og þegar vörurnar margfölduðust í verði vegna stríðsins, vegna dýrari innkaupa, geysilega mikillar hækkunar á flutningsgjöldum og þar af leiðandi hækkuðum tollum, þá er bersýnilegt, að þessi hundraðshlutaálagning var að mörgu leyti ákaflega óheppileg, svo óheppileg, að af því mætti segja margar kyndugar sögur, eða réttara sagt sorglegar. Mér er sagt af einu fyrirtæki í bænum, sem hafði innkaup á glervöru og hafði svo góð sambönd, að kaupmönnum datt ekki í hug að fá slíka vöru nema fyrir milligöngu þessa fyrirtækis. En sá hundraðshluti, sem honum var leyft að leggja á, nægði ekki þessu fyrirtæki, af því að það keypti vöruna svo ódýrt inn. Og svo varð mikill skortur á þeirri vöru. Einn af kunningjum mínum, maður í heildsalastétt, græddi hins vegar á 2 mánuðum um 50 þús. á verzlun með þá sömu vöru, þótt hann legði ekki á nema þessi 27%. Hann keypti fyrir 200 þús. Þegar menn eru að fá innflutta vefnaðarvöru, er mjög erfitt að fá þær tegundir, sem samkv. enska samningnum eru tollaðar með 15%, auðvitað þykir gróðavænlegra að flytja inn og selja þá vefnaðarvöru, sem tollud er með 50%, því að álagningin má þá vera að sama skapi meiri.

Með því að forseti gerir mér aðvart, að fundartími sé þrotinn, tel ég réttast að nema staðar og fresta því, sem ég á ósagt. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 13. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson [frh.]: Þegar ég frestaði ræðu minni síðast, hafði ég rætt nokkuð uppruna dýrtíðarinnar og orsakir hennar, sem byrjuðu með því, að aðfluttar vörur hækkuðu í verði. Ég sýndi fram á, að þessi hækkun hefði stafað af vöruskorti í landinu að verulegu leyti. Ég vil endurtaka það, að það urðu mjög mikil átök um það í ríkisstjórninni milli flokkanna, hvort ætti að lina á innflutningshöftunum, sem ollu þessari miklu verðhækkun. Út af því, sem hér hefur verið talað um ágreining í ríkisstjórninni í þessum málum, get ég ekki annað en borið sannleikanum vitni, og er mér kunnugt um, að ráðh. Sjálfstfl. sóttu fast, að linað væri á innflutningshöftunum og þeim létt af að verulegu leyti. En það er leitt til þess að vita, að ráðh. Alþfl. í ríkisstjórninni var sammála sjálfum dýrtíðarráðherranum um, að ekki væri hægt að létta af innflutningshöftunum og koma þannig í veg fyrir vaxandi dýrtíð. Annar þáttur þessara dýrtíðarmála var hin öra verðhækkun á innlendri framleiðslu.

Á Alþ. 1941 voru samþ. lög, sem áttu að gera stjórninni það kleift að halda dýrtíðinni niðri. Það voru samþ. lög, sem heimiluðu að halda verðlaginu niðri á öllum innfluttum vörum og ýmiss konar iðnaðarvörum, sem unnar eru úr innlendum og erlendum efnum, en ríkisstjórnin hefur gert sáralítið í þessu. Það er ekki hægt að kenna Alþ. eða almenningi um þetta, heldur hefur ríkisstj. ekki haft lag á því að halda verðinu niðri. Síðan er boðað til aukaþings í haust, til þess að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar. Það er einkennilegt, að ríkisstj. skyldi finnast þá þörf á því að kalla saman þing, eftir að hún hafði fengið jafnvíðtækar heimildir til að hefta dýrtíðina. Kom þá í ljós, að hún hafði engin önnur ráð en að hefta kaupgjaldið. Ég verð að segja, að mér þótti merkilegt að heyra, hvað fyrir mínum samstarfsmönnum vakti, þegar þeir komu til þings í haust. Mér virtist þá, að allir kæmu fram með kröfur um hækkun á framleiðslu og vinnuafli, hver fyrir sína stétt. Þeir, sem báru hag bænda fyrir brjósti, sögðu, að ekki fengist nógu hátt verð fyrir landbúnaðarvörur. Þeim, sem hugsa um iðnstéttirnar, finnst stórlega gengið á rétt þeirra og krefjast kauphækkunar. Þessi hópur manna átti svo að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar á Alþ. Þá kom í ljós, að margir úr þessum hópi álitu, að dýrtíðin stafaði af of háu kaupi, og ekki laust við, að ríkisstjórnin væri sömu skoðunar. Nú var greinilega blandað saman orsök og afleiðingum. Það lá í augum uppi, að dýrtíðin stafaði af verðhækkun lífsnauðsynja, en hækkun á kaupgjaldi var afleiðing af þeirri dýrtíð. Því þingi lauk án þess að gerð væri nein lækkun á kaupi. Þá voru nokkur félög hér, sem vildu fá kauphækkun, og það virtist ekki vera svo stórvægilegt, að ástæða væri til að stofna til stórfenglegrar og nýstárlegrar löggjafar, sem

var áður óþekkt hér. En rétt eftir að Alþ. var búið að láta þann vilja sinn í ljós, að það vildi ekki gripa inn í þessi mál, réðst ríkisstjórnin í að gefa út brbl., sem bönnuðu allar grunnkaupshækkanir. Ég veit ekki, hve mikið var reynt til þess að fara samningaleiðina, en mér þykir ósennilegt, að þurft hefði að fá löggjafarvaldið til að taka hér í taumana, þar sem um tiltölulega fámenn félög var að ræða.

Ég vil taka það fram, að þegar aðilar deila innan þjóðfélagsins, hefur þótt sjálfsagt að leysa deiluna með dómi óvilhallra manna, í staðinn fyrir að láta hnefaréttinn ráða og þann sterka kúga þann veika. Þegar þessi deila reis upp milli verkamanna og þeirra, sem fyrirtækjunum stjórna og reka, átti að útkljá deiluna á friðsamlegan hátt að dómi manna, sem allir aðilar gátu borið traust til, en mér virðist, að gerðardómnum sé ekki þannig fyrir komið. Í fyrsta lagi er ríkisstjórnin stærsti vinnuveitandinn hér á landi og hlýtur að vera mikið ríðin við vinnudeilur. Þegar ríkisstj. á svo að skipa slíkan dóm, getur ekki hjá því farið, að hann hallist á hennar sveif. Ég hef því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 73. Aðalkjarni hennar er sá, að reynt sé að tryggja það, að þessi gerðardómur sé óvilhallur, svo að fólkið viti, að hann dæmi á þann hátt, sem öllum aðilum er fyrir bestu. Það sé litið á málið eingöngu eftir réttlætistilfinningu og samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, en alls ekki sem ofbeldisúrskurði annars málsaðilans eða neitt í þá átt.

Fyrsta atriði brtt. er það, að hæstarétti skuli falið að nefna alla mennina í þennan gerðardóm, og þá getur hann vissulega heitið gerðardómur. Það hefur víst oftast verð venja, þegar mál eru lögð í gerð, þá tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor, eða sína tvo mennina hvor, ef dómurinn er fimm manna dómur, og síðan er eitthvert hlutlaust vald fengið til þess að skipa oddamanninn. Þetta tryggir það að vísu, að málsaðilar eiga kost á að skýra sín mál hvor um sig í ýtrustu æsar áður en dómsúrskurður er felldur. En sá galli er á þessu, að í raun og veru er það alltaf einn maður, sem kveður upp dóminn. Tveir menn frá hvorum málsaðila halda til hins ýtrasta fram kröfum sinna umbjóðenda, og þar er oftast nokkuð langt á milli. Það lendir þá á oddamanninum að skera úr. Þetta er því í raun og veru sama og dómsorð eins manns.

En gerðardómur, sem væri byggður upp eins og ég hef lagt til í brtt. mínum á þskj. 73, yrði allur tilnefndur af óvilhöllum aðila, hæstarétti. Kunnugleiki á málinu á að vera alveg jafntryggður fyrir því, þó að í gerðardómnum séu ekki menn, sem tilnefndir eru af málsaðilum sjálfum, vegna þess að málin verða sjálfsagt sótt og varin af aðilunum fyrir dómnum. Alla þekkingu á málunum á þess vegna dómurinn að geta öðlazt, þannig að sjónarmið beggja aðila komi skýrt fram.

Ég get nú ekki séð, og hef ekki heldur heyrt eitt einasta orð til rökstuðnings því, að betra sé, að ríkisstjórnin skipi þennan dóm heldur en að hann sé skipaður af slíku óhlutdrægu og hlutlausu valdi, sem er hæstiréttur. Og ég vil þess vegna treysta því, að þó að ríkisstjórninni hafi þótt það brotaminna að nefna þessa menn sjálf í dóminn, þá muni hæstv. Alþ. líta svo á, að hin aðferðin sér réttlátari og skynsamlegri. Því að sennilega er sú skoðun ríkjandi meðal hv. þm., að það sé betra, að þeir, sem dómununa eiga að hlíta frá þessum gerðardómi, séu sannfærðir um, að allt sé gert til þess að dómurinn sé réttlátur, heldur en að sá, sem dóminn kveður upp, sé umboðsmaður annars aðilans. Þar af leiðandi vænti ég, að þessi till. mín finni náð fyrir augum hæstv. Alþ., þó að n. sú, sem um málið fjallaði, hafi ekki enn þá látið í ljós, að hún muni aðhyllast hana. Getur verið, að n. geri það hér eftir, því að það getur verið, að ég láti að ósk hv. frsm. n. um að taka brtt. aftur til 3. umr.

Annað höfuðatriði þessara brtt. er að taka út úr frv. ákvæðin um verðlag og kaupgjald. Ég get ekki séð, að það sé rökrétt hugsun, að skipa málum í gerð, en banna svo gerðardómnum að úrskurða á annan veg en þann, sem fyrirfram er fyrirskipað. Ef dómur er hafður í máli, þá á það auðvitað að fara óskorað undir dóminn. Þar af leiðandi á ekkert að vera í þessari löggjöf, sem bannar hækkun kaups eða verðlags. Ég er algerlega sannfærður um, að þessi ákvæði geta ekki staðizt, og ég vil í því sambandi spyrja hv. allshn., hvort hún hafi leitað upplýsinga hjá gerðardómnum um það, hvernig þessi l. hafi reynzt í framkvæmdinni. Því að það er komin ekki svo lítil reynsla á þau. Og það væri viðkunnanlegast a. m. k. fyrir hv. allshn., áður en hún mælir með eða móti frv., að hafa kynnt sér það, hvernig þessi lagafyrirmæli hafa reynzt í framkvæmd, og a. m. k. hvort í þeim séu atriði, sem dóminum sýnist óframkvæmanleg, eins og mér þykir mjög líklegt, að verði reynslan.

Þá er hér í þessum brtt. gert ráð fyrir því, að þegar kröfur um hækkun eða breyt. á kaupgjaldi eða kaupkjörum er að ræða, þá komi það undir gerðardóminn því aðeins, að ágreiningur sé um málið. Því að vinnuveitendur og vinnuþiggjendur geta orðið sammála um kauphækkun, sem ríkið mundi þó líta svo á, að yrði þess valdandi, að verðlag hækkaði eitthvað. En þetta er svo sjaldgæft og í svo smáum stíl, að ég sé ekki ástæðu til, að löggjafinn fari að gera sérstaklega ráð fyrir slíku. Hitt er venjan, að ágreiningur sé í slíkum tilfellum, ef menn vilja fá hækkað kaup sitt. Og eftir minni brtt. eiga breyt. á kaupgjaldi því aðeins að koma til úrskurðar gerðardóms, að ágreiningur sé um. Hins vegar tel ég sjálfsagt að binda sig við það, að þessi dómstóll fari ekki að ákveða kaup, nema ágreiningur sé um það milli þeirra, sem eiga að taka það, og þeirra, sem eiga að gjalda það.

Af þessum brtt., sem ég hef getið um, leiðir, að út úr l. eigi að taka bannið við kauphækkun og verðhækkun, en leggja þau atriði undir úrskurð gerðardómsins. Einnig, að það verði að semja skrá um þær vörutegundir, sem þykja hafa þá þýðingu fyrir dýrtíðina í landinu, að verulegu máli skipti, og að ríkisstjórnin geti skotið því undir þennan gerðardóm, hvaða verð skuli á þessum vörum vera.

Hv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir því, að ég hef skipt þessu niður þannig, að sumt af ákvæð-

um brtt. eru ákvæði aðeins um stundarsakir. Og hv. frsm. allshn. spurðist fyrir um það, hvaða þýðingu þetta hefði. Ég held, að það sé bersýnilegt, að það, sem meint er með þessu, er það, að fyrri hluti l. eigi eftir minni brtt. að vera eins og hver önnur venjuleg l., sem standa þangað til hæstv. Alþ. þóknast að breyta þeim, en hitt, sem eru ákvæði um stundarsakir og eingöngu bundin við stríðið, eigi einungis að standa meðan stríðið stendur og ekki lengur. Það er ekki ástæða til að ætla, að það þurfi að grípa svona harkalega inn í með verðlag á vörum, nema meðan verðlag er óeðlilegt og vöruskortur er í landinu o. s. frv. Þar af leiðandi eiga þessi ákvæði í síðari hluta brtt. minnar heima í bráðabirgðal. Hitt, fyrri hlutinn, er fyrirkomulag, sem löggjafinn á hverjum tíma á að skipa fyrir um, og á að hlíta sömu reglum og önnur l. þangað til löggjafanum þykir ástæða til að breyta því.

Í raun og veru felst ekki annað í þessum brtt., þótt þær séu í mörgum liðum, heldur en þetta tvennt: að gerðardómurinn sé skipaður allur af hæstarétti, og í öðru lagi, að ekkert hann skuli vera í l. við hækkun kaups og verðlags. Svo er hitt meira formsbreyt., hvað ætlazt er til, að sé venjuleg löggjöf og hvað ákvæði um stundarsakir.

Nú þykist ég vita, að þeir, sem eru á móti því, að nokkur l. séu sett um þetta efni, muni vera á móti þessum brtt., þ. e. a. s. móti öllu öðru en því, að löggjöfin um gerðardóminn verði afnumin. En hitt hefði ég haldið, að menn, sem vildu stuðla að því, að löggjöf um kaupgjaldsmál og verðlagsmál verði sem vægust og síðsamlegust á allan hátt, verði heldur með samþykkt þessara till., sem ég ber hér fram, heldur en samþ. frv. í því formi, sem það er.

Það mætti náttúrlega fara um það mörgum orðum, hvort þessi löggjöf er líkleg til þess að þá tilgangi sínum. Það er alveg víst, að ef sá háttur verður hafður á um verðlag, sem hingað til hefur verið, að það er eingöngu miðað við álagningu í prósentum, þá verður sífellt ólag á verðlaginu. Ég gat um það í fyrri hluta ræðu minnar fyrir nokkrum dögum, að menn hefðu gert ýmislegt til þess af ásettu ráði, að vörur yrðu sem dýrastar í innkaupi. Þetta sýnir, þó að um einstök dæmi sé að ræða, að með því að ákveða álagninguna aðeins eftir prósent-tölu miðað við innkaupsverð, þá er þar með sköpuð hvöt hjá seljendum til að gera sem óhagstæðust kaup á vörum fyrir almenning. Og slíkt er hægt að gera, þegar vöruskortur er í landinu og svo að segja allt er seljanlegt.

Um kaupgjaldið er alveg óhætt að segja það, að alveg eins og eftirspurnin eftir vörum skapar að mjög verulegu leyti verðið, hvað ítrekaðar tilraunir, sem gerðar eru til þess að halda vöruverðinu niðri, eins skapar eftirspurnin eftir vinnuaflinu að langmestu leyti kauptaxtana. Nú er ég ekki í neinum vafa um það, að þrátt fyrir þessi ákvæði, sem gerðardómurinn hefur upp kveðið, — og fer því fjarri, að ég áliti hann þýðingarlausan, ef hann er rétt byggður —, þá hafi úrskurðir hans ekki komizt fullkomlega í framkvæmd. Því að ef þörfin knýr á, þá finna menn margar leiðir utan við l. Ég veit þess mörg dæmi, að menn vinna fyrir miklu hærra kaup heldur en taxta eftir úrskurðum gerðardómsins, sem stafar af því, að mönnum liggur mikið á að fá fólk, og finna þá einhverjar leiðir utan við kaupgjaldsákvæðin. Í mörgum tilfellum geta menn alls ekki hlýtt þessum ákvæðum. Ég veit, að menn, sem hafa gamla starfrækslu með fólki, sem hefur verið hjá þeim lengi, eiga á hættu að missa fólkið, ef þeir hækka ekki kaupið. Slíkum mönnum dettur ekki í hug að láta kaupa frá sér ágæta starfsmenn vegna þess að lagður hefur verið sami blindi mælikvarðinn á allt kaupinu viðkomandi, heldur hækka kaupið. En því fer þó fjarri, að ég sé á móti því, að slíkt gerðardómsfyrirkomulag geti haft nokkur áhrif í því að skapa skynsamlegt verðlag og kaupgjald. En það verður þó því aðeins, að þeir, sem eiga að beygja sig undir þetta, séu sjálfir sannfærðir um, að það sé réttlátt, sem gert er, dómstóllinn sé þannig byggður, að hann gæti réttar beggja aðila jafnt, og einnig, að löggjafinn ekki jafnframt skipi fyrir um þá hluti, sem ekki verða heftir með beinum l., heldur verða að hlíta lögmálum lífsins.

Ég skal gjarnan verða við þeim tilmælum, sem mér skildust koma fram hjá hv. frsm., að brtt. þessar yrðu teknar aftur til 3. umr., og geri ég það hér með, en vænti þess þá, að hv. allshn. taki þær til athugunar og eigi þá tal við mig um efni þeirra og fallist á þær, ef hún eftir athugun álítur, að þær bæti fyrirkomulag laganna.

Jón Pálmason: Síðan ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál hér fyrir þrem dögum, hefur býsna margt verið sagt um þetta stóra mál. Mér þykir rétt að segja í nokkrum dráttum skoðun mína á því, af því að mér skilst, að það sé allveruleg ágreiningur, ekki einasta milli andstæðinga og meðmælenda þessara l. á þingi, heldur og þess utan.

Það er óhætt að segja, að um þetta frv. eigi við hið fornkveðna, að „oft veltir lítil þúfa þungu hlassi". Þessi bráðabirgðal. hafa klofið ríkisstjórnina og valdið margvíslegu umróti og ósamlyndi. Andstæðingar þessara l. kalla þau kúgunarl. og þrælalög. En sumir höfundar þeirra og formælendur telja þau hin ágætustu, öruggt ráð til að stöðva dýrtíðina, vernda gildi krónunnar o. s. frv. Aðrir telja gagnið að þeim 100%, hinir ógagnið 100%. — Ég hygg, að hvort tveggja sé fjarri hinu rétta.

Það mun vera búið að skrifa fleiri greinar og halda fleiri ræður um hin svo kölluðu dýrtíðarmál en um nokkurt mál annað á síðustu árum. — Mikill hluti af öllu því skrafi er þannig vaxinn, að mér finnst ósamrýmanlegt við rökrétta hugsun, án þess þó að vera beinlínis rangt.

Það er búið að skrifa fjölda greina í flest blöð landsins og halda ótal ræður á fundum í félögum og á hæstv. Alþingi um bölvun dýrtíðarinnar og þá hættu, sem af henni stafar að stríðinu loknu fyrir atvinnuvegi landsins, fyrir gildi peninga okkar, fyrir verkalýðinn, launafólkið og framleiðendurna. Um þetta er enginn ágreiningur milli manna og flokka, enda er í aðalatriðum flest satt, sem um þetta hefur verið sagt. En það má á sama hátt skrifa greinar og halda ræður í hundraðatali, þar sem enga setn-

ingu er hægt að hrekja, um bölvun stríðsins og þann háska, sem af því leiðir fyrir land okkar og heiminn allan. Hvort tveggja er í aðalatriðum hliðstætt. Þess vegna er það svo, að þegar menn eru að skamma Alþingi og ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir dýrtíð hér í landi, þá gætu þeir hinir sömu með svipuðum rétti skammað ríkisstjórnina og Alþingi fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir stríðið eða fyrir að hafa ekki stöðvað það. — Það ætti þó öllum hugsandi mönnum að vera ljóst, að orsök dýrtíðarinnar er stríðið og viðskiptahöftin og ekkert annað. Hún fylgir stríðinu eins og myrkrið skammdegisnóttinni og snjórinn vetrarhríðunum. Það er því næsta undarlegt, þegar menn, sem eru bæði menntaðir og allvel greindir að eðlisfari, eru að tala um, að orsakir dýrtíðarinnar séu hækkun á verði á landbúnaðarvörum, hækkun á kaupgjaldi, hækkun á fiski, matvöru o. fl. — Þessi fyrirbrigði eru dýrtíðin sjálf, afleiðing stríðsins. — Verðhækkun á okkar fiski og okkar síldarvörum er, eins og gefur að skilja, vegna stríðsins, og það hafa engir undrazt það, af því að engan langar til að stöðva þá verðhækkun. En það er jafneðlilegt, að kaupgjaldið hækki, þegar atvinnan margfaldast og ekki er til vinnukraftur, sem samsvarar eftirspurninni. Því skyldu menn þá undrast það, að landbúnaðarafurðir hækki í verði um leið og framleiðslukostnaðurinn margfaldast? Allt eru þetta beinlínis afleiðingar af stríðinu, hættulegar afleiðingar, eins og orsökin er hættuleg.

Menn spyrja stundum, þegar þeir eru að heimta stöðvun dýrtíðarinnar: Hvers vegna þarf dýrtíðin að aukast meira hér en í öðrum löndum? Þeir gera samanburð við nágrannalöndin, bæði stríðslöndin og önnur. — Þessu er auðsvarað. Í engu landi um víða veröld er nú, svo að kunnugt sé, svipað ástand og hér hefur verið síðan landið var hernumið í maí 1940. Hér hefur dvalið fjölmennur her eins og síðar tveggja stórvelda. Hann hefur keypt vinnu landsmanna í miklu stærri stíl en atvinnuvegir okkar fámennu þjóðar þola og borgað hann hærra verði en nokkur dæmi finnast til áður í landinu um borgun fyrir erfiðisvinnu. — Jafnframt hefur herinn kostað til framkvæmda hér stórfé. Öll eyðsla hersins, sem hefur komið okkur Íslendingum til tekna, hefur verið töluvert meiri en sem samsvarar öllum okkar útflutningsverðmætum í beztu árum, sem komið hafa áður en þetta stríð byrjaði. Þetta er ekki borgað með innfluttum peningum, heldur seðlum, sem þjóðbanki okkar er knúður til að gefa út meira og meira af, eftir því sem þörfin vex. Borgunin er tryggingarlaus og vaxtalaus innskrift í erlendan viðskiptareikning. Ég verð nú að segja það, að hugsunarháttur þeirra manna er næsta undarlegur, sem furða sig á því, þótt þetta auki dýrtíðina. Sama er að segja um það, þegar menn eru að fárast um það, að flutningsgjöld á vörum skuli ekki vera nú eins og fyrir stríð, þegar tryggingargjöld skipa, vara og manna hafa margfaldazt og meginhluta aðfluttrar vöru þarf að flytja frá Vesturheimi, en áður var aðflutt vara að mestu flutt frá Norðurlöndum.

Orsök alls þessa er stríðið, afleiðingin sú dýrtíð, sem allir kvarta og bölsótast yfir. Í aðalatriðum hefur dýrtíðin því ekki verið á valdi Alþingis eða ríkisstjórnar. Það eru aukaatriðin, sem hægt er að stjórna. Við getum breytt tolla- og skattalöggjöf okkar og haft áhrif á dýrtíðina með því að veita þeim mikla peningastraum, sem dýrtíðin hefur í för með sér, í ákveðnar áttir. Þetta er líka tilgangur og stefna þeirra heimildarl., sem síðasta Alþingi samþykkti og ætlaðist til, að framkvæmd yrðu. Því miður voru þau lög of óákveðin og losaraleg. Þess vegna hefur farið svo sem raun er á.

Það er augljóst, að flestir, ef ekki allir, sem tala og skrifa um dýrtíðina, festa augun við landbúnaðarafurðir okkar lands, kjötið og mjólkina. Flestir skilja nú orðið, að þetta eru þýðingarmestu matvörur allrar þjóðarinnar, en margir skilja ekki hót þá aðstöðu, sem framleiðendur þessara vara eiga við að búa. Þess vegna láta þeir sér til hugar koma, að þá sé hægt og réttmætt að kúga til að selja sínar vörur langt undir kostnaðarverði, það sé dýrtíðarráðstöfun, sem auðvelt sé að framkvæma. Slíkir menn telja það ekki miklu skipta, þó að fólkið sópist burt frá sveitaatvinnunni til bæjanna. Þeir halda, að hægt sé að framleiða nægilegt af landbúnaðarafurðum samt og halda þeim niðri á markaðinum. En þegar ekki reyndist nægileg mjólk til að fullnægja eftirspurninni hér í bænum um tíma í vetur, þá kom annað hljóð í strokkinn. Nú er það svo, að samkv. útreikningi kauplagsnefndar, sem verðlagsuppbótin er reiknuð eftir, þá verka kjöt og mjólkurvörur 50%. Þær verka jafnmikið og allt annað til samans. Þar er ákveðnasta sönnunin um gildi þessara vara fyrir notaþörf þjóðarinnar, þar sem þetta er miðað við Reykjavík. Það er því eiga að undra, þótt menn festi fyrst augun við þessar vörur, þegar þeir tala um afleiðingar stríðsins, dýrtíðina. Og það er ekki heldur furða, þótt menn veiti því athygli, að hærra kaupgjald þýðir hærra verð á mjólk og kjöti og hærra verð á þeim vörum hækki svo aftur vísitöluna og þar með kaupgjaldið. Út frá þeim útreikningi hefur svo sú hugmynd fengið fæturna, að það sé eitthvert allsherjarbjargræði að lögfesta verð á afurðum sveitanna og lögfesta kaupgjaldið. Þaðan var sprottið frumvarp framsóknarmanna, sem drepið var á síðasta aukaþingi. Það var tilraun til að stöðva dýrtíðina á kostnað bænda og verkamanna, tilraun, sem að nokkru leyti gat verið framkvæmanleg og að nokkru leyti ekki. Þessi tilraun, sem kemur fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er að vísu miklu aðgengilegri en það frv. var, en þó að sumu leyti með svipuðum göllum.

Í byrjun þings 1940 flutti ég frv. um 2 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á kjöt og mjólk. Þetta var minnsta upphæð, sem ég gat hugsað mér til að byrja með, til þess að sætta deiluna milli framleiðslu og vinnu á þessu sviði. En menn hýsnuðust yfir þessari till. minni og töldu það ægilega frekju að fara fram á 2 millj. úr ríkissjóði, og það af sparnaðarmanni. Slíkt þótti ekki taka neinum svörum. Fyrir árið 1940 kom það ekki að mikilli sök, þó að þetta frv. næði ekki framgangi, af því að fé kom annars staðar að til að fullnægja sama verkefni. Það kom óvænt og ekki fyrir atbeina

þeirra manna, sem settu fótinn fyrir mitt 2 milljóna frumvarp. En þetta fé var ekki 2 millj., heldur 5 millj., og þótti ekki af veita. Á síðasta aðalþingi, árið 1941, var það komið miklu betur í ljós en árið áður, hvert stefndi. Kaupgjald til sveita hafði tvöfaldazt, nýr atvinnuvegur, herliðsvinnan, hafði myndazt, og þar voru allir vinnuveitendur í landinu yfirboðnir, og útlit var fyrir, að þeir yrðu yfirleitt boðnir frá. Landbúnaðurinn var sýnilega þar í mestri hættu. En þá var lítil von eða engin um verðuppbótasjóð fyrir markaðstöp. Það hefði nú mátt ætla, að þessi aðstaða væri nægilega glögg til að opna augu þingmanna og ríkisstjórnar fyrir þeirri nauðsyn, að verulegt átak yrði að gera til að bjarga atvinnuvegunum og minnka hraðann í kapphlaupinu milli framleiðslu og vinnu. Ekkert ráð virtist einfaldara til sátta heldur en að fara inn á sömu leið, sem ég benti á árið áður, og láta ríkissjóðinn greiða milligjöf milli útsöluverðs og tilkostnaðarverðs þeirra tveggja vara, sem mest áhrif hafa á hækkun verðvísitölunnar. Meiri hluti landbn. þessarar háttv. deildar gerði ræki lega tilraun til að fá því framgengt, að bændum yrði tryggt lágmarksverð fyrir vörur sínar, svo að þeir gætu staðizt samkeppnina um vinnuaflið; og auðvitað var ekki ætlunin, að útsöluverð væri hækkað að sama skapi. Mikill meiri hluti háttv. þingmanna lagðist á móti þessu og að nokkru leyti af eðlilegum ástæðum, þar sem hæstv. landbúnaðarráðh. lagðist gegn því, sá maðurinn, sem öðrum fremur hafði það verkefni að gæta hagsmuna bændastéttarinnar. Á þessu sviði lagðist hann gegn formanni Búnaðarfélags Íslands, háttv. þm. Mýramanna, og búnaðarmálastjóra, háttv. 2. þm. Skagfirðinga. Það hefur nú komið betur í ljós síðar, af hverju meiri hluti Framsfl. og allur Alþfl. hafa lagzt gegn því að ganga inn á þá leið að gefa á milli útsöluverðs og tilkostnaðarverðs á kjöti og mjólk. Það er af því, að framsóknarmenn óttast, að sósialistar kalli það, sem fram er lagt, styrk til bænda, en hinir eru hræddir um, að framsóknarmenn kalli það styrk til neytenda. Um þetta hefur staðið hörð deila, en ekki um aðalatriðið, hvort rétt sé að sætta deiluna á þennan hátt. Nú er það víst, að hver sú uppbót, sem fram væri lögð í þessu skyni, er ekki sérstaklega styrkur til bænda og ekki sérstaklega styrkur til neytenda, heldur styrkur til beggja, til allrar þjóðarinnar, fé, sem innheimt væri á sama hátt og gerist um aðra skatta, en í framkvæmdinni kæmi að almennara gagni fyrir alla þjóðina en nokkurt annað framlag, hvort heldur sem borið er saman við fé til framkvæmda eða hinn almenna rekstrarkostnað ríkisins og stofnana þess.

Um þetta þýðir sennilega ekki að fara fleiri orðum að sinni. En þessi atriði standa í nánu sambandi við þau bráðabirgðalög, sem hér liggja fyrir til staðfestingar. Skal ég nú fara nokkrum orðum um kosti þeirra og galla, eftir því, sem mér kemur fyrir sjónir.

Það hafa verið færð þau höfuðrök fyrir setningu þessara l., að þau hafi verið nauðsynleg vegna þess, að nokkur iðnfélög hér í Reykjavik gerðu verkfall um áramótin til að fá hækkað kaup félaga sinna. Þegar frumvarp framsóknarmanna um ráðstafanir gegn dýrtíðinni var til umr. hér í vetur, þá tók ég það fram, að við hliðina á þeim frjálsu samtökum, sem um var talað, teldi ég sanngjarnt og nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hefði heimild til að lögfesta með gerðardómi tillögur sáttasemjara í vinnudeilum til að varna tjóni, sem verkföllum og verkbönnum eru samfara. Þessi skoðun mín er jafnákveðin eins og þá. Þess vegna er fjarri því, að ég telji það óréttmætt, þó að hæstv. ríkisstjórn setti bráðabirgðalög um gerðardóm til að varna því, að þær vinnudeilur, sem um var að ræða, stæðu til lengdar. Að leggja um leið bann við verkföllum og verkbönnum tel ég líka heilbrigt. Það er í sjálfu sér nauðsynleg takmörkun á sjálfræði stéttarfélaga að banna verkföll og verkbönn á meðan það ástand ríkir, sem nú er í landi voru. Að kalla slíkar ráðstafanir kúgun eða þrælatök er alveg rangt, og það af þeirri ástæðu, að vinnandi mönnum stafar af því engin hætta. Atvinna er alls staðar yfirfljótanleg. Eftirspurnin eftir vinnuafli er miklu meiri en framboðið. Dýrtíðaruppbót er og greidd á öll vinnulaun í réttu hlutfalli við hækkun á verði lífsnauðsynja. Á því gera þessi lög enga breytingu. Einstaklingarnir, ríkisvaldið og öll stærri og smærri félög, sem þurfa að kaupa vinnu, eru í stöðugri hættu fyrir því, að hún fáist ekki, en vinnandi fólk er ekki í neinni hættu. Það getur alltaf fengið næga vinnu. Að ríkisvaldið léti það viðgangast, þegar svona stendur, að hægt sé að stöðva framleiðslu, iðnað eða framkvæmdir með verkföllum, er náttúrlega fjarri lagi. Bezta sönnunin fyrir því, að þessi leið er engin kúgun, eru einmitt verkföll þeirra iðnstétta, sem hlut áttu að máli eftir áramótin. Hlutaðeigandi menn voru sæmilega launaðir fyrir og voru ekki í neinni hættu. Þeir þurftu ekki og áttu ekki að gera verkfall. Þeirra verkfallsmálstaður var verri en dæmi eru áður til hér á landi. Því er það svo, að ef ríkisstjórnin hefði bundið sín lög við það eitt, sem nú hefur verið nefnt, þá var enginn eðlilegur réttur til óánægju eða æsinga frá neinni hlið. En þessi lög gengu æðimiklu lengra. Og ég held, að að því leyti komi ákvæði þeirra að næsta litlu gagni, en eru gott tilefni til andúðar og sundurlyndis, enda hefur sú orðið reynslan. Ég á hér við ákvæði þessa frv., sem banna frjálsa samninga milli atvinnurekenda og verkamanna og banna hækkun á afurðaverði, nema eftir ákvæðum gerðardóms. Ég tel þessi ákvæði ekki hyggileg eða sanngjörn og hef litla trú á, að þau séu framkvæmanleg. Þau eru að vísu miklu aðgengilegri í þessu frv. heldur en ákvæðin um sama efni í frv. framsóknarmanna, sem drepið var hér í vetur. En hvort þau gera gagn eða ógagn eða hvorugt, fer eftir því, hvernig með þau verður farið, ef þau eiga að standa áfram. Ég tel þau ekki hyggileg, af því að þau eru ekki sanngjörn og lítt eða ekki framkvæmanleg. Þau eru, hvað kaupið snertir, ekki sanngjörn, af því að þau koma helzt niður á þeim, sem sýna mestan þegnskap, ef hægt væri að framkvæma þau. En að örðugt muni um framkvæmdina, skal ég nú reyna að rökstyðja nokkuð.

Orsakir allra kauphækkana, sem nú hafa orðið, er stríðið. Orsök verkafólksvandræðanna er

líka striðið. Hin gífurlega atvinna, sem herirnir hér veita, er auðvitað af striðinu og einnig verðhækkunin, sem verðlagsupphótin er byggð á. Af herliðsvinnunni og annarri vinnu, sem skapazt hefur í sambandi við hið fjölmenna dvalarlið, stafa öll þau vandræði, sem nú eru með verkafólk hjá landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði og útlit er fyrir, að komi einnig til greina við opinbera vinnu. Ef einhverjir trúa því, að þessi gerðardómslög séu til að bæta úr því ástandi, sem rikjandi er á þessu sviði, þá fara þeir villir vega. Þær tilraunir, sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert til að takmarka herliðsvinnuna, eru miklu þýðingarmeiri en þessi lagasetning. En því miður hafa þær litinn árangur borið enn, og vafasamt, hvernig með hann fer, og það að sumu leyti af eðlilegum ástæðum. Það hefur fram að þessu alltaf annað slagið verið auglýst eftir mönnum í herliðsvinnu og þeim boðin mikil eftirvinna og sunnudagavinna, sem við vitum, hvað hefur að þýða. Það eru líka mörg dæmi til þess, að þeir, sem hætta vinnu á þessum stað, færa sig í annan, allt hjá útlendingum. Víða um landið hafa sveitir og kauptún blátt áfram verið sneydd vinnandi mönnum. Það vantar nú orðið menn til að hirða búpeninginn, og útlit er fyrir, að víða verði að fækka honum í stórum stil. Það vantar menn á fiskibátana víða kringum landið, og margir þeirra eru komnir í snatt fyrir útlendingana. Til þess þarf færri menn á hvern bát, og borgunin er svo rifleg, að eigendunum þykir hún vissari en fiskurinn í sjónum. Ýmis iðnaðarfyrirtæki hér í bænum vantar fólk. Húsmæðurnar vantar stúlkur til heimilisverka o. s. frv. Halda menn svo, að það gagni eitthvað að lögbjóða það, að enginn megi borga hærra kaup en í fyrra því fólki, sem heldur áfram við hin venjulegu störf, nema leitað sé leyfis hjá gerðardómi? Ég hygg, að fáir muni taka þau ákvæði til greina, og þá verða allir slíkir menn lögbrjótar, — bændur, útgerðarmenn og iðnrekendur o. fl. Og að stofna til þess tel ég mjög misráðið. Svona ákvæði væri því aðeins hægt að framkvæma, að eitt af þrennu væri fyrir hendi: **að** herliðsvinnan væri stöðvuð, **að** ríkisstjórnin hefði örugga samvinnu við félagsskap verkafólksins og fulltrúa hans, eða **að** alræðisvald einhverra manna væri ríkjandi í landinu.

Ekkert af þessu liggur nærri, og því er ég á því, að þessi ákvæði verði lítils virði. En vegna alls þessa eru þau heldur engin kúgun og geta ekki verið það. En þau hafa orðið til þess, sem einna sízt mátti nú, en það er að auka ósamlyndið í landinu. Þau hafa verið notuð og verða notuð til að spilla friðsamlegu samstarfi milli verkamanna og annarra, og verða því til að auka örðugleikana, sem voru ærnir fyrir.

En hvernig er svo með afurðaverðið og öryggi þessara laga til að stöðva dýrtíðina? Í 5. gr. laganna er tekið fram, að vörur, þar með taldar innlendar afurðir, megi ekki selja hærra verði en í árslok 1941. En svo segir: „Þó skal gerðardómurinn, að fengnum tillögum hlutaðeigandi verðlagsnefndar, ákveða breytingar á verðlagi þeirra innlendra framleiðsluvara, sem felldar verða undir ákvæði þessarar greinar, í samræmi við breytingu á tilkostnaði við framleiðslu þeirra.“ Það kann að vera, að treyst sé á, að verðlagsnefndirnar geri ekki tillögur um hækkað verð og annarra tillögur í því efni beri að hafa að engu. En nánar munum við nú verða að tala um þá hluti áður en þessu þingi slítur. Óbreytt verðlag ætti nú samt ekki samkvæmt þessu að geta gilt um aðrar vörur en þær, sem búið er að framleiða, því að tilkostnaðurinn við framleiðslu hinna hefur þegar hækkað til muna vegna þess, hve langur tími líður frá því byrjað er undirbúningur að framleiðslu þeirra vara, sem um er að ræða, og þar til þær eru komnar í söluhæft og nothæft ástand. Þannig er um allar landbúnaðarvörur. Á kjötframleiðslusvæðunum er enn ekki vitað, hvert verður það verð, sem bændur fá fyrir afurðir þær, sem afhentar voru til sölu á árinu 1941. En ef ekki verða gerðar aðrar og þýðingarmeiri ráðstafanir en þessar, sem hér eru til umræðu, þá er víst, að bændur fá fyrir þessar afurðir miklu lægra verð í hlutfalli við tilkostnað heldur en fyrir vörur ársins 1940. Um verðið fyrir þær vörur fengu bændur fyrst að vita rétt fyrir síðustu áramót. Og það mun láta nærri, að á því ári hafi bændur fengið allt að því fullt framleiðsluverð. Eðlilegast væri því að miða við þá niðurstöðu, þar sem hún varð fyrst kunn rétt um síðustu áramót. En ef það er gert, beinlínis eða óbeinlínis, svo sem vel má gera ráð fyrir samkvæmt umræddri lagagrein, og það verð, sem framleiðendur fá hækkað frá því í hlutfalli við aukinn tilkostnað, þá væri fullnægt þeim eðlilegu kröfum, sem ég og aðrir fulltrúar bænda hafa gert. Þá væru þessi lög eigi til neins meins á þessu sviði, en mundu ekki heldur að þessu leyti miða neitt að því að draga úr dýrtíð. Hvorttveggja yrði að fást með öðrum ráðstöfunum, eins og ég hef margoft sagt, og á þeim hólar ekkert enn.

Varðandi það eftirlit, sem þessi lög gera ráð fyrir með álagningu á vörum og nauðsynlegt er, þá er þess að gæta, að til þess voru heimildir samkvæmt öðrum lögum. Það er að vísu nokkuð almennt talið, að þetta verkefni hafi verið betur rækt, síðan þessi lög komu til framkvæmda og það hafi haft einhver áhrif til þess að standa gegn hækkandi verðlagi og hækkandi verðlagsuppbót. Sé þetta rétt, sem ég skal ekki bera brigður á, þá er það aðeins sönnun fyrir því, að gerðardóminn skipi röggsamari og skynsamari menn heldur en eru í verðlagsnefndinni. En það sannar ekkert um það, að þessi lög séu nokkuð betri en hin eldri, að því er þetta atriði snertir. Ber því að sama brunni um þetta atriði sem önnur, að ný lög um þetta efni þurfti ekki, heldur nýja og hæfari menn í þá nefnd, sem fyrir var. Ný dýrtíðarráðstöfun er þetta því ekki, heldur ný og máske hæfari nefnd ofan á hina, sem fyrir var.

Það er búið að segja æði margt um þessi lög, og ég skal ekki fara mörgum orðum um það. En af öllu, sem sagt hefur verið um það, var eitt, sem vakti mesta athygli hjá mér, en það voru ummæli, sem komu fram hjá hæstv. forsrh. í útvarpsræðu, sem hann hélt, að ég ætla, 17. janúar s. l. Hann tók þar fyrir að færa rök fyrir því, hvers vegna þessi bráðabirgðalög voru sett án þess að kalla Alþingi saman eða biða Alþingis, og rökin voru aðallega þau, að hann hefði ekki

treyst Alþingi til að setja þessi lög. Málið mundi verða vafið og dregið og lögin ekki sett á réttan hátt. Þegar hæstv. ráðh. talaði um Alþingi í þessu falli, þá hlaut hann að miða við meiri hluta Alþingis. Rök ráðherrans um þetta voru því sérstaklega eftirtektarverð. Þau koma líka mjög vel heim við þá starfsaðferð, sem notuð hefur verið í stjórnartíð þessa hæstv. ráðherra í stærri og stærri stíl, þá starfsaðferð að halda Alþingi vikum saman í meira eða minna aðgerðarleysi, en gefa svo út bráðabirgðalög um ýmis þýðingarmikil mál svo að segja strax, þegar þingi er slitið, leggja síðan allt fyrir þingið, þegar það kemur saman næst og heimta samþykki. Þegar svo skeður annað eins og það, að formaðurinn í framkvæmdarstjórn Alþingis, ríkisstjórninni, lýsir yfir því í áheyrn alþjóðar, að slík lög sem þessi séu gefin út sem bráðabirgðalög, af því að Alþingi sé ekki treystandi til þess að samþykkja þau ella, þá er komið hálfa leið að því marki, að slíkur maður segi: Ég vil ekkert þing! Ég vil enga þingmenn!

Annars er það augljóst mál, að á því er stórvægilegur munur fyrir Alþingi og alþingismenn að fá tækifæri til að ræða og brjóta til mergjar þýðingarmikil mál, sem fyrir eru lögð og engin föst ákvörðun hefur verið tekin um, og hinu að fá í hendur bráðabirgðalög, sem farið er að framkvæma og búið er að rifast um í blöðum og útvarpi. Þessi aðstöðumunur getur ráðið og ræður oft úrslitum um afstöðu þingmanna og fær þá til að greiða atkvæði á aðra leið en ella. Þetta kemur glöggt í ljós í afstöðu hv. allshn. hér í deildinni. Ég hygg, að engin n. hér á þingi hefði komið fram í þessu máli eins og nefndin hefur gert, ef þetta frv. hefði ekki átt neina forsögu, en verið lagt fyrir sem nýsmíðað frv. Meiri hluti þessarar hv. n. segir já og ekkert annað. Engri grein, engri setningu, engum staf er þörf að breyta. Allt er það gott. Allt skal það gilda. Allt skal það verða framkvæmt. Minni hl. n. segir hins vegar nei og aftur nei. Ekkert er nýtilegt við lögin. Allt er þar óalandi og óferjandi, allt ber að fella, öllu ber að kasta. Þarna, eins og oft endranær hér á hæstv. Alþ., kemur flokkaþrætnin og ókostir hennar fram í sinni ömurlegustu mynd.

Ég held nú, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. í heild væri heppilegast að sníða vankantana af þessari löggjöf, snúa henni í hentugra og framkvæmanlegra horf. Meginhlutinn af brtt. hv. 5. þm. Reykv. stefnir í rétta átt. Sum bráðabirgðaákvæðin eru vafasamari og þurfa breytinga við. Ég ætla nú að sjá, hvernig fer með þessar brtt. Og mér þætti æskilegt að fá einhverja frekari vitneskju en orðið er, áður en þetta mál kemur til endanlegrar afgreiðslu hér í hv. deild, um það, hvaða ráðstafana er von til verndar framleiðslunni í sambandi við afurðaverð og vinnukraft á þessu ári.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Ég hýst við, að það verði allmiklar umr. um þetta mál, og er það ekki nema von, því að það vill svo til, að nokkurn veginn samsvarandi mál lá fyrir síðasta þingi. Síðan, þegar tveir mánuðir eru liðnir, frá því að þingmenn fóru heim, gaf ríkisstj. út bráðabirgðalög, þar sem 9/10 hlutar landsbúa eru sviptir öllum rétti til að verðleggja alla vinnu og vörur. Það eru aðallega gróðafélögin í Rvík, sem fá eins og einkarétt til að ráða, hvaða verð framleiðendur skuli fá fyrir vörur sínar. Þessi sérréttindalöggjöf, sem þarna er framkvæmd, eftir að Alþ. hefur beinlínis flutt löggjöf í slíka átt, en hefur ekki náð fram að ganga, er beinlínis hnefahögg í andlitið á sjálfu Alþingi. Og ég álít, að ekki aðeins virðing þingsins, heldur bókstaflega tilveruréttur þess sé undir því kominn framvegis, hvort þetta lagafrv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. og framkvæmt. Svo framarlega sem frv. sem þetta er samþ., þá er ekki til neins að koma saman ár eftir ár og halda ræður í þessum þingsölum, — ef ríkisstj. á alltaf að geta tekið sér rétt til að gefa út bráðabirgðalög rétt á eftir, sem fara þvert ofan í vilja Alþ. Með því móti er ríkisstj. að þurrka út þingræðið og taka sér einræði, sem hún byggir á því, að hún hafi svo sterk tök á meiri hl. þm. persónulega, að hún geti knúð þá til að samþ. það, sem hún hefur gert. Og fyrirlitningin af hendi stj. fyrir Alþ., sem lýsir sér í því, að annað eins skuli vera gert, er slík, að algerlega er óþolandi. Það gleður mig að heyra, að flestir þm., sem talað hafa, eru algerlega á móti þessum l., jafnvel þótt þeir hafi getað fundið eitthvað nýtilegt í þeim. Meira að segja þeir menn, sem áttu að vera forsvarsmenn þessara l. úr allshn., kinoka sér við að mæla með málinu. Þeir finna, að þeir gera þinginu skömm með því að taka undir annað eins frv. og þetta.

Nú skal ég í fyrsta lagi athuga þá afstöðu, sem tekin er af hálfu þeirra, sem þetta frv. hafa gefið út sem bráðabirgðalög, til vinnuaflsins hjá þjóðinni, þess skapandi afls, sem allur *þorri Íslendinga byggir tilveru sína á, — og hins* vegar til auðmagnsins, sem eitt til tvö hundruð manna hér á landi munu byggja sín völd og sinn gróða á. Með þessu frv. er öllum vinnandi stéttum landsins, öllum, sem eiga vinnuafl, bannað að hækka vinnuafl sitt í verði, þó að það sé hið eina, sem þeir eiga að geta ráðið verði á. Og hvernig eru kjör þessara manna, þegar bannið er látið ganga í gildi? Kaup Dagsbrúnarmanna í Reykjavík, þegar þeir vinna fullan vinnudag og árið um kring, hvern einasta virkan dag, gerir rétt rúmar 7 þúsund krónur. Útreikningur hagstofunnar á því, hvað 5 manna fjölskylda þurfi nauðsynlega til að lifa af, til þess rétt að geta dregið fram lífið sæmilega, telur ársupphæðina kr. 7061.00. Dagsbrúnarmenn, sem eru í einu sterkasta verkalýðsfélagi landsins, hafa kaup, sem tryggir þeim afkomu aðeins rétt yfir hungurtakmörkin. Og slíks kaups geta þeir aðeins aflað sér með því að vinna sleitulaust allan daginn alla virka daga. Vitanlega var almennt, að verkamenn misstu úr marga daga á ári á þeim tíma, sem atvinnuvandræði voru. Það þótti sjálfsagt af meiri hlutanum á Alþingi 1939 að banna verkamönnum að hækka kaupið með tilliti til þess, að atvinnuleysi væri svo mikið og ástandið svo slæmt. Og vegna þess, hve atvinnuleysið var mikið, var hægt að framkvæma slík l. Nú hins vegar, þegar verkamenn eru komnir í aðstöðu til að hækka kaup sitt og atvinnurekendur geta ekki staðið á móti því, vegna þess að samkeppnin er svo mikil um vinnuaflið, þá grípur ríkisstj. til þess ráðs að banna verka-

mönnum að hækka kaup sitt, stuttu eftir að Alþ. felldi lagafrv., sem gekk í þá sömu átt. Ef Alþ. samþ. þetta frv., þá þýðir það, að Alþ. fyrirskipar, að verkamenn landsins, meiri hlutinn af íbúum landsins, megi aldrei, aldrei nokkurn tíma, hvorki á neyðartímum né velgengnistímum þjóðarinnar, fá tækifæri til að gera meira en draga fram lífið. Því að hvenær ætlast menn til, að verkamenn hækki kaup sitt, ef ekki á tímum sem þessum? Ég tek sérstaklega dæmi af Dagsbrúnarmönnum, en eins og hv. þm. Ísaf. sýndi fram á með tölum, þá er mikill hluti verkamanna í landinu miklu verr settur en þeir menn, sem alls ekki hafa vinnu hvern einasta virkan dag ársins og þess vegna beinlínis lifa undir lágmarki því, sem hagstofa ríkisins gefur út.

Svona skil gerir hæstv. stj. verkalýðnum, meiri hluta Íslendinga, með þessum bráðabirgðal. Hvaða skil gerir hún á sama tíma þeim fáu hundruðum auðmanna í landinu? Auðmennirnir hafa rétt til að margfalda auðmagn sitt, því að í skattal. er gengið út frá, að félag, sem hefur 100 þúsund kr. hlutafé, geti grætt svo að skiptir hundruðum þúsunda kr. á einu ári, eftir að hafa borgað þá skatta, sem það á að borga. Það eru fullir möguleikar eftir skattal., sem liggja fyrir þessu þingi, að hlutafélög geti á einu ári margfaldað auðmagn sitt, og þess eru dæmi á síðasta ári, að auðfélög hafa margfaldað auðmagn sitt, allt að því þrítugfaldað, þannig, að 1000 kr. hlutabréf hafa verið seld á 30000 kr. Þessi réttur er ekki tekinn af auðmönnum þessa lands. Það á að láta 1—200 menn í Rvík þrítugfalda auðmagn sitt, en verkamenn, sem draga fram lífið á hungurtakmörkunum, mega ekki hækka kaup sitt, og það er meira að segja amazt við því, ef þeir þræla á sunnudögum og fram á nætur, til þess að fá dálitið meira upp, en við auðmennina er sagt: „Ykkar er stríðsgróðinn, látið þið ofurlítið í ríkissjóð í sköttum, hinu megið þið halda opinberlega, og því, sem þið svíkið undan skatti, haldið þið auðvitað.“ Hvernig samræmist þessi aðferð og svona l. þeirri stefnu, sem þeir tveir flokkar, sem standa að þessari stj., hafa lýst yfir, að þeir vildu fylgja? Sjálfstfl. hefur lýst því sérstaklega yfir, að hann fylgdi frjálsri samkeppni í þjóðfélaginu. Verkalýðurinn hefur yfirleitt orðið að líða undir því í þjóðfélaginu, að möguleikar fyrir hann til að selja vinnuafl sitt hafa verið á þann veg, að atvinnuleysi hefur jafnan verið það mikið, að framboð á vinnuafli hefur verið meira en eftirspurnin. Verkalýðurinn hefur því alltaf haft við slæm kjör að búa um sölu á vinnuafli sínu. Frjálsa samkeppnin í þjóðfélaginu hefur þar yfirleitt verið honum til ills. Atvinnurekendurnir hafa einokað framleiðslutækin fyrir sig og getað tryggt sér í krafti þess möguleika til þess að kaupa vinnuaflið fyrir lægra verð en það hefur verið vert. Hins vegar hefur nú skapazt það ástand í þjóðfélaginu, að frjálsa samkeppnin mundi vera verkalýðnum til hagsbóta. Það væru möguleikar fyrir verkalýðinn til að selja nú vinnuafl sitt tiltölulega góðu verði. Hvað gera þá forsvarsmenn þeirrar frjálsu samkeppni? Þeir afnema hana. Þeir gefa út l. um einokun vinnuaflsins og banna verkalýðnum að setja verð á vinnuaflið, eftir því sem hann er fær um að selja það. M. ö. o., um leið og einhverjir möguleikar verða fyrir verkalýðinn til að hagnast á hinni frjálsu samkeppni, grípa ráðh. Sjálfstfl. til þess að afnema hana með lögum. Svar verkalýðsins, sem hefur fylgt Sjálfstfl., lét ekki heldur lengi bíða eftir sér. Verkamannafylgi Sjálfstfl. hrundi til grunna í einu vetfangi. Það var hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, sem eyðilagði þá hreyfingu með þeirri ræðu, sem hann flutti í útvarpið, þar sem hann tilkynnti þessi l. Nú er svo komið, að ekki aðeins öll félög, sem eru í Alþýðusambandinu og fjöldi félaga utan þess, þar sem Sósíalistafl. og Alþfl. hafa sterk áhrif, hafa mótmælt þessum l., heldur hefur einnig eina verklýðsfélag landsins, þar sem Sjálfstæðismenn hafa stjórn, Hlíf í Hafnarfirði, og í stjórn þess félags er einu bæjarfulltrúi flokksins, algerlega mótmælt þessum bráðabirgðal. Á síðasta þingi var Framsókn með þvingunarfrv. fyrir verkalýðinn. Verkamenn Sjálfstfl. lögðu á móti því, og fl. tók tillit til þess. Nú hins vegar var eins og þessi áhrif væru horfin, a. m. k. var ekkert tillit tekið til þeirra, þegar þau voru sett, enda urðu afleiðingarnar þær, sem ég hef nú sagt. Ég sé líka, að nokkrir þm. Sjálfstfl. hafa tekið ákveðið afstöðu á móti þessum aðförum.

Þá langar mig að athuga nokkuð afstöðu Framsfl. til máls eins og þessa. Ég held, að sjaldan hafi einn fl. brugðizt því bezta í fortíð sinni eins hatrammlega eins og Framsfl. hefur gert með útgáfu þessara l. Það var einu sinni, að Framsfl. kvaðst vera flokkur hinna vinnandi stétta hér á landi. Þá hafði hann þá afstöðu til verkalýðsins, að hann væri kúguð stétt og ætti að styðja að því, að verkamenn gætu eignazt framleiðslutækin sjálfir. Í Tímanum 58. tölublaði 12. árg. stóð eftirfarandi klausa í ritstjórnargrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum nú fengið atvinnudeilur og róstur milli þeirra aðila, er að framleiðslunni starfa, þar sem annars vegar stendur fámenn stétt atvinnurekenda með veltufé og atvinnutækin í höndum sínum; hins vegar tómhentir öreigar, atvinnulega ósjálfbjarga, sem selja lífandi orku sína á leigu eins og vinnudýr eða vélar. Slíkt er vitanlega aðeins stig af þrældómi.“ Þessu lýsir Tíminn yfir um það leyti, sem hann fyrst fór að taka þátt í stjórnarstörfum á Íslandi. Framsfl. rann þá til rifja þrældómur verkalýðsins, verkamenn væru tómhentir öreigar, sem yrðu að selja vinnuafl sitt á leigu eins og vinnudýr eða vélar, og hann leit svo á, að það, sem slíkir menn væru bundnir við, væri aðeins eitt stig af þrældómi. Nú hefur þessi verkalýður í fyrsta skipti í öll þessi ár möguleika til að selja vinnuafl sitt undir þeim tiltölulega góðu kringumstæðum fyrir hann, þar sem eftirspurnin er meiri en framboðið. Hvað gerir Framsfl. þá? Hann sér, að þessir verkamenn, sem hann hefur álitið, að hafi lifað við þrældóm, hafa möguleika til að losast að einhverju leyti við hann og skapað sér viðunandi lífskjör. Hvað gerir hann þá? Hann gefur út bráðabirgðal. með aðstoð helztu milljónamæringanna í landinu um, að verkalýðnum skuli vera óheimilt að hækka sitt kaup. Þegar Framsfl. sér, að þrældómstökin, sem atvinnurekendurnir hafa haft á verkalýðn-

um, eru ekki nægilega sterk, ljær Framsfl. ríkisvaldið til að þjóna atvinnurekendunum til þess *að gera þennan þrældóm nægilega sterkan, og* svo lætur forsrh. Framsfl. kaupa vopn handa lögreglunni, til þess að hægt sé að halda honum við, *hvernig sem verkalýðurinn kynni að* vilja standa á móti honum.

Þetta sama blað, Tíminn, gefur svo hljóðandi yfirlýsingu með miklum fjálgleik árið 1927, með leyfi hæstv. forseta:

„Dýrkendum samkeppni- og auðshyggjustefnunnar hefur verið hrundið af stóli, en til valda settir menn, sem áður höfðu haldið uppi andstöðu gegn fyrr nefndum öfgum og ófarnaðarstefnum."

Þessi er lýsing Framsfl. árið 1927, að hann hafi steypt auðvaldinu af stóli, en ætli að skapa frjálst samfélag fyrir hinar vinnandi stéttir landsins. Nú níðist þessi sami flokkur á þeim mönnum í þjóðfélaginu til þess að geta hjálpað þeim stóru til að geta margfaldað auð sinn.

Ýmsir kunna að segja, að þessi gerbreyting og nú þessi algerða fjandsamlega afstaða Framsfl. til verkalýðsins ætti rætur sínar að rekja til þess, að verið sé að vinna fyrir bændur. Ég skal *athuga það mál. Hefur Framsfl. gert eitthvað* til þess að bæta verulega aðstöðu bænda í þjóðfélaginu, t. d. nú á þessum síðustu árum? Er *efnahagsafkoma bænda tiltölulega betri nú,* miðað við það, hvað afkoma þjóðarinnar í heild hefur batnað? Við ræddum um þetta í sambandi við launaþvingunarfrv., sem lá fyrir síðasta þingi. Hv. 2. þm. Skagf., búnaðarmálastjórinn, upplýsti þá, að heildartekjur bænda landsins væru um 30 millj. kr. Ég kom með útreikning, sem sýndi, að kjör bænda og verkamanna mundu vera nokkuð svipuð, kjör verkamanna að vísu nokkuð lakari, en miklu verri áður. Heildarafkoma þjóðarinnar hefur batnað stórlega, en afkoma bænda og verkamanna ekki batnað í neinu hlutfalli við það. Ég ætla aftur að vísa í Tímann og vitna í grein þar frá 28. marz þ. á. um það, hvernig aðstaða bændanna er nú eftir nýjustu aðgerðir hæstv. stj. og þar með Framsfl. í þessu sambandi. Þá skrifaði formaður í einu félagi ungra framsóknarmanna, Daníel Kristinsson, grein um, hvernig högum unga fólksins sé nú háttað. Þessi ungi framsóknarmaður sýnir *fram á, að unga fólkið verði að flýja sveitirnar.* Og vegna hvers? Vegna þess, að stórbændurnir í sveitunum haldi jarðnæðinu fyrir unga fólkinu *og vilji ekki láta unga fólkið fá það til þess* að búa á og í öðru lagi af því, að auðmennirnir í Reykjavík kaupi jarðirnar úti í sveitunum, oft með uppsprengdu verði, og hindri þannig unga fólkið í að eignast jarðirnar. Hann sýnir fram á, að það sé verið að reka unga fólkið úr sveitunum, sem vill fá að búa í sveit upp á að mega eiga jarðirnar sjálft og vinna á sinni eigin jörð. Hvað er Framsfl. að gera með þeirri afstöðu, sem hann hefur tekið með þessum gerðardómsl.? Hann er að hjálpa auðmönnunum til að margfalda auð sinn í kaupstöðunum og nota hann til þess að geta keypt jarðirnar í sveitunum, húsin í bæjunum, smáfiskiskipin af smáútgerðarmönnunum, keypt allt, sem hér er saman komið. Framsfl. er því ekki að gera neitt fyrir bændurna með þeirri afstöðu, sem hann tefur tekið til gerðardómsl. Hæstv. forsrh. hefur öðru hvoru haldið fram, að gerðardómsl. væru einn þátturinn í að koma vinnuafli til sveitanna. Ég hef bent á, hvernig fara á með það frjálsa vinnuafl, sem vill fara í vinnu í sveit, *og unga fólkið, sem vill búa á jörðum sínum* og rækta þær, en fær það ekki fyrir ofríki stórbændanna og auðmennanna, sem Framsfl. stendur með. Við þm. *Sósialistafl. fluttum á þingi í* fyrra þáltill. um, að ríkið greiddi bændum nokkurn fjárstyrk, svo að þeim yrði fært að keppa um vinnuaflið við Bretavinnuna, og gera þeim fært að borga samsvarandi kaup og verkamenn fá í bæjum og kaupstöðum. Þessum till. var í engu sinnt. Þetta var styrkur til bænda, svo að þeir gætu orðið samkeppnisfærir um að fá nauðsynlegt vinnuafl til framleiðslu sinnar, og þetta var styrkur til verkamanna að því leyti, sem verkamönnum er nauðsynlegt, að landbúnaðarframleiðslan geti gengið, og því vilja þeir, að bændur séu samkeppnisfærir um að fá vinnuafl. Þessi styrkur var engin réttarskerðing, heldur eðlileg ráðstöfun þjóðfélagsins til að tryggja, að framleiðslan gæti gengið í friði, þannig að samboðið væri frjálsri þjóð, sem vill ekki beita kúgun við sínar stéttir. Í staðinn fyrir þetta þykir Framsfl. hlýða að framkvæma l. eins og gerðardómsl.

*Svo vil ég í þriðja lagi, að því er snertir af*stöðu Framsfl. til framtíðarinnar, skilgreina nokkuð afstöðu hans til þessara l. Framsfl. *hefur hvað eftir annað lýst yfir, að hann vilji* vinna að því, að vinnandi stéttirnar eigi sjálfar framleiðslutækin, það sé eini rétti grundvöllurinn í frjálsu samfélagi manna. Nú er vitanlegt, að bændunum á Íslandi gengur fullerfiðlega að halda jörðum sínum, og enn þá er ekki komið lengra en svo, að helmingur íslenzkra bænda eru leiguliðar. Svo skulum við athuga, hvernig aðstaðan er fyrir þá, sem í kaupstöðunum eru, að eignast framleiðslutækin þar. Við vitum, að á venjulegum tímum, og venjulegir tímar þýða atvinnuleysi fyrir verkalýðinn, er lítill kostur fyrir verkamenn að safna fé til að kaupa framleiðslutæki eða eignast hlut í þeim. Það er aðeins undir einum kringumstæðum hugsanlegt, að þeir gætu slíkt, á þeim tímum, þegar eftirspurnin eftir vinnuafli er svo mikil, að þeir gætu með því að tryggja sér þá gott kaup og stöðuga vinnu, aflað sér svo mikils fjár, að þeir gætu orðið eigendur að einhverju af framleiðslutækjunum. Frá sjónarmiði Framsfl., sem segist vilja, að verkamenn eigi sjálfir framleiðslutækin, finnst manni eðlilegt, að verkamenn ættu að fá að *nota aðstöðu sína á þessum tímum* til þess að safna fé til að eignast framleiðslutækin. Nú eru slíkir tímar og slík tækifæri, og ef til vill koma þau ekki nema *einu sinni* með hverri kynslóð. Hvað gerir Framsfl. þá, þegar verkamenn fá tækifæri til að hafa talsvert fé aflögu, hafa næga vinnu og geta fengið kaup sitt hækkað í krafti sinna samtaka til þess að tryggja framtíð sína? Þá bannar flokkurinn að hækka kaupið og gefur til þess út sérstök l. með aðstoð helztu milljónamæringanna í landinu. Þá tryggir hann auðmönnunum, að þeir geti safnað tugum milljóna af stríðsgróða. Þeir geta ekki aðeins eignazt öll tæki, sem þeir skulduðu áður,

heldur fá þeir til viðbótar möguleika til að kaupa mikið af þeim eignum og tækjum, sem fyrir eru hjá þjóðinni, og mikið af nýjum tækjum, þegar möguleikar eru til að fá slík tæki inn. Framsfl. styður þannig að því, að atvinnurekendurnir fái margföld völd og margfaldan auð, að nokkrir menn verði miklu ríkari og voldugri en dæmi eru til áður, og það á þeim eina tíma, sem hugsanlegt væri, að allur þorri landsmanna gæti eignazt nokkurt fé til að verða meðeigandi í framleiðslu þjóðarinnar. Allt, sem Framsfl. hefur talið, að hann vildi styðja á lýðræðislegan hátt, að vinnandi stéttirnar gætu sjálfar eignazt framleiðslutækin og tekið þau, allt þetta er eintóm blekking. Þegar þeir tímar koma, að verkamenn gætu fengið kaup sitt hækkað og eignazt eitthvað af þessum framleiðslutækjum, bannar Framsfl. þeim það og afhendir stríðsgróðamönnunum allt saman.

Ég álít því, að Framsfl. hafi með afstöðu sinni til þessara gerðardómsl. sýnt á mjög sorglegan hátt, hversu gersamlega hann hefur brugðizt þeirri stefnu og þeim yfirlýsingum, sem hann hvað eftir annað hefur komið með, að hann vildi styðja að því að skapa þjóðfélag, þar sem efna hagurinn væri tiltölulega jafn. Hann hefur með því að gerast meðábyrgur um þessi gerðardóml. þverbrotið allt þetta og stigið það stærsta skrefið, sem stigið hefur verið á Íslandi til að skapa fasitiskt auðvald, sem getur drottnað yfir ⅔ hlutum þjóðarinnar með því sterka valdi, sem eignarhald á öllum framleiðslutækjum er, þegar þjóðin þarf á þeim að halda. Það voru möguleikar í sambandi við stríðsgróðann að stiga spor til atvinnulegs lýðræðis á Íslandi, svo framarlega sem verkalýðurinn, bændur og bjargálnamenn hefðu fengið tækifæri til að bæta kjör sín, hækka kaup sitt og öðlast þannig betri afkomu. Það var möguleiki til að nota stríðsgróðann á þennan hátt. Það var hægt að skapa meira atvinnulegt lýðræði og stiga a. m. k. nokkurt spor í áttina til þess. En það, sem gert var, var alveg þveröfugt. Það var stigið stærsta sporið, sem stigið hefur verið í áttina til meira pólitísks og atvinnulegs einræðis. Og sú stjórn, sem gerir það, hafði lofað, þegar hún komst til valda, að láta eitt ganga yfir alla þjóðina. Hún var með fagrar heitstrengingar, sem hún auglýsti í blöðum og útvarpi, að nú ætti að gera hlut þjóðfélagsþegnanna sem jafnastan, það mundi ekki verða þolað, eins og hæstv. forsrh. tók svo djúpt í árinni, að ein stétt gengi á hlut annarrar, heldur yrði eitt látið yfir alla ganga. Slíkir tímar sem þessir voru vel til þess fallnir að vinna að því, að allir yrðu jafnir. En þegar tækifærið kemur til þess að standa við fögru orðin, þá eru milljónamæringunum nýju úthlutuð einkaréttindi til að drottna yfir allri þjóðinni. Þá er sagt við verkamenn, bændur og smærri atvinnurekendur: „Þið megið ekki hækka verðið á vinnuafli ykkar eða ykkar vöru. Þið megið ekkert gera til að bæta kjör ykkar, nema n., sem stj. skipar leyfi það.“ Og svo er þessari n. með l. bannað að gera nokkuð verulegt í þá átt, um leið og auðmönnunum, sem drottna yfir útflutningnum, er tryggður réttur til að geta einir saman grætt. Allir þeir, sem selja vöru á innlendum markaði, eru undirgefnir þessi l. Þeim er bannað að hækka verð á vöru sinni. Þeim er bannað að fá hlutdeild í þeirri bættu afkomu, sem þjóðin hefur orðið aðnjótandi. Allt, sem hefur orðið til að bæta hag þjóðarinnar, á að renna til stórútgerðarvaldsins eins. Með þessum l. á að koma á atvinnulegu alræði útflutningsauðvaldsins hér á landi.

Það er því ekki að undra, þó að þessi lög spyrjist illa fyrir og finni fáa formælendur í þinginu. Og það er hart, að flokkur, sem hvað eftir annað hefur lýst því yfir, að hann vilji vernda lýðræðið og frelsið, skuli dirfast að bera fram önnur eins lög og þessi. Einmitt það, sem hefur verið álitið grundvöllur undir mannréttindunum, en það er að ráða sjálfur, hve maður selur vinnuafl sitt dýrt, er algerlega afnumið með þessum lögum. Enda hafa þau vakið meiri andúð heldur en nokkur önnur lög. Svo framarlega sem framfylgja ætti þessum l., yrði að fara í mál við annað hvert fyrirtæki og allan þorra af þeim verkamönnum, sem við þau vinna. Það er ekki hægt að halda í annað eins einræði og kúgun, nema með því, að stjórnin breyti algjörlega um vinnuaðferð, en það mun henni veitast full erfitt. Hatrið hjá fólkinu móti þessum lögum er svo almennt, að óhætt er að segja, að þau munu fremur öllu verða til þess að valda uppreisn í þjóðfélaginu. Það er því mjög undarlegt, að flokkur, sem sífellt hefur talað um friðsamlega þróun, skuli gefa út lög, sem stefna að því að valda upphotum meðal fólksins, vegna þess, hve ranglát þau eru. Enda hefur ríkisstjórnin gert ráð fyrir ýmsum róstum í sambandi við framkvæmd l. Það hefur hún sýnt með vopnapöntunum, að hún vill ekki vera óviðbúin, ef til átaka kemur. Okkur þykir því leitt til þess að vita, að flokkur, sem stöðugt hefur þótzt vernda lýðræðið og halda uppi friði í landinu, skuli beita því versta ofbeldi, sem hægt er að hugsa sér. Það er ekki nóg, að þeir svipti fólki öllum mannréttindum, heldur gera þeir beinlínis tilraun til að eyðileggja þingræðið í landinu, þar sem þeir virða vilja og skoðanir Alþ. að vettugi. Á síðasta Alþ. kom vilji þess greinilega í **ljós og afstaða þess** var augljós í þessum málum, eftir að það hafði þá hafnað frv., sem kom fram í þessa átt. En við vitum, að það, sem gaf ríkisstjórninni kraft til að gefa út þessi brbl., var eftirfarandi: Alþ. hafði fellt svona lög, en stjórnin gaf út brbl. og vildi fá þau samþ. og komið á þing í krafti þess að geta handjárnað þm. Nú er svo komið, að meiri hluti þm. er í þjónustu ríkisins, og stjórnin ætlaði að kúga þá til þess að samþ. þessi lög, hver svo sem skoðun þeirra væri. Sú breyting hefur orðið á síðustu áratugum, að meiri hluti þm. eru nú launaðir starfsmenn ríkisins. En hvers konar ofsóknum er beitt gegn þeim mönnum, sem eru í andstöðu við ríkisstj., og þeir settir utangarðs hjá þjóðfélaginu? Þeir menn úr Sjálfstfl. og Framsfl., sem rísa gegn lögum þessum, vita, á hverju þeir eiga von. Og í krafti þess kúgunarvalds, sem ríkisvaldið er orðið, ekki aðeins gagnvart þjóðinni, heldur einnig gagnvart sjálfum þm., er þeim boðið að samþ. lög, sem þeir fyrir 4 mán. voru á móti. Það er augljóst, að með slíkri aðferð, verður Alþ. hrein skrípamynd. Það mundi ekki koma mér á óvart, þó að hæstv.

forsrh., ef þessi lög verða samþ., segði við hv. þm.: „Hvað á ég að hugsa um ykkur, þm. góðir? Þið neituðuð í haust að samþ. svona lög, en nú greiðið þið hiklaust atkvæði með þessum brbl.“ Ég efast ekki um, að hann mundi spyrja á þessa leið. Nei, ef Alþ. ætlar að samþ. lög eins og þessi, þá er það að kveða upp dauðadóminn yfir sér sjálft. Ég vona að umr. um þetta mál eigi eftir að leiða í ljós, að það sé til sterk andstaða gegn þessum málum. Viðvíkjandi þeim brtt., sem fram hafa komið og teknar hafa verið aftur til 3. umr., vil ég segja það, að rétt hefði verið að ræða þær núna, til þess að það kæmi í ljós, hve sterkur vilji er innan Alþ. til að afmá þessi kúgunarlög.

*__Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson)__: Ég hef ekki ástæðu til að lengja frekar þessar umr. Það hefur nú orðið nokkuð mikið málþóf í sambandi við þetta frv., og ætti það frekar við um málflutning heldur en umr. á Alþ. Ég hef áður drepið á aðalatriði þessa frv. í framsöguræðu minni, og jafnvel hv. þm. Ísaf. hefur ekki hrakið eitt einasta atriði. Hann flutti 2½ tíma langa ræðu á tveim dögum og kom þar með ýmsar spurningar bæði til mín og hæstv. viðskmrh. En að hann kæmi nokkuð nálægt því, sem ég hef sagt, það heyrði ég ekki. Ég vil aðeins geta þess, út af fyrirlestri hv. þm. A.-Húnv., að hv. þm. flytur slíka fyrirlestra á hverju þingi, án þess að þm. kæri sig um. Ég hef ekki ástæðu til að svara spurningum hv. þm. Ísaf., sem hann beindi til mín, því að hæstv. viðskmrh. hefur þegar svarað þeim. Ég vil þó geta um eitt atriði, sem sýnir, hve hv. þm. stendur höllum fæti í þessum málflutningi sínum. Hann varði fjórða hluta af ræðutíma sínum til að tala um nafnið á stofnun þeirri, sem samkv. brbl. á að gefa úrskurði í þessum málum. Ég skal fúslega játa, að það, sem hv. þm. sagði, er að mestu leyti rétt, hvað þetta atriði snertir. Það eru til tvenns konar gerðardómar, fræðilega séð. Annar er nefndur félagsdómur, og hann er samningur milli manna, ef ágreiningur rís, um, að aðilar skuli tilnefna jafnan fjölda manna í dómstól, en óhlutdrægur aðili nefnir oddamann. Aftur á móti er til lögþvingaður gerðardómur, sem settur var 1938, og þar nefna deiluaðilar einnig dómsaðila, en hæstiréttur tilnefnir oddamann. Ég fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að nafninu á þessum gerðardómi yrði breytt og hann kallaður „verðlagsdómstóll“ eða því um líkt, einkum ef nafnbreytingin hefði þau áhrif, að hv. þm. Ísaf. yrði málinu fremur fylgjandi. Öðrum spurningum hv. þm. held ég, að hæstv. viðskmrh. hafi svarað. En það er einkennilegt og þó afsakanlegt, að hv. þm. skuli ganga fram hjá einu atriði í ræðu minni, þar sem ég talaði um framkomu þessa hv. þm. nú fyrir 3 árum. Við skulum nú athuga fortíðina hjá þessum hv. þm., en fortíðin getur verið hættuleg fyrir suma stjórnmálamenn, og það virðist hún vera í þessu tilfelli. Þskj. 119 frá 1939 er frv. til l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og einn af flm. þess er hv. þm. Ísaf. Með þessu frv. var ákveðið að lækka gengi íslenzku krónunnar, með þeim afleiðingum, að kaup launastéttanna í landinu lækkaði um 22%. Þetta flytur hv. þm. Ísaf. 1939, en nú kallar hann það kúgunarlög, að dómstóll skuli eiga að úrskurða í þessum málum og grunnkaup megi ekki hækka. Nú er hér ekki talað um kauplækkanir eins og þá, auk þess, sem hér er ætlazt til, að greidd verði full dýrtíðaruppbót í samræmi við vísitöluna. Ég ætla að lesa hér upp úr 3. gr. þessa frv. á þskj. 119 frá 1939, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sama tíma er óheimilt að hækka kaup fastra starfsmanna við fyrirtæki einstaklinga, félaga, ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, nema ákvæðið sé í lögum eða það falli undir ákvæði 2. gr.“

Með öðrum orðum: hv. þm. Ísaf. gengst inn á að lögfesta launalækkun, sem í frv. fólst. Það voru þá til menn, sem kölluðu frv. þetta kúgunarlög, þegar umr. fóru fram um það. Það getur verið, að aðstaðan hafi verið önnur 1939 en nú, en þá var um að ræða geysilegt atvinnuleysi hér á landi, og fjöldi verkamanna hafði ekkert að gera. En nú hefur aftur á móti hver maður, sem nokkuð getur, nóga atvinnu allt árið. Ég veit ekki, hvað hv. þm. Ísaf. vill láta kalla þessi lög frá 1939, fyrst hann kallar lögin um gerðardóminn þrælalög og kúgunarlög, þar sem heimiluð er fullkomin dýrtíðaruppbót og gerðar eru víðtækar ráðstafanir til að halda verðlaginu niðri. Ef til vill er hægt að gefa þá skýringu á framferði hv. þm., að 1939 stóð til, að mynduð yrði þjóðstjórn og einn ráðherranna átti að vera úr flokki hv. þm. Ísaf. Ætli þetta sé ekki skýringin? En nú stendur öðruvísi á. Einmitt þegar fjórir ráðherranna urðu sammála um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, hljóp ráðherra Alþfl. úr ríkisstjórninni. Ég held, að betra væri fyrir hv. þm. Ísaf. að athuga fortíð sína, áður en hann viðhefur stór orð um þessar ráðstafanir, sem hér er verið að gera.

Hv. þm. hefur vísað til dýrtíðarinnar í Þýzkalandi og sagt, að þar sé nú annað viðhorf, þar sem dýrtíðin hafi aðeins aukizt um 5 stig, en hér sé hún komin upp í 83 stig. Hv. þm. hrósar mjög verðlagsráðstöfunum Þjóðverja, en hann talar ekki um kaupgjaldsráðstafanir þeirra. Hvernig ætli sé með verkfallsréttinn og mannréttindi verkamanna í þeim löndum, sem nazistar stjórna? Hvað er þar gert við menn sem gera verkföll? (__FJ__: Það sama og hér.) Annað er nú að heyra á Alþýðublaðinu, og það getur verið, að hætt sé að skjóta menn fyrir að sýna mótþróa við yfirmenn sína. Allir vita, að eftir síðasta stríð sultu menn í Þýzkalandi heilu hungri. Bæði höfðu þeir lítið til að kaupa fyrir og svo var mikill skortur á matvælum. Það getur skeð, að þeim líði betur núna af þeim ástæðum, að þeir hafa hertekið mörg lönd, sem höfðu gnægð matvæla. Eru það kannske einhverjar slíkar ráðstafanir, sem þessi hv. þm. vill láta gera hér? Ég vil biðja hv. þm. að gefa upplýsingar um, hvaðan hann hefur þessa heimild um dýrtíðina í Þýzkalandi. Veit hv. þm. Ísaf., hvernig mönnum líður yfirleitt í Þýzkalandi? Hvað er þar um verkfallsréttinn og mannréttindin yfirleitt? Það væri mjög æskilegt, ef hv. þm. Ísaf. gæfi upplýsingar um það.

Yfirleitt virðist tilgangurinn með ræðum hv. þm. Ísaf. og hv. 4. þm. Reykv. vera sá að þæfa þetta mál og tefja fyrir því. Hv. þm. Ísaf. sagði

í sinni löngu ræðu, að venjan væri sú, þegar slík mál kæmu í Alþ., að senda þau viðkomandi aðilum til umsagnar. Ég vil benda hv. þm. á það, að þar sem hann klauf n. þegar á fyrsta fundi hennar um þetta mál, hefur meiri hluti n. unnið út af fyrir sig, leitað umsagnar, þar sem hann þurfti, þegar hann tók sínar ákvarðanir. Hv. þm. veit ekkert um, hve mikla vinnu meiri hl. hefur lagt í frv., og það kemur ekki í ljós, fyrr en brtt. koma fram við 3. umr. Ég býst við, að þá muni hv. þm. Ísaf. halda nýja tveggja daga ræðu, en hvort margir muni hlusta á hana, veit ég ekki, en eftir reynslunni geri ég ekki ráð fyrir því, að þeir verði margir.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Hv. frsm. meiri hl. allsh. beindi til mín fyrirspurn, sem ég átti að svara, en hann er nú ekki viðstaddur, svo að ég get ekki satt forvitni þessa hv. þm. Nú er hann kominn, og get ég því byrjað. Ég þarf í rauninni ekki miklu að svara.

Ríkisstjórnin hefur ekki séð ástæðu til þess að vera viðstödd við þessa umr. nema hvað hæstv. viðskmrh. hefur svarað með nokkrum orðum því, er ég talaði um verðlagseftirlitið, en hins vegar engu svarað gagnrýni minni á gerðardómnum. Eins og þeir vita, sem hlýddu á ræðu hv. frsm. meiri hl., þá kom hann litið inn á þetta mál og varaðist algerlega að koma nærri aðalatriðunum, hvað þá, að hann hafi gert nokkra tilraun til þess að hnekkja gagnrýni minni, en ég sýndi fram á, að lögin væru hvort tveggja í senn ófram kvæmanleg og ranglát, og til þess eins fallin að halda niðri launum hinna lægst launuðu og verst stæðu í landinu.

Ég mun víkja síðar að hv. frsm., en ætla nú með nokkrum orðum að svara hæstv. viðskmrh. Hæstv. viðskmrh. kvartaði undan því, að ég hefði ekki lýst rétt afstöðu hans til kaupgjalds verkamanna í landinu. En ég held, að ráðherrann hafi ekki undan neinu að kvarta í því efni. Það er alkunna, að hann hefur gert hverja tilraunina af annarri til þess að plokka af verkamönnum fé til hinna svo kölluðu dýrtíðarráðstafana, en því miður hefur honum ekki verið eins umhugað um að ná stríðsgróðanum í sama augnamiði.

Ráðherrann sagði, að ég hefði verið með gífuryrði í garð bænda. Þetta er ekki rétt. Ég sagði, að heppilegra hefði verið að verðbæta afurðir bændanna heldur en að hækka þær upp úr öllu valdi.

Kjöt og mjólk ráða mjög miklu um vísitöluna eða allt að helmingi, það er því alveg augljóst, að bezta dýrtíðarráðstöfunin hefði verið að koma í veg fyrir hina miklu hækkun til almennings, en verðbæta þessar afurðir bænda úr ríkissjóði.

Ráðherrann hélt því fram sem sönnun þess, að landbúnaðarafurðir hefðu ekki hækkað um of í verði, að bændur streymdu nú til kaupstaðanna, þar sem kúgunarlögin væru í gildi. Þetta er alveg í samræmi við það, sem ég hélt hér fram. Hér er eftirspurnin eftir vinnuafli svo mikil, að greitt er miklu hærra kaup en lögin heimila og þau því óframkvæmanleg, en úti um land er eftirspurnin miklu minni og grunnkaupið lægra.

Þessi mismunur á kaupgjaldinu, samfara því, að hér eru lögin óframkvæmanleg, mótsett við það, sem er á útkjálkum landsins, gerir það að verkum, að bændur sem aðrir utan af landi flykkjast nú hingað. Ummæli ráðh. um flutning bændanna til Reykjavíkur eru því staðfesting á skaðsemi þessara laga.

Ráðherrann sagði, að Alþfl. hefði verið reiðubúinn til þess að vinna að því sama og stjórnin gerði, en án löggjafar. Þetta er ekki rétt. Alþfl. hefur aldrei unnið að því að halda niðri kaupi verkafólks í landinu, og mun aldrei gera það. Hins vegar er hitt sennilegt, að ef stjórnin hefði sýnt vilja sinn til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, að þá hefði ekki komið til alm. grunnkaupshækkana, enda var það það, sem ráðherra Alþfl. sagði, að hann byggist ekki við verulegri hreyfingu í þá átt.

Ég hef haldið því fram, að verðlagseftirlitið hafi verið slælegt og það hafi farið úr böndunum snemma á árinu 1940. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi ekki gert eða geri tilraun til þess að hnekkja þessu.

Hins vegar hélt hann því fram, að hann hefði ákaflega lítið vald yfir verðlaginu, en vildi bera því við, að fulltrúi Alþfl. í verðlagsnefndinni hefði ekki verið nógu skeleggur.

Ég veit ekki til þess, að Alþfl. eigi neinn fulltrúa í verðlagsnefndinni. Hins vegar á Alþýðusambandið þar 1 fulltrúa af 5. Það er dálítið einkennilegt af ráðherranum að koma nú fram og segjast ekki hafa nógu víðtækt vald til þess að ráða yfir verðlaginu, en á þinginu í fyrra, þegar sexmannanefndin vildi koma öllu verðlagseftirliti í landinu undir eina nefnd, var ráðherrann á móti því og sagði, að ríkisstjórnin hefði svo víðtækt vald yfir þessum málum, að ekki væri nein ástæða til þess að breyta til, en varhugavert að leggja inn á nýja braut.

En það er þó ljóst, að þegar ráðherrann skoraðist undan því að taka við víðtækara valdi á þinginu í fyrra, en segir nú, að það hafi ekki verið nógu víðtækt, að annað hvort hefur valdið ekki verið nógu víðtækt, eða hann hefur svikizt um að framkvæma lögin.

Ég beindi þeirri fyrirspurn til ráðherrans, hvort hann hefði látið reikna út vísitölu verzlunarkostnaðar. Hann taldi öll tormerki á að reikna hana út, enda væri hún óþörf. Það er hins vegar ekki talið óþarft að búa til vísitölu yfir framfærslukostnað verkamannanna í landinu. Það er á engan hátt erfiðara að reikna út vísitölu yfir verzlunarkostnaðinn, inn í hana fellur ljós, hiti, húsaleiga, símakostnaður og kaupgjald. En ráðherrann taldi það óþarft. Þeir, sem verzla, mega frekar skapa sér sjálfir lífsskilyrði en þeir, sem taka laun.

Ráðherrann sagði enn fremur, að afkoma fél. KRON hefði ekki verið slík s. l. ár, að það benti til þess, að verzlunarálagning hefði verið of há. Um þetta vil ég segja, með allri virðingu fyrir þessu kaupfélagi, að þar kemur margt annað til greina. Félagið hefur með höndum ýmiss konar rekstur, óviðkomandi beinni smásölu, það leigir auk þess dýr hús. Afkoma þess er því alls ekki réttur mælikvarði á afkomu venjulegra verzlunarfyrirtækja.

Ég get látið þetta nægja til þess að svara

hæstv. viðskmrh. við þessa umr. En það er eins og einhver sérstakur órói hafi gripið ríkisstj. undir umr. um þetta mál. Ráðherrarnir hafa *aldrei sézt hér í deildinni, og er þó hér um að* ræða frv., sem varðar meira lífsafkomu alls þorra þjóðarinnar en nokkurt annað frv., sem komið hefur hér fram lengi. Og það er ekki einungis, að komið hafi fram hörð gagnrýni frá stjórnarandstæðingum, heldur og einnig úr hópi stjórnarflokkanna. Ég man ekki eftir því, að sögð hafi verið harðari orð frá stuðningsmanni ríkisstjórnar en hv. sessunautur minn, þm. A.-Húnv., sagði hér í gær, er hann lét svo um mælt, að með þessari lagasetningu hefði ríkisstj. komizt meira en hálfa leið á þeirri braut að segja: „Ég vil ekkert þing.“ M. ö. o., úr stjórnarflokkunum er litið á þessi lög sem gerræði og einræðisbrölt, alveg á sama hátt og stjórnarandstæðingar gera.

Hv. þm. A.-Húnv. lét þess getið, og vitnaði þar til hæstv. forsrh., að hann hefði talið nauðsyn á að setja þessa löggjöf með bráðabirgðal., af því að hann (þ. e. ráðh.) hefði vantreyst þinginu til þess að afgr. slíkt lagafrv. Þetta er yfirlýsing, sem ekki er hægt að láta liggja í þagnargildi, frá einum af stuðningsmönnum núv. ríkisstj. Því að það er yfirlýsing um, að í raun inni sé ekki vilji núverandi stjórnarflokka fyrir þessu frv., þó að e. t. v. hv. þm. láti til leiðast að samþ. þetta frv., vegna þess að flokksstjórnirnar heimti af þeim, að þeir geri það. Ég hef ekki heyrt ömurlegri yfirlýsingu um þinghald hér í þessu landi þau ár, sem ég hef setið hér á þingi, sem að vísu eru ekki mörg. Og ég hef ekki heyrt ömurlegri vörn af hálfu ríkisstjórnar *í nokkru stórmáli en þá, sem fram* hefur verið færð í þessu máli, þar sem hæstv. ríkisstjórn ber ekki við að reyna að svara fyrir sig, hvorki sjórnarandstæðingum né heldur stuðningsmönnum stjórnarinnar, þegar þeir koma hér nærri hálfgrátandi fram fyrir forseta og lýsa yfir, að þeir séu píndir og kúgaðir til þess að greiða atkv. með máli, sem þeir hefðu alls ekki léð lið sitt, ef það hefði komið í frumvarpsformi fyrst fyrir Alþ.

Ég veit ekki, hvort hv. frsm. allshn. er hér nærstaddur, en ef hann mætti heyra mál mitt, þá mundi ég nú víkja að þeim fyrirspurnum, sem hann bar fram til mín. Mér er svo vel við þennan ágæta þm., sem er úr sama landsfjórðungi og ég og hefur lengi verið samverkamaður minn á Alþ., að ég vildi gera allt, sem í mínu valdi stæði til þess að seðja hans fróðleiksfýsn, þegar hann kemur hér til mín, bljúgur og auðmjúkur, með fyrirspurn, sem ég er sannarlega umkominn að veita honum nokkra fræðslu um. Nú vildi ég þó óska þess, að þessi hv. þm. gerði mér nokkur sömu skil, ef ég kynni að leggja fyrir hann nokkrar spurningar, að hann þá gerði sitt bezta til þess að leysa úr þeim.

Hv. þm. Barð. var að spyrja mig að því, hvaðan ég hefði það, að dýrtíðin í Þýzkalandi hefði ekki vaxið nema um 5%. Ég get sagt honum það, að ég hef þær upplýsingar úr amerísku tímariti, sem heitir „Life“. Þar er talað um, hve mikið dýrtíðin hafi vaxið í hinum ýmsu löndum, og tók ég upp í mitt nál., að dýrtíðin hefði vaxið frá stríðsbyrjun til 1. október 1941 um 26% í Englandi, í Bandaríkjum N.-Ameríku um 8,8% og í Þýzkalandi um 5%. Nú má það vel vera, að Þýzkaland standi eitthvað sérlega nærri hjarta þessa hv. þm., þótt ég hafi ekki orðið þess var fyrr en e. t. v. nú upp á síðkastið, þannig að hann hefur einkum fest sig við hækkun dýrtíðarinnar í Þýzkalandi, en ekki minnzt á, að í nál. mínu er einnig talað um dýrtíðarhækkunina í Bandaríkjunum og Englandi.

Þessi sami hv. þm. spurði mig áður, hvað það væri sérstaklega, sem ég hefði óskað eftir, að framkvæmt yrði hér á landi eitthvað í samræmi við verðlagseftirlitið í Þýzkalandi. Og ég hygg, að ég hafi sagt honum þá, að ég hefði óskað eftir, að tekin hefði verið upp sama regla um verðlagseftirlitið hér eins og þar, að reikna dýrtíðaruppbót fyrir verzlanirnar og leyfa álagningu á vörur eftir því á einingu vörunnar, en ekki eftir hundraðstölu, eins og hér hefur verið gert. Og ef slíkt fyrirkomulag hefði verið haft hér frá öndverðu, þá hygg ég, að verðlagseftirlit ríkisstj. hefði getað orðið nokkru meira virði fyrir almenning í landinu heldur en raun hefur á orðið. Annað mál er, að ég hefði ekki óskað eftir því, og ég hef hallmælt ríkisstjórninni fyrir það, að ríkisstjórnin hefur farið sömu leið í verklýðsmálum eins og Þjóðverjar hafa farið. Þar skilur mikið á milli hæstv. ríkisstjórnar *og mín og ég held líka hv. frsm. allshn.*, þó er ég ekki viss um það. Hann hefur í nál. fært það fram sem ástæðu fyrir því, að það ætti að samþ. þessi l., að þau ættu ekki að gilda nema til ársloka 1942. Og ég hef skilið það svo, að hann áliti þetta ekki neina réttlæta framtíðarlöggjöf, þótt hann hafi farið inn á þá leið, e. t. v., *með hv. þm. A.-Húnv. (JP)* og öðrum, sem eru ekki sérstaklega ánægðir með þessa löggjöf, að gefa kost á að mæla með því, að þessi löggjöf yrði látin standa þetta ár.

Ég held, að ég hafi með þessum fáu orðum leyst í aðalatriðum úr þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. Barð. bar fram til mín. Og ég veit, að hann er svo skýr og greinagóður, að hann misskilur mig ekki á einn eða neinn hátt. Og ég veit, að hann er mér svo velviljaður, að hann muni ekki gera tilraun til að mistúlka þetta á nokkurn hátt. Þó að ég bendi á leiðir, sem Þjóðverjar hafa farið í verðlagseftirliti, og að þær geti verið til fyrirmyndar, þá mundi hann ekki segja, að ég sé nazisti, þegar ég jafnframt bendi á, að þær leiðir, sem Þjóðverjar hafa farið í verklýðsmálum, eru til viðvörunar, en ekki eftirbreytni, þó að íslenzka ríkisstjórnin hafi, illu *heilli, glæpzt til að fara inn á þær ósæmilegu*, skaðlegu og óréttlátu leiðir. (JGM: Eru verklýðsfélög í Þýzkalandi?). Það er efni í heilan fyrirlestur, sem ég gæti haldið fyrir hv. 6. þm. Reykv. við tækifæri. En það er máske eitt af því, sem borgarstjórinn hér í Reykjavík hefur tekið sér til fyrirmyndar, þegar hann var á ferðalagi — kannske á kostnað háskólans — úti í Þýzkalandi, að hann hafi hugsað sér að reyna að koma á sama skipulagi í verklýðsfélagsmálum hér eins og er í Þýzkalandi, að búa til eins konar félög atvinnurekenda úr verklýðsfélögunum.

Það er ekki rétt, að ég hafi á neinn hátt reynt að hæfa þetta mál eða tefja fyrir því. Ég

talaði að vísu hér í minni frumræðu í 2 tíma og 10 mínútur. En þegar þess er gætt, að enginn minna flokksmanna hefur talað annar við þessar umr. og mér þykir ekki líklegt, að þeir geri það, þá er ákaflega fjarri því, að hægt sé að halda fram með neinum rökum í slíku stórmáli, að það sé að þæfa mál eða tefja, þó að haldin sé í því allýtarleg framsöguræða, ekki sízt, ef þessar umr. gætu orðið til þess að beina einhverjum hv. þm. úr stjórnarliðinu inn á þá braut að koma fram einhverri gagnrýni á þessu óþurftarmáli, sem hér liggur fyrir. Ég skal ekki segja, hvað mér hefur orðið ágengt í þessu. En þó heyrði ég það á hv. þm. Barð. áðan, að ég virðist hafa fengið hann til að samsinna því með mér, að það sé hreinasta rangnefni á l. þessum að kalla þau gerðardómsl. Enda veit ég það, að það er almennt álit þjóðfélagsþegnanna, að eins og þessi dómur er skipaður, þá sé það beinlínis brot á allri réttarvenju um gerðardóma að kalla l. þessi því nafni. Það er að vísu ákaflega litið unnið við það að fara að fá nafninu breytt. En þó felst í þessu viðurkenning á því, að hæstv. ríkisstjórn hafi sett þessi bráðabirgðal. að illa athuguðu máli, svo að ekki sé meira sagt. Því að fyrsta krafan til hæstv. ríkisstj., er setur bráðabirgðal., ætti að vera sú, að forminu sé að mestu leyti fullnægt. En með viðurkenningu hv. þm. Barð. á því, að það muni vera réttara að kalla frv. einhverju öðru nafni en gerðardóm, er það játað, að forminu sé ekki fullnægt á þessu frv. Sem sagt, ríkisstjórnin hefur gert þá reginvillu í fyrstu að bera fram alveg óformleg bráðabirgðal. Þetta skiptir vitanlega ekki miklu máli um innihald l. En það sýnir aðeins vinnubrögðin í hæstv. ríkisstjórn, sem er með lögfræðing sér við hlið og vanan lögreglustjóra sem forsrh., að mál, sem varðar allan almenning og er borið fram sem bráðabirgðal., sé ekki einu sinni borið fram í því formi, að þjóðfélagsþegnarnir í landinu, sem annars eru með opin augu og nokkurn veginn heilbrigðri dómgreind, geti talið, að það sé forsvaranlegt.

Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði ekki hrakið neitt af því, sem hann sagði í frumræðu sinni. Þetta má vel vera rétt. En það er þá bara af því, að hann hefur ekki sagt neitt í frumræðu sinni. Hann reyndi ekki að færa nein rök fyrir því, að þessi l. væru réttlát, og því síður rök að því, að þau væru framkvæmanleg. Og ég veit, að í þeirri ræðu, sem hann heldur væntanlega hér á eftir, gerir hann heldur enga tilraun til þess, af því að honum er kunnugt um það, að það er ekki hægt að færa nein rök fyrir þessu. Bráðabirgðal. hafa nú verið í gildi um 3 mánuði. Og á þeim tíma hefur það komið í ljós, að þar sem nokkur eftirspurn er eftir vinnu, eru þau óframkvæmanleg. Þar sem lítil eftirspurn er eftir vinnu, eru þau ranglát, því að þau koma í veg fyrir, að fátækustu mennirnir, sem hafa lægst grunnkaup, geti bætt kjör sín.

Hv. þm. Barð. sagði í ræðu sinni, að það væri einkennilegt, að ég skyldi hafa gengið fram hjá því atriði í ræðu hans að minnast á gengismálið frá 1939. Á því ári hefði verið þjappað ákaflega mikið að verkafólki. Það hefði í aflaleysisári verið lögboðið, að ekki mætti greiða fulla dýrtíðaruppbót o. fl. og fólkið hefði þá staðið sannarlega verr að vígi með að fá slíka löggjöf 1939 heldur en nú á árinu 1942. Og þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Barð. En það er þó við þetta að athuga, að þegar gengisbreytingarl. voru sett, álitum við, sem fluttum þau, — og ég vissi ekki annað en að flestir stjórnarliðarnir einnig álitu hið sama, — að hallærisástand væri í landinu. Það þurfti að gera eitthvað til þess að atvinnuvegirnir gætu haldið áfram. Það var leitað ýmissa leiða; það var búið að athuga þær í milliþn. Og það fékkst ekki samkomulag um aðra leið en þá, sem farin var. Frá hendi Alþfl. var því haldið fram, að það mætti reyna uppbótarleiðir. En það taldi flokkur hv. þm. Barð. alveg ófæra leið. Hann vildi heldur fara hina, gengislækkunarleiðina. Og samfara því var svo sett löggjöf um það, að ekki mætti greiða fulla dýrtíðaruppbót, en slagur stóð um það milli Alþfl. annars vegar og Framsóknarfl. og Sjálfstæðisflokksins hins vegar, hver uppbótin skyldi vera. Og í þessari löggjöf var líka ákveðið, fyrir harða baráttu Alþfl., að það skyldi greiða dýrtíðaruppbót, að vísu ekki fulla. Þegar þessi löggjöf var sett, voru mjög mörg félög, sem ekki höfðu neina möguleika til þess að segja upp samningum sínum, þannig að þó að löggjöfin kreppti að mönnum á vissan hátt, þá gaf hún líka fátækari félögum möguleika til að fá dýrtíðaruppbót, að vísu lága, en þó dýrtíðaruppbót, sem er ákaflega hætt við, að þau hefðu ekki fengið að öðrum kosti, og alls ekki ef Framsfl. og Sjálfstfl. hefðu verið einráðir. Nú er það svo, að þó að það hafi verið gert sem neyðarráðstöfun gegn yfirvofandi hallærisástandi að kreppa nokkuð að rétti verkalýðsfélaganna, þá er ákaflega fjarri því, — og ég bið hv. þm. Barð. að leggja sér það vel á minni —, að til þess sé nokkur réttur né heldur þörf á þessum tíma. Og ef það er nú svo, að við höfum báðir, ég og hv. þm. Barð., gert verkafólkinu órétt 1939, mundi það þá ekki vera sjálfsögð skylda okkar að gera það, sem í okkar valdi stendur til þess að bæta úr þessum órétti. Ég hef beztu trú á réttlætiskennd þessa hv. þm., ef hann er ekki blindaður af flokksofstæki eða honum bannað að hafa skoðun á málinu. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hann vilji ekki, ef hann finnur nú sárt til þess, að við höfðum í sameiningu gert verkalýðnum órétt 1939, gera nokkra leiðréttingu á þessu ásamt mér og öðrum, sem eru á móti þessu frv. Ég trúi því ekki, að það samrýmist drengskap og réttlætiskennd þessa hv. þm., ef honum finnst hann hafa gert rangt árið 1939, að vilja nú bæta gráu ofan á svart og endurtaka óréttlætið, þegar atvinnuvegirnir eru góðir og peningarnir miklir í landinu, og þrengja nú enn að kosti verkamanna einungis til hagsbóta fyrir stríðsgróðamennina í landinu.

Hv. þm. Barð. vildi segja það, að skýringin á því, að við Alþfl.menn, og þar með ég alveg sérstaklega, hefðum gerzt flutningsmenn þessa gengislækkunarfrv. 1939, hefði verið sú, að það hefði staðið til þá að mynda þjóðstjórn. Við hefðum, eftir hans orðalagi, viljað kreppa að hag verkalýðsins til þess að geta komizt í þjóðstjórn. En nú segir þessi hv. þm., að við í Alþfl. viljum halda uppi rétti verkalýðsins, að mér

skildist, til þess að geta komizt úr þjóðstjórninni. Ef það hefði verið einhver freisting fyrir okkur til þess að fara í þjóðstjórnina 1939 og við hefðum viljað fórna hag verkalýðsins til þess, þá finnst mér ekki ólíklegt, að við hefðum, til þess að geta verið kyrrir í þjóðstjórninni, enn þá viljað gera það, sem nú er verið að gera, viljað fórna hag verkalýðsins fyrir hag nokkurra stórgróðamanna. En mér virðist þarna skilja á milli Alþfl. og Framsfl. Alþfl. gekk inn á gengislækkunina 1939 af illri nauðsyn vegna hallærisástands. En þegar ástandið er það breytt sem það nú er, gerir Alþfl. þá kröfu til hinna flokkanna, að þeir lofi verkalýðnum að ráða sínum málum, gefi verkalýðnum tækifæri til þess að rétta hlut sinn, eins og verkalýðurinn á sannarlega rétt á að gera. Það vill svo vel til, að Alþfl. hefur gert tilraun til þess að rétta við hag verkalýðsins, einnig á annan hátt heldur en þann að standa á móti þessu lagafrv. Á ég þar við gengishækkunarfrv. Alþfl. Og formaður Sjálfstfl., stærsta stjórnmálafl. landsins, hefur látið svo um mælt í júlí í fyrra, að það væri siðferðisleg skylda þeirra, sem höfðu hag af *gengislækkuninni 1939*, að skila nú *gengisbreytingarhagnaðinum* með því að hækka gengið aftur a. m. k. í sama horf. Og þessi ágæti og drenglyndi formaður Sjálfstfl. hefur lýst þessu yfir hér í þingsölunum. Ég fyrir mitt leyti trúi ekki öðru, nú þegar togarasölur eru enn hærri en þær voru, þegar hann gaf þessa yfirlýsingu, en að hann leggi nú alla stund á að skila þessari hjálp aftur, sem hann og ýmsir á hans vegum fengu árið 1939. Ég trúi ekki, að hann hafi verið að gefa þessa yfirlýsingu í trausti þess, að Bretar settu bremsur fyrir skilsemi hans í þessu efni, heldur sé yfirlýsingin gerð af alhuga og drenglyndi, og að það sjáist næstu daga, að Sjálfstfl. beiti sér fyrir því með Alþfl. að gera ráðstafanir til þess að færa gengið í hið fyrra horf. Ég er þessarar trúar því öruggari, þar sem ýmsir úr hans flokki, svo sem bæði hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Sk. og jafnvel fleiri úr hans flokki, töluðu þá mjög mikið um nauðsyn þess að breyta genginu til betri vegar.

Ég vildi svo í sambandi við dýrtíðina og kaupgjaldið *til frekari upplýsinga* geta þess, að mér er tjáð, að síðan stríðið byrjaði, hafi kaupgjald í Bandaríkjunum hækkað um 25%, en á sama tíma hefur dýrtíðin hækkað þar um 8,8%. Þegar maður athugar þetta, og svo bitt, að dýrtíðarvísitalan fór hér úr 57, sem hún var í 1. júlí í fyrra, upp í 83% til ársloka, þá hygg ég, að það sé augljóst, að það fer alls ekki endilega saman hækkun á kaupgjaldi og hækkun á dýrtíðinni.

Það er þess vegna ekkert annað en skammsýni, þegar stj. ræðst á kaupgreiðslurnar, eins og hún hefur gert með þessum bráðabirgðal., en lætur dýrtíðina halda áfram að vaxa.

Ég hef getið þess áður, að ég teldi þessa löggjöf hvort tveggja í senn, óframkvæmanlega á vissum stöðum í landinu, en rangláta þar, sem hún væri framkvæmanleg. Ég hef bent á það, að þessi löggjöf yrði brotin á hverju einasta heimili á landinu, þar sem nokkur þörf er á að ráða vinnufólk eða kaupafólk. Það þarf enginn að segja mér það, að nokkur maður, sem þarf á vinnuaðstoð að halda, láti það standa fyrir ráðningu fólks, hvort hann borgar nokkrum krónum hærra 1942 heldur en 1941, og þegar *af þeirri ástæðu, að þessi löggjöf, ef hún verður samþ.*, verður brotin á hverju einasta heimili á landinu, sem þarf á vinnufólki að halda, er hún óframkvæmanleg og siðspillandi, því að það hlýtur að vera viðurkennt af öllum hv. alþm., sem vilja hugsa um sitt starf, að það er, eins og hæstv. atvmrh. orðaði það í sumar, hrein skaðsemi að setja l., sem vekja mótþróa al's þorra landsmanna, og ég álít það vera skaðsemi að setja löggjöf, sem alþm. vita fyrirfram, að verður brotin af öllum, sem geta og þurfa að brjóta hana. Þá er og vitað, að svo að segja hver einasti iðnrekstur í bænum hefur brotið þessi l., eins og ég hef nefnt mörg dæmi um. Þó að þau séu ekki nema 3ja mánaða gömul sem bráðabirgðal., þá dettur engum manni í Reykjavík í hug að fara eftir þeim. Það kann að vera, að ríkisfyrirtækin séu ekki enn þá farin að ganga í berhögg við hana. Þó er mér kunnugt, um, að stjórnendur ríkisspítalanna hafa snúið sér þessa dagana til hæstv. forsrh. og sagt við hann: „Við verðum að fá að vera einráðir um að *semja við hjúkrunarfólkið á geðveikrahælinu á Kleppi*. Annars fer allt fólkið í vor, og það verður að loka Kleppi.“ Það mætti þá kannske flytja Kleppi í þinghúsið, ef honum yrði lokað þar inn frá. Vegamálastjóri hefur hækkað grunnkaup uppi í Borgarfirði, sem var í fyrra kr. 1.00 og 1.10 og upp í 1.30, og þegar ríkisstofnanirnar ganga á undan í því að brjóta gerðardómsl., þar sem þess þarf, má nærri geta, hvað aðrir gera.

Nú mun kannske vera sagt, að fyrst þessi l. séu brotin, hvernig þau geti þá verið kúgunarl., en þetta getur vel samrýmzt. Þau eru kúgunarl. að því leyti, að lægst launuðu verkamennirnir, þeir, sem eru úti á útkjálkunum, þar sem engin eftirspurn er eftir vinnuafli, þeir verða fyrir barðinu á þessum l., og þar verður farið eftir þeim. Þar er grunnkaupið lægst. T. d. er það verkalýðsfélagið Jökull í Ólafsvík, þar er kaupið kr. 1.10, í Súgandafirði 1.10, í Hnífsdal 1.10, á Drangsnesi 1.00, á Blönduósi 1.10, á Skagaströnd 1.10, í Grenivík 1.10, hjá verkamannafélaginu á Vopnafirði 1.10, á Fáskrúðsfirði 1.10, á Djúpavogi 1.10. Alls eru þetta 10 félög með um 900 menn, útkjálkafélög, þar sem engin eftirspurn er eftir vinnu. Takið þið eftir, góðir alþm. Hvað eiga þessir menn að gera? Þeir hafa alls ekki stöðuga vinnu, en það lægsta grunnkaup, sem til er á landinu. Þeir gætu sennilega komizt nú að samkomulagi við atvinnurekendur um grunnlaunahækkun, sennilega fengið kaup upp í 1.20 – 1.30, ef það væri frjálst, en þeim er bannað það með gerðardómsl. Á þessum mönnum koma gerðardómsl. niður. Þau koma niður á fátækum mönnum á útkjálkunum. Ég hef áður lýst því, að auk þess eru 9 félög með samtals 1100 félagsmenn, sem hafa 1.20 í grunnkaup. Hverjum dettur í hug að koma fram á Alþ. og halda því fram, að það væri þjóðarógæfa, að þessir fátæku menn á þessum afskekktu stöðum fengju hækkun á grunnkaupi? Getur hv. frsm. allshn. komið og sagt, að þessir 2000 verkamenn, sem lifa á takmörkum sultar og sveitar, megi ekki fá grunnkaup sitt hækkað? Getur hann

neitað því, að ef þessir menn vilja fá kjör sín hætt undir núverandi löggjöf, þá sé eina ráðið fyrir þá að flytja frá heimilum sínum og fara í Bretavinnu? Ég hef ekki heyrt nokkurn mann mótmæla þessu. Ég skora á hv. frsm. að reyna að mótmæla þessu með rökum. Ég hef reynt að svara spurningum hans, og nú vil ég spyrja hann: Er þingið með því, þar sem sagt er í l., að gerðardómurinn megi færa til grunnkaup til lagfæringar og samræmingar, að segja, að grunnkaup þessara manna, sem minnsta hafa vinnu og lægst laun, megi verða a. m. k. í samræmi við grunnkaup annars staðar á landinu, og má gerðardómurinn gera það? Ég er ekki að spyrja fyrir sjálfan mig, en ég er að spyrja fyrir fjölda verkamanna úti um allt land, sem nú hafa við lélegust kjör að búa, lægst laun og minnsta vinnu, sem þekkist hér á landi. Því miður er ekki sennilegt, að þetta verði gert. Verkamennirnir verða að gera eitthvað sjálfir, og þarf sennilega mikið átak til þess, að þeir lægst launuðu fái nokkrar breyt. til bóta á kaupgjaldi sínu. Og þangað til annað er upplýst, verð ég að álíta, að þessi bráðabirgðal. og þetta frv. komi alveg í veg fyrir, að þeir lægst launuðu geti fengið launum sínum breytt til bóta nokkurn skapaðan hlut. Og þó að ég hafi fyllstu vantrú á þessu, vil ég enn á ný skora á hv. frsm. meiri hl. að leysa úr þessum spurningum. Hann hefur boðað brtt. við þetta frv., og ef hann vill útbúa þær brtt. af einhverri réttsýni, þá vil ég biðja hann að taka til alvarlegrar athugunar fyrir samvizku sinni, hvort hann vill ekki haga þeim brtt. þannig, að ekki verði gert upp á milli þeirra, sem framleiða vöruna, og þeirra lægst launuðu, sem selja vinnu sína. Þar sem stj., og sérstaklega blað Framsfl., hefur alltaf verið að tala um, og það með rétti, hversu skaðvænlegt það sé, að fólkið sé að flýja sveitirnar, þá er það greinilegt, að löggjöf, sem t. d. bannar að hækka kaup í vegavinnu og kaup í kaupavinnu á sama tíma, sem vitað er, að eftirspurnin eftir vinnuafli er búin að brjóta niður þær skorður, sem stj. ætlaði að setja með þessari löggjöf, þá er augljóst, að slík löggjöf miðar að því að reka fólkið beinlínis utan af landsbyggðinni og hingað, þar sem eftirspurnin er mest eftir vinnuafli. Ég vil spyrja hv. frsm: Er þetta í fullu samræmi við stefnu Framsfl.? Er það virkilega stefna Framsfl. að vilja vitandi vits, eftir að þessi l. eru búin að gilda í 3 mánuði, reka fólkið með þessari vitlausu löggjöf úr sveitunum til Reykjavíkur?

Læt ég svo útrætt um þetta að sinni, en eg vænti þess fastlega, af því að ég varð svo góðfúslega við því að leysa úr spurningum hv. þm. Barð., að hann leysi að einhverju leyti úr mínum spurningum og ræði þetta mál með þeim rökum, sem ég veit, að honum er ljóst, að hann þarf að leggja fram, ef hann ætlar að leggja þetta mál undir óvilhallan dómstól almennings.

Umr. (atkvgr) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 14. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 73 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18:6 atkv.

2.—12. gr. samþ. með 16:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv.

Á 38. og 41. fundi í Nd., 20. og 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 2, 73, 236, 237).

*Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Það eru hér brtt. á tveimur þskj., sem meiri hl. allshn. hefur borið fram við frv. Þessar brtt. eru ekki allar mjög varðandi efni málsins. Í 1. brtt. er ætlazt til að komi 2 nýjar gr. í frv., og þær lúta eingöngu að því að setja ákvæði í frv. um starfshætti þeirrar stofnunar, sem gert er ráð fyrir, að stofnuð verði, gerðardómsins. Við 5. gr. er önnur brtt. Þar er ætlazt til, að inn í frv. komi ákvæði um, að gerðardómurinn skuli staðfesta allar breytingar á kaupi og kaupsamningum, sem greitt var á árinu 1941. Í 4. brtt. eru nokkkuð miklar efnisbreytingar. Þar er lagt til að leggja niður núverandi verðlagseftirlit á erlendum vörum og fá starf þeirra í hendur gerðardómnum svo nefnda. Auk þess á hann að hafa úrskurðarvald um innlendar framleiðsluvörur, en getur krafið þær nefndir, sem um þau mál fjalla,, um till. þeirra. Sem afleiðing af þessum breyt. koma inn í lögin ákvæði í samræmi við lög, sem gilda nú um verðlagseftirlit. Skulu þau lög falla úr gildi, meðan þessi lög gilda, eða til ársloka 1942. Ákvæði bráðabirgðalaga um hámarksverð og hámarksálagningu munu haldast fyrst um sinn, þar til sett hafa verið ný í þeirra stað. Ég hygg, að með þessu fyrirkomulagi geti orðið sterkara verðlagseftirlit og betur séð fyrir því aðalatriði frv. að halda sem mest í hemilinn á verðlaginu. Þá höfum við borið fram till. um að breyta nafninu á þessum dómi, sem á að kveða upp úrskurð í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Er þessi till. í samræmi við það, sem ég sagði við 2. umr. málsins, að ekki væri réttnefni að kalla dóm þenna gerðardóm, þar sem um ríkisskipaðan dóm er að ræða. Þeir dómstólar eru venjulega kallaðir gerðardómar, þar sem aðilar hafa rétt til að nefna dómarana, hvort sem þeir neyta þess réttar eða ekki. Höfum við lagt til, að dómur þessi verði nefndur dómnefnd.

Við getum ekki mælt með því, að brtt. hv. 5. þm. Reykv. verði samþ. 1. brtt. gæti vel staðizt, þrátt fyrir brtt. okkar, en hún er að láta hæstarétt skipa menn í dómnefndina, sem ég kalla svo. Hér er ekki um stórvægilegt atriði að ræða, og gæti vel hugsazt, ef hæstiréttur hefði skipað menn þessa í upphafi dómnefndarinnar. En þar sem ríkisstjórnin hefur einu sinni gert þetta og enginn sérstakur ágreiningur risið út af vali hennar, er ekki ástæða til að breyta þessu, þar sem frv. er ekki ætlað að gilda svo langan tíma. Annars koma brtt. þessa hv. þm. í bága við okkar brtt., eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr.

Ég vil, áður en ég skil við málið, skýra afstöðu mína til þess. Með því að láta dómnefndina, sem ég vil kalla svo, taka í sínar hendur verðlagseftirlit með innlendum og erlendum vör-

um, eins og fram kemur í brtt. meiri hl. allshn., þá tel ég, að einfaldara og virkara eftirlit skapist. Vegna þekkingar minnar á því, að mál þessi yrðu á þann hátt í höndum samvizkusamra manna, tel ég verðlagseftirlitinu eftir atvikum vel borgið á þann hátt. Mér dettur ekki í hug að neita því, að þetta frv. sé engin allsherjarbót á dýrtíðinni, en það ætti að geta gert mikið gagn. Frv. hefur verið kallað kúgunarlög og þrælalög, vegna þess að sérstakur dómstóll á að hafa úrskurðarvald í kaupgjalds- og verðlagsmálum og bann sett við verkföllum. En ég tel slík ummæli mjög fjarri sanni, og munu þau vera sett fram í áróðurs- og æsingaskyni. Ég er sannfærður um, að þegar greindir menn láta sér slík ummæli um munn fara, eins og hv. þm. Ísaf., þá meina þeir ekkert með því, sem þeir segja. Ef séð er vel fyrir verðlagseftirlitinu, er sjálfsagt að halda þeirri meginreglu að grunnkaup skuli ekki hækka, nema til lagfæringar og samræmingar, enda er það óþarfi, þar sem full dýrtíðaruppbót bætist við launin, eins og til er ætlazt. Þetta meginatriði frv. er svo ljóst og einfalt, að allir hljóta að skilja það, sem vilja. En það verður að athuga það, hvort frv. getur að þessu leyti náð tilgangi sínum og hvort því tekst að stemma stigu fyrir því kapphlaupi, sem þegar er orðið milli kaupgjalds og verðlags, sem verður undirrót vaxandi dýrtíðar. Ég býst við, að þetta gæti tekizt að sumu leyti með þessu ákvæði, ef vel er á haldið. En það verður að athuga eitt atriði í þessu sambandi. Þessi löggjöf getur orðið magnlítil eða jafnvel magnlaus, ef svo fer, að meginhluti vinnuafls landsmanna verði hrifsaður til að starfa við hernaðarframkvæmdum. Sumir halda því fram, að það sé skylda þjóðar okkar að taka beinan þátt í hernaðarframkvæmdum. Ég álít, að hér sé um ranga skoðun að ræða. Það er skylda þess herveldis, sem hefur tekið að sér hervernd Íslands, að *framkvæma landvarnir og allt, sem að þeim lýtur*. Þeir hafa tekið þá skyldu á sinar herðar og reyna vitanlega að sjá fyrir henni, enda þeim miklu hægara heldur en okkar fámennu þjóð. En á óbeinan hátt mun þjóðinni bera skylda til þess að vinna einnig að þessu marki, vinna að því að sigur náist fyrir þau öfl í styrjöldinni, sem hún á mest undir komið og hún vill helzt, að sigri, en það getur hún ekki gert á neinn hátt betur en að beina orku sinni að aukinni framleiðslu til sjávar og sveita. Þar er um fullkomlega nægilegt verkefni að ræða, og það er það eina verkefni, sem þessi þjóð er virkilega fær um að inna af hendi. Menn verða að athuga afleiðingar þess, að mikið af vinnuafli þjóðarinnar fari frá framleiðslunni til annarra starfa. Hvar mundum við standa þá, ef siglingar til landsins tepptust? Á hverju ætti þjóðin sjálf og verndarar hennar að lifa, ef fólkið væri horfið frá framleiðslunni, þegar framleiðslan er meira og minna rýrnuð og meiri hluti fólksins kominn í að byggja flugvelli og aðra hernaðarvinnu? Þetta er atriði, sem rétt er að geta um í þessu sambandi, því að það er meginástæðan, sem kemur til greina, þegar rætt er um það, hvort það þýði að berjast móti dýrtíðinni, hvort hægt sé að halda áfram þeirri framleiðslu, sem á að bjarga okkur frá hungri, ef svo skyldi fara, að landið yrði að meira eða minna leyti einangrað.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Það hefur verið svo við þessar umræður, að meiri hluti allshn. hefur varla eða ekki haldið uppi svörum fyrir frv. og ríkisstjórnin ekki látið sjá sig í deildinni, að undanteknum fjármálaráðherra, sem mun þó eiga minnst sjálfur í frv. af þeim, sem í ríkisstjórninni sitja.

Enda er það svo, að þann tíma, sem frv. hefur verið í gildi, hefur það komið í ljós, að lögin eru óframkvæmanleg, og af því mun það stafa, að frsm. meiri hluta allshn. hefur ekkert gert til þess að svara þeim fyrirspurnum, sem beint var til hans sem formanns meiri hluta nefndarinnar. Hann hefur algerlega gengið fram hjá því, sem ég hef bent á, að þessi löggjöf verður brotin á hverju heimili landsins, sem þarf á vinnuafli að halda, og þetta atriði er svo viðurkennt, að meira að segja hefur komið til mála að flytja brtt. við frv. um, að vinnufólk í sveit verði algerlega undanþegið gerðardómslögunum. Hvað því veldur, að sú tillaga er ekki komin frá nefndinni, veit ég ekki, nema ef það skyldi vera það, að ríkisstjórnin kunni betur við að vita, að þessi löggjöf sé meira almennt brotin en almennt haldin.

Ég vildi gjarna, ef forseti gæti hlutazt til um, að frsm. meiri hlutans yrði viðstaddur umræðurnar. **(Forseti:** Ég býst við, að þm. sé í næsta herbergi og heyri umræðurnar.)

Ég vildi spyrja frsm. allshn., hvort honum sé ekki kunnugt um, að það sé rétt, sem haldið hefur verið fram, að á hverju einasta heimili á landinu, sem þarf á verkafólki að halda, verði ákvæði l. um það, að ekki megi borga hærra kaup á árinu 1942 en borgað var 1941, brotin. Ég vil spyrja hann, hvort hann hafi ekki reynslu um þetta. Ég býst við, að allir þm., sem þurfa á verkafólki að halda, viti þetta. Ég vil spyrja hann, hvað hann meini með því, að gerðardómurinn eigi að færa kaup til lagfæringar og samræmis. Ég upplýsti við fyrstu umr. þessa máls, að það er fjöldi fólks í landinu, sem hefur 1.20 og þaðan af lægra, já 1.10 og þaðan af lægra í kaup. Meinar hann ekki, að gerðardómurinn eigi að hækka þetta kaup? Ef hann gerir það ekki, eru ummæli hans um þetta tóm vitleysa. Því að það er vitað, að þessir menn hafa lægsta kaupið, hafa minnsta atvinnu, því að þeir eru á útkjálkunum, þar sem minnst eftirspurn er eftir vinnu.

Ég hef ekki hugsað mér að halda langa ræðu um þetta mál, en vil undirstrika það, að varnarleysi meiri hlutans og stjórnarinnar í þessu máli stafar af því, að þeir vita, að þessi löggjöf er brotin, áður en búið er að samþykkja hana hér á þinginu. Ríkisstjórnin ætlaði sér þá dul, að setja þessa löggjöf þvert ofan í vilja verkalýðsins í landinu, en er búin að fá þann smjörþefinn af þessari lagasetningu, að hún er í raun og veru flúin frá henni. En sæmra væri henni að reyna að fá samkomulag við verkalýð landsins en að halda áfram í þráa og vitleysu að setja þessi lög, sem allir þm. vita, að eru brotin, áður en þau eru staðfest hér í þinginu.

Það hefur eitthvað verið talað um virðingu Al-

þingis. Ég geri ráð fyrir, að þm. sé sárt um hana. En hvað verður um virðingu Alþingis, ef það heldur áfram að setja lög, sem fyrir fram er vitað, að eru brotin af öllum þorra þjóðarinnar? Það er vitað, að þessi löggjöf var brotin, áður en þetta frv. var lagt fyrir þingið, og hvaða vit er í að halda áfram með aðra eins forsmán og þessi löggjöf er?

Ég vil ekki samgleðjast andstöðuflokkum Alþýðuflokksins með þetta mál, þó að ég viti, að þeim verður það til hins mesta tjóns, en ég vil þó segja það, að þótt ég vilji gjarna, að Alþýðuflokkurinn eflist á þessu máli, þá hefði ég þó heldur séð það, vegna minna góðu félaga í þessari deild og okkar góðu samvinnu, að þessi löggjöf hefði ekki orðið Alþingi til annarrar eins svívirðu eins og hún verður, ef hún verður staðfest.

*__Einar Olgeirsson:__ Ég held það megi segja, að atvinnulífið sé komið í öngþveiti vegna þessara laga. Á hverju sviðinu á fætur öðru, bæði meðal atvinnurekenda og í opinberum rekstri, ræða menn það sín á milli, á hvern hátt þeir eigi helzt að komast í kringum þessi lög eða brjóta þau svo, að sem minnst beri á því. Ég get upplýst það, að í bæjarráði Reykjavíkur og ýmsum stofnunum, sem bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, er það eitt aðaláhyggjuefni forráðamanna bæjarins, að þá vantar vinnuafl, og það hefur þegar verið gripið til þeirra ráða að brjóta þessi lög og hækka kaupið til þess að missa ekki fólkið. Eitt af viðfangsefnunum er það, hvernig skuli fá fólk til þess að vinna við hitaveituna, og eitt af alvarlegustu málum heilbrigðisstjórnarinnar er það, hvernig skuli fá fólk til spítalanna. Nú er svo komið, að fjöldi af sjúkrarúmum er auður, vegna þess að ekki fæst fólk til þess að starfa við spítalana. Það, að ekki er búið að loka sjúkrahúsunum hér í Reykjavík, er vegna þess, að starfsfólkinu hefur beinlínis verið leyft að taka að sér þvott af erlendum hermönnum, því að það hefur ekki fengizt til þess að vera öðruvísi. Svona eru aðferðirnar, sem verður að gripa til vegna þeirrar vitleysu, sem ríkisstjórnin er búin að gera með þessum lögum.

Ég vil nú spyrja: Hvaða ábyrgð ætla þingmenn að taka á sig viðvíkjandi atvinnu hér í sumar? Það þýðir ekki að tala um það með þjósti, eins og gert er hér í sumum blöðunum. Hverjir eru það, sem hindra, að fólkið fari í þessa vinnu, aðrir en þeir, sem hafa girt fyrir það með l.? Það er algert ábyrgðarleysi, ekki aðeins það að setja þessi l., heldur það, að þau skuli geta komizt eins langt og til 3. umr. hér í þinginu, og ég lýsi ábyrgðinni af setningu þessara l. á hendur þeim, sem samþykkja þau. Íslenzkur verkalýður er nú sem stendur of sterkur til þess að þurfa að beygja sig undir þessi þrælalög. Það er líka svo komið, að opinberar stofnanir neita að beygja sig undir þessi þrælalög, og svo getur ríkisstjórnin dregið þá alla saman fyrir dómstólana, en þótt hún geti kært einhverja af þessum mönnum, býst ég ekki við, að hún geti bjargað atvinnuvegunum. Sú ríkisstjórn og þeir þingmenn, sem samþykkja þessi lög, taka á sig ábyrgðina. Það er ekki hægt að halda atvinnuvegunum uppi með þrælalögum. Ekki nema með frjálsu samkomulagi við verkalýðinn í landinu. Þetta verða þm. að gera sér ljóst nú á þessari stundu, þegar frv. er komið til 3. umr.

Stjórn stærsta verkalýðsfélagsins í landinu hefur boðið samvinnu til þess að vinna að því að skipuleggja vinnuaflið hér á Íslandi í þágu ríkisstjórnarinnar og landvarnanna. Ríkisstjórnin hefur ekki svarað þessu. Hún hefur hrundið frá sér útréttri hendi verkalýðsins. Stjórnin hefur máske gert þetta í trausti þess, að með fjölmennri lögreglu og vopnakaupum sé hægt að halda landbúnaðinum uppi. Hv. þm. taka á sig ábyrgðina. Verkalýðurinn hefur gert skyldu sína, þegar hann er búinn að bjóða fram aðstoð sína, sem var vísað á bug. Enginn af þingmönnum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins talar nema af fullkomnu ábyrgðarleysi um, hvers konar vandræði séu framundan. Verkalýðsfélögin bjóða til samvinnu um skipulagningu á vinnuaflinu, en enginn þessara þingmanna minnist á það.

Ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar hafa allar miðað að því að auka öll störf við óþarfa vinnu í landinu. Það hefur verið aukinn innflutningur á óþörfum vörum. Það hefur ekki verið byggt og meira og meira af húsnæði ríkis og bæja tekið í gersamlega óþarfan atvinnurekstur. Það hefur ekkert verið gert til þess að stemma stigu fyrir þessum óþarfa rekstri, sem er öllum til ills. Ekkert hefur verið gert, sem gæti miðað til þess að leiða vinnuaflið frá óþarfari störfunum til hinna þarfari. Það hefur ekki verið snert við neinu sviði atvinnulífsins nema því að halda kaupi verkalýðsins niðri. Það er nauðsynlegt, að þetta komi greinilega fram og það aftur nú við þessa umr., vegna þess að í blöðum þeim, sem styðja ríkisstjórnina, er stöðugt klifað á þeim vandræðum, sem séu framundan, en aftur á móti reynt að gera ástandið sífellt verra og beinlínis lokað þeirri einu leið, sem til er, þ. e. samkomulag við verkalýðinn. Hverjir halda hv. þm., að haldi uppi atvinnulífinu í landinu? Ætla þeir að gera það, þegar þingi er lokið, eða láta blöðin gera það eða þá, sem starfa í Bretasjoppunum? Þeir hundsa þann eina aðila, sem gæti það. Og ekki aðeins það, heldur reka þeir snoppung í andlit hans með þessum lögum. Það er nauðsynlegt, að þeir geri sér ljóst, hverjar afleiðingar verk þeirra kunna að hafa.

Ég vil nú snúa mér að því, sem frsm. allsh. sagði um andstöðuna í landvörnunum í sambandi við þetta mál. Hann minntist á, að útlendingarnir, sem hefðu þær með höndum, ættu að sjá um þær. Það væri nauðsynlegt, að verkalýðurinn sæi um það, sem þyrfti að vinna hér í landinu. Í því sambandi liggur næst að spyrja: Hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til að fá þessa aðila til þess að sjá um slíkt, og hverjar undirtektir hefur sú tilraun fengið, ef hún hefur verið gerð? Það liggur engin skýrsla fyrir um það. Og enn fremur í hvaða tilgangi slík tilraun hafi verið gerð, ef hún hefur verið gerð. Hefur hún verið gerð af áhuga fyrir herstjórninni eða af áhuga fyrir því, að hægt verði að halda kaupi verkalýðsins niðri? Var slíkt í uppsiglingu, þegar viðskmrh. flutti ræðu sína á síðasta þingi um lögþvingaðan gerðardóm? Var ekki hægt að koma á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, nema herstjórnin sæi um það jafnvægi? Var það til-

gangurinn að fá þá til þess, svo að hægt væri að halda kaupinu niðri? Ég spyr, því að það er nauðsynlegt, að þetta komi fram í umræðunum. *Þetta var ekki til þess að bjarga atvinnuvegunum*, heldur til þess að svipta verkamenn þeirri aðstöðu, sem þeir höfðu, og halda kaupi þeirra niðri.

Hvernig stendur á því, að útlenda herstjórnin hefur áhuga fyrir því að hafa íslenzka verkamenn í þjónustu sinni? Það stendur svoleiðis á því, að það kaup, sem innlendir verkamenn fá, er miklu minna en það, sem þeir þyrftu að borga útlendingum. Það borgar sig fyrir herstjórnina að hafa innlenda verkamenn í þjónustu sinni. Ef hér sæti skynsöm ríkisstjórn, mundi hún fá verkamenn til þess að hækka kaupið. Þangað til farið væri að flytja inn erlenda verkamenn. Auðvitað þyrfti að byggja yfir þá verkamenn, en það krefst aftur meiri vinnu. Hingað *hafa verið teknir ameríkskir verkamenn*, en það hefur aldrei verið gefið upp, hvaða kaup þeir hefðu, og það er af því, að það hefur verið svo hátt, að flesta íslenzka verkamenn mundi sundla, ef þeir vissu, hve hátt það er.

Íslenzkur verkalýður verður að nota sér þetta eina tækifæri, sem hann hefur fengið, til þess að tryggja sér nægilega vinnu í þessu þjóðfélagi, því að nú er það hægt, án þess að atvinnurekendastéttin geti veitt nokkra mótspyrnu, og hann verður að reyna að fá kjarabætur, því að allir vita, hvernig verkalýðnum gengur að fá kauphækkun á atvinnuleysistímum. Verkalýðurinn hefur því beina hagsmuni af því að stuðla að því, að það ástand haldist, sem skapar eftirspurn eftir vinnuaflinu. Þess vegna er eðlilegt, *að hann standi á móti hvers konar tilraun* til þess að svipta hann þessari aðstöðu. Þegar svo fara saman hagsmunir þjóðfélagsins og hagsmunir þessarar stéttar, er sjálfsagt fyrir verkalýðinn að standa fast um þetta, og þegar verkalýðurinn hefur boðizt til samstarfs um þetta mál og því hefur verið neitað, er það ekki honum að kenna, hvernig fer. Það er orðið ljóst, að þessi lög, sem hér um ræðir, eru að nokkru leyti gagnslaus, en að nokkru leyti hægt að nota þau til þess að beita harðvítugum aðferðum til þess að eyðileggja atvinnulíf þjóðarinnar. Það er hart, að fylgi við eina ríkisstjórn skuli verða þess valdandi, að menn eru reiðubúnir að samþykkja svona vitleysu, og það er hart, að sjálfstæði þingmanna skuli ekki vera svo mikið, að þeir treysti sér til þess að horfast í augu við staðreyndirnar.

Brtt. þær, sem hérna liggja fyrir frá n., eru yfirleitt lítils eða einskis virði, og það er ekki nema gott. Það eina, sem raunverulega getur hjálpað, eins og nú er komið, er, að þetta frv. sé felld eða á annan hátt vísað frá og að ríkisstj. taki upp samninga við þann aðila, sem hún hefur mest fjandskapazt við í þessu máli, til þess í samvinnu við hann að leysa þau vandamál, sem nú steðja að.

*Fjmrh. (**Jakob Möller**): Ég ætla ekki að lengja umr. ákaflega mikið. Ég ætlaði mér að segja nokkur orð við 2. umr. málsins, en það atvikaðist svo, að ég gat ekki komið því við.

Út af því, sem um þetta mál hefur verið sagt hér í þessari hv. d. af andmælendum þess, vil ég án þess að fara að rekja það í einstökum atriðum aðeins lýsa yfir því, að ég get ekki fyrir *mitt leyti viðurkennt* það, að ríkisstj. verðskuldi nokkur ámæli fyrir það, sem ýmsir hv. þm. hafa talað um, en það er vanræksla hennar í því efni að sporna á móti verðhækkunum í landinu. Sannleikurinn er sá, að aldrei hefur neinn grundvöllur til þess að sporna á móti verðhækkunum í landinu verið til, fyrr en þessi lög voru sett.

Hv. þm. tala ákaflega hátt, eins og hv. síðasti ræðum., og slá á tilfinningastrengi og aðra strengi í sambandi við þetta mál. Þeir hrópa upp, að hér séu á ferðinni kúgunarlög o. s. frv., og heimta í öðru orðinu, að gerðar séu ráðstafanir til að halda dýrtíðinni niðri, en gera sér þó ekki ljóst, hvað það er, sem þarf til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Að halda dýrtíðinni *niðri er það sama og* að halda framleiðslukostnaðinum innanlands niðri. Án þess er það ekki hægt. Það er ekki nema sjálfsblekking, ef menn halda, að hægt sé að greiða svo og svo mikið fé úr ríkissjóði til þess að borga mismun afurðaverðs, því að dýrtíðin er til staðar þrátt fyrir þetta. Hún er með þessu falin, en kemur í ljós strax, þegar ríkissjóður verður að hætta að borga, þegar hann á enga peninga til. Eina ráðið til þess að vinna á móti dýrtíðinni er að halda niðri framleiðslukostnaðinum, og það hafa þessi lög gert, sem banna hækkanir á kaupi og afurðaverði umfram það, sem ákvarðast af dómnum. Hitt er svo annað mál, hvort við höfum nokkurn tíma verið þess megnug að halda dýrtíðinni, þ. e. a. s. framleiðslukostnaðinum, niðri. Það hef ég verið í miklum vafa um og er enn. En ofan í margendurteknar áskoranir þingsins í þessa átt, sá ríkisstj. sér ekki fært að láta lengur hjá líða að gera þá úrslitatilraun, sem felst í lagasetningu þeirri, er hér um ræðir. Hvort sú tilraun mistekst, eins og þeir hv. þm., sem tala á móti frv., hafa spáð, það er annað mál. Reynslan verður að skera úr um það.

Ástæðan til þess, að við höfum ekki það vald yfir þessum málum, sem nauðsynlegt kann að vera, er sú, að við erum ekki einráð um, hver *framleiðslukostnaðurinn í landinu* verður. Þetta hefur verið ljóst frá upphafi þessa máls. Og það verða allir að gera sér grein fyrir, hvernig ástandið er og hvað af því mundi leiða, ef við slepptum dýrtíðinni lausri og létum skeika að sköpuðu með hækkun kaupgjalds og afurðaverðs. En af því leiddi, þegar horfin eru þau utanaðkomandi öfl, sem nú eru hér að verki, atvinnuleysi og verðhrun og mesta neyðungarástand bæði fyrir framleiðendur og verkamenn. Það var þetta, sem átti að fyrirbyggja með því að setja þessi lög. Ef þau bresta, þá er ekki hægt að gera við því, en þá kemur að því síðar, að það verður að gera ráðstafanir hliðstæðar þeim, sem með þessum lögum hafa verið gerðar.

Ég endurtek svo það, að ég fyrir mitt leyti tek ekki við neinum ákúrum fyrir að hafa brugðizt því að reyna að halda dýrtíðinni niðri, því að þau meðul, sem ríkisstj. voru fengin í hendur til þess, voru gersamlega ófullnægjandi. Ég býst annars við, að um þessi mál verði ýtarlegar rætt á nokkuð öðrum grundvelli. Ég geri ráð

fyrir, að þau beri á góma á fundi þeim, sem boðaður hefur verið fyrir luktum dyrum í sameinuðu þingi í kvöld, og þá gefist tækifæri til þess að ræða þessi mál. Og að sjálfsögðu ber þá á góma það, sem hv. 4. þm. Reykv. var nú að tala um, samvinnu á milli ríkisvaldsins og verkalýðsins í þessum málum, sem vel getur verið æskileg, og ef til vill, eins og hann komst að orði, getur orðið eina úrræðið, og er í rauninni það æskilegasta, ef slíkt er mögulegt. En þá verða menn að gera sér ljósa grein fyrir því, að uppskrúfun á kaupgjaldinu er engin lækning á ástandinu. Og ég vil í því sambandi vísa til þess, sem fregnir bárust nú af, t. d. frá Bandaríkjunum, og upp hefur verið tekið víðs vegar um lönd, hvaða ráðstafanir þar eru gerðar til þess að halda niðri dýrtíð. Og við þurfum ekki að hugsa okkur, að við höfum aðrar leiðir en þær, sem þar eru reyndar.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Ég átti brtt. á þskj. 73 við 2. umr. þessa máls, en tók þær aftur til þessarar umr. með það fyrir augum, að nefnd sú, sem með málið hefur að gera, tæki þær til athugunar. Nú hefur hv. frsm. n. lýst því yfir að n. hafi ekki getað fallizt á að taka þessar till. til greina. Ég skal þá jafnframt lýsa yfir, að till. tek ég ekki aftur, heldur læt ég þær koma undir atkv., og mun ég greiða atkv. á móti frv., ef till. mínar verða felldar.

N. hefur gert nokkrar brtt. við frv., síðan það var hér síðast, og ég skal ekki lasta það. En mér fannst það merkilegt um hv. meiri hl. n., að hann vildi gleypa þetta alveg hrátt, og sá ekkert sem hægt væri að breyta til batnaðar í slíku flausturverki sem þessi brbl. þó eru. Nú hefur hv. meiri hl. n. komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að breyta ýmsum ákvæðum l., en ég vil nú telja, að það sé mjög mikið vafamál, hvort sumar þessar breyt. séu til hins betra. Án þess ég ætli að rekja þessar brtt., það hefur hv. frsm. gert, þá ætla ég að minnast hér sérstaklega á 2 atriði þeirra.

Hv. meiri hl. n. leggur til, að 5. gr. frv., sem nú á að verða 7. gr., verði breytt þannig, að þar verði felld burtu ákvæðin um að binda verðlag á nauðsynjavörum við það, sem það var í árslok 1941. Þetta er alveg það sama og ég hef farið fram á í einni af minum till. Hins vegar vill n. láta standa óbreytt ákvæðið um kaup og kjör, en það vildi ég, að felld yrði niður líka. Aðaluppistaðan í brbl. er að banna hækkun á verðlagi og grunnkaupi, en það er að minu áliti hlutur, sem ekki er hægt að banna, eins og ég skal koma að síðar. En ég held, að menn hljóti að sjá, að það er allmikið ósamræmi í þessu hjá hv. n., að fella niður fyrirskipunina um að halda verðlagi nauðsynjavara niðri í því, sem það var í árslok 1941, en láta það standa óbreytt, að því er snertir kaupgjaldið. Þó tel ég þetta spor í rétta átt, af því að það er leiðrétting á því, sem ég álít vansmíð á brbl. Hins vegar hefur hv. n. gert till. um það, að felld verði burtu ákvæðið um, að ríkisstj. láti semja skrá yfir nauðsynjavörur og sú skrá verði svo til meðferðar hjá gerðardómnum. Þetta á að vera óbundið, en ég held, að ómögulegt sé að ætlast til þess, að gerðardómurinn fari að taka fyrir allar vörutegundir, sem seldar eru innan lands, bæði innlendar og útlendar vörur. Það þarf að fara fram eitthvert undirbúningsverk, ef hann á að komast yfir það.

Mig furðar mjög á því, fyrst hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi, að brtt. mín um það, að þessi dómur yrði skipaður allur af hæstarétti, væri rétt, að hann og hv. meðnm. hans skyldu þá ekki sjá ástæðu til að taka þessa till. til greina. Mér skilst á hv. frsm. meiri hl., að þetta hafi verið gert vegna þess, að búið var að gera axarskaftið áður, og þá hafi nefndarmeirihl. þótt það harkalegt að fara að setja þannig óbeinlínis ofan í við ríkisstj. með því að fara að breyta þessu atriði. (__BJ:__ Þetta er misskilningur. Það var engin ástæða til að ætla, að það bætti nokkuð). Það getur vel verið. Þessi hv. þm. er nú dómari. En ég held, að dómurum sé yfirleitt ljóst, að almenningur, sem á að hlíta úrskurðum þeirra, leggur mjög mikið upp úr því, hvort sá, sem úrskurð fellir, er óvilhallur. En það er ekki hægt að segja, þegar dómur er settur í ágreiningsmáli, að maður geti átt tryggingu fyrir óhlutdrægum úrskurði, ef annar aðalinn á að ráða öllum dómendunum. Og nú er það svo, að ríkisvaldið er hér að setja dóm, til þess að vernda hagsmuni, sem það telur hagsmuni ríkisins, gagnvart almenningi. Það er því alger hugsunarvilla að halda því fram, að það hafi enga þýðingu. (__BJ:__ Hagsmunir ríkisins og þegnanna fara saman.) Það er alveg rétt. En að þeim, sem á að þola dóm, sé sama, hvort farið er rétt eða rangt með mál, að þeim sé það einskis virði, það er hlutur, sem ég hef aðra skoðun á en hv. frsm. meiri hl. Ef menn eiga að fá frið og sátt í þjóðfélaginu um einhver mál, þá er óþarft að vera að gera sérstakar ráðstafanir til þess að erta menn og vekja hjá þeim tortryggni. N. gat því ósköp vel tekið það upp, fyrst henni þótti það betra fyrirkomulag.

Það er ekki hægt að komast hjá því í sambandi við þessa lagasetningu að minnast enn á það, hversu mikla þýðingu það hefur, hvort slíkar ráðstafanir ná þeim tilgangi, sem til var ætlazt. Hæstv. fjmrh. sagði rétt áðan, að það væri óleyst spurning, hvort þetta næði tilgangi sínum, og það yrði að gera tilraun til þess að fá úr því skorið. En líkur geta verið ákaflega sterkar, og ég held, að ákaflega sterkar líkur séu fyrir því, að einmitt þessi löggjöf nái ekki tilgangi sínum. Maður verður, eins og hæstv. ráðh. sagði, fyrst að gera sér grein fyrir orsökum hlutanna. Það er alveg víst, að orsök dýrtíðarinnar er hækkun verðlags. Og það er líka víst, að orsök hækkunar á verðlagi og vinnuafli er sú, að það hefur verið skortur á hvoru tveggja. Nú er og hefur lengi verið hér vöruskortur, og það er fyrsta ástæðan til dýrtíðarinnar. Nú er orðin hér mikil vinnuekla, og það er náttúrlega ein aðalorsök þess, að kaupgjald hækkar. Er nokkur leið til þess að koma í veg fyrir þetta? Að því er ég bezt veit var a. m. k. engin tilraun gerð af hálfu ríkisstj. til að koma í veg fyrir vöruskort, eins og ég tók fram við 2. umr. Vitanlega voru um þetta skiptar skoðanir í ríkisstj., þar sem sumir ráðh. vildu gera ráðstafanir til þess, að sem mest yrði flutt inn af vörum, en þeir fengu þessu ekki ráðið. Meiri hl. ráðh. var

með því að halda uppi vöruskorti og leggja með því grundvöllinn að þeirri dýrtíð, sem nú er í landinu.

Það er talað um, að enginn grundvöllur hafi verið undir því að ráða verðlagi í landinu. Ég veit ekki betur en verið hafi lengi til grundvöllur undir ráðstafanir til þess að ákveða verðlag. Það er vitað, að ríkisstj. hefur fyrir löngu fengið heimild til að ákveða verðlag á innfluttum vörum og iðnaðarvörum, og enn fremur hafa sérstakar verðlagsnefndir sama vald yfir kjöt- og mjólkurframleiðendum. En á þessu hefur verið tekið vettlingatökum. Það má nefna smádæmi um þetta. Ég get nefnt dæmið, þegar fyrir atbeina ríkisstj. var flutt inn smjör frá Ameríku. Það var ekki notað til þess að minnka dýrtíðina. Nei, það var selt sama verði og íslenzka smjörið. Þó kostaði það ekki nema 80 cents, eða um kr. 5.30. Þar sem ríkisstj. kom því við, hélt hún sér dyggilega við þá reglu að hafa dýrtíðina sem mesta. Það er vitað mál, að það er ekki eingöngu framleiðslukostnaðurinn, sem ræður verðlaginu, heldur er það, eins og ég sagði áðan, eftirspurnin og vöruskorturinn.

Ég viðurkenni fullkomlega, að mikil nauðsyn sé á því að halda niðri dýrtíðinni, þó að menn geti deilt um, hvaða aðferðir skuli til þess hafðar. Ég er viss um, að þessa löggjöf átti aldrei að setja. Ég er sannfærður um, að hægt hefði verið að ná samkomulagi, sem hefði getað orðið miklu farsælla. Það eina, sem hefði getað komið að baldi, er samkomulag. Menn verða að skilja, hvaða orsakir valda því, að menn krefjast hærra kaups en áður. Það var einu sinni viðkvæðið, að menn yrðu að hafa þurftarlaun. Þessa kröfu var ekki hægt að uppfylla, meðan menn áttu við atvinnuleysi að búa. En svo koma þeir tímar, að fólk álítur, að það eigi að hafa meira en þurftarlaun, það er þegar striðsgróðinn svellur yfir þjóðina. Þegar fólkið sér, að menn eru að græða, þá segir það sem svo: Af hverju má ég ekki verða efnaður maður, eins og aðrir? Hef ég unnið minna til þess en aðrir? Eða er það nokkur þjóðfélagsógæfa, þó að verkamaður eða sveitamaður verði efnaður? Það er ómögulegt að svara þessu öðruvísi en að það sé engin ógæfa. Og þá er bara að finna til þess ráð, að það leiði ekki til ófarnaðar. En það verður ekki gert nema með því, að fullur skilningur ríki um það, hvaða hætta er hér á ferðum. Það þýðir ekkert fyrir menn, þótt það séu valdamenn í ríkisstj., að fara að beita neinum hörkubrögðum. Þetta verður að leysast með skynsemi og sanngirni. Og þegar settur er dómur um einhver mál, þá ber að tryggja, eftir því sem kostur er á, að úrskurður sé óvilhallur. Það þarf að skapa á honum traust, að hver dómari geri það, sem samvizkan býður honum, það, sem hann álítur rétt. Dómurinn á því að vera skipaður af því valdi, sem mest traust er borið til og er utan við allar pólitískar stefnur, en það er hæstiréttur. Og ef mín till. í þessu efni verður ekki samþ., þá greiði ég atkv. á móti frv. Sama er að segja um það, að grunnkaup megi ekki hækka frá því sem það var í árslok 1941. Það þýðir ekki neitt.

Það er óþarft að endurtaka það, að atvinnuvegirnir bíða eftir að fá vinnuafl. Dettur mönnum í hug, að það þýði að banna bændum að bjóða það kaup, sem þeir þurfa, til þess að geta fengið kaupamenn? Það þýðir ekkert. Þeir fara ekki eftir neinu lagaboði um það. Og alveg eins er það með alla, sem þurfa að láta vinna eitthvert verk fyrir sig. Þeir fá þann vinnukraft, sem þarf til þess að vinna verkið. Eins hefur líka nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að það þýði ekki að banna mönnum að hækka vöruverð frá því sem það var í árslok 1941, því að ef það kemur maður og biður um vöruna og vill borga fyrir hana meira en hún kostaði í árslok 1941, þá takast samningar milli þessara manna. Það er alltaf hægt að fara í kringum það.

Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta mál, því að sennilega verður mönnum ekki mikið þokað úr því sem komið er. En ég vil að lokum benda á það, að ef löggjöf á að standa um þetta efni, þá á náttúrlega að greina milli þess, sem á að vera varanleg löggjöf, og hins, sem aðeins er miðað við styrjöldina. Það var það, sem ég gerði með brtt. minum, en hv. allshn. hefur sennilega ekki viljað fallast á það.

*__Einar Olgeirsson:__ Það eru nokkur orð til hæstv. fjmrh. út af framleiðslukostnaðinum. Hann segir, að það skapist af vinnulaunum plús efni og öðru, sem til framleiðslunnar þarf. Ég býst við, að það, sem hann á hér fyrst og fremst við með framleiðslukostnaðinum, sé vöruverðið. En inn í vöruverðið kemur ekki aðeins vinnulaun, efni og annað þess háttar, heldur líka gróði atvinnurekandans. Hann segir, að það þurfi að halda framleiðslukostnaðinum niðri. Ég vil orða það þannig, að það þurfi að halda vöruverðinu niðri. Við skulum nú athuga, hvort það er hægt, og það er hægt, þótt vinnulaun hækki. Það er til sá möguleiki, sem ég held, að hæstv. stj. hafi alveg gengið fram hjá. Það er hægt með því að minnka gróða framleiðendanna.

Við skulum nú athuga eitt atriði í þessu máli, sem átti mikinn þátt í, að stj. gaf út þessi brbl., en það eru kaupkröfur járnsmiðanna. Ég skal ekki segja, hvort slík hækkun hefði orðið til þess að hækka verð á viðgerðum og smíði hjá járnsmiðjunum, enda getum við leitt það hjá okkur. Spurningin er bara þessi: Var hægt að verða við kröfum járnsmiðanna, án þess að smíða- og viðgerðakostnaður hækkaði hjá járnsmiðjunum? Hækkunin, sem járnsmiðir fóru fram á, mundi hafa numið um 150 þús. kr. á ári. Gróði smiðjanna mun vera upp undir 3 millj. kr. á ári, svo að það er alveg hægt að verða við þessum kröfum um hækkun um 20%, án þess að hækka vöruverðið nokkuð, ef það er látið ganga út yfir gróðann á viðkomandi vörum, og þegar gróðinn er kannske 3 millj., þá er auðséð, hvort það er ekki hægt. Alveg það sama býst ég við að sé hjá prenturum. Og þetta er það spursmál, sem liggur fyrir um allt okkar atvinnulíf. Það er hægt að verða við kröfum um hækkað kaup, án þess að vöruverðið hækki, svo framarlega sem það er látið ganga út yfir atvinnurekendurna. Spursmálið er: Út yfir hvaða atvinnurekstur á að láta það ganga? Alþ. hefur það í sínum höndum. Alþ. hefur möguleika til að skipta þjóðartekjunum á þennan hátt, ef það er þeirrar skoðunar, ef það álítur, að rétt sé, að verkalýðurinn fái hærri laun og

ef þingið er þeirrar skoðunar, að gróði atvinnurekendanna megi minnka. Hækkun kaupgjalds þýðir ekki endilega meiri dýrtíð. Það er hægt að komast hjá því, ef gróðinn er tekinn af atvinnurekendunum að sama skapi og kaupið er hækkað.

Nú er rétt að geta þess, að meðal atvinnurekenda eru hins vegar fjölda margir avinnurekendur, sem ekki gætu borið slíkt, en það er hægt að bæta hag þeirra á kostnað þeirra stærstu, t. d. á kostnað stórútgerðarauðvaldsins.

Hæstv. fjmrh. segir, að uppskrúfað kaupgjald sé engin lækning. Það er lækning á einu. Það er lækning á fátækt verkalýðsins, svo framarlega sem það er hindrað, að dýrtíð fari vaxandi.

Ég vil nú spyrja: Hefði 20% hækkun á launum alls verkalýðs verið framkvæmanleg, án þess að dýrtíð hefði aukizt? Nú stóð það ekki til, þegar þessi l. voru gefin út, heldur voru það aðeins 5—600 menn hér í Reykjavík, sem heimtuðu hækkun. Það hefur verið óskað eftir því í sambandi við umr. um skattamálin, að hæstv. stj. léti fara fram hagfræðilega athugun á því, hvernig þjóðartekjurnar skiptust sem stendur. Það hefur verið gert einu sinni, fyrir 8 árum, af hinni svonefndu Rauðku. Síðan hefur slíkt ekki verið gert. Þegar verið er að taka stórvægilegar ákvarðanir um skiptingu þjóðarteknanna, eins og nú er verið að gera, hefðu átt að liggja fyrir þessar skýrslur til að byggja á. Þó að ekki hefði verið nema fyrir árið 1940, þá hefði það strax verið til mikils góðs. Ef gengið er út frá, að árið 1941 hafi heildartekjur þjóðarinnar verið 350 millj. kr., þá efast ég um, að tekjur verkalýðsins hafi verið yfir 100 millj. Og þá er ég viss um, að 20% hækkun á launum hans hefði verið framkvæmanleg, án þess að dýrtíð hefði aukizt. Það hefði orðið með l. að afstýra því, að bændur hefðu orðið að hækka vöru sína. Ég benti fyrir einu ári á leið til þess. Þegar gerðardómnum var skellt á, var alls ekki um slíkar kaupkröfur að ræða, það mun aðeins hafa verið um að ræða ½ millj. kr. hækkun, en ekki 20 millj. En jafnvel 20% eða 20 millj. kr. hækkun hefði verið framkvæmanleg, án þess að dýrtíð hefði aukizt, ef það hefði verið látið ganga út yfir gróða stórútgerðarinnar, sem mun hafa numið um 30 millj. kr. nú á einu ári af þessum 30 togurum. Af þessu fer að vísu meiri parturinn í skatta, en ríkið, sem tekur þá, hefur líka um 17 millj. kr. tekjuafgang fyrir s. l. ár. Ég benti áðan á, að gróði járnsmiðjanna hefði verið um 3 millj., og þó að sá atvinnurekstur hafi orðið að bera allmikla skatta, þá efast ég ekki um, að ef það hefði verið athugað, þá hefði komið í ljós, að unnt hefði verið að hækka laun alls verkalýðs um 20% eða 20 millj. Það, sem hér er um að ræða, er því hörð stéttabarátta, sem verður útkljáð eftir því, hvor stéttin er sterkari, og hæstv. ríkisstj. hefur nú gengið í lið með atvinnustéttinni, eða réttara sagt nokkrum hluta hennar, þeim, sem mestan gróða hefur, þeim, sem ræður nú yfir stríðsgróðanum. En jafnvel þó að um það hefði verið að ræða að afnema stríðsgróðann, þá hefði það líka verið réttlætanleg krafa af hálfu verkalýðsins, krafa, sem nú er allt að því verið að framkvæma af þeim þjóðum, sem hvað eftir annað er verið að vitna til í sambandi við þennan gerðardóm. Þeir vitna til Bandaríkjanna, og er þá rétt að benda á það, að þar mun hafa átt sér stað 25% kauphækkun hjá öllum verkalýð, en vöruverð mun ekki hafa hækkað nema um 6%.

Það er því ekki rétt, að ekki hafi verið beitt á aðferðir til að halda niðri dýrtíð, þó að kaupgjald hækkaði. Hitt er annað mál. Undir því er komið, hvernig fer, hvor aðilinn er sterkari. Það, sem ég hef verið að sýna fram á, er það, að sú stétt, togaraeigendastéttin, sem í raun og veru hefur fengið sína hagsmuni fram knúða með þessum l., hún er að koma atvinnulífinu í algert öngþveiti með því að knýja þetta fram. Það er hægt að leysa þetta mál með því að hækka laun verkalýðsins og láta það ganga út yfir gróða þessarar stéttar. Þessi barátta er því eðlilega stéttabarátta, en þarf ekki að snerta hitt, hvort dýrtíð eykst. Þess vegna er það, að þegar við ræðum þetta mál, þá er hægt að taka þetta atriði eitt út úr, kaupkröfur verkalýðsins, og ég hef nú sýnt fram á, að hægt er að verða við þeim, án þess að dýrtíð aukist þar með.

*__Fjmrh. (Jakob Möller)__: Þessi rakahringras hv. 4. þm. Reykv. er óþægileg í meðförum, því að svo lengi er hægt að snúast hring í kringum sjálfan sig, að ekki verði fest hönd á manni, að það má æra óstöðugan. Þessi setning hv. þm., að það sé hægt að halda niðri framleiðslukostnaðinum, þó að vinnulaun hækki (__EOI__: Vöruverðið) — —. Hann vildi skýra það svo, að það, sem ég ætti við með framleiðslukostnaði, væri vöruverðið. Ég held, að ef framleiðslukostnaður vex, verði vöruverð að hækka, og hann játaði það, en fór svo létt yfir það. Hann sagði um kaupkröfur járnsmiðanna, að þá hækkun hefði mátt taka af járnsmiðjunum, af því að þær græddu svo mikið. Það kann rétt að vera, en það eru til minni framleiðendur, sem hafa minni gróða og kannske tapa, og þeir þola ekki þessa hækkun á framleiðslukostnaðinum. En hann vill þá láta borga þeim til. En hvernig standa þessir menn, þegar upp er staðið? Þá standa þeir eftir með framleiðslukostnaðinn, en þá er þeim ekkert borgað til, af því að þá er ekkert til að borga þeim. Nei, þetta verður ekki gert nema með því að halda raunverulega framleiðslukostnaðinum niðri. Svo vill hann ólmur ná í stríðsgróðann, en það er gert á annan hátt. Það er gert með sköttum. Og þegar skattarnir eru komnir upp í 90%, þá er það allmikill hluti, sem þannig er tekinn. Hann segir, að stríðsgróðamenn fái mikið undanþegið sköttum, sem þeir megi leggja í varasjóð, en þeir eiga eftir að endurnýja tæki sín, þegar þessu ástandi linnir, og til þess er ætlazt, að þeir verji því fé, sem þeir fá undanþegið skatti, en meiri hl. gróðans fer í ríkissjóð og verður varið til að létta það neyðarástand, sem hlýtur að koma, þegar þessari gróðaöld linnir. Þess vegna er ekki hægt að taka eina framleiðslugrein og segja, að hún þoli þessa hækkun á kaupinu, því að það eru aðrar framleiðslugreinar, sem þola hana ekki, nema verðið sé hækkað eða þá að fá styrk af opinberu fé. Ef afurðaverðið hækkar, þá er dýrtíðin í algleymingi. Ef styrkur er veittur af opinberu fé, þá er grundvöllurinn falskur. Þá er allt

syndandi kviksyndi, af því að það er ekki hægt óendanlega að halda þessum atvinnurekstri uppi með styrk af opinberu fé. Og hvað verður þá gert? Annaðhvort verður að skera kaupið niður eða þá að atvinnurekstrinn verður að leggjast niður, því að ef öllu fé, sem er til ráðstöfunar hjá því opinbera, hefur verið varið til að halda uppi falskri afkomu atvinnurekstrarins, þá verður ekkert til að gera það með, þegar virkilega á reynir.

Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að dýrtíðin yrði ekki læknuð með uppskrúfuðu kaupi, — honum var illa við það orð —, en hann sagði, að fátæktin yrði læknuð með því. En það er nú meinið, að það er ekki, og af þessari ástæðu, sem ég hef tilgreint, að uppskrúfað kaup hlýtur að færa með sér aukna dýrtíð og ézt þess vegna upp, eins og reynslan á undanförandi tíma sýnir, svo að ekki þarf um það að deila, það er öllum ljóst. Þessi felumynd, sem hann býr sér til, að það sé hægt að fela það raunverulega ástand með ýmiss konar tilfærslum, er ekkert nema sjálfsblekking, — fátæktin verður alltaf sú sama.

Hann undirstrikaði mjög ákaft, að í þessum verkföllum, sem hér hófust í vetur, hefðu ekki tekið þátt nema um 500 menn, og hefði ekki munað miklu að verða við kröfum þeirra. Það má kannske segja þetta, en ég veit, að þessi hv. þm. telur það sjálfsagt, að ef þessir menn hefðu fengið kröfum sínum framgengt, þá hefðu allir komið og fengið sams konar hækkun og hækkun ofan á hana, þegar hefði sýnt sig, að dýrtíðin hefði haldið áfram að vaxa. Þetta kalla ég uppskrúfun, — við getum sleppt að deila um orðið, það er sama, hvað það er kallað —, en þetta orð er ekki fjarri lagi, þegar hvað skrúfar annað upp, verðlag og kaupgjald, með þessum hætti.

Fleira þarf ég svo ekki um þetta að segja að sinni.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Hæstv. fjmrh. hefur nú brugðið út af þeirri venju stj. að þegja við þessa umr., en hefur gert frv. nokkuð að umræðuefni.

Það, sem mér hefur mest þótt einkenna ræður hans, er það vonleysi, sem fram kom hjá honum yfir, að þetta frv. næði tilgangi sínum. Það kom berlega í ljós í ræðu hæstv. ráðh., að hann er í rauninni vonlaus um, að frv. nái nokkru af þeim tilgangi, sem stj. ætlast til.

Hæstv. ráðh. hefur sérstaklega talað um dýrtíðina og dýrtíðarráðstafanir, en ekki farið neitt inn á að ræða kaupgjald og framkvæmd hins svonefnda gerðardóms. Ég hef gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá stj. til að svara tveimur fyrirspurnum í sambandi við kaupgjald og leitaðist eftir því við hv. frsm., hvort hann vildi ekki svara þessum tveimur fyrirspurnum, en hann hefur skotið sér undan því. En fyrst hæstv. fjmrh. hefur nú látið svo lítið að taka til máls við þessa umr., þá langar mig til að freista þess, hvort hann vill ekki gera tilraun til að svara þessum fyrirspurnum mínum, fyrst hvorki neinn annar ráðh. né hv. frsm. meiri hl. hefur treyst sér til að gera það. Fyrri fyrirspurnin var, hvort hæstv. stj. væri ekki fullkunnugt um, að þessi löggjöf væri þegar brotin víða um land, bæði af því opinbera sem öðrum, og sérstaklega væri hún brotin við ýmsa vinnu í Reykjavík og hlyti að verða brotin á hverju heimili í landinu, sem þyrfti á kaupafólki að halda. Hin fyrirspurnin var um það, hvort hæstv. stj. liti svo á, að gerðardómurinn ætti að lagfæra, annaðhvort fyrir annarra tilstilli eða eigin tilstilli, grunnkaup hjá þeim, sem hafa lægst grunnkaup. Benti ég í því sambandi á 2000 verkamenn, sem hafa grunnkaup kr. 1.20 og lægra og hér af 1000 verkamenn, sem hafa í grunnkaup kr. 1.10 eða lægra. Ég vil fá að vita, hvort það er meiningin, að gerðardómurinn ætli að lagfæra grunnkaup þessara manna til samræmis við grunnkaup annarra, sem hafa hærra kaup. Mér þykir mikið undir því komið, af því að þarna eiga hlut að máli mjög margir fátækir menn, sem hafa heldur litla vinnu, að fá úr því skorið, hvort þetta er meiningin. Ég ber það traust til hv. fjmrh., úr því að hann fór að brjóta þá reglu hæstv. stj. að þegja við þessa umr., að hann reyni að svara þessum fyrirspurnum.

Höfuðvillan í dýrtíðarlöggjöf hæstv. stj., eins og hún kom fram í þessum brbl., er frá mínum bæjardyrum séð, að hæstv. stj. réðst gegn kaupgjaldinu, en ekki gegn dýrtíðinni. Hæstv. fjmrh. hefur blandað þessu tvennu nokkuð saman. Hann virðist halda því fram, að dýrtíð geti ekki vaxið nema kaupgjald vaxi. Nú er kaupgjald tvenns konar, grunnkaup og dýrtíðaruppbót, en hækkun á dýrtíðaruppbótinni er engin kauphækkun, og verkamaðurinn ber ekki meira úr býtum, þó að dýrtíðin vaxi og hann fái hærri dýrtíðaruppbót meðan hann fær enga grunnkaupshækkun. Getur það því ekki haft áhrif á kjör verkamanna til bóta, þó dýrtíðaruppbót hækkaði árið 1941, fyrst engin grunnkaupshækkun fór fram í landinu og kaupgjald allt stóð í stað. Aftur hækkaði dýrtíðin ákaflega ört, og hæstv. fjmrh. má vera það ljóst, að frá því 1. júlí 1941 til 31. des. þ. á., hækkaði dýrtíðin úr 57% upp í 83%, og á þeim tíma stóð grunnkaup alveg í stað. Þess vegna eru það ekki grunnkaupshækkanir, sem hafa verið orsök dýrtíðarinnar, og ætla ég því ekki, að hæstv. fjmrh. reyni að færa nein rök fyrir því. Það liggja allt aðrar ástæður til dýrtíðarinnar, ástæður, sem stj. gat ráðið talsvert yfir með þeirri löggjöf, sem hún hafði frá Alþ. frá 8. júní í fyrra. Það er vitað, að stj. hafði heimild til þess að nota 5 millj. kr. til þess að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Það er og vitað, að hún hafði heimild til þess að lækka tolla og til þess að taka ekki hærri tolla af flutningsgjöldum en þeir voru fyrir stríð, og það er vitað, að ekkert af þessu gerði hún. Ég er búinn að taka það fram oftar en einu sinni, að stj. gat, með því að nota þá heimild, sem hún hafði, til þess að hækka tekju- og eignarskatt, og með því að leggja útflutningsgjald á togarafisk, fengið 10 millj. kr. til þess að gera nokkra tilraun til þess að halda niðri dýrtíðinni. Það var vilji Alþ., að þetta yrði gert, en stj. gerði ekkert af því. Mér og mínum flokksmönnum var það ljóst, að það mundi að lokum reka upp á sker, ef slíku færi fram. Þess vegna höfum við lagt fram hér á Alþ. tvö mjög raunhæf dýrtíðarfrv., annað er frv. um ráðstafanir vegna dýrtíðarinnar á þskj.

17, hitt er frv. um breyt. á l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Bæði þessi frv. miða að því að grípa fyrir rætur dýrtíðarmeinsins og ráðast á sjálfa dýrtíðina, en ekki á kaupgjaldið, eins og stj. hefur gert með till. sínum. Stj. hefur ekki aðeins látið undir höfuð leggjast að koma með till. um að breyta genginu, heldur lætur hún einnig ónotaðar þær heimildir, sem hún hafði til þess að innheimta útflutningsgjald af togarafiski. Það mun láta nærri, að þetta gjald hefði numið 8—10 millj. kr. frá því í júní 1941 til jafnlengdar 1942. Slík hlíf við stríðsgróðamennina er vitanlega alveg óforsvaranleg. Hæstv. fjmrh. sagði, að það mætti ná þessum sama tilgangi með sköttum, en þetta er alls ekki rétt. Með því að breyta genginu, væri hægt að gera þær raunhæfustu dýrtíðarráðstafanir, sem kostur væri á, og Alþfl. hefur mikla ástæðu til þess að halda það, að Sjálfstfl. væri þessi gengisbreyt. mikið áhugamál, meðal annars vegna ummæla formanns flokksins á þingfundi 14. júní í fyrra og einnig vegna ummæla ýmissa annarra áhrifamanna innan Sjálfstfl. fyrr og síðar. Stærsta blað flokksins, Morgunblaðið, lét það mjög í ljós, á meðan engir möguleikar voru til þess að breyta genginu vegna samninga við Breta, að gengisbreyt. væri sjálfsögð dýrtíðarráðstöfun. Þessi áhugi virðist ekki hafa átt að rýrna við það, að samningarnir við Breta breyttust þannig, að gengisbreyting varð möguleg, þó að sú yrði að vísu raunin á. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, en vildi mjög ítreka það við hæstv. fjmrh., að hann vildi svara þeim fyrirspurnum, sem ég hef borið fram viðvíkjandi kaupgjaldi og framkvæmd dýrtíðarl., eins og ég hef lagt þær fyrir.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Hv. þm. hafa nú sennilega lið úr minni nokkuð þær umr., sem á síðasta fundi fóru fram hér. Og ég skal ekki gera mikið til þess að lengja umr. um þetta mál úr því sem komið er.

Hv. þm. Ísaf. sló því fram, sem maður að vísu hefur heyrt fyrr, en frekar einurðarlítið borið fram, að hvað sem öllu öðru liði, þá væri það eitt víst, að grunnkaupshækkanir gætu þó ekki orðið til þess að auka dýrtíðina. Ef það er rétt, að þetta, sem kallað er dýrtíð, sé fyrir framleiðendur nokkuð það sama og aukinn framleiðslukostnaður, þá er það nokkurn veginn augljós hlutur, að grunnkaupshækkun stofnar jafnt til framleiðslukostnaðarauka eins og annars konar hækkun á kaupgjaldinu, og getur þess vegna ekki verið nokkur munur þar á. Eða heldur þessi hv. þm., að ef grunnkaup við sveitavinnu hækkar, — ég tek það sem dæmi af því að það liggur svo beint við —, að það hljóti ekki óumflýjanlega að hafa áhrif á verðlag vörunnar, sem framleidd er í sveitinni? Ég held, að það sé almennt viðurkennt, að þetta sé óhjákvæmilegur hlutur. Þetta er ekki aðeins staðhæfing, sem haldið er fram hér á landi, heldur er þetta viðurkennd staðreynd um allan heim. Og skemmst er að minnast þeirra till., sem forseti Bandaríkjanna í Norður-Ameríku bar fram sem sínar till. um það, hvernig eigi að halda dýrtíðinni niðri, sem snertu þetta atriði.

Hv. sami þm. kvartaði ákaflega mikið yfir því, að hann hefði ekki fengið svar við tveimur fyrirspurnum, sem hann hefði borið fram hér í þinginu. Önnur fyrirspurnin var um það, hvort ríkisstjórninni væri ekki kunnugt um það, að gerðardómsl. hefðu verið brotin. Ég skal segja alveg eins og er, að ég get ekki sagt, að mér sé kunnugt um það. Hitt er það, að ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að það hefur verið gert. Eða **heldur þessi hv.** þm., að nokkur sú löggjöf sé til í landinu, sem ekki sé brotin? Heldur hann, að það sé eitthvað sérkennilegt við þessa löggjöf, að hún geti ekki verið brotin? Nei, það væri undarlegt fyrirbrigði um löggjöf í landinu, ef þessi löggjöf ætti að vera þannig gerð, að hún yrði alls ekki brotin. Mér finnst þessi fyrirspurn hv. þm. bera meira vott um aðdáun hans á þessari löggjöf, ef honum hefur komið til hugar, að nokkur maður byggist við því, að hún yrði slík undantekning í löggjöf, að hægt væri að gera ráð fyrir, að hún yrði ekki brotin.

Þá spurði hv. þm. Ísaf. um það, hvort ríkisstjórnin hefði gert sér ljóst, hver geysimunur væri á grunnkaupinu í landinu á ýmsum stöðum. Hann sagði, og tók háa tóna í því sambandi, eftir því sem hans rödd liggur fyrir til þess, að sums staðar á landinu væri grunnkaup fyrir verkamenn enn þá 1 kr. og 20 aurar á tímann. Var ekki Alþýðusambandi Íslands kunnugt um þetta? Hvernig stendur á því, að Alþýðusamband Íslands hefur látið slíkt við gangast á undanförnum áratugum, að grunnkaupið skuli hafa verið svona misjafnt í landinu? Eru ekki alveg sérstakar ástæður fyrir því? Er það ekki af því, að menn geta komizt af með mismunandi hátt kaup, eftir því hvar er á landinu? Er ekki eðlilegt, að menn hafi hærra kaup hér í Reykjavík, þar sem allt að ⅓ hluti teknanna fer í húsaleigu, heldur en menn annars staðar á landinu? Er ekki eðlilegt, að það fólk, sem kemst af með miklu minna fé sér til framfæris, geti komizt af með að vinna fyrir lægra kaupi? Ég geri ráð fyrir, að þessi hv. þm. muni samsinna því, að ástæðan fyrir því, að grunnkaup hefur verið mismunandi á ýmsum stöðum á landinu, liggi í þessu, a. m. k. að **nokkru leyti.** Hitt er svo annað mál, sem hann spurðist fyrir um í þessu sambandi, hvort gerðardómurinn hefði rétt til þess að úrskurða slíkt kaupgjald til leiðréttingar og samræmingar. Að sjálfsögðu getur það komið til mála. Ef dómurinn fellst á það, að kaupgjald sé á einhverjum stað óeðlilega lágt, á það að sjálfsögðu að geta komið til mála, að hann úrskurði um það, hvort grunnkaupshækkun eigi rétt á sér til samræmingar og lagfæringar. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur athugað það, en það væri vert fyrir hann að athuga það í þessu sambandi, að ef það hefur verið svo, að grunnkaup hefur verið réttlátlega lægra á einum stað heldur en öðrum, t. d. af þessum ástæðum, sem ég benti á, að húsaleiga er lægri á einum stað en öðrum, þá skilst mér, að það sé spursmál, hvort fólk á slíkum stöðum hefur ekki fengið bætt kjör í því ástandi,

sem nú er vegna visitöluhækkunar. Ég veit ekki um þetta. Mér er það ekki ljóst. (**FJ:** Þetta er alveg öfugt hjá hæstv. ráðh.). Það getur vel verið misskilningur hjá mér, en visitöluútreikningurinn er miðaður við ástandið í Reykjavík, og ýmis kostnaður í Reykjavík hefur hækkað meira en annars staðar. Það getur verið, að þetta sé misskilningur, en öfugt er það ekki að öllu leyti. Annars kemur þetta ekki beint málinu við. Það, sem hv. þm. spurði um, var, hvort ríkisstjórnin hefði gert sér grein fyrir því, að grunnkaup væri mismunandi, og þeirri fyrirspurn hef ég svarað.

Hv. þm. Ísaf. talaði líka um vanrækslu ríkisstjórnarinnar um það að framfylgja dýrtíðari. frá 1941 og talaði þar um tollalækkanir, um heimild til þess að innheimta útflutningsgjald o. s. frv. Ég get fullkomlega viðurkennt það, að ríkisstjórnin **hefur ekki notfært** sér þessar heimildir. En ég slæ því föstu, að það er eingöngu af því, að það var gersamlega tilgangslaust að beita þeim heimildum, vegna þess að þær gátu ekki haft nein áhrif á þá raunverulegu verðbólgu, sem þurfti að ráða niðurlögum á. Að fara að nota þær heimildir hefði verið alveg eins og ef læknir, sem hefði sjúkling til meðferðar, færi með sjúkdóm hans þannig að gefa sjúklingnum inn lyf til að deyfa verkina, sem sjúkdómnum fylgdu, en sjúkdómurinn væri sá sami eftir sem áður. Alveg hliðstæð aðferð þessu hefði það verið, ef farið hefði verið að ausa peningum til þess að gefa á milli þess raunverulega kostnaðar, sem bleðst upp í landinu á mörgum sviðum, og hins, sem fólkið væri látið borga fyrir þær vörur, sem það fær. Það væri skammgóður vermir og mundi að lokum leiða til þess, að maður yrði að horfast í augu við þann veruleika, að framleiðslukostnaðurinn kæmist upp úr öllu valdi. Og meðan ekki var gefin heimild til þess með l. að hafa hemil á framleiðslukostnaðinum, þá var baráttan við verðbólguna sýnilega alveg árangurslaus. Þess vegna er það, að uppástunga Alþfl. í þessu máli um gengishækkun mundi hafa svipuð áhrif í þessa átt, að draga úr verðbólgunni. Því að svo lengi sem undirrótin að dýrtíðinni væri fyrir hendi, þá yrði það, að samþ. gengishækkun, ekki nein bót nema í svipinn, til þess að lækka verðlagið, vegna þess að hin raunverulega verðbólguorsök væri samt sem áður fyrir hendi.

Ég tók til máls aðeins til þess að mótmæla því, að ég, sem einn meðlimur stj., finni hjá mér nokkra sök í sambandi við að hafa ekki notfært þær heimildir, sem veittar voru í því skyni að hafa hemil á dýrtíðinni.

*__Ísleifur Högnason:__ Út af síðustu ræðu hæstv. fjmrh., þó að hún ætti að vera svar til þm. Ísaf., vildi ég aðeins segja það, að þrátt fyrir það, þó að gerðardómsl. yrðu staðfest á þinginu, þá mundu t. d. bændur verða að borga mikið hærra kaup heldur en 1941. Ég veit það, að þó að hæstv. ráðh. segi, að hann viti ekki um það, að l. séu brotin, þá hlýtur hann að vita þess mörg dæmi, að þau eru brotin, eins og hver einasti maður annar veit það. Ég get meira að segja sagt það, án þess að tilnefna nöfn, að þm., fleiri en einn, úr flokki hæstv. ráðh. hafa sagt það beinum orðum, að þeir verði að brjóta þessi l., hvort sem þau verða samþ. eða ekki, ef þeir eigi að fá kaupafólk í sumar. Við þurfum ekki annað en að líta yfir blöðin, daglega er auglýst eftir fólki og gefið í skyn, að það verði borgað hærra kaup en þessi gerðardómsl. standa til.

Það er annars einkennandi fyrir síðari tíma löggjöf, að fólk tekur hana ekki alvarlega, eins og t. d. húsaleigul. sýna nægilega, blöðin sýna að fyrirframgreiðsla, svo að hundruðum kr. skiptir, er boðin fyrir eina íbúð um stuttan tíma, til þess að komast yfir hana. Þetta er alveg augljóst brot á húsaleigul. Ég veit ekki til þess, að dómstólarnir skipti sér af því, þó að þessi l. séu þannig brotin, — ég efast um, að stj. ætlist til þess, að þessi l. séu haldin.

Þá skírskotar hæstv. ráðh. til útvarpstilkynningar, sem kom í dag, um það, að forseti Bandaríkjanna mundi á líkan hátt og íslenzka ríkisstj. taka á dýrtíðarmálunum þar í landi. Ég skal ekki um það segja, hvað rétt er skýrt frá þessari útvarpstilkynningu, en annað mál er það, að Bandaríkjaþjóðin á nú í baráttu fyrir frelsi sínu, og þykist ég vita, að stj., sem berst fyrir frelsi þegnanna, og þjóðin sjálf, vilji eitthvað á sig leggja til þess að Bandaríkin nái sigri. Hér á landi er öðru máli að gegna. Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar stj. um ást á lýðræðinu, sýnist mér að gerðir hennar, sérstaklega í innanlandslöggjöfinni, miði að því að apa eftir fasistiskri löggjöf, eins og þessi gerðardómsl. bera gleggstan vott um.

Í Bandaríkjunum er um þetta öðru máli að gegna. Þar hefur stj. fólkið með sér. Gerðir stj. hérna eru einmitt þess eðlis, að hún fær fólkið upp á móti sér, því að hún er í gerðum sínum fasistisk, þó að hún segist vera lýðræðisstj.

Þá spurði hæstv. ráðh., hvernig stæði á því, að Alþýðusambandið hefði ekki hækkað vegavinnukaupið, sem væri á sumum stöðum ekki hærra en kr. 1.20 á klst. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé ekki það óreyndur í verklýðsmálunum, að honum sé það ekki ljóst, að það getur verið nokkuð örðugt að fá að hækka kaupið eða að halda því (sbr. 9. nóv. 1932).

Í þingræðu fyrir 4—5 árum sagði hv. þm. Ísaf., að núverandi atvmrh., sem á þeim tíma var ráðh. í nokkra daga, hafi látið smíða 400 kylfur, og hafi hann með því viljað sýna lýðræðisvilja sinn. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi lítið farið fram, síðan þetta átti að hafa átt sér stað. Sannleikurinn er sá, að grunnkaupið úti um landið er of lágt til þess að geta nægt verkamönnum til þess að mæta dýrtíðinni. Til sönnunar þessu get ég lesið upp mótmælaskjal, sem sent hefur verið til þingsins frá verklýðsfélaginu í Vestmannaeyjum. Þar er form. fél. samflokksmaður hæstv. ráðh., og snertir það líka nokkuð það atriði, sem hæstv. ráðh. kom inn á, að gerðardómurinn mundi tilleiðanlegur til að hækka grunnkaup til lagfæringar og samræmingar. Þetta félag í Vestm. hafði, nokkrum dögum áður en gerðardómurinn kom, samið við atvinnurekendur um talsverða grunnkaupshækkun. Ég skal þó geta þess, að ég er þess fullviss, að atvinnurekendur hafa gert þetta í því trausti, að gerðardómurinn mundi hafa þessa samninga að engu og þeir þyrftu ekki að greiða þetta kaup. Verk-

lýðsfélagið í Vestm. snéri sér þessu næst til hæstv. Alþ. og sendi því mótmælaskjal það, sem ég skal nú lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, haldinn 11. apríl s. l., skorar á Alþingi það, er nú situr, að staðfesta ekki bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum og telur úrskurð gerðardómsins 23. marz s. l. um kaupgjald í Vestmannaeyjum ósanngjarnan, þar sem fullt samkomulag var komið á milli verkalýðsfélagsins og atvinnurekenda. Tímakaup verkakvenna er hæst hér á landinu. Kaup iðnaðarmanna er jafnt hér og í Rvík. Kaup verkamanna er lægst hér af kaupstöðunum. Gerðardómurinn hefur því gengið fram hjá að samræma kaupið, eins og bráðabirgðalögin gera þó ráð fyrir. Enn fremur telur fundurinn hættulegt samræmi (misræmi) í verkkaupsgjaldi kaupstaðanna, sem hlýtur að leiða af sér, að verkamenn safnast um of til Reykjavíkur.

Í stjórn Verkalýðsfélags Vestmannaeyja.
Ágúst Þórðarson, formaður.
Pétur Guðjónsson, ritari."

Þarna er fengin sönnun fyrir því, að gerðardómurinn vinnur eftir fyrirmælum stj., sem sé að sjá um það, að grunnkaup sé ekki hækkað. Það má geta þess í þessu sambandi, að eftir að gerðardómsl. voru sett í jan. s. l., kom viðskmrh. til Vestm., til þess að halda þar fund. Á þessum fundi voru mættir 6—800 manns. Á þessum fundi báru 4 efstu menn á lista Sjálfstfl. — en bæjarstjórnarkosningar stóðu þá fyrir dyrum í Vestm. —, fram mótmæli gegn gerðardómsl., en fundarstjóri neitaði að bera till. upp. Rétt fyrir bæjarstjórnarkosningarnar boðaði Sjálfstfl. til fundar, og að loknum þessum fundi var þessi sama till. borin upp og samþ. einróma. Ekki einu sinni framsóknarm. þorðu að greiða atkv. á móti till. Þetta er eftirtektarvert dæmi um það, hvernig Sjálfstfl. talar tveim tungum.

Hér í Reykjavíkurblöðunum voru þeir menn álitnir allt að því landráðamenn, sem þeittu sér gegn gerðardómsl., en þeir gættu ekki að því, að þeir voru að snoppunga sína eigin flokksmenn. Þeir tala þetta í einum staðnum, en annað á hinum, allt eftir því, hvað þeir halda, að þeir megi bjóða kjósendum sínum. Ég ætla í nafni hinna 6—800 Vestmannaeyinga, sem í dag itreka mótmæli sín til Alþ. gegn gerðardómsl., að gera stjórnarfl. ábyrga fyrir þessum verknaði, sem ég hygg, að verði samþ. Ég vil undirstrika þessi mótmæli og bera þau fram á vegum þessa félags og almennings í Vestm.

Það hefur verið svo mikið rætt um það, hvernig þessi l. hafa verið brotin, að ég þarf þar litlu við að bæta. Þó vil ég segja eitt dæmi um þetta, sem mér barst til eyrna fyrir 2—3 dögum. Það vildi svo til fyrir nokkrum dögum, að það þurfti að koma veikri konu á Klepp, en þar er nú ekki með nokkru móti hægt að taka á móti fleiri sjúklingum, og mér er sagt, að það hafi kostað aðstandendur konunnar 240 kr. á sólarhring að fá hennar gætt. Það má sjálfsagt finna mörg slík dæmi sem þetta um það, á hvaða villigötum ríkisstj. er nú í þessum efnum. Það má segja, að þarna sé fyrst og fremst um menningarleg sjónarmið að ræða, þar sem stj. þverbrýtur öll lög og venjur í því að meina fólki að komast á spítala, og þar að auki gerir hún aðstöðu fólksins margfalt dýrari og örðugri um það að annast sjúklinginn, sem þurfti að komast á spítalann.

Við umr. um frv. þessu líkt á þinginu í haust lýsti viðskmrh. því yfir, að þessi l. kæmu að engu haldi nema samkomulag næðist samtímis við setuliðsstj. um fækkun manna í setuliðsvinnunni. Enn fremur, að ríkisstj. hefði skipað n. til þess að koma því í framkvæmd, að fækkað yrði í þeirri vinnu. Ég vildi nú spyrja hæstv. stj., hvað þessu liði nú, hvort ríkisstj. heldur áfram tilraunum til þess að ná þessu samkomulagi. Í öðru lagi, hefur stj. nokkuð leitað fyrir sér um það, að semja við verklýðsfél. um að skipuleggja vinnuaflið í þarfir atvinnuveganna? Við þessum spurningum þætti mér gott að fá svör hjá hæstv. ráðh.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Hæstv. fjmrh. hefur komið inn í þessar umr., og má segja, að það er betra seint en aldrei. Ég er honum þakklátur fyrir það, að hann hefur gert tilraun til þess að svara fyrirspurnum mínum, þó að þau svör séu ekki fullnægjandi. Ég hef bent á það, að þessi l. yrðu brotin á hverju heimili í landinu, sem þarf á vinnufólki að halda. Ég hef enn fremur bent á það, að þessi löggjöf væri brotin á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem nokkur veruleg eftirspurn væri eftir vinnuafli. Hins vegar mundu þau verða haldin í þeim iðngreinum, þar sem menn hefðu ekkert að flýja, og eins í sumum verkalýðsfélögum úti um land, þar sem eftirspurn væri lítil eftir vinnuafli og kaupgjaldið lágt.

Á þennan hátt skapar þessi löggjöf það alveg sérstaklega ranglæti, að hún kemur þyngst niður á þeim, sem minnstar tekjur hafa í landinu, og ég spurðist fyrir um það, hvort stj. væri kunnugt um það, að þessi yrði niðurstaðan af þessari löggjöf. Ég ber það traust til hinna ágætu gáfna hæstv. fjmrh. og hans mikla kunnugleika á lífi manna hér á landi, að honum sé þetta allt ljóst nú orðið. Það má vera, að þegar hann setti þessi l., 8. jan. s. l., þá hafi honum ekki verið það ljóst, en ég get ekki hugsað mér, að þetta dyljist honum lengur. Það má vel vera, að hæstv. fjmrh. sé ánægður með þessa lagasetningu, en þó gæti ég trúað því, af þeirri reynslu, sem fengin er, að ánægja hans hafi farið minnkandi. Það getur ekki hjá því farið, að honum sé það ekki alveg eins ljóst og öðrum, að þessi lagasetning hefur skapað alveg sérstakt misrétti meðal launastéttanna í landinu. Menn munu sammála um það, að flest l. séu eitthvað brotin og flest l. skapi eitthvert misrétti, en hins vegar held ég, að við séum allir sammála um það, að þessi löggjöf sé þannig, að það sé enginn vafi á því, að hún skapar mjög mikið og almennt og hróplegt misrétti og kemur þyngst niður á þeim, sem verst mega við því, og að hún skapar almenn lögbrot.

Ég vil mótmæla því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ég hafi látið í ljós nokkurt álit um það, að þessi löggjöf yrði ekki brotin, — ég hef þvert á móti undirstrikað það hvað eftir annað, að hún yrði mikið og almennt brotin, eins af þm. sem öðrum, og ég hef látið það í ljós, að þessi

löggjöf skapaði slíkt misrétti í landinu, að hún væri algerlega óviðunandi. Hvað viðvíkur hag þeirra manna, sem eru svo óheppnir að eiga heima þar, sem lítil eftirspurn er eftir vinnuafli, og þar, sem kaupið er lágt, þá má segja það, að þessi löggjöf búi sérstaklega illa að þessu fólki. Þessir menn eru enn verr settir fyrir það, að vísitalan hækkar ekki laun þeirra hlutfallslega eins og hún hækkar laun manna hér í Reykjavík, og það er af þeim ástæðum, að þegar reiknuð er út húsaleiga út frá útgjöldum manna hér í Reykjavík, þá kemur það í ljós, að hún er hlutfallslega hærri liður í útgjöldum manna í Rvík heldur en annars staðar á landinu. Húsaleigan stendur í stað og hækkar ekki. Hún heldur vísitölunni niðri. Því meira sem önnur útgjöld hækka, því ranglátara verður hlutfallið fyrir þá, sem eiga heima úti á landi. Hvað því viðvíkur, hvers vegna Alþýðusambandið hafi ekki verið búið að hækka kaup þeirra, sem lægst hafa kaupið, vil ég segja það, að það er ekki almáttugt í þessum efnum. Það hefur mjög víða þurft að stofna félög 2—4 sinnum, áður en það náði því að geta fengið þau viðurkennd sem samningsaðila, og þeir, sem hafa fyrst og fremst spornað á móti leiðréttingu á grunnkaupi, eru einmitt forsvarsmenn Sjálfstfl. á þessum stöðum. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum skrifuðu helztu atvinnurekendur í þorpi einu á Vesturlandi kauptaxtanefnd verklýðsfél, og sögðu, að þeir hefðu hingað til ákveðið kaupið, án ihlutunar óviðkomandi manna, og þeir ætluðu að halda því áfram. Þetta var andi Sjálfstfl. í garð verklýðshreyfingarinnar, andi, sem er því miður langt frá því að vera dauður. Það situr því ekki á Sjálfstfl. að glósa um vanrækslu Alþsamb. í þessu efni. Alþýðusambandið reyndi í fyrra að ná samningum við stj. um það að fá vegavinnukaupið hækkað, en það strandaði á stj., því að hún neitaði að verða við tilmælum Alþýðusambandsins um hækkun á grunnkaupi í vegavinnu. Því miður var Alþýðusambandið ekki svo máttugt, að það gæti ráðið við þessa andúð stj. í garð lægst launuðu stéttanna í landinu, en vonandi kemur sá dagur, að það getur það, og þá væri æskilegt, að hæstv. fjmrh. hefði tekið þeirri hugarfarsbreytingu, að hann gæti þá samglaðzt Alþýðusambandinu, er það gæti knúið stjórnina til að bæta kjör þeirra, er búa við þau lökust.

Nú hefur stjórnin tekið það ráð að banna með lögum allar grunnkaupshækkanir þessara manna.

Ef það hefur verið af heilum hug mælt hjá hæstv. fjmrh., að hann vildi aðstoða Alþýðusambandið um leiðréttingu í þessum málum, þá ætti hann að leggja með, að frv. þessu yrði lógað.

Ég hef ekki fengið svar við því, hvort kauphækkun til lagfæringar væri skylda gerðardómsins eða hvort hann mætti aðeins hækka kaupið. Ef hin fyrrnefnda væri rétt, sem ég tel ekki líklegt, af þeirri reynslu, er fengizt hefur, að honum muni þykja ástæður nokkurn tíma leyfa það. Hann hefur t. d. numið úr gildi 5% grunnkaupshækkun, er láglaunastétt á Akureyri hafði náð fyrir tilstilli sáttasemjara ríkisins. Og þegar hvorki sáttasemjari né Alþýðusambandið sjálft mega hér neinu um ráða, er varla mikil von leiðréttingar.

En hvers vegna framkvæmdi stjórnin ekki heldur dýrtíðarlögin, er hún tók við á sínum tíma og lofaði að framkvæma, heldur en að bera fram þennan óskapnað?

Ástæðan var sú, að ráðherrar Sjálfstfl. settu sig á móti framkvæmd þeirra af ástæðum, sem hæstv. fjmrh. gæti sjálfsagt upplýst. Stjórnin lét þó svo, að hún hefði þá trú, er hún tók við þeim, eins og fleiri, að löggjöfin væri einhvers virði. En viljann vantaði hjá ráðherrum Sjálfstfl. Þótt með lögum þessum væri þó talsvert hægt að gera, þar eð dýrtíðin var ekki orðin jafnmikil og nú, fengust þeir ekki til að framkvæma þau. Hæstv. fjmrh. hafði eftir mér, að grunnkaupshækkanir ýttu ekkert undir dýrtíðina. Þetta er misskilningur, ég sagði það aldrei. Ég sagði, að dýrtíðarvísitalan hefði hækkað úr 157 stigum í júlí 1941 upp í 183 í desember sama ár, eða hækkað um 45% árið 1941, en á þeim tíma hefðu engar grunnkaupshækkanir orðið, svo að ekki þyrfti að kenna þeim um aukningu dýrtíðarinnar á umræddu tímabili. Þetta var það, sem ég sagði. Yfirleitt hafa grunnkaupshækkanir átt sáralitinn þátt í vaxandi dýrtíð, og það vildi ég benda hæstv. fjmrh. og öðrum á, að til hækkunar dýrtíðarinnar liggja aðrar ástæður, sem stjórnin hefði getað ráðið við, ef hún hefði viljað.

En hún tók þá öfugu leið að láta dýrtíðina leika lausum hala, og þá loks, er hún tók rögg á sig, réðst hún á kaupgjaldið, en ekki dýrtíðina. Hún hefur látið stríðsgróðann flæða inn í landið og keypt gjaldeyri hærra verði en þurft hefði, m. ö. o. látið verðbólguna aukast sem mest. Og nú reynir hún að þröngva rétti og kosti þeirra, er minnst mega sín, og í því liggja óhöpp hennar. Og nú er svo komið, að landið má heita stjórnlaust og þingið óstarfhæft.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vil vekja athygli hv. þm. Ísaf. á því, er hann segir, að stjórnin sé með gerðardómsl. að ráðast á kaupgjaldið í landinu, að gerðardómurinn á bæði að dæma í kaupgjalds- og verðlagsmálum og hefur því þannig tvöfalt hlutverk. Þetta er því röng málafærsla, vísvitandi röng, og það er þessi stigamennska, sem á sinn stóra þátt í, að ekki hefur tekizt að ná þeim árangri, er mátti búast við af þessum l., og mistekst e. t. v., — ég hef ekki styrkzt í þeirri trú, að hann náist. Hins vegar þarf ég engar upplýsingar um það frá hv. síðasta ræðumanni, hvernig ég lít á það mál sjálfur.

Það hefur átt sinn mikla þátt í mistökum þeim, er orðið kunna að hafa á framkvæmd þessara l., að andúð hefur verið blásið upp gegn þeim í hreinu áróðursskyni. Það er sú þjóðhollusta, er sumir menn hafa sýnt í þessu máli. Hv. þm. Ísaf. sagðist hafa talað við ýmsa menn til sjávar og sveita, er fullyrt hefðu, að l. þessi mundu verða brotin. M. ö. o., þeir upplýsa ekkert, að þau hafi verið brotin, en það kemur málinu ekkert við, hverju þeir spá um framtíðina. Ef l. lognast út af, þá kemur vitanlega aldrei til þessa. Þó vil ég vekja athygli á því, að l. hafa þegar í rauninni gert það, sem þau áttu fyrst að gera, að stöðva kauphækkanir. Gerðardómur-

inn mun að vísu hafa hækkað grunnkaup lítillega í einni iðngrein hér í bænum, en almenn kauphækkun í uppsiglingu var stöðvuð.

L. eiga að gilda til loka þessa árs, því að þá eru vinnusamningar aftur útrunnir. Þeir eru nú ekki útrunnir fyrr, en annars hefði mátt setja annað tímatakmark. Og gerðardómurinn þarf að starfa þetta tímabil, þótt ekki væri til annars en að hafa hemil á verðlaginu.

Menn hafa heimtað, að stjórnin gerði allt til að stöðva dýrtíðina, og hún getur þá aftur krafizt af þessum mönnum, að þeir viti, hvað þeir eru að heimta. En er stjórnin gerir sínar ráðstafanir í þessa átt, skeður það furðulega, að þeir sömu snúast hinir verstu við. En þingið verður að komast að niðurstöðu í þessum málum.

Hv. þm. Ísaf. ber höfðinu við steininn og segir, að stjórnin hefði getað gert allt samkv. dýrtíðarl. Nú skal ég staðhæfa, að þá var ekki hársbreidd milli mín og ráðh. Alþfl. Forsendurnar fyrir framkvæmd l. voru aldrei uppfylltar. Í þeim var gert ráð fyrir, að athugaður yrði og áætlaður raunverulegur framleiðslukostnaður þeirra vara, er átti að verðbæta. Og ráðh. Alþfl. var mér sammála um það, að skilyrðið fyrir framkvæmd l. var það, að þessi athugun yrði látin fara fram. En þá athugun var ekki hægt að gera, meðan verðlagsnefndir þær, er fjalla um þessar framleiðsluvörur, voru þannig skipaðar sem þær voru og eru. Ég fullyrði, að um þetta var ekki ágreiningur milli mín og ráðh. Alþfl.

Hv. þm. Ísaf. sagði, — ég ætla það hafi verið hann —, að menn mættu ekki taka of mikið mark á þeim fregnum, er útvarpið hefur nýlega flutt um dýrtíðarráðstafanir í Bandaríkjunum. Þar eð við vissum ekki um, hvernig l. þessi væru framkvæmd. En við vitum þó og höfum hér grundvallaratriði, sem er lögfesting kaupgjaldsins þar. En það er einmitt það, sem hér er farið fram á, og þetta er vissulega sambærilegt. Nei, sannleikurinn er sá, að það vandræðaástand ríkir hér, að menn vilja ekki beygja sig fyrir þjóðarnauðsyn. Menn vilja aðeins gaspra um það aftur og fram, að dýrtíðina verði að stöðva. Þeir segja, að ekki sé hægt að bera saman ráðstafanir í þessum efnum með þjóðum, er berjist fyrir lífi sínu og frelsi, og ráðstafanir hér á sama sviði.

En erum við ekki einnig að berjast fyrir lífi okkar og frelsi? Er mönnum enn ekki orðið ljóst, að við dönsum nauðugir viljugir með í hinum mikla Hrunadansi?

En hér verður að færa fórnir, ef árangur á að nást. Hitt er svo annað mál, hvort við getum haft fullkomið vald á þessum málum.

Ég hef frá byrjun efazt nokkuð um, að þessi lög næðu öllum tilgangi sínum. Það var mest undir landsfólkinu sjálfu komið. Og þótt það brygðist allt, þá var það, hvernig gengi að semja við hina erlendu aðila hér. Það hefur gengið hálfbögulega hingað til, og er jafnvel talað um, að þeir bjóði stundum helmingi hærra en taxtakaup.

Það sjá því allir, að það er engan hemil hægt að hafa á þessu, nema hægt sé að semja við setuliðið. En hvers vegna mega ekki Íslendingar fá þetta háa kaup? spyrja menn. Það er af því, að það miðar að því að gera þetta sama kaup verðlaust.

Fyrsta skilyrðið fyrir því, að Alþ. geti tekizt að sporna við þeim ósköpum, sem eru að dynja yfir landið í fjárhagsefnum, er það, að þingm. geri sér ljóst, hvað hér er um að ræða, og fremur er von til, að þeir geri það nú eftir þessar umr.

Ég skildi það þannig, að hann hefði sagt, að grunnkaupshækkun hefði ekki áhrif á dýrtíðina, og það var af því meðfram, að þessu hafði áður verið haldið fram af flokksmönnum hans í opinberum umr. um þetta mál og jafnvel í útvarpsumr. Og þar var jafnvel vitnað í enskan ráðherra, sem hafði fundið þann vizkustein, að grunnkaupshækkun, eða ég held kauphækkun yfirleitt, hefði engin áhrif á verðbólguna. Ef hv. þm. Ísaf. hefur ekki ætlað að segja annað en það, að grunnkaupshækkun hefði ekki haft áhrif á þá verðbólgu, sem hér á landi hefur átt sér stað, þá er það sama sem hann hefði slegið því föstu, að hér hefði ekki átt sér stað nein grunnkaupshækkun. En er hann, hv. þm., viss um, að hér hafi ekki orðið grunnkaupshækkun, sem hann gerir sér ekki grein fyrir? Hefur ekki orðið á þessum tíma grunnkaupshækkun í sveitunum? Hefur ekki orðið virkileg grunnkaupshækkun í sveitunum? Hvað var borgað hátt kaup við sveitavinnu í fyrrasumar, og hversu hátt kaup var borgað þar sumurin þar áður? Ég ætla, að jafnvel hafi verið dæmi til þess, að það hafi verið borgað þrefalt í fyrrasumar í sveitum á við það, sem þar var borgað fyrir stríð. Er þetta ekki grunnkaupshækkun? Og er það ekki vegna þessarar grunnkaupshækkunar m. a., sem verð á landbúnaðarafurðum hefur hækkað eins og það hefur gert? Og komumst við þá ekki að þeirri niðurstöðu, að það hafi verið grunnkaupshækkun, sem hafi valdið nokkru um dýrtíðina, sem hér hefur átt sér stað.

Af þessu, sem fram er komið, getur maður séð, að hv. þm. er eitthvað farið að óra fyrir því, að verðbólgan kunni að eiga að einhverju leyti orsök sína í þessum hlutum, — eins og raunar hefur verið skýrt allrækilega af þeirra fræðimönnum í Alþfl., sem um þetta hafa ritað opinberlega, hversu þakklátt sem það nú kann að hafa verið í þeirra hópi.

En, sem sagt, ef hæstv. Alþ. vill ekki viðurkenna þessa staðreynd, að ef á að halda niðri verðbólgunni, þá verði að halda niðri framleiðslukostnaðinum og þar með kaupgjaldinu, þá er ekki til neins að vera að tala um að halda niðri verðbólgunni í landinu. Hitt er svo annað mál, að það getur verið, að það fari út í sandinn hjá hæstv. þingi og ríkisstjórn, hver sem hún kann að verða. En það er skylt að mínu áliti að gera tilraun til þess í þessu efni að forða frá fári. Hv. þm. Alþfl. og Kommúnistafl. geta svo reynt að gera sér þann mat úr því á pólitískum fundum að afflytja þá viðleitni í eyru minna fróðs almennings í landinu. En þeir verða þá vissulega að vera við því búnir, að aðrir keppinautar þeirra, t. d. í Vestmannaeyjum, reyni að leggja þá á þeirra eigin brögðum. Og það er hart fyrir þá, sem hafa fundið upp þetta herbragð, að leggjast á móti Sjálfstfl. af þessum sökum, að fá svo skollans sjálfstæðismennina á

hálsins til þess að verða fyrri til þess á fundum að mæla með þessum ósköpum. En þetta er ekki annað en það, sem þeir mega búast við. En svo, þegar hv. 4. landsk. kemur hér og byrjar með því að segja, að þessi till., sem hann talaði um, hafi verið borin fram af óheilindum af þessum sjálfstæðismönnum í Vestmannaeyjum, sem var samþ. þar af 600—800 manns, þá liggur nærri að spyrja: Af hve miklum óheilindum samþ. þessi 600—800 manns þá till.? Ég held því, að það verði deig vopn, sem þessi hv. þm. reynir að bera fyrir sig í þessu efni, og lítið mark sé takandi á slíkum samþykktum.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Hæstv. fjmrh. vildi hafa það eftir mér, að ég hefði látið í ljós, að ég tryði lítið á það, sem ég heyrði í útvarpi um dýrtíðarráðstafanir í Bandaríkjunum. Þetta er misskilningur. En á það er bent í nál., að dýrtíðin í Bandaríkjunum hafi í nóv. í fyrra ekki verið komin nema í 8.8% frá stríðsbyrjun. En kaupgjaldið hafði á sama tíma stigið um 25%, og má af því sjá, að það er fjarri því, að hækkun á dýrtíð fari saman við hækkun á kaupgjaldi. Hér er dýrtíðarvísitalan 83%, án þess að verulegar grunnkaupshækkanir hafi verið gerðar um leið. Ég hef bent hæstv. fjmrh. á, að frá því að dýrtíðarl. voru staðfest í júlí og til áramóta, hækkaði dýrtíðin um 45%, án þess að hækkun væri gerð á grunnkaupi. — Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri stigamennska Alþfl. og skortur á þjóðhollustu og þegnskap, sem hefði valdið því, að gerðardómsl. væru komin út í sandinn. Hæstv. ráðh. itrekaði nokkrum sinnum, ýmist að l. væru komin út í sandinn, eða væru að komast það, og væri það Alþfl. að kenna. En það er nú svo, að þegar þjóðstj. var mynduð, var það eitt af samningsatriðum, að ekki skyldu gefin út brbl., sem ágreiningur væri um í stj., en þetta samningsatriði var brotið á ráðh. Alþfl., svo að gerðardómsl. voru stigamennska fjögurra ráðh. gegn ráðh. Alþfl.

Það var eftirtektarvert í ræðu hæstv. fjmrh., að hann taldi, að löggjöfin um gerðardóm væri í rauninni einskis virði, og mér skildist hann telja, að ekki væri hægt fyrir ríkisstj. að stjórna landinu, af því að Alþfl. væri í andstöðu við ríkisstj. Þetta er eftirtektarvert, því að stjórnarflokkarnir hafa meiri þingmeirihluta en almennt er talið þurfa, svo að ef þessi ríkisstj., sem hefur svo sterkan meiri hluta, er þess ekki um komin að stjórna landinu, hljóta að liggja á bak við það aðrar ástæður. Ríkisstj. hefur sem sé ætlað sér þá dul að koma fram löggjöf, sem skapar misrétti í landinu á milli fátækra og ríkra. Þar eru orsakirnar að erfiðleikum ríkisstj. Það er ríkisstj., sem hefur skapað það vandræðaástand, sem ríkir í landinu, og slíkt hlýtur að hefna sín.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, að eitt af því, sem þyrfti að gera, væri að festa kaupgjaldið, til þess að krónan yrði ekki gerð að engu. Mér skildist á honum, að af því að svo miklir peningar færu til verkamannanna, þyrfti að festa kaupgjaldið. En það koma fleiri peningar inn í landið en þeir, sem fara til verkamannanna. Hæstv. ráðh. veit það, að á hverjum togaratúr skiptir gróðinn jafnvel hundruðum þúsunda. Hvað er gert til þess að hefta þetta fé? Það hefur ekki verið litið við gengisfrv. Alþfl., sem þó hefur að geyma beztu ráðstafanirnar til að hefta það. Það er mikið fé og veldur inflationinni.

Ástæðan fyrir því, að ríkisstj. er að verða óstarfhæf þrátt fyrir hinn mikla þingmeirihluta, er sú, að hún ætlar að fremja það ranglæti að draga úr tekjum þeirra, sem ekkert mega missa af tekjum sínum.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég get verið stuttorður. Hv. síðasti ræðumaður þóttist vera að svara mér, en hann sneri öllu við. Ég sagði aldrei, að gerðardómsl. væru komin út í sandinn. Ég sagði, að ef þau færu út í sandinn, þá væri um að kenna stigamennsku Alþfl.

Hv. þm. endurtók sömu vitleysuna og áður, að ráðstafanir ríkisstj. beindust að því að gera hag hinna fátæku verri, en snertu ekki við hinum ríku. Hann sagði, að gróði togaranna væri látinn leika lausum hala. Samt veit hann, að hér liggur fyrir skattafrv., sem hnígur að því að taka 90% af gróðanum, þegar hann er kominn upp að vissu marki. Hann segir, að almenningur sjái, að gengið sé í bága við hans hagsmuni. Almenningur trúir kannske hv. þm., þegar hann segir þetta, en ekki hagfræðingunum. Og reynslan sýnir annað.

Varðandi dýrtíðina í Bandaríkjunum í byrjun stríðs, eða áður en þau fóru í stríðið sjálf, gegnir allt öðru máli en hér á Íslandi. Bandaríkin framleiða sjálf allt, sem þau þurfa. Þau þurfa sama og ekkert af innfluttum vörum, og sér hver maður, að í því efni er ekki hægt að bera saman aðstöðu þeirra og okkar.

Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að upphaf dýrtíðarinnar var vöruverðshækkun, en verðhækkun innanlands og hækkun framleiðslukostnaðar bættist við. Í því sambandi eru grunnkaupshækkanir hættulegastar, og áframhaldandi hækkanir hefðu verkað enn meir á dýrtíðina. Þetta áttu l. að koma í veg fyrir og vernda þannig hagsmuni hinna fátæku, öfugt við það, sem hv. þm. Ísaf. segir. Og hinir ríku eru sannarlega ekki látnir sleppa, eins og skattalöggjöfin verður. Alþfl. vill ganga enn lengra, og það verður að vera álitamál. En sjávarútvegurinn verður að geta safnað sér sjóði. Það er lífsnauðsyn fyrir þjóðarbúskapinn, og honum er ekki of mikið eftir skilið.

Að lokum vil ég segja þetta: Þegar Bandaríkin fóru í stríðið, hvað gerðu þau þá til að hindra verðbólguna? Einmitt það sama og við. Þau reyndu að vinna á móti verðbólgunni með því að lögbinda kaupið. Ég veit ekki, hvaða fregnir hv. 4. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. hafa frá Rússlandi um kauphækkanir þar.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Við 1. umr. var þetta mál rætt hér almennt, og ég minntist þá á afstöðu stjórnarandstæðinga, en við 2. umr. á gagnrýni frá andstæðingum frv. Þeir hafa kvartað undan því, að þeim hafi verið of lítið svarað, en það er misskilningur, þegar þess er gætt, að við allar þrjár umr. hafa þeir endurtekið sömu aðfinnslurnar.

Það er eftirtektarvert, að andstæðingar frv. eru komnir svo langt í gagnrýni sinni, að þeir eru farnir að tala eins og verðbólgan væri æski-

leg og mesti gróðahnykkur fyrir verkafólk og launamenn. Þeir eru farnir að tala um ráðstafanir gegn verðbólgunni eins og eitthvað, sem sé gert bara fyrir efnamenn. Ekki alls fyrir löngu fékk ég 3 hagfræðinga til að gefa sitt álit um skyldusparnað. Einn af þeim var Jón Blöndal, hagfræðingur Alþfl. Sem inngang að aðalmálinu hafa þeir látið í té álit sitt um verðlagsmálin. Þeir tala þar um verðbólguna og afleiðingar hennar. Það er fróðlegt að rifja upp, hvað þeir segja. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp úr áliti þeirra.

„Þeir, sem fyrst og fremst verða fyrir barðinu á verðbólgunni, er fólk, sem á peningakröfur, svo sem sparifjáreigendur, eigendur peningakrafna á hendur einstaklingum o. s. frv. Þeir, sem aftur á móti græða á verðbólgunni, eru atvinnurekendur, a. m. k. þeir, er selja á innlendum markaði, þeir, sem skulda peninga, og eigendur fasteigna og annarra raunverulegra fjármuna. Útflytjendur tapa aftur á móti á verðbólgunni."

Það eru fyrst og fremst atvinnurekendur og eignamenn, sem græða á verðbólgunni og því, að stefna Alþfl. yrði ofan á, eins og hún er túlkuð hér á Alþ., — en þeir, sem tapa, eru sparifjáreigendur og þeir, sem eiga kröfur á hendur öðrum, m. ö. o. þeir, sem vinna fyrir peningum. Þeir segja enn fremur:

„Algert verðhrun peninganna mundi líka sennilega skapa slíkt öngþveiti í atvinnulífinu, að vafamál er, hvort það mundi ekki einnig í *þágu atvinnurekenda, sem framleiða fyrir innlendan markað*, eða þeirrar stéttar, sem líklegust er til að græða á verðbólgunni, að hún yrði stöðvuð, þannig að segja megi með enska hagfræðingnum Keynes, að ráðstöfunum gegn verðbólgunni megi líkja við umferðarreglurnar, þannig að þær séu til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigendur."

Undir þetta skrifar hagfræðingur Alþfl., Jón Blöndal, ásamt hinum, og kveður þar við annan tón en við eigum að venjast hér á Alþ. úr þeim herbúðum.

Það blakkar í þessum hv. þm. yfir því, ef svo kynni að fara, að þær ráðstafanir reyndust ekki fullnægjandi í framkvæmdinni til að stöðva verðbólguna. Svo þykjast þessir menn styðja sérstaklega málstað verkalýðsins með því að vera þessum ráðstöfunum mótfallnir, sem þeir segja, að séu aðeins til hagsbóta fyrir efnamenn landsins. Hv. þm. Seyðf. sér verðbólguna vaxa í landinu, honum dettur ekki í hug að stöðva hana, af því að hann álítur allar slíkar aðgerðir kúgun við verkalýðinn. Ef menn fallast á, að þessar ráðstafanir séu nauðsynlegar til að stöðva verðbólguna í landinu, kemur spurningin: Er það hægt án þess að hafa ábrif á kaupgjaldið? Eða er það af illvilja gagnvart þeim, sem taka laun fyrir störf sín, sem ráðstafanir eru gerðar til að hafa hemil á launakjörum í landinu? Það er ekki hægt að hugsa sér að stöðva dýrtíðina með öðru móti en að hafa jafnframt hemil á kaupgjaldinu. Hvernig eru ráðstafanir annarra landa til að koma í veg fyrir verðbólguna? Hafa þau látið sig engu skipta, þó að kaupgjaldið hækkaði úr öllu valdi? Í þessu sambandi er sérstaklega ástæða til að rifja upp, hvernig til hagar í Ástralíu, þar sem flokksbróðir Alþfl.manna fer með völdin. Þar hefur verið sett löggjöf, sem er lík þeirri, sem hér um ræðir, að hafa eftirlit með verðlagi og kaupgjaldi í landinu. Svo vilja háttv. flokksbræður forsrh. í Ástralíu hér á Alþ. telja fólki trú um, að sams konar ráðstafanir hér stafi af illvilja við launastéttirnar. Það er ekki hægt að stöðva verðbólguna í landinu á annan hátt en þann að gera sömu ráðstafanir og Bandaríkin og mörg önnur lönd, að hafa hemil á kaupgjaldinu annaðhvort með samkomulagi, þar sem það er hægt að fá, eða með löggjöf. Hvernig er svo með þegnskap Alþfl.manna, sem telja sig forkólfa verkalýðsins í landinu, þegar á að gera slíkar ráðstafanir hér? Þeir reyna að fiska nokkur atkvæði með því að beita sér gegn þessari löggjöf, sem þeir kalla kúgunarlög. Og þeir gera allt, sem þeir geta, til þess að hún verði ekki framkvæmd eða þá brotin, ef hún nær fram að ganga. Þannig er munurinn á því, hvernig þessum nauðsynlegu ráðstöfunum er tekið hér eða annars staðar. Hins vegar hafa svo fulltrúar fyrir aðrar stéttir þjóðfélagsins, sem mundu frekar hagnast á því, að verðbólgan héldi áfram að vaxa, tekið vel í þessi mál. Þeir hafa talið hina mestu nauðsyn að stöðva dýrtíðina og tekið þátt í ráðstöfunum til þess. Því fer fjarri, að verkamönnum megi á sama standa, hver þróun verður í þessu efni, og þeir hafa mestra hagsmuna að gæta, ef verðbólgan héldi áfram að vaxa. Þetta er staðreynd, sem ómögulegt er að hrekja. Það er ekki hægt að fá samtök um neinar almennar ráðstafanir, og það er ekki hægt að framkvæma þær, nema með því að hafa eftirlit með kaupgjaldi í landinu, eins og öðrum þáttum verðlagsmálanna. Öllum þessum staðreyndum hefur verið neitað af Alþfl. vegna ástæðna, sem ég hef þegar greint.

Það er eftirtektarvert, að þeir Alþfl.menn og aðrir, sem hafa talið sig forkólfa verkalýðsfélaganna í landinu, þeir unnu að því fram á haustið 1941, að grunnkaupshækkanir ættu sér stað sem minnst vegna almennrar nauðsynjar. Þessir forkólfar unnu að samningum í þessa átt fram á haust 1941, en þegar til á að taka, er ómögulegt að komast að slíku samkomulagi við þá, svo að það verður að hefta kauphækkanir með löggjöf, ef ekki á að hefjast nýtt tímabil vaxandi verðbólgu. Þá skerast þeir úr leik og bera á okkur allar vammir og skammir fyrir að setja slíka löggjöf. Ef það er kúgun við verkalýðinn að takmarka grunnkaup í jan. 1942, hvers vegna unnu þá forkólfar verkalýðsfélaganna að því 1940 og 1941, að kaup héldist óbreytt? Hvers vegna létu þeir ekki verkalýðinn sækja rétt sinn á þann hátt, ef það var hægt? Svo ber þessi hv. þm., sem hér á hlut að máli, á okkur allar þær mestu vammir og skammir fyrir að halda áfram að gera þær ráðstafanir í kaupgjaldsmálunum 1942, sem hann hafði gert 1941. Enn fremur væri mikilsvert, ef gerð yrði tilraun til þess í umr. að gera grein fyrir því, hvernig takast megi að halda dýrtíðinni niðri með því móti, að verkalýðurinn og launastéttirnar í landinu hækkuðu grunnkaup og laun og fengju sinn hlut réttan á þann hátt. Mundu þá ekki aðrar stéttir rísa upp, sem hafa tekjur sínar bundnar með löggjöf? Það væri harla einkennileg löggjöf að binda tekjur sumra

stétta, en láta aðrar hafa óhindraða möguleika til að selja vinnuafl sitt okurverði. Og eitt er víst, að undir slíkum kringumstæðum er alveg óhugsandi að framkvæma löggjöf til að takmarka verðbólguna. Alþfl. fann sér tvennt til afsökunar á þeirri framkomu sinni að skerast úr leik í þessum málum. Í fyrsta lagi sagði hann, að hér væri um sérstakar kúgunarráðstafanir að ræða gagnvart verkalýðnum, og ég hef drepið á, hvernig Alþfl.menn hafa hagað sér í þessum málum undanfarin ár. Hin ástæðan er sú, að stríðsgróðinn sé ekki nægilega skattlagður, og þess vegna geti þeir ekki tekið þátt í þessu máli. Ég veit ekki til þess, að Alþfl. hafi kynnt sér, hver áætlun var gerð innan stjórnarflokkanna um skattlagningu stríðsgróðans. En hitt veit ég, að Alþfl. átti sæti í ríkisstj. 1940 og 1941 og vék úr stjórninni með litlum fyrirvara, og það var ekki vegna ósamkomulags út af skattlagningu stríðsgróðans, heldur vegna þess, að ráðstafanir gegn dýrtíðinni, sem gera átti 1941, töldu þeir ófullnægjandi. Síðan Alþfl. hóf deiluna við okkur, hefur hann borið okkur á brýn, að við værum að kúga verkalýðinn og hlífa auðmönnunum. Síðan Alþfl. fór úr ríkisstjórninni, hafa verið lagðar fram till. um skattlagningu stríðsgróðans, sem ræddar hafa verið í þinginu. Hefur Alþfl. fundið þar sérstöðu og haft það til afsökunar því, að hann hafi ekki getað tekið þátt í ríkisstjórninni. Svo mikið voru alþfl.menn búnir að tala um skattlagningu stríðsgróðans, að mönnum datt ekki annað í hug en að þeir reyndu að leggja fram einhver frumvarpsslitur í þá átt, áður en 7 vikur voru liðnar af þingtímanum. En till. Alþfl., sem áttu að marka sérstöðu hans í skattamálunum, komu öfugu megin við frv. Raunar var svo lítill munur á till. Alþfl. og frv. sjálfu, að sérstaða kom ekki til greina á því stigi.

Þeir fóru fram á örlítið hærri álagningu á stríðsgróðann, en allir geta séð, að þessi ástæða gat ekki valdið því, að Alþfl. tók ekki sæti í ríkisstjórn. Nei, þetta var kosningaáróður og átti að vera yfirboð, þess vegna vildi Alþfl. ekki taka þátt í þessum ráðstöfunum. Menn hafa heimild til að draga þessa ályktun vegna þess að þær ástæður, sem fram hafa verið færðar, eru augljósar tylliástæður, ef miðað er við framkomu Alþfl. í kaupgjaldsmálunum 1941 og við till. Alþfl. í skattamálunum.

Ég hef áður tekið fram um þau atriði í þessu máli, sem sérstaklega snerta mig. Alþfl.menn hafa mikið rætt um andstöðuna gegn þessum l. og gera mikið veður úr því, að þau séu hvarvetna brotin. Það má vel vera þar, sem menn leggja sig fram til að brjóta þau, en menn ættu ekki að koma til ríkisstj. til að tilkynna slík lögbrot. Það má segja um mörg nytsöm lög, að þau séu brotin í sumum tilfellum, þó að þau komi hins vegar að miklu gagni. T. d. eru áfengislögin mikið brotin, en þó er fjöldinn af mönnum, sem heldur fram, að þau séu til mikils gagns, þó að farið sé í kringum þau af einhverjum þegnum þjóðfélagsins. Löggjöf getur orðið til mikils gagns, þó að hún sé brotin, og það gerir hvorki til né frá, þó að hægt sé að benda á einstök dæmi um það. Nú er eftir að framkvæma þessar ráðstafanir, og það er hugsanlegt, að Alþfl. fái ánægju af að sjá verðbólguna vaxa í landinu, þrátt fyrir ráðstafanir ríkisstj. Það er ánægjulegt fyrir hann, ef hann getur átt þátt í, að svo mætti verða. Ég er ekki eins viss um, að Alþfl. verði jafnánægður með það síðar meir, ef fyrir hans tilstilli tækist að gera minna úr þessum ráðstöfunum heldur en við gerum okkur vonir um.

*__Einar Olgeirsson:__ Hv. 4. landsk. þm. hefur spurt að því, hvernig ríkisstjórnin hefur samið við setuliðið, og því hefur enn ekki verið svarað. Ég vildi í því sambandi upplýsa það, að ríkisstj. er þegar farin að leita eftir starfskröftum hér í bænum í sambandi við skrifstofu, sem ríkið er að koma upp og á að hafa með allt vinnuafl í landinu að gera. Menn munu tæplega trúa því, að slíkar ráðstafanir séu gerðar, án þess að Alþ. ákvarði um þær. Ég vil ítreka þá fyrirspurn til ríkisstj., hvort hún sé búin að taka ákvarðanir um að fjölga þannig starfsmönnum sínum, án þess að Alþ. samþ. það, og hvort hún í trássi við Alþ. ætli að koma upp slíku skrifstofubákni. Ég mótmæli, að slíkar ráðstafanir séu framkvæmdar án þess að Alþ. sé spurt leyfis.

Svo vil ég segja nokkur orð í sambandi við ráðstafanir Bandaríkjanna gegn dýrtíðinni. Í fyrsta lagi erum við ekki skyldugir til þess að skoða allt, sem Bandaríkin kunna að gera, sjálfsagt og rétt. Ég vil minna á í sambandi við ákvarðanir Ameríkumanna um takmörkun kaups, að á síðasta ári hækkuðu grunnlaun þar um 25%, meðan dýrtíðin steig um 6%, og þessi hlutföll samsvara allt að 20% grunnkaupshækkun. Í öðru lagi eiga Bandaríkin í stríði, og við mundum áreiðanlega á öðrum grundvelli ræða um þetta mál, ef við værum stríðsaðili og þyrftum að berjast fyrir lífi og frelsi. Bandaríkin hafa samvinnu við verkalýðsfélögin og taka í samráði við þau ákvarðanir um lögbindingu kaups. Vill ríkisstjórnin lögfesta það kaup hér á landi, sem Bandaríkin greiða? Það væri rétt að athuga þetta atriði, áður en Bandaríkin eru tekin til fyrirmyndar.

Hæstv. fjmrh. viðurkenndi í rauninni, að hægt væri að hækka kaupið, án þess að verðbólgan ykist. En því miður er því þannig háttað nú, að atvinnurekendur vilja ekki hækka kaupið, af því að nú loks hefur verkalýðurinn betri atvinnuskilyrði og getur dregið fram lífið.

Ég vil svo ekki ræða um þetta frekar að sinni, en get sagt það að lokum, að gerðardómslögin verða aldrei framkvæmd.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Hæstv. fjmrh. kom mér til þess að kveðja mér hljóðs með ræðu sinni áðan.

Hann fullyrti, að því er mér skildist, að milli hans og ráðh. Alþfl. hefði ekki skakkað hársbreidd í dýrtíðarmálunum. Hann sagði, að heimildir í dýrtíðarl. 1941 hefðu ekki verið notaðar, vegna þess að ekki fékkst útreiknuð vísitala landbúnaðarins, og þess vegna hafi hvorki hann né Stefán Jóh. Stefánsson fallizt á að greiða verðlagsuppbætur á landbúnaðarafurðir. — Það er ef til vill rétt hjá þessum hæstv. ráðh., að þeir tveir hafi heimtað að fá þessa vísitölu útreiknaða, og ég játa, að uppbót á landbúnaðar-

afurðir þarf að vera í samræmi við vísitöluna. Hitt hlýtur að vera misminni hjá hæstv. ráðh., að ekki hafi skeikað hársbreidd milli hans og ráðh. Alþfl. Eins og kunnugt er, lagði ráðh. Alþfl. fram till. í ríkisstj. þ. 15. des. 1941 um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, sem miðuðu að því, í fyrsta lagi að innheimta ekki útflutningsgjald af ýmsum vörum, í öðru lagi að afnema eða lækka tolla samkv. heimildum í dýrtíðarl., í þriðja lagi að hafa eftirlit með farmgjöldum á vörum, sem fluttar væru til landsins, og í fjórða lagi að greiða ekki uppbót á mjólkurverðið, heldur láta fara fram rannsókn á auknum rekstursskostnaði, og greiða þá hækkun beint til mjólkursamsölunnar. En þessar till. náðu ekki fram að ganga. Ég get einnig getið þess, að samkv. upplýsingum framsóknarmanna í Tímanum, báru þeir fram till. líkar þeim, er Stefán Jóh. Stefánsson hafði komið með, en þeim till. var hæstv. fjmrh. andvígur. Hæstv. fjmrh. hefur og lýst yfir því, að heimildir dýrtíðarl. hafi verið gagnslausar, aðeins meðal, sagði hann, sem deyfir sársaukann, en veikin er jafnskæð eftir sem áður. — Ég er ósammála hæstv. fjmrh. í þessu sambandi, og hann hlýtur að vera ósammála sjálfum sér, því að ég veit ekki betur en að hæstv. ríkisstj. hafi um langt skeið greitt nokkurn hluta kolaverðsins til þess að halda niðri verði á þeim. Enn fremur afnam hún og lækkaði tolla af ýmsum vörum og hætti að innheimta stríðsflutningsgjaldatolla af sömu vörum. — Einmitt vegna þessara aðgerða hefur ríkisstj. lánazt að halda vísitölunni óbreyttri síðan um áramót. — Ég á því bágt með að skilja hæstv. fjmrh., þegar hann segir, að þessar ráðstafanir séu gagnslausar, því að þær eru það alls ekki, og ef fyrr hefði verið gripið til þeirra, þá væri dýrtíðin ekki eins mikil og raun ber vitni um.

Frumorsök dýrtíðarinnar er flutningsgjaldahækkunin á vörum, sem fluttar voru til landsins, og þetta viðurkenndi hæstv. ráðh. að nokkru leyti. Þessari hættu var hægt að afstýra með því að halda flutningsgjöldunum óbreyttum og greiða Eimskipafélagi Íslands mismuninn á reksturskostnaði félagsins, og með því mátti koma í veg fyrir hækkun erlendra vara og þar með hækkun innlendra vara o. s. frv.

Þeir tollar, sem hafa hækkað, hafa hækkað vöruna sjálfa. Þetta leiðir af sjálfu sér, og hæstv. ráðh. veit það vel. Hæstv. fjmrh. sagði, að gerðardómsl. hefðu verið sett til þess að stöðva dýrtíðina og að hverfa frá þeim væri sama og að sleppa dýrtíðinni lausri. Ég er hér ekki á sama máli og fullyrði, að þessi l. geti aldrei stöðvað dýrtíðina, því að aldrei verði hægt að framkvæma þau.

Til viðbótar get ég bent á, að það er óhugsandi, að landbúnaðurinn fái verkafólk í þjónustu sína fyrir sama kaup og í fyrrasumar, hvað sem gerðardómurinn segir. Annaðhvort verða bændur því að draga saman búskap sinn eða hækka kaupið, og af því leiðir svo, að kröfur koma fram um hækkun á landbúnaðarafurðum á ný. L. eru því gagnslaus að þessu leyti fyrst og fremst.

Það hefur sýnt sig, að ýmsir atvinnurekendur fara á bak við gerðardómslögin og reikna kaup fyrir fleiri tíma en unnir eru. Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að menn haldi sér frekar að slíkum vinnustöðvum.

Mér hefur virzt af ummælum hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi fyrirspurnum, sem fram hafa komið hér í hv. d. um vinnuaflið í landinu, að hún teldi, að gerðardómslögin hefðu ekki hjálpað til að draga úr fólkseklunni, heldur þvert á móti. — Hverjum mundi líka detta í hug að fara í vegavinnu núna, þegar bannað er að hækka kaupið þar?

Út af þeim ummælum hér í hv. d., að hækkun kaups hljóti að leiða til aukinnar dýrtíðar, þá finnst mér það fjarri sanni. — Verzlanir geta t. d. hækkað kaup starfsmanna sinna án þess að reksturinn biði nokkurn hnekki, og þó að prentarakaupið hækkaði, þyrfti það ekki að leiða til hækkunar á prentun, og svo mætti lengi telja, en að vísu kostar þetta sterkt verðlagseftirlit.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh. veitast nú mjög að Alþfl. og saka hann um, að hann eigi drjúgan þátt í hinni miklu dýrtíð, sem nú er í landinu, af því að hann tók ráðh. sinn úr ríkisstj. og vildi ekkert gera til þess að stuðla að því, að dýrtíðin minnkaði. (**Fjmrh.**: Ég sagði það aldrei.) Hæstv. viðskmrh. sagði það, og hæstv. fjmrh. sagði, að þeir vildu ekkert gera til að halda dýrtíðinni í skefjum.

Mér þykir þessi ummæli harla einkennileg, því að þessir hæstv. ráðh. og öll hæstv. ríkisstj. vissi, að ef þessi brbl. yrðu gefin út, þrátt fyrir andmæli Alþfl., þá mundi af því leiða samningsslit. En svo koma þeir til Alþfl. á eftir og bera sig illa yfir framferði hans, og það er miður karlmannlegt, þegar þess er gætt, að þeir hafa þingfylgi til þess að koma þessum l. fram.

Nú er mikið gumað af þessum l. og sagt, að svona hafi Roosevelt farið að, alveg eins og hann hafi sótt fyrirmyndina hingað. (**Fjmrh.**: Hver veit?) Þessar aðferðir, sem notaðar hafa verið, eru þannig, að fáir mundu hafa gripið til þeirra í öðrum löndum. Ég er þess t. d. alveg fullviss, að ríkisstj. í Ástralíu hefði aldrei dottið í hug að setja slík l., nema í samráði við verkalýð landsins. (**Viðskmrh.**: Hvað veit hv. þm. Seyðf. um, hvað þeim dettur í hug í Ástralíu?) Það var ekki nóg með, að ríkisstj. hér léti sér detta þetta í hug, heldur fór hún með fólkið eins og kjöt- eða mjöltunnur og sagði: „Þarna skalt þú vinna og fyrir þetta kaup.“

Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð frétt um dýrtíðarráðstafanir Bandaríkjamanna, en einhvern veginn hefur þessum hæstv. ráðherra skotizt yfir mjög mikilsvert atriði í þessari frétt. Þar er einnig skýrt frá því, að enginn Bandaríkjaþegn megi halda meiru eftir af tekjum sínum en 25000 dollurum. Það, sem umfram er, skuli allt tekið í sköttum. Viðskmrh. var ekki að hafa fyrir að lesa þetta. Samkvæmt því skattafrv., sem hér liggur fyrir og hann virðist vera talsvert stoltur af, er tryggt, að þegar búið er að greiða skatta af einnar milljónar gróða, þá verði eftir a. m. k. 400 þús. kr., en hámarkið, sem hverjum Bandaríkjaþegni er leyft að hafa, er 25 þús. dollarar, eða 150 þús. kr. Ef fyrirtæki á 7 togara og það græðir tæp 900 þús. kr. á hverjum, eða 6 milljónir króna, þá er þessu fyrirtæki tryggt, að það eigi eftir a. m. k. 2400000

krónur að greiddum sköttum og útsvari, ef frv. verður samþ. Þetta er gert með því að banna *bæjarfélögunum að leggja nokkur útsvör á tekjur*, sem fara yfir 200 þús. kr. Hann kallar það lítilfjörlegt formsatriði að flytja brtt. um að fella þetta ákvæði niður. Eitt útgerðarfélag hér í Reykjavík greiddi til bæjarsjóðs, auk hluta af stríðsgróðaskatti, 700 þús. kr. Nú er bannað að leggja á annað hjá þessu fyrirtæki en þær ca. 120 þús. kr., sem verða eftir af fyrstu 200 þús. kr., þegar búið er að draga skattana frá.

Annars eru það ekki skattamálin, sem nú eru til umræðu, en úr því að hæstv. ráðh. fer að ræða þau, vil ég ekki láta honum ósvarað.

Hæstv. ráðh. segir, að Alþfl. hafi verið sammála Framsfl. um afgreiðslu skattal. 1941. Ráðh. veit, að þetta er ekki rétt. Hann veit, að það er mjög fjarri lagi. Hann veit, að við fluttum brtt. um að nema burtu tapsfrádrátt útgerðarfélaga, sem mun hafa verið um 7—9 milljónir króna, sem stærstu fyrirtækin fengu langmest af. Hann veit það líka, að við bárum fram till. um miklu hærri stríðsgróðaskatt en samkomulag varð um að lokum. Einnig veit hann það, að í l. frá reglulegu þingi 1941 er stj. heimilað að innheimta útflutningsgjald. Hann veit, að meðalsala togaranna s. l. ár nam 9400 £ eða næstum 250 þús. kr., og hann veit, að þessi heimild hefur ekki verið notuð enn þann dag í dag.

Hann segir, að Alþfl. hafi ekki þorað að leggja fram till. sínar í skattamálum, fyrr en eftir að stjfrv. kom.

Eftir að stjórnin hafði tilkynnt með miklu yfirlæti, að hún ætlaði að taka 90% af hátekjum með sköttum, þótti okkur ekki rétt að fara að bera fram till. um það efni. Skattar af meðaltekjum og lágum tekjum höfðu verið lagaðir svo mikið á þingi 1941, að vel mátti við una, ef *tekjuumreikningi* var *haldið áfram óbreyttum*. Það var fyrst, þegar frv. kom fram, að við Alþýðuflokksmenn sáum, að það var fullkomin blekking að tala um 90% skatt, þar sem hámark var sett á það, sem mátti greiða af.

Áður en skattafrv. þetta kom fram, höfðum við Alþýðuflokksmenn lagt fram frv. um gengishækkun, sem fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. ekki fengust til að taka neina afstöðu til, en þar er gert ráð fyrir 15% skatti á eignaaukningu frá stríðsbyrjun. Þ. e. a. s., að stórgróðamennirnir, sem hafa auðgazt á þessu tímabili, þeir skili aftur því, sem ætla má, að þeir hafi auðgazt fyrir of lágt gengi. Það er alveg misskilningur hjá hæstv. ráðh., að við höfum óttazt, að hann yrði vinstra megin við okkar tillögur. Þar sem okkar frv. var komið áður, höfðum við ekkert að óttast í þessu efni. Ég vildi, úr því að farið er inn á þetta mál, segja það, að mig furðar á því, að hæstv. ráðh. og stjórnarflokkarnir, sem hafa oft áður látið í ljós, að þeir teldu það ráð að hækka gengi krónunnar, að þeir skuli vera ófáanlegir til þess að taka afstöðu *með frv. og fara þá leið, sem réttlátust er og eðlilegust* í skattamálum landsins, að láta þá, sem grætt hafa á gengislækkuninni, skila aftur þeim mismun, sem er á því, sem þeir hafa keypt hlutina fyrir, og réttmætu gengi.

Hæstv. viðskmrh. las hér upp prýðilegan kafla úr álitsgerð nefndar, sem athugaði fyrir stjórnina, hvernig tiltækilegast væri að hamla gegn verðbólgunni. Ég hafði orðað þetta fyrr hér í umr., eins og hæstv. ráðh. las, þannig, að verðbólga væri hættuleg og viðsjárverðust fyrir þá, sem eignalausir eru, vegna þess að ef hún héldi áfram, þá yrðu þeir ríku ríkari og þeir snauðu snauðari. Hann las þetta rétt, þ. e. a. s. stafrétt og með réttum hljóðum, en allt um það er það bersýnilegt, að ráðh. skilur ekki eitt einasta orð í þessu, því að ef hann gerði það, væri ólíklegt að hann breytti í andstöðu við það, sem hann telur rétt, því að ráðh. er búinn að vera ráðh. *dýrtíðarinnar frá byrjun og hefur alltaf fullyrt* um sinn mikla vilja til þess að stöðva hana, en aldrei gert neitt annað, en margt til þess að auka hana. Svo leyfir hann sér að flytja hirtingarræðu yfir Alþfl. fyrir það, að hann ætlar ekki að berjast gegn dýrtíðinni á þann þokkalega hátt, sem hann vill. Ég hef nefnt hér ótal dæmi fyrir því, að ef þessi ráðh. hefði ekki brugðizt skyldu sinni, var hægt að hækka kaupið allverulega, án þess að verðbólga kæmi fram, ef haldið var í hemilinn á þeim fyrirtækjum, sem nú taka inn stórgróða, en þetta fer fyrir ofan garð og neðan hjá viðskmrh.

Viðskmrh. *talaði um kjósendahræðslu*, að Alþfl. hefði farið úr stjórn af því, að hann ætlaði að nota sér ákvæðið um lögbindingu kaupsins til fylgisaukningar. Ég vil þá spyrja hæstv. viðskmrh.: Hækkar hann verð á kjöti og mjólk til þess að veiða atkvæði hjá bændum? Hann var með ákúrur á hv. þm. A.-Húnv. fyrir, að hann sé að veiða atkvæði í Húnavatnssýslunni með því að biðja um hærra kjötverð en Framsfl. vill borga, en hækkar það næsta dag meira en hv. þm. A.-Húnv. hafði viljað fara fram á. Sorgarsaga ráðh. stafar af því, að hann hefur reynt að nota dýrtíðina allan þennan tíma til þess að veiða atkvæði *fyrir sig og sinn flokk*, sér og sínum flokki til framdráttar.

Í síðasta blaði Tímans er grein um verðlagseftirlitið innmaturinn í blaðinu, þar sem leitazt er við að sýna fram á, að verðlagseftirlitið hafi sparað landsmönnum margar milljónir króna. Í sama blaði birtast svo reikningar Kaupfélags Eyfirðinga á fremstu síðu, og sýna þeir, að eftir að búið er að setja verðið svona niður fyrir röggsemi ráðh., gerir Kaupfélag Eyfirðinga sér *lítið fyrir og skilar 10% tekjuafgangi til* meðlima sinna og leggur samt álitlega fúlgu í sjóði. Mér er jafnvel kunnugt um, að margir kaupfélagsstjórar nota ekki til fulls álagningarákvæðið. Sér er nú hver röggsemin! Það er von, að ráðh. státi! Af hverju er þetta? Mér er ekki grunlaust um, að ráðh. sé búinn að segja, hver ástæðan er. Það er til þess að kaupfélögin geti á þessum tímum aflað sjóða. En það eru fleiri en kaupfélögin, sem græða á þessu. Það gildir það sama fyrir allar verzlanir. Það eru fleiri en ráðherrann, sem sýna röggsemi. Hér í Reykjavík hefur þeim, sem fengu verzlunarleyfi, fjölgað eitthvað á þriðja hundrað. Og bara á árinu 1941, þegar hann skammtar álagninguna, fjölgar heildsölum í Reykjavík um 83. Ég verð að segja það, að ráðherrann getur ekki vænzt stuðnings míns í þessum sparnaði.

En þó að hver og einn gæti fengið hækkaðar tekjur, var ekkert athugavert við það. Það á að

taka það með sköttum, sagði stjórnin. Og þegar þeir koma, halda þeir eftir 40%. Því að það verða að vera sjóðir! Það má ekki svipta fyrirtækin réttinum til þess að nota góðærið.

Ráðh. sagði, að ef það væru svik að setja lög eins og gerðardóminn, hvað ætti þá að kalla það, að Alþfl. gerði ekkert til þess að hækka kaupið allt góðærið 1940. Það er nú í fyrsta lagi ekki kunnugt um, að Alþfl. hafi gert neitt til þess að hækka kaup. Margir alþýðuflokksmenn stóðu að því, að full dýrtíðaruppbót fékkst og grunnkaupshækkun var komið á í nokkrum félögum, en ég skal játa það, að ef ég hefði séð það fyrir, hvernig löggjöf stj. mundi koma með í þessu máli, þá hefði ég hafið miklu skeleggari baráttu fyrir því, að verkalýðsfélögin heimtuðu kauphækkun árið 1940. En ég trúði því þangað til seint á árinu 1941, að það væri ætlun stj. að reyna að gera fleira en að binda kaupið. Ég trúði því, að það væri ekki aðeins slagorð, þegar sagt var, að allir yrðu að taka á sig erfiðleikana við að afstýra þeirri hættu, sem framundan er. En þegar ég svo sannfærðist um, að það var ekki ætlun stjórnarinnar að láta ganga jafnt yfir alla, sá ég, að það var eðlilegt og réttlátt, að verkalýðurinn reyndi að draga fram sinn hlut, eins og stjórnin ýtti undir, að aðrir flokkar gerðu. Það er það, sem veldur hinni breyttu aðstöðu. Aðgerðir stj. hafa eingöngu miðað að því að taka af þeim verst launuðu, t. d. með hækkun mjólkurverðsins um 30% og hækkun farmgjaldanna um 25%. Þetta varð bein eggjan til verkalýðsins til þess að reyna að ná rétti sínum.

Það er ekki rétt, að ég og Alþfl. sé að hlakka yfir óförum stj. í þessu efni. Mig tekur það mjög sárt, eins og ég hef áður sagt. Stjórnin hefur slegið met í því að auka dýrtíðina. Mér er ekki kunnugt um, að nokkurs staðar hafi aukning dýrtíðarinnar orðið eins mikil og hér. Og ástæðan er sú, að stj. hefur fallið fyrir þeirri freistni að nota dýrtíðina til þess að skapa óeðlilegan gróða fyrir vissar stéttir í landinu.

Það er ekki aðeins, að fjöldi manna græði stórkostlega, heldur er óðum stefnt að því, að hinir ríku í landinu verði enn ríkari, að eignirnar safnist á færri og færri hendur. Það ber ekki mikið á þessu enn þá, en eftir þetta stríð verður meira af fasteignum, framleiðslutækjum og fjármunum í færri höndum en áður var. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki nein tilraun til þess að ráða bót á þessu. Það hefur orðið til þess að auka vandræðin í þessu efni. Það er t. d. viðurkennt af viðskmrh., að þessi l. stöðvi ekki aukningu dýrtíðarinnar. Þau hafa ekki getað það. En þau skapa fullkomið öngþveiti, ef þau verða samþykkt. Það eina, sem hægt er að gera, er það, sem fyrir löngu hefði átt að vera búið að gera, og það er að leita samvinnu við verkalýðinn.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Þótt hv. þm. Seyðf. hefði bætt öðrum klukkutímanum við þessa klukkutíma ræða sína, hefði hann ekki verið nær kjarna málsins en hann er. Þrátt fyrir tveggja klukkutíma skraf gæti hann ekki neitað því, sem er viðurkennt af öllum, að ef hemil á að hafa á verðbólgunni, verður að gripa til þess, sem stj. hefur gert, að hafa gerðardóm í verðlags- og kaupgjaldsmálum. Þetta er það, sem stj. hefur verið að brýna fyrir andstæðingum málsins, en þeir farið í kringum, eins og köttur í kringum heitan graut. Það þýðir ekki að halda langa ræðu, ef ekki eru færð nein rök til sanninda. Hv. þm. Seyðf. sagði, að ég hefði ekki verið sjálfum mér samkvæmur í dýrtíðarmálum fyrr og síðar. Ég hefði ekki viljað verja fé úr ríkissjóði til þess að lækka vörur og borga tolla og flutningsgjöld, en svo byrjað á því síðar. En það hefur annað breytzt síðan. Það er grundvöllurinn, sem hefur breytzt við það, að gerðardómsl. voru sett. Það hefur algerlega farið fram hjá hv. þm. Þegar svo grundvöllurinn er fyrir hendi til þess að það nái einhverjum árangri að berjast gegn dýrtíðinni, geng ég inn á, að rétt sé að nota heimildir þessar, svo langt sem þær ná. Hins vegar get ég fullyrt það við þm., að ef kaupið hefði hækkað um áramótin, hefði ekki verið um neina stöðvun vísitölunnar að ræða, þrátt fyrir það, þótt þessar ráðstafanir yrðu gerðar um lækkun tolla, vegna þess að hækkunin hefði haft í för með sér hækkun á innlendum afurðum.

Og þá hefði ekki heldur til þess komið, því að það var þýðingarlaust að gripa til þeirra ráðstafana, sem dýrtíðarl. heimiluðu. Ég sagði, að það hefði ekki verið mikill munur á aðstöðu fyrrverandi ráðh. Alþfl. og minni gagnvart dýrtíðarl. og framkvæmd þeirra. En þetta sagði hv. þm., að væri algerlega rangt. Og til þess að sanna það, tók hann það fram, að sá ráðh. hefði um miðjan des. s. l. lagt fram vissar till. í ríkisstj. og aðrir ráðh. **hefðu ekki** fallizt á þær. En hvernig stóð þá á því, að sá hæstv. ráðh. lagði þessar till. fram í ríkisstj. fyrst um miðjan des. 1941, eftir að l. höfðu verið í gildi frá því tímanlega á árinu? Hvers vegna lagði hann þær ekki fram í ríkisstj. fyrr en í des. 1941, úr því að hann hafði verið þeim sammála framan af árinu um framkvæmd þessara l.? Ég geri mér alveg ákveðna hugmynd um það, hvers vegna það var. Það höfðu sem sé orðið breyt. í stjórnmálunum frá því að löggjöfin var sett og þar til þessi hæstv. ráðh. lagði þessar till. fram í ríkisstj. Það hafði verið ákveðið, að kosningar ættu að fara fram, bæði í bæjarstjórn og til Alþingis á í hönd farandi ári, sem ekki var framan af árinu, eftir að þessi l. voru sett, á meðan við vorum sammála um afstöðuna gagnvart framkvæmd laganna.

Hv. þm. þóttist hafa fundið einhvern vizkustein í sambandi við það, hvernig dýrtíðin hefði byrjað og hve ódfluga hún hefði vaxið í byrjun stríðsins hér á landi. Það var nú reyndar þannig, að ég var búinn að vikja að þessu og gerði grein fyrir því, að það væri af þeim eðlilegu ástæðum, að við þyrftum að flytja inn miklu meira af okkar nauðsynjavörum hlutfallslega en nokkur önnur þjóð, og þar á meðal fyrst og fremst Bandaríkin, þar sem verðbólgan hefur ekki vaxið nema um 6% á vissum tíma. Og hvað þýðir það í þessu sambandi að flytja inn vörur? Það þýðir ekki aðeins það að kaupa vörurnar fyrir markaðsverð á þeim stað, þar sem þær eru keyptar, heldur leggst líka á þær flutningur. Og hann hefur orðið mjög miklu dýrari en áður vegna stríðsástandsins, sem er í heiminum, og

allar siglingar hafa orðið dýrari. En þetta, hversu dýrtíðin óx fyrstu mánuði stríðsins, eða við getum sagt fyrsta ár stríðsins, það kemur náttúrlega ekkert við framkvæmd dýrtíðarl., því að þau urðu ekki til fyrr en í júní 1941. Svo að hv. þm. skýtur yfir markið, þegar hann áfellist mig fyrir afstöðu mína gagnvart framkvæmd þeirra l. á þeim tíma, þegar þau voru alls ekki til. En það má segja, að það hafi verið sameiginleg sök okkar allra að hafa ekki verið nógu vakandi í byrjun ófriðarins um að setja skorður við verðbólgunni í landinu. En ekki þýðir að sakast um orðinn hlut. Hins vegar býst ég við, að afstaða mín hefði verið svipuð, hversu snemma sem rankað hefði verið við sér, um það, að ég hefði álitið nauðsynlegt að gera fleira en að verja fé úr ríkissjóði, — sem þá var reyndar alls ekki til —, til þess að borga verðmismun á innfluttum eða innlendum vörum. Það, sem því hv. þm. beindi til mín í sambandi við afstöðu mína í ríkisstj. gagnvart þessum málum, fellur náttúrlega alveg um sjálft sig.

Að ríkisstj. nú er loks hætt að innheimta tolla, sem heimilt er að fella niður, hefur sínar ástæður, sem þessi hv. þm. veit vel um, hvers vegna það nú er gert, þó að það hafi ekki verið gert áður.

Hv. þm. endurtók svo það, sem hv. þm. Ísaf. var búinn að hamra á hér áður og hv. þm. Sósfl. sömuleiðis, að að sjálfsögðu hefði mátt hækka járnsmiðakaupið um síðustu áramót og jafnvel prentarakaupið, án þess að það hefði haft áhrif á dýrtíðina í landinu. Það má nú segja það, að það hefði mátt hækka kaup hjá einstökum stéttum — það er búið að ræða um þetta áður —, án þess að það hefði leitt af sér almenna hækkun á kaupgjaldi eða verðlagi. En hvorki þessum hv. þingmönnum né öðrum hefur vitanlega dottið í hug, að slík kauphækkun geti átt sér stað hjá vissum stéttum í landinu, án þess að aðrar stéttir fylgdu með og af því hefði leitt almenna kauphækkun í landinu. Og það var þetta, sem reynt var að koma í veg fyrir og alls staðar er reynt að koma í veg fyrir. Og það er ekki til þess að níðast á hagsmunum hinna fátæku, heldur til þess að vernda hagsmuni þeirra, sem verða því fátækari sem verðbólgan verður meiri, vegna þess að það, sem þeir geta lagt fyrir, verður því minna virði sem verðbólgan vex. Og ef það, sem fátækt fólk hefur getað lagt fyrir, hefði verið gert sífellt verðminna, þá geri ég ráð fyrir, að ekki síður hefði sungið í tálknunum á þessum hv. þm.

Það vill nú svo til, að í hinni alllöngu ræðu hv. þm. er ekki fleira, sem ég þarf að svara. Með þessum atriðum er í raun og veru allri ræðunni svarað. Hv. þm. kom svo inn á það, kannske meira í sambandi við ræðu hæstv. viðskmrh., að þessi skattal., sem við hefðum sett, væru ekki stórtæk. Og í sambandi við það, að ráðgerðar eru af forseta Bandaríkjanna ýmsar dýrtíðarráðstafanir, þar á meðal lögbinding kaups, las hann upp úr ágætu blaði, að fleiri ráðstafanir væru ráðgerðar í sambandi við þær, svo sem það, að enginn Bandaríkjaþegn mætti hafa meira en 25 þús. dollara eftir af árstekjum af atvinnu sinni. Og í sambandi við þann afgang af tekjunum, sem má, eftir því sem ráðgert er, ekki vera meiri en þetta hjá hverjum einstökum Bandaríkjaþegni, tekur hv. þm. stærsta fyrirtækið, sem rekið er hér á landi. Ég geri ráð fyrir, að þarna í Bandaríkjunum sé ekki átt við stærstu atvinnufyrirtæki, heldur, eins og orðin hljóða, einstaka Bandaríkjaþegna. Þess vegna stoðar ekki að bera saman við það þau ákvæði, sem hér eru sett um það, hvað stærstu og áhættusömustu fyrirtæki, sem hér eru rekin, eigi að fá að leggja í sjóði með svo og svo miklum böndum og fyrirmælum um, hvernig eigi að geyma það fé til tryggingar því, að því verði ekki varið til annarra hluta en ætlazt er til, að endurnýja framleiðslutækin og vera viðbúin að taka erfiðari tímunum, þegar þá ber að höndum.

Svo sagði hv. þm., að ef hann hefði vitað svo og svo mikið fyrir fram, þá mundi hann í ársbyrjun 1940 ef til vill hafa hallazt að því að byggja fyrir hækkun grunnkaups hjá verkalýðsfélögunum. En ég minnist þess, að í ársbyrjun 1940 birtust góðar greinar í blaði flokksbans, sem hnigu að allt öðru heldur en því að ýta undir almenna kauphækkun í landinu, svo gersamlega allt öðru, að það var beinlínis varað við því að hækka kaupið. (HG: Þetta er fullkominn misskilningur). Ég held, að þessi hv. þm. hafi þá fullkominn misskilning á því, sem í þessu blaði stóð. Þar voru sögð þessi gullvægu orð, að slíkar kauphækkanir mundu kannske endast fram yfir næstu kosningar, en áreiðanlega ekki lengur. — Ég býst líka við, að þetta skraf þessa hv. þm. muni endast fram yfir næstu kosningar, — en ætli það detti svo ekki í logn?

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég hef ekki ástæðu til að halda hér langa ræðu út af því, sem hv. þm. Seyðf. sagði, en vil þó minnast á það örfáum orðum. Sum atriðin hefur hæstv. fjmrh. tekið til meðferðar, og þarf ég ekki að ræða um þau.

Hv. þm. Seyðf., sem hefur talsverðan áhuga fyrir því að gera lítið úr þeirri skattalöggjöf, sem hér er í þann veginn að verða afgr. út úr þinginu, sérstaklega fyrir það, að hún heimili félögum að halda eftir af tekjum sínum óeðlilega háum fjárhæðum í sjóðum sínum. Ég vil í þessu sambandi minna þennan hv. þm. á það, að hér starfaði milliþn. í skattamálum þó nokkuð framan af ófriðartímanum og fyrir ófriðinn, og í þeirri n. hafði Alþfl. sérstakan fulltrúa. Sá fulltrúi lagði fram till., sem mikið veður var gert út af í Alþýðublaðinu, um það, eins og þar stóð, að mynda þyrfti öfluga nýbyggingarsjóði hjá útgerðarfélögum landsins til þess að standa undir endurnýjun togaraflotans, sem lengi hefði verið áhugamál flokksins. Þessar tillögur voru þannig úr garði gerðar, að félögin áttu að greiða samtals í tekjuskatt, útsvar og stríðsgróðaskatt 25% af þeim tekjum, sem þau legðu til nýbyggingarsjóða. Ekki 63%—64%, eins og þau eiga að greiða samkvæmt þeim frv., sem fyrir liggja nú, heldur 25%. Hér við bætist svo það, að þessi 25%, sem þau áttu að greiða af þessu fé, voru ekki miðuð við skattskyldar tekjur, áður en skattur og útsvar er dregið frá, og það munar á stríðsgróðanum upp undir helmingi, þannig að það átti, eftir till. Alþfl., að vera 13%, en

ekki 64%, sem félögin áttu að greiða í skatt af því fé, sem til nýbyggingarsjóðanna færi.

Hv. þm. minntist á það einnig hér, að það væri óhæfa að binda hendur niðurjöfnunarnefnda svo sem gert væri með frv., sem nú liggja fyrir þinginu um skattamál, ef samþ. verða. Hann veit þó, hv. þm., að löggjöf sú er miðuð við það, að bæjar- og sveitarfélög fái verulegan hluta af stríðsgróðaskattinum, sem þá raunverulega er útsvar til bæjar- og sveitarfélaganna, enda þótt það sé innheimt sem stríðsgróðaskattur. En miðað við það hefðu stórgróðafyrirtækin svo að segja engin útsvör greitt, ef till. Alþfl., og þar með þessa hv. þm., hefði náð að verða samþ., vegna þess að tekjuþörf sumra kauptúna og hreppa er svo lítil miðað við stríðsgróða ýmissa fyrirtækja, sem þá sum eiga heimilisfang í smærri sveitarfélögum. Ég vil rifja þetta upp fyrir þessum hv. þm., að í þeim till., sem útbýtt var á sinni tíð frá fulltrúa Alþfl. í milliþn. í skattamálum, þar var gert ráð fyrir því, að útsvör og skattar til samans mættu ekki fara yfir 90% af tekjunum. Þegar skattur og útsvar fyrra árs hafði verið dregið frá þeim. Það ákvæði hefði reyndar, ef ekki hefði verið breytt um aðferð við skattálagningu, þýtt það, að ekki hefði mátt leggja nema 45% samtals á þessar hátekjur í útsvar og skatt til samans. Svona langt í því að hlífa stríðsgróðanum og í því að binda hendur niðurjöfnunarnefnda hefur enginn viljað ganga nema þessi hv. fulltrúi Alþfl. í milliþn. Nú veit Alþfl. allur og þá hv. þm. Seyðf., að meginbreyt., sem í frv. um skattalagabreyt. felst, er sú, að það á að hætta að draga frá tekjunum skatt og útsvar fyrra árs, áður en ákvarðaðar eru skattskyldar tekjur, sem munar um það bil helmingi á skattinum í sumum tilfellum, því að 100% skattstigi eftir gamla fyrirkomulaginu tæki helming tekjuanna í skatt að meðaltali á ári í mörgum tilfellum, þ. e. a. s. þegar jafnar tekjur eru um nokkurra ára bil, en nú mundi 100% skattstigi taka allar tekjurnar eftir þeirri breyt. að hætta að draga frá skatt og útsvar fyrra árs við ákvörðun skattskyldra tekna. Þetta er undirstöðuatriðið fyrir því, að hægt er að skattleggja stríðsgróðann. Nú skulum við segja, að þeir, sem hefðu viljað hafa forgang um að skattleggja stríðsgróðann, hefðu barizt fyrir þessu atriði, að skattal. yrði þannig breytt. En um það hefur aldrei komið nein uppástunga af hálfu Alþfl. Það er Framsfl., sem í byrjun styrjaldarinnar kom fram með þessa till., því að það þýddi ekkert að leika sér að háum skattstigum, ef þessu atriði var ekki breytt. Og um það atriði sagði hv. þm. Seyðf. hér í þessari hv. d., að hann þyrfti að fá frest til þess að gera sér grein fyrir, hvort hann væri með þessari breyt. M. ö. o., á þremur stríðsgróðaárum hafði þessi hv. þm. ekki komizt lengra en það, að hann hafði ekki gert það upp við sig hreinlega, hvort hann fylgdi þessu grundvallaratriði eða ekki. En þegar þessi hv. þm. sá, hvaða þýðingu þetta hafði, skarst hann ekki úr leik um þetta atriði. En forustan hefur um þetta ekki komið úr flokki hans.

Þá sagði hv. þm. Seyðf., að fyrirtækin þyrfti að leggja í sjóði, og ég man ekki til, að aðrir flokkar hafi lagt á það meiri áherzlu en Alþfl. En ég vil aðeins benda á það hér um það fyrirtæki, sem hv. þm. Seyðf. reiknaði út, að ef það græddi 6 millj. kr., þá ætti það eftir í sjóðum 2 millj. og 400 þús. kr., að ef það fyrirtæki hefði verið skattlagt eftir þeim reglum, sem fulltrúi Alþfl. í milliþn. í skattamálum lagði hér fram fyrstur manna, þá hefði það ekki átt eftir 2,4 millj., heldur 4½ millj. kr., og á tveimur eða þremur árum hefði getað farið svo, eftir þeirri reglu, að það væri skattlaust, ef ekki væri hætt að draga frá skatt og útsvar, áður en ákveðnar eru skattskyldar tekjur, sem nú á að hætta að draga frá.

Það er hins vegar skiljanlegt, að hv. þm. Seyðf. vill gera sem allra mestan mun á till. sínum og annarra, ekki sízt þegar þess er gætt, að sá munur á að vera aðalástæðan fyrir því, að Alþfl. hefur ekki viljað koma nálægt lausn skattamálsins — og ekki aðeins það, að hv. þm. hafi viljað gera sem mest úr þessum mun, heldur hefur hann borið hinum flokkunum á brýn allar verstu illgerðir í sambandi við það mál, sem hægt er að finna orð yfir.

Hv. þm. Seyðf. komst svo að orði, að verðbólgan væri hættulegust fyrir verkalýðinn. En þá er aðeins eftir að gera sér grein fyrir, hvort hægt sé að stöðva verðbólguna án þess að taka á kaupgjaldinu. Hann fór mjög létt yfir það atriði og það af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að hafa úrslitaáhrif á verðlagið í landinu án þess að skipta sér af kaupgjaldinu. Hann veit það, hv. þm., að kaupgjaldið er einn stærsti liðurinn í allri verðmyndun í landinu yfirleitt, og er það ekki síður um verðmyndun landbúnaðarafurða heldur en annarra. Enda veit ég ekki til þess, að menn hafi nokkurs staðar lagt út í það að halda þeirri fjarstæðu fram annars staðar en hér, að kaupgjaldið hefði ekki áhrif á verðmyndun í löndum, — það hefur ekki frétzt af því.

Hv. þm. Seyðf. kom nú að því hugðarefni í sambandi við þetta mál, þegar hann minntist á landbúnaðarafurðirnar. Hann hefur kosið sér það hlutskipti, a. m. k. eitt undanfarið ár, að benda á þá stórkostlegu hættu, sem þjóðinni sé búin af hinum mikla stríðsgróða bændanna, sem skapaður hafi verið í skjóli dýrtíðarráðstafananna. Og eitt meginatriðið í ræðu þessa hv. þm. áðan var einmitt þetta, að það hefði ekkert verið hægt að gera í dýrtíðarmálunum, vegna þess að Framsfl. hefði, til þess að afla sér kosningafylgis og án nokkurra raka, hækkað verðlagið á landbúnaðarafurðum. Mér skildist þetta eiga að vera ástæðan fyrir því, að Alþfl. hefði ekki getað tekið þátt í ríkisstjórninni. Nú veit hv. þm. þó vel, að verð á landbúnaðarafurðum er ekki hærra en það, að það liggur við, að sveitirnar tæmist algerlega að fólki við það, að fólkið sækir í þá vinnu, sem borguð er með því kaupi, sem virðist svo sem hv. þm. telji of lágt. Ekki bendir það í þá átt, að óeðlilegur stríðsgróði skapist í sveitunum með verðlaginu á landbúnaðarafurðum eða að það sé hærra en nauðsyn krefur, til þess að sú atvinnugrein geti komizt eitthvað í áttina til þess að halda til jafns við annan atvinnurekstur og að framleiðslan leggist ekki niður. Fram hjá

þessu atriði gengur hv. þm. Seyðf. algerlega, og yfirleitt finnst mér hann vilja slita úr samhengi skyld málsatriði, ef hann heldur, að það verði til rökstuðnings málstað sínum eða til að telja mönnum trú um eitthvað. — Mér heyrist hv. þm. vera með einhverjar afsakanir. Og hv. þm. flytur allar sínar ræður sem afsökunarræður og í afsökunartón, og að því leyti eru þær fluttar í réttum anda.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að ég hefði svikizt um að framkvæma það, sem mér hafi verið falið í þessu máli, í sambandi við landbúnaðarafurðir. Ég hef nú svarað því. Einnig, að ég hefði ekki gert það, sem mér var falið í sambandi við verðlagseftirlit á erlendum vörum. Ég vil segja honum, að þeir þættir dýrtíðarráðstafananna, sem hægast er að ráða við að framkvæma og hefur þar af leiðandi tekizt allvel að framkvæma, er eftirlitið með húsaleigunni og verðlagseftirlitið með erlendum vörum. Þessi hv. þm. minntist á það hér, sem ég þarf ekki að endurtaka svar mitt um, að það væri ákaflega auðvelt að færa fram sannanir fyrir því, að þessu eftirliti hefði ekki verið hagað svo röggsamlega sem skyldi, og benti hann á K. E. A. í því sambandi. Ég er sannfærður um, að allir, sem hlustuðu á ræðu hans, að því er snertir K. E. A., ef þeir hefðu verið spurðir um það, hvaða skilning þeir legðu í orð hv. þm., þá álitu þeir, að það hefði legið í orðunum, að K. E. A. hefði ekki aðeins haft 10% hagnað af vöruumsetningu, heldur hefði það auk þess lagt í sjóði félagsins álitlegar fúlgur. K. E. A. seldi í búðum sínum vörur á s. l. ári fyrir rúml. 7 millj. kr., en tekjuafgangur varð um 320 þús. kr. Útborgaður arður nam 4—5% af vöruumsetningunni. Og ef maður lítur á KRON, sem hefur alhliða verzlun, þá verður það sama uppi á teningnum hjá því. Það greiðir rúml. 5% af umsetningunni í ágóða, og er það eitthvert stærsta verzlunarfyrirtæki í landinu og hefur góða aðstöðu til lágs dreifingarkostnaðar. Ekki bendir þetta í þá átt, að dýrtíðin í landinu sé af því að einhverju leyti, að verzlunarálagningin sé of há hjá þessu fyrirtæki. Náttúrlega dettur engum í hug, að þessi fyrirtæki séu rekin á þessum tímum ágóðalaus. En þó að þessi fyrirtæki hefðu haft 2½%—3½% hagnað af verzluninni eða eitthvað þess háttar, þá býst ég varla við, að það hefði verið hægt að merkja áhrifin af því á verðlagið í landinu miðað við þann ágóða, sem þau hafa haft. Samt sem áður hefur verið lagt í að pína niður álagningu á einstakar nauðsynjar. Og ég veit ekki annað um þetta en það, að þeir, sem standa að rekstri kaupfélaga, telja, að það sé fullboðið með því, og vísa um það til afkomu síðasta árs. Ég ætla ekki að halda fram, að það væri hægt að komast eins langt í öllum greinum um að pína niður verð á vörum eins og gert hefur verið um sumar vörutegundir, því að þá væri mikið sagt, ef slíku væri haldið fram. Og þó að ekki hafi verið farið eins langt í takmörkun álagningar í öllum greinum eins og gert hefur verið í sambandi við sumar vörutegundir, þá held ég því fram, að það hafi þó mikið gagn orðið að verðlagseftirlitinu, og að það sé ekki hægt að nota það sem ástæðu eða afsökun fyrir því að skerast úr leik um framkvæmd dýrtíðarmálanna, hvernig framkvæmdin í þeim efnum hefur verið á þessu ári.

Með þessu ætla ég, að svarað sé þeim atriðum í ræðu hv. þm. Seyðf., er ég sé ástæðu til að minnast á. Nærri allt hitt, sem fram kom í ræðunni, hefur komið fram áður og verið rætt frá báðum hliðum til hlítar.

*Ísleifur Högnason: Ég ætla hér ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr., þar sem ég lýsti áhrifum þessara l. að því er dýrtíðina snertir og skoðun minni á því, hverjar væru orsakir dýrtíðarinnar.

Mér þykir rétt að geta þess, að það virðist svo sem meiri hl. allshn., sem ekki er nú hér viðstaddur, hafi þó látið sér skiljast, að það væri til lítils að ausa fé úr ríkissjóði til þess að sjá um það, að verð á vörum hækkaði ekki frá því, sem það var í árslok 1941, því að hv. n. hefur flutt brtt., þar sem þetta ákvæði er fellt niður úr l. Annars þykir mér slæmt, að hér skuli ekki vera frsm. n., og hefði ég því helzt kosið, að þessari umr. væri frestað, þangað til hann verður til staðar. Ég fæ ekki séð, að svo brýn nauðsyn sé á að slíta umr. og afgreiða málið í kvöld, að það geti ekki beðið til morguns, og vil ég því leyfa mér að spyrja hæstv. forseta þess. (**Forseti**: Ég vil geta þess, að frsm. n., hv. þm. Barð., er veikur, og ég hef hugsað mér að halda umr. áfram, svo að henni geti orðið lokið í kvöld.) Það þykir mér slæmt, því að flestir hv. þm. eru farnir, og það er til lítils gagns að tala yfir tómum stólum.

Ég ætla þá að sleppa því að ræða brtt. þær, sem n. gerði, en minnast nokkrum orðum á ræðu hæstv. fjmrh., enda þótt hann sé nú líka farinn úr d. Hæstv. fjmrh. talaði um það, eins og reyndar fleiri hæstv. ráðh. hafa gert í sambandi við þetta mál, að þjóðin yrði að skilja það, að menn yrðu að leggja talsvert að sér til þess að létta dýrtíðinni af. Og hann sagði, að menn vildu ekki skilja það, að þeir yrðu að beygja sig fyrir þjóðarnauðsyn og færa fórnir. Mig undrar ekki, þótt almenningi gangi illa að skilja ráðh. og taka þá alvarlega, þar sem þeir í verkinu sýna, að þeir færa minnstar fórnir sjálfir. Enda hef eg skjallegar sannanir fyrir því og ætla mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp kafla úr þingræðu, sem hæstv. forsrh. flutti í sambandi við héraðsskólalögin: „Það er eins og bræðsla eða geigur við vinnuna sé til hjá landslýðnum, og er slíkt ákaflega hættulegt fyrir þjóðlíf okkar. Ég held að það stafi af þeirri ofþjökun vinnunnar, sem þjóðin varð að líða um margra alda skeið. Eins kann það að vera þess vegna, hve mönnum hér gengur ákaflega illa að hlýða öllum yfirvöldum og fyrirskipunum og líta þau hornauga. Þessi óbeit á vinnunni er nú ríkjandi hugsunarháttur í okkar þjóðfélagi, og honum þarf að útrýma." Í sömu ræðu segir þessi sami ráðh.: „Ég þykist ekki hafa neitt sérstaklega mikið að gera og ekki meira en margir aðrir, en ég mundi samt telja þakkarvert, ef ég gæti tekið mánuð á hverju sumri til að hvíla mig."

Samræmið í þessu sjá nú allir. Og yfirleitt er það þannig, að þegar ráðh. eru að eggja verkamenn á að færa fórnir, þá er það krafa, sem vitanlega enginn tekur mark á. En það er vegna

þess, að ríkisstj. sjálf og þeir, sem hana styðja, gera ekki hið allra minnsta til þess að leggja neitt til frá sjálfum sér. Enda eru þeir fulltrúar yfirstéttarinnar í landinu og hlífa sjálfum sér við þeim álögum, sem nauðsynlegar eru til þess að halda dýrtíðinni í skefjum.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að hann vissi þess dæmi, að setuliðið greiddi hér tvöfalt kaup við það, sem Íslendingar greiddu fyrir sömu vinnu. Það er ekki að undra, þótt ríkisstj. vilji fækka í þessari setuliðsvinnu. En hvernig hún á að fá setuliðsstjórnina til þess að skilja, að það sé til meiri hagsbóta fyrir þjóðarheildina að veiða síld, sem vitanlega er borguð með útlendum gjaldeyri, heldur en að fá gjaldeyri fyrir vinnu hjá setuliðinu, sérstaklega þegar verkamenn fá þar tvöföld laun við það, sem þeir fá við að framleiða síld til útflutnings, það fæ ég ekki séð. Verkamenn sjá þetta líka sjálfir. Og setuliðsstjórnin sér, að það eru einhverjar aðrar ástæður fyrir þessu en þær, að það sé þjóðhagslegt tjón að setuliðsvinnunni. Sannleikurinn er sá, að þetta er gert fyrir þá, sem geta grætt á því. Það er gert aðallega fyrir þá menn, sem eiga útgerðarfyrirtækin og hafa hag af því að kaupa vinnu þessara manna.

Þá hliðraði hæstv. fjmrh. sér við að svara fyrirspurnum þeim, sem ég lagði fyrir hann, og flokksbróðir minn, Einar Olgeirsson, itrekaði, en þær voru um það, hvort ríkisstj. ætlaði sér að gera nokkrar ráðstafanir til þess að tryggja matvælaframleiðslu þjóðarinnar, og hvort hún hefði hugsað sér að leita samkomulags við verkalýðsfélögin um skiptingu vinnuaflsins milli setuliðsins og atvinnurekendanna. Það er ekki til neins að bera þessar fyrirspurnir fram hér aftur, þar sem hæstv. ráðh. er farinn af fundi og hæstv. forseti hefur lýst yfir, að umr. verði slitið í kvöld.

Þá virtist mér þessi sami hæstv. ráðh. gera þá fyrirspurn til mín og okkar sósialistanna í þessari hv. d., hvort við vissum um það, hvort grunnkaupshækkanir ættu sér stað í Rússlandi. Ég get ekki sagt um, hvort um nokkrar kauphækkanir hefur þar verið að ræða, síðan stríðið milli Þýzkalands og Sovétríkjanna hófst. En það er mér kunnugt um, að verkamenn í Sovétríkjunum eru sínir eigin húsbændur, og ég veit, að á síðustu tveim áratugum hafa þeir hækkað kaup sitt, en samtímis hefur vöruverð lækkað. Og að verkamenn í Sovétríkjunum gera ekki verkfall, kemur til af því, að verkamenn gera ekki verkfall gegn sjálfum sér. Það væri álíka fjarstætt og það, að bóndi, sem aðeins hefði skyldulið á jörð sinni, færi að gera verkfall til þess að fá hækkuð laun sín. Með þessu álít ég að því sé svarað. Mér finnst það ekkert undarlegt, þó að hæstv. ráðh. geri fyrirspurnir til okkar sósialista um það, hvaða kynni við höfum af því, hvernig atvinnumálum í Sovétríkjunum er háttað, því að það verður ljósara með hverjum deginum, sem líður, að skipulagið, sem þar ríkir, er öllum öðrum þjóðum til fyrirmyndar.

Hæstv. viðskmrh. endurtók í ræðu sinni þá staðhæfingu og skírskotaði til þeirra 3ja hagfræðinga, sem ríkisstj. hefur haft sér til ráðuneytis í dýrtíðarmálunum, að þessi löggjöf stuðlaði að því einu að bæta kjör hinna fátækari. Og auðvitað segja þessir hagfræðingar, að verðbólgan orsaki það, að hinir ríku verði ríkari og hinir fátæku fátækari. En menn þurfa ekki að hafa mikla þekkingu í hagfræði til þess að sjá, að þetta er vægast sagt mjög gróf skilgreining á þessum hlut, því að það er auðsætt, að þeim, sem eiga peninga í bönkum, verður minna úr þeim, svo að að því leyti má segja, að hinir ríku verði fátækari. En hvað hina fátækari snertir, þá hafa þeir borið meira úr býtum síðan dýrtíðin óx en áður. Og um verkamennina hér í Reykjavík og annars staðar á landinu er það að segja, að þeir auðgast ekki á því, að þessi l. voru sett. Það þýðir ekkert fyrir þennan hæstv. ráðh. að segja það nokkrum meðalgreindum manni, að það, að setja bann við hækkun grunnkaups og hvers konar kjarabótum, sé ráð til þess að gera snauða menn ríka. Þetta er svo mikil firra, að það má furðulegt heita, að menn skuli bera slíka vitleysu upp í sig.

Þá sagði hæstv. viðskmrh. enn fremur það, að við hlökkuðum yfir því, að verðbólgan héldi áfram að vaxa. Þessu mótmæli ég. Við höfum borið fram till. um það, að tollar á nauðsynjavörum yrðu lækkaðir og stríðsgróðinn yrði tekinn úr umferð. Enn fremur höfum við borið fram till. um það hér á Alþ. í sambandi við gerðardómsl. síðastliðið haust, að bændur yrðu styrktir til þess að kaupa vinnuafl frá kaupstöðunum með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, gegn því að þeir afhentu síðan afurðir sínar til almennings, án þess að þær hækkuðu í verði. Við þessu hefur þingmeirihl. skellt skolleyrum, eins og reyndar öllum okkar málum. Þau eru send til n. og svæfð þar.

Að lokum vil ég láta hv. d. vita það, að verkalýðsfélögin eru ekki sofnuð í þessu máli, og þau munu áreiðanlega verða þess minnug, hverjir það eru, sem leggja samþ. sitt á þessi gerðardómsl. Enn þá berast Alþingi mótmæli, síðast í dag frá fimm stéttarfélögum í Vestmannaeyjum, og er skeytið, með leyfi hæstv. forseta, þannig:

„Undirrituð stéttarfélög í Vestmannaeyjum itreka kröftuglega mótmæli sín gegn gerðardómslögunum og gera flokka ríkisstjórnarinnar ábyrga fyrir lögum þeim, nái þau fram að ganga. Krefjumst einnig þess, að verkalýðsfélögin verði samningsaðilar um dreifingu vinnuaflsins, ef um skipulagningu verður að ræða.

Fyrir hönd
sjómannafélagsins Jötunn
Guðmundur Helgason,
verkamannafélagsins Drífandi
Gestur Auðunsson,
verkakvennafélagsins Snót
Margrét Sigurþórsdóttir,
verkalýðsfélags Vestmannaeyja
Ágúst Þórðarson,
vélstjórafélags Vestmannaeyja
Tryggvi Gunnarsson."

*__Haraldur Guðmundsson__: Ég skal nú ekki seinka mjög umr. En það eru nokkur atriði, sem ég tel, að ekki sé rétt að láta ósvarað.

Hæstv. fjmrh. taldi, að ástæðan til þess, að hann væri nú farinn, eins og hann orðaði það, að framfylgja heimildarákvæðum dýrtíðarl. frá seinasta þingi, væri sú, að grundvöllurinn undir

þeim hefði breytzt, því að með setningu gerðardómsl. væri girt fyrir allar kauphækkanir. Um þetta vil ég bara segja það, að hæstv. ráðh. er ljóst, og það er viðurkennt af flokksbræðrum hans hér á Alþ., að l. hafa ekki orðið til þess að koma í veg fyrir að kaup hækkaði. Eftirspurnin eftir vinnu hefur verið mjög mikil, og kaup hefur þess vegna verið hækkað mjög víða, þótt það hafi verið gert í blóra við lögin.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði orðið mögulegt að lækka dýrtíðina, ef þær grunnkaupshækkanir, sem farið var fram á um síðustu áramót, hefðu gengið fram. En eins og ég hef tekið fram áður og hæstv. ráðh. veit, þá er ástæðan til þess, að dýrtíðinni hefur um skeið verið haldið niðri, sú, að varið hefur verið til þess fé úr dýrtíðarsjóði. Hins vegar er það flestum kunnugt, að grunnkaupshækkanir hafa átt sér stað, þótt þær séu ólöglegar, og það meira að segja, án þess að andvirði þeirra vara, sem framleiddar hafa verið með hærri framleiðslukostnaði, hafi hækkað. En þetta sýnir, að sá gróði, sem tekinn hefur verið á þessum vörum, var svo mikill, að hann þoldi þetta, án þess að vörurnar hækkuðu í verði.

Þá spurði hæstv. ráðh., hvers vegna ráðh. Alþfl. hefði ekki lagt fram till. sínar í dýrtíðarmálunum fyrr en um miðjan des. s. l. Hæstv. ráðh. spyr ekki af því, að hann viti ekki ástæðuna. Hann veit, að till. lagði hann fram snemma á s. l. sumri, en að þær gengu ekki fram, var vegna mótstöðu ráðh. Sjálfstfl., eins og líka hefur verið lýst yfir í blöðum hans.

Þá sagði hæstv. ráðh., að vöxtur dýrtíðarinnar fyrsta stríðsárið kæmi stj. ekki við, vegna þess að þá hafi hún ekki haft nein l. að styðjast við til þess að hafa hemil á dýrtíðinni. Það voru til l. um eftirlit með verðlagi, sem hægt var að beita. Að vísu voru þá ekki til l., sem heimiluðu að ákveða flutningsgjöld né til að halda niðri verðlagi með uppbótum. En strax um haustið 1940, þegar séð varð, að stríðsgróði mundi skapast í landinu, voru bornar fram till. af Alþfl. um að nota hann til að greiða uppbætur á landbúnaðarafurðir. Það var farið fram á þetta, áður en ríkisstj. setti brbl. um svipað efni, en því var ekki sinnt. Það, sem ríkisstj. þá átti að gera, var að kalla saman aukaþing, strax og séð varð, að stríðsgróðinn fór að eiga sér stað. En í stað þess að gera þetta strax þá, dregur hún það fram á vor. Og eftir að hafa afgreitt dýrtíðarl., hefur hún, allt fram á síðustu vikur, látið ógert að framkvæma þau.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að ég hefði ekki skýrt rétt frá þeim fregnum, sem ég fór með, um skatta í Bandaríkjunum. Ég las greinina orðrétta, eins og hún er í Vísi: „Í þessum tillögum er m. a. gert ráð fyrir, að enginn Bandaríkjaþegn hafi meiri arð af atvinnu sinni en 25 þús. dollara árstekjur, þegar skattur hefur verið greiddur.“ Ég skal ekki um það fullyrða, hvort orðið þegn á hér við einstakling eða fyrirtæki, en jafnvel þó að um einstakling sé að ræða, þá er þar miklu lengra gengið í þessu efni en gert hefur verið hjá okkur.

Þá vil ég segja nokkur orð út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, en það skal verða stutt, því að það hefur verið komið inn á það í umr. um skattamálin. Hann heldur því fram, að með till. Alþfl. áður hafi ekki verið gengið lengra en að ná 25% af tekjum útgerðarfyrirtækja. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. Þessar till. voru lagðar fram á árinu 1940, áður en vitað var, að stríðsgróði yrði, og þegar allir sjóðir útgerðarfyrirtækjanna voru tómir. En í grg. fyrir þessum sömu till. var þess getið, að sjálfsagt væri að setja ákveðið hámark, sem mest mætti leggja í sjóði. Einnig var lagt til, að fara mætti þá leið að láta skatta hækka, ef tillög í þessa sjóði næðu einhverri ákveðinni upphæð. En eftir áramótin, þegar lagðar voru fyrir þingið till. frá n. þeirri, sem fjallaði um þessi mál, þá voru engar slíkar till. bornar fram af Alþfl., vegna þess að sýnt var, að gróðinn varð miklu meiri en nokkurn gat órað fyrir.

Hæstv. ráðh. segir, að ákvæðið um, að ekki megi leggja útsvar á tekjur yfir 200 þús. kr., sé sett til þess að tryggja það, að stórgróðinn sé jafnt skattlagður hvar sem er á landinu. En hann veit það, hæstv. ráðh., að það eru ekki fyrirtæki, sem hafa tekjur yfir 200 þús. kr., nema á fáum stöðum á landinu. Og það er óeðlilegur krókur til þess að ná þessu marki, sem annars er eðlilegt að ýmsu leyti í sjálfu sér, að taka þetta til sveitarfélaganna gegnum skattálagningu. Í langflestum bæjarfélögum, þar sem um slíkan stórgróða er að ræða hjá einhverju fyrirtæki, er útsvarið á því meginhlutinn af tekjum þeirra bæjarfélaga.

Það er rétt, að við Alþfl.-menn fengum skattalagafrv. til umsagnar, og ég tók fram, að ég væri ekki því viðhúinn strax að taka ákvörðun um flutning á frv., af því að ég þyrfti að athuga, hvernig skattstiginn nýi kæmi til með að verka. Ég þurfti að gera samanburð á ákvæðum frv. í því efni við gildandi skattstiga. Ég gerði svo þessa athugun, og sú athugun leiddi í ljós, að með því að fella niður frádráttinn á útsvörum og tekjum s. l. árs, eins og hér er lagt til í frv., þá eru a. m. k. í gróðaári, þegar stríðsgróðaskatturinn er verulegur, ríkissjóði og því opinbera tryggðar meiri tekjur heldur en eftir núgildandi fyrirkomulagi. Og það er ástæðan til þess, að ég er með breyt. á skattal. nú. Enda sagði ég það, þegar ég hafði athugað frv., að ég væri með frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að kaupgjald væri aðalþátturinn í verðmynduninni. Engum hefur dottið í hug að neita því. Grunnkaupshækkanir geta orðið til þess að hækka verðlagið í landinu, og á venjulegum tímum gera þær það. En því meiri, sem gróðinn er yfirleitt í landinu, því minni áhrif hefur kaupgjaldið á verðlagið, vegna þess að þá er sá hluti af tekjunum, sem fer til þess að greiða kaup, svo lítill, miðað við það, sem safnast sem gróði, en því minni, sem gróðinn er, því meiri áhrif hefur kaupið á verðlagið. Og það hefur sýnt sig, það sem af er, að jafnvel veruleg kauphækkun hefur orðið tiltölulega mjög áhrifalítil um að orka á vísitöluna til hækkunar, vegna þess að önnur atriði, sem skapa verðlagið, eru svo miklu ráðandi þar um, eins og sést bezt á því, að verðlagsvísitalan hefur nú komizt upp í 83 stig, meðan grunnkaupshækkanir hafa svo sem engar orðið í landinu. Því að sú kauphækkun viðkomandi

landbúnaðinum, sem hæstv. ráðh. talaði um, varð ekki fyrr en á síðasta sumri. Árið 1940 varð grunnkaupshækkun svo að segja engin. Það var sumarið 1941 og sérstaklega nú í vetur, sem kauphækkun sú kemur til greina, sem fer verulega að orka á verðlag landbúnaðarafurða.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að ég hefði sagt, að hann væri að afla sér kjörfylgis með því að hækka verðlag á afurðum bænda. Það, sem ég sagði í þessu efni, var svar við því, sem hann hélt fram, að Alþfl., með því að vera á móti þessu gerðardómsfrv., væri að leita sér atkvæða. Hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, að kjósendahræðsla og kjósendadekur eigi sér stað innan flokkanna, nema hann lætur svo sem hans flokkur sé saklaus af þessu. Ég fullyrði nú ekki neitt um það, hvort hæstv. ráðh. miðar till. sínar við kjörfylgi, en nær er þó að gera ráð fyrir, að hann og flokkur hans hafi þá stefnu heldur en að ætla Alþfl. slíkt. Því að sýna má fram á það, að framsóknarmenn hafa haldið fram, að fyrir skörungsskap þeirra hafi verðið á þessum afurðum hækkað svo og svo mikið.

Ég hef aldrei talað um stríðsgróða bænda. Ég hef sagt, að það væri sjálfsagt, og þeirrar skoðunar er ég enn, að það ættu að liggja fyrir útreikningar hliðstæðir við útreikning verðlagsvísitölunnar um framleiðslukostnað bænda. Og ég álít, að hækkun á verði landbúnaðarafurða eigi að vera gerð í samræmi við þann útreikning. Hvort hækkun á verði mjólkur og mjólkurafurða er meiri en mundi verða eftir slíkum útreikningi, skal ég ekki fullyrða. En ég veit, að hækkun á kjötverði er meiri en sem nemur hækkuðum framleiðslukostnaði. En þetta er ekki höfuðágreiningsefnið viðkomandi verðlagi landbúnaðarafurðanna og ráðstöfunum þeim viðkomandi í sambandi við verðlagið, heldur það, hvort í staðinn fyrir að láta verðbólguna aukast vegna verðs á landbúnaðarafurðum eigi ekki heldur að taka stríðsgróðann til þess að halda verðinu á þeim niðri og greiða þar með upp bót á verðinu.

Um gróða K. E. A. hef ég engu við það að bæta, sem ég hef sagt áður. Það liggur fyrir skjalfest, að þrátt fyrir verðlagsákvæðin hafa þeir þar greitt 10% af ágóðaskyldum vörum til félagsmanna sinna sem ágóða. Og það er ekki til neins að bera á móti því, og ég veit, að jafnskýrum manni sem hæstv. viðskmrh. er það fullljóst, að það er ákaflega mikið aðstreymi fólks í verzlunarstéttina nú, sem einungis skapast af því, að þar er yfirleitt hægt að græða fé, nú sem stendur. En ég mun alls ekki halda fram, að gróðinn hefði ekki orðið enn þá meiri, ef verðlagseftirlitið hefði ekki verið til. En það er líka mikill munur á því, hvort ekkert er haft áhrif á verðið og hinu, hvort það er gert svo röggsamlega, að það komi að verulegu liði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 73,1 felld með 14:3 atkv.
-- 236,1.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
-- 73,2 felld með 15:5 atkv.
Brtt. 236,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
-- 236,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
-- 73 komu ekki frekar til atkv.
-- 236,4 samþ. með 18:12 atkv.
-- 236,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
-- 236,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
-- 236,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
-- 236,8 samþ. með 16:2 atkv.
-- 236,9 samþ. með 17:2 atkv.
-- 236,10 samþ. með 17 shlj. atkv.
-- 237,I samþ. með 17 shlj. atkv.
-- 237,II (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, GSv, HelgJ, JakM, JGM, JÍv, PO, SEH, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BJ, BÁ, BjB, EE, EystJ, JörB.

nei: HG, ÍslH, JPálm, SK, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ.

5 þm. (GP, HV, ÓTh, PHann, SkG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed. með fyrirsögninni:

Frv. til l. um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Á 44. fundi í Ed., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 289).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

*__Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Það er nú búið að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir til 1. umr. í þessari hv. d., ákaflega mikið á hæstv. Alþ. og ýtarlega. 1. umr. málsins í hv. Nd. var útvarpað, og drógu menn þá fram skoðanir sínar um málið, og auk þess hefur málið verið mikið rætt í hv. Nd. Ég veit ekki, hversu vel hv. þm. hafa fylgzt með þessum umr., en geri ráð fyrir, að þær hafi ekki farið fram hjá þeim með öllu. Og ég geri því ráð fyrir, að það sé fullkomlega eðlilegt, þó að nokkru óýtarlegri verði framsaga málsins hér í hv. d. heldur en hún var í hv. Nd.

Það er nú, a. m. k. að nafninu til, viðurkennt af öllum, að mikil nauðsyn sé á að hamla á móti aukningu dýrtíðarinnar, og vantar ekki, að þetta hafi einnig verið viðurkennt áður, þó að sumir hafi hins vegar, þegar til framkvæmda skyldi koma, sett fæturna fyrir nauðsynlegar framkvæmdir til þess að þetta gæti tekizt. Og það hefur átt sér stað, að þeir menn, sem mest hafa talað um nauðsyn á því að stöðva dýrtíðina, hafa verið hvað ötulastir í því að koma fyrir kattarnef þeim ráðstöfunum, sem líklegastar voru til þess að bera nokkurn árangur til þess að hamla á móti aukningu dýrtíðarinnar.

Eftir að menn höfðu velt þessu máli fyrir sér, án þess þó að gera þær framkvæmdir, sem bæru nokkurn árangur, þá voru um síðustu áramót gerðar ráðstafanir til þess að taka á þessu máli á heilsteyptan hátt. Það munu a. m. k. flestir vera sammála um það, að ef það eigi að takast að draga úr eða stöðva verðhækkunarölduna, þá sé það eitt af undirstöðuskilyrðunum fyrir því, að það sé hægt, þó að það eitt út af fyrir sig sé ekki nóg að hafa eftirlit með verðlagi og kaupgjaldi í landinu. Það mun enda viðurkennt, að þess sé í raun og veru enginn kostur að ráða við verðbólguna, ef þetta hvort tveggja eigi sér

ekki stað. Að vísu hefur, af ýmsum pólitískum ástæðum, verið mikið talað um það, að hægt sé að stöðva verðbólguna með því einu að hafa eftirlit með verðlaginu, og þá að sjálfsögðu sérstaklega á innlendum framleiðsluvörum og verzlunarálagningu. Því er haldið fram af sumum, að þetta eitt sé nægilegt sem undirstöðuráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna, en að kaupgjaldið hafi engin áhrif á verðlagið, — það er hin nýstárlega kenning —, og því sé sama, hvernig kaupgjaldið breytist, ef aðeins er haldið niðri með löggjöf verðlaginu, sérstaklega á landbúnaðarafurðum, og vöruálagningunni. Í öllum löndum öðrum en hér á landi mun það vera alviðurkennt, að það sé hrein endileysa, að hægt sé að hafa tök á þessum málum, nema með því að taka alla þá liði til eftirlits, sem áhrif hafa á verðmyndun í landinu. Enda eru fordæmin fyrir okkur í öllum þeim löndum, þar sem ráðstafanir hafa verið gerðar í þessum efnum, að það fyrsta, sem gert er í hverju slíku landi, er að hafa opinbert eftirlit með vöruverði og kaupgjaldi og svo húsaleigu og öðru fleiru, sem ekki er neinn ágreiningur um hér, að þurfi að líta eftir.

Þar sem ekki hefur verið hægt að komast að samkomulagi við hlutaðeigendur, t. d. að ríkisstjórnin hafi getað samið við verkamenn um að halda óbreyttu grunnkaupi, þá hefur það verið ákveðið með l., að grunnkaup skuli haldast óbreytt, með þeim undantekningum, sem í þessari bráðabirgðalöggjöf felast. Og í Canada, Bretlandi og Ástralíu hefur þetta verið gert. Er það þó ekki fyrir það, að í þessum löndum starfi stjórnir, sem telji sig líta fram hjá hagsmunum einnar af þeim stéttum, sem hér eiga hlut að máli, heldur fyrir þá sannfæringu, eftir að hafa rannsakað þetta mál í einlægni og alvöru, að það er ekki hægt að framkvæma þetta eftirlit svo, að gagn sé að, nema allir þessir liðir séu dregnir þar undir. Niðurstaðan hér um síðustu áramót varð sú, þegar það þótti sýnt, að verið væri að setja af stað kauphækkunarbylgju víðs vegar um landið í ýmsum greinum, sem mundi leiða af sér allsherjargrunnkaupshækkun í landinu, að þá þótti ekki fært að bíða lengur, ef eitthvað ætti að gera í þessu máli, og þá var sett löggjöfin um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem hér liggur fyrir með öðru nafni. Samkvæmt þessum l. er óheimilt að breyta verðlagi og kaupgjaldi frá því, sem var á síðasta ári, nema með samþykki gerðardómsins, sem nú kallast dómnefnd, og gert var ráð fyrir, að hann færi eftir þeirri reglu, að grunnkaup hækkaði ekki, en hann mátti þó víkja frá því til lagfæringar og samræmingar, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Þessi löggjöf hefur verið framkvæmd aðeins í nokkra mánuði. En byrjunaráranguriinn af þessu starfi, sem hafið hefur verið til þess að vinna á móti verðhækkun, hefur þó nú þegar orðið sá, að síðan þessi l. voru samþ., hefur verðlagsvísitalan í landinu staðið í stað, en áður hækkaði hún stöðugt af einum og öðrum ástæðum. Þegar þessi undirstaða var fengin, sem löggjöfin er, töldu menn fyrst, að hægt væri að gera allar hliðarráðstafanir, sem gera þurfti til þess, að ráðstafanir til þess að halda niðri verðlaginu gætu komið að haldi, t. d. að verja af almennu fé til þess að halda niðri verðlaginu. Hins vegar voru menn ekki fáanlegir til þess að verja opinberu fé til þess að halda niðri verðlaginu, meðan ekki var trygging fyrir því, að það fé, sem til slíks væri varið, færi ekki gersamlega til einskis, vegna þess að verðlag á innlendum afurðum og kaupgjald hækkaði þrátt fyrir þetta. Þessi löggjöf hefur því skapað undirstöðu undir önnur framkvæmdaratriði málsins heldur en verðlagseftirlitið og eftirlitið með kaupgjaldinu, sem til framkvæmda hafa verið tekin.

En nú er ljóst, að þessi löggjöf út af fyrir sig er ekki fyllilega nægileg. Menn verða að vera við því búnir, að verð á vörum erlendis, sem hingað verða fluttar, hækki, og að framleiðslukostnaður hækki innanlands, og verða menn að vera við því búnir að verja fé til þess að mæta því, til þess að dýrtíðin aukist ekki við það. Menn verða að gera sér ljóst, að því fé, sem notað er í þessu skyni, er ekki á glæ kastað. En hitt verða menn líka að athuga, að það verður að afla þessa fjár jafnóðum, og er ekki hægt að leggja byrðar á framtíðina í því efni. Í þetta er eðlilegt að nota það fé, sem kemur inn með stríðsgróðaskatti, og tekjur af útflutningsgjaldi á sölu skipa, sem sigla til Englands og selja með miklum hagnaði. Má telja það illa farið, að ekki skuli hafa fyrir löngu verið gengið inn á þá braut að nota þann tekjustofn. (ErlÞ: Hverjum er það að kenna?). Það er að kenna þeim, sem yfir skattamálunum og tollamálunum ráða. Það má gera ráð fyrir, að það sé illa farið, að slíkt skuli ekki fyrir löngu hafa verið gert, því að það er eðlilegur tekjustofn, sem til greina kom í því sambandi. Menn verða, sem sagt, að gera sér grein fyrir því, að þessi löggjöf út af fyrir sig er ekki nægileg. Menn verða að búa sig undir það að verða að verja fé til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, og að því verði líka að fylgja nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vinnuaflið í landinu verði til staðar til nauðsynlegra framleiðslustarfa, þannig að framleiðsla matvæla og þess annars, sem nauðsynlegt er, geti haldið áfram óhindrað. Þetta hangir allt saman eins og keðja og verður að athugast í heild.

Það hefur nú verið gerður mikill þytur um þessa löggjöf, og má undarlegt teljast, að það skuli hafa verið reynt, og því undarlegra, að það skuli hafa tekizt, þar sem forsvarsmenn allra þeirra flokka, sem að ríkisstjórninni stóðu, voru á síðasta hausti sammála um það, að bezt væri fyrir verkamenn, og alla yfirleitt, að grunnlaun breyttust sem minnst, og menn kepptust þá við að lýsa þessu yfir. Sama skoðun var hjá Alþýðusambandi Íslands á þeirri tíð. Eftir að það kom til orða, var það upplýst í ríkisstj. af ráðh. Alþfl., sem þá sat, að yfirleitt væri það álit manna í stjórn Alþýðusambandsins, að skynsamlegast væri að vinna að því, að grunnkaup breyttist sem minnst. Hins vegar, þegar til greina kom að setja um þetta löggjöf, þar sem sýnt var, að að öðrum kosti mundi ný kauphækkunaralda skella yfir, breyttu sumir menn skyndilega alveg um skoðun í málinu og túlkuðu það sem sérstaka árás á verkalýðinn og launastéttirnar í landinu, að þær mættu ekki hækka grunnlaun sín. Þetta tal mun nú líklega

mest vera á yfirborðinu, en mun mest vera tekið upp af pólitiskum ástæðum, og er ekki um það að sakast. Verður hver að meta það við sjálfan sig, hvernig hann hagar málflutningi í þessu efni.

Það hefur verið talsvert mikið um það talað, að þessi löggjöf hafi verið brotin. Má vel vera, að ekki hafi verið alls kostar farið eftir þessari löggjöf. En ég veit, að andstæðingar löggjafarinnar gera meira úr slíku heldur en nokkur ástæða er til; það er mér persónulega kunnugt um, af því að ég hef getað athugað sumar þeirra fullyrðinga, sem andstæðingar málsins hafa borið fram í þessu efni. Þeir hafa viljað telja þessa löggjöf gagnslausa, af því að hún hafi verið brotin. Ég hef áður minnzt á, hvaða árangur þessi löggjöf hefur borið, að haldið hefur verið fastri dýrtíðarvísitölunni, síðan þau voru sett. En þó að þau séu kannske brotin í einstökum atriðum og farið sé í kringum þau, þá er það ekki dómur um það, hvort löggjöfin nær í aðalatriðum tilgangi sínum eða ekki. Við höfum t. d. skattalöggjöf og brjótum hana með ýmsum hætti. Við vitum allir vel, að ýmsir menn svíkja undan skatti. Samt dettur engum manni í hug að bera sér það í munn, að skattalöggjöfina ætti að afnema, því að hún næði ekki tilgangi sínum, af því að hún væri brotin. Sama er að segja um þá löggjöf, sem sett hefur verið um húsaleigu. Það er sjálfsagt eitthvað farið í kringum þá löggjöf; ég hef það fyrir satt. Þó dettur engum í hug að halda því fram, að húsaleigul. hafi ekki gert ákaflega mikið gagn. Eins er með þessa löggjöf. Þótt að einhverju leyti sé farið í kringum þessi l., þá er það ekkert aðalatriði þessa máls, heldur hitt, hvort l. ná aðaltilgangi sínum, að stöðva kaupgjalds- og verðlagshækkun yfirleitt. Eitthvað svipað mætti sjálfsagt segja um framkvæmdina í áfengismálunum.

Ég geri ráð fyrir, að þeir menn, sem mest hafa talað um, að þessi löggjöf, sem hér liggur fyrir til umr., sé óalandi og óferjandi, hafi á sinni tíð haldið fram, að talsvert gagn hafi verið af l. um Áfengisverzlun ríkisins, þó að þau l. hafi ekki þurrkað landið að áfengi. — Þetta eru ákaflega veigalitlar röksemdir, að þessi löggjöf sé gagnslaus, af því að hún sé brotin.

Ég hef nú aðeins stiklað á örfáum atriðum, sem snerta þetta mál. Því að ef umr. verða hér um þetta mál, hljóta þær að verða endurtekning á því, sem áður er sagt. Fer ég því ekki nánar út í að ræða málið að sinni. Ég mun ekki heldur ganga svo ýtarlega að því að svara þeim aths., sem koma fram við löggjöf þessa af hálfu hv. þdm. hér í hv. d., eins og gert hefur verið við umr. þessa máls áður í þinginu, nema eitthvað nýtt komi fram, sem sérstök ástæða væri til að drepa á.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Ég skal segja það strax, að þetta mál, sem nú liggur hér fyrir til umr. og hæstv. viðskmrh. hefur gert nokkra tilraun til þess að reifa af hálfu ríkisstj., er það mál, sem kunnugt er um, að hefur valdið mestum deilum, ekki aðeins hér á hæstv. Alþ., heldur einnig almennt meðal þegnanna í þjóðfélaginu. Og það er því ekki óeðlilegt, þó að málið hafi verið mikið rætt í hv. Nd., að einnig verði um það nokkrar umr. hér í hv. d. En það skal fram tekið, að ég geri þó ekki ráð fyrir, að umr. um málið breyti kannske neitt viðhorfinu, þegar farið verður að greiða atkv. um málið hér í þessari hv. d. En Alþtíð. verða þó ávallt fyrir eftirkomendurna til að fletta upp í um það, hvernig viðhorf einstakra þm. og flokka hefur verið til jafnmikils deilumáls eins og þess, sem hér er um að ræða, og ekki eingöngu í annarri hv. þd., heldur í báðum deildum hæstv. Alþ.

Það er ekki hægt að tala hér um þetta mál án þess að víkja nokkrum orðum að aðdraganda málsins. Og þó að þar verði stiklað á stóru, þá gefur það nokkrar upplýsingar um það, hvernig þetta mál hefur áður borið að og hver er raunverulega hinn rauði þráður og kjarni uppistöðu þess frá upphafi.

Það er kunnugt, að þegar fjárkreppan var komin í algleyming árið 1939, sem var farið að bóla á fyrir þann tíma, og talið var, að atvinnuvegir þjóðarinnar væru í svo mikilli yfirvofandi hættu, að til þjóðargjaldþrots mundi jafnvel horfa, þá var talað um það af ráðandi flokkum í þjóðfélaginu, að nú þyrfti að taka höndum saman, eins og það var kallað, til þess að bjarga því, sem bjargað yrði. Og lausnin á því máli varð sú, sem kunnugt er, að fella gengi íslenzku krónunnar. Og þá þótti rétt um leið, úr því að inn á þá braut var farið, að allir þeir flokkar, sem stóðu að því máli, mynduðu stjórn til þess að framkvæma þau l. Ég þarf ekki að fara mjög langt út í gengislöggjöfina hér. Hún var kannske hörð í garð sumra. M. a. þótti hún harðdræg í garð verkamanna fyrir það, að þeim var ekki ákveðin full uppbót á laun sín fyrir hvert stig, sem dýrtíðin mundi hækka í landinu. Og hún þótti harðdræg gagnvart innlendum framleiðendum, því að þeir fengu ekki meira uppbætt verð afurða sinna heldur en verðlagsvísitalan sagði til um samkv. þeim l. Hins vegar áttu þær ráðstafanir að skapa atvinnuvegum þjóðarinnar skilyrði til þess að geta haldið áfram til að firra þjóðina gjaldþroti og skapa verkalýðnum starf í hönd. En ella þótti sýnt, að atvinnuleysi yrkist hröðum skrefum, eins og það var túlkað. Ég verð að láta þess getið hér, af því að ég var lítið hrifinn af þessum ráðstöfunum á sínum tíma, að upphaflega mun hugmyndin hafa verið sú, að verkalýðurinn fengi enga kaupuppbót, þrátt fyrir þá dýrtíð, sem verða kynni. Og m. a. þegar svo þótti horfa, taldi Alþfl. á þeim tíma betra, að hann væri inni í málinu til þess að hafa þau áhrif á úrslit þess, að hagur verkalýðsins yrði ekki fyrir borð borinn um að fá uppbót á launum sínum. Niðurstaðan varð þá sú, að þeir lægst launuðu fengu kaup sitt að $^2/_3$ hlutum upp bætt miðað við aukningu dýrtíðarinnar, en aðrir allt niður í það, sem svaraði helmingi af verðlagshækkuninni. Og þá var einnig bundið verðlagið á innlendu afurðunum, þannig að það átti að vera hægt og var hægt að halda dýrtíðinni niðri með þessum ráðstöfunum, sem gerðar voru þá, því að frá því í apríl 1939 og þangað til kom fram á haust s. á. hafði dýrtíðin vaxið mjög lítið og ekki tilfinnanlega. Þessar ráðstafanir höfðu því haft þessi áhrif. En eins og kunnugt er, brauzt styrjöldin út þá

um haustið, og margt breyttist hér í þessu landi í sambandi við það. Það fór að hækka verð á útfluttum afurðum, og atvinnuvegirnir yfirleitt komust í það horf, að meira var um atvinnu og meira um gróða fyrir atvinnurekendur, sem gerði það að verkum, að fjör færðist í atvinnulífið. En þetta fer í raun og veru ekki fyllilega að koma í ljós fyrr en komið var fram á árið 1940, þegar fiskverzlun okkar í Bretlandi fór ört vaxandi og sala á ísvörðum fiski hækkaði svo mjög sem raun varð á. Og hjá þeim fyrirtækjum sérstaklega, sem áttu skip eða seldu fisk, hrúguðust þá smátt og smátt upp miklar fjárhæðir, svo sem öllum er kunnugt. En þetta þoldu ekki framleiðendur landbúnaðarafurðanna, eða réttara sagt hinir pólitísku fulltrúar þeirra, er vildu einnig mega vera þátttakendur í kapphlaupinu um gróðann, sem var að myndast við sjávarsíðuna. Og út úr gengisl. var svo, að mig minnir árið 1940, tekið það ákvæði, að verðlag á íslenzkum framleiðsluvörum skyldi fylgjast með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru um kaupgjaldið í landinu. Og það er ekki vafi á því, að þessi stefna, sem við Alþfl.menn urðum, því miður, að taka á móti, móti okkar vilja, þýddi það, að hér var búið að sleppa úr höndum sér kannske mjög þýðingarmiklu atriði í sambandi við að halda niðri verðlagi í landinu. Og reynslan varð þá líka sú, að í þessu kapphlaupi um gróðann töldu ráðamenn á því sviði að því er snerti landbúnaðarframleiðsluna alveg tvímælalausa nauðsyn á að hækka verð á landbúnaðarafurðum svo mjög sem alkunnugt er nú, en þá skapaði hækkun á öllu verðlagi, og kom það berlega fram í vísitölunni, sem þýddi aukinn stigafjölda og þar með vaxandi dýrtíð.

Eins og kunnugt er, var þessi binding á kaupgjaldinu, sem fólst í l. frá 1939, numin úr gildi með l. á þinginu 1940, þannig að það var frjálst fyrir verkamenn í hverri stétt, hvort sem þeir voru iðnaðarmenn, sjómenn eða aðrir, að semja á frjálsum grundvelli um kaup sitt og kjör upp úr áramótunum og 1941. Og ég vil undirstrika það, að í blaði bændanna, Tímanum, var lögð mikil áherzla á það, að það væri sjálfsagt, að verkamenn fengju að semja frjálst um kaup sitt, það væri ekki nema sanngirniskrafa, eins og allt væri í pottinn búið. Ég hef ekki þetta blað hér hjá mér nú, en hygg, að ég fari rétt með efni úr þessum skrifum blaðsins. En mér kom til hugar, þegar ég las þetta, að það væru einhver straumhvörf í skoðunum á þeim bæ. En samtímis var þá líka verið að spenna upp verðlagið á öllum innlendum framleiðsluvörum, sem hafði þær verkanir, að verkamenn til lands og sjávar voru neyddir til þess að biðja um kauphækkanir í einni og annarri mynd.

Nú er rétt að benda á, hvernig ástandið var um hið svo kallaða grunnkaup í byrjun þessa stríðs. Því að það, sem hefur sérstaklega valdið deilunum í þessu máli, er hin svo nefnda grunnkaupshækkun hjá verkamönnum. Og mér hefur þótt kenna afskaplega lítils skilnings hjá þeim mönnum, sem um þetta mál hafa talað, á því ástandi yfirleitt, sem var hér í launamálum verkalýðsins víðs vegar á landinu. Því að kaup verkamanna var svo mismunandi eftir því, á hvaða stað var eða við hvaða störf þeir unnu. Og ég ætla að nefna hér nokkrar tölur um það, hvernig ósamræmið var í þessum efnum, ósamræmi, sem enn í dag á sér stað og ekki hefur fengizt leiðrétting á nema að nokkru leyti.

Grunnkaup í Reykjavík og Hafnarfirði er, eins og allir vita, hjá verkamönnum kr. 1.45 á klst. í dagvinnu. Svo þarf ekki lengra að fara en til Keflavíkur, þar var grunnkaupið 30 aurum lægra og í Garði 35 aurum lægra en í Keflavík. Á Akranesi var kaupið kr. 1.27. Þetta er sem sagt við sama flóann, Faxaflóa. (Hér er talað um kaup karla í dagvinnu). Á Hellissandi var kaupið þá kr. 1.00 og í Ólafsvík 90 aurar. Ég get farið svona kringum landið og sýnt fram á, að það eru vissir staðir á landinu, þar sem verkamannakaupið er enn lægra, þótt ekki verði séð, af hvaða ástæðum svo þurfi að vera. Kaupið var á þeim tíma í Stykkishólmi kr. 1.12, í Flatey 85 aurar, á Patreksfirði og í Tálknafirði kr. 1.20, nokkru hærra en á Snæfellsnesi og í Flatey. Á Bíldudal, þar sem nákvæmlega eru sömu lífsskilyrði hvað snertir verðlag og á Patreksfirði, var kaupið þá kr. 1.00 og á Þingeyri kr. 1.05. Í Önundarfirði var kaupið hærra, eða kr. 1.20, og hver vill halda því fram, að það sé ódýrara að lifa í Dýrafirði heldur en í Önundarfirði, nema síður sé? Ég bendi á þetta til þess að sýna ósamræmið, sem yfirleitt er í þessum kaupákvörðunum. Á Ísafirði er kaupið hæst á Vestfjörðum, kr. 1.30, en í smáþorpunum þar í kring er það miklu lægra. Í Bolungavík, Hnífsdal, Súðavík og á Hesteyri var það kr. 1.00, og má vera, að það sé nokkru ódýrara að lifa á þessum stöðum en á Ísafirði, en ekki mun munurinn þó svo mikill sem nemur mismuninum á kaupinu. Úr því að ég hef nefnt þessar tölur, vil ég halda áfram kringum landið. Á Ingólfsfirði, þar sem ekki er nema mjög takmarkaðan tíma af árinu, sem verkamenn hafa almenna verkamannavinnu, þ. e. á meðan síldveiðitíminn er, þar er kaupið þá kr. 1.15 yfir hábjargræðistímann, á Djúpavík er það kr. 1.06, á Drangsnesi kr. 1.00, á Hólmavík kr. 1.00. En á Hvammstanga og Blönduósi, sem að vísu eru ekki síldarpláss, þar var kaupið þá kr. 0.90. Á Skagaströnd, þar sem ekki sýnist mikill munur á lífsskilyrðum hvað verðlag snertir og á Blönduósi, er kaupið samt 10 aurum hærra en á Blönduósi, eða kr. 1.00. Á Sauðárkróki, sem er allstórt kauptún, var kaupið þá kr. 1.00. En á Siglufirði, þar sem talið er, að verkamenn hafi komið verkakaupinu það hátt upp, að betra var en víða annars staðar, var kaupið þá kr. 1.35. Í Ólafsfirði var það kr. 1.10, Hrísey kr. 1.25, á Dalvík 90 aurar, en á Akureyri og í Glerárþorpi kr. 1.25. Á Raufarhöfn var kaupið kr. 1.15, á Þórshöfn kr. 1.10, í Vopnafirði kr. 1.00, á Seyðisfirði kr. 1.30, Norðfirði kr. 1.10, Eskifirði kr. 1.10, en í Reyðarfirði 90 aurar. Kr. 1.00 var kaupið þá á Fáskrúðsfirði, Djúpavogi, Hornafirði, Vík í Mýrdal og á Stokkseyri, en á Eyrarbakka kr. 1.11. Og svo kemur vegavinnan, sem var víðast greidd með kr. 0.90 á klst. í dagvinnu. Í nágrenni Reykjavíkur var kaupið nokkuð hærra.

Ég hef nú bent á, hvernig ástandið var í þessum málum áður en gengisl. voru sett, og á þessu fékkst náttúrlega engin breyt., meðan þau voru í gildi og allt þangað til losað var um þetta um áramótin 1941, að nokkur félög úti um land geta

þá náð nokkrum grunnkaupshækkunum, þó mismunandi miklum, en vantaði þó mikið á, að öll félög á þeim stöðum, sem ég hef nú talið upp, hafi fengið þá grunnkaupshækkun til samræmingar, sem þau að réttu lagi hefðu átt að fá.

Nú er talað um það, og það kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að það hafi verið skoðun ráðandi manna í Alþýðusambandi Íslands, að grunnkaupshækkanir ættu ekki að vera gerðar eins og sakir stóðu í haust. Ég mótmæli þessu sem algerlega ósönnu máli. Því að, eins og ég hef fært fram með því að lesa upp það grunnkaup, sem hin ýmsu félög á landinu áttu við að búa fyrir stríðið, þá var kaupgjaldið mjög misjafnt í ýmsum tilfellum, og það var skoðun Alþýðusambands Íslands, sem samnefnara allra verkalýðsfélaga landsins, að það væri full nauðsyn á að hækka grunnkaup á ýmsum stöðum á landinu frá því, sem það er nú, og jafnvel að hækka grunnkaupið þar, sem það er enn þá talið hæst, sökum hinnar miklu dýrtíðar, sem ekki hvað minnst stafar af hinu háa verðlagi á innlendum neyzluvörum.

Ég skal ekki við þessa umr. fara mjög langt út í það, hvernig tókst svo að framkvæma þær ráðstafanir, sem bæði hæstv. Alþ. og almenningur í landinu ætlaðist til, að gerðar væru til þess að hamla upp á móti vaxandi dýrtíð. En það er kapituli út af fyrir sig að ræða um, og hefur að sjálfsögðu verið í hv. Nd. farið mjög út í að ræða þá hlið málsins, og ég geri ráð fyrir, að einnig verði nokkuð farið út í það hér í hv. d., því að núverandi hæstv. ráðh. eiga mjög miklar ádeilur skilið fyrir það, hvernig þeir hafa haldið á því máli, að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Það var vanrækt af hæstv. ráðh. Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins að fylgja þeim reglum, sem þeim voru settar eftir miklar bollaleggingar á aðalþinginu 1941. Og þegar þessar framkvæmdir verða að engu í höndunum á hæstv. ríkisstj., þá er farið á þeim háu stöðum að hugsa sér leiðir í dýrtíðarmálunum, sem skyldu vera á annan veg heldur en þær ráðstafanir, sem þingið lagði fyrir á aðalþinginu 1941. Það var gert ráð fyrir að lækka innflutningsgjöld af öllum innfluttum vörum, sem bein áhrif höfðu á visitöluútreikninginn, því að allir voru sammála um það, að ein af aðalástæðum dýrtíðarinnar væri hin vaxandi farmgjaldahækkun. En það var ekki heldur gripið til þess að lækka farmgjöldin frekar en tollaálagninguna, sem hvort tveggja hafði sín áhrif á vöruverðið í landinu og á visitöluna. Hins vegar var af hæstv. ríkisstjórn leitað að öðrum leiðum, þegar þessar leiðir, að hennar dómi, þóttu ekki færar, og þá var horfið að því ráði að beita sér gegn hinum vinnandi stéttum landsins og því haldið fram og talið nauðsynlegt, að það þyrfti að stöðva allt, sem heitir hækkun á kaupgjaldi og umbætur á kjörum verkalýðs- og launastéttanna í einhverri mynd.

Öllum er kunnugt um þau átök, sem urðu á haustþinginu 1941, þegar hið svo kallaða kaupbindingarfrv. og launaskattsfrv. kom fram í þinginu, þegar bæði ég og aðrir litum svo á, að nú væri hættan liðin hjá um það, að öðrum ráðstöfunum yrði beitt en Alþingi hafði samþ. Og þá skeður það, er nokkur félög í Reykjavík höfðu sagt upp samningum sínum og gert till. sínar um það, hvað þau teldu sig geta samið um við atvinnurekendur og í einu og öllu farið eftir þeim leiðum, er lög landsins mæla fyrir um, að gripið er til þess ráðs, svo sem kunnugt er, að komið er í veg fyrir samningaleiðirnar, svo að útilokað væri að samningar gætu tekizt á frjálsum grundvelli.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á það, jafnvel við þessa umr., að þau félög, sem hér deildu við atvinnurekendur, sem í fyrsta lagi var Hið íslenzka prentarafélag og svo Félag bókbandssveina, Félag járniðnaðarmanna og Félag klæðskera hér í bænum, sem sagt, nokkur félög, sem enga grunnkaupshækkun höfðu fengið síðan löngu fyrir stríð, en bjuggu að gömlu grunnkaupi, sem var ekki í samræmi við þær breyttu aðstæður, sem voru orðnar í landinu um það, hvað kostaði að lifa, — eins og kunnugt er, fóru þessi félög allar þær leiðir, sem löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur fyrirskipar að fara skuli í vinnudeilum. En það virtist nokkur tregða vera meðal atvinnurekenda á að koma strax til móts við þessi félög og ræða við þau um kauphækkun. Og það er ekki fyrr en um áramótin, að atvinnurekendum skilst, að full alvara er á ferðum í þessum efnum og að verkamenn ætla ekki að láta málið renna út í sandinn án þess að samningar verði um nokkra grunnkaupshækkun. Vitanlegt er, að það var ekki nema herzlumunurinn, að samningar tækjust við flest af þessum félögum um kaupgjaldið. Sum þeirra sömdu, eins og klæðskerasveinarnir. Þeir frestuðu yfirlýstu verkfalli eftir ósk atvinnurekenda og sömdu. En eftir því, sem fram hefur komið, var ekki um það að ræða að fá samninga við aðra atvinnurekendur hér í bænum, af ástæðum, sem ég kem að síðar. En mér er kunnugt um það, og ég leyfi mér að halda því fram á hæstv. Alþ., að ef farið hefði verið til hins ýtrasta þær leiðir, sem vinnulöggjöfin mælir fyrir um, að sáttanefnd væri sett strax um áramótin í deilumál prentara og bókbandssveina til þess að reyna að koma á sættum, þá hefði það sennilega tekizt, eins og vitanlegt var, að henni mundi hafa tekizt í járniðnaðarmannadeilunni, ef hún hefði getað starfað einum degi lengur, en hins vegar mun hæstv. ríkisstj. hafa staðið þar á bak við til þess að koma í veg fyrir, að deilan yrði leidd til lykta með sætt í málinu. En hæstv. ríkisstj. hefur oft áður fyrr beitt áhrifum sínum á þá lund, að þeir, sem deildu um kaup og kjör, gætu náð saman höndum til samkomulags, en að þessu sinni kom hún í veg fyrir, að sættir gætu tekizt. Þegar sjómenn áttu í deilu um áhættuþóknun, þá beitti ríkisstj. áhrifum sínum á þá lund, að sættir mættu takast. En það er þetta, sem hæstv. ríkisstjórn forðaðist alveg að gera í vetur um áramótin, að beita áhrifum sínum á atvinnurekendur til samkomulags um það, sem um var deilt. Og mér er kunnugt um það, að það munaði ekki nema hársbreidd í deilu járniðnaðarmanna, að samkomulag næðist fyrir milligöngu sáttanefndar. Um prentarana var öðru máli að gegna. Þar virtist vera harka í málinu, sem stafaði af því, sem ég kem nú að. Þegar málum var þannig komið á gamlaárskvöld síðast, að það leit út fyrir, að verkföll mundu

verða hjá nokkrum félögum, sem ég hef áður nefnt, — verkfall, sem kynni að hafa staðið í eina viku, er ekki verulegt atriði eða til þess að fárast yfir, þegar um deilu er að ræða á milli atvinnurekenda og verkamanna; þjóðfélagið hefur á undanförnum árum orðið að þola miklu lengri verkföll en útlit var fyrir að standa mundu um áramótin síðustu —, þá skeður það, sem ég tel ein hin mestu mistök og um leið einhverja þá misvitrasta ráðstöfun, sem gerð hefur verið um langt skeið af nokkrum stjórnmálamanni hér á landi, er hæstv. forsrh. kemur með *nýársboðskap sinn, ef svo má kalla*, á gamlaárskvöld til atvinnurekenda, sem í aðalatriðum var á þessa leið: Verið þið ekki að leggja ykkur í líma við verkamenn, sem nú gera óbilgjarnar kröfur, því að við sjáum sennilega fyrir því á annan veg, að málum ykkar verði svo fyrir komið, að þið megið vel við una. — Boðskapurinn var í þessum anda, m. ö. o., að það mundu verða full tök á því hjá hæstv. ríkisstj. að koma í veg fyrir, að til samninga þyrfti að koma milli atvinnurekenda og verkamanna hér í iðnfélögum bæjarins. Og ég verð að segja það, að ég minnist þess ekki, öll þau ár, síðan ég fór að geta lesið og fylgzt með hvað gerzt hefur og gerist í íslenzku þjóðlífi, að jafngálausleg og jafnafdrifarík yfirlýsing hafi nokkurn tíma verið gefin og í þetta sinn, hvaða hvatir, sem hafa til þess legið. Ég harma það, að sá forsrh. skyldi vera til á voru landi, sem ekki skildi, hve miklar og þungar skyldur hvíldu á herðum hans, þegar um það var að ræða, hvort vinnufriður héldist í landinu eða ekki og samkomulag tækist milli þjóðfélagsþegnanna í jafnstóru máli sem þessu. Og ég mun aldrei gleyma þessu kvöldi, þannig greip það mínar tilfinningar. Þessi boðskapur varð þess valdandi, að allar samningaumleitanir, sem fram höfðu farið í þessum málum, fóru út um þúfur. Sáttanefnd gat ekki meira að gert. Þetta stappaði stálinu í atvinnurekendur, svo að þeir héldu að sér höndum um samninga, verkföllin hófust, sem kunnugt er.

Næsta stigið var svo að gefa út hin alkunnu brbl. þann 8. jan. Um efni þeirra l. er ef til vill ekki þörf að ræða nú við þessa umr., því að það er öllum kunnugt, og ég hef í raun og veru lýst því áður í ræðu minni. En með þeim er tekinn af verkalýðnum sá réttur, sem þjóðfélagið hefur veitt honum að lögum, frelsið til þess að semja um kaup sitt og kjör, en lögleitt hann við því, að verkalýðurinn noti sín samtök í einni eða annarri mynd til þess að knýja fram þær réttarbætur, sem hann telur sér tvímælalaust nauðsynlegar og réttmætar. Og ekki nóg með það. Ef út af þessum ákvæðum er brugðið á einn eða annan hátt, þá skulu sjóðir þessara stéttarfélaga vera teknir upp í sektir, og sektarákvæði eru sett hærri en dæmi eru til áður, til þess að beita þeim við þá verkamenn, sem settir eru í fararbrodd samtakanna til þess að fá málefnum verkalýðsins framgengt í viðskiptunum við atvinnurekendur. Þetta hefur að líkindum átt að vera í samræmi við það, sem hér á árunum voru kölluð tukthúslögin í Noregi, sem illræmd voru þar á sínum tíma. Það var svipaður *andi í þeim l., sem ihaldsstjórnin þar kom á á* sínum tíma, þar sem svipuðu harðræði var beitt gagnvart forustumönnum verkamanna og verkalýðnum yfirleitt, sem varð til þess að þjappa norskum verkalýð saman í eina órjúfandi samtakaheild. Fundarhlé.]

Þegar umr. var frestað kl. 4 í dag, var ég kominn þar að að tala um gerðardóminn og hafði aðeins minnzt á sektarákvæðin eða viðurlögin. En það er rétt, að það komi fram, að gerðardómurinn *hefur tvöfalt hlutverk að vinna*. Í fyrsta lagi ber honum að sporna við allri grunnkaupshækkun hjá þeim, sem laun taka, og yfirleitt standa í vegi fyrir allri tekjuaukningu *manna, í hverri mynd, sem er*, og svo að öðru leyti, að sjálfsögðu, að hafa afskipti af öllu verðlagi í landinu. Um þann þátt fjölyrði ég ekki, það er mál út af fyrir sig, en það virðast vera ýmsar smugur, sem hægt er að komast í gegnum og hægt að sniðganga ýmis atriði verðlagsmálanna, ef svo ber undir. En hitt hlutverk dómsins er aðalatriði, að halda niðri öllu kaupgjaldi í landinu. Og það er rétt að geta þess, hvernig hann hefur rækt þá skyldu sína og hlutverk.

Hér í Reykjavík hafði félag klæðskerasveina samið við meistarana, og höfðu þeir samningar gengið greiðlega. Þessi samningur var svo borinn undir gerðardóminn, en hann dæmdi kauphækkunina ógilda og lengdi vinnutímann frá því, sem um hafði samizt. Þetta er dæmalaus ósanngirni. Það vita allir, sem þekkja þessi mál, að fólk, sem stundar saumaskap og verður að una við miklar innisetur og óholla vinnu, þarf að hafa stuttan vinnutíma. Það er enginn vafi á því, að ef til væru skýrslur um aldur þessa fólks, mundi það koma í ljós, að aldur þess væri mun skemmri en annars fólks. Hins vegar fengu sumar iðngreinar, eins og t. d. járniðnaðarmenn, betri kjör, eftir að gerðardómurinn hafði lagt hönd sína á samningana, heldur en þeir hefðu tengið með frjálsum samningum. En þeir voru samtaka og samhent stétt og starf þeirra mikil*vægt fyrir stórútveginn í landinu. En* það kveður við annan tón, þegar kemur að bókbandssveinunum. Félag þeirra má sín lika minna og starf þeirra reiknast ekki eins mikilsvert fyrir þjóðina. Þrátt fyrir allt voru líkur til, að þeir gætu fengið samninga, en gerðardómurinn gat ekki fallizt á neina kauphækkun hjá þeim.

Á Akureyri eru þeir, sem stunda þar verksmiðjuvinnu, mjög lágt launaðir. Félagi verksmiðjufólks þar hafði tekizt að fá samninga upp á 5% grunnkaupshækkun. Dómurinn skar það niður. Hann notaði ekki einu sinni þá heimild, er hann hefur til þess að samræma kaupið. Þetta sýnir, að dóminum eru mislagðar hendur. Sá veikari geldur veikleika síns, en sá sterkari nýtur styrkleika síns.

Í Vestmannaeyjum höfðu samningar tekizt, og höfðu atvinnurekendur fúslega gengið að kröfum verkamanna, — en dómurinn dæmdi þá samninga ógilda.

Hér við Faxaflóa hafði hins vegar félag Gerða- og Miðneshrepps gert samninga og fengið verulegar kjarabætur, t. d. rýmkuð hlutaskipti allverulega. Þessi samningur var aldrei lagður fyrir gerðardóminn, hann stendur því óhaggaður *enn. Verkamenn þar njóta því sinna kjarabóta*, og er það vel. En hins vegar er hér um skýlaust

lagabrot að ræða. Hið sama gerðu þeir, er unnu við hina svonefndu dráttarbraut. Fleiri dæmi mætti nefna, er sýna, að dóminum eru mislagðar hendur og að eitt gengur ekki yfir alla. Mér er nú ekki kunnugt um, að upp á síðkastið hafi gerðardómurinn kveðið upp neina dóma í kaupgjaldsmálum. Stafar það einkum af því, að verkamenn vilja ekki eiga háls sinn undir öxi hans og vilja heldur láta kyrrt vera. Svo var það t. d. með prentara, sem ekki vildu láta auðmýkja sig og þiggja smánarbætur. Vildu þeir heldur taka sama kaup og áður og standa á rétti sínum. Enda er það svo, að atvinnurekendur veifa þessum l. framan í verkamenn, er þeir fara fram á kjarabætur. Svo var það t. d. er sjómannafélögin hér leituðu eftir umræðum við Skipaútgerð ríkisins o. fl. skipafélög um launahækkanir handa þeim, er vinna við strandferðirnar og aðra slíka flutninga. Útgerðarfélögin sögðust ekki vilja ræða við sjómenn, það væri þýðingarlaust, því að gerðardómsl. bönnuðu alla kauphækkun.

Þessi l. bitna því einkum á þeim fátækustu, á lítils megandi félögum og félögum úti á landi. Þau leggjast því á lítilmagnann.

Ég hef svo ekki enn minnzt á, hvernig þessi l. eru haldin. Áður en ég minnist á það, vil ég geta þess, að mér er ekki kunnugt um, þó að þessi l. séu brotin meira en dæmi eru til um nokkur önnur lög, sem sett hafa verið í þessu landi, að sektarákvæðum l. hafi verið beitt. Er það vegna þess, að atvinnurekendur brjóta lögin, með því að borga hærra kaup en þau heimila.

Það er alkunna, að hér í Reykjavík er öllum stéttum í byggingariðnaðinum t. d. greitt miklu hærra kaup en löglegt er. Hins vegar er það svo með verkamenn, að kaup þeirra er kr. 2.65 á klst. í dagvinnu, en þeir fá bara fleiri tíma borgaða en þeir vinna. Það er almælt, að jafnvel opinberar stofnanir verði að fara inn á þessa braut. Það er ekkert fleipur, sem ég fer hér með, ég get sannað það, ef einhver ber á það brigður. Nýjasta dæmið, sem ég hef heyrt um, er um það, þegar bílstjórarnir hjá Mjólkursamsölunni sögðu upp. Varð þá uppi fótur og fit hjá samsölunni, og var það ráð tekið að kaupa af þeim gálgafrest fyrir kr. 50.00 á dag, meðan verið var að koma því í kring, með hvaða hætti væri hægt að bæta þeim upp kaupið án þess að brjóta l. beint og opinbert. Ég hef fyrir satt, að leitað hafi verið eftir, hvað bílstjórar fengju mest í kaup, svo að borga mætti þeim það. En það er öllum vitanlegt, að bílstjórar hér eru yfirleitt ráðnir fyrir svo hátt kaup sem þeir geta fengið á hverjum stað. Það er misjafnt, en yfirleitt mjög hátt, svo hátt, að það er brot á l.

Ég gæti tekið mörg fleiri dæmi um, að þessi l. séu brotin af atvinnurekendum, enda held ég, að þeir séu ekki síður andvígir þessari bindingu kaupsins en verkamenn, því að ef hún væri ekki, ætti sér ekki stað hið leynilega uppboð á vinnuafli, eins og nú er, og hafa því l. verkað alveg gagnstætt því, sem þau áttu að verka, a. m. k. á sumum sviðum. En l. hafa einnig um leið verkað lamandi á samtök vinnandi fólks, og það, sem ég nú er að átelja, er árangur þeirra.

Ég hef nú lítið eitt lýst framkvæmd l. hér í Reykjavík og nágrenni. En úti um land, þar sem minna er um vinnu, er frekar hægt að beita þeim. Ég vil benda á opinbera vinnu, t. d. vegavinnu. Alþýðusambandið lagði til í fyrra, að grunnkaup í vegavinnu yrði hækkað úr kr. 0.90 upp í kr. 1.15 um tímann, og virtist almenningur fallast á það. En stj. vildi ekki koma nálægt að semja við verkamenn fyrir milligöngu Alþýðusambandsins, heldur gaf hún vegamálastjórn leyfi til að borga kr. 1.00 um tímann í grunnkaup. Enda sýndi það sig, að fólkið forðaðist þessa vinnu og leitaði til sjávar og sveita jafnvel, þar sem því buðust betri kjör. Hvaða skynsemi er í svona ráðstöfunum?

Það fór líka svo, er leið á sumarið 1941, að vegamálastjóri varð að fá víða heimild til að hækka grunnkaup í samræmi við það kaup, er greitt var í annarri vinnu á hverjum stað. Hv. þm. hljóta að líta svo á, að engin skynsemi hafi verið í svona ráðstöfunum. Þetta er nefnilega einkum vinna fyrir sveitamenn vor og haust, til þess að draga í búið.

Það er vitanlegt nú, að setuliðsvinnan hefur hér sín áhrif. Þar er hið sama og hjá íslenzku atvinnurekendunum, að bjóða verður kaup fyrir fleiri tíma en unnir eru. Í Hvalfirðinum hef ég fyrir satt, að verkamenn fái kr. 3.00 um tímann og frítt húsnæði, en innfluttir verkamenn frá Ameríku fá bæði frítt fæði og húsnæði og 80 cent um tímann, og þeir standa alveg undrandi yfir því, að hér skuli borgað helmingi lægra.

Ég hef nú drepið á ýmislegt, þótt nefna mætti fleiri dæmi um það, hvernig gengið hefur að framkvæma þessi l. hér. En nú eiga þessi l. að ná til fleiri en verkamannanna, — til launamanna einnig. Flestir atvinnurekendur munu þó hafa orðið að hækka grunnkaup fólks síns, og um eina stétt (póstmenn) er það, að þeir fóru fram á grunnkaupshækkun um áramót og fengu hana, og fékk sú hækkun að standa, að því er ég bezt veit. Þó berja menn höfðinu við steininn og segja, að l. séu í fullum gangi. En þau gera aðeins þeim erfiðara um, er versta aðstöðu hafa í þjóðfélaginu, en létta undir með hinum, er betur mega sín. Ég vil, að þau komi þeim eins að notum, er lítils mega sín og verst eru settir. En nú hafa þau komið af stað þeirri ólgu í þjóðfélaginu, er alls ekki hefði þurft, ef skynsamlega hefði verið á spilunum haldið.

Ég ætla ekki að fara út í, hvernig farið hafi um aðrar framkvæmdir þessara l. Hæstv. viðskmrh. veit bezt um það, en vera má, að hann hafi ekki alveg hreina samvizku af því að hafa haldið verðlaginu í skefjum eftir gildandi l.

Nú munu menn því spyrja, hvort það hafi náðst, er til var ætlazt í þessum l. Í því sambandi er óspart bent á það, að verðvísitalan hafi haldizt óbreytt frá setningu þessara l. En þetta er hin mesta blekking. Vísitalan hefur ekki staðið í stað fyrir það, því að kaupið hefur hækkað. Þetta er líka viðurkennt í blaði hæstv. viðskmrh., er segir, að með kaupbindingarákvæðunum verði ekki hægt að halda niðri verðbólgunni. Og við höfum dæmi frá síðasta stríði, er vísitalan komst upp í 168 stig, en kaupgjaldið þó svo langt niðri sem allir muna. Vöruverðið fór aftur á móti upp úr öllu valdi. Það er því hin mesta blekking, að kaup sé undirrót dýrtíðarinnar að nokkru leyti. Ég játa þó, að það sé

helzt gagnvart landbúnaðinum. Og nú er ekki nema um tvennt að gera fyrir bændur, að fara einhverjar krókaleiðir, t. d. að borga fleiri tíma en unnir eru, eða brjóta beint lögin og borga þá hærra kaup en leyfilegt er. Þetta er allt út í hött með bindingu kaupgjaldsins, því að hvað sem líður verði á innlendum vörum, ráðum við ekkert yfir verði á þeim erlendu vörum, er við flytjum inn, og við getum ekki greitt hækkunina á þeim úr ríkissjóði svo að neinu nemi, og þannig hlýtur verðlagið á vörumarkaðinum að stíga. Að vísu er nú farið að ganga inn á þá braut, að ríkið greiði mismuninn á flutningsgjöldum, eins og þau voru fyrir stríð og eru nú, til þeirra, er flutningana annast. Ég vil að það sé „dokumenterað" í þingtíðindunum, að þetta, sem hér er nú farið að gera, var till. Alþfl. á Alþingi 1941 til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, að greiða úr ríkissjóði mismun farmgjaldanna af þeim vörum, er grípa inn í vísitöluna. Ég býst við, að þessar ráðstafanir gætu haldið niðri dýrtíðinni að einhverju leyti. Ég segi þetta af því, að okkur Alþfl.mönnum hefur verið núið því um nasir, að við vildum ekkert gera til þess að halda dýrtíðinni niðri. Þetta er rangmæli og ósannindi. Enginn flokkur hefur viljað gera meira í þá átt en einmitt Alþfl. En ímyndaðir hagsmunir hinna flokkanna hafa valdið því, að þeir hafa ekki viljað fara inn á þessa braut fyrr en nú, en betra er þó seint en aldrei. En við viljum ekki ganga á rétt þeirra stétta í þjóðfélaginu, er minnstan hlut hafa haft af stríðsgróðaflóðinu, því að það væri hrein undantekning, ef launamaður græddi svo, að það gæti kallazt því nafni. En það virðist markmiðið að tryggja stríðsgróðann sem mest og bezt í vasa þeirra, er hann hafa hlotið.

Ég skal nú ekki fara inn á það, hvað hinir flokkarnir vilja gera til þess að jafna þetta, — hennan mismun. Þar eru nefnd skattafrv. þau, er nú liggja fyrir þinginu, frv. um tekju- og eignarskatt og frv. um stríðsgróðaskatt. En þar með er ekki nema hálfsögð sagan, því að stríðsgróðamenn fá að halda svo miklum hluta teknanna fyrir utan alla skatta.

Þá vitna menn í lönd eins og Kanada og Bandaríkin og benda á, að þau hafi farið þessa kaupbindingarleið. Sannleikurinn er sá, að grunnlaun verkamanna í Bandaríkjunum hafa hækkað um 25% síðan stríðið hófst, en dýrtíðin aðeins um 6%, eða 19% minna. Auk þess hefur vinna aukizt þar svo, að nú er atvinnuleysið óþekkt, er áður var svo alkunnugt. En þar hefur einnig verið svo um hnútana búið, að hið mesta, er milljónamæringarnir fá að halda eftir, er 25 þúsund dollarar, eða um 150 þúsund í íslenzkum krónum. Þar er því verið að gera jöfnuð á allt annan veg en hér er gert.

Slyngur maður hér í þinginu hefur reiknað út, að af 1 milljón hér aftur á móti væri hægt að halda eftir um 400 þúsund í sjóðum og öðru. Um Kanada er ég ófróðari, en ég held, að þar sé ekki alls kostar rétt frá skýrt. Um Ástralíu er það, að þar er verkamannaflokkurinn í meiri hluta, og þarf enginn að segja mér, að þar yrði gengið eins á rétt vinnandi manna og hér er gert. Auk þess megum við ekki gleyma, að þessar þjóðir eiga í styrjöld. Milljarðar fara forgörðum í verðmætum talið, og þá verða allir að leggja eitthvað á sig. En hér lifum við eins og blóma í eggi, og menn fá að græða á tá og fingri. Hér er því um allt annað að ræða og aðstaðan ekki sambærileg. Ég er ekki í neinum vafa um það, að ef hér væri hernaður rekinn, mundi íslenzki verkalýðurinn ekki láta sitt eftir liggja né krefjast neinna friðinda sér til handa, en þá yrði líka ábyggilega gengið nær gróðamönnunum. Ég vildi draga þetta fram hér, því að um svo ójafnt er að ræða. Og ég vil segja það, að það er ekki að undra, þótt við Alþfl.menn greiðum atkv. á móti þessu frv. Ég harma það, að hér skuli á gullæðistímum búa sú þjóð, er vill lækna allt með hnefaréttinum, en virðir einskis samningaleiðina og skerðir frelsi einstaklinganna. Ég hef aldrei séð bóla á einræðiskennd í íslenzku þjóðlífi, ef það er ekki nú. En á móti öllu slíku mun ég jafnan leitast við að vinna allt hvað ég get.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði þessari umr. Það er ákaflega tilgangslaust að standa hér og tala yfir tómum bekkjum. En ef það þykir ekki fært að fresta umr., þá vildi ég mælast til þess, að það væri þá leyft að tala almennt um málið við 2. umr.

Forseti (EÁrna): Ég sé mér ekki fært að fresta umr. nú um þetta mál, því að ég held, að það sé ákaflega erfitt að neyða hv. þm. til þess að sitja hér, — mér virðist það vera svo í dag, að það ekki vera hægt —, og þess vegna álít ég, að það sé þýðingarlaust að fresta nú þessari umr. málsins. Hins vegar um 2. spurningu hv. þm., um það, hvort tala megi almennt um málið við 2. umr., er það að segja, að það hefur ekki verið fylgt svo strangt reglum þingskapanna um það efni, og er tæplega hægt. Og þess vegna geri ég ráð fyrir, að umr. um þetta mál við 2. umr. fari fram svona svipað eins og venjulega er hér, að það verður ekki stöðvað sérstaklega, þó að menn fari eitthvað út fyrir það, sem stendur í greinum frv. (**BrB:** Ég fell þá frá orðinu.)

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Með skírskotun til þess, sem hæstv. forseti hefur nú sagt út af fyrirspurn hv. 1. landsk. þm., mun ég einnig geyma mér að tala um málið þar til við 2. umr. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi beina sérstaklega til hæstv. viðskmrh., sem hafði framsögu hér í þessu máli, en ég tel þýðingarlaust að bera þau fram nú, þar sem hann er ekki viðstaddur, en mun koma með þau við 2. umr.

Forseti (EÁrna): Ég vil aðeins taka það fram til skýringar, að ég lít svo á, að þó að hér færu fram almennar umr. um þetta mál við þessa 1. umr., þá mundu umr. ekki verða neitt öðruvísi fyrir það við 2. umr. Og þar sem enginn hefur nú kvatt sér hljóðs, þá er þessari umr. lokið, en atkvgr. verður frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:3 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 289, n. 447 og 461).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Svo sem sjá má af nál., hefur allshn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv. Leggjum við hv. 11. landsk. til, að frv. verði samþ., en hv. 2. landsk. að það verði felllt.

Þetta mál hefur nú verið rætt mjög ýtarlega, síðan það kom fram í þingbyrjun, og m. a. hefur það verið þaulrætt í blöðum. Við 1. umr. í d. var það einnig rætt. Ég býst ekki við, að neitt, sem miklu máli skiptir, sé óframkomið í þeim umr. Það, sem um málið verður nú sagt, mun að mestu verða endurtekning. Mér virðast það einkum vera tvö atriði, sem andstæðingar málsins telja því til foráttu sérstaklega. Annað er, að frv. takmarki allt of mikið ákvörðunarrétt þeirra einstakra stétta til þess að setja verðlag á sína vöru, og hitt, að frv. nái ekki tilgangi sínum að halda niðri kaupgjaldi og verðlagi. Ég skal sízt af öllu mótmæla því, að frv. gangi langt í því að takmarka sjálfsákvörðunarrétt manna. En þess ber að gæta, að sá kostur er við frv., að það tekur til vel flestra, — að vísu ekki allra —, sem geta haft aðstöðu til þess að setja óeðlilegt verð á vöru sína. Þá er ekki hægt að segja, að sérstaklega sé gengið á hag einnar stéttar eða eins flokks manna. Því hefur verið haldið fram, að þessu frv. sé aðallega stefnt gegn verkafólki. Ég hygg, að þessi staðhæfing sé með öllu órökstudd, því að í frv. eru ákvæði, sem takmarka t. d. rétt ýmissa framleiðenda til að setja verð á vörur sínar og rétt þeirra til álagningar, sem lifa af kaupskap, og þótt ekki sé beint fram tekið, skilst mér það heimila takmörkun álagningar á saumaskap og verkstæðisvinnu o. s. frv. Þetta sýnir, að það er öfugmæli, að frv. sé aðallega stefnt gegn verkafólki. Hitt er allt annað mál, hverjir harðast kunna að verða úti við beitingu ákvæðanna. En aðalmótbáru þessari er bezt svarað með rökum sjálfra þeirra, er bera hana fram. Ekki eru margir dagar, síðan ég deildi einmitt við þá um atriði í húsaleigul. og bar fram brtt. um, að ákvæði nokkurt skyldi ekki gilda utan stærri kaupstaðanna. Engir stóðu fastar en þeir móti því, að við nokkru væri hróflað í þeim l., og þó verð eg að segja, að sízt er gengið nær sjálfsákvörðunarrétti manna í þessu frv. en gert er með því ákvæði húsaleigul., sem um var deilt. En þar var á þeirra manna rétt gengið, sem þeir telja heimilt að ganga á. En í þessu er mikið ósamræmi hjá andstæðingum frv.

Því hefur jafnframt verið haldið fram, að ákvæði þessa frv. væru óþörf, af því að þau snerta hag þeirrar stéttar, sem þessir menn telja sig forkólfa fyrir. Ég veit ekki, hvernig andstæðingar frv. gætu litið á það, að verkalýðurinn ætti að vera eini aðilinn í landinu, sem hefði alveg frjálsar hendur með að setja verðlag á varning sinn, en af öllum öðrum væru tekin ráð. Ef til vill hneykslast andstæðingar frv. á því, að ég kalla vinnu varning. Ég vil minna á það, að í blöðum andstæðinga frv. nefna þeir sjálfir vinnuna þessu nafni. Þar hafa þeir margoft sagt, að þeim fyndist það vera nokkuð hart, að verkalýðurinn mætti ekki setja verð á sinn eiginn söluvarning, þar sem allir aðrir í landinu hefðu þennan rétt. Ef þetta er svo, skilst mér, að þeir hafi um leið komið vinnuaflinu undir markaðsvörur. Ég hygg, að þetta megi líka til sanns vegar færa. Því er haldið fram, bæði í nál. minni hl. og í ræðum, sem haldnar hafa verið í þinginu, að verkalaunin hafi lítil áhrif á dýrtíðina. Ég veit ekki betur en andstæðingar frv. hafi í blöðum sínum haldið því fram hingað til, að framleiðslan í þessu landi byggðist alveg á verkamönnum, og ég hygg, að það megi mikið til sanns vegar færa. Ef framleiðslan byggist á vinnunni, þá sé ég ekki betur en að vinnan sé stór þáttur í verðlagi framleiðslunnar. Það er því hreint öfugmæli, að vinnan hafi ekki áhrif á verðlag í landinu. Ég held því, að sé með sanngirni litið á þetta frv. og óhlutdrægt, sé ekki hein ástæða til að ætla, að verkalýðurinn í landinu verði harðar úti en aðrar stéttir, sem varning selja. Ef það er réttlátt að segja við framleiðanda markaðsvöru: Þú hefur ekki heimild til að selja hana hærra verði heldur en ákveðið er af þar til kjörnum nefndum, — þá held ég að við verðum einnig að segja við framleiðendur vinnuafls: Þið megið ekki selja ykkar hluta framleiðslunnar hærra verði en ákveðið er. — Ég held, að ef menn á annað borð viðurkenna bæði þessi l. og húsaleigul., þá sé nauðsynlegt að setja þau, vegna þess að almenningsheill krefst þess, og þá verður að taka fyrst þá þætti, sem þar að standa.

Þá kem ég að hinni mótbárunni, að þýðingarlaust sé að setja þessi l., því að þau verði brotin. Ég þekki ekki inn á það atriði, en ef svo fer, að þetta ákvæði dugi ekki og kaupið fari upp, hvort sem er, hvað hafa þá þessir menn að missa, sem þessi ákvæði snerta? Ef þessir menn geta hækkað kaupið eftir sem áður, þá er ekki um neitt að sakast. Það má líka segja um ýmis önnur l., að þau séu brotin, eins og t. d. skattal., sem allir vita, að mikið er farið í kringum, þó að engum detti í hug að hætta að leggja á opinbera skatta. Ég held, ef á annað borð á að reyna að halda niðri dýrtíðinni, verði ekki komizt hjá að einhverjir liði við það, eins og t. d. við húsaleigul., sem koma illa við suma menn. Ég geng inn á þá hugsun með andstæðingum frv., að almenningsheill krefjist þess, að húsaleigul. væru sett og þessar ráðstafanir gerðar. Ég gerði tilraun til að lagfæra einn galla á þeim, en það heppnaðist ekki, og um það er ekki að sakast, en mér hefur aldrei dottið í hug að vilja afnema húsaleigul. Ég held, að ef þessi l. væru afnumin, yrði það sama uppi á teningnum og með húsaleigul. Það má vel vera, að andstæðingar frv. áliti, að almenningsheill sé eitthvað annað en ég held að hún sé. En eins og þeir vita, mundi það fyrst og fremst koma niður á verkalýðnum í landinu, ef húsaleigul. hyrfu. Þetta er nokkuð svipað því, þegar talað er um hið innlenda afurðaverð. Andstæðingum frv.

finnst réttlátt að setja fast verð á innlendar afurðir og hámarksverð á erlendan varning, og þeir mundu verða með þessum l., ef út úr væru tekin ákvæðin um vinnulaun. Þess vegna álít ég, að þessir menn viti ekki, hvað almenningsheill er. Þessum l. hefur verið mótmælt einmitt með að halda fram hliðstæðum lögum, t. d. húsaleigul. Ég vil benda á það, að síðan þessi l. voru sett, hefur vísitalan staðið óbreytt, og ég hef góðar heimildir fyrir, að dýrtíðin muni ekki aukast í þessum mánuði. Ég býst við, að fleira muni koma til greina heldur en þetta, þegar halda skal dýrtíðinni niðri, en þetta mun verða stærsti þátturinn í þeim framkvæmdum, og væru þessi l. afnumin nú, yrði ekki einungis erfitt, heldur ómögulegt, að halda dýrtíðinni niðri. Hitt er annað mál, að fleiri ráðstafanir þarf að gera. Ég hef sýnt hér fram á, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið með þessum l., hafa valdið því, að dýrtíðin hefur hætt að vaxa, en ef á að fá hana niður, þarf að taka til fleiri ráða.

Ég get nú látið máli mínu lokið. Ég játa fyllilega, að það er fátt í ræðu minni, sem ekki hefur verið sagt áður hér í þinginu, og svo mun einnig vera um þá, sem eru á móti frv. Ég taldi þó rétt að segja álit mitt á þessu máli, og ég hygg, að ég hafi um leið fundið sömu niðurstöðu og þeir aðrir hv. þm., sem vilja fá þessu máli framgengt.

*__Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson)__: Ég skal taka fram strax, að mér er fyllilega ljóst, að hv. frsm. meiri hl. og aðrir meðnm. mínir eru að inna af höndum þegnskyldu með því að tala fyrir þessu frv., og ég tók því ræðu hv. frsm. sem einn lið í þessu þegnskyldustarfi. Ég sé, að hann hefur vikið sér burt úr deildinni, og hann ætlast sýnilega ekki til, að við hann sé rætt um málið, sem ég get þó ekki látið vera.

Eins og sjá má af nál. minu á þskj. 461, hef ég þar tekið fram aðalatriðin um upphaf þessa frv., en það er ekki nema nokkur hluti af því, sem rétt er og skylt að benda á. Ég skal reyna að sneiða hér fram hjá þeim atriðum, sem talin eru upp í nál., þó að sumt mætti ræða ýtarlegar heldur en þar er gert. Undir meðferð málsins í Nd. skiladi minni hl. allshn. þar svo ýtarlegu nál. um málið, og þar komu fram svo rökstudd og greinargóð mótmæli gegn frv. sem frekast verður á kosið. Það má enn fremur segja, að það muni engan árangur bera að ræða um málið, eins og nú er komið, að meiri hl. þingsins hefur orðið sammála um að láta það ná fram að ganga. Það mun vera venja að ræða málin við 2. umr. með gagnrýni, en hæstv. forseti gat þess við 1. umr. málsins, að hann byggist við, að almennar umr. færu fram við 2. umr. Ég tel nú enga þörf á að gagnrýna einstakar greinar frv. eða efni þeirra, og mun ég tala meira almennt um málið og sérstaklega svara ræðu hv. frsm. meiri hl. Ég vil benda á, að með samþykkt þessa frv. er fellt úr gildi ákvæði frá 2. júlí 1940 um verðlag, og það er álitamál, hvort rétt sé að leggja þau l. niður. Mér skilst, að dómnefndin, sem á að taka við starfi verðlagsnefndar, hafi nóg að gera, þó að hún hefði ekki starf verðlagsnefndar sem aukastarf, þar sem verðlagsnefnd hefur verið önnum hlaðin. Og ég efast um, að betur verði séð fyrir verðlagseftirlitinu eftir en áður. Eins og ég gat um í nál. minu, eru hv. þm. að blekkja sig sjálfir, ef þeir samþykkja þessi l., sem eiga að gilda til ársloka 1942. Ég hygg, að þeir, sem að frv. stóðu, hafi litið þannig á, að stöðvun allrar kauphækkunar í landinu sé aðalatriðið til að halda dýrtíðinni niðri. Þetta hefur verið rætt utan þings og innan, og það hafa verið færð full rök að því, að þó að kaup hækkaði nokkuð, mundi slíkt ekki valda neinni hækkun á vísitölunni né yfirleitt ráða verðlaginu í landinu. Ég skal svara hv. frsm. meiri hl. því, að síðan l. þessi voru sett, hefur kaupgjald hækkað meira hér í Reykjavík og nágrenni heldur en verkalýðsfélögin dreymdi um, að gæti orðið með frjálsum samningum. Þrátt fyrir þetta er það talið lögunum til gildis, að vísitalan skuli standa óbreytt allan þennan tíma. Eins og ég drap á í nál. minu, hafa aðrar ástæður valdið því, að vísitalan hefur haldizt óbreytt. Það er vegna þeirra ráðstafana, sem Alþfl. á sínum tíma beitti sér fyrir, að teknar yrðu upp, og settar voru inn í gengisl. 1941. Þær voru á þá leið að fella niður tolla á þeim vörum, sem höfðu mikil áhrif á vísitöluna. Þessar ráðstafanir hafa verið gerðar eftir að þetta þing kom saman, og þær hafa haft þær sjálfsögðu verkanir, að vísitalan hefur staðið í stað, en á sama tíma hefur kaupgjald hækkað með aðferðum, sem ég skal skýra frá síðar. Þetta sýnir, að það er ekki kaupgjaldið, sem þarf að binda til þess að halda dýrtíðinni niðri, heldur er það verðlagið í landinu, sem hefur valdið dýrtíðinni. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessum málum hafa verið á þann veg, að flest hefði fyrr og betur mátt gera en gert hefur verið.

Nú ætla ég að færa orðum mínum stað um það, að kaupgjaldið hefur beint orðið meira en náðst hefði nokkurn tíma með frjálsum samningum. Það er reynsla hér hjá daglaunamönnum, að nú verða atvinnurekendur að kalla eftir fólki, í stað þess, að verkamenn urðu áður að bjóða sig fram. Til þess að brjóta ekki ákvæði um bann við kauphækkun, er mönnum borgað fyrir svo og svo marga tíma, sem þeir eru ekki að vinna, og kaupið hætt upp á þann hátt. Þetta er við alls konar vinnu, og jafnvel við það, sem við köllum framleiðsluvinnu. Atvinnurekendur hafa orðið að greiða mönnum hækkað grunnkaup, og mér er ekki kunnugt um, að nokkurn tíma hafi verið leitað til gerðardómsins um það, hvort slíkt væri löglegt eða ekki. Það er ekki nóg með það, að það kaupgjald, sem iðnaðarmenn, tréskerar og aðrir slíkir fá, sé mun hærra en kaup verkamanna, heldur eru þeim líka gefnir aukatímar, sem þeir ekki vinna við störf sín. Þetta á einkum við hér í Reykjavík og nágrenni. Það er líka viðurkennt, að hið opinbera hefur orðið að greiða mönnum sínum, fastlaunuðu skrifstofufólki og slíkum mönnum, hærri laun en leyft er. Mér er heldur engin launung á því, að á sama tíma og verið var að setja þessi l., mun fjmrn. hafa haft með höndum beiðni frá einni stétt manna um launabætur. Þetta voru tollverðirnir. Þeir fengu kauphækkun sína, og er ekki nema gott eitt um það að segja, en þetta var á sama tíma og verið var að setja þessi l. Það er líka orðið **kunnugt, enda opinberlega sagt**

frá því í blöðum, að bæjarstj. Reykjavíkur samþykkti verulega hækkun á grunnkaupi og ýmis hlunnindi, sem hún veitti sínum föstu starfsmönnum. Og það er vitað um ýmsa aðra, sem greiða upphætur frá því, sem verið hefur, enda taldi bærinn nauðsyn á, að slíkt væri gert. Það er kallað eftir störfum við vegalagningar og vegagerðir, og eins og kunnugt er, var kaupið við þá vinnu svo hrædilega lágt, að það var erfitt að fá menn til slíkrar vinnu eftir að atvinna tók að glæðast í landinu. Það var minnzt á það árið 1940 af Alþýðusambandi Íslands, að samið væri um nokkurn veginn fast kaupgjald í vegavinnu, og fór sambandið fram á, að kaupið væri hækkað úr 90 aurum upp í kr. 1.15 á tímann, en það var ekki við það komandi að hækka það. En hvað er nú gert? Nú mun kaupið hafa verið kr. 1.00 opinberlega við vegavinnu, en máske hafa verið einhverjar faldar greiðslur og margir haft hærri laun. En nú er mér kunnugt um, að í nágrenni Reykjavíkur er borgað Dagsbrúnargrunnkaup, sem er kr. 1.45 um tímann, og er þetta gert með samþykki ríkisstj., meira að segja þeirrar, sem setti þessi l. Fjær Reykjavík mun vera greitt kr. 1.30 á tímann. Svo segja menn, að l. hafi haldið kaupgjaldinu í skorðum! Ég skal játa, að ég er ánægður fyrir hönd hinna vinnandi manna, að þeir hafa fengið þessa hækkun. En það sýnir, hve máttlaus l. eru til þess að halda kaupinu í skorðum. Nú spyrja menn: Úr því að svona er komið hjá fjölda manna, hví eruð þið þá að amast við þessum l.? Ég hef bent á ýmsa landshluta, þar sem eftirspurnin er minni og kaupgjaldið óbreytt. Verkamenn hafa þar ekki þá aðstöðu, sem þarf til að knýja þetta fram. Ég hef ekki orðið var við, að kaup hafi hækkað á Norðurlandi, Vesturlandi eða Austurlandi, a. m. k. ekki til neinna muna. Þetta gerir það að verkum, að mismunurinn milli landsfjórðunga er orðinn mikill, og það hefur aðra erfiðleika í för með sér, því að nú flykkjast menn á þá staði, þar sem þeir fá bezt borgað. Þess vegna viljum við fá frjálsar hendur til þess að laga þetta ósamræmi.

Ég hef nú sýnt fram á, að þrátt fyrir máttleysi l. um að ná áætluu sinni, hafa þau á valdi sínu takmarkanir, sem ég tel þurfa að ryðja úr vegi. Ég skal benda á það, að meðal stétta í bænum, sem ekki geta farið á opinn markað, eru t. d. bókbindarar, sem verða að búa við laun sín, sem ekki eru svo ýkja há. Eins er með prentarana. Allir vita sögu þeirra. Þeir hafa ekki yfirgefið starf sitt. Ég hef aðra stétt í huga. Það er vitað meðal sjómanna, að þeir hafa margir fengið bætur, og ég geri ekki ráð fyrir, að þeir geri auknar kröfur. Því veldur líka allgóður afli og sæmilegt verð á fiskinum, og þeir, sem sigla yfir höfin, hafa tekjur vegna áhættunnar. En það er ein stétt, einn hópur sjómanna, — og ég vil að það komi fram —, sem ekki hefur fengið neinar bætur, en það eru þeir, sem sigla með ströndum landsins, bæði á strandferðaskipunum og gæzluskipunum. Þeir hafa sitt fyrra kaup og einfalda dýrtíðaruppbót. Ég skal geta þess, að við skrifuðum Eimskipafélaginu og Skipaútgerðinni og óskuðum eftir, að við mættum ræða í fullu bróðerni um þetta við þá, en fengum þau ein svör, að þeir mættu ekki gera neinar kauphækkanir, vegna ákvæða gerðardómsins. Vegna l. var ekki hægt að fá friðsamlega lausn á málinu, og vegna þeirra verða þessir menn að búa við rangindi og órétt umfram aðra menn í sömu stétt. Ég hef svo mikla reynslu af því, hvaða óánægju og erfiðleikum þetta hefur valdið, að ég get ekki sagt annað en að þessi l. séu einhver þau óþörfustu, sem sett hafa verið í þessu landi með tilliti til ástandsins, sem nú ríkir.

Frsm. meiri hl. taldi, að ég hefði haldið því fram, að kaupgjaldið hefði ekki nein áhrif á vísitöluna. Ég hef gert þessu nokkur skil, en það mun ef til vill verða gert nokkuð ýtarlegar. En ég skal geta þess, að ef kaupbindingin hefði ekki komið, er ekki vafi á því, að miklu heilbrigðari grundvöllur hefði skapazt fyrir launagreiðslum víðs vegar um landið en það ósamræmi, sem orðið hefur við það, að lögin hafa æst upp öll öfl meðal verkamanna og atvinnurekenda til togstreitu um launin. Frsm. meiri hl. taldi það ekki meira að binda vinnuaflið, eða þá vöru, eins og hann kallaði það, en annað. Nú er rétt að geta þess, að í frv. er lítil smuga gerð um það, að hægt sé að laga grunnkaup til samræmis. Þetta er aðeins hægt að gera með því að viðkomandi atvinnurekandi geti fallizt á það. Að vísu getur dómurinn ráðið þessu, en það er einn fyrirvari um það, og það er hinn aukni tilkostnaður, sem alltaf er hægt að leggja fram reikning um, réttan eða rangan, og það þýðir, að þegar kaupgjaldið hækkar, getur framleiðsluvaran hækkað eftir því sem gott þykir. Það er alltaf hægt að búa til kostnaðarreikning, kannske réttan, kannske ýktan svo og svo mikið, eins og maður þekkir. Ef í l. væri eitthvert ákvæði líkt þessu fyrir verkamannasamtökin, ef þau mættu hafa nefnd, sem segði, hvað verkamennirnir mættu hafa í laun til þess að þau væru réttlát, ef þau mættu hafa nefnd, sem segði, hvað mætti borga á hverjum tíma, og dómnefndin sjálf, eða önnur nefnd, væri svo bara „pro forma“ til þess að leggja blessun sína yfir úrskurði þessarar nefndar. En það var ekki gert, enda ekki óskað eftir því.

Þá vildi frsm. bera þessa löggjöf saman við húsaleigul. Húsaleigul. eru stórmerkur þáttur í því að halda dýrtíðinni niðri. Og ég held, að þeir, sem í byrjun hafa verið tvíátta um gildi þeirra, hafi að lokum komizt að þeirri niðurstöðu, að ef þau hefðu ekki verið, mundi dýrtíðin rjúka svo upp úr öllu valdi, að ekki yrði hægt að hafa hemil á neinu í sambandi við hana. Reynslan frá fyrri styrjöld hefur sannað þetta. Eitt af því fáa, sem þá var gert, var að binda húsaleiguna. Ég skal þó játa það í sambandi við húsaleigul., að þau skapa þröngar skorður. En það er engin sérstök stétt, sem býr við þau umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins. Það er engin sérstök stétt húseigenda, og það munu vera tiltölulega fáir, sem lifa á því eingöngu að leigja út hús. Þetta kemur eins hart niður á verkamanninum og embættismanninum, svo að lögin ganga jafnt yfir alla, og það er ekki sambærilegt. Ég hygg, að ef húsaleigul. væru afnumin, væri tekinn tappinn úr vörnunum gegn dýrtíðinni, og ég býst við, að við mundum sjá dýrtíðarflóðið fara upp úr öllu valdi. En þetta er

ekkert sambærilegt við það, ef kaupið hefði fengið að fara eftir eðlilegum leiðum um breytingar með frjálsu samkomulagi. Þetta hef ég sýnt fram á hér.

Frsm. breiddi sig mjög út yfir það, að við, sem erum andstæðingar þessa máls, vildum einungis afnema kaupbindinguna og láta allt hitt standa. Ég hef nú bent á, að aðstaðan er ekki jöfn, en ég vil enn fremur benda á, að flokkur okkar hefur alltaf viðurkennt, að bændur og aðrir framleiðendur á íslenzkum landbúnaðarvörum ættu að fá fyrir framleiðslu sína sómasamlegt verð, og ef tilkostnaður sýndi sig að verða meiri en verðlagið þyldi, höfum við bent á þá einu leið, að gerðar verði ráðstafanir *af* því opinbera til að greiða bændum mismun á tilkostnaði vörunnar og söluverði hennar, og hygg ég, að þetta sé einhver róttækasta ráðstöfunin til þess að halda vísitölunni niðri, að bæta bændum upp úr ríkissjóði, að undangenginni rannsókn, sem hefði sýnt og sannað, hvað þeir ættu að fá fyrir vöruna. *Það er ekki hægt* að neita því, að flestar þær vörur, sem framleiddar eru í landinu, hafa haft óvenjulega mikil áhrif á vísitöluna, og það er vegna þess, að ekki var horfið að því ráði, sem Alþfl. var að benda á, að reikna út eins konar búreikningavísitölu. Þetta var ekki gert. Sem sagt, allar þær skynsamlegu *ráðstafanir, sem hefði þurft að gera, hafa ekki* verið gerðar, nema nú síðast í sambandi við tolla og farmgjöld. Það er þó ýmislegt, sem stj. hefur gert. Hún keypti kolafarm og greiddi verðmismun á honum. Einnig á tilbúnum áburði, sem fluttur hefur verið til landsins, var verðmismunurinn greiddur úr ríkissjóði. Þetta er *spor til þess að halda dýrtíðinni niðri, og* það hefur verið gert án þess að þrengja kost hinna vinnandi manna.

Ég hef nú hér bent á ýmsa ágalla þessara l. Það má margt og mikið segja um það, hvernig l. hafa verkað og hvernig til hefur tekizt um framkvæmd þeirra, og raunverulega mun sá flokkur*inn, sem stóð næst* því að þau voru sett, vera búinn að missa trúna á þeim. Mér er tjáð, að a. m. k. annar fulltrúi þeirra í dómnum, Vilhjálmur Þór, hafi sagt sig úr honum, en ég veit ekki fullar sönnur á því. Þetta er ekki nema viðurkenning á því, að þessi ráðstöfun hafi svo hrapallega mistekizt, að tilgangi hennar hafi alls ekki verið náð, og þetta er sú bezta viðurkenning, sem fæst fyrir því, að í þessu verki hafi ekki fylgt hugur máli, nema aðrir hafi hvatt þá til þess, sem ég skal ekki segja um.

Ég hefði haft gaman af að mega tala við einhvern af ráðh. núverandi stj., því að samkvæmt þeirri yfirlýsingu, sem forsrh. gaf við stjórnarskiptin í gær, tjáði hann þjóðinni, ekki aðeins að þessi l. yrðu samþykkt, heldur að þeim yrði framfylgt. Ég veit satt að segja ekki, hvernig stjórnin ætlar að fara að því. Verkalýðurinn hefur spyrnt af sér böndunum í ákaflega mörgum tilfellum, — því miður ekki alls staðar —, en sennilega kemur sá tími, að hann geri það betur.

Ég held ég verði nú að ljúka þessu máli mínu. Það er eins og vant er, þegar rædd eru deilumál hér, að þá eru ekki þéttskipaðir bekkir, og *óska ég það skráð í þingtíðindum, að forseti* situr hér aðeins yfir þeim þm., sem andmæla málinu, en enginn hinna lætur sjá sig, að undanteknum skrifurunum. Þetta er spegill af því, hvernig yfirleitt er hér á Alþingi, þegar rætt er um stór og merk deilumál, er uppi eru í þjóðfélaginu, og það er lærdómsrikt fyrir eftirkomendur okkar, til þess að geta dæmt um, hvernig fulltrúar hafa rækt störf sín sér á Alþingi, hvað þetta snertir.

Ég vil ljúka máli mínu með því að hafa upp orð, sem einn þjóðkunnur borgari sagði, kannske í gáska, við mig í gær, og voru þar fleiri viðstaddir. Við vorum að tala um þessi l., og sagði hann, að þau væru sett af illmennsku, *hefðu staðnæmzt í heimsku og enduðu í ræfildómi*, og ég held, að þetta sé bezta lýsingin á þessari löggjöf og þessu frv., sem hér er til umr.

Forseti (EÁrna): Ég vil aðeins minna á það, að ég tel ekki viðeigandi í ræðu að nota orðið „illmennska".

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Ég er nú víst búinn að gleyma miklu af því, sem fram hefur farið í þessum umræðum.

Hv. 2. þm. S.-M. var í ræðu sinni mikið að tala um það, hvort þetta mál væri réttlætanlegt eða ekki, og bar þetta saman við húsaleigul. og löggjöf um verðlagseftirlit, sem hann taldi alveg sambærilega við þær takmarkanir, sem í þessu felast á rétti verkalýðsins til þess að ákveða kaup sitt. Um rétt verkalýðsins til þess að ákveða verð fyrir vinnuafl verkamannsins þarf vitanlega ekki að fjölyrða. Vinnuaflið er eina eignin, sem verkamaðurinn á, og hann þolir það ekki bótalaust, að þessi eign sé af honum tekin og seld ákveðnu verði, án þess að hann sé spurður ráða. Hann þolir það ekki án þess að reisa rönd við því með öllu því afli, sem hann á. Það má líkja þessari aðferð, að selja vinnuafl hans án þess að ráðgast um það við hann sjálfan, við það, ef bóndi heyrði það tilkynnt í útvarpinu, að búið væri með ákvörðun frá ríkisstj. að selja jörðina hans, kannske helmingi lægra verði en bóndinn sjálfur vildi selja hana á. Þó að maður geri þennan samanburð, er raunverulega ólíku saman að jafna, því að þótt bújörðin sé tekin frá bóndanum, þá heldur hann þó eigin starfsorku sinni eftir, og það er ekki enn þá búið að taka frá honum rétt á að selja hana. Að bera svona lagaðar ráðstafanir saman við það, ef sett er hámarksverð á húsaleigu og vörur, er ekkert annað en fjarstæða, sem ekki nær nokkurri átt. *Í öðru tilfellinu er að ræða um takmörkun á gróða*, — takmörkun á gróða á verzlun og húseignum. Í hinu tilfellinu er starfsorka verkamannsins tekin eignarnámi, og verkamaðurinn er ekki lengur frjáls maður, eftir að búið er að gera það. Þetta hlýtur hverjum manni að vera fullljóst, og það sýnir, hve veikur málstaðurinn er, *þegar þarf að grípa til svona röksemda.* Í

hans hugsun felst sú röksemdafærsla, að litið er á verkamanninn eins og skepnu, eins og fisk eða eins og dauðan hlut, — eins og t. d. húseign, svo að maður haldi sér við samanburð þessa hv. þm. Svo nóg um það.

Um réttinn til þess að fremja aðra eins rangsleitni eins og gerðardómsl. eru þýðir ekki að ræða við verkamenn eða fulltrúa þeirra á þennan hátt. Hv. þm. var að fjölyrða um það, sem röksemd fyrir því að þetta frv. ætti rétt á sér, að þessi l. hefðu komið að tilætluðum notum, að vísitalan hefði ekki hækkað síðan þau gengu í gildi. Ég verð nú að segja, að mér finnst, að þessi staðhæfing, að vísitalan hafi ekki hækkað síðan l. gengu í gildi, sýna einmitt það mótsetta, beinlínis það gagnstæða. Þessi staðhæfing, að vísitalan hefur ekki hækkað síðan l. gengu í gildi, er einmitt sönnun þess, hve lítil áhrif kaupgjaldið hefur á vísitöluna, vegna þess að það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að aldrei síðan í stríðsbyrjun hefur orðið eins mikil kauphækkun eins og á þessu tímabili, síðan l. gengu í gildi. Þetta er hægt að sanna, og enn fremur er mikið, sem ekki er hægt að sanna og ekki er hægt að skýra frá af ástæðum, sem kunnar eru. En á því tímabili, sem kaupið hækkaði sem mest samkvæmt kaupþvingunarl. 1939, hækkaði vísitalan meira en nokkru sinni, svo að þessi staðhæfing sýnir, hve mikil fjarstæða það er, að kaupið hafi áhrif á hinn öra vöxt dýrtíðarinnar.

Ég held nú annars, að við ættum ekki að vera að eyða þingtímanum í að ræða þessi l. eða afgreiða þau, þau eru hvort sem er ekki orðin annað en humbug. Það vita allir, að þau hafa beðið fullkomið gjaldþrot í framkvæmd. Við erum allir sammála um það. Það er staðreynd, sem okkur er ákaflega vel kunn, enda hefur því ekki verið mótmælt. Það eina, sem Alþingi getur gert til þess að bjarga sóma sínum, er að fella þetta frv. Enda er það svo, að framsóknarmenn eru að yfirgefa hið sökkvandi skip. Þeir eru að draga fulltrúa sína úr gerðardómnum, og væri þá ekki hreinlegast og sómasamlegast fyrir þá að ganga hreint til verks og fella þessi lög?

Í raun og veru er það aðeins eitt atriði í þessum l., sem þörf er að ræða, en það er ákvæðið um bann gegn kauphækkunum og verkföllum, bann gegn frjálsum samningum um kaup og kjör. Til þess voru l. sett að koma þessu ákvæði inn í þau, gera það að l. Um vöruverð og verðlag voru nógar heimildir í l. áður. Það er enn í gildi stór lagabálkur frá síðasta ári um þetta efni. Og ef það vantaði frekari heimildir til þess að hafa hemil á vöruverði, þá var hægt að fá þær fyrir löngu síðan, og það með fullu samþykki Alþingis og allra flokka. L. voru sett vegna launadeilna um nýárið og vegna einskis annars. Þau voru sett til þess að hlaupa undir bagga með atvinnurekendum í þeirri baráttu, sem þá fór fram milli stétta. Ríkisvaldið ætlaði þarna að koma til hjálpar, en sú aðferð mistókst nú alveg, því að hver hefur reynslan verið af þessum lögum? Hún er svo ótvíræð, eins og ég tók fram áðan, að hún getur ekki verið neitt deiluatriði. L. hafa ekki náð tilgangi sínum. Og með þeim er stefnt í svo fullkomið öngþveiti, að það er ekki nema um 3 leiðir að velja út úr því. Í fyrsta lagi að koma upp vinnuskyldu. Það væri hugsanlegur möguleiki að afnema með öllu frjálsræði verkamanna. Í öðru lagi að láta eins og l. séu ekki til og halda áfram að brjóta þau. Og í þriðja lagi það, sem vitanlega er hið eina rétta, að afnema þau með öllu, fella þau. Og ef hv. þm. vilja ekki fara fyrstu og aðra leiðina, þá er að fara þriðju leiðina, um annað er ekki að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. séu svo skyni skroppnir, að þeir sjái ekki, að þetta er hið eina rétta. En ég er samt hræddur um, að þeir muni rétta upp höndina með l. af hollustu við stjórnina, þ. e. a. s. fráfarandi stj., þó að hún gangi nú nokkuð langt hollustan, þegar hún nær þannig út yfir gröf og dauða, og alveg sérstaklega, þegar að því er gætt, að svona hollusta er vissulega engin dyggð, heldur þvert á móti ódyggð. Þó að hv. þm. rétti nú upp höndina til samþykkis þessum lögum, þá kemur það ríkisstj., hvorki þeirri fráfarandi né þessari, að neinu haldi.

Við þurfum ekki að fjölyrða um það, hver var hinn raunverulegi tilgangur l. Það vitum við allir. Það var sami tilgangurinn og með kaupþvingunarlögunum 1939, að lækka kaup verkamanna til hagsmuna fyrir atvinnurekendur. L. eru áhlaup í stéttabaráttunni af hálfu atvinnurekendanna, sem fá ríkisvaldið í lið með sér gegn verkamönnum. Það er náttúrlega óliku saman að jafna 1939 og nú. Þá voru kaupþvingunarl. rökstudd með því, hve atvinnufyrirtækin bæru sig illa. Nú aftur á móti eru hin nýju þvingunarl. rökstudd með því, hve mikið peningaflóðið sé í landinu. M. ö. o., rökstuðningurinn er alveg öfugur við það, sem hann var 1939. Við sjáum því, að það er til aðeins eitt ráð (frá sjónarmiði þeirra herra, sem að slíkri lagasetningu standa), sem er allra meina bót, hvernig sem ástandið er, og það er að lækka kaupið.

Hvaða áhrif hefur svo þetta til þess að stöðva dýrtíðina? Verkföllin í janúar voru eingöngu gerðardómsl. að kenna. Hefðu þau ekki komið, þá hefðu engin verkföll orðið, nema lítilsháttar stöðvun, sem hefði ekki getað talizt verkfall. Tapið af þessum verkföllum, sem er sök þessara l. og ríkisstj., sem setti þau, nemur hundruðum þúsunda króna og jafnvel meiru. Það má vel vera, þegar öll kurl koma til grafar, að það skipti mörgum milljónum á framleiðslukostnaði þeirra, sem hlut áttu að máli. Samkvæmt kenningu ríkisstj. hefur þetta orðið til þess að auka dýrtíðina að sama skapi, þar sem hún heldur því fram, að hún aukist í hlutfalli við framleiðslukostnað fyrirtækjanna eða jafnvel meira, eins og fram kom í ræðu hæstv. atvmrh., sem þá var, þegar hann var að bera í bætifláka fyrir þessa lagasetningu. Tapið af verkfallinu varð þannig miklu meira en kauphækkanir hefðu orðið, þótt gengið hefði verið að ýtrustu kröfum verkalýðssamtakanna. Og auk þess tókst ekki að koma í veg fyrir grunnkaupshækkanir. Þegar allt kemur til alls, þá mun grunnkaup hafa hækkað upp úr þessum verkföllum nokkurn veginn jafnmikið og orðið hefði, ef l. hefðu ekki verið sett og þar með engin verkföll orðið.

Þegar hv. 1. þm. S.-M., sem þá var viðskmrh., hélt frumræðu sína hér í d. fyrir þessum l., þá sagði hann, að allir hv. þm. hefðu keppzt við að

lýsa því yfir, að grunnkaup þyrfti að breytast sem minnst. Það eru skrýtnar fullyrðingar, sem menn geta borið fram. Ég a. m. k. verð að biðja þennan hv. þm. að hafa mig og minn flokk undanskilinn. Aldrei nokkurn tíma hefur þm. úr mínum flokki látið orð falla í þá átt, að hann teldi æskilegast, að grunnkaupsbreytingar væru sem minnstar. Við höfum þvert á móti lýst yfir því, að það væri óhjákvæmilegt, að grunnkaup hækkaði verulega hjá ýmsum atvinnustéttum um nýárið, til þess að bæta mönnum upp það tjón, sem þeir urðu fyrir vegna kaupþvingunarl. 1939.

Ég vil fullyrða, að engin l., sem sett hafa verið á Íslandi fyrr eða síðar, hafi verið brotin eins og þessi. Hv. 1. þm. S.-M., sem þá var viðskmrh., sagði í fyrrnefndri frumræðu sinni, að sér væri ekki kunnugt um, að l. væru brotin. Ja, sá þykir mér vita heldur lítið af því, sem er að gerast í kringum hann. Hvernig er það, vissi hann um úrskurð gerðardóms, þegar hann ákvað kaup járnsmiðanna? Var honum kunnugt um það, sem var eitt af fyrstu verkum gerðardómsins og eins augljóst lagabrot og nokkurt lagabrot getur verið? Er honum kunnugt um það, að kaup starfsmanna bæjarins hefur verið hækkað, og veit hann, að grunnkaup starfsfólks við ríkisspítalana hefur hækkað o. s. frv.? Er honum kunnugt um það, að nýlega hefur iðnfélag hér í bænum, félag bifvélavirkja, samið um 20% hækkun á grunnkaupi? Og gerðardómurinn hafði ekkert við það að athuga. Er þetta lagabrot? Það er fásinna að tala um, að hér sé um samræmingu að ræða. Heldur þvert á móti. Þessi úrskurður verður til þess, að misræmið milli kaupgjalds stéttanna verður enn þá meira en áður, ef við t. d. berum kjör bifvélavirkja saman við það, sem bókbindarar og rafvirkjar hafa. Fyrr má nú vera blindnin, ef hv. 1. þm. S.-M., sem þá var viðskmrh., hefur ekki vitað það, þegar þær stofnanir, sem heyra undir ráðuneyti hans, eru að brjóta l. svo að segja daglega. Við þetta bætast svo grunnkaupshækkanir, sem þessi hv. þm. veit ekki um af ákaflega skiljanlegum ástæðum. Ég t. d. gæti skýrt þessum hv. þm., og hefði getað það á meðan hann var ráðh., frá stórkostlegum grunnkaupshækkunum verkamanna hér í Reykjavík, jafnvel upp í 50%, sem hefur verið samið um og samningar gilda um. En mér dettur bara ekki í hug að segja honum frá því, af því að þá verða þessir samningar ógiltir. L. eru brotin af þeirri einföldu ástæðu, að framleiðslutækin mundu stöðvast, ef þau væru ekki brotin. Það er ekki hægt að halda framleiðslunni gangandi nema með því að brjóta þau. Það vita þessir hv. þm., sem rembast eins og rjúpa við staur að mæla þessu bót. Verst hafa ríkisfyrirtækin orðið úti, af því að þau hafa verið að streitast við að halda þessi l. En þau hafa gefizt upp og eru nú byrjuð að brjóta þau eins og hinir. Af þessu má marka, hvílík hringavitleysa þessi löggjöf er. Þeir hv. þm., sem voru að rembast við að verja þetta afkvæmi sitt, sögðu, að það væru fleiri l. brotin en þessi. Og eiginlega gerði það ekkert til, skildist mér, það væri ekkert um það að fást. Svona væri það með áfengislöggjöfina og fleiri l. En má ég nú spyrja: Eru lög yfirleitt ekki sett til þess að þau séu haldin? Og er ekki ætlazt til þess, þegar l. eru sett, að einhver ráð séu til þess, að svo sé? Ég hélt, að framkvæmdarvaldið hefði ráð til þess að sjá um, að þau væru almennt haldin og að hægt væri að koma fram refsingum á hendur þeim, sem brjóta þau. Standast þessi l. í framkvæmd? Nei. Við vitum, að þau eru almennt brotin. Og meira að segja framkvæmdarvaldið gengur fram fyrir skjöldu að brjóta þau. Er hægt að hugsa sér óframkvæmanlegri l. en þessi? Ef slík l. eru framkvæmanleg, þá eru öll l. það. Þá má setja l. um hvaða vitleysu sem er. Það má setja l., sem banna mönnum að drekka vatn. En þá bara kæmu formælendur þessara l. og segðu: Það eru ýmis l. brotin. Hvað gerir það til, þó að þessi l. séu brotin svolítið líka? Til þess að koma í veg fyrir, að l. séu brotin, til þess að reyna að láta þau ná tilgangi sínum, að lækka kaupið, þá hefur verið reynt að fækka í setuliðsvinnunni. En það er gert til þess, eins og það er orðað, að breyta hlutfallinu milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaðinum. Þ. e. a. s., þegar maður orðar það svolítið öðruvísi, til þess að skapa eins mikið atvinnuleysi og kostur er. Framboð á vinnukrafti þýðir auðvitað atvinnuleysi. Það þýðir, að einhvern vantar atvinnu. Og því meira sem framboðið er, þeim mun fleiri vantar atvinnu, þeim mun meira atvinnuleysi. Jafnframt á að koma á þegnskylduvinnu, með því að setja upp opinbera skrifstofu, sem neitar að taka menn nema til ákveðinna starfa. Það er óhætt að fullyrða það, að þetta mun ekki takast, sem betur fer. Bandaríska setuliðið mun ekki vilja ganga inn á að fækka svo mjög í setuliðsvinnunni, að það dugi til að koma þessu í framkvæmd. Þetta hefur ríkisstj. raunar sjálf viðurkennt og er ákaflega brygg yfir. Ríkisstj. virðist alveg sama um landvarnirnar. Henni virðist sama, þó að engar varnir séu fyrir, ef landið verður fyrir árás, ef marka má yfirlýsingar hennar og málgagna hennar. Eina hugsunin, sem kemst að, eru hagsmunir húsbænda hennar, Thorsaranna, stríðsgróðamannanna. Þetta á jafnt við fráfarandi stjórn og þá, sem nú situr.

Þó að nú yrði fækkað t. d. um þúsund manns í setuliðsvinnunni, er engin sönnun fyrir því, að þessir menn færu í sveitavinnu, vegavinnu eða til ríkisfyrirtækja fyrir það kaup, sem ríkisstj. ákveður að skammta. Margir verkamenn mundu heldur taka sumarfrí en að láta nota sig í slíka þvingunarvinnu fyrir kaup, sem þeim yrði skammtað. Þetta gæti beinlínis orðið til þess að spilla fyrir því, að nauðsynleg framleiðsla fengi vinnukraft. Eina ráðið, sem til er til þess að bæta úr atvinnuþörfinni, er að semja við verkalýðssamtökin og greiða samkeppnisfært kaup við þau verk, sem nauðsynlegt er, að verði unnin. Og þess vegna á að afnema gerðardóminn. Og það mundi verða gert, ef nokkur snefill af ábyrgðartilfinningu væri hjá þeim hv. þm., sem greiða atkv. um þetta mál. Verði það ekki gert, þá stefnir til fullkominna vandræða. Það mun draga úr íslenzkri framleiðslu, og það má búast við, að einmitt vegna þessara l. verði að loka þjóðnauðsynlegum fyrirtækjum, a. m. k. ef nokkur tilraun verður gerð til að framkvæma þau. Og þegar framleiðslan dregst saman, hlýtur það óhjákvæmilega að hafa í för með sér verð-

hækkun. Það ættum við þó allir að vita. Á þennan hátt hljóta gerðardómsl., ef þau verða framkvæmd, að verða til þess að hækka vöruverð og auka dýrtíðina.

Eins og kunnugt er, þá er mikill hluti íslenzkra verkamanna í vinnu hjá setuliðinu, og vinna þeir fyrir erlendum gjaldeyri. Mikill hluti af greiddum vinnulaunum á Íslandi er nú í dollurum. Vinnuaflið er þannig útflutningsvara á sama hátt og fiskur og kjöt. Gerðardómurinn hefur mest áhrif á laun í þessari vinnu, vegna þess að setuliðin eru meðal þeirra fáu, sem reyna nokkurn veginn að halda þessi l. Hér er því með löggjöf verið að lækka verð á íslenzkri útflutningsvöru, vöru, sem við fáum erlendan gjaldeyri fyrir. Það er alveg nákvæmlega sama eins og sett væru l. um að lækka verð á fiski og kjöti, sem við seljum erlendis.

Hv. 1. þm. S.-M., sem var viðskmrh., þegar hann hélt sína frumræðu í þessu máli, hélt því fram, að kaup, sem verkamenn fá í setuliðsvinnunni, yrði til þess að auka verðbólguna, og hann lagði á þetta mikla áherzlu. En má ég spyrja: Hvað þá um verðið fyrir fiskinn, sem við seljum til Bretlands? Skyldi gróðinn, sem nemur hundruðum þúsunda í hverjum túr, eins og hjá togurum, ekki orka meira á peningaflóðið í landinu og verðbólguna en kaup nokkurra daglaunamanna? En það er eitthvað annað en reynt sé að draga úr þessum gróða eða lækka verðið á fiskinum. Óneí. Þar eru nú gerðar einhverjar aðrar ráðstafanir. Í stað þess að draga úr þessum gróða eða gera ráðstafanir til þess að lækka verðið á þessari vöru, þá leggur ríkisstj. í ærinn kostnað til þess að útvega sem bezt verð fyrir fisk, kjöt, gærur o. s. frv. á erlendum markaði. Samkvæmt kenningu þessara herra, þá miðar þetta allt að aukinni verðbólgu í landinu, og er þess vegna þjóðskemmdastarf að vera að leita að þessum mörkuðum og reyna að fá sem hæst verð fyrir þessar vörur. Ef hugsanaferli ríkisstj., núv. og fyrrv., er fylgt, þá er um að gera, að sem minnst sé flutt út úr landinu og að verð útflutningsafurðanna sé sem allra lægst. Þó tekur alveg í hnúkana, þegar ríkisstj. er að fárast yfir því, að ekki fáist fólk á fiskiskipin, sem fiska til útflutnings, vegna setuliðsvinnu. Smábátaútvegurinn hefur ekki gengið betur á þessari vertíð en svo, að hlutur manna á sumum bátum í verstöðvunum hefur ekki verið nema nokkur hundruð krónur yfir alla vertíðina. En bátar, sem ekki hafa verið á veiðum, hafa verið í flutningum fyrir setuliðin og haft gott upp úr sér. — Það er verið að afla erlends gjaldeyris. En ríkisstj. vill, að menn verði þvingaðir til að framleiða fisk handa Bretum fyrir kaup, sem ekki er hægt að lifa af. Það er ekki verið að horfa í, þó að þjóðarheildinni sé bakað stórtjón og gjaldeyri landsmanna kastað á glæ. Það eina, sem sú ríkisstj., sem fyrir þessu hefur staðið, hefur haft áhuga á, er, að kaupið sé nógu lágt.

Þessi rök eru nógu skýr til þess, að hver maður hlýtur að sjá, að með þjónustu sinni við striðsgróðamennina er ríkisstj. að stofna þjóðarhagsmunum í voða. Það er ekki hægt að reka nauðsynlegustu framleiðslu landsmanna, ef þessu heldur áfram. Það er til aðeins ein lausn, sem þjóðin getur sætt sig við, og hún felst í þáltill., sem Sósialistaflokkurinn hefur lagt fram þess efnis, að taka beri upp samninga við verkalýðssamtökin um hagnýtingu vinnuaflsins, en það er ekki hægt nema fella gerðardómsl.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Það, sem mér virðist einna mest einkennandi fyrir umr. um þetta mál, er það, hversu forsvarsmenn málsins og upphafsmenn þess forðast mjög allar umræður og rökræður um það. Hefur svo verið frá því fyrsta, er það var lagt fyrir hæstv. Alþ. Vegna óska Alþýðuflokksins um útvarpsumr., voru þeir að vísu neyddir til þess að svara til saka, en annars forðast þeir sem mest að láta sjá sig, að ég nú ekki tali um að taka þátt í umr. Í háttv. Nd. var það svo, að varla kom fyrir, að nokkur hæstv. ráðh. léti sjá sig í deildinni, er umr. fóru fram, en helzt var það þó sá ráðh., hæstv. fjmrh., sem minnst hefur um þetta mál að segja og sennilega á minnsta sök á sköpun þess. Hv. þm. Barð. var í hv. Nd. kjörinn málsvari þeirra manna, sem vildu samþykkja þennan óskapnað. Er hann af mörgum álitinn einna slyngasti málafylgjumaður Framsfl. Vörn hans í þessu máli varð þó mjög aum, eins og líka efni stóðu til. Svaraði hann t. d. ekki fyrirspurnum, sem til hans var beint, enda mun hann hafa talið það skyldu hæstv. ríkisstj. að svara þeim og til saka yfirleitt, þó að hann hafi talið það sem sína sjálfsögðu seinustu skyldu við Framsfl. að taka þessa málsvörn að sér til málamynda. Við 3. umr. í háttv. Nd., seinni hluta umræðunnar, er flestir hv. þm. þeirrar deildar höfðu lokið máli sínu, mætti faðir óskapnaðarins og hæstv. fyrrv. viðskmrh. og endurtók nokkrar af fyrri rakalausum staðhæfingum, sem og hann líka gerði hér í þessari háttv. deild við 1. umr. málsins. Er hann hafði þetta gert, hljóp hann burtu úr deildinni. Hann lét ekki svo lítið að hlusta á ræðu háttv. 2. landsk. þm., forseta Alþýðusambands Íslands, sem þekkir manna bezt kaup og kjör verkamanna um land allt og flutti í þetta skipti mikilsverðan fróðleik um kaup manna á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þessar upplýsingar sýndu, hvílíkur geysimunur er á kaupi almennra verkamanna, eftir því, hvar þeir búa á landinu, og jafnframt, að þeir lægst launuðu á afskekktustu stöðunum verða helzt fyrir barðinu á þessari löggjöf. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að hæstv. fyrrv. viðskmrh. hefði verið full þörf á því að hlusta á þessar upplýsingar og kynnast þessum málum, ef hann við það hefði ödlast einhvern neista af skilningi á kjörum þeirra manna, sem hann vill hefta í ófrelsi og áþján með þessum l. og banna að gera tilraun til þess að bæta lifsafkomu sína.

Vegna þessarar tregðu upphafsmanna þessara l. til að ræða málið og vanmáttar forsvarsmanna þess til að verja það, urðu ekki miklar umr. um málið, er það var til 1. umr. í þessari háttv. deild. Ýmsir háttv. þm. höfðu að vísu kvatt sér hljóðs, en féllu síðan frá því að ræða frv., þar sem öll hæstv. fyrrv. ríkisstj. og allir forsvarsmenn málsins, nema hæstv. forseti, sem af skiljanlegum ástæðum þurfti að vera í deildinni, beinlínis flúðu af fundi. Þeir þm., sem ætluðu

að ræða málið, kusu því heldur að bíða til 2. umr. og freista þess, ef einhverjir forsvarsmannanna hefðu öðlazt meiri kjark til þess að verja mál sitt. Er umræður hófust nú í þessari háttv. deild, voru að vísu þó nokkrir forsvarsmenn mættir. En er umræður hófust, kom þegar í ljós sama tregðan hjá þeim til að heyra þetta. Hv. 2. þm. S.-M., sem er frsm. þeirra, sem þessi l. vilja, meiri hl. allshn., sneiddi að mestu hjá því að ræða þessi l. og gagnsemi þeirra, réttlæti þeirra o. s. frv., heldur ræddi hann aðallega húsaleigul. og óréttlæti þeirra l. og þau höft, sem þau hafa lagt á vissa stétt manna, að því er hann sagði. Háttv. 2. landsk. hefur þegar svarað þessum firrum, og skal ég því ekki fara nánar út í það. Mér virðist, eftir öllu að dæma, að hv. frsm. meiri hl. allshn. sé ákveðinn í því að svara engu og halda að engu uppi vörnum í þessu máli, og tel ég hann mann að meiri að viðurkenna þannig í verkinu, að engum vörnum verður við komið, þó að hann hins vegar muni að sjálfsögðu leggja blessun sína á þetta síðasta og versta afkvæmi fyrrv. viðskmrh. og það, enda þótt það hafi nú þegar gerzt föðurbani, áður en fæðingunni er að fullu lokið.

Hvernig stendur nú á því, að þeir menn, sem að máli þessu standa og telja þetta gott mál og sig hafa sín megin öll rökin, allan þegnskapinn, alla ábyrgðartilfinninguna, alla þjóðhollustuna og allt réttlætið, skuli telja það eftir sér að húðstrýkja okkur, sem erum andstæðir þessu máli og ættum því engin rök að hafa gegn því, engan þegnskap, enga ábyrgðartilfinningu og þar að auki ranglæti? Hver er svo fávís að trúa því, að þessir menn vildu ekki gjarnan láta síðari tíma dæma það eftir skjalfestum ræðum þeirra á háttvirtu Alþingi, hversu snjallir þeir hefðu verið í þessu máli og hvílíkri óhemju þeir hefðu haft yfir að ráða af rökum, þegnskap, þjóðhollustu, ábyrgðartilfinningu og réttlæti í þessu máli? Hitt mun sönnu nær, að þeir sjái það nú, þó að þeir vilji ekki viðurkenna það, að þetta mál hefur frá byrjun verið ábyrgðarlaust kákmál, að því leyti sem það er ekki beinlínis ranglætismál í garð launastéttanna og verkalýðsins í landinu og beinlínis til þess ætlað að hefta samningafrelsi þeirra og lama viðnámsþrótt þeirra gegn þeim öflum í þjóðfélaginu, sem alltaf, á öllum tíma, bæði í góðæri og harðæri, vilja velta öllum byrðum á bak þessara stétta. Þeir sjá það nú, að það, sem þeir ætluðu sér að ná með þessum l., hefur mistekizt vegna andstöðu verkalýðsins og þeirra manna, sem frá því fyrsta hafa verið á verði gegn hvers konar óréttindum og rangsleitni í hans garð. Þeir sjá það og viðurkenna, að það er ekki hægt að framfylgja þessum l. eins og ætti að vera og ætlazt var til. Þess vegna hafa þeir og þessi l. þeirra orðið að hreinasta viðundri. Ég get ekki hugsað mér, að nokkurt löggjafarþing í lýðfrjálsu landi geti gert sér meiri óvirðingu en að samþykkja og setja löggjöf, sem það veit fyrirfram, að verður ekki haldin eða framkvæmd, heldur þverbrotin af hverjum manni, sem vinnu þarf að kaupa eða selja í þessu landi, en það munu velflestir landsmenn.

Faðir óskapnaðarins, fyrrv. viðskmrh., hefur nú orðið að þola þær raunir, að þetta afkvæmi hans, sem hann hefur tekið einna mestu ástfóstri við af öllu því, sem hann hefur getið í sinni ráðherratíð, hefur nú magnazt svo, að það hefur orðið föðurbani, áður en fæðingunni var að fullu lokið. Eru jafnframt, sem betur fer, allar líkur til þess, að það muni einnig höggva stórt skarð í þau pólitísku sérréttindi, sem þessi fyrrv. ráðh. og flokkur hans hafa haft um nokkur undanfarin ár. Höggið, sem átti að greiða verkalýðnum og átti að ríða samtökum hans að fullu, hefur orðið vindhögg, en þó til falls þeim, sem það greiddi. Sannast hér sem oft fyrr, að skamma stund verður hönd höggi fegin.

Framsfl., og þá sérstaklega fyrrv. viðskmrh., á upptökin að því, að þessi l. voru sett. Að vísu hafa ýmsir af forráðamönnum Sjálfstfl. frá upphafi verið fylgjandi slíkri löggjöf, en vegna óvinsælda slíkrar löggjafar hliðrað sér hjá að kannast við það. Framsfl.menn hafa haldið því fram, að þeir, með setningu þessara l., væru að berjast gegn dýrtíðinni í landinu og verðbólgunni. Þetta er alrangt. Framsfl. hefur aldrei viljað berjast gegn dýrtíðinni, aldrei gegn stríðsgróðanum, aldrei gegn verðbólgunni, heldur aðeins gegn því, að laun verkamanna og launastéttanna, sérstaklega hinna lægst launuðu, hækkuðu. Sú barátta, sem þessi flokkur undir forystu fyrrv. viðskmrh. hefur háð, hefur því verið barátta gegn bættri afkomu þeirra þjóðfélagsþegna, sem verst voru staddir, sem minnst máttu sín og litla eða enga aðstöðu höfðu til þess að bæta afkomu sína nokkuð verulega í því peningalega góðæri, sem verið hefur undanfarið og er enn í þessu landi. Skal ég nú færa nokkru fyllri rök fyrir þessu.

Síðari hluta ársins 1940 varð það þegar ljóst, að af sölu ísfiskjar í Englandi varð meiri gróði en nokkurn hafði órað fyrir. Fór þetta einnig svo í byrjun ársins 1941. Þá þegar hlaut öllum að vera ljóst, að ef upp ætti að taka baráttu gegn dýrtíðinni og verðbólgunni, yrði að finna ráð til þess, að meginhluti þessa gróða lenti ekki hjá einstaklingunum, sem flestir, ef ekki allir, öðluðust hann fyrir tilviljun, en ekki vegna þess, að þeir af fyrirhyggju eða með atorku hefðu til hans unnið, heldur í sameiginlegum sjóði landsmanna og til nýtingar fyrir þjóðarheildina. Var um þetta rætt sérstaklega í blaði Alþýðuflokksins og þá bent sérstaklega á þá leið að taka 10—15% útflutningsgjald af þessari vöru, og skyldi því gjaldi varið til þess að verðbæta aðrar vörur, sem seldust lægra verði, og einnig til þess að halda dýrtíðinni í skefjum að öðru leyti. Þessum tillögum var að engu sinnt af þáv. ríkisstj. Að vísu hefur fyrrv. viðskmrh. upplýst það í þessari háttv. deild, að hann hafi á þessum tíma lagt til innan ríkisstj., að þetta gjald væri tekið, en það hafi verið stöðvað af ráðh. Sjálfstfl. Það er a. m. k. víst, að engin sérstök áherzla var á það lögð, hvorki af þessum hæstv. ráðh. né flokki hans, og ekkert lagt við, til þess að þetta mætti fram ganga. Um áramótin 1940—1941 féllu úr gildi ákvæði gengisl. frá 1939 um kaupbindingu verkalauna. Nokkur verkalýðsfélög víðs vegar um landið hófu þegar samninga, og tókst nokkrum þeirra að fá lítils háttar grunnkaupshækkun, en langflest sömdu aðeins um fullar dýrtíðaruppbætur

samkv. vísitölu. Þegar séð varð, að nokkur félög fengu grunnkaupshækkun, var það, að fyrrv. viðskmrh. hóf upp sitt harmakvein um það, að frá kauphækkun verkamanna stafaði öll hækkun dýrtíðarinnar, og ef hægt væri að stöðva slíka hækkun, væri fundið einhvers konar allsherjarmeðal gegn allri hækkun hinnar geigvænlegu dýrtíðar. Síðan hefur þetta verið hans fagnaðarboðskapur til þeirra, sem þjást vegna sívaxandi dýrtíðar, og sú eina huggun, sem láglaunamennirnir hafa fengið hjá þessum stjórnmálaleiðtoga, að þeir skyldu minnka launin sín, þá mundi dýrtíðin lækka. Ja, þvílíkur dýrðar- og gleðiboðskapur. Enginn veit til þess, að frá ársbyrjun 1941 og þar til í júní hafi nokkru sinni örlað á tillögu frá þessum háttv. þm. eða hans flokki um útflutningsgjald á stríðsgróðavörur eða öðru líku. En á þessu tímabili skeði annað. Þessi hæstv. fyrrv. viðskmrh. og flokkur hans samdi við stórútgerðarmennina og stríðsgróðamennina í Sjálfstfl. um sérstök hlunnindi í skattgreiðslu, þar sem þeir fengu að draga frá tekjum ársins 1940 tap undanfarinna 10 ára, en auk þess stórkostleg hlunnindi um tillög til varasjóða. Vildi Framsfl. í engu sinna tillögum Alþfl. um sérstakt fyrirkomulag nýbyggingarsjóðs eða hærri skattstiga á geysiháar tekjur, þó að fyrir sérstakt harðfylgi Alþfl. fengist að nokkru binding á hluta þessa fjár í nýbyggingarsjóði, og skattstigi lækkaður stórlega á lágtekjum og miðlungstekjum, með umreikningi í hlutfalli við vísitölu.

Strax eftir að háttv. Alþingi hafði samþ. s.l. vor að fresta kosningum, leggur fyrrv. viðskmrh. í nafni flokks síns fram tillögur í ríkisstj., sem hann kallaði ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Meginatriði þeirra tillagna, og það, sem hann lagði aðaláherzlu á, var 10% launaskattur á alla launþega í landinu, en þessi skattur átti ekki að greiðast af þeim, sem höfðu tekjur sínar af öðru, t. d. iðnaði, verzlun o. s. frv., og var beinlínis tekið fram, að þeir, sem væru framleiðendur og útflytjendur, skyldu undir engum kringumstæðum greiða þennan skatt. Skyldi skattur þessi vera eins og fyrr segir 10% af þegnum launum, t. d. maður, sem hafði 400 kr. á mánuði, skyldi greiða 40 kr. í ríkissjóð, 600 kr. 60 o. s. frv., og auk þess alla venjulega skatta. Hins vegar skyldi útflytjandinn, sem hafði af útflutningi sínum og framleiðslu t. d. 200 þús. kr. tekjur, engan slíkan aukaskatt greiða. Taldi Framsfl., að Sjálfstfl. væri þessum till. fylgjandi, a. m. k. ráðh. hans í ríkisstj., og lét á sér skilja, að ef slíkar tillögur ekki yrðu samþykktar, mundi það varða stjórnarslitum af hálfu Framsfl. Alþfl. beitti sér frá upphafi af alefli gegn þessum tilraunum Framsfl. að skattleggja eingöngu launamennina í landinu og benti á, að með þessu væri algerlega rofinn sá grundvöllur um samstarf flokka í ríkisstj., sem lagður var 1939 og að nokkru leyti endurnýjaður með kosningafrestuninni, þar sem tilætlunin hefði verið sú, að allar ráðstafanir, sem gera þyrfti í þessum efnum, væru þannig framkvæmdar, að þær kæmu sem jafnast niður á öllum þegnum þjóðfélagsins, en að sérstaklega hefði þó verið ætlazt til, að ríkissjóður fengi sem ríflegastan skerf af stríðsgróðanum, sem síðan yrði ráðstafað til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Þegar þessar tillögur voru lagðar fyrir háttv. Alþingi, voru þær að nokkru breyttar frá því, sem fyrr getur, auk þess sem upp voru tekin nokkur önnur atriði, svo sem heimild til þess að halda niðri farmgjöldum, útflutningsgjald á sjávarafurðir, tollalækkanir o. s. frv. Í meðförum hæstv. Alþingis var þessu máli mjög breytt, og varð síðar samþykki um afgreiðslu heimildarl., þar sem 10% launaskatti hæstv. fyrrv. viðskmrh. og Framsfl. var breytt í 10% innheimtu af tekju- og eignarskatti álögðum 1941. Helztu atriðin í þessum heimildarl. voru:

1) að hafa íhlutun um farmgjöld af vörum, sem fluttar voru til landsins, 2) að fella niður tolla af ýmsum kornvörum, 3) að lækka um helming tolla af sykri og kaffi, 4) að hækka um helming tolla af ýmsum munaðarvörum, 5) að verja allt að 5 millj. úr ríkissjóði til þess að koma í veg fyrir verðhækkun á ýmsum nauðsynjavörum, innlendum og erlendum, til neytenda, 6) að leggja á ýmsar útflutningsvörur, sem seldust sérstaklega háu verði á erlendum markaði, allt að 10% sérstakt útflutningsgjald og 7) að innheimta 10% viðauka af tekju- og eignarskatti álögðum 1941. Með þessum l. voru fengnar ýmsar heimildir fyrir hæstv. ríkisstj. til ráðstafana, sem, ef þær voru gerðar af alvöru og einlægni, gátu komið að miklu liði í baráttunni við sívaxandi dýrtíð. En fyrrv. hæstv. ríkisstj. lét algerlega undir höfuð leggjast að framkvæma nokkuð af þessum l., nema að innheimta fyrrgreindan tekjuskattsauka. Mun sá tekjuauki, sem ríkissjóður þannig fékk, hafa numið 900 þús. krónum. Fyrrv. ráðh. Framsfl. hafa upplýst, að það hafi eingöngu verið að kenna ráðh. Sjálfstfl., að ekkert af heimildum þessara l. var notað. Ekki verður þó séð á neinu, sem fram hefur komið, að nokkur sérstakur vilji hafi verið fyrir hendi af hálfu Framsfl. til þess að framkvæma þessi l., eða að nein viðurlög af hans hálfu hafi verið sett fyrir framkvæmd þeirra, enda er það vitað, að a. m. k. fyrrv. viðskmrh. missti algerlega allan áhuga fyrir framkvæmd þeirra, eftir að vitað var, að ekki fékkst samþykki fyrir þeim álögum, sem hann vildi leggja á alþýðu þessa lands með launaskattsákvæðinu. Hæstv. forsrh. var í lófa lagið að kveðja saman háttv. Alþingi þegar í júlí eða ágúst, þegar sýnt var, að ráðh. Sjálfstfl. vildu ekki framkvæma þessi heimildarl., og fá úr því skorið, hvort Alþingi hefði verið alvara, er það setti þessi l., eða hvort háttv. alþm. yfirleitt hefðu sett þau til málamynda eða upp á grín. Þetta lét hann undir höfuð leggjast. Það var ekki fyrr en í októbermánuði, að Alþingi var kvatt til fundar, þó ekki til þessa, heldur til þess að ræða nýjar álögur á launastéttirnar í þessu landi, sem, eins og fyrr, voru bornar fram af þessum sama fulltrúa Framsfl., fyrrv. viðskmrh. Allur almenningur í landinu var þá fyrir löngu orðinn forviða á því ábyrgðarleysi hæstv. ríkisstj. að nota að engu þær heimildir, sem hún hafði fengið með fyrrgreindum l., enda þótt dýrtíð færi ört vaxandi og gróði stórútgerðarmanna og annarra slíkra færi hraðvaxandi.

Það Alþingi, sem kvatt var til fundar í okt. s.l. af fyrrv. hæstv. forsrh., var ekki kvatt saman til þess að herða að eftirliti með farmgjöldum, eða láta framkvæma þau ákvæði heimildarl., það var ekki kvatt saman til þess að hækka tolla á nauðsynjavörum, það var ekki kvatt saman til þess að ákveða innheimtu á útflutningsgjaldi á ísfisk, sem seldur var á enskum markaði af togurum og öðrum slíkum flutningaskipum, eða til þess að leggja aukin gjöld á stórútgerðarmennina og aðra slíka stríðsgróðamenn. Nei, hæstv. Alþingi var í þetta skipti kvatt saman til þess að hlusta á og samþykkja tillögur fyrrv. viðskmrh. um það, að kaup allra launþega í landinu mætti ekki hækka frá því, sem það var í október 1941, til -jafnlengdar næsta árs, ekki einu sinni samkvæmt dýrtíðarvísitölu, hversu mikið, sem hún kynni að hækka. Landbúnaðarafurðir skyldu ekki heldur hækka, en þó var ekki algerlega tekið fyrir slíka hækkun á sama hátt. Af fyrri reynslu í þeim efnum þýddi það hækkun, þegar fulltrúum Framsfl. þóknaðist svo. *Engin ákvæði voru um bann á kauphækkun framleiðenda*, t. d. að þeir mættu einungis hafa ákveðinn hluta til sinna nota. Slíkt var algerlega ótakmarkað. Með þessu var öllum byrðum dýrtíðarinnar velt yfir á launastéttirnar, þar sem enginn launþegi í landinu mátti fá hærri laun, enda þótt dýrtíðin yxi, en hækkandi vísitala og tilsvarandi launauppbót hefur þó verið eina öryggið, sem launastéttirnar hafa, bæði vegna þess, að valdhafarnir reyna að halda niðri dýrtíðinni til þess að koma í veg fyrir auknar launagreiðslur og eins fyrir hitt, að ef það ekki tekst, fá launþegarnir þó nokkra hækkun, þótt ófullkomin sé. Þröngsýni fyrrv. viðskmrh. nær hér hámarki sínu. Þessi fyrrv. hæstv. ráðh. og flokkur hans hafa aldrei séð neitt annað til bjargar en lækkun verkakaups og talið auknar tekjur fólksins einu eða aðalorsök vaxandi dýrtíðar. Þeim hafa ekki vaxið í augum hinar gífurlegu tekjur ýmissa nýbakaðra *milljónamæringa í þessu landi, enda má* vera, að heili þeirra hafi staðnað við visst hámark tekna og þeim því ekki verið ljóst, að til væru neinar tekjur í þessu landi, sem væru hærri en t. d. ráðherralaun. Hitt hefur þessum mönnum þá vaxið mest í augum, að verkafólkið, sem árum saman hefur varla haft til hnífs og skeiðar, skyldi nú á þessum tímum verða fært um, með slitlausri vinnu myrkranna á milli, jafnt helga daga sem rúmhelga, að fá þær tekjur, að það gæti ödlazt sómasamlega afkomu, fengið tekjur til þess að bæta úr klæðaskorti undanfarinna ára og kaupa allra nauðsynlegustu húsgögn. Það var sérstakur þyrnir í augum framsóknarmanna, að þessir þegnar þjóðfélagsins skyldu fá tækifæri til smávægilegustu lífsþæginda handa fjölskyldum sínum. Laun þessara manna þurfti að skerða. Það var mál málanna. Ráðh. Framsfl. lýstu því yfir, að fylgi ráðh. Sjálfstfl. væri fyrir þessum tillögum og þeir sjálfir mundu fara úr ríkisstj., ef þær yrðu ekki samþykktar. Með því átti að hræða þm. til fylgis. Svo takmarkalaust álit höfðu þessir menn á sjálfum sér, að þeir álitu *enga* aðra færa að stjórna þessu landi og töldu sjálfum sér trú um, að meiri hluti hv. þm. væri sömu skoðunar. Þeir fengu þá að reyna annað og hafa nú fengið fulla vissu fyrir, að meiri hluti núv. *háttv. alþm. telur enga sérstaka vá fyrir dyrum*, þó að þeir um sinn fái hvíld frá stjórnarstörfum. Alþfl. beitti sér þegar gegn setningu slíkra l. Honum tókst að vinna fylgi almennings í þeirri baráttu, og kom svo að lokum, að Sjálfstfl. þorði ekki annað en að vera á móti setningu slíkra l., enda þótt margir forráðamenn hans hafi þar gengið nauðugir til leiks. Ég þarf ekki að rekja þessa sögu, hún er öllum kunn. Tillögur Framsfl. voru felldar og ráðh. hans létu verða af því að segja af sér. Þessir sömu ráðh. fóru síðan í stjórn að nýju, sennilega til þess, að kosningar færu þá ekki fram, en lýstu því þá yfir, að þeir væru ábyrgðarlausir um framkvæmdir í dýrtíðarmálunum, enda þótt yfirlýsingar hefðu verið gefnar af öllum stjórnarflokkunum á Alþingi um það, að heimildarl. frá vorinu 1941 skyldu framkvæmd. Það kom fljótlega í ljós, að þessir hæstv. ráðh. Framsfl. voru ábyrgðarlausir eða jafnvel meira í þessum *málum*. Í stað þess að framkvæma heimildarl. og halda niðri verðlagi á neyzluvörum, þá fyrirskipuðu þeir beinlínis hækkun á öllum landbúnaðarvörum frá 10—20% frá þeim tíma, er þeir komu í ríkisstj. að nýju og til áramóta. Hins vegar bólaði ekki á neinum framkvæmdum á heimildarl. Afleiðingin varð, eins og efni stóðu til, sihækkandi dýrtíð og vísitala. Með þessu var beinlínis verið að ögra verkalýðnum í landinu. Með hækkandi vísitölu hækkaði gróði stórútgerðarinnar og annarra slíkra, en laun verkalýðsins stóðu í stað. Má vera, að ráðh. Framsfl. hafi gert þetta vitandi vits, til þess beinlínis að kalla fram kröfur um grunnkaupshækkanir. Launastéttirnar í landinu gátu alls ekki setið hjá og horft á aðrar stéttir þjóðfélagsins auka tekjur sínar stórlega, en þeir einir sætu hjá. Ef svo héldi áfram, hlaut nauðsynlegt jafnvægi stórlega að raskast á milli einstaklinganna, þeirra, sem framleiddu, og hinna, sem yfir framleiðslunni *ráða*. Með þessum *ráðstöfunum* var því af hálfu ríkisvaldsins beinlínis kallað eftir kröfum um grunnkaupshækkun. Þessum aðgerðum einum er það því að kenna, að fram komu kröfur um grunnkaupshækkun, sem þó voru ekki eins almennar og stórtækar og efni stóðu vissulega til.

Ég hef nú að nokkru lýst afstöðu Framsfl. til aðdraganda þessa máls og þá sérstaklega afstöðu aðalhvatamanns þessara l., fyrrv. viðskmrh. Þessi sami hæstv. fyrrv. ráðh. hefur haft með höndum framkvæmdir á verðlagseftirliti, sem er nátengt þessum málum. Framkvæmdir á þeim málum hafa verið svo, að þær hafa verið langt fyrir neðan það að vera kák. Þær hafa í sumum tilfellum beinlínis orðið til þess að auka dýrtíðina í landinu. Háttv. frsm. meiri hl. allsh. kom nokkuð inn á þessi mál og virtist vera ánægður með framkvæmdir flokks síns í þeim.

Heldur virkilega háttv. 2. þm. S.-M., að vel hafi verið séð fyrir þessum málum? Dettur þessum reynda manni í hug, að fólkið hafi streymt inn í verzlunarstörf og heildsölur, ef álagningu hefði verið stillt í hóf? Nú á tiltölulega stuttum tíma hefur hér í Reykjavík verið veitt á þriðja hundrað slíkra leyfa. Bendir þetta

ótvírætt í þá átt, að vegna slælegs eftirlits um verðlag, sem síðan hefur orðið til þess að auka dýrtíðina, hafi mönnum fundizt allvænlegt að stunda þessa atvinnu. Þetta verður skiljanlegra, þegar þess er gætt, að hæstv. fyrrv. viðskmrh. miðaði allt sitt verðlagseftirlit við að ákveða heimild til þess að leggja á vöruna prósentvís, en ekki hámarksverð. Þó að álagning nokkurra vara hafi verið lækkuð um t. d. 10—15%, hefur verðlagið og sá hluti, sem kom í hlut kaupmannsins, stórhækkað, þar sem verð vörunnar, flutningsgjald, vátrygging, tollar og annar kostnaður hefur stórhækkað, en álagning alltaf miðuð við kostnaðarverð vörunnar kominnar á sölustað. Þó að kostnaður við dreifingu vörunnar hafi aukizt nokkuð, hefur hann ekki aukizt að sama skapi, og því hlutur seljandans orðið þeim mun ríflegri. Ef hámarksverð hefði verið hóflega ákveðið, eins og nú tíðkast um sumar vörur, hefði mátt stórlega hamla á móti dýrtíðinni. Hitt er svo aftur á móti mikið vafamál, hvort verzlunarstéttinni í heild er gerður nokkur greiði með því, að alls konar spákaupmenn og slíkur lýður flykkist að verzlun á þessum tímum. Slíkir menn rýra álit stéttarinnar í heild. Eftir stríð er síðan fyrirsjáanlegt hrun og alls ekki víst, að þeir verði fyrir því, sem helzt ættu það skilið vegna framkomu sinnar nú á þessum tímum. Þessi aðferð hæstv. fyrrv. ráðh. hefur valdið undrun mikilli, og hafa jafnvel myndazt gamansögur um það, að fyrrverandi andstæðingar hans hafi allt í einu fengið svo mikinn gróða af þessum sökum, að þeim hafi komið til hugar, hvort ekki væri nú réttara fyrir þá að styðja þennan óvita, sem þeir hafa kallað svo, í verzlunarmálum, áfram til valda í von um meiri gróða og hærri álagningu. Það er líka vitað, að ýmsir kaupmenn og kaupfélög úti um land notuðu sér ekki hámarksálagningu, t. d. á byggingarefni. Sú álagning var ofan við það, sem almennt tíðkaðist fyrir stríð, enda sá hæstv. ráðh. að sér og stórlækkaði hana s.l. haust. Það má vel vera, að þessi fyrrv. hæstv. viðskmrh. hafi í æsku öðlazt nokkurn skilning á kjörum alþýðunnar í þessu landi, og sú þekking og skilningur, sem hann öðlaðist þá, hafi fram eftir bernskuárunum enzt honum til frjálslyndis og róttækni í þjóðmálum, ásamt nokkrum vilja til þess að beita sér ekki gegn umbótum þeim til handa, sem verst eru staddir og við bágust kjör eiga að búa í þessu þjóðfélagi. Hitt er víst, að nú seinustu árin, síðan hann komst af bernskuskeiði, hefur hann lent hægra megin í fylkingararmi þeirra, sem helzt vilja ganga á rétt smælingjanna, takmarka kaup þeirra og frjálsræði til þess að ráða málum sínum. Það hefur fennt yfir frjálslyndi og skilning og myndazt harðfenni íhaldssemi og þröngsýni, sem örðugt getur orðið að þíða, ef hæstv. fyrrv. ráðh. öðlast ekki aftur eitthvað af því frjálslyndi og víðsýni, sem hann virðist hafa glatað í undanfarinni samvinnu við stokkfreðna afturhalds- og stríðsgróðamenn.

Ég hef nú að nokkru lýst hlutverki fyrrv. hæstv. viðskmrh., sem er aðalupphafsmaður þessarra ólaga, en flokkur hans á þar mikinn þátt í og þá sérstaklega hæstv. fyrrv. forsrh. Þessi hæstv. ráðh. hafði lýst því yfir, að hann mundi beiðast lausnar fyrir ráðuneyti sitt haustið 1941, ef hæstv. Alþingi féllist ekki á að banna alla kauphækkun launamanna í landinu. Hann gerði það og settist síðan í stjórn aftur, með þeim tilgangi, að því er bezt verður séð, að hækka, en ekki lækka, dýrtíðina í landinu. Þegar því um s.l. áramót séð varð, að ekkert gerðist í þessum málum, og nokkur hluti launamanna, en þó aðeins örlítill, og beinlínis vegna aðgerða ríkisstj., vildi fá að nokkru bættar þær fórnir, sem hún færði 1939, notaði þessi hæstv. ráðh. tækifærið til þess, með sviksemi Sjálfstfl., að koma þessum hugðarefnum Framsfl. í framkvæmd. Það getur varla hjá því farið, að flestum lýðræðiselskandi mönnum í þessu landi hafi brugðið, er þeir hlustuðu á áramótaboðskap þessa hæstv. ráðh. til þjóðar sinnar. Hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að griðum væri slitið milli atvinnurekenda og launastéttanna í landinu, og tilkynnti atvinnurekendum, að þeir þyrftu ekki að semja við verkalýðsfélögin um aukið kaup, því að hann mundi, í krafti valdastöðu sinnar sem forsrh., sjá svo um, að þeir þyrftu engar launabætur að greiða. Það hefðu vitanlega verið einkennilegir atvinnurekendur, sem ekki hefðu tekið slíku tilboði fegins hendi. Þeir vöruðu sig ekki á því, að hæstv. ráðh. hafði vilja en ekki vald til þess að gera slíka hluti. Þið skuluð vita það, góðir atvinnurekendur, sagði hæstv. ráðh., að þið þurfið ekki að hafa neinar áhyggjur út af samningum við verkalýðsfélögin. Ég mun létta slíkri samningagerð af ykkur, og þið skuluð ekki vera hræddir um, að þið þurfið að borga meira í framtíðinni en þið gerið nú. — Arthur Greenwood, foringi verkamanna í Englandi, hefur látið svo um mælt, að alls staðar þar, sem fasisminn sé að ryðja sér braut, þá ráðist hann fyrst að verkalýðnum og samtökum hans. Sjálfsagt hefur það hvarflað að mörgum, sem heyrðu þennan nýársboðskap ráðh., að hér væri maður á ferðinni, sem gjarnan vildi fá að ráða og fyrirskipa, verða einræðisherra, en viljinn er ekki nægur. Það þarf meira til. Hæstv. ráðh. skjátlaðist, eins og reyndar oft áður, vegna þess að hann þekkir ekki lunderni íslenzkrar alþýðu. Honum gleymdist, að íslenzk alþýða er afkomandi þeirra landnámsmanna, sem í fornöld flúðu land sitt og eignir, flúðu undan áþján og kúgun, afturhaldi og einræði þeirra tíma, og komu hingað og settust hér að við erfið skilyrði til þess að halda fullu frjálsræði og athafnafrelsi. Frelsisþrá og réttlætiskennd íslenzkrar alþýðu er sterk. Hún hefur á umliðnum öldum þurft að þola margs konar hörmungar, hungur og eldgos, áþján erlends valds, er hún hafði glatað sjálfstæði sínu, en þrátt fyrir allt haldið þessum eiginleikum sínum óskertum og aldrei látið kúgast. Til þessa hefur ekkert afl megnað það. Enginn maður hefur til þessa getað brenglað réttlætiskennd íslenzkrar alþýðu eða bugað frelsisþrá hennar, enginn getað komið á þrælahaldi hér á landi, sama hvort hann hefur heitið Hjörleifur Hróðmarsson, Henrik Bjelke eða Hermann Jónasson. Allar slíkar tilraunir hafa strandað á meðvitund fólksins um samtakamátt sinn og trúnni á rétt sinn til frjálsræðis. Fyrir þessa afstöðu sína til verkafólksins og launastéttanna í land-

inu hefur nú Framsfl. orðið að hrökklast úr ríkisstj. og er nú búinn sá sess framvegis í stjórnmálum, sem honum hæfir.

Menn kynnu nú að ætla, að Sjálfstfl. hefði hreinan skjöld í þessu máli. En það er langt frá að svo sé. Þó að margir hinna óbreyttu flokksmanna kunni að vera á móti þessari löggjöf, þá hafa fjölmargir forustumenn flokksins alltaf verið henni fylgjandi, og einskær kjósendahræðsla hefur orsakað það, að þeir hafa ekki verið jafnhatrammir eins og Framsfl. Þá er það líka, að Framsfl. er heilsteyptari flokkur en Sjálfstfl. og þar að auki þjálfaður í foringjadýrkun, og hefur vanizt því um áratugi að standa saman um allar vitleysurnar, sem forystumenn hans hafa gert. Þess vegna hefur það oft verið tiltölulega auðvelt fyrir ráðh. þess flokks að gefa út brbl. um ýmiss konar mál, sem óbreyttir þm. hafa verið andstæðir. Þingmannahjörðin hefur á sínum tíma lagt blessun sína á verknaðinn, ef ekki af öðru, þá af einskærri hlíf við flokksforustuna. Sjálfstfl. hins vegar er samsettur af ýmsum mönnum með gerólík sjónarmið. Þeir, sem mestu ráða, eru annars vegar stórútgerðarmennirnir og atvinnurekendurnir í landinu. Þessir menn græða nú stórfé og hafa nú, eins og ávallt, hag af því, að allt kaupgjald í landinu sé sem allra lægst. Hins vegar eru kaupmennirnir og heildsalarnir. Þeir hafa sérstakan hag af því, að almenningur hafi sæmilegt kaup, svo að þeir geti selt vörur sínar og svo auðvitað, að verzlun þeirra sé sem minnstum takmörkunum háð um verðlag og annað slíkt. Þessi hluti Sjálfstfl. hefur því oftsinnis, a. m. k. í orði, viðurkennt kröfur launamanna um bætt kjör. Auk þessara aðila er svo nokkur hópur verkamanna og launamanna, sem lýðskrumurum flokksins hefur á seinustu árum tekizt að vinna til þess að kjósa frambjóðendur flokksins í bæjarstjórnir og til Alþingis. Þessi hópur manna er að vísu algerlega áhrifalaus um stefnu flokksins í landsmálum og á alls ekki heima innan vébanda hans. Forustumenn flokksins hafa þó ekki þorað annað en taka nokkurt tillit til skoðana þessara manna, því að annars hefðu blekkingarnar orðið of auðsæjar og flokkurinn hlotið að tapa þessu fylgi. Reynslan í þessum málum sýnir þó, að forustumenn flokksins hafa alltaf verið tilbúnir að taka þá stefnuna, sem verst gegndi fyrir launastéttirnar. Vorið 1941 voru báðir ráðherrar flokksins reiðubúnir að ganga inn á launaskatt fyrrv. hæstv. viðskmrh. Haustið 1941 voru þessir sömu hæstv. ráðh. reiðubúnir að ganga inn á kaupfestingu sama manns, og loks nú um síðustu áramót hafa þeir samþykkt þau brbl., sem hér liggja fyrir til staðfestingar, og verða nú að standa við gerðir sínar. Það, að þeir guggnuðu í hin skiptin, var bæði vegna þess, að ýmsir hv. alþm. flokksins og nokkrir ráðamenn utan þings vildu ekki samþykkja þetta ráðabrugg hæstv. ríkisstj. Einmitt þess vegna völdu þessir hæstv. ráðh. þá leiðina að gefa út brbl. um þessi efni og það nokkrum vikum eftir að hæstv. Alþingi hafði fellt lög sama efnis, í von um, að nokkrir hv. þm. mundu gerast svo lítils virði að ganga frá fyrri skoðunum um þetta mál og hlíta vilja forustumannanna, enda sýnir það sig, að svo muni verða. Af sömu ástæðum var það, sem hæstv. ráðh. Sjálfstfl. leyfðu sér að koma í veg fyrir framkvæmd heimildarl. frá 1941 og þá sérstaklega gegn útflutningsgjaldi á ísfisk, sem beinlínis snerti hagsmuni einkafyrirtækis núv. hæstv. forsrh. Það er vitað, að forustumenn flokksins, sem stóðu að þessari löggjöf, gerðu það í trássi við ýmsa þm. flokksins og áreiðanlega í fullri óþökk margra flokksmanna. Í Vestmannaeyjum t. d., þar sem Sjálfstfl. hefur til þessa haft öruggt fylgi, báru bæjarfulltrúar Sjálfstfl. fram tillögu á almennum fundi þess efnis að vita þessar ráðstafanir. Vegna ofríkis hæstv. fyrrv. viðskmrh., sem staddur var á þeim fundi, fékkst þessi tillaga ekki borin undir atkvæði.

Alþfl. hafði vorið 1941 beitt sér eindregið gegn launaskatti fyrrv. hæstv. viðskmrh. og tekizt að stöðva hann. Hann hafði beitt sér gegn kaupbindingu launastéttanna haustið 1941 og tekizt að koma í veg fyrir hana. Það var vitað, að hann mundi eins beita sér gegn setningu svipaðra l. um seinustu áramót og setning slíkrar löggjafar mundi verða þess valdandi, að ráðherra hans í ríkisstj. legði niður störf. Með því að setja slík l. með brbl. var auk þess algerlega rofið það samkomulag, sem gert var, er þessi stjórn var mynduð, þar sem því var lýst yfir að engin slík brbl. skyldu gefin út, nema allir ráðh. væru þeim samþykkir í meginatriðum. Fyrrv. forsrh. vissi því, hvað við lá, og þá jafnframt, að Alþfl. mundi beita öllum kröftum sínum að því að gera þessi l. þýðingarlaus og fá þau afnumin. Hitt mun sönnu nær, að fyrrv. og núv. hæstv. forsrh. hafi talið sér trú um það, að andstaða Alþfl. mundi verða máttlaus og einskis megandi, og að Alþfl., eins og þeir á þeim tíma reyndu að telja sjálfum sér og öðrum trú um, væri deyjandi flokkur. Má einnig vera, að þeir hafi álitið, að andstaða Alþfl. yrði jafnmáttlaus og andstaða sú, sem nokkrir andstæðingar gengisl. frá 1939 reyndu að koma af stað. En þar skjátlaðist þeim stórlega. Andstaða Alþfl. gegn þessum l. hefur orðið til þess, að sem betur fer hafa þau algerlega runnið út í sandinn í stórum hluta landsins. Andstaða fólksins gegn þeim vex dag frá degi, og mikill meiri hluti landsmanna lítur á þau sem hreinustu óþurftarlög og ranglæti.

Pólitískir andstæðingar Alþfl. hafa í umræðum um þetta mál og oftar gert samanburð á þessum l. og gengislækkunarl. frá 1939 og komizt að þeirri niðurstöðu, að af því að Alþfl. fylgdi þeim l., hefði hann einnig átt að fylgja þessum l. Í því pólitíska siðleysi, sem ríkjandi er hér á landi, kemur það ekki á óvart, þótt reynt sé að rugla dómgreind almennings í þessum efnum, sérstaklega ekki af þeim, sem voru líka á móti gengisl. 1939. Að fyrrv. samstarfsflokkar Alþfl., sem að þeim l. stóðu, skuli gera hið sama, sýnir fádæma skort á drengskap og siðleysi á hæsta stigi í umr. um opinber mál. Í fyrsta lagi var ekki settur á stofn gerðardómur árið 1939, er um langan tíma skyldi ákveða kaup og kjör verkamanna og launþega, heldur var ákveðið kaup launþega, en jafnframt það, sem mestu máli skipti fyrir verkafólk og launþega, að allar innlendar neyzluvörur skyldu vera í sama verði og þá var, og jafnframt reynt

að koma í veg fyrir verðhækkun aðfluttra neyzluvara. Enda var það líka þá fyrst, er Framsfl. sveik ákvæðin um verðlag innlendu afurðanna, sem dýrtíðar fór að gæta. Aðstaða atvinnurekenda þá, þeirra, sem við sjávarútveg fengust, var þannig, að flestir þeirra voru mjög illa staddir fjárhagslega. Gengislækkunin var raunverulega komin á, áður en hún var samþykkt. Landið var gjaldeyrirlaust erlendis, m. a. vegna þess, að ýmsir framleiðendur neituðu að láta gjaldeyri af hendi fyrir hið lögskráða verð, og jafnvel kváðust hætta framleiðslu, ef því yrði ekki breytt. Þess vegna var setning gengisl. 1939 raunverulega ekki annað en að viðurkenna staðreyndir og gera tilraun til að koma í veg fyrir fjárhagslegt hrun landsins og álitshnekki erlendis. Sjómenn höfðu um langan tíma borið skarðan hlut frá borði, vegna hins lága verðs á fiskafurðum, sem stafaði af óréttlátri gengisskráningu. Þeir fengu hlut sinn bættan að nokkru með þessum l., — að vísu á kostnað verkamanna og launamanna, en þessir aðilar létu sér slíkt vel líka meðan sýnt var, að byrðarnar komu nokkurn veginn réttlátlega niður á öllum þegnum þjóðfélagsins. Launamennirnir og verkafólkið, sem færði fórnirnar 1939, hafa ekki talið þær eftir, en þessir aðilar hafa ætlazt til þess, að eftir þeim verði munað, þegar hagur þjóðarinnar batnar, og að þeir fái nokkra hlutdeild í því peningalega góðæri, sem nú er. Þeir hafa ekki búizt við því, að aðstoðin frá 1939 yrði af valdhöfunum launuð með því að velta byrðum sívaxandi dýrtíðar á bak þeirra, en hlífa þeim, sem geta og eiga að borga, stórútgerðar- og stríðsgróðamönnum. Alþfl. hefur líka ætlazt til, að þessar stéttir fengju endurgoldna aðstoðina frá 1939, og þess vegna borið fram frv. um gengishækkun, sem vitanlega er langáhrifaríkasta aðferðin til þess að bæta aðstöðu þessara stétta. Sú ástæða er ekki lengur fyrir hendi, að skortur gjaldeyris sé fyrir hendi eða samningar við erlend ríki til hindrunar. Þrátt fyrir þetta hafa enn þá engar undirtektir fengizt frá hinum flokkunum um þetta mál, hvert á móti vilja þeir fella það. Hagsmunir stórútgerðarinnar ráða þar sem í fleiri málum. Hvort man nú enginn lengur skrif þess lýðskrumara Sjálfstfl., sem oftast hefur verið sendur til sálnaveiða í hóp verkamanna og launamanna, Bjarna Benediktssonar borgarstjóra, sem hann viðhafði haustið 1941, er hann sagði, að því aðeins væri hægt að krefjast fórna af verkalýðnum og launastéttunum, þegar illa gengi, að þessar stéttir fengju hag sinn bættan, þegar vel áraði. Svik Sjálfstfl. eru í þessu máli auðsæ. Hann krefst fórna af verkalýðnum, þegar illa gengur, og veltir öllum byrðum dýrtíðarinnar á bak hans, þegar vel gengur, svo að stórútgerðarmennirnir fái haldið stríðsgróða sínum óskertum. Þessum stéttum er ætlað að bera þyngstu byrði hvers tíma. Eins og Bólu-Hjálmar sagði á sínum tíma: Loforð öðrum megin. Svik hinum megin.

Ég hef nú sýnt fram á, hvernig barátta Framsfl. hefur verið gegn verkafólki og launastéttunum, en til hagsbóta fyrir stórútgerðina. Einnig á öðrum sviðum hefur stefna flokksins verið eins. Má þar til nefna afstöðu hans gegn sjómannastéttinni og smáútgerðinni. Árið 1940 og framan af árinu 1941 var afkoma smáútgerðarmanna og hlutarsjómanna allsæmileg. Var það aðallega vegna eftirspurnar eftir nýjum fiski og tiltölulega sæmilegs verðs á þeirri vöru. Árið 1941 voru gerðir hinir svokölluðu brezku samningar, sem höfðu það í för með sér, að smáútgerðin berst í bökkum og hlutur sjómanna hefur rýrnað verulega, á sama tíma og tryggt var með þessum samningum, að gróði stórútgerðarinnar fremur ykist en hitt og eins þeirra, sem skip hafa í förum með fisk til sölu á brezkum markaði. Þetta gerðist þannig, að verð á ýsu, þorski og ýmsum öðrum góðfiski var lækkað úr 50—60 aurum í 35 aura hvert kg, verð á ufsa og ýmsum öðrum ruslfiski hækkað í sama verð eða 35 aura kg. Skal það sízt harmað út af fyrir sig, þótt ráðstöfunin sé einkennileg og lítt skiljanleg öðrum en þeim, sem eiga togara. Það hefur nú sannazt, að fyrir hvert kg af fiski, sem flutt er til Englands, er hægt að greiða framleiðendum hér a. m. k. 100 aura fob, ef skynsamlega og vel er á haldið. Þeir, sem eiga skip, sem fá að sigla með aflann til Englands, er því tryggður um 65 aura hagnaður á hvert kg fisks á kostnað smáútgerðarinnar og hlutarsjómanna, sem fiskinn veiða. Strax eftir að samningur þessi var gerður, tóku ýmsir af forustumönnum Framsfl., ásamt hæstv. núv. forsrh., að hefja samning þennan til skýjanna fyrir hvers konar kjarabætur í okkar garð. Var þó samningurinn þá mun gallaðri en nú, því að ýmsar lagfæringar hafa á honum fengizt og þá aðallega fyrir atbeina hv. þm. Ísaf., sem mjög hefur gagnrýnt þennan samning. Vel má vera, að Framsfl. hafi seilzt svona langt til þess fyrst að lækka kaup sjómanna, svo að hægra yrði að lækka kaup landverkamanna á eftir. Þá hefur Framsfl. sífellt verið á móti og talið eftir hvers konar kjarabætur, sem þeir sjómenn hafa fengið, sem sigla á hættusvæðunum, og er það þegar landfrægt orðið, er formaður flokksins kallaði áhættuþóknun þessara manna „hræðslupeninga“. Sjálfur hefur þessi hv. þm. fengið greidda pólitíska áhættuþóknun, sem með réttu nafni má kalla „hræðslupeninga“, fyrir að gæta hagsmuna h/f Kveldúlfs og Jensenssona í pólitísku lífi hér á landi nú um nokkurra ára skeið.

Af þessu virðist mér ljóst, að Framsfl. hefur aldrei verið alvara að gera neitt í dýrtíðarmálunum, t. d. að leggja á 10—15% sérstakt útflutningsgjald. Enda þótt fyrrv. hæstv. viðskmrh. hafi haldið því fram, að slíkt hafi verið orðað í fyrrv. ríkisstj., hefur hann eða hans flokkur aldrei haft við orð að láta slíka neitun Sjálfstfl. valda stjórnarslitum. Hins vegar lét Framsfl. það valda stjórnarslitum, þegar hæstv. Alþingi neitaði að fallast á kaupbindingarkröfur flokksins, og sýndi þar með, að það var þeirra hjartans mál að berjast gegn launanum, en ekki gegn dýrtíðinni. Það er þýðingarlaust fyrir Framsfl. að tala um, að jafngildi útflutningsgjaldsins náist í háum sköttum. Það er blekking. Þau félög, sem hefðu þurft að greiða þetta gjald, hafa samkv. tillögum Framsfl. í skattamálum 40% af tekjum sínum skattfrjálst. Þess vegna hefðu þau alltaf greitt a. m. k. 40% þess útflutningsgjalds, sem innheimt hefði verið.

Hvernig hefur þá framkvæmd þessara endem-

islaga orðið? Allir vita, að hún hefur orðið með mestu endemum. Skal ég ekki fjölyrða mjög um það hér, þar sem hv. 2. landsk. hefur sýnt fram á það mjög ljóslega. Ég vil þó nefna tvö dæmi. Mjólkursamlag KEA á Akureyri selur mjólk til Siglufjarðar. Mjólk þessi var hækkuð mjög á s. l. hausti. En á nýársdag eða 2. janúar er kaupendum þessarar mjólkur á Siglufirði tilkynnt, að enn eigi hún að hækka um 12 aura hver lítri. Enginn vissi til þess, að flutningskostnaður né annar kostnaður hefði hækkað, en um ástæður fyrir hækkuninni fékk enginn að vita. Eitt ákvæði brbl. var það, að allar innlendar neyzluvörur skyldu vera með sama verði og þær voru í des. 1941. Siglfirðingar álitu nú, að þar sem þeim var bannað að hækka kaup sitt og vitað var, að því ákvæði var fylgt, mundi þessu ákvæði einnig verða fylgt. Þessu var því skotið til gerðardómsins, en hann lét sér lítið verða fyrir og úrskurðaði verð mjólkur á Siglufirði 12 aurum hærra en það átti að vera samkv. ákvæðum þessara l. Hitt dæmið er frá Akureyri. Félag verksmiðjufólks, „Iðja", hafði samið við SÍS um nokkra hækkun á grunnkaupi frá áramótum, eða sem svaraði 5% hækkun og auk þess nokkrar kjarabætur aðrar. Þessu var skotið til gerðardómsins. Hann úrskurðaði, að kaupið skyldi óbreytt og kjarabætur, sem fengust með samkomulaginu, að engu hafðar. Slíkir úrskurðir eru ekki til þess fallnir að glæða réttlætiskennd manna, heldur til þess eins að sýna, að sá sterkari á alltaf að dómi þessara manna að hafa valdið. Síðan hefur það sýnt sig, að þessi sami dómur hefur úrskurðað ýmsum samstæðum og sterkum félögum kjarabætur, og skal það sízt lastað. Það er einnig upplýst, að gerðardómurinn hefur beinlínis orðið til þess, að kaup hefur hækkað hér á Suðurlandi, — og skal það sízt harmað. Eftirspurn eftir vinnu hefur verið mikil og þess vegna verið oft og einatt ekki spurt um kaup, heldur um það, hvort menn vildu vinna. Hins vegar telja menn sig að engu bundna við neitt samkomulag eða annað slíkt, þar sem ríkisvaldið hefur bannað, að nokkuð yrði um kaup og kjör samið, þ. e. bannað allar kjarabætur, sem hægt væri að ná með samningum milli félaga verkamanna og atvinnuveitenda. Engin l. í þessu landi munu hafa verið brotin eins almennt og þessi l., ekki einu sinni áfengisl. Fyrrv. hæstv. forsrh. sagði þó í umr. um þau l., að ekki væri til neins að setja löggjöf, sem almennt væri brotin. Slíkt væri einungis til þess að skapa einnig virðingarleysi fyrir öðrum l. Skyldi þá setning þessara l., sem svo að segja hver maður, sem vinnu þarf að kaupa eða selja, brýtur, vera til þess fallin að kenna almenningi í þessu landi sérstaka virðingu fyrir lagasetningu almennt? Forsvarsmenn þessara l. hafa líka þegar séð, að tilgangi þeirra um stöðvun kaupgjaldsins verður ekki náð. Þess vegna hafa þeir ymprað á því, að þörf væri á öðrum l., til þess, eins og þeir orða það, að skipuleggja vinnuaflið í landinu, sem þýðir að skapa hér atvinnuleysi og minnka eftirspurn eftir vinnu. M. ö. o., að koma á nokkurs konar lögskipuðu þrælahaldi. Enn hafa þeir þó ekki þorað að sýna slíkt frv. Hins vegar hefur fyrrv. ríkisstj. gert einhverja samninga við setuliðsstj., en í umboði hvers hún hefur gert slíka samninga og hvernig þeir eru, veit enginn enn. Á þessa samninga verður þó að líta sem utanríkissamninga, en slíka samninga hefur engin ríkisstj. heimild til að gera nema í umboði hæstv. Alþingis. Þess vegna eru slíkir samningar markleysa ein nema samþykki Alþingis komi til. Það er upplýst, að borgarstjórinn í Reykjavík hafi fengið bréf frá ríkisstj. þess efnis, að koma eigi í veg fyrir aukna notkun vinnuaflsins í þágu setuliðsins. Hér í þessari háttv. deild hefur verið gerð fyrirspurn um það til hæstv. ríkisstj., hvernig þessir samningar væru, en henni hefur ekki fengizt svarað. Skömm þeirrar ríkisstj., sem að þessari löggjöf stendur, er ærið nóg, þó að það komi ekki til viðbótar, að hún veiti erlendu valdi íhlutun um innanlandsmál, sem oss einum koma við, og æski aðstoðar þess til þess að takmarka vinnu, svo að þessum l. verði framfylgt. Hæstv. ríkisstj. verður að birta þessa samninga, þótt ekki væri til annars en að hrinda þeim grun, að hér sé ekki allt með felldu.

Framkvæmd l. hefur farið út um þúfur, — ekki einu sinni nafnið hefur dugað þeim fram yfir fæðinguna. Gerðardómur var rangnefni, og því nafni hefur nú verið breytt í dómnefnd. Gerðardómsmennirnir munu síður en svo ánægðir með það hlutverk, sem þeir hafa orðið að inna af höndum, sem hefur verið að hafa l. að engu, ef sterk og samhent félög hafa verið annars vegar, eða ef sérstök atvinnugrein eða jafnvel ríkisstj. hefur þurft á að halda, — t. d. mun hæstv. ríkisstj. hafa greitt meira en taxtakaup fyrir kolavinnu, sem hún þurfti að láta framkvæma hér í Reykjavík —, en beita þeim til hins ýtrasta þar, sem veikari félög og samtök verkamanna eru annars vegar og minni eftirspurn eftir vinnu. Þessi framkvæmd l. skapar því margfalt meira misrétti en áður hefur tíðkazt eða þekkzt hér á landi um kaup á ýmsum stöðum landsins og í ýmsum atvinnugreinum. Er fullyrt, að einn nefndarmanna, Vilhjálmur Þór bankastjóri, hafi þegar sagt af sér störfum og fleiri nefndarmenn muni í sömu hugleiðingum. Þess vegna ber að fella þetta frv. og afnema þessi l., sem ekkert megna annað en að auka virðingarleysi almennings fyrir störfum hæstv. Alþingis og þeim lagasetningum, sem frá því koma.

Það einkennilega fyrirbrigði hefur skeð, að þrátt fyrir það, þótt grunnkaup hafi stórhækkað hér í Reykjavík og grennd, sem er á allra vitorði, hefur vísitalan staðið í stað og nú seinast lækkað. Kemur þetta illa heim við þær fullyrðingar Framsfl., að grunnkaupshækkun sé aðalorsök dýrtíðarinnar. Að sjálfsögðu veldur ranglátur útreikningur vísitölunnar nokkru hér um. Hitt mun þó vera aðalorsökin, að strax eftir að brbl. voru sett, kom það í ljós, að þrátt fyrir bannið gegn kauphækkun mundi ólukkans vísitalan ætla að hækka. Hæstv. ríkisstj. greip því til þess að framkvæma nokkurn hluta heimildarl. frá 1941, sem hún hafði svikizt um að framkvæma meginhluta ársins 1941, þ. e. lækkun tolla á nauðsynjavörum og greiða úr ríkissjóði til þess að koma í veg fyrir hækkun ýmissa vara, t. d. mun hæstv. ríkisstj. greiða með kolum um 10 kr. á hvert tonn. Þessar ráðstafanir

ásamt betra verðlagseftirliti hafa orðið þess valdandi, að tekizt hefur að halda dýrtíðinni í skefjum um skeið. Þetta hefði verið unnt að gera strax sumarið 1941 og það með betri árangri en nú. Þá vantaði viljann, en ill nauðsyn hefur hér kennt ýmsum mönnum betur en áður að skilja það, sem þarf að gera. Staðreyndirnar hafa því sýnt, að þessi l. eru óþörf og ranglát, að þau verða ekki framkvæmd, heldur brotin og þverbrotin af meginhluta þjóðarinnar. Ég skil ekki þá menn, sem halda áfram að stangast við staðreyndir og meta meir hollustu við vitlausar ráðstafanir forustumanna sinna heldur en heill alþjóðar og virðingu fyrir sjálfum sér og þeirri stofnun, sem þeir hér starfa á, hæstv. Alþingi, en það gera þeir hv. alþm., sem vilja knýja fram þessi ólög, sem eru engum til gagns, en öllum til ógagns.

Það hefur sýnt sig, að það er tilgangslaust að setja l. eða ákvæði, sem meginhluti þjóðarinnar brýtur, hvað þá þegar menn eru beinlínis neyddir til þess að hafa l. að engu, eins og þessi l. Það er til þess eins að skapa óvirðingu fyrir öðrum lagasetningum frá hæstv. Alþingi.

Forseti (MJ): Þá er umræðum lokið, og verður gengið til atkv.

Árni Jónsson: Má ég benda hæstv. forseta á það utan dagskrár, að þetta var mesta deilumál þingsins og það mál, er stjórnarsamvinnan rofnaði á, og mér finnst ákaflega einkennilegt að fara að greiða atkv. um það, þegar ekki er nema helmingur deildarmanna við. Ég vil aðeins skjóta því til hæstv. forseta að fresta atkvgr.

Forseti (MJ): Þetta mun vera síðasti starfsdagur deildarinnar, og málið á eftir að ganga gegnum 3. umr., og treysti ég mér því ekki til að verða við tilmælum hv. 9. landsk. þm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, ÞÞ.
nei: BrB, ErlÞ, SÁÓ.
ÁJ greiddi ekki atkv.
5 þm. (BSt, HermJ, MG, PZ, EÁrna) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JJós, MJ, PHerm, ÞÞ, BSn.
nei: SÁÓ, BrB, ErlÞ.
ÁJ greiddi ekki atkv.
6 þm. (BSt, HermJ, JJ, MG, PZ, EÁrna) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: BSn, IngP, JJós, MJ, PHerm, ÞÞ.
nei: BrB, ErlÞ, SÁÓ.
ÁJ greiddi ekki atkv.
6 þm. (BSt, HermJ, JJ, MG, PZ, EÁrna) fjarstaddir.

6.—18. gr. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, JJ, MG, MJ, PHerm, ÞÞ, BSn, BSt, JJós.
nei: SÁÓ, BrB, ErlÞ.
ÁJ greiddi ekki atkv.
3 þm. (HermJ, PZ, EÁrna) fjarstaddir.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til **3. umr.**
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, ÞÞ.
nei: BrB, ErlÞ, SÁÓ.
BSt, MG, ÁJ greiddu ekki atkv.
3 þm. (HermJ, PZ, EÁrna) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 522).

---

10. Fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóðir.

Á 3. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði (þmfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Pétur Ottesen): Eins og getið er um í grg. frv., er það aðeins um tvö atriði, sem lagt er til, að gerð verði breyt. á l. um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði. Fyrri breyt. er á þá leið, að þar sem Akranes hefur fengið bæjarréttindi, skuli fiskiveiðasamþykkt sett af bæjarstjórn Akraness, en fiskiveiðasamþykkt sú, sem nú gildir á Akranesi, er sett af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Lög um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði heimila aðeins sýslunefndum að gera slíkar samþykktir, auk þess sem bæjarstjórnir Rvíkur og Vestmannaeyja hafa sams konar heimild. Eftir að Akranes hefur fengið bæjarréttindi, þarf bæjarstjórn Akraness að bætast þar við.

Hin breyt. kemur til af því, að í l. er svo ákveðið, að fiskiveiðasamþykktirnar taki ekki til stærri báta en 60 smál. Nú er svo komið, að bátar hafa stækkað, þannig að þetta ákvæði er orðið úrelt, en nauðsynlegt, að l. geti tekið til allra báta, sem haldið er úti til róðra. Ég legg því til, að þetta hámarksákvæði verði fellt niður.

Þegar á þessari vertíð hefur bólað á því á Akranesi, að opin leið er fyrir báta stærri en 60 smál. að skerast úr leik. Þetta veldur óánægju og truflun á settum reglum um sameiginlegan róðrartíma. En það er hagkvæmt, að bátarnir séu á svipuðum tíma á miðunum, t. d. er það mikils virði í vondum veðrum, að bátarnir geti komið hver öðrum til hjálpar, ef eitthvað ber

út af. — Það er lagt ríkt á við mig, að mál þetta geti fengið fljóta afgreiðslu, og menn vildu jafnvel fá sett um það brbl., en þar sem svo stutt var til þings, kinokaði ég mér við að fara fram á það við ríkisstj.

Ég vil því mælast til, að sjútvn. sjái sér fært að skjóta á fundi í dag, ef málinu verður vísað til hennar, og ég vona, að hæstv. forseti vilji greiða götu málsins.

Ég vil svo óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 16).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég vil nota tækifærið til að þakka sjútvn. fyrir fljóta afgreiðslu þessa máls. N. hefur borið fram eina brtt. við frv., og er ég því fullkomlega samþykkur, að hún nái fram að ganga og það form haft á málinu, sem þar er lagt til.

ATKVGR.

Brtt. 16 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 19).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 6. fundi í Ed., 27. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Ingvar Pálmason: Fyrir hönd sjútvn. þessarar hv. d. vil ég láta þess getið, að þegar mál þetta var lagt fram í Nd., óskaði hv. flm. þess við sjútvn. þessarar hv. d., að hún kynnti sér málið og fylgdist með því, til þess að það gæti gengið sem greiðlegast gegnum þingið. Þetta hefur nú n. gert, og fyrir hönd hennar get ég lýst yfir því, að hún mælir með frv. Ég vænti þess því, að hv. d. geti fallizt á, að óþarft sé að vísa málinu til n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Hv. flm. frv. hefur óskað þess, að málinu verði hraðað gegnum þingið, þar sem áríðandi er, að það geti sem fyrst orðið að l., og samkvæmt yfirlýsingu hv. frsm. sjútvn. telur hv. n. ekki þörf á því, að málinu sé vísað til hennar. Geri ég ráð fyrir, að málinu verði alls ekki vísað til n. Og í trausti þess, að hv. d. veiti nauðsynleg afbrigði, vil ég setja fund þegar að þessum fundi loknum til þess að afgreiða málið.

Á 7. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 21).

---

11. Hafnarlög fyrir Akranes.

Á 3. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um hafnargerð á Akranesi (þmfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Pétur Ottesen): Það er um þetta frv. að segja, að það er flutt eingöngu af því, að Ytri-Akraneshreppur hefur nú fengið bæjarréttindi. Það er aðeins orðabreyt., sem í frv. felst frá því, sem er í l., að því viðbættu, að felld er niður sú íhlutun, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hafði um skipun hafnarnefndar, af því að hún hafði gengið í ábyrgð út af láni til hafnargerðarinnar. Nú hefur í fjárskiptum verið samið um ábyrgðina, svo að hún hverfur yfir á bæjarfél.

Ef ástæða þykir til að vísa málinu til n., legg ég til, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 67).

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Sjútvn. hefur haft þetta mál til athugunar og borið frv.

saman við nýrri hafnarl. og telur, að frv. eigi að samþykkjast með lítils háttar breyt., sem eru hér á þskj. 67.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram ⅔ hluta kostnaðar við hafnargerðina. Að sönnu er Akranes nú búið að fá kaupstaðarréttindi. Og reglan er sú um kaupstaðina, að þeir greiði úr hafnarsjóði ⅔ hluta kostnaðar við hafnargerðir hjá sér, en ríkissjóður ⅓ hluta, en hér er farið fram á, að ríkissjóður leggi fram ⅔ hluta kostnaðarins. Og af því að það er kostnaðarsamt og erfitt að gera þessa höfn, sá sjútvn. ekki ástæðu til að breyta þessum hlutföllum, þó að Akranes fengi kaupstaðarréttindi, og mælir n. þess vegna með því, að frv. verði samþ. í þessu atriði og öðrum, sem n. gerir ekki brtt. um í nál. sínu.

Brtt. hér á þskj. 67 eru mjög smávægilegar. Fyrst er brtt. við 7. gr. Þar (í 7. gr.) er gert ráð fyrir, að hafnarnefnd verði kosin að ég hygg á sama hátt og verið hefur á Akranesi, en það er nokkuð frábrugðið því, sem er í öðrum kaupstöðum. Og sjútvn. hefur þess vegna lagt til, að fylgt verði sömu reglu um kosningu hafnarn. á Akranesi og fylgt hefur verið í öðrum kaupstöðum, en það er, að n. sé öll kosin alltaf að afloknum bæjarstjórnarkosningum, og kjörtímabilið verður því það sama eftir brtt. og hjá öðrum fastan. og kosning mannanna eins, þ. e., að heimilt sé að kjósa í n. menn utan bæjarstjórnar. Ég hygg, að enginn ágreiningur verði um þetta, því að þetta er alveg föst regla um kosningu hafnarn. í kaupstöðum.

2. brtt. er við 15. gr. frv., mjög lítilfjörleg, þar sem n. leggur til, að þrjú orð verði felld úr frv.

Loks leggur n. til, að fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til hafnarlaga fyrir Akranes.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins þakka n. fyrir afgreiðslu á þessu máli og svo þær leiðréttingar, sem hún hefur gert í samræmi við núgildandi ákvæði í l. um hafnargerðir, að því er snertir 7. gr. frv. Einnig felli ég mig fullkomlega við þá brtt., sem n. hefur gert við fyrirsögn frv.

Skúli Guðmundsson: Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram styrk til hafnargerðar á Akranesi, sem nemi ⅔ kostnaðar við hafnargerðina. Og í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin fái heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er hafnarsjóður á Akranesi kann að fá til þessarar framkvæmdar, og má þetta lán, sem ríkissjóður ábyrgist, nema ⅔ hlutum af kostnaðinum við verkið. Það er því ljóst af þessu, að til þess er ætlazt, að ríkissjóður veiti aðstoð til þess að koma upp þessu mannvirki á þann hátt, að hann leggi fram sem beint framlag nokkurn hluta kostnaðarins og veiti ábyrgð fyrir eftirstöðvunum, sem teknar yrðu að láni.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, að fyrir nokkrum árum var sú regla upp tekin að veita, eins og þarna er gert ráð fyrir, styrk, sem nemi ⅔ hlutum kostnaðar, en takmarka ábyrgð ríkissjóðs á lánum til slíkra framkvæmda við ⅔ hluta kostnaðar, þannig að viðkomandi staður yrði að leggja fram ⅓ hluta kostnaðarins við hafnargerðina án þess að fá nokkra aðstoð ríkisins með ábyrgð eða á annan hátt. Á síðara þinginu 1937 voru t. d. sett l. um hafnargerð á Suðureyri við Súgandafjörð og önnur um hafnargerð á Hofsósi þannig, að ríkið lagði fram ⅔ hluta kostnaðar og ábyrgðist lán að ⅔ hlutum.

Nú er það ekki ætlun mín að mótmæla því frv., sem hér liggur fyrir. En ég vil láta í ljós óánægju mína yfir því, að svo virðist sem meiri hluti þingsins sé horfinn af þeirri braut, sem farin var 1937 í þessu efni með því, að ríkissjóður væri látinn leggja fram ⅔ hluta kostnaðar, en ábyrgjast lán að ⅔ hlutum. Ég hygg, að það sé heppilegast að setja í frv. það ákvæði, að það komi nokkurt áhættufé til hafnargerðarinnar frá viðkomandi stað, þar sem höfn á að gera, og ég harma það, að í þessu frv. hefur verið vikið af þeirri braut.

Ég skal í þessu sambandi benda á, að þar sem ríkið leggur fé fram til bryggjugerða og lendingarbóta í ýmsum kauptúnum og sjóþorpum, þá er það venjan, að ríkissjóður leggi fram ⅓ hluta kostnaðarins við framkvæmdirnar, en hins vegar er ekki veitt nein aðstoð að öðru leyti, svo sem ríkisábyrgð fyrir láni, þannig að þessir viðkomandi staðir verða að útvega sér sjálfir fé fyrir ⅔ hluta af kostnaðinum við framkvæmdirnar án aðstoðar ríkisins. Nú ætti það að vera auðveldara fyrir kaupstaðina en smærri kauptún og sjávarþorp að leggja fram t. d. ⅓ hluta kostnaðar við hafnargerðir án þess að fá til þess aðstoð hins opinbera. Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mína koma fram, að ég tel illt, að horfið hefur verið frá þeirri stefnu, sem upp var tekin árið 1937 í þessum efnum.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins út af ummælum hv. þm. V.-Húnv., þar sem hann talar um þá stefnu, sem tekin hafi verið upp 1937 í þessu, sem ég vil ekki andmæla hið minnsta, benda á, að einmitt ákvæðunum, sem felast í 2. gr. frv. og hann gerði að umtalsefni, þeim var breytt á reglulegu Alþ. 1941, þ. e. a. s. lánsupphæðinni, sem ríkissjóður ábyrgðist, sem hér er um að ræða, var breytt án þess að nokkru væri að öðru leyti breytt í ákvæðum þessarar gr. viðkomandi hafnargerðum. Og þar kemur fram miklu yngri þingvilji heldur en sá, sem hv. þm. V.-Húnv. vitnaði til, að fram hefði komið 1937. Annars skal ég ekkert andmæla þeirri reglu, sem hv. þm. V.-Húnv. var að tala um. Ég get fullkomlega tekið undir það með honum, að þar sem slík verk eru á annað borð viðráðanleg með þeim hætti, að lagt sé fram án ábyrgðar þetta fé, þá er það náttúrlega ekki nema gott, að svo sé gert. En hins vegar er það, að ef nauðsyn er á því að leggja í framkvæmdir eins og hafnargerðir, en þær framkvæmdir svo verða að stranda á þessu atriði, þá getur það verið varhugavert út af fyrir sig. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að það, hvernig farið verður að í þessu atriði að því er Akranes snertir, muni ekki hafa nein áhrif á framkvæmdir þær, sem hér er um að ræða, er fyrir liggur að gera á Akranesi, þó að ég geti ekki sagt um það til hlítar. En ég vil aðeins benda á, að reglunum í þessum efnum var breytt og tekin upp önnur stefna 1941.

*Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. tók fram, að það var eiginlega búið að breyta um stefnu í þessu áður. En það raskar náttúrlega ekki því, að það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, á að sjálfsögðu fullkominn rétt á sér, að ábyrgðarheimild verði ekki á allri upphæðinni, sem viðkomandi kaupstaður á að leggja fram til hafnargerðar. Ég vil þó, að því er Akranes snertir, taka það fram, að tekjur hafnarinnar á Akranesi, og þar af leiðandi geta kaupstaðarins til að standa undir skuldbindingum sínum vegna hafnarinnar, eru óvenjulega miklar. Sérstaklega vil ég í því sambandi benda á, að í 11. gr. frv. er höfninni ætlað meðal annarra tekna að fá 1% af andvirði afla þeirra skipa, sem þar leggja upp, en það er tiltölulega mjög mikill fiskifloti, sem notar þessa höfn, og hún er að mestu leyti útvegshöfn. Þar leggja upp, auk smærri báta, línuveiðarar og togari. Og það er sennilegt, að höfnin muni hafa mjög miklar tekjur af þessum lið. Þar af leiðandi hygg ég, að það verði ekki véfengt, að ábyrgð yrði á láni til þessa staðar mjög svo áhættulítil.

Skúli Guðmundsson: Það út af fyrir sig raskar ekki því, sem ég hélt fram, þó að Alþ. 1941 hafi að einhverju leyti vikið frá þeirri stefnu, sem tekin var upp fyrir nokkrum árum um að takmarka ábyrgð ríkissjóðs við ⅔ kostnaðar, sem tekið var upp 1937.

Út af því, sem hv. frsm., 5. þm. Reykv., sagði um tekjur Akraneshafnar, vil ég aðeins benda á það, að einmitt fyrir það, hvað þar er um miklar tekjur að ræða og yfirleitt mikil viðskipti á þeim stað, þá ætti það að vera auðvelt fyrir hafnarsjóð Akraness að koma upp þessu mannvirki, þó að hann yrði að leggja fram eða útvega á einhvern hátt ⅓ hluta af kostnaðarverði hafnargerðarinnar án þess að fá til þess beina aðstoð ríkisins.

Ég vildi leyfa mér að beina þeim tilmælum til hv. sjútvn., að hún tæki einmitt þetta atriði, sem ég hef hér minnzt á, til nánari athugunar fyrir 3. umr. málsins, hvort ekki væri rétt að haga þessu þannig, ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur í framtíðinni, að sett verði sem skilyrði fyrir slíkum stuðningi, að nokkurt áhættufé væri lagt fram af þeim stöðum, sem fá slíka aðstoð. Því að þótt það sé vafalaust rétt, að engin hætta sé fyrir ríkið að ganga í ábyrgð þá, sem hér í þessu frv. er um að ræða, getur það verið varhugavert að fara inn á þá braut eða halda áfram á henni, með tilliti til aðstoðar ríkisins til annarra staða síðar vegna hafnarmannvirkja.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins í sambandi við þetta benda á, að hér er eingöngu um að ræða heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán, þannig að á hverjum tíma er á hennar valdi, hvaða skilyrði hún setur fyrir því að veita þessar ábyrgðir fyrir hönd ríkissjóðs. M. a. getur hún gert það með því skilyrði að miða ábyrgðina fyrir láni við eitthvert visst hlutfall. Þetta er sem sagt alveg óbundið fyrir ríkisstjórnina. Stj. getur alveg eins sett þær reglur fyrir lánsábyrgðum, að ábyrgðin gildi fyrir minni hluta af kostnaði en hér er gert ráð fyrir. Það er sem sagt á valdi ríkisstjórnarinnar, hve langt hún vill ganga í þessu efni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt 67,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 67,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
16.—20. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 67,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv., með fyrirsögninni: **Frv. til hafnarlaga fyrir Akranes.**

Á 25. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 89).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 160).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með einni lítils háttar breytingu. Þó að þetta frv. sé í heilu lagi hafnarlög fyrir Akranes, er rétt að geta þess, að þetta eru, í öllum aðalatriðum, nákvæmlega sömu lög og gilt hafa fyrir Akranes undanfarin ár.

Breytingar þær, sem gerðar eru, eru allar sama eðlis. Þær eru sprottnar af því, að nú er Akranes, sem áður var kauptún, búið að fá kaupstaðarréttindi. Þess vegna hefur orðið að breyta töluvert mörgum atriðum í hafnarlögum þess. Á meðan Akranes var kauptún og í sama lögsagnarumdæmi og Borgarfjarðarsýsla, þá heyrðu þau málefni, sem snerta hafnarlögin, undir sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. En þegar Akranes fékk bæjarréttindi, varð á þessu sú breyting, að nú heyra öll þessi mál undir bæjarstjórn Akraness. Af þessu var óhjákvæmilegt að gera þessa breytingu á hafnarlögunum, en að öðru leyti eru þau eins og þau voru áður.

Ég held, að óþarft sé með öllu að hafa fyrir þessu langa framsögu. Hv. þdm. skilja, hvað hér liggur fyrir, og ég vona, að þeir hafi enga ástæðu til þess að mæla á móti þessu, sem er, eins og ég hef áður getið, sjálfsögð og óhjákvæmileg breyting.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 196).

12. Lendingarbætur á Stokkseyri.

Á 12. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur á Stokkseyri (þmfrv., A. 24).

Á 14. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Bjarni Bjarnason: Við þm. Árn. höfum leyft okkur að leggja þetta frv. fyrir hv. Alþingi. Það er ekki nein þörf á að fara um það mörgum orðum, því að hv. þm. er fullljós þörfin á lendingarbótum og nytsemi sú, er leiðir af því verki. Ákvæði frv. eru svipuð og venja hefur verið, þá er um lendingarbætur hefur verið að ræða, og að því er snertir framlag ríkissjóðs, þá er þar gert ráð fyrir að fylgja þeirri reglu, er tíðkazt hefur, þ. e. a. s., að ríkissjóður leggi fram helming fjárins.
Á Stokkseyri hefur, svo sem kunnugt er, verið rekin útgerð um langan aldur, en innsiglingin er þar hættuleg og hefur orðið mörgum að líftjóni. Vitamálastjóri hefur látið fara fram athuganir á innsiglingunni og lagt fram álit og kostnaðaráætlun fyrir hinar ráðgerðu lendingarbætur.
Það, sem m. a. eykur nú mjög nauðsyn þess, að umræddar lendingarbætur verði gerðar, er að hreppurinn hefur nú ráðizt í að reisa frystihús, en til þess að það beri sig, er nauðsynlegt, að mönnum takist að sækja sjó.
Að öðru leyti skýrir frv. og grg. fyrir því sig sjálft, og tel ég ekki þörf á að fjölyrða meira um málið á þessu stigi.
Vil ég svo mega óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 81).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. um lendingarbætur á Stokkseyri. Frv. er samið með hliðsjón af l. um lendingarbætur á Eyrarbakka og Stokkseyri, sem sett voru fyrir alllöngu, og er frv. í aðalatriðunum sniðið eftir þeim l. N. varð ásátt um að mæla með frv. að mestu leyti óbreyttu, en ber þó fram tvær smávægilegar breyt. Það er fyrst við 3. gr., þar sem talað er um að láta af hendi land til lendingarbótanna. Þar vill n. setja ákvæði um, að lendingarsjóður megi ekki selja það land. Hin brtt. er við 5. gr. og er um það, að kjörtímabil hafnarn. skuli vera það sama og hreppsn.
Ég hef svo ekki annað að segja f. h. n. en það, að hún leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

Bjarni Bjarnason: Fyrir hönd okkar flm. vil ég þakka sjútvn. fyrir afgreiðslu málsins. Ég tel brtt. þær, sem n. flytur, réttmætar og eðlilegar og óska því eftir, að frv. verði afgr. með hliðsjón af nál.

***Eiríkur Einarsson:** Það er mjög smávægilegt atriði, sem ég vil leita skýringa á, af því að ég held, að það hafi ekki enn komið fram í málinu.
Í 2. gr. er hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps veitt heimild til að taka allt að 100 þús. kr. lán til lendingarbótanna, en í 7. gr. segir, að hreppsn. megi ekki án leyfis atvmrh. selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs. Það segir sig sjálft, að þarna er átt við smærri lántökur, en ekki þá lántöku, sem er heimiluð í 2. gr. Þetta er ekki tekið fram í frv., en er vitað mál, leiðir svo að segja af sjálfu sér. Mér þykir rétt að benda á þetta atriði til þess að fá á því skýringu, þó að það liggi í hlutarins eðli, hvernig þessu máli er háttað.
Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál. Málið er gott og nauðsynlegt, og vona ég, að enginn ágreiningur verði um það, heldur gangi það greiðlega í gegn og verði lögfest.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 81,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 81,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 94, 105).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 105. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Eiríkur Einarsson:** Ég gat þess við síðustu umr. þessa frv., að mér virtist þurfa frekari skilgreiningu viðvíkjandi lánsheimildum þeim,

sem um ræðir í 2. og 7. gr. frv. Ég þykist ekki þurfa að endurtaka hér það, sem ég sagði þá, en í sambandi við þetta og í samræmi við það hef ég borið fram þessa smávægilegu brtt., sem hér liggur nú fyrir.

Till. lýtur að stórvægilegu atriði, annars vegar skyndilánum, sem eiga að borgast fljótt, og hins vegar stofnlánum. Og þó að ekki þurfi að koma til misskilnings út af 7. gr., þá eru, með brtt. minni, tekin af öll tvímæli í þessu efni.

Ég vona, að öllum hv. þdm. sé ljúft að samþ. þessa smávægilegu brtt., sem er, eins og ég sagði, einungis til skilgreiningar.

ATKVGR.
Brtt. 105 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 3. fundi í Sþ., 26. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 110).

Á 25. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 110, n. 155).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Það er um þetta mál að segja, að það kom fram í hv. Nd. og er flutt af þeim hv. þm. Árn. Frv. var þar samþ. með 2 litlum breyt. frá því, sem það var flutt, og er svo hingað komið.

Sjútvn. hefur athugað frv. og borið það saman við lög, sem eru nokkurn veginn samhljóða að efni, um lendingarbætur, sem eru þegar nokkur til, en það er í flestum atriðum samhljóða.

Hér er farið fram á, að veitt skuli allveruleg upphæð úr ríkissjóði til lendingarbóta á Stokkseyri, gegn jafnmiklu framlagi frá kauptúninu eða annars staðar að.

Við höfum leitað álits vitamálastjóra, sem hefur með höndum rannsóknir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um svona mál, og hefur hann tjáð okkur, að þær framkvæmdir, sem næst liggi fyrir að gera, eftir að slík heimild sem þessi er veitt, sé að bæta innsiglinguna á Stokkseyri. En eins og kunnugt er, eru mikil þrengsli í sundunum fyrir utan, og þegar sjór er úfinn, eru þau allhættuleg, einkum þegar umferð skipa er mikil, og er hér um að ræða talsverða peninga til þess að breikka leiðina og enn fremur til að dýpka hana. Þetta er tvímælalaust talið nauðsynlegt, ekki einungis vegna þorpsbúa, til þess að geta stundað sinn sjávarútveg, heldur líka vegna þess, að Stokkseyri er farin að verða staður, sem hefur að sumarlagi náið samband við Vestmannaeyjar á sjó, og svo náttúrlega með bílum landleiðina til Reykjavíkur. Til þess að gera þessar samgöngur nokkru öruggari en nú er, er nauðsynlegt að gera umbætur á skipaleiðinni um sundin.

Um frv. sjálft þarf ekkert að segja. Eins og ég gat um áðan, er það sniðið eftir öðrum lögum um sama efni, og hefur sjútvn. þessarar hv. d. ekkert við það að athuga, hvorki orðalag né efni. Hún leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, og mæli ég með því, að það fari svo í gegnum þessa hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 197).

---

13. Stýrimannaskólinn.

Á 19. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík (þmfrv., A. 74).

Á 21. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Meiri hl. sjútvn. flytur þetta frv. samkv. beiðni atvmrh. Efni frv. er hér nokkurn veginn skýrt markað í grg. þess. Það felur í sér aðallega þrjár breyt. frá gildandi l. Það er skotið hér inn ýmsum námsgreinum, sem reynslan hefur sýnt, að kenna þarf í skólanum, en eru ekki ákvæði um það í núgildandi l. Önnur breyt. er í því fólgin að draga nokkuð úr tungumálanámi í skólanum. Það er gert ráð fyrir því í núgildandi l. skólans, að þrjú útlend tungumál skuli vera kennd sem skyldunámsgreinar. En reynslan hefur sýnt, að það sé fullmikið á farmenn lagt með því á þeim tíma, sem þeir hafa til náms í skólanum, og á þess vegna að draga úr þessu námi. Þriðja breyt., sem frv. felur í sér, er að fjölga föstum kennurum við skólann. Nú eru 2 fastir kennarar við skólann, og hefur svo verið frá fyrstu tíð. En annar kennarinn er aldraður maður, og má búast við, að hann verði innan skamms að láta af störfum. Og nú er verið að undirbúa mann, sem gæti tekið við skólastjórastöðunni. Þessi maður er erlendis að undirbúa sig. Hins vegar er gert ráð fyrir, að hann komi strax að skól-

anum með þetta fyrir augum, svo að í því efni, að hann komi að skólanum, er engin breyt. frá því, sem verið hefur. Frá fyrstu tíð hafa verið 3 kennarar við skólann, en þriðji kennarinn hefur verið stundakennari. Nú eru í skólanum 70—80 nemendur, og það sýnir sig, að það er of lítið að hafa 2 kennara í siglingafræði við skólann.

Sjútvn. ætlar að gera brtt. við frv. við 2. umr., ekki efnisbreyt., heldur um að orða frv. nokkuð á annan veg, og er n. sammála um þær brtt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, 99).

*__Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson)__: Herra forseti! Við 1. umr. þessa máls var þess getið, að sjútvn. mundi bera fram brtt. við þetta frv. Þær er nú að finna á þskj. 99. Fyrri brtt. miðar að því að fella niður 1. gr. frv. En samkv. 2. brtt. n. er 1. gr. alveg óhæf. En aðalbrtt. n. er sú, að aftan við 3. gr. l. um stýrimannaskóla í Reykjavík bætist: „Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.“ Þessi ráðh. er atvmrh., því að skólinn heyrir undir hann, og er það eftir brtt. lagt á vald þess ráðh., hvort fækka skuli námsgreinum að því er snertir erlend tungumál. N. taldi það heppilegri skipan, að þetta væri sett þannig inn í l. heldur en að binda sig í l. við eitthvert ákveðið erlent mál og fella það undan. Það getur verið hreint matsatriði á hverjum tíma, hvaða mál skuli kennd í þessum skóla og því ekki rétt að fastbinda það í l. Þessi fækkun námsgreina er af skólastjóranum borin fram af því, að það er til of mikils náms ætlazt af nemendum á þeirra takmarkaða námstíma í skólanum að kveða svo á, að þeir skuli læra þrjú erlend tungumál.

Þær breyt., sem lagt er til með frv. að gerðar verði á l., eru aðeins smáávægilegar, og er þeirra getið í grg. frv. með feitu letri. Það er bætt inn í kennslu í reikningi því, sem beitir „veldi og rót“. Og einnig er bætt inn í kennslu í „að búa til vaxandi kort“ og kennslu um „sigling eftir stórbaug og stórbaugskort“. Þessi atriði öll hafa verið kennd til farmannsprófs, en það hefur fallið niður að taka þau fram í l., þegar þau voru samin á sínum tíma. En nauðsynlegt er, að ákvæði séu um það í l., að skylt sé að kenna þetta við skólann.

Um hinar aðrar gr., sem frv. gerir till. um breyt. á, talaði ég nokkuð við 1. umr. málsins, t. d. að reynslan, síðan skólinn var stofnaður, hefði sýnt, að ávallt hefði þurft að hafa 3 kennara í siglingafræði við skólann, þegar námsmannafjöldinn hefur verið yfir 30—40 nemendur. Nú er aðsóknin svo mikil við þennan skóla, að þar eru 70—80 nemendur með öllum námsgreinum, sem koma til greina við smáskipapróf, fiskimannapróf, farmannapróf og hið stærsta próf, sem á að gilda á varðskipunum. Þar af leiðandi liggur það í hlutarins eðli, að ofætlun er fyrir 2 menn að annast siglingafræðikennslu, og því er af þeirri ástæðu nauðsynlegt, að einum fastakennara sé bætt við. Hin ástæðan, sem gerir nauðsynlegt að bæta þessum fastakennara við, er sú, að við skólann starfar nú maður, sem kominn er á efra aldur og mun brátt verða að láta af störfum þess vegna. Hann hefur starfað þar um 30 ár. Og nú er verið að fullnuma ungan mann til þess að taka við þessu starfi. Og undirbúningur hans miðar m. a. að því, að hann geti tekið við skólastjórn, ef því er að skipta. En afleiðingin af því er sú, að það verður að tryggja þessum manni fast starf við skólann.

Ég hef nú lýst efni frv. og brtt. við það, og sjútvn. stendur öll að þessum brtt.

ATKVGR.
Brtt. 99,1 (1. gr. fellur niður) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 99,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—6. gr. (verða 3.—5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

*__Gísli Guðmundsson__: Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. fari til n., sem ég á sæti í, og vildi ég mega í sambandi við frv. bera fram fyrirspurn til hæstv. stj., og þá helzt til hæstv. atvmrh. Ég sé, að hann er nú ekki hér viðstaddur, en ef til vill mætti fá það upplýst af öðrum hæstv. ráðh. Ég vildi spyrjast fyrir um, hvort hæstv. stj. hefði ekki í huga að leggja fyrir þingið frv. um byggingu sjómannaskóla. Á þingi í fyrra var samþ. í fjárl. heimild til að verja nokkurri fjárhæð, nokkuð hárri, til byggingar sjómannaskóla. Hins vegar var á því þingi ekkert samþ. um, hversu undirbúningi þeirrar byggingar skyldi hagað eða fyrirkomulagi hennar að öðru leyti. Nú hef ég heyrt um það í blöðum og víðar, að stj. hafi látið fram fara samkeppni um uppdrætti af væntanlegum sjómannaskóla og dæmt hafi verið um uppdrættina, sem fram hafa komið, en hins vegar hef ég ekki heyrt, hvernig stj. hugsar sér framhald þessa máls. Ég hef ekki orðið þess var, að málið hafi verið lagt fyrir sjútvn., sem mætti virðast eðlilegt, en ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um þetta, um leið og málinu er vísað til n., hvort hæstv. stj. hafi hugsað sér að bera fram á þessu þingi frv. um sjómannaskóla.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég get ekki svarað fyrirspurninni, það að þetta heyrir undir annað rn., og ég er ekki svo kunnugur þessu máli.

Forseti (JörB): Þetta er 1. umr. málsins, og milli umr. mætti væntanlega fá þetta upplýst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 115, n. 205).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 256).

---

14. Rafveitur ríkisins.

Á 14. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um rafveitur ríkisins (þmfrv., A. 34).

Á 15. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Bjarni Bjarnason:** Á þinginu 1938 var flutt frv. um rafveitur ríkisins, þá af iðnn. þessarar hv. d. Þetta frv., sem við þm. Árn. flytjum nú, er nákvæmlega eins og frv. iðnn., eins og það var samþ. hér í d. við 3. umr. Og ástæðan til þess að við flytjum þetta mál nú, er sú, að við urðum þess ekki varir, að í ráði væri að flytja málið af neinum öðrum. En hins vegar er mikið rætt um rafmagnsmál þjóðarinnar í heild sinni, og frv. þetta hefur að geyma ýmis merkileg ákvæði, sem hafa verulega þýðingu sem grundvöllur fyrir því máli. Og þar sem nú eiga sæti í hv. d. þeir sömu menn og árið 1938, tel ég gersamlega óþarft að tala langt mál, en vil aðeins benda á, að í þessu frv. er ríkisstj. veitt heimild til þess að setja á stofn og starfrækja rafveitur. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að regla verði fyrir því, hvernig rafveitur verði byggðar, sem sé eftir því, hvernig útreikningar sýndu, að þær bæru sig. Og í þriðja lagi eru allýtarleg ákvæði um rekstur og stjórn slíkra rafveitna.
Ég vil óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til iðnn. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 129).

***Frsm. (Emil Jónsson):** Eins og segir í grg. þessa frv., er þetta alveg shlj. frv., sem fór í gegn til 3. umr. í þessari hv. d. fyrir 3 árum. Þá kom það fram skv. ósk ríkisstj. og var samið af sérstakri nefnd, sem starfaði árið 1937. Þá var þetta mál rætt hér í þessari deild, og þarf ég raunar litlu við að bæta. En ég vil benda á, að þessi mál skiptast raunverulega í 3 hluta eða 3 þætti:
1. Sjálf orkuframleiðslan við orkuverin;
2. neyzluveitan (heima í héraði);
3. háspennulínukerfin.
Þessar framkvæmdir eru greinilega aðskildar og allsendis óskyldir aðilar hafa með höndum *framkvæmd* hvers þáttar út af fyrir sig.
Raforkunefndin, sem starfaði 1937, áleit það heppilegt, að ríkissjóður tæki að sér stærri dreifingu frá orkuverunum til háspennuveitnanna. Þetta er heppilegt vegna þess, að tíðast er hér um svo stór fyrirtæki að ræða, að einstakir hreppar og sveitarfélög standa ekki undir rekstri þeirra, eins líka með tilliti til þess, að enginn hreppari kæmi þar til greina.
Iðnn. er sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með mjög smávægilegum breyt., mest breyt. á orðalagi, og það er þá fyrst við 4. gr. Lagt er til, að 1. setningin verði *felld niður og gr. orðuð um skv. því.*
Það er í samræmi við anda l. að öðru leyti, og þess vegna er ekki um grundvallarbreyt. að ræða. Þá hefur niðurlagi greinarinnar verið breytt lítils háttar, en það er aðeins orðalagsbreyt.
Við 7. gr. er líka gerð breyt., þar sem um er að ræða skilgreiningu á, hvað skuli telja með rekstrarkostnaði rafveitna. Í gr. eru teknar með afborganir lána, og er þá miðað við afborganir, sem svara til venjulegrar fyrningar. Það er t. d. óvenjulegt að telja það til rekstrarkostnaðar, ef stofnlán eru borguð niður mjög ört, og það er ekki sagt, að rafveita geti ekki borið sig, þó að hún gæti ekki svarað slíkum afborgunum. Þess vegna hefur þótt betra að þetta komi: „Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána, miðað við fyrningu“, og er það til að undirstrika þetta.
Í 12. gr. er rafveitustjóra ríkisins falið að hafa umsjón með fallvötnum ríkissjóðs. Þar hefur n. lagt til að bæta inn í ákvæði um það, að rafveitustjóri leiti tillagna veiðimálastjóra um alla veiði í slíkum fallvötnum. Þegar vatn er virkjað, er nauðsynlegt að gera ráðstafanir um veiði, en það kemur ekki rafveitustjóra við. Þess vegna taldi n. eðlilegt, að farið yrði eftir till. veiðimálastjóra í því efni.
Síðasta breyt. er leiðrétting á prentvillu, sem hefur slæðzt inn í frv.
Með þessum breyt., sem ég tel allar smávægi-

legar, legg ég til, að frv. verði samþ., alveg eins og n. gerði á sinni tíð, þegar hún flutti þetta frv., af því að hún telur, að þetta geti orðið rammi utan um þær framkvæmdir, sem ríkisstj. eru heimilaðar með frv., að veita rafstraumnum frá orkuverunum til rafspennuveitnanna í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum héruðum landsins, sem ekki hafa ástæður til þess að inna það af hendi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 129,1 (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 129,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 129,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 129,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 137).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 229).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. lá fyrir Alþingi árið 1938 og var þá flutt af iðnn. Nd. að tilhlutun þáv. atvmrh. Það var afgreitt af þeirri deild þá, en dagaði hér uppi. Ekki mun hafa verið bein andstaða gegn því, en það var sett í samband við annað frv., frv. um raforkusjóð ríkisins, er nokkur skoðanamunur var um, og döguðu bæði uppi. Nú er frv. þetta flutt eitt út af fyrir sig og í sama formi og árið 1938.

Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál, því að ég geri ráð fyrir, að hv. dm. sé það svo kunnugt. Þó vil ég aðeins geta nokkurra atriða.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir í þessu frv., að skipt verði meira niður en áður kostnaði við að leiða raforku til landsmanna, þannig að ríkið ýmist reisir eða tekur á leigu orkuver, sem til eru. Í öðru lagi og sérstaklega er gert ráð fyrir, að ríkið leiði rafmagn frá orkuverunum til kaupstaða eða sveita. Í þriðja lagi er félögum heima fyrir heimilað að sjá um dreifingu rafmagnsins á viðkomandi stöðum, veita því til neytendanna og selja það.

Það er eftirtektarvert, að með frv. þessu er heimilað að hrinda í framkvæmd og leysa hið mikla mál um raforkunotkun í landinu. Í því eru mörg góð og gagnleg ákvæði, er til kemur, en engin skaðleg, en skoða verður það þó sem undirbúningsspor, sem stigið verður e. t. v. til fulls bráðlega.

Að lokum lýsi ég yfir því, að iðnn. leggur með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 267).

15. Íþróttakennaraskóli Íslands.

Á 10. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um íþróttaskóla Íslands (þmfrv., A. 32).

Á 12. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Ed., 10. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Flm. (Jónas Jónsson)**: Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta frv. Grg. skýrir að fullu tildrögin til þess, en það er samið í samráði við íþróttafulltrúann og nokkra íþróttaleiðtoga aðra. Með því er gert ráð fyrir að stækka íþróttaskólann á Laugarvatni og gera hann þannig úr garði, að a. m. k. 3 fastir kennarar kenni þar íþróttir. Gert er ráð fyrir, að skólinn starfi í tveim deildum. Aðra deildina sækja einkum kennarar landsins, er kenna íþróttir við ríkisskólana, og þeir kennarar við barnaskólana, er vilja bæta við sig einum vetri, m. a. vegna þess, að eins og sakir standa er ekki hægt að leggja neina verulega stund á íþróttir við kennaraskólann. Hina deildina sækja þeir, er vilja stunda íþróttir einn vetur, til þess síðar að kenna þær í ýmsum félögum úti um land.

Þetta er aðalkjarni frv. Óhætt er að fullyrða, að ekki er hægt að gera betur fyrir íþróttamenn landsins en koma á fót þessari íþróttamiðstöð. Það má að vísu búast við því, að hún verði ekki fullkominn fyrst í stað, en henni fer smám saman fram, eftir því sem reynsla fæst í starfseminni. Það má svo benda á það, að ódýrara er að hafa skólann í sveit. Sérstaklega á það við um Laugarvatn, þar sem ýmis skilyrði eru fyrir

hendi, t. d. sundlaug, leikfimihús o. fl. Á hinn bóginn er svo miklu ódýrara fyrir nemendurna að lifa í sveit en í hinum stærri bæjum.

Þó að slík stofnun sem þessi yrði sett á fót hér í bæ, yrði hún á allan hátt miklu dýrari, enda eru hér ekki fyrir hendi ýmis skilyrði til slíkrar starfsemi.

Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, en óska eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 16. og 17. fundi í Ed., 16. og 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 23. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 32, n. 54).

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Þetta mál hefur tafizt dálítið, af því að ég hef verið fjarverandi sökum lasleika. Þykir mér það verra, að það skyldi þurfa að tefjast.

N., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, *hefur gert á því nokkrar breyt., sérstaklega í* samráði við Björn Jakobsson, forstöðumann íþróttadeildarinnar á Laugarvatni, og nokkra aðra íþróttamenn. Þessar breyt. eru allt orðabreyt., en ekki efnisbreyt. frá því, sem er í frv.

T. d. óskaði þessi maður eftir, að í staðinn fyrir íþróttaskóli yrði skóli þessi nefndur íþróttakennaraskóli, sem kemur oft fyrir í brtt.

Ég álít, að það þurfi ekki að fjölyrða svo mikið um þetta mál að öðru leyti. Það koma náttúrlega fram ýmsar skýringar við það hér í hv. d. Og frá mínu sjónarmiði var málið svo skýrt sem ég gat í grg. fyrir frv. Óska ég svo, að frv. fái að ganga áfram, en ef það vantar menn í hv. d. vegna veikinda, gæti skeð, að rétt þætti að umr. lokinni að fresta atkvgr.

***Magnús Jónsson:** Ég ætla ekki að fara að hreyfa neinum aths. við þetta frv. En mér finnst það ekki bera að eins og mér finnst eiginlega að þyrfti að vera um svo merkilegt mál, sem hér er um að ræða, að *setja upp alveg nýjan skóla*, nefnilega íþróttaskóla. Og ég get hugsað mér það, þótt ég hafi ekki sett mig sérstaklega inn í þessi mál eða rætt þau við þá menn, sem sérstaklega er ástæða til að ræða þau mál við, að það vanti enn þá nægilegar umsagnir um málið til þess að maður geti verulega áttað sig á því. Að vísu er sagt hér í grg. frv., að það sé samið eftir till. Björns Jakobssonar íþróttakennara, Bjarna Bjarnasonar skólastjóra og Þorsteins Einarssonar íþróttafulltrúa, og að það sé byggt á reynslu þessara manna. Og það er náttúrlega mjög mikils virði, að þessir reyndu menn í þessum efnum hafa fjallað um það. En mér finnst nú vera búið svo sterklega um íþróttamálin með löggjöf og slíku, að mér þætti nauðsynlegt, að beinlínis lægju fyrir umsagnir frá íþróttafulltrúanum og þeim félagsskap, sem stendur að íþróttamálunum í landinu, og t. d. að n. hefði fengið alveg greinilegar slíkar umsagnir um málið. Annars finnst mér í raun og veru, að frv. *um stofnun nýs skóla ætti* að vera *stjfrv.* og að sá aðili í ríkisstj., sem hefur með þessi mál að gera, ætti þá að kveðja þá menn, sem til þess þættu hæfastir, til að undirbúa þetta frv. Ég segi þetta án þess að gagnrýna þetta frv. sérstaklega. Það geta alltaf verið uppi mismunandi sérskoðanir um þessi og önnur svipuð mál. Og því virðist mér nauðsynlegt, áður en löggjöf er undirbúin um mál sem þetta, þá fái ríkisstj. till. viðkomandi manna og vinni úr þeim á þann hátt. sem gæti orðið heppilegast. T. d. viðvíkjandi vali á stað fyrir skólann, þá er það að ýmsu leyti ekki óheppilegt að hafa hann á Laugarvatni og byggja á vísi þeim, sem þar er fyrir. En ég geri ráð fyrir, að þetta geti þó nokkuð orkað tvímælis. Og viðvíkjandi kostnaðarhliðinni, að það sé ódýrara nám við sveitarskóla á Laugarvatni heldur en mundi vera við íþróttaskóla í Reykjavík, þá er á það að líta, að ⅓ — einn þriðji — hluti þjóðarinnar á heima í einni borg, og þá er fyrir þann stóra part þjóðarinnar ódýrast að ganga í skóla þar, *sem það fólk á* heima. Og þó að ýmis skilyrði séu betri á Laugarvatni en í Reykjavík, þá er þess líka að geta, að hér í höfuðstaðnum skapast ýmis skilyrði, sem ekki eru fyrir hendi annars staðar. Ég þori ekki að tala um þetta nema svo ósköp varlega, því að ég er enginn sérfræðingur í þeim efnum frekar en hv. þm. S.-Þ. gæti kannske játað, að hann sé sjálfur. En ég gæti hugsað mér, að við slíkan skóla, þar sem fara ætti fram kennsla sem í þessum skóla, væri gott að geta haft aðgang til manna, sem sérstaklega væru færir á ýmsum sviðum í þessu efni. Því að þegar ala á upp íþróttakennara, þá er ekki nóg, að þeim sé kennt að kenna að fara á skíðum o. þ. h., heldur þarf það að vera margháttuð kunnátta, sem kennarar í slíkum skóla þurfa að hafa. Annars ætla ég ekki nú að fara út í efnisatriði málsins, heldur víkja að undirbúningi þess í sambandi við form frv.

Í áliti menntmn. er sagt, að einn nm. hafi ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins, og er nú kunnugt, að hann óskar ekki að starfa í þessari n., og hefur því verið skipt um mann í n. Þætti mér þá heppilegt og vel við eigandi, að málið væri nú tekið til athugunar í n. þessari eftir að *hún er fullskipuð*. Og þó að hv. flm. hafi ekki viljað bíða eftir því óhæfilega lengi, að maðurinn væri skipaður í n., vonast ég eftir, að hann taki þessi orð mín til greina.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Út af aths. hv. 1. þm. Reykv. vildi ég segja það, að ég er honum samdóma um það, að þar sem nú er kominn nýr maður í n., þá álít ég, að það væri rétt og eðlilegt, að nú væri gengið frá 2. umr. málsins, en málið tekið fyrir til umr. í n. milli 2. og 3. umr. Og ég býst við, að það komi hér um bil í sama stað niður. En það gæti tafið fyrir málinu, ef ekki er hægt nú að ljúka 2. umr., ef fylgi er fyrir því.

Ég vil enn fremur segja það, að n. hefur fengið *bréf frá íþróttakennara hér í bænum*, sem óskar eftir að fá að láta í ljós skoðun sína á málinu, sem er sjálfsagt að taka til greina.

Út af þeirri aths. hv. 1. þm. Reykv., að þetta

mál væri ekki nægilega undirbúið, þá má það satt vera. En það vill þannig til, að sá maður, sem mest hefur gert fyrir þetta mál, Björn Jakobsson, sem hefur unnið við þessa íþróttakennslu í 10 ár, hann hefur eftir sinni reynslu lagt til það efni, sem hann vildi, til þessa máls. Og íþróttafulltrúinn, sem er fulltrúi ríkisstj., hefur átt þátt í frumdrögum frv. og brtt. n., svo að ég hygg, að þeir aðilar, sem bezta hafa aðstöðu til þekkingar í þessu máli, þeir hafi um það fjallað.

Ég ætla ekki heldur að fara langt út í þær hugleiðingar hv. þm., hvort þessi skóli ætti fremur að vera í kaupstað eða úti í sveit, en ég vil þó fara um það nokkrum orðum. Ég álít, að þrátt fyrir kjördæma- og flokkamismun beri okkur hér á hæstv. Alþ. skylda til að reyna að finna í sem flestum málum það, sem er bezt fyrir landið í heild sinni. Og ég álít þá að sjálfsögðu, að Reykjavík eigi að fá sitt. En því hefur verið haldið fram af ýmsum, að höfuðstaðurinn hafi orðið afskiptur um þá góðu hluti, sem aðrir landshlutar hafi fengið að njóta. Aðrir halda fram hinu, að Reykjavík hafi fengið allt of mikið af þeim góðu hlutum í þjóðfélaginu. Nú álít ég, að Reykjavík eigi að fá sitt, og þannig eigi að gjalda keisaranum það, sem keisarans er. Ég veit, að hv. þm. mun vita, að fyrir 15—16 árum kom fram till. um byggingu sundhallar í Reykjavík. Þá sögðu ýmsir, að þetta væri allt of mikið fyrir Reykjavík, hún ætti ekki að fá meira hlutfall heldur en aðrir staðir á landinu. En ráðizt var í að byggja sundhöllinu hér, og það komst á fyrir tilstyrk þeirra manna einnig, sem ekki eru þm. Reykv. Og ég sá nýlega útlistun á því, hvað þetta væri heppilegt fyrir bæinn. Ef t. d. á þeim tímum, þegar það mál var á ferð hér á hæstv. Alþ., allir sveitakjördæmaþm. hefðu sagt: Það má byggja sundhöll fyrir Reykjavíkurbæ, en bærinn verður að kosta hana einn, — þá hefði sú framkvæmd ekki komizt á. En hún komst á fyrir það, að þm. úr Reykjavík, og ég hygg þar með hv. 1. þm. Reykv. (MJ), og þm. annars staðar af landinu lögðu sitt lið til þess. Ég álít það eðlilegt, að þessi stofnun, íþróttaskólinn, sé ekki í Reykjavík, eins og ég áleit eðlilegt, að sundhöllin væri byggð hér á sínum tíma. Það er sem sé þannig, að það má teljast heppilegt, að sumar stofnanir séu utan þéttbýlisins. Og sú þjóð í Evrópu, sem til þessa tíma hefur verið ríkust, Englendingar, hafa tekið megnið af sínu skóla-uppeldi út úr bæjum og sett upp í sveit, ekki til þess að hafa það ódýrara, heldur til þess, að uppeldið gæti verið fullkomnara. Og jafnvel skólar hjá þeim eins og þeir elztu háskólar voru stofnaðir sem sveitaskólar af munkum og alls ekki sótzt eftir, að þar yrðu stórbæir, þótt sú hafi orðið raunin á seinna.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur veitt því eftirtekt, að það eru talsvert miklir örðugleikar á því að koma við hér í Reykjavík þeim æfingum í íþróttum, sem hægt er að koma við á góðum sveitarstað. Hér í bænum er ekki hægt að hafa skíðamennsku nema með því að fara um 30 km út úr bænum til næsta staðar, sem í því efni getur komið til greina, og er þar þó ekki nærri alltaf skíðafæri, þótt um hávetur sé. Við vitum einnig, að skautaíþróttin er að veslast upp hjá okkur vegna þess, að við höfum ekki aðstöðu til hennar. Við vitum, að þrátt fyrir það, þó að gífurlegur áhugi sé í Reykjavík fyrir knattspyrnu og líklega margar þús. manna stundi hana hér, þá hafa þessir íþróttamenn hér ótrúlega slæm skilyrði. Íþróttaskóli, þar sem kennd væri knattspyrna, væri, að því leyti sem til þeirrar íþróttar kemur, við eins erfiðar kringumstæður og hægt væri, ef hann væri hér í Reykjavík. Þetta kemur til af því, að hér hefur vantað skilyrði. Annars hefði það verið komið á fyrir löngu. Ég álít, að hv. 1. þm. Reykv. eigi að sætta sig við það og vera glaður yfir því, að ýmsar menntastofnanir séu utan Reykjavíkur, þó að þær hefðu gjarnan mátt vera hér. Ég álít, að menn gætu orðið mér samdóma um það, að t. d. Akureyri, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og fleiri staðir utan Reykjavíkur hafi eitthvað til síns ágætis til þess að vega salt á ýmsan hátt á móti Reykjavík. Og viðkomandi því, hve dýrt er að vera á hverjum stað og því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði í því sambandi — enda var ekki neinn kjördæmaskipunarblær á ræðu hans —, þá má segja það, að það er að ýmsu leyti ódýrt að vera í slíkum skóla einmitt í sveit. Og þar yrðu tiltölulega góð kennsluskilyrði. Og það, sem kannske mestu skiptir, er, að þar er hægt að einangra nemendur við íþróttirnar meira en hægt væri í bæ. Þess vegna vonast ég eftir, að hv. 1. þm. Reykv. sannfærist um það, að þetta frv., með þeim breyt., sem hann og aðrir menn vilja á því gera til bóta, eigi fram að ganga.

Ég vil spyrja þennan hv. þm., hvort hann álíti ekki, að hans tilgangi verði náð, ef n. tæki málið til umr. og athugunar milli 2. og 3. umr.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Það hafa komið hér fram sérstök ummæli um það, að þetta frv. hefði átt að vera undirbúið og flutt á annan hátt en verið hefur. Vil ég taka það fram, að íþróttafulltrúinn hefur rætt tvívegis um þetta mál við ráðuneytið, og hann hafði sýnt rn. í aðalatriðum þau drög að frv., sem hann hafði samið um málið, og spurt rn., hvort það hefði nokkuð á móti því, að hann fengi þetta mál flutt á Alþ., og ég lýsti yfir því við hann, að ég væri því algerlega samþykkur og mundi ljá málinu fylgi mitt á Alþ. eftir því sem ég gæti, því að ég teldi málið nauðsynlegt. En eins og við vitum, gilda ekki þær reglur í okkar stjórnarskrá og hafa ekki heldur gilt, samkv. þeim reglum, sem myndazt hafa, að ríkisstj. flytji öll þau mál sjálf, þó að stór séu, hér á Alþ., sem hún þó telur nauðsynleg og er fylgjandi. Meðan sú regla er ekki upp tekin, sé ég ekki annað en slík afgreiðsla, sem er á þessu máli, geti verið í alla staði eðlileg. Og mestu máli skiptir það um þetta mál sem annað, hvort við viljum afgreiða það og vera málinu efnislega samþykkir, en ekki, hvort ríkisstj. flytur frv. eða það er þingmannafrv. Ég er algerlega fylgjandi þessu frv. og álít þessa löggjöf nauðsynlega. Og fyrir því eru rök í grg., og má færa fleiri rök fyrir því.

Ég ætla ekki að ræða um það, hvort þessi skóli eigi að vera í Reykjavík eða utan Reykjavíkur. En það er skoðun mín, að hann eigi einmitt að vera utan Reykjavíkur og þá á slíkum stað sem þeim, er til er tekinn í frv.

Viðvíkjandi frv. í heild vil ég segja það, að með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á því í n., ef samþ. verða, þá hefur það tekið þeim umbótum, að ég tel mjög aðgengilegt að samþ. það eins og það þá lægi fyrir. Í brtt. er nánar en í frv. tiltekið verksvið skólans. Sömuleiðis álít ég eðlilegra, að 7. gr. sé breytt þannig, sem gert er ráð fyrir í brtt., þar sem um ríkisskóla er að ræða, því að þá hefur ríkið meiri hl. í skólanefndinni, með því að íþróttafulltrúi ríkisins á þar sæti og maður, sem kennslumálarn. tilnefnir. En hins vegar er sá staður, þar sem skólanum er ætlað að vera, eign héraðsskólans á Laugarvatni, og þess vegna er eðlilegt, að skólastjórinn þar hafi þarna íhlutun. Og mér finnst, eins og þessu er fyrir komið í áliti n., að vel sé fyrir stjórn skólans séð.

Það er vitanlega hægt að deila um það, og sumir hafa bent á það, hvort 3 kennarar ættu að vera við skólann, þar sem ekki væru fleiri nemendur, og finnst sumum það kannske nokkuð mikið. En þess ber að gæta, að þetta, að hafa 3 kennara, er aðeins heimild. En að öðru leyti, ef á að fjölga kennurum í þrjá, þá þarf til þess fjárveitingu héðan frá Alþ. Svo að ég get ekki betur séð en að vel sé fyrir málinu séð eins og það liggur fyrir að brtt. samþ.

*__Árni Jónsson:__ Ég heyrði ekki fyrstu umræðurnar, sem um þetta mál fóru fram hér í dag. En ég hafði hugsað mér að fara fram á það við hv. flm. málsins að fá málið tekið af dagskrá nú t. d. til morguns, svo að menntmn. gæfist betra tækifæri til að athuga það fullskipaðri. Ég tel, að það hvíli á mér sérstök skylda í þessu efni, því að það hefur verið litið svo á, að ég hafi átt að taka sæti í n. Þetta er að því leyti rétt, að ég átti rétt á sæti í þessari n., þó að það væri tilskilið, að breyt. yrði ekki á n. frá því í fyrra. Ég veit ekki, hvernig stendur á, að breyt. varð á nefndaskipuninni frá í fyrra. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta né gefa skýringar á því, hvers vegna ég vildi ekki taka sæti í þessari n. En ég hygg, að formaður þessarar n. og flm. þessa máls muni það, að ég skýrði honum frá því, þegar þetta mál kom fyrir n., að ég teldi mig ekki eiga sæti í n., og sagði ég honum jafnframt, að ég hefði lagt fyrir Sjálfstfl., hvort hann vildi ekki gangast fyrir því, að annar maður tæki sæti í n., og benti honum á að eiga tal um það við formann Sjálfstfl. En það lítur út fyrir, að það hafi ekki orðið.

Ég hef enga tilhneigingu til þess að tefja fyrir þessu máli. En úr því að maður er nú kominn í n. af Sjálfstfl. hálfu, hv. þm. Vestm. (JJós), þá álít ég, að rétt sé, að málið fari nú til menntmn. aftur til athugunar eftir að n. er fullskipuð. (__JJ:__ Heyrði hv. þm., að ég lagði til, að málið væri tekið til umr. í n. milli 2. og 3. umr.?) Ég álít eðlilegra og sanngjarnara gagnvart þeim hv. þm., sem af Sjálfstfl. hálfu hefur tekið sæti í n., að málið fari nú venjulega leið til athugunar í n., áður en 2. umr. er lokið, svo að sá hv. þm. fái að fjalla um málið eins og hann hefði verið í n. frá upphafi. Auk þess er það fyrir okkur, sem ekki höfum fylgzt með gangi þessa máls meir en hvers annars máls, sem við verðum að fjalla um á þingi, ákaflega fróðlegt að vita, hvað íþróttakennarar og Íþróttasamband Íslands hafa um þetta mál að segja. Þess vegna vona ég, að hv. flm. gangi inn á, að hér sé um sanngirnisósk að ræða, að umr. um málið verði frestað nú og það tekið af dagskrá, til þess að fulltrúa Sjálfstfl. í n. gefist kostur á að fjalla um það eins og öðrum.

__Frsm. (Jónas Jónsson):__ Ef sá nýi nm. óskar frekar eftir því, eins og hv. 9. landsk. (ÁJ), að málið verði athugað betur í n. áður en 2. umr. er lokið, er ég því samþ., að málið sé nú tekið af dagskrá.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Herra forseti! Ég kvaddi mér hljóðs m. a. af því, að um þetta mál fjallar n., sem Alþfl. á engan fulltrúa í. Og það vill nú vera svo, að maður athugar kannske ekki eins gaumgæfilega málin, þegar maður er ekki í n., sem um þau fjalla. En ég vildi gera örfáar fyrirspurnir í sambandi við þetta frv. Ég skal taka það fram, að ég tel hugmyndina um þennan skóla góða. Staðinn fyrir skólann geta menn náttúrlega deilt um. En því ber ekki að neita, að sá staður, sem hér er tilnefndur fyrir skólann, er fyrir margra hluta sakir mjög ákjósanlegur. Ég hygg, að hann hafi þau skilyrði, sem íþróttakennsla útheimtir, flesta tíma árs. Hins vegar er ekki því að neita, að það er að mörgu leyti heppilegt vegna nemendanna sjálfra að hafa skólann ekki langt frá þéttbýlinu, svo að þeir eigi greiðara með að stunda nám í honum. Þess vegna er spurningin um það, hvort það sé beinlínis nauðsynlegt að setja það í l., hvar heimili skólans er. Ég álít, að þetta eigi að koma til nánari athugunar. Gæti vel verið, að hægt væri að finna fleiri staði á landinu, sem hefðu slíka kosti og svipuð skilyrði sem þessi tilnefndi staður.

Ég vildi svo í sambandi við 4. gr. gera fyrirspurn um það, hvort það væri ekki réttur skilningur hjá mér, að kennsluárið sé 9 mánuðir og að menn eigi þá að útskrifast eftir 9 mánaða nám. Það kemur í huga minn sú spurning, hvort þetta sé nægilegur námstími eftir þeim námsgreinum, sem til eru teknar í frv. (__JJ:__ Það er gert ráð fyrir, að þeir, sem á íþróttaskólanum eru, hafi próf frá kennaraskólanum, en það kemur ekki fram í frv.) Og þá vildi ég spyrjast fyrir um það, sem stendur í sömu gr. (4. gr.), þegar talað er um deildir skólans, að þar skuli vera starfræktar tvær ársdeildir: „Önnur fyrir íþróttakennara, sem einir hafa rétt til starfa við ríkisskólana ....“ Er þá meiningin, að allir þeir kennarar, sem nú starfa við ríkisskólana, verði umsvifalaust settir frá störfum, þegar búið er að baka nýja kennara frá þessum skóla? (__JJ:__ Þetta kemur ekki til greina. Það bara verkar fram á við.)

Þá verð ég að taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að um svona mál sem þetta, sem varðar íþróttir í landinu yfirleitt, hefði ég kunnað betur við, að það hefði verið lagt fyrir Íþróttasamband Íslands til umsagnar. Þó að íþróttafulltrúi sé hér annars vegar, þá er hulið fyrir mér, að hve miklu leyti hann hefur samband við Íþróttasamband Íslands. Finnst mér heppilegast, að þeir, sem kunnugastir eru

íþróttamálum hér á landi, létu uppi sitt álit um svona stórt mál.

Það getur að mínu áliti orkað tvímælis, hvort skólan. eigi að vera skipuð svo sem hér er gert ráð fyrir. Ég sé ekki nauðsyn þess, að það sé endilega skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni, sem eigi að sitja í þessari n.

Ég hef ekki haft tækifæri til þess að fara verulega rækilega yfir þetta frv., en vildi aðeins benda á þessi atriði til athugunar fyrir þá n., sem ætlar að taka málið til rækilegrar athugunar.

Ákvæðið um kennslugjald virðist mér að ætti að fella niður, þar sem þetta er ríkisskóli.

*Magnús Jónsson: Ég skal ekki fara út í neinar umr. um Reykjavík og ekki Reykjavík. Og það er ekki af togstreitu, að ég talaði um, að heppilegt gæti verið að hafa þennan skóla hér í fjölmenninu. Því að um þau sérstöku skilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi fyrir slíkan skóla sem þennan, er það að segja, að það er ákaflega mikið undir hælinn lagt á Suðurlandi, hvort hægt er að hafa skíðaíþrótt eða skautaíþróttir. Það getur náttúrlega komið stundum helluís á vatninu á Laugarvatni. En ef ætti að hafa skólann í sveit til þess að fá gott skíðafæri t. d., hvers vegna þá ekki að fara með skólann norður í Fljót?

Ég ætla ekki heldur að ræða um sundhöllina, því að við hv. flm. gætum karpað dálitla stund um það mál, og eins það sérstaka fyrirbrigði, hvers vegna þjóðhöfðinginn má ekki eiga heima í stjórnarsetrinu. (JJ: Hertoginn af Windsor er ekki í stjórnarsetrinu.) Ég ætla, að hann eigi nú dálitinn kofa í London líka.

Ég vildi skjóta því til n., að hún beri þetta frv. saman við íþróttal. sjálf. Mér hefur ekki unnizt tími til þess. Og ég ætlaði ekki að taka til máls nú, heldur tók til máls af því að ég hélt, að málið mundi fara til atkvgr. án þess að sagt væri neitt um það. Í íþróttal. er ýmislegt um þessi mál. Þar er t. d. mælt fyrir um það, hvað íþróttakennarar skuli læra. Það er tekið fram í 20. gr. þeirra l. Og við fljótlegan samanburð sýnist mér það, sem þar í l. er greint um það, ekki vera allt tekið upp í þetta frv. eða brtt. Þeir eiga að læra kennslufræði og kennslu, en þetta er ekki tekið fram í frv. Fleira, svo sem ákvæði um einmenningsíþróttir, sem er í l., sé ég ekki í frv. Mér virðist eðlilegt, að 20. gr. íþróttal. væri tæmd í þeim ákvæðum, sem hér væru sett um það, hvað kenna skuli í íþróttaskólanum.

Mér finnst alveg ófært, að n. leiti ekki álits og umsagnar þeirra, sem með íþróttal. eru settir yfir þessi mál. Það er skýrt fram tekið í 3. og 4. gr. íþróttal., að íþróttan. eigi „að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.“ (4. gr. stafl. 2.) Það má nærri geta, hvort íþróttaskólinn heyrir ekki undir þetta ákvæði. Það nær engri átt, að þetta frv. verði ekki samræmt við l., sem sett voru 1940 um þessi mál. Þessir aðilar eru líka settir undir íþróttasjóð, og úr honum á m. a. að veita fé til íþróttaskóla og námskeiða. Mér virðist það liggja í bókstaf og anda íþróttal., að íþróttan. og íþróttafulltrúi eigi að fjalla um þessi mál. Íþróttafulltrúi er hér að vísu nefndur sem einn af þeim, sem hafi fjallað um þetta frv. Ég hefði viljað, að þetta mál hefði komið frá íþróttafulltrúa og íþróttanefnd. Ég vænti þess, að hv. menntmn. geri nægilegan samanburð á þessu frv. og l., svo að það rekist ekki á, og ráðfæri sig við rétta aðila í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. kom hér, en eins og hann er vanur ekki nema snöggvast, og fór svo strax aftur út úr d., svo að við hann er ekki hægt að ræða nokkurt mál hér í hv. d. Hann sagðist vera samþ. þessu máli, og hann tekur það kannske á sína arma sem stjfrv. En skritinn undirbúningur finnst mér það nú samt á stjfrv., ef einhver maður kemur til hans og spyr hann, hvort hann sé samþ. að flytja eitthvert ákveðið frv., og hann segir já við og þar með sé hans afskiptum lokið við undirbúning frv., því að hann ætti að sigta málið, áður en það kemur fram.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Ed., 16. apríl,, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 32, n. 54 og 146).

*Frsm. (Jónas Jónsson): Eins og hv. þdm. muna, var óskað eftir því, af því að Sjálfstfl. hafði ekki haft mann í menntmn. á fyrsta fundi hennar, að málið yrði aftur tekið til athugunar. Það var í raun og veru heppilegra, þar sem hér var ekki aðeins einn félagsskapur, heldur fleiri félög, sem þurftu að athuga málið vel. Einn nm., hv. 2. þm. Eyf., hefur verið fjarverandi, en við hv. þm. Vestm. höfum haldið áfram starfi n. Við höfum í framhaldsnál. borið fram 2 brtt. og látum fylgja því þrjú fylgiskjöl, eitt frá Íþróttasambandi Íslands, annað frá Íþróttakennarafélagi Íslands og hið þriðja frá sambandsstjórn U. M. F. Í. Allir leiðandi menn í þessum félögum eru hlynntir frv. og munu leggja mikla áherzlu á, að það nái fram að ganga.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á það við 1. umr., hvort þessi stofnun yrði ekki að vera hér í Reykjavík. Stjórn Í. S. Í. er á þeirri skoðun, að svo geti vel farið, að nauðsynlegt yrði, að þessi stofnun væri í höfuðstaðnum, þegar allt íþróttalíf er búið að fá hér aðra aðstöðu, sem síðar mun koma. Að öllu athuguðu verður að telja rétt að hafa skólann á Laugarvatni, a. m. k. fyrst um sinn.

Svo var annað atriði, sem n. átti erfitt með. Að þessum málum standa mörg mismunandi félög, og þó að þau vinni að sama takmarki, er stöðugur reipdráttur þar á milli. Nú gera öll 3 félögin, sem skrifað hafa n., kröfu til að hafa hvert um sig fulltrúa í skólanefnd íþróttaskólans. Við hv. þm. Vestm. höfum talið heppilegast, að ríkisstj. gæti á hverjum tíma valið slíkan mann til að eiga sæti í skólanefndinni, og gætu félögin þá fengið að hafa fulltrúa þar til skiptist. Fræðslumálastjórinn vildi helzt, að íþróttalæknir ætti sæti í skólanefndinni, og það atriði er tekið upp í 2. brtt. Íþróttafrömuðir vildu hafa fleiri kennara við skólann heldur en við höfðum lagt til. Við sáum ekki ástæðu til að taka þetta til greina að svo stöddu, og mundi koma seinna tækifæri til þess, enda er svo gert ráð fyrir í frv., ef Alþ. veitir fé til aukakennslu.

Ég get ekki annað sagt en að málið hafi fengið

góðan undirbúning, þó að það sé ekki stjfrv. En það er rétt að útskýra, út af þessu skólanefndarmáli, að heppilegast þótti að hafa einn mann frá héraðsskólunum í skólanefndinni. Það er nú svo í tvíbýli, að aðilar verða oft að þoka hver fyrir öðrum. Skólarnir gætu risið upp hver gegn öðrum og það gæti verið óþægilegt, ef ekki væri tengiliður þar á milli til að jafna alla árekstra. — Ég held, að ég hafi svo ekki meira að segja um þetta mál.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég held, að vafi sé á, hvort brtt. 146,2, frá menntmn., stendur til bóta. Ég vil aðeins benda á það í þessu sambandi, að það er nokkuð bindandi fyrir ríkið, sem á að reka skólann, að það fái ekki að ráða þriðja manninum í skólanefndina. Það er ætlazt til, að skólastjórinn á Laugarvatni sé einn nefndarmaður, íþróttafulltrúi ríkisins annar, en í staðinn fyrir, að kennslumálaráðuneytið veldi þann þriðja, skal koma læknir eða forustumaður í íþróttamálum. Þó að hv. nm. séu velviljaðir íþróttunum, hafa þeir hér um of snúizt á sveif með íþróttafélögunum. En það er ófært með skóla, sem ríkið rekur, að það fái ekki að ráða þriðja manni í skólanefndinni. Mér finnst hv. n. hafa verið of eftirlát við íþróttamenn, og það er ekki rétt, hvort sem þessi stofnun á í hlut eða önnur, að láta einstök félög innan þjóðfélagsins ráða því, hvernig hún er rekin. Ríkið á að stjórna sínum stofnunum sjálft. Ég mun greiða atkv. með frv. eins og það verður eftir að 1. brtt. hefur verið samþ. Það er eðlilegt, að íþróttamenn setji slíkar kröfur fram, en hins vegar verður að athuga alla málavöxtu. Ég vil nota tækifærið til að benda á, að þegar íþróttafulltrúinn var skipaður, varð nasablástur mikill meðal íþróttamanna, sem var alveg óþarfur, af því að maðurinn var vel starfi sínu vaxinn. En mér þykir vænt um, að íþróttamenn hafa sýnt í þessu máli mikinn drengskap, eins og maður á kröfu til úr þeirri átt, og þessar till. þeirra bera vott um gott samstarf milli íþróttafélaga og íþróttafulltrúa, enda eru íþróttamenn nú orðnir mjög ánægðir með val fulltrúans. En þó að gott samstarf sé milli íþróttafélaganna og ríkisins, þá á ekki að taka af ríkinu þau völd, sem það á að hafa.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Eins og hæstv. forsrh. hefur séð, bar n. þessa brtt. fram sem málamiðlun. Annars mun n. vera á sömu skoðun og hæstv. ráðh., a. m. k. við hv. þm. Vestm., sem bárum till. fram. Okkur kom saman um að bera till. ekki upp nú, ef samkomulag næðist í d. um þá stefnu, sem hæstv. ráðh. aðhylltist, og mætti athuga það milli umr.

ATKVGR.

Brtt. 54,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 54,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 146,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 54,3 (ný 3. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 54,4 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 54,5 samþ. án atkvgr.
6. gr. svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 146,2 tekin aftur.
— 54,6 samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 54,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 54,8 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 54,9 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 54,10 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til l. um íþróttakennaraskóla Íslands.

Á 35. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 192).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Við 2. umr. í gær tókum við hv. þm. Vestm. brtt. okkar til baka, aðallega af því, að fram kom gagnrýni frá hæstv. forsrh. á hana, en við hins vegar töldum hana réttmæta. Höfum við nú komið okkur saman um að taka hana alveg til baka, en ef einhver tæki hana upp, mundum við þó greiða atkv. með henni.

***Magnús Jónsson:** Ég vil aðeins gera grein fyrir mínu atkv.

Ég er út af fyrir sig samþ., að settur sé upp íþróttakennaraskóli og tel það nauðsynlegt. En eins og ég lýsti yfir við fyrri umr., tel ég misráðið að setja hann ekki hér í Reykjavík, þar sem langmestir möguleikar eru til kennslukrafta í framtíðinni og langmestir möguleikar til að gera hann fullkominn, en hins vegar hef ég ekki séð mér fært að bera fram brtt. með því, sem af því mundi leiða, m. a. samningar um húsakost og annað slíkt, en mun sitja hjá við atkvgr., þó að ég sé skólanum samþykkur.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég vil í áframhaldi af þessum orðum hv. 1. þm. Reykv. geta þess, að þessi skoðun hans kom fram við 1. umr., og við ræddum í n. um, að nokkur hluti af skólanum yrði í Reykjavík, sem sé kennaraskólinn, en þjálfunarskólinn yrði í sveit. En eins og ég skil hv. 1. þm. Reykv., vill hann ekki bregða fæti fyrir málið, enda stendur opið að breyta þessu, þegar ástæður leyfa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 244).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 280).

16. Prestsmötusala.

Á 16. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu (þmfrv., A. 43).

Á 18. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sveinbjörn Högnason):** Þetta litla frv., sem ég ber hér fram, er um breyt. á l. um sölu á prestsmötu, sem sett voru 1921, og er aðeins um það, hvernig andvirði prestsmötu, sem seld er, skuli ráðstafað.

Eins og kunnugt er, þá er þessi kvöð, prestsmatan, sem hvílir á allmörgum jörðum, upphaflega þannig til komin, að það voru lögð til viss staðar af söfnuðinum svo og svo mörg kúgildi, sem átti að vera til þess að halda uppi kirkju og kristnihaldi. Þessar kvaðir hafa haldizt á æðimörgum jörðum síðan og verið greitt af þeim samkv. verðlagsskrá, en þó ekki nema helmingur við það, sem prestsmatan gilti áður, þannig að það er aðeins hálft eftirgjald, sem greitt er fyrir hana núna, miðað við það, sem áður var. Það hafa margir ábúendur þessara jarða óskað eftir að losna við þetta gjald með því að kaupa það af sér, og til þess voru þessi l. sett árið 1921. Þetta hefur verið gert á mjög mörgum jörðum, og nú í ár munu umsóknir aldrei hafa verið fleiri, vegna þess að það er mjög hagstætt að kaupa hana undir þessum kringumstæðum, þegar verðlagsskráin er jafnhá og nú, en hún hefur verið mjög lág undanfarin ár, og matan er seld eftir meðaltali verðlagsskrár 10 síðustu ára.

Nú er það í l. frá 1921, að andvirði þessarar kvaðar, þegar hún er seld, skuli renna í prestlaunasjóð eða ríkissjóð, sem í þessu tilfelli er svo að segja sama. En kirkjurnar, sem þetta var upphaflega gefið til og ætlazt var til að nytu þess, njóta nú einskis af þessu. Hins vegar er nú þannig ástatt um ásigkomulag og hirðingu kirkna yfirleitt í landinu, að þær eru víðast hvar í hinu herfilegasta ástandi. Og það gjald, sem ætlazt var til, að þær fengju, hrekkur hvergi nærri til að halda þeim við, hvað þá til endurbóta á þeim síðar. Hins vegar er augljóst, að það verður að verja til þeirra meiru fé en áður, svo framarlega sem þær eiga að vera í nokkru samræmi við þær menningarkröfur, sem nú eru gerðar, og þá virðist eðlilegast, að fyrst sé tekið til þess, sem upphaflega var ætlazt til, að þær fengju. Þetta getur ekki heldur, eins og nú er komið, skipt verulegu máli fyrir ríkið, að fá andvirði prestsmötunnar á viðkomandi stöðum, en gæti í mörgum tilfellum orðið til þess að laga gamlar kirkjur og endurbyggja þær á sumum stöðum.

Ég held, að þetta frv. þurfi ekki fleiri skýringa. Það er ekki svo margbrotið. En ég vildi leyfa mér að óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Nd., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 43, n. 72).

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og nál. hennar ber með sér, leggur hún til, að frv. verði samþ. með litlum breyt. Það er breytt orðalagi og fært til betra máls, en þar er í raun og veru ekki um efnisbreyt. á frv. að ræða. Brtt. er í því fólgin, að fyrri málsgr. frvgr. orðist þannig:
„Andvirði prestsmötu, sem þegar er seld eða seld verður, renni til kirkna þess prestakalls, sem naut hennar áður, og skiptist jafnt milli þeirra.“
Og í öðru lagi er till. um, að aftan við frvgr. komi ný gr., sem verði 2. gr., svo hljóðandi:
„Lög þessi öðlast þegar gildi.“
Fjhn. leit svo á, að frv. væri í alla staði réttmætt, að það væri rétt, að þetta, sem kirkjunum var ætlað og var eign þeirra frá upphafi, rynni til þeirra, svo að þegar það væri selt, gengi það allt til kirknanna, sem nutu þess.

ATKVGR.
Brtt. 72,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 72,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég veit ekki, hvar þetta mál lendir í n., en ég held, að það eigi heima í fjhn., og ég vildi beina til n., sem fær málið, nokkrum orðum og biðja hana að athuga vissar hliðar á þessu máli.

Það, sem mig fyrst langar til að vita frá n. og hv. neðrideildarnefnd hefur sýnilega leitt hjá sér að afla upplýsinga um, er, hve stór upphæð það er, sem búið er að selja af prestsmötu og á nú að taka frá prestlaunasjóði og afhenda einstökum kirkjum. Þetta langar mig til að fá að vita, áður en atkv. verða greidd um málið.

Í öðru lagi langar mig til að vita, hvort hér er að ræða um alla prestsmötu. Eftir því, sem ég veit bezt, er hún til orðin á dálítið misjafna vegu, og því vafasamt, hvort þær forsendur, sem gilda í þessu frv., eigi að gilda um alla prestsmötu.

Í þriðja lagi langar mig til að vita, hve mikið það er, sem eftir er að selja af prestsmötu, bæði af hve mörgum jörðum hún er og hve mikil hún er samtals, sem maður getur búizt við, að fari frá prestlaunasjóði í framtíðinni og renni sem beinar tekjur til kirkna.

Þetta þrennt óska ég, að hv. fjhn. athugaði og gæti gefið upplýsingar um, áður en ég greiði atkv. um málið, því að þetta skiptir allt miklu máli í mínum augum og hefur áhrif á, hver afstaða mín verður til málsins. Ef biskup landsins hefur rækt sínar skyldur og haft sæmilega skrá um prestsmötu, ætti að vera tiltölulega auðvelt að fá þessar upplýsingar, og sömuleiðis komu 1935, þegar breytt var síðast lögum um kaup á prestsmötu, upplýsingar fram í málinu, sem gott væri nú að rifja upp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:1 atkv.

Á 39. og 40. fundi í Ed., 22. og 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 104, n. 201).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er hingað komið frá Nd. Efni þess er það, að andvirði prestsmötu, sem seld hefur verið og seld kann að verða, renni til kirkna þess prestakalls, þar sem prestsmatan hefur verið, og skiptist milli þeirra, en ríkissjóður greiði prestlaunasjóði í staðinn þann halla, sem hann verður fyrir af þessu.

Fjhn. mælir með þessu frv., eins og sjá má á nál. á þskj. 201. Hún mælir með þessu frv. sökum þess, að hún lítur svo á, að sanngjarnt sé, að þjóðkirkjan á þennan hátt njóti þeirra fjármuna, sem liggja í andvirði prestsmötu. Ég er ekki svo fróður, að ég geti nákvæmlega sagt um, hvernig prestsmatan er til komin, en það er samt áreiðanlegt, að hún er lögð á í þeim tilgangi að verða kirkjunni í landinu til hagsmuna, og n. telur rétt, að svo verði áfram. Má að vísu segja, að prestsmatan gangi til kirkjunnar eins og nú er, með því að hún er hluti af launum prestanna, þar sem prestsmata er á annað borð, en þegar þess er gætt, að fjöldamargar kirkjur úti um byggðir landsins hafa svo lítil fjárráð, að tæplega er hægt að halda þeim sæmilega við, þó að þess sé þörf, þá virðist ekki veita af, að sjálfar kirkjurnar geti fengið þessar tekjur, sem af sölu prestsmötunnar leiðir.

Ég skal játa, að það getur verið talsvert vafamál, hvort á að samþ. frv. óbreytt, því að það er svo um prestsmötuna, að hún hefur tilheyrt ákveðnum kirkjum, en ekki prestaköllum. Það kynni því að vera eins eðlilegt, að andvirði seldrar prestsmötu ætti að renna til þeirrar kirkju, þar sem prestsmatan hefur hvílt á, og til annarra kirkna prestakallsins, ef fleiri eru. N. hefur þó ekki gert brtt. um þetta. Það má líka líta svo á, að það sé ekki með öllu ósanngjarnt, að þetta gangi til allra kirkna prestakallsins, því að hingað til hefur prestsmatan gengið til að launa prestana, en ekki til kirknanna, og virðist því ekki óeðlilegt, að allar kirkjur prestakallsins njóti þess.

Ég var ekki viðstaddur 1. umr. þessa máls, en mér hefur verið tjáð, að hv. 1. þm. N.-M. hafi óskað þess, að n. rannsakaði, hvað víða þessi prestsmata væri og um hvað mikla fjárhæð mundi vera að ræða. Ég get ekki gefið skýrslur um þetta, því miður, en eftir því, sem ég bezt veit, er verið að rannsaka þetta atriði í dómsmrn., og má vera, að hægt verði að gefa upplýsingar um þetta við 3. umr. En hvað n. snertir, þá mun sú skýrsla, ef hún fæst, ekki breyta afstöðu n. neitt, því það er áreiðanlegt, að þessi upphæð er ekki svo stórkostleg, að n. sjái ástæðu til þess, að það standi í vegi fyrir, að kirkjurnar verði þessara hlunninda aðnjótandi. Má að vísu segja, að með því að ákveða, að ríkissjóður bæti prestlaunasjóði þennan tekjumissi, sé lagður nokkur baggi á ríkissjóð, en n. lítur svo á, að það sé ekki nema sanngjarnt, og ríkissjóður, eins og nú stendur, mun áreiðanlega vera fær um að taka það á sig. Og þegar litið er á ýmsar kröfur, sem vel er tekið, um að ríkissjóður styrki kirkjubyggingar t. d. í Reykjavík, þá sýnist ekki ósanngjarnt, að kirkjurnar úti um landið geti orðið þessara hlunninda aðnjótandi, jafnvel þó að það kosti ríkissjóð nokkurt fé.

Ég vona sem sagt, að ég geti gefið nánari upplýsingar við 3. umr., þó að það sé ekki víst, en till. n. er, að frv. sé samþ., en vera kann, að n. taki til athugunar við 3. umr., hvort ekki sé rétt að breyta frv. lítið eitt um það atriði, sem ég nefndi áðan, en með höfuðefni þess mælir hún.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég hreyfði því við 1. umr., að ég teldi, að vafasamt væri, hvort heimild væri til að láta prestsmötuna renna til kirknanna. Ég hygg, að í langflestum tilfellum hafi ærnar, sem gefnar voru, og leigan eftir þær er prestsmatan, verið gefnar til þess að leigan rynni til matar prestunum, og í samræmi við það er svo það, að hún rennur nú í þann sameiginlega sjóð, sem launar alla presta landsins. Nú skal ég viðurkenna, að ég er ekki

svo vel að mér í kirkjusögu, að ég geti rætt um þetta af nægilegri þekkingu. Eru sjálfsagt aðrir í d. betur til þess fallnir. Ég hygg, að það sé ekki eingöngu prestsmatan, sem hér um ræðir, sem svo er ástatt um, heldur einnig fleira, svo sem Maríulömb og Péturslömb, sem hefur verið lagt sem kvaðir á ákveðnar jarðir. En þegar ríkið fór að launa prestana, var sumt af þessu látið niður falla; það var gert með lömbin og líka t. d. kvöðina á Ferjubakka, þar sem átti í guðsþakkaskyni að ferja menn ókeypis yfir Hvítá fyrir kúgildisleiguna. Kvöðin var leyst af jörðunum, og bændunum, sem þær áttu, raunverulega gefinn höfuðstóllinn, sem kvöðin var vextir af. Þetta var ekki gert með prestsmötuna. Hún var látin halda sér. Nú hefur Alþ. oft fjallað um þetta áður, a. m. k. fjórum sinnum, og hefur þá verið rætt um, hvort prestsmatan ætti að ganga til kirkna eða launa presta. Hefur alltaf orðið ofan á, að hún skyldi ganga til að launa prestana, nema árið 1922, þá var gerð undantekning í sambandi við Grundarkirkju, af því að svo mikið hafði verið lagt í að gera þá kirkju sem veglegasta, að rétt þótti að gera undantekningu frá aðalreglunni og láta prestsmötuna þar ganga til kirkjunnar.

Nú er komin fram á ný sú skoðun, að láta þetta renna til kirknanna, og er sú skoðun rökstudd með því, hve mikil nauðsyn kirkjunum sé á fé til endurbyggingar, viðhalds og skreytingar. En hafa þeir góðu menn, sem halda fram þessari skoðun, gáð að því, að það er ekki nema brot af kirkjum landsins, sem fær prestsmötu eftir frv.? Allur fjöldinn af kirkjum stendur jafnilla að vígi, þó að þetta frv. verði samþ. Árið 1935 voru ekki eftir nema 77 jarðir, sem prestsmata hvíldi á, og á þeim öllum voru 651½ kúgildi. Eftirgjaldið, sem var greitt í smjörfjörðungum, gekk upp í heimatekjur prestanna, eins og upprunalega var til ætlazt, er kúgildin voru gefin. Síðan fyrst var byrjað að selja prestsmötu undan kirkjunum, hafa runnið í prestsmötusjóð um 80 þús. kr., en það eru ekki nema tiltölulega fá prestaköll, sem höfðu tekjur af prestsmötu og hafa misst hana við sölu. Síðan 1935 er búið að selja frá svo mörgum, að nú eru kringum 40 jarðir, sem prestsmata er eftir á. Tekjur prestlaunasjóðs hafa orðið um 80 þús. kr. eða liðlega það, og hann mundi samkv. frv. þurfa að endurgreiða það til rúmlega þriðjungs af kirkjum landsins, en hinar kirkjurnar fengju ekkert. Ég er ekki á móti því út af fyrir sig að verja fé úr ríkissjóði til kirkna landsins, og hér er í raun réttri ekki um annað að ræða, en ég vil þá láta það ganga jafnt yfir og þær allar verða þess aðnjótandi. Og ég vil spyrja, hvort Alþ. hefur leyfi til þess, þar sem prestsmötur eru gefnar í því skyni að sjá um prestsþjónustu í viðkomandi kirkju, að taka það fé til viðhalds kirkjunum. Rétta leiðin er að hækka kirkjugjöldin.

Hér fyrir framan mig er skjal frá ríkisféhirði, sem sýnir, hvaða prestsmötur er búið að selja, og þar kemur í ljós, að það verður ekki bætt úr þörfum kirkjunnar almennt með þessu.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það gleður mig, að hv. 1. þm. N.-M. er búinn að afla sér þeirra upplýsinga sjálfur, sem hann var að biðja n. að afla við 1. umr. Ég býst ekki við, að hans vegna þurfi að gera meira í því máli. Það er rétt hjá hv. þm., enda hafði ég tekið það fram áður, að prestsmöturnar voru upprunalega ætlaðar til að launa prestana, eða sennilega í fyrstu beinlínis til að standast kostnað af fæði þeirra, meðan þeir voru eins konar vinnumenn kirkjueigenda. En ég sé bara ekki, að það sé nein röksemd á móti frv., því að það er ekki fram komið til að ræna prestana neinu. Þeir missa einskis í af launum sínum. Það, sem fengist með samþykkt frv., er, að ríkið styrkir þjóðkirkjuna meira en orðið er.

Önnur aðalröksemd hv. 1. þm. N.-M. er sú, að frv. komi ekki að notum nema hluta af kirkjum landsins. Það kann rétt að vera, en þær kirkjur, sem einskis njóta af samþykkt frv., standa ekki verr að vígi en áður. Frá þeim er ekkert tekið. Til þess að þær stæðu jafnt að vígi þyrfti ekki annað en veita tilsvarandi upphæð til þeirra, og sé ég ekki, að það væri nein goðgá, úr því að verið er að halda uppi þjóðkirkju á annað borð. Þegar á það er litið, að allar líkur eru til, að til einnar einustu kirkju í Reykjavík verði varið úr ríkissjóði eins hárri upphæð og allri prestsmötunni, sem frv. fjallar um, ætti ríkisvaldinu ekki að blæða það í augum að styrkja þær, sem ekki njóta hlunninda samkv. þessu frv., til jafns við þær, sem hlunnindin fá.

Hv. þm. efaðist um, að Alþ. hefði leyfi til að setja þessi lög. Ég mundi taka undir þann efa, ef ætti að taka prestsmöturnar og nota til almennra þarfa ríkisins eða einhvers þess, sem ekki kæmi þjóðkirkjunni við, en ég fæ ekki séð annað en að með frv. sé þjóðkirkjan efld og styrkt, og því er frv. alveg í anda þeirra, sem í fyrstu gáfu prestsmötuna, því það hefur vissulega verið tilgangur þeirra að styðja kirkju og kristnihald í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta að kapposmáli. Það er auðheyrt, að hv. 1. þm. N.-M. hefur kynnt sér málið, og ég skal játa, að hann er fróðari um sum atriði þess en ég. En það er einn af prestum þjóðkirkjunnar, sem bar þetta frv. fram, og þó að hv. 1. þm. N.-M. sé fróður, hygg ég, að sá kirkjunnar þjónn sé um þetta enn fróðari.

Hv. þm. segir, að einfaldast sé að hækka kirkjugjöldin. Það getur satt verið, en þau eru nefskattur, og þó að hann sé ekki hár, býst ég við, að almenningi finnist með öllu óðru, að þau vera nógu há.

Það verður hver að gera upp við sjálfan sig, hvernig hann snýst við þessu frv., en n. finnst sanngjarnt, að kirkjan njóti þeirra eigna, sem henni hafa verið ætlaðar frá upphafi, og að ríkissjóður taki að sér að launa presta eins og aðra embættismenn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil aðeins benda á, að nú, þegar búið er að viðurkenna, að gjafir til kirkjunnar á að nota í öðru skyni en til var ætlazt í upphafi, er ekki eftir annað, sem mælir með frv., en það, að það sé þörf vegna kirkjuhaldsins, að ríkissjóður leggi eitthvað fram. Ég er sammála um það, að ríkið styrki kirkjuna, en ekki á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er engin þörf, að rík-

issjóður leggi fé fram til beztu kirknanna, en skilji þær út undan, sem þörf hafa meiri. Í lélegustu kirkjunni er hægt að skríða upp undir gólfið, af því að grunnurinn er undan henni. Sú kirkja fær enga mötu og hefur aldrei fengið. Í þessu er ekkert réttlæti. Ef á að hjálpa mönnum til að halda kirkjum sínum við, á að láta það ganga jafnt yfir allar kirkjur, nema hvað á að byrja á þeim lélegustu.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Mér sýnist, að hv. 1. þm. N.-M. sé nú farinn að draga inn seglin, því að fyrst taldi hann það alrangt, að andvirði seldrar prestsmótu gengi til kirknanna, en nú er hann ekki á móti því, ef jafnt er skipt á milli allra kirkna. Það er nú svo, að víða er mismunur á efnum, og lætur þjóðfélagið það við gangast. Þannig er líka um kirkjurnar. Sumar kirkjur eiga margar jarðir, aðrar enga o. s. frv. Sumum kirkjum var gefin prestsmata í fyrstu, öðrum ekki. Þannig er þetta í lífinu yfirleitt, og verður ekki lagað með einu litlu frv. En úr því nú að hv. 1. þm. N.-M. getur sætt sig við frv., ef prestsmótunni yrði skipt jafnt á milli allra kirkna, er auðvelt fyrir hann að bera fram brtt. og láta atkv. þm. skera úr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 281).

---

17. Sveitarstjórnarkosningar (frv. allshn. Nd.).

Á 21. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (þmfrv., A. 69).

Á 22. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Jóhann G. Möller):** Ég þarf ekki að halda langa ræðu sem frsm. allshn. fyrir þessu máli. Frv. er borið fram eftir tilmælum félmrh. og það er breyt. á sveitarstjórnarl. frá 1936 og er við eina gr. laganna. Þessi breyt. er fólgin í því, að hver flokkur, sem hefur fulltrúa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, kosna hlutbundnum kosningum, hafi rétt til jafnmargra varamanna og aðalmanna og jafnt þó að einn varamaður forfallist. En eins og nú er, eru venjulega kosnir jafnmargir varamenn og aðalmenn fyrir hvern flokk í bæjar- og sveitarstjórnum, og þeirri reglu er fylgt, að ákveðinn varamaður taki sæti ákveðins aðalmanns. Þessu ákvæði hefur ekki verið fylgt, og þótti því rétt að láta varamenn taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, hvaða aðalmaður sem forfallaðist. Að öðru leyti hef ég ekkert frekar um þetta mál að segja, en vænti skjótrar afgreiðslu þess í hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 69, 95).

Gísli Guðmundsson: Ég hef ásamt hv. þm. Barð. leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv., á þskj. 95. Þessi brtt. lýtur að kosningu varamanna í hreppsnefndir, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum.

Í núgildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar, 27. gr., er svo ákveðið um kosningu þessara varamanna, að þegar úrslit eru kunn, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt. Ég býst við, að þessu ákvæði, um kosningu varamanna, hafi ekki alls staðar verið framfylgt, þar sem sums staðar hafa verið örðugleikar á því. En á ýmsum stöðum hefur því verið framfylgt þannig, að kosnir hafa verið varamenn, þó að hreppsnefnd hafi verið kosin óhlutbundnum kosningum. Nú er í gildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar ákvæði um það, hvernig varamenn, undir slíkum kringumstæðum, skuli taka sæti í hreppsnefndum. En í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru slík ákvæði um varamenn í hreppsnefndum felld niður, þannig að ef frv., eins og það er, verður að lögum, þá eru engin ákvæði um það í lögunum, hvernig varamenn taki sæti í hreppsnefndum, sem kosnar hafa verið óhlutbundnum kosningum. Við flm. brtt. teljum, að nauðsynlegt sé, að ákvæði um þetta sé í lögunum, og höfum við lagt til, að ákvæðið verði á þá leið, að varamenn taki sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

Í gildandi lögum er þetta ákvæði öðruvísi, en það verður að teljast mjög óeðlilegt, og er það sennilega af vangá, að það hefur verið sett þannig. Till. okkar gengur út á það að setja inn í frv. ákvæði um þetta efni, sem annars mundi vanta í lögin, og við höfum lagt til, að það verði með nokkuð öðrum hætti en í núgildandi lögum.

ATKVGR.
Brtt. 95 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 3. fundi í Sþ., 26. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 111).

Á 25. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 187).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er flutt í Nd. að tilhlutun félmrh. Þær breyt., sem frv. ráðgerir á gildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar, eru tvenns konar og hníga báðar í sömu átt. Önnur breyt. er sú, að varamenn aðalmanna í hreppsnefnd skuli aldrei vera færri en 3. Stafar þessi breyting af því, að reynslan hefur sýnt, að þegar einn maður hlýtur kosningu á lista, hefur komið fyrir, að þessi listi hefur orðið fulltrúalaus, vegna þess að bæði aðalmaður og varamaður hafa forfallazt. Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni, að þó að listi hefði 2 fulltrúa í hreppsnefnd, hafi bæði aðalfulltrúarnir og varafulltrúarnir forfallazt um lengri tíma. Eins og mönnum er kunnugt, eru atvinnuhættir hér á landi þannig, að t. d. sjómenn eru svo mánuðum skiptir fjarverandi heimilum sínum, og slíkt hefur oft komið fyrir í sjávarþorpum. Þessar breyt. eru fram komnar til þess að tryggja svo sem sanngjarnt þykir, að listi verði ekki fulltrúalaus í hreppsnefnd. Hitt atriðið er þessu mjög skylt. Það er þess efnis, að í gildandi lögum taka varamenn sæti á listunum eftir því, sem þeim er raðað á listann, og er undir flestum kringumstæðum ekki mikið við það að athuga. En það getur leitt af þessu fyrirkomulagi, að nokkur breyting verði á skipun hreppsnefndarinnar eftir flokkum. Er í frv. gerð tilraun til að bæta úr þessu, og ég hygg, að það náist að nokkru leyti eftir þessu frv. En við nána athugun virtist allshn., að hér væri ekki fyllilega náð þeim tilgangi, sem þörf er á að ná í þessu efni. Þess vegna hefur n. borið fram brtt. á þskj. 187, og er hún viðauki við ákvæði greinarinnar og snertir aðallega það fyrirbrigði, sem tíðkazt hefur nú upp á síðkastið, að tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar standa saman um lista, og ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir, getur vel svo farið, að hlutföllin milli pólitískra flokka í hreppsnefndum, sem hafa náðst í síðustu kosningum, raskist. Er því nauðsynlegt að ganga betur frá þessu ákvæði heldur en gert er í 1. og frv. Það hefur komið fyrir, að fulltrúar, sem í kjöri voru, hafa á kjörtímabilinu farið milli flokkanna, og það hefur orsakað röskun á hinum upphaflegu hlutföllum milli flokkanna. N. hefur því borið fram brtt. við 1. gr. frv. Ég held, úr því að það er einu sinni fyrirlagt að heimila hlutfallskosningar við hreppskosningar og á þann hátt öllum unnað jafnréttis, þá sé nauðsynlegt að setja tryggingu fyrir því, að þessi hlutföll raskist ekki, að svo miklu leyti sem hægt er að ráða við það. Ég held, að þetta sé öllum hv. þdm. svo ljóst, að ekki orki tvímælis, að rétt sé að setja þessa málsgrein inn í frv.-gr. Ég skil ekki í, að mikill ágreiningur rísi af þessu máli, þar sem það er mjög einfalt, og tilefni gefist til andsvara.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að ég er samþykkur þskj. 187. Ég tel brtt. allshn. vel undirbúna og rökstudda, og mun ég greiða henni atkv.

Erlendur Þorsteinsson: Ég tel, að þetta frv. sé eða eigi að vera fram komið til þess að tryggja flokkum í bæjar- og sveitarstjórnum nægilega marga varamenn. Ég bendi á það, að enda þótt svo sé ákveðið í brtt. allshn., að varamenn skuli taka sæti flokksbræðra sinna, þ. e. taka sæti eftir flokkum, gæti auðveldlega farið svo, ef fleiri flokkar standa að einum lista, að enginn af varamönnunum væri af sama flokki og hinn forfallaði aðalmaður. Það sýnir sig í því, að í sjálfu sér eru ákvæðin um varamennina miðuð við lista einstakra flokka, eða utan flokka, en ekki við það, ef fleiri flokkar standa saman að einum framboðslista, því að samkv. frv. og brtt. gæti komið ruglingur á varamenn hvers eins flokks innan listans. Ég skal taka dæmi: Ef 2 flokkar bjóða fram saman og annar hefur stöku töluna, 1, 3 o. s. frv., en hinn jöfnu töluna, 2, 4 o. s. frv., og listinn fær 3 menn kosna, þá fær flokkurinn með stöku töluna 2 aðalmenn og 1 varamann, en flokkurinn með jöfnu töluna 1 aðalmann og 2 varamenn. Allir sjá, hver ruglingur á varamönnum gæti þarna átt sér stað. Ég tel það réttast og sanngjarnast og raunar sjálfsagt, að hver flokkur á framboðslista fái jafnmarga varamenn og aðalmenn kjörna, en þó minnst þrjá. M. ö. o., reglan um varamennina á að gilda fyrir hvern flokk, en ekki listann í heild, ef tveir eða fleiri flokkar bjóða fram saman á einum lista.

Að lokum vil ég beina því til hv. allshn., hvort hún vilji ekki taka þetta mál til nánari athugunar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Mér er ekki með öllu ókunn afstaða hv. síðasta ræðumanns. Hér virðist e. t. v. misrétti í fljótu bragði, en er það þó raunar ekki. Hlutfallskosningar eru við hafðar við sveitarstjórnarkosningar, og ef fleiri flokkar sameinast um einn lista, er þeim ljóst, áður en þeir ganga til kosninga, hvaða annmarka þeir telji á varamannafyrirkomulaginu. Það getur verið álitamál, hvort löggjafinn á að ýta undir þvílíkar flokkasamsteypur með lagasetningum. Ég álít það varla rétt.

„Tekniska“ hliðin á málinu skiptir þó meiru, því að það er óframkvæmanlegt, eins og lög standa til, þar sem gert er ráð fyrir, að hver listi eigi aðeins rétt á jafnmörgum varamönnum og kjörnum aðalmönnum.

Tökum t. d., að 4 flokkar væru um einn lista og 4 menn kæmust að, 1 af hverjum flokki, en t. d. ætti að kjósa 5. Þá þyrftu að vera minnst 16 menn á listanum, 4, sem yrðu kjörnir, og 3 varamenn fyrir hvern flokk. Það væri á móti

anda laganna, þar eð ekki má vera meira á framboðslista en tvöföld tala aðalmanna, sem á að kjósa. Úr þessu mætti e. t. v. bæta með því að gefa hverjum lista rétt til fleiri varamanna en aðalmanna, ef út í það væri farið.

Að lokum vil ég segja það, að e. t. v. hefði verið æskilegt að taka fyrir fleiri breytingar á kosningalögunum en gert hefur verið í þessu frv. En þær breytingar eru nú alls óundirbúnar, og nú tekur að líða á þingtímann. Ég tel þetta þó alltaf nokkra réttarbót.

*Jónas Jónsson: Mér kemur til hugar, hvort ekki væri rétt að gera nýja viðbótarbrtt. þess efnis, að torveldaðar yrðu breytingar eða tilfærslur á listum við kosningar. Ég nefni til dæmis, að af 54 mönnum, er kusu lista Framsóknarflokksins á stað nokkrum hér á landi, tókst einum fjórum að breyta röð listans þannig, að færa mann úr 1. sæti niður í 3. sæti og fella hann frá kosningu. Þessir fáu menn gátu varnað því, að hinn raunverulegi vilji kjósenda listans kæmi fram. Þetta veldur innbyrðis tortryggni með mönnum á sama lista og skapar öryggisleysi, þegar frambjóðendur standa berskjaldaðir gegn því, að fáeinir kjósendur, oft æfintýramenn eða skoðanaleysingjar, geti leikið sér að því að breyta röð á framboðslista, er ráðamenn og aðrir flokksmenn hafa komið sér saman um. Ég mun þó ekki bera þetta fram sem brtt. um sinn.

Erlendur Þorsteinsson: Ég tel ekki jafntorvelt og hv. 2. þm. S.-M. vill vera láta að framkvæma þau varamannaákvæði, er ég mæli með. Margir flokkar standa örsjaldan að sama lista, og eru tillögur mínar að sjálfsögðu miðaðar við núverandi flokkaskiptingu í landinu og til þess að bæta úr göllum kosningalaganna, sem fram hafa komið við sveitar- og bæjarstjórnarkosningar síðan 1930.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég tel, að mál þetta hafi komizt í nokkuð annað horf við þá brtt., er fram hefur komið, Út frá því munu hugleiðingar hv. 10. landsk. hafa vaknað.

En ég veit ekki, hvort breyting sú, er hann vill, er svo aðkallandi, þar eð varla mun hafa borið við, að fleiri flokkar kæmu fram með einn lista, þótt ég hafi nú ekki kynnt mér þetta mál sérstaklega.

Hins vegar tel ég sanngjarnt, að þetta verði athugað fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Þá hefur það komið fram hér í umr., að kjósendur ættu helzt til auðvelt með að breyta röð frambjóðenda á listum. Þetta stafar af því, hvernig útreikningi á atkvæðamagni listanna er nú háttað. Ég tel einnig rétt, að þetta verði athugað fyrir næstu kosningar.

ATKVGR.

Brtt. 187 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 208, 222).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 222. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Ég minntist á það við 2. umr. málsins, að vel gæti farið svo með þeim breytingum, sem hér eru gerðar á sveitarstjórnarl. og rétt er að gera, að flokkar, sem vinna saman í kosningum, fái ekki jafnmarga varafulltrúa hver flokkur eins og hann fengi, ef hann hefði einn lista. Það, að varafulltrúar skulu nú mæta skv. hinum nýju breyttu ákvæðum, einungis af sama pólitískum flokki, getur orðið til þess, að flokkur, sem haft hefur kosningasamvinnu við annan, fái ekki næga varafulltrúa og afleiðing þess verði sú, að hann missi fulltrúa uppbótarlaust. Þess vegna leyfi ég mér að bera fram brtt. á þskj. 222 um, að í stað þess, að varafulltrúar séu aðeins 3, skuli þeir frambjóðendur á lista, sem ekki ná kosningu, vera varamenn. Mér er kunnugt um, að á ýmsum stöðum hafa varafulltrúar verið kvaddir til fundarsetu eftir þeirri reglu, sem ég legg til að hér sé lögfest. Ég hef borið brtt. undir nefndarmenn allshn., án þess að fundur hafi haft hana til meðferðar, og formaður hennar a. m. k. mun henni meðmæltur. Samþykkt brtt. mundi á engan hátt tefja fyrir málinu, þar sem það verður að fara til Nd. hvort sem er.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég held, að þessi brtt. sé til bóta. Þannig verður að skilja 33. gr. l., að varamenn geti tekið sæti svo lengi sem menn eru fyrir hendi á lista.

Ég veit, að á ýmsum stöðum hefur það verið praktiserað, sem hv. 10. landsk. gat um, og man ég sérstaklega eitt dæmi, þar sem flokkur hefði ekki með öðru móti getað haft fulla tölu bæjarfulltrúa sinna. Ég álít því mjög æskilegt að setja í frv., eins og það er nú orðið, ákvæði í þessa átt, og mun allshn. vera brtt. fylgjandi.

Þess gætir nokkuð, að formið á frv. er ekki sem ákjósanlegast, sem von er til, þegar búið er, eins og hér, að hnýta saman ýmis sjónarmið. Þó að sundurleitt sé, finnst mér ekki hægt nú að fara að sjóða það alveg upp, því að hitt held ég, að ákvæðin séu svo ljós, að þau varla verði misskilin.

Úr því að ég stóð upp, verð ég að minnast á aðferðina, sem notuð er við að reikna út röð fulltrúa á listunum, vegna þess, að komið hefur í ljós, að afar litlar útstrikanir eða raðarbreytingar þarf til þess, að röðin raskist. Til þess að færa efsta fulltrúa í 2. sæti þurfa 4—5% að strika hann út eða raunar aðeins rúmlega 4%, þegar um er að ræða kosning 9 fulltrúa, en færri, ef kjósa skal fleiri fulltrúa. Til þess að færa þann fulltrúa á þeim lista í 3. sæti, þurfa 11% að strika hann út, en ef 15% gera það, lendir hann í 4. sæti. Sé hins vegar litið á 15 fulltrúa kosningu, nægja útstrikanir 4% til að færa efsta manninn í 2. sæti, 7% til að færa hann í 3. sæti, 10% til að færa hann í 4. sæti, 14% til að færa hann í 5. sæti, 16% til að færa hann í 6. sæti o. s. frv., eða aðeins lítinn hluta kjósenda listans til að fella hvern mann af listanum, sem lystir. Þetta geta hv. þm. sjálfir sett upp og

reiknað, ef þeir hafa ekki hugleitt það áður. Þetta sýnist mér sanna það, að aðferðin er í raun réttri alveg ófær. Það nær ekki nokkurri átt, að 4% af kjósendum lista geti ónýtt þá uppstillingu, sem venjulega hefur verið mjög til vandað. Nú stendur að vísu svo á, að bæjarstjórnarkosningum er nýlokið. (PZ: Hreppsnefndarkosningar allar eftir.) Rétt er það, þótt í helmingi þeirra sé ekki beitt hlutfallskosningum. Ég hef ekki treyst mér til að bera fram brtt. í þessa átt, og er ekki vert að hrapa svo að því, að síðari villan kunni að verða verri hinni fyrri. Mér dettur t. d. í hug, að beita mætti sömu aðferð og við útreikning aðalfulltrúa, — deila í atkvæðatölu með 2, 3, 4, 5, 6 o. s. frv., — þm. þekkja aðferðina, — og nægði þá ¼ atkvæða til að breyta röð á lista. Það þætti mér sanngjarnt og gæti ekki fellt mig við að svipta kjósendur alveg rétti til breytinga. Má og vel vera, að önnur aðferð að reikna það út kæmi sér betur. Ég skýt þessu fram til athugunar fyrir hv. þdm.

Bernharð Stefánsson: Ég er ekki ánægður með það, að allshn., sem virðist hafa komið auga á stórgalla í lögum þessum, skuli ekki vilja rannsaka möguleika til að nema þessa galla burt. Nú eiga sveitarstjórnarkosningar að fara fram í vor, og verða í mörgum stöðum viðhafðar hlutfallskosningar. Gætu menn þá notfært sér þessa veilu í kosningal. og fáir menn ráðið því, hver lendir í sveitarstjórn. Það eru væntanlega allmargir dagar eftir af þessu þingi, að minnsta kosti, ef því er ætlað að ljúka störfum á eðlilegan hátt og afgreiða fjárlög, því að enn þá bólar ekkert á nál. fjvn. En þar sem allshn. hefur komið auga á þessa galla á kosningal., og Alþ. virðist hafa nægan tíma til að athuga málið betur, þá finnst mér, að n. ætti að taka málið aftur til meðferðar og lagfæringar. Það hefur hvað eftir annað komið fyrir við kosningar, að örfáir menn hafa breytt röð á lista þannig, að efstu menn á listanum náðu ekki kosningu. Þess hefur verið getið í sambandi við þetta mál, að það hafi ekki haft lítil áhrif á líf eins manns, sem er kunnur í landinu, að nokkrir menn höfðu strikað hann út. Þetta er nú ekkert aðaiatriði, en það er mjög óheppilegt, að sárafáir menn geti haft þessi áhrif. Það kom líka fyrir í bæ einum við síðustu bæjarstjórnarkosningar, að nokkrir menn unnu til að kjósa annan lista en sinn eiginn flokkslista, til þess að fá tækifæri til að strika út efsta mann á lista andstæðinganna, og varð það til þess, að hana féll, þótt listinn kæmi 2 mönnum að. Mér finnst alls ekki úr vegi, að þetta mál geti beðið ofurlítið eftir því, ef allshn. fengist til að athuga þetta atriði og gera um það till. Við eigum það ekkert víst, að þeir menn, sem sitja á Alþ. næstu 4 ár, breyti þessu ákvæði. Mér finnst hér sannast hinn gamalkunni málsháttur, að það eigi ekki að draga til morguns, sem maður getur gert í dag. Málinu liggur ekki svo mikið á, að ekki megi fresta afgreiðslu þess í 2 til 3 daga, svo að hægt væri að koma brtt. í kring.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég vil taka það fram, að ég hef ekki hreyft þessu máli fyrir n. hönd, því að n. hefur ekkert rætt um þetta atriði, og ég hef aðeins mælt fyrir mína hönd. Ég hef athugað leiðina til að bæta úr þessu, en ekki fundið nema þá einu, sem ég benti á áðan, og það má vel vera, að hún sé ekki heppileg. En að koma með brtt. á síðustu stundu, má telja mjög varhugavert. Allir hv. þm. vita, að það liggur í loftinu, að þingið sitji ekki lengi hér eftir. Hins vegar kemur þessi breyting eins og skollinn úr sauðarleggnum til Nd., og þó að við samþ. hana hér í d., er ég ekki viss um, að Nd. geri hið sama. Ég held, að nægi að vekja málið á þessu þingi, sérstaklega ef ríkisstjórnin vildi taka málið til athugunar. Ég legg ekki mikið upp úr því, þó að hreppsnefndarkosningar fari fram í vor, enda munu hlutfallskosningar aðeins verða viðhafðar í nokkrum sveitum. Ég get því ekki fallizt á að vísa málinu til n., enda finnst mér sennilegt, að málið fengi ekki fulla lausn á þann hátt.

Bernharð Stefánsson: Það er nýstárlegt, að nefndarmaður, sem sér stórkostlega galla á lögum, vilji ekki eyða tíma í að nema gallana í burtu. Raunar efast ég ekkert um, að hv. frsm. talaði hér fyrir hönd n., þó að málið væri ekki sérstaklega tekið fyrir á nefndarfundi. Þó sé ég mér ekki annað fært en að falla frá ósk minni um þetta. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., sem þessi mál heyra undir, hvort hann vilji ekki lofa því, að þetta atriði verði tekið til athugunar af hlutaðeigandi ráðuneyti og það á sínum tíma legði fram till. fyrir Alþ. til lagfæringar á þessu.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Eyf. var á fundi, þegar þetta barst í tal. Ég lýsti þá yfir þeirri skoðun minni, að mér virtist of rúmt um þessar breytingar á listunum. Samkvæmt upplýsingum, sem komu fram, lýsti ég yfir því, að mér fyndist sanngjarnt, að þetta yrði athugað, þó að ég teldi það ekki svo aðkallandi, að setja þyrfti þá breyt. í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir. En þar sem sveitarstjórnarkosningar standa fyrir dyrum í vor, er mjög nauðsynlegt, að frv. verði samþ. sem allra fyrst, svo að hægt sé að haga kosningunum samkvæmt því. Ég tek undir það með hv. frsm. allshn., að breyt. þessari verði ekki blandað saman við frv. þetta að svo stöddu. Ég tel fulla þörf á, að þetta sé athugað og síðan verði breyt. borin fram í frv.formi á þinginu. Þetta er mín persónulega skoðun, og það gerir ekkert til, þó að hún komi fram, án þess að ég geti lofað nokkru fyrir ríkisstjórnarinnar hönd.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það var réttilega fram tekið hjá hv. frsm. allshn., að málið hefur ekki verið rætt innan hennar. Ég skal taka fram, að ég er honum sammála um, að ekki sé rétt að tefja málið með brtt., einkum þar sem þessar breytingar þurfa að komast gegnum þingið fyrr eða síðar. Ég vil benda á, að svipað ákvæði í kosningal. mun vera síðan 1916. Þá fóru fram kosningar til landskjörs hér í landinu, og þá var farið eftir þeirri reglu að strika út af listunum. Allir muna, að þá var kona efst á lista og hún var strikuð út, svo að hún náði ekki kosningu. En þó að svo hafi viljað til, er það kunn-

ugt, að hér í Reykjavík eru þessar útstrikanir ekki notaðar neitt að ráði. Og í þessu ákvæði felst réttur hinna óánægðu kjósenda til að geta breytt listanum í samræmi við óskir sínar, og þennan rétt má ekki torvelda. Svona horfir málið í augnablikinu fyrir mér. Hæstv. fjmrh. taldi rétt að athuga málið, enda er nægur tími til stefnu. Af þessum ástæðum, sem ég hef greint, er ég móti því að setja brtt. um þetta ákvæði í samband við frv.

ATKVGR.
Brtt. 222,a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 222,b samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 235).
Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

*Gísli Guðmundsson: Ég vildi vekja athygli á því, að mér sýnist, að í hv. Ed. hafi verið tekin inn í þetta frv. breyt., sem nokkru máli skiptir. Að vísu hefur mér ekki unnizt tími til þess að bera þetta nákvæmlega saman við l. En breyt., sem ég á við, er í því fólgin, að þegar kosnir hafa verið menn á lista, sem fleiri en einn flokkur stendur að, þá skuli svo að fara, þegar varamenn taka sæti í stað aðalmanns, að sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaðurinn, sem forfallazt hefur af einhverjum orsökum, taki sæti í stað aðalmanns, en ekki sé farið eftir röð á listanum eingöngu. Það getur verið, að þetta hafi nokkuð til síns ágætis. En þó virðist þetta þess eðlis, að ekki væri óeðlilegt, að málinu væri frestað og það athugað í n., hvort þessa breyt. beri að samþ. Mér skilst, að það geti orkað nokkurs tvímæl[is], hvort ganga á áfram inn á þá braut að taka meira og meira tillit til flokkanna í kosningal., eins og stefnt er að með þessu. Þess vegna virðist mér vera a. m. k. ástæða til þess, að n. gæti haft tækifæri til þess að athuga þetta atriði.

Forseti (JörB): Það er aðeins ein umr. um þetta mál hér í hv. d., og því álít ég réttlátt, að umr. um málið verði frestað nú, til þess að athuga málið í n.

*Finnur Jónsson: Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. þm. N.-Þ., að það sé nauðsynlegt að taka þetta mál til athugunar í n. nú aftur af þessum ástæðum, sem hann tók fram, vegna þess, að núverandi löggjöf, þó að hún kunni ekki að vera nógu skýr, hefur verið túlkuð á þann hátt, sem segir í þessu lagafrv., þannig að hér í Reykjavík hefur flokki verið úrskurðaður varamaður eftir því, sem segir í þessu lagafrv. Breyting sú, að gert er ráð fyrir, að þeir, sem á lista eru, geti orðið varamenn, er engin alger nýjung, því að í sumum kaupstöðum hafa lögin áður verið þannig framkvæmd, þótt þau gæfu ekki beina heimild til þess. Ef þingvilji er fyrir því, sem mér virðist, að leyfa, að fleiri séu kosnir varamenn en aðalmenn, svo að tryggt sé, að flokkar geti jafnan haft menn í stað þeirra, sem forfallast kunna, virðist mér mega við frv. una, eins og það er. Vissulega hefur það ekki verið meining löggjafans, að nokkur flokkur eigi að geta hagnazt á því, að fulltrúi annars flokks forfallist. — Ég álít breytingu hv. Ed. til skýringar og bóta.

Forseti (JörB): Vonandi vinnst tími til að afgreiða málið jafnt fyrir því, þótt því sé samkv. óskum frestað að sinni, þar sem aðeins er ein umr. eftir.

Umr. frestað.
Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ed. hefur gert nokkrar breyt. á þessu frv. frá því að það kom fyrst fyrir þá d. Ég tel þessar breyt. allar til bóta, og vil ég því eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 287).

18. Gærumat.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um gærumat (þmfrv., A. 298).

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal verða stuttorður um þetta mál.
Þannig er mál með vexti, að nýlega hafa tekizt samningar um sölu meiri hluta gæra í landinu frá árinu 1941 til Ameríku. En það er ákveðið, að gærum þessum skuli fylgja matsvottorð, en eins og kunnugt er, hefur það ekki tíðkazt hér fyrr.
Nú verður hafizt handa um útflutning á þessum gærum hið allra bráðasta, og vildi ég mega vænta þess, að frv. þetta verði afgr. frá háttv. d. sem allra fyrst.
Annars sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. Það er sniðið eftir samsvarandi gildandi l. um ullarmat.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefur verið gerður samningur um sölu á gærum til Ameríku. Í þeim samningi er áskilið af kaupenda hálfu, að gærunum fylgi matsvottorð. En hingað til hafa gærur ekki verið metnar til útflutnings. Því er þetta frv. borið fram. Það er samið í samræmi við ullarmatslögin, og vildi ég mælast til þess við hv. deild, að hún afgr. málið án tafar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég ætla ekki á nokkurn hátt að fara að gagnrýna þetta frv., en aðeins spyrjast fyrir um það, að hverju leyti hér hefur opnazt ný leið um sölu gæranna og fyrir hvaða verð þær hafi verið seldar. **(Viðskmrh.:** Það hefur verið gerður sölusamningur um helming af gærunum fyrir kr. 2.40 kg fob.) Ég gerði þessa fyrirspurn aðeins til fróðleiks.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 303).

---

19. Sala Hvanneyrar í Siglufirði.

Á 13. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði (þmfrv., A. 42).

Á 14. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál, því að frv. mjög svipað þessu, sem hér er til umr., var flutt í þessari hv. deild á síðasta aðalþingi. Þá var gerð grein fyrir því, bæði í grg. og framsögu, og get ég að mestu leyti vísað til þess.

Þessi hv. deild tók málinu vel, samþ. það og sendi það til Nd., að vísu með smávægilegum breyt., og er það nú flutt í þeirri mynd, sem það þá fékk. Í Nd. dagaði frv. uppi, bæði vegna þess, að mjög var liðið á þing, og sumpart vegna þess, að reynt var að fleyga þetta mál með öðru máli, því óskyldu. Eins og ég sagði áður, var gerð grein fyrir þessu frv. í fyrra, og fer ég ekki að rifja það upp. Aðeins skal hér á það bent, að frv. var í fyrra flutt að beiðni bæjarstj. á Siglufirði, og svo er enn. Enn fremur það, að eins og hv. deild er kunnugt, stendur mestur hluti Siglufjarðarbæjar á lendum þeirrar jarðar, er hér um ræðir og farið er fram á, að bærinn fái að kaupa. Hygg ég, að allir skilji nauðsyn þess. Nú er því t. d. þannig háttað, að ef bærinn þarf að leggja götu, verður hann fyrst að kaupa landið, þar sem gatan á að liggja, o. s. frv. Að vísu er þetta land nú mikið byggt og búið þegar að leigja, en talsvert mun þó vera eftir af óbyggðu landi, og er það í alla staði rétt og eðlilegt, að bærinn fái ráðstöfunarrétt á því. Í frv. er ekki kveðið neitt á um kaupupphæðina né greiðsluskilmála, má enda fullkomlega treysta ríkisstj. til þess að ganga frá þeim samningum, þó að ekkert sé ákveðið um einstök atriði í frv.

Það er aðeins ein mótbára, sem mér finnst geta komið til greina gegn frv., en það er viðvíkjandi lóðum síldarverksmiðja ríkisins. Í Nd. kom fram brtt. um að undanskilja þær lóðir og lönd, er síldarverksmiðjurnar þurfa að nota. Ég sé að vísu ekkert við það að athuga, þó að slík ákvæði væru sett inn í frv., en ég sé þó enga sérstaka ástæðu til þess og tel þess ekki brýna þörf, vegna þess að ríkisstj. mun að sjálfsögðu gæta hagsmuna síldarverksmiðjanna.

Legg ég svo til, að frv. verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég hef leyft mér að koma með sams konar brtt. og á síðasta þingi, og er það eftir óskum bæjarstj. í Vestmannaeyjum, í sambandi við þær óskir bæjarstj. á Siglufirði að fá að kaupa þau lönd og lóðir, sem bæjarfélaginu er álitið nauðsynlegt. Það er ekki nýtt mál, að Vestmannaeyingar fari fram á að fá þessi lönd keypt, ekki öll í einu, heldur smám saman eftir hendinni. Einu sinni var það þó samþ. í þessari hv. deild að heimila ríkisstj. að selja þessi umræddu lönd Vestmannaeyingum. Ýmislegt mælir líka með því, einkum þó aðkallandi þörf á meiri ræktun. Allt frá því 1920 hefur ræktunin smáaukizt, og 1926 var á Alþ. í

fyrsta sinn ríkisstj. heimilað að leggja fram úr ríkissjóði styrk til vegagerðar, til þess að stuðla að aukinni ræktun. Síðan hefur þessum málum smáþokað áfram, en þó hvergi nærri svo, að nægilegt sé.

Nú er svo komið, að hafa má um 300 kýr, en ef landið væri fáanlegt og það fullræktað, mætti hafa miklu fleiri kýr, en mjög er í Eyjum vant mjólkur. Gamlir leigumálar standa í vegi, en engin ákveðin stefna er um það ríkjandi, hvernig fara skuli með jarðir, þá þær losna úr ábúð. Fer það mest eftir skapi ráðherranna á hverjum tíma. Bæjarstj. telur, að hægra sé að stuðla að aukinni ræktun, ef bærinn á landið, og er það meginástæðan fyrir því, að farið er fram á að fá það keypt, og svo í öðru lagi er það, að árlega er miklu fé varið til bóta og breytinga á þessum ríkislóðum. Það er því ekki rétt, að ríkið haldi áfram að eiga lóðir, sem bærinn hefur beinlínis búið til, t. d. uppfyllingar. Það er því sanngirnismál, að ríkisstj. selji Vestmannaeyjum þetta land smám saman, jafnóðum og það losnar úr ábúð. Annað er ekki farið fram á. Ef þessi stefna væri upp tekin, mundi þetta komast smám saman í gott horf, bærinn eignaðist lóðirnar og hjálpaði svo íbúunum til þess að auka ræktun og mjólkurframleiðslu.

Þó að þessu sé hreyft hér, er það á engan hátt til þess að fleyga málaleitun Siglufjarðarkaupstaðar, heldur eingöngu vegna þess, að það er oft byrvænlegra að láta málin fylgjast að. Það ætti að vera stefna ríkisstj. að stuðla að því, að löndin séu í sem hagkvæmastri notkun fyrir fólkið, sem á þeim býr, eða í námunda við þau. En hitt á ríkisstj. að láta sér í léttara rúmi liggja, hvort það er ríkið eða bærinn, sem löndin eiga.

Ég óska svo eftir því, að hv. allshn. taki þessa málaleitun til vinsamlegrar yfirvegunar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að ríkið hefur enga sérstaka ástæðu til þess að eiga lönd, nema í þeim tilgangi, að þeirra verði sem best not. Þegar athugað er mál eins og þetta, sem hér liggur fyrir, sala kirkjujarðarinnar Hvanneyrar, álít ég, að n. beri að athuga, hvort ekki sé rétt, þegar svona lönd eru seld, að ríkið setji bæjunum ákveðin skilyrði um leigumála á löndunum. Ég segi þetta af því, að það hefur brunnið við, að bærinn hafa leigt löndin við miklu meira verði en svarar til þeirra nytja, er menn hafa af þeim. Það hefur ekki verið hægt að hafa á þeim neina ræktun, svo að ríkir menn hafa löngum leigt þau sér til gamans.

Lóðir hafa hækkað í verði á Siglufirði þrátt fyrir það, að þær hafa verið leigðar, en aðaltilgangurinn með eignarhaldi ríkisins á lóðum og lendum er að koma í veg fyrir hækkanir á lóðaverði. Ríkið þarf því að setja ákveðin skilyrði um það, hvernig leigumálar lóðanna skuli vera.

Til er heimild um að selja löndin umhverfis Skagaströnd. Þau eru nú margfalt meira virði en áður var, vegna þeirra umbóta, sem gerðar hafa verið í þorpinu, hafnargerðar og annarra mannvirkja, og stendur til að gera þar meira í náinni framtíð. Þá getur það orðið, að svona stórkostleg landeign verði féþúfa viðkomandi bæjarfélags, ef engar reglur eru um það settar af ríkisvaldinu, hvernig leigja skuli út löndin, og er þá ekki rétt, að bærinn eigi þessi lönd. Öðru máli gegnir, ef þessar reglur væru fundnar og settar.

Það er alltaf svo, að smærri félagasamtök eins og bærinn hafa betra yfirlit yfir, hvernig eigi að nota landið, en um það verða að vera fastar reglur, sem ekki má brjóta. Eitt af því mesta tjóni, sem við höfum orðið fyrir hér á landi, er fyrir það, hve dýrar eru lóðir og lönd í kringum kaupstaðina. Það er ekki eingöngu á þeim stöðum, sem hér hefur verið minnzt á, heldur miklu víðar, að ríkið hefur látið gera mikil hafnarmannvirki, en landið í kring hefur verið einkaeign. Með þessum hætti hefur ríkið verið að verja stórfé til þess að hækka eignir einstakra manna, svo að millj. hefur skipt, og það svo aftur komið niður á atvinnulífinu á staðnum, og hefur þannig verið tekið aftur að nokkru leyti það, sem ríkið hefur gert til umbóta á þessum stöðum. Þetta er því mikið vandamál.

Nú hafa Vestmannaeyjar líka komið inn í þetta mál. Það er um það rætt, hvort bærinn skuli ekki eiga þessar eignir þar. Ég er því ekki mótfallinn, ef tryggt verður með skilyrðum, sem þá yrðu sett af Alþ. um leið, að landið verði notað á réttan hátt, en ekki haft að féþúfu. Gagnvart notkun landsins í Vestmannaeyjum hef ég þá stefnu, að ég vildi helzt, að þar gætu orðið sjálfstæðir bændur. Leigan á landinu þar er mjög lág, svo að það samsvarar ekki á nokkurn hátt vöxtum af því verðmæti, sem nú liggur í jörðunum. Þeir hafa þar lífstíðarábúð, og það hefur komið til mála að láta þá fá erfðaábúð, en ég hygg, að gamli leigumálinn sé þeim enn þá hagkvæmari en þó að leigt væri með 3% af fasteignamati jarðanna. Það hagkvæmasta, sem á verður kosið, er, að þarna verði sjálfstæðir atvinnurekendur, sem nytji jarðirnar helzt til fulls, en ég viðurkenni, að á því hefur orðið meiri vöntun en ég gerði mér von um, að yrði, og a. m. k. sumar eru ekki mikið notaðar (**PZ:** Allar nema ein eru lítið notaðar.), og það er ekki í samræmi við það, sem krefjast verður á stað, þar sem land er jafnlítið og þarna. Málið hefur því verið tekið upp á ný og menn sendir til Vestmannaeyja til þess að rannsaka það ýtarlega. En eins og ég tók fram, þá er það alveg óvíst, hvort ríkið á að selja Vestmannaeyjabæ þessi lönd, því að þau hlytu að verða metin það hátt, að sú leiga, sem nú er greidd fyrir þau, mundi varla nema 1% af því verði, sem mundi verða greitt fyrir það nú. Þess vegna vofir það yfir, að landið verði tekið með því verði, sem það yrði metið á nú, og bæjarfélagið kæmist ekki hjá að hækka alla leigu stórlega til þess að fá vexti af því fé, sem fyrir landið hefði verið greitt. Og þó að ýmsir lifi nú í þeim draumi, að núverandi verð muni haldast áfram, þá er það eins víst og tvisvar tveir eru fjórir, að það líður ekki á löngu, þangað til jarðir í Vestmannaeyjum verða komnar niður í það, sem þær voru fyrir fjórum árum síðan. En það er mikil nauðsyn að setja reglur um lönd þau, sem kaupstaðir hafa til umráða, því að eins og ég sagði áðan, hefur hlotizt af því stórtjón, hversu farið hefur með

þau mál. Áþreifanlegt dæmi er þar Eyrarbakki og Stokkseyri, þar sem ríkið lagði mikið fé í að kaupa jarðeignir, og var reynt að leigja þær með tilliti til þess, að ekki fengjust háir vextir, en reynslan varð sú, að leigan varð mjög há, og varð að gera á því miklar breytingar. Það er því mikil nauðsyn, að þessi mál og önnur, sem eru á sama stigi, verði athuguð gaumgæfilega hér á Alþ.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Þetta er 1. umr., og ég býst ekki við, að leyfilegt sé að ræða brtt., sem fram eru komnar við frv. Ég ætla ekki heldur að fara að ræða þessa brtt., sízt að mæla á móti henni. Ég trúi því, sem hv. þm. Vestm. segir, að þessi till. er ekki borin fram í þeim tilgangi að fleyga frv. það, er hér liggur fyrir, eða koma því fyrir kattarnef. Ég hygg þó, að það sé rétt, sem ég segi, að það, að þessi till. kom fram í Nd. í fyrra, þegar málið var búið að ganga í gegnum Ed., hafi e. t. v. orðið til þess, að málið dagaði þá uppi, og yfirleitt er það til að tefja mál, þegar farið er að breyta þeim í síðari deild.

Ég get vel skilið, að hv. þm. Vestm. ber fram brtt. við þetta frv. í þeim tilgangi að koma fram því máli, sem hann hefur áhuga fyrir, ef hann hefur trú á, að það eigi með því móti greiðari leið gegnum þingið, en mér finnst, að réttara hefði verið að bera fram sérstakt frv. um þetta, m. a. vegna þess, að hér er í rauninni um tvennt ólíkt að ræða, að Siglufjörður fái Hvanneyri, eða Vestmannaeyjakaupstaður fái allar eyjarnar. Í fyrra tilfellinu er um lítið að ræða nema byggingarlóðir, en í því síðara sjálfsagt byggingarlóðir, en þó einkum ræktunarland, og þar að auki er ég ekki viss um, nema nú þegar sé í l. heimild fyrir Vestmannaeyjar að fá ræktunarland keypt, því að í jarðræktarl. er bæjum heimilað að fá keypt ræktunarland, sem er í nágrenni við þá, ef þeir þurfa þess nauðsynlega með. Hér er farið fram á sams konar fyrir Vestmannaeyjar eins og farið væri fram á, að Siglufjörður fengi keyptar jafnframt Hvanneyri allar jarðir í því lögsagnarumdæmi. Ég segi þó ekki, að ég muni vera á móti brtt., en vildi aðeins benda hv. flm. á, að eins rétt hefði verið a. m. k. að bera fram sérstakt frv. um þetta efni.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði, vil ég taka fram, að ég, og ég býst við, að eins sé með aðra flm. frv., er ekki á móti því, að skilyrði séu sett um, hvernig bærinn megi nota þetta land, ef þau eru aðgengileg fyrir bæjarfélagið, en um það er ekki hægt að segja, fyrr en maður sér þær till., sem fram kunna að koma um það efni, en mér finnst eðlilegt, að í söluheimildinni séu sett skilyrði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég býst við, að þetta mál fari til allshn., en ég vil nú þegar segja um það nokkur orð.

Þetta lóðamál í bæjunum og landamál í kringum bæina er að mínum dómi í mesta ólestri, hvort sem ríkið á þessi lönd eða bæirnir. Mun enginn bær nema Akureyri hafa rekið þau mál á heilbrigðum grundvelli. Í Reykjavík eru lóðir og lendur, sem hafa ekki fengizt mældar út. Það er t. d. heil gata í bænum, þar sem eru milli 10 og 20 hús, og þar hefur engin lóð verið útmæld og ekkert gjald greitt eftir þær. Þetta er vestur í bæ. Annað hús er niðri við sjó; bærinn á það, ekkert borgað eftir lóðina, enda hún aldrei útmæld. Við getum líka farið í hinn enda bæjarins og fundið sömu útkomu.

Það mun vera rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að ríkið leigir löndin lágt í Vestmannaeyjum, en þeir, sem nota löndin raunverulega, borga ekki allir lágt verð fyrir þau. T. d. hefur einn maður nú í mörg ár leigt öðrum land fyrir hærra verð en hann borgar, og svo hefur hann aftur leigt öðrum fyrir enn þá hærra verð. Á Siglufirði hafa erfðafestulöndin verið látin til annarra, og svo hefur ríkið orðið að kaupa réttinn til að nota þau, þegar það sjálft hefur þurft á þeim að halda. Ég veit til, að ríkið hefur orðið að kaupa aftur tvær lóðir fyrir margfalt hærra verð en það hafði látið fyrir þær. Þetta er alls staðar mesta ólán nema á Akureyri, og þess vegna gladdi það mig að heyra hjá hv. þm. Vestm., í fyrsta skipti af vörum íhaldsþm., skilning á því, að verðhækkun fyrir aðgerðir þess opinbera eigi heildin að eiga. Þetta náði nú ekki lengra en til Vestmannaeyja hjá honum, að þegar Vestmannaeyjabær lætur gera endurbæturnar, þá ætti hann að eiga hækkunina. Þetta er spor í rétta átt, til þess að einstaklingar sölsi ekki undir sig svo og svo mikil verðmæti, sem það opinbera hefur skapað. Það hefur verið reynt að koma til móts við menn í Vestmannaeyjum með ræktunarlönd, en hver hefur raunin á orðið? Einn helzti „matadorinn“ þar er búinn að ná undir sig fimm af þessum löndum. Hann nytjar þau ekki sjálfur, en selur þau bara öðrum á leigu nógu dýrt. Það er ekki nóg að sjá mönnum fyrir ódýrum löndum í grennd við kaupstaðina, þegar einstakir menn geta leikið þann leik að leigja löndin aftur út margföldu verði, svo að þeir, sem nota þau, verða að borga stórfé til þessara millimanna, og svo lendir þessi kostnaður vitanlega á mjólkinni og öðrum þeim afurðum, sem þarna eru framleiddar. Það verður að banna mönnum að selja erfðafestulönd, en ef þeir vilja gera það, þá á ríki eða bær að eiga kost á að fá þau aftur. Það nær engri átt, að ég geti í dag fengið land á Siglufirði og selt það svo aftur á morgun, kannske fimm eða sexföldu verði, en þetta er það, sem er hægt nú. Í Reykjavík eru nú milli 10 og 20 taxtar, sem farið er eftir um árafjölda, afgjald og réttindi, en allir eru þeir þannig, nema þeir, sem eru til eins árs, að selja má öðrum landið fyrir hærra verð, og ef við færum að rannsaka, hvernig erfðafestulöndin í Reykjavík eru nú notuð, þá mundum við komast að raun um, að mjög óvíða gilda upphaflegu samningarnir, og sums staðar er verðið orðið margfalt hærra. Þetta þarf að fyrirbyggja, hvort sem það er í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Mér er sama, hvort ríki eða bær á löndin, það verður að fyrirbyggja allt prang og verðhækkun, sem sífellt á sér stað við endurtekna sölu, en til þess er ekki önnur leið en að setja löggjöf um það, svo að Pétri og Páli haldist ekki lengur uppi að taka lönd á leigu og selja síðan aftur margföldu verði. Ég geri ráð fyrir, að t. d. bæjarstjórnarmaður Siglufjarðarbæjar, er sæti á hér í deildinni, þekki það frá Siglufirði, að ríkisverksmiðj-

urnar hafa orðið að kaupa lóðir aftur fyrir miklu hærra verð en ríkið hafði selt þær á. Slíkt má ekki koma fyrir, og verður að fyrirbyggja það.

Jóhann Jósefsson: Ég ætla ekki að fara að halda uppi löngum umr. um þetta mál, en ég heyri á ræðum manna hér, að þeir eru mér í raun og veru sammála, og að því leyti, sem það getur ýtt undir réttláta notkun á þessu landi, þá sé ég engan veginn, að það sé forkastanlegt, að Vestmannaeyjabær eigi slíkar eignir.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að leigan eftir þessar Vestmannaeyjajarðir er sjálfsagt eftir nútímamælikvarða mjög lág, því að ég geri ráð fyrir, að margir sitji í gömlum leigumálum. En það er nú samt opið til ýtarlegrar athugunar, því að ég hygg, að afgjöldin til ríkissjóðs hafi vaxið allmikið á síðari árum. Þó að ekki séu stórar landspildur né há afgjöld hjá hverjum um sig, dregur það sig saman. Sjálfsagt er það rétt, að það mundi verða dýrt fyrir Vestmannaeyjakaupstað að festa í einu kaup á öllu landi þar með núverandi gangverði. Það hef ég aldrei hugsað mér, heldur að keypt yrði það, sem með góðu móti losnaði, og einkum ræktarlönd, sem bráðliggur á að nota, og lóðir þær, sem höfnin og bæjarfélagið verður sumpart að taka vegna framkvæmda sinna og verða líka þeirra vegna *dýrmætari og dýrmætari* með hverju árinu. Ég var eiginlega hálfhissa á því í ræðu hv. 1. þm. N.-M. (PZ), að það sé nokkur ný kenning, jafnvel hjá íhaldsmönnum, sem hann kallar, og veit ég ekki, við hve marga þeirra hann hefur raunar talað um málið, að það sé hið opinbera, sem hagnast ætti á verðhækkun, sem stafar af opinberum framkvæmdum. Ég held gott samkomulag sé um það, að þess ætti hið opinbera að njóta, og í þessu máli sé um það að ræða.

Af því að hv. 1. þm. N.-M. leyfði sér að nefna pólitík í málinu, gæti ég minnt hann á þá pólitík, að það er einn hv. flokksbróðir hans, sem hefur leyft sér að týna einni jörðinni í Vestmannaeyjum, svo að hún fyrirfinnst hvergi, — týna heilli jörð með gögnum öllum og gæðum! Og hans eigin flokksbræður, sem yfir hann eru settir, hafa ekkert um þetta fengizt. Sú saga er svo fróðleg og merkileg, að ég skyldi gjarnan rekja hana, ef hv. þm. kærði sig um.

Þá talaði hann um menn, sem keypt hefðu landbletti af öðrum fyrir tífalt verð. Mennirnir hafa selt sína vinnu og það, sem þeir hafa verið *búnir að leggja í kostnað við löndin*. Ef um óheilbrigða sölu skyldi vera að ræða í einstökum tilfellum, vil ég fullyrða, að þau eru mjög fágæt og yfirleitt fá dæmi þess, að menn sleppi blettum sínum. Vitanlega kemur það fyrir við dauða manns eða *burtflutning*, þegar eigendur blettanna eru farnir að skipta hundruðum.

Hægt hefði verið að bera þetta mál fram sem sérstakt frv., en mér virtist einfaldara og eðlilegra að láta það og þetta Siglufjarðarmál fylgjast að. Hvað skilmála snertir, tel ég alveg rétt að setja bæjarfélögunum einhverjar reglur um meðferð landanna. Það er satt hjá hv. 1. þm. N.-M., að þar hefur mikið á skort hingað til, þær föstu reglur eru ekki til eða þeim framfylgt. Ég get sagt það, að ég hef aldrei stuðlað að braski með lóðir og lendur í Vestmannaeyjum á nokkurn hátt og hef haft andúð gegn því. En aldrei er alveg hægt að útiloka það, sízt í kaupstað í örum vexti, meðan reglur vantar.

Hæstv. forsrh. tók fram, að sín hugmynd hefði verið að halda jörðunum á Heimaey það stórum, að þar byggju bændur, sem þyrftu ekki að leita sér annarrar atvinnu. Þá hugsjón hans *skil ég vel*, en engu að síður kemur þar fram ókunnugleiki hans á sérstöðu Vestmannaeyja. Ég er þar upp vaxinn og man ekki til, að nokkur bóndi hafi þar verið, sem ekki átti hlut í skipi eða stundaði sjó á vertíðum. Það mun haldast eins og hingað til. Víða á jörðunum hafa orðið mannaskipti, og á sumum sitja nú fullorðnir menn eða ekkjur, og ekki líklegt, að miklu sé spillt, þótt ráðgert væri, að kaupstaðurinn tæki við, þegar jarðir losna. Úthlutun jarðarskika, 2 ha eða nálægt því, margfaldar hið ræktaða land, en búskaparformið, sem verið hefur frá ómunatíð, helzt í aðalatriðum, þ. e. að menn hafa einhverja gripi á landi sínu og kartöflugarð heimili sínu til viðurværis, en stunda annars sjóinn. Þetta hygg ég verði þar heppilegasta fyrirkomulagið og að því beri að stefna, að sem flestir eigi kost á jarðarbletti, sem gefur af sér a. m. k. kýrfóður, og nægt *garðland að auki*. Á *hinn bóginn* verður að reyna að fyrirbyggja, að löndin liggi óræktuð áratug eftir áratug. Þróun ræktunarinnar í Vestmannaeyjum, síðan bændur jarðanna sátu að þeim einir, stafaði af því, að menn þoldu ekki mjólkurleysið og fóru því að reyna að festa sér land til túnræktar. Þrýstingur þeirrar hreyfingar óx, svo að ekki varð móti staðið. Bændur fóru að láta Pétur og Pál hafa bletti. Mikil breyting varð þar til batnaðar fyrir atbeina Karls Einarssonar, sem lengi var bæjarfógeti. — Ég skal ekki fjölyrða lengur um málið, en vona, að það mæti skilningi hjá deildinni.

Erlendur Þorsteinson: Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í málið á þessu stigi. En vegna ummæla hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. N.-M. um, að reglur þurfi að setja bæjunum um meðferð slíkra landa, sem þeir eignist, til að hindra brask, vil ég taka fram, að langt er frá, að ég sé því mótfallinn. Ég harma, að slíkum reglum skuli ekki hafa verið fylgt um opinberar eignir, og væri ríkisstj. mjög þakklátur, ef hún fyndi viðhlítandi lausn á því vandamáli.

Siglufjörður er svo ungur bær, að þar er óvenjuauðvelt að rekja, hvernig lönd og lóðir hafa hækkað í verði vegna opinberra framkvæmda, og síðar gefið einstaklingum óverðskuldaðan gróða. Ég held, að ekki hafi verið byrjað að leigja út lóðir fyrr en 1915—16 og þó aðallega eftir að Siglufjörður fékk kaupstaðarréttindi 1918. Það mun sérstaklega hafa verið þáverandi sóknarprestur, sr. Bjarni Þorsteinsson, sem byrjaði á þessu. Hann sat prestssetrið, og lóðaleigan því aukatekjur hans. Hún var ekki há, ég held yfirleitt 15 kr. ársleiga af lóð. Þessir leigusamningar voru síðan staðfestir af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Ég held það

hafi ekki verið fyrr en núverandi dómsmrh. var tekinn við, 1934, að farið var að setja þá viðbót í samningana, að leigan mætti ekki vera minni en 5% af fasteignamati lóðarinnar. Nú voru þeir menn til, sem sáu, að þarna væri leið til að ná sér í peninga, og kepptust um að ná undir sig lóðum. Einn maður held ég hafi náð nærri 30 lóðum, sem allar stóðu ónotaðar nema sú ein, sem íbúðarhús hans stóð á. Þær lágu þarna eins og þær voru frá náttúrunnar hendi, og hinn svokallaði eigandi þeirra greiddi sínar 15 kr. á ári. Annað gerði hann ekki til þess að auka verðmæti þeirra. Síðan hafa nokkrar þessara lóða verið seldar fyrir 4—8 þús. krónur hver lóð. Flestar þessar lóðir eru um 900 ferálnir að stærð.

Mest verðhækkun hefur orðið á þeim lóðum, sem voru í nálægð síldarverksmiðja ríkisins og þær þurftu að eignast, svo og þeim lóðum, sem liggja næst öldubrjótnum, en það mannvirki hefur kostað Siglufjarðarbæ og ríkissjóð um 700 þús. kr. Þetta hefur því sérstaklega komið hart niður á þeim tveim aðilum, Siglufjarðarbæ og ríkissjóði, sem þurftu að kaupa það dýru verði að fá að gera þessi tvö mannvirki á lóðunum eða í nánd þeirra, — mannvirkin, sem verðmæti lóðanna byggist á. Ég býst við, að hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. N.-M. muni kannast mætavel við það, hverjir „áttu“ flestar þessar lóðir.

Það, sem vakir nú fyrst og fremst fyrir Siglufjarðarkaupstað, er að fá þessa jörð keypta til að nytja hana betur en er og hindra brask. Samningar um lóðaleigu eru einnig margir útrunnir, áður en langt líður, flestir gerðir til 50 ára, og þrátt fyrir ákvæði þeirra sumra um framlenging með leigubreyt. að þeim tíma liðnum mundi eignarhald veita bænum nauðsynlegan styrk til að koma fram þeim breyt., sem honum er nauðsyn á. Vegarstæði voru víða engin eftir skilin milli lóðanna. Þegar bærinn hefur lagt vegi til nýrra húsa, hefur hann oft orðið að kaupa af eigendum þeirra vegarstæðið dýrum dómum. Við framleigu væri sjálfsagt að kippa því í lag og sjá við því og eins hinu, að lóðir liggi ekki ónotaðar til þess eins, að braskað sé með þær. Einn maður á Siglufirði hafði fengið allstórt svæði á leigu og notað eingöngu sem hestahaga. Bæjarbúar hafa á síðari árum viljað fá það til afnota fyrir bithaga, eða til garðræktar, en leigjandi þess ekki viljað láta það af hendi, þó að æskilegt væri, að það yrði betur nýtt en nú er.

Siglufjarðarkaupstaður er byggður á 2 jörðum, Hvanneyri og Höfn, sem hann hefur viljað eignast, og á kaupstaðurinn nú þessar jarðir í Siglufirði: Staðarhól, Saurbæ, Hól, Leyning, Leyningskot og Skarðdal, og er þar allmikil mjólkurframleiðsla, þ. e. mjólkurbú bæjarins. En sjálfan kaupstaðinn skortir alveg land, sem menn gætu nytjað í hjáverkum.

Til viðbótar því, sem áður var sagt um lóðabrask í Siglufirði, skal ég að lokum nefna eitt dæmi. Nálægt miðjum bænum var áður fyrr stórt tún í Hafnarlandi, sem einstaklingur hafði á leigu og greiddi, að því er ég ætla, 40 kr. árslegu til eigenda jarðarinnar. Þessi lóðarréttindi seldi hann svo þriðja manni fyrir 10 þús. kr., en jarðareigendur fengu ekkert nema áframhaldandi 40 kr. árslegu. Þessi nýi eigandi lóðarréttindanna seldi svo ýmsum, sem fluttust til Siglufjarðar, byggingarlóðir fyrir 1—2 þús. kr., og að auki 15 kr. árslegu til sín og erfingja sinna. Jarðareigendur fengu sem fyrr einungis 40 kr. árslegu.

Nú vilja jarðeigendur fá úr því skorið fyrir dómstólunum, hvort leigutaki eigi rétt til að nota túnið þannig, til alls annars en í upphafi var ráð fyrir gert, og bíða menn nú dómsúrslita.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta að sinni. Ég tók til máls einungis að gefnu tilefni í ræðu hæstv. ráðh. áðan.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég efast ekki um, að allshn. muni rannsaka þetta mál sem bezt hún getur. Ég vil skjóta því til hennar, að ég hygg, að Jens Hólmgeirsson, formaður framfærslumálanefndar ríkisins, ráði yfir allmikilli þekkingu í þessum efnum og það verði n. að nota sér svo sem kostur er á. Hann mun líka hafa hugsað um, hvað hægt sé að gera til að fyrirbyggja það ástand, sem hv. 10. landsk. lýsti svo vel á Siglufirði. Þegar n. athugar, hvort rétt sé að selja þessum bæjarfélögum þær jarðeignir, sem um ræðir, treysti ég því, að hún leiti til þessa manns upplýsinga um þau almennu úrræði, sem hann hefur trú á, að gagna muni til að fullnægja landþörf bæja og kauptúna. Einnig vildi ég vona, að þegar frv. kemur frá n., sæist líka á kollinn á frv., þar sem reynt væri að stemma stigu fyrir, að annað eins og nú var lýst á Siglufirði eigi sér stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, 52, 64, n. 122).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. samhljóða þessu hefur verið hér fyrir þessari hv. d. áður. Það var flutt hér á síðasta reglulegu Alþ., og afgr. þá þessi hv. d. það frá sér í því formi, sem það nú er flutt í. En í Nd. dagaði málið uppi. Í grg., sem fylgdi frv. þá, og í umr. á vetrarþinginu 1941 var mál þetta alveg upplýst, svo að ég tel ekki ástæðu til að fara langt út í það nú.

Það er, eins og hv. þdm. er kunnugt, þannig, að Siglufjarðarbær hefur eignazt allmiklar jarðeignir kringum bæinn, en landið, sem undir bænum er, hefur bærinn ekki eignazt enn þá. Mikill hluti þess er eign kirkjujarðasjóðs, þ. e. eign Hvanneyrar, en nokkur hluti þess hygg ég, að muni vera í einstaklingseign. Ég lít svo á, að auk þeirra venjulegu þarfa bæjanna til þess að eignast land það, er þeir standa á, þá bætist það við á Siglufirði, að bænum sé nauðsynlegt að eignast land Hvanneyrar vegna þess, að mér skilst, að þá verði aðstaða bæjarins betri til þess að geta náð á einn eða annan hátt yfirráðum yfir þeim hluta lóðanna, sem eru í einstaklingseign. Og ég get hugsað mér, að ef ekki næst um það aðgengilegir samningar með frjálsu móti, þá gæti vel leitt til þess, að Siglu-

fjarðarbær yrði neyddur til þess að fá heimild fyrir eignarnámi á þessu landi. En það liggur nú ekki fyrir hér, heldur vil ég benda á þetta sem röksemd í viðbót við þær, sem hér er fram dregið í grg. frv., fyrir nauðsyn þess, að Siglufjarðarbær fái þetta land keypt. Ég geri líka ráð fyrir, eftir þeim undirtektum, sem þetta mál fékk á aðalþinginu 1941, að hv. þdm. sé þetta ljóst.

Við frv. hafa nú hér í d. komið fram 2 brtt., önnur þess efnis að heimila ríkisstj. að selja Vestmannaeyjakaupstað Vestmannaeyjar eða landspildu þar, og var nokkur grein gerð fyrir þessari brtt. við 1. umr. þessa máls. Þessa brtt. hefur allshn. athugað, og, eins og segir í nál. hennar, getur n. ekki, eins og sakir standa, fallizt á hana, ekki af því að allshn. vilji leggja neinn dóm á það, hvort þessi ósk Vestmannaeyjakaupstaðar sé ekki á rökum reist, heldur vegna hins, að þarna stendur nokkuð öðruvísi á heldur en venja hefur verið til, þegar um slíkar heimildir hefur verið að ræða. Ríkið á nú allar Vestmannaeyjar, þ. e. a. s. lóðir og lendur þar. Og eins og kemur fram í nál., þá er það óskipt álit allshn., að kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum sé það stór nauðsyn, að allt það land, sem þau þurfa að nota, sé eign hins opinbera, þ. e. ríkis eða sveitar- og bæjarfélaga. Hins vegar hefur allshn. ekki tekið málið á þeim grundvelli, hvort það eigi að stefna að því, að allt slíkt land verði eign bæjarfélaganna, og til þess hefur hún því enga afstöðu tekið. En að því er snertir Vestmannaeyjar, þá eru þær eign ríkissjóðs. En vel má vera, að ástæður séu til, að það álítist heppilegra, að þessar landeignir eða vissir hlutar þeirra verði eign bæjarfélagsins frekar heldur en ríkissjóðs. En ég álít það mjög óheppilegt, að bæði bæjarsjóður og ríkissjóður séu eigendur að landi því, sem bæirnir þurfa að nota. Og ef það reyndist svo, að það yrði talin nauðsyn fyrir Vestmannaeyjakaupstað að eignast eitthvert land af eyjunum, meira eða minna, þá ættu þar, eftir minni skoðun, að vera sem allra hreinust skipti á milli eignar ríkisins á landi þeirra annars vegar og landi bæjarins hins vegar. Og ef ríkið seldi lóðir í Vestmannaeyjum, teldi ég, án þess að það hafi verið rætt sérstaklega í allshn., að langskynsamlegast væri, að allar byggingar- og ræktunarlóðir þar yrðu þá eign bæjarins. Ég vil taka þetta skýrt fram, til þess að það valdi engum misskilningi, að þó að allshn. sé á móti því, að þessi brtt. um sölu á landi í Vestmannaeyjum verði samþ., þá hefur hún samt ekki látið í ljós á neinn hátt andstöðu við það, að athuguðu máli á sínum tíma, að kaupstaðurinn fengi keypt meira eða minna af landinu. Þá leið hefur n. alls ekki farið inn á. En það er af þessum ástæðum, að n. hefur ekki haft tækifæri til að athuga málið nægilega, og svo af hinu líka, að n. telur, að það sé ekki aðgengilegt fordæmi að koma heimild til sölu á ólíkum stöðum í l. með brtt. við frv., sem fyrir liggur til umr., að n. getur ekki fallizt á að samþ. þessa brtt. Og ég skal taka það fram, að ég álít, að sala á Vestmannaeyjum sé svo umfangsmikið mál, að það þurfi allýtarlegan undirbúning. Og ég hef talið það langskynsamlegast, að þetta mál væri rætt af bæjarstjórn Vestmannaeyja við ríkisstj. og reynt að ná niðurstöðu um það, hvernig með það skyldi farið.

Það er drepið á það í nál., að það hafi heyrzt raddir um það, að ekki væri sem æskilegust framkvæmd á byggingum og meðferð lóða og bæja í Vestmannaeyjum og víðar, og ég hygg, að það hafi komið fram við 1. umr. þessa máls. Og n. viðurkennir, að svo muni geta verið, og hún telur æskilegt, að úr því yrði bætt, ef hægt væri. En hins vegar liggur það fyrir utan verkahring n., a. m. k. að þessu sinni, að gera nokkrar till. um slíkt. En að því er snertir Vestmannaeyjar, þá má vel vera, að þar sé þessi óreiða í töluvert stórum stíl. Mér virðist því, að langréttasta leiðin í þessu máli öllu væri sú, að bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar ætti ýtarleg viðtöl við ríkisstj. um það, á hvern hátt bezt væri ráðið fram úr þessum málum. Og þess vegna er það, að allshn. telur, að það væri æskilegast fyrir málið, að flm. þessarar brtt. tæki hana aftur nú. Fari svo, að hann vilji ekki gera það, getur n. ekki annað en lagt til, að brtt. þessi verði felld. Allshn. telur, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða, en það sé svo lítið undirbúið og þinginu svo ókunnugt, að ekki geti komið til mála að heimila slíka sölu undir þeim kringumstæðum og með þeim undirbúningi málsins, sem hér liggur fyrir.

Þá hefur hv. 5. landsk. þm. (ÞÞ) einnig borið fram brtt. við þetta frv., þess efnis, að ríkisstj. heimilist að selja Ólafsvíkurhreppi þjóðjörðina Ólafsvík á Snæfellsnesi. Það er það sama að segja um þessa brtt. eins og brtt. frá hv. þm. Vestm. (JJós), að n. telur það ekki æskilegt fordæmi, að slíkum málum sé komið að sem brtt. við frv. um heimild til sölu á vissum jarðeignum, sem venjulega eru töluvert vel undirbúin og þingið hefur átt kost á að kynna sér vel að öllu leyti, þar sem hins vegar þingið getur tæplega kynnt sér slík sölumál, þegar þau liggja þannig fyrir sem þessar brtt. Enn fremur vil ég taka fram, að viðvíkjandi sölu á Ólafsvík liggur alls ekki fyrir umsögn frá viðkomandi sýslun. um þetta. N. verður að líta svo á, að það sé nauðsynlegt, að slík umsögn liggi fyrir. Hins vegar hefur ekkert komið fram í því máli heldur, sem geri það að verkum, að n. verði á móti efni brtt. á þskj. 64, frá hv. 5. landsk., þegar það mál væri fram borið á þann hátt, sem n. telur við eiga, og málið er upplýst þannig, að Alþ. sé fyllilega ljóst, hvernig málið liggur fyrir og hvað um er að ræða. Þó þessa sé ekki getið í nál. viðkomandi brtt. á þskj. 64, þá eru það tilmæli allshn. til hv. 5. landsk. þm., að hann einnig taki sína brtt. aftur, af sömu ástæðum og n. færði fram gagnvart hinni brtt., frá hv. þm. Vestm., að n. telur, að málinu sé bezt borgið á þann hátt. Og þó að þessi afstaða n. kunni að leiða til þess, að þingið geti ekki afgr. það mál nú í því formi, sem það er borið fram, þá er ekki steinn lagður í götu málsins fyrir því. Og allshn. vill ekki á hinn minnsta hátt leggja á móti þeirri heimild, sem hv. 5. landsk. þm. leggur til með brtt. að veitt verði, heldur er n. á móti brtt. af þeim ástæðum, sem ég hef tekið fram viðkomandi báðum þessum brtt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Hv. allshn. hefur ekki getað fallizt á að mæla með þeim brtt., sem ég hef flutt við frv. og eru á þskj. 64. N. hefur í raun og veru, eftir því sem hv. frsm. skýrir frá, viðurkennt það, að það sé jafn réttur hjá Ólafsvíkingum eins og hjá Siglfirðingum til að fá keypta jörðina Hvanneyri. En aftur á móti telur n., að ekki sé fullnægt ýmsum formsatriðum í þessu máli. Ég skal játa, að n. hefur þarna nokkuð mikið til síns máls, því að þó að ég hafi borið þetta mál fram í brtt.-formi, þá er rétt að bera það fram í frumvarpsformi og sem sérstakt frv. hverja söluheimild fyrir sig. En hitt er ég ekki sannfærður um, að það sé nauðsynlegt, að það liggi fyrir umsögn sýslun. um málið, þó að heimild sem þessi sé veitt. Því að um leið og ríkisstj. afsalar jörðinni f. h. ríkisins, þá hlýtur ríkisstj. að ganga eftir því, að öllum formsatriðum sé fullnægt, og þá þar á meðal umsögn sýslun. um kaup á jörðinni.

En ég þakka mjög vel fyrir þau orð, sem n. hefur látið frá sér fara um mál það, sem ég hef borið hér fram. Og ég geri ráð fyrir því, þegar þau skilyrði eru uppfyllt, að málið er borið fram í réttu formi, þá muni ekki standa á stuðningi allshn. Ed. við þetta mál. Ég ætla því nú að taka mína brtt. á þskj. 64 aftur, í fyrstu aðeins að ákveða að taka hana aftur til 3 umr., en fyrir þá umr. svo athuga betur, hvort ég tek hana alveg aftur.

Jóhann Jósefsson: Hv. allshn. hefur ekki getað fallizt á að mæla með því, að mín brtt. við þetta frv. verði samþ., og er það kannske vorkunnarmál, að n. telur, að mál það, sem brtt. mín er um, sé of stórt til þess að tengja það á þennan hátt við það frv., sem fyrir liggur. Hitt er hv. allshn. í raun og veru sammála um, eins og hún hefur tekið hér fram, að það sé nauðsynlegt, að kaupstaðalönd séu opinber eign, annaðhvort ríkis eða bæja. Og það er eðlilegt, að n. hafi ekki myndað sér fasta skoðun um það, hvort heppilegra er í Vestmannaeyjum, að lóðir og lönd þar séu ríkis- eða bæjareign, og kannske meðfram af því, að ekki hafa legið hér fyrir nægilega mikil gögn í málinu.

Ég rökstuddi að vísu brtt. mína við 1. umr., en ég skal játa, að það er margt fleira, sem þar kæmi til greina, sem ég hirti þá ekki um að telja fram. N. sagði, að fram hefðu komið raddir um það, að ráðstöfun lóða í kaupstöðum og kauptúnum hefði verið óheppileg, svo að ekki væri fastar að orði kveðið. Ég held, að þetta geti tæplega átt við Vestmannaeyjar, því að þar hafa ekki orðið stórar misfellur á þessu sviði nema af hálfu ríkisins. Stærstu misfellurnar og alvarlegustu hneykslin í því máli eru aðgerðir ríkisvaldsins. Er ég tilbúinn að sýna fram á það, ef n. léki hugur á að vita, hvernig ríkisvaldið hefur farið svona misjafnlega vel með lóðir austur þar.

Nú skilst mér, að n. sé fús til að fallast á, að Vestmannaeyjar eignist part af sínu landi, minni eða stærri, eftir því sem ástæður væru til, ef málið væri flutt í öðru formi. Ég sé ekki, að það sé svo stórkostlega athugavert, hvort Vestmannaeyjar eiga kaupstaðinn eða ríkið, því að landslög ná jafnt yfir það, hvort sem kaupstaðurinn eða ríkið á landið, en ég tel það æskilegast, að kaupstaðirnir eigi það land, sem þeir standa á.

Ég get tekið undir það með hv. sessunaut mínum, að ég skal taka till. mína til baka við þessa umr., en veit ekki, hvort ég geri það nema til 3. umr., en til vonar og vara vil ég biðja hæstv. forseta að bíða með atkvgr. um hana til 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Við 1. umr. benti ég n. á, að ég teldi miklu máli skipta, að sett yrðu l., sem fyrirbyggðu ýmsa misnotkun, sem átt hefur sér stað, bæði af hálfu þess opinbera og eins einstaklinga, á þessum lóðum í seinni tíð. Ég benti henni á að tala við framfærslumálanefnd ríkisins, sem mundi vera að vinna að samningu lagauppkasts, sem ætti að fyrirbyggja þetta um erfðafestulönd. Það uppkast mundi vera komið langt áleiðis, og í svipuðu sniði mundi einnig mega hafa l. um lóðasölu. Mér er kunnugt um, að n. hefur átt tal við framfærslumálanefnd um þetta og kannske gert sér þar með ljósara en áður, hvað hér er á seyði og hve mikil þörf er á löggjöf í þessu efni. Ég heyrði á hv. form. n., að hann teldi, að n. sem slíkri bæri engin skylda til að hugsa um þessa hlið málsins. Það má að vísu segja svo, en mín afstaða til málsins er sú, að ég hef meiri trú á, að eitthvað verði hafizt handa, ef ríkið er eigandinn en ef það eru bæirnir. Og þó að ég sé með því, að í framtíðinni eigi hver bær sitt land, þá vil ég, til þess að síður seinki löggjöf um þessa hluti, ekki láta bæina eignast þessi lönd, fyrr en slík löggjöf er komin, og mun ég því bæði greiða atkv. á móti brtt. og frv. sjálfu.

Erlendur Þorsteinsson: Ég vil byrja á að þakka n. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli, eins og við mátti búast, þar sem n. mælti með því á vetrarþinginu, að frv. yrði samþ. En út af ummælum hv. 1. þm. N.-M. vil ég gera nokkrar aths.

Hann vill blanda saman tveimur óskyldum málum, sem sé hvort kaupstaðirnir eigi að fá keypt það land, sem þeir standa á, og hvernig eigi að koma í veg fyrir lóðabrask. Það var upplýst hér við fyrri umr., hvernig þróunin hefur verið í lóðabraskinu á Siglufirði. Ríkið hefur átt þetta land, en hefur ekki fylgzt með betur en svo, að þær ráðstafanir hafa átt sér stað, sem lýst var við 1. umr. Það er því alveg þveröfugt, sem hv. 1. þm. N.-M. var að halda fram, að ríkisstj. væri betur trúandi til með eignarhaldi á þessu landi að koma í veg fyrir lóðabrask. Mér finnst þetta líka leiða af sjálfu sér. Ríkisstj. hafa í það mörgum málum að snúast, að þær geta ekki haft beint eftirlit með þeim daglegu viðburðum í hinum ýmsu kaupstöðum landsins. Bæjarstj. eru aftur á móti kosnar til þess að fylgjast með þeim málum, sem fram fara innan takmarka bæjarfélagsins. Það er því eðlilegt og sjálfsagt, að bæjarstj. fylgist betur með í því, hvort þetta brask heldur áfram eða ekki, og hvað sem verða kann með þá bæjarstjórn á Siglufirði, sem kæmi til með

að framlengja þá samninga, sem nú eru í gildi og hún þarf að framlengja, þá veit ég, að eins og bæjarstj. þar er nú, þá mun hún fylgjast með þessum málum með miklum áhuga og reyna að koma í veg fyrir hina óeðlilegu verðhækkun, sem átt hefur sér stað á þessum óbyggðu lóðum á Siglufirði.

Af framangreindu tel ég tryggingu fyrir, að bæjarstj. og hreppsn. hafi miklu meiri möguleika til að fylgjast með því, sem gerist í þessum málum, heldur en ríkisstj. Þess vegna finnst mér, að rök hv. 1. þm. N.-M. snúist alveg á móti því, sem hann vill vera láta. Hins vegar mun ekki standa á mér að samþ. skilyrði fyrir kaupum á Hvanneyri, sem ættu að koma í veg fyrir brask með þetta land, eða að veita mitt samþykki til, að reynt verði að koma í veg fyrir slíkt hvar sem er á landinu. Ég er sammála hv. 1. þm. N.-M., að það beri að gera allt, sem hægt er, til að koma í veg fyrir verðhækkun á byggingarlóðum í kaupstöðum.

Ég vænti þess að lokum, að þegar hv. þm. athugar þetta nánar, þá fallist hann á, að það er enginn skaði skeður, þó að bæirnir eignist þessi lönd, og það ætti sízt að torvelda, að l. verði sett um þetta efni hér á landi.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég get lýst ánægju minni yfir, að hv. flm. brtt. hafa sinnt rökum allshn. og tekið aftur till. sínar. Ég skil yfirlýsingar þeirra þannig, að till. þeirra verði teknar endanlega aftur, en það er skiljanlegt, að þeir vilji nota tímann á milli umr. til að athuga, hvað þeir gera endanlega í því máli.

Ég hef ekkert við ræður hv. þm. að athuga, nema þar sem hv. þm. Vestm. taldi, að n. vildi alveg neita um sölu á Vestmannaeyjajörðum. Það er mikill misskilningur. Hann komst þannig að orði, að *honum* fyndist ekki viðeigandi að neita einum kaupstað um það, sem öðrum væri leyft. Það er misskilningur, að í þessu felist neitun af hálfu allshn., en hún telur aðeins, að málið sé ekki það vel undirbúið, að rétt sé að samþ. það nú, sízt í því formi, sem það ber að.

Að því er snertir það, sem hv. 1. þm. N.-M. skaut fram, hvort ekki væri tímabært að setja löggjöf um meðferð á lóðum og lendum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þá vil ég aðeins geta þess, sem ég drap áður á, að n. telur fulla þörf á slíkum l., en n. brestur þekkingu til þess og treystir sér ekki að bera nú fram frv. um þetta, því að til þess að geta gert ráðstafanir, sem væru veruleg lækning á þessu meini, þarf semjandinn að vera þessum málum baulkunnugur, en nm. eru þessu mjög lítið kunnugir. Hins vegar er það rétt, sem hv. þm. gaf í skyn, að n. mun hafa átt tal við einn mann úr framfærslumálan. ríkisins og spurzt fyrir um, hvort hún hefði nokkra slíka löggjöf á prjónunum, en var skýrt frá, að í undirbúningi væri frv. um meðferð ræktunarlóða í kaupstöðum. N. benti þessum manni á, að nauðsynlegt væri að hafa frv. fyllra og láta það einnig ná til byggingarlóða, en þessi nm., sem var Jens Hólmgeirsson, lét í ljós, að n. hefði ekki enn fyrir hendi nægar upplýsingar og þekkingu til þess, að hún treysti sér til þess, en viðurkenndi þörfina fyllilega.

Ég held því, að þegar sú n., sem helzt hefur kunnugleika á þessum málum, treystir sér ekki til að leggja fram frv. um þetta efni eins og sakir standa, þá sé það ekki sanngjörn krafa, að allshn. þessarar d. fari nú að leggja slíkt frv. fram, misjafnlega vel undirbúið, sem mundi áreiðanlega ekki leysa þetta vandamál. Slíkt mundi aðeins spilla fyrir málinu.

Ég get vel tekið undir það með hv. 10. landsk., að mikill ljóður er á, að ekki skuli vera hægt að koma í veg fyrir, að lóðir hækkuðu í verði í kaupstöðunum. En ég held, að réttara sé að brýna fyrir stj. að setja þau skilyrði, sem fyrirbyggðu, að lóðir kæmust í brask, en ekki sé sérstök ástæða að greiða atkv. á móti þessu frv. byggt á þeim forsendum, að ekki sé til löggjöf, sem geti komið í veg fyrir, að misnotkun á lóðum eigi sér stað.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er mjög ánægjulegt, að allir skuli vera sammála um að setja l., *sem takmörkuðu þá óeðlilegu* og heimskulegu verðhækkun, sem orðið hefur á lóðum við endurteknar sölur og brask. Ég get líka glaðzt yfir því, að n. telur sig nú vanbúna til að koma með svona frv., en lýsir því jafnframt yfir, að hún sé með þeim anda, sem í þessu felst, því að það er fyrsta skilyrðið til þess að menn læri, að menn viti sínar takmarkanir. Og fyrst hún hefur fundið sínar takmarkanir og fundið þörfina, þá er enginn svo gamall, að hann geti ekki lært.

Það er ekki mikið, sem mér ber á milli við einn hv. flm. þessa frv. Ég er honum sammála um, að eins og löggjöfin er nú, getur vel verið, að bæjarstj. geti eins vel verið á verði eins og ríkisstj. En svo skilur okkur á um það, að ég lít svo á, að meðan ríkisstj. á að bera ábyrgð á meðferð þessara lóða, verði henni enn ljósara, að hér þarf að ráða bætur á, heldur en ef bæjarstjórnirnar eru ordnar eigendur. Mér er t. d. ljóst, að núverandi stj. veit, að hér þarf lagfæringar við, og það mun vera fyrir tilhlutun hennar, að framfærslumálan. hefur tekið til athug*unar, hvað gera mætti til bóta. Ef bæirnir hefðu* átt löndin, efast ég um, að henni hefði verið það ljóst. Sá veit bezt, hvar skórinn kreppir, sem ber hann, segir máltækið, og þegar ríkið á þetta land og stj. á að sjá um það, finnur hún bezt, hvar skórinn kreppir, en ef bæirnir eiga það, þarf hún ekki eins að hugsa um það. Ég álít því, að fyrst eigi að setja hér löggjöf, áður en bæirnir eiga að eignast þessi lönd.

ATKVGR.
Brtt. 52 og 64 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 30. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 42, 52, 64).

Jóhann Jósefsson: Við 2. umr. þessa máls bað ég um, að frestað yrði atkvgr. um brtt. mína að því er snertir Vestmannaeyjajarðir, í sam-

bandi við þetta frv., og var það aðallega af því, að n. mælti einhuga á móti samþykkt hennar, aðallega á þeim grundvelli, að ekki væri vogandi að bera það mál upp samhliða því frv., sem hér um ræðir. Það kann að vera, að skiptar séu skoðanir um það. Hins vegar vil ég ekki stefna þessu máli í hættu vegna þessarar afstöðu n. Annars var minn tilgangur með þessari brtt. sá, að auðvelda mönnum í Vestmannaeyjum að fá aðgang að löndum til ræktunar. En af því að ég þykist eygja leið í því, þó að þessi till. sé ekki samþ., að koma þessu áhugamáli fram á annan veg hér á Alþ., þá tek ég þessa brtt. mína aftur.

ATKVGR.

Brtt. 52 og 64 teknar aftur.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Herra forseti! Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, finnst mér mjög litlar upplýsingar eða skýringar vera að finna í grg. þess. Og það á að leggja það hér fyrir hv. d. án þess að skýringar komi um það, hvorki frá hæstv. ríkisstj. né öðrum. Hér er þó um stórkostlegt fjárhagsmál að ræða, að selja svo að segja allar lóðir Siglufjarðarbæjar, þess bæjar, sem fer hvað mest hraðvaxandi af bæjum hér á landi nú sem stendur. Og það á að gerast, skilst mér, án þess að vísað sé um réttmæti þess til neins annars en grg., sem prentuð hefur verið áður með frv. hér á Alþ., en er ekki prentuð nú og fæstir hv. dm. munu hafa séð. Þessi grg. var örstutt og fylgdi í fyrra á þinginu sams konar frv. þessu, sem þá var borið fram, og var sú grg. frá þeim mönnum, sem sækja um að kaupa þessar lóðir fyrir hönd bæjarins, þ. e. bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Önnur skýring fylgir málinu ekki hér í þessari hv. d. en sú, sem er í skjalapartinum frá í fyrra.

Ég vildi þess vegna benda á það, áður en þetta mál fer lengra, að hér er vissulega um stórkostlegt fjárhagsatriði að ræða fyrir ríkissjóð. Þarna er farið fram á, að hann selji allar þessar lóðir nú, sem búið er að byggja á. Þarna á þessum lóðum sumum á ríkið stórkostlegar byggingar, sem eru síldarverksmiðjurnar, og þar sem sjálfsagt verður byggt á meira í viðbót við þær byggingar. Er þá meiningin að selja allar lóðirnar, sem ríkið á þarna og hefur sjálft byggt á? Og sömuleiðis allar lóðirnar, sem ríkið á nú þarna og leigir út og bæjarstjórnin á Siglufirði hefur í þessu fylgiskjali, sem fylgdi frv. í fyrra, talið, að muni nema 10 þús. kr. tekjurnar af árlega fyrir ríkissjóð? Það er sagt þar, að þessi skaði, sem þarna mundi vera um að ræða fyrir ríkissjóð, geti ekki skipt neinu sérstöku máli. En vitanlega fara hraðvaxandi tekjurnar af þessari eign, sem ríkið á þarna.

Í öðru lagi vil ég segja það, að ég tel mjög varhugavert, eins og maður hefur séð, hvernig þróunin hefur verið í lóðamálunum hér í bænum, — að umráðarétturinn yfir slíkum lóðum sé afhentur meiri hl. í bæjarstjórnum, sem þær svo selja eða láta á leigu til einstaklinga, sem svo aftur lána þær á ýmsa vegu og sihækka með því leiguna eftir þær. Hvernig hefur þetta farið hér í Reykjavík? Hér í bænum hefur þetta orðið til þess, að lóðirnar eru í uppsprengdu verði, sem hleypir fram byggingarkostnaðinum, sem svo aftur hefur ekki lítið að segja nú um hækkun húsaleigunnar, sem hefur valdið þeim erfiðleikum, sem kunnugt er og menn verða að glíma við hér í bænum. Siglufjarðarbær á eftir að vaxa, og má búast við, að hann eigi eftir að vaxa stórkostlega. Þar af leiðandi verður þrengra og þrengra um byggingarlóðirnar. Og ef þessum málum yrði stefnt inn á sömu leið þar eins og gert hefur verið hér í Reykjavík, til þess að gefa frjálsan tauminn um það, hvernig meiri hl. bæjarstj. á hverjum tíma þóknast að ráða þessum málum, þá mundu lóðirnar þarna á Siglufirði fara stöðugt hækkandi í verði, án þess nokkur hefði gróða af, nema einstakir menn í svipinn. En ríkið getur hins vegar haldið leigunni eftir lóðirnar niðri, án þess að eiga neitt verulegt á hættu, það getur tryggt, að lóðirnar fari ekki hækkandi í verði, ef þeim er ekki afsalað í hendur einstaklinga og bæjarstjórna, eins og verið hefur.

Þá vil ég líka benda á það, að ef þetta næði fram að ganga, að þarna væru bæjarfélaginu afhentar fyrir svo að segja ekkert eða a. m. k. sáralítið verð allar lóðirnar, sem bærinn stendur á og framtíð bæjarins byggist á, þá verður alls ekki hægt að standa á móti því, að samþ. hið sama fyrir aðra staði, t. d. Vestmannaeyjar, þar sem nákvæmlega stendur eins á, en þingið hefur ekki viljað ganga inn á.

Ég sé ekki nokkur skynsamleg rök fyrir því að afhenda vissum kaupstöðum lóðir, sem ríkið á, en neita öðrum kaupstöðum um það sama, þar sem nákvæmlega eins stendur á um þessa hluti. Og ég veit ekki betur en að yfirleitt hafi verið horfið frá þeirri stefnu að selja jarðir, sem hafa verið í opinberri eign. Og það hefur verið álitið, að það væri ekki heppilegt fyrir þróunina í landinu, vegna þess, hvernig braskað hefur verið með jarðir, og við það hafa þær stórhækkað í verði.

Ég skal enn fremur geta þess í þessu sambandi, að hér væri ríkið — ef það seldi þessar lóðir — að ráðstafa til annarra eign, sem það í raun og veru er ekki réttur eigandi að, heldur hefur tekið sér umráðarétt yfir, því að þessi jörð er kirkjueign. Það getur verið, að sumum finnist, að ríkið geti farið með kirkjueignir eins og það vill. En þegar um sams konar mál var að ræða í Noregi, þá var ríkið dæmt til að afhenda þessar eignir til þess aðila, sem hafði átt þær, kirkjunnar. Ég tel mjög óheppilegt að fara á þann hátt, sem hér er lagt til, með eign, sem ríkið kannske hefur ekki eignarrétt yfir, þó að það hafi tekið sér umráðaréttinn yfir henni, þ. e. a. s. valdið til að stjórna henni um tíma. Og ég tel það yfirleitt mjög vafasama leið, að ríkið taki að sér að selja kirkjueignir. Og þó að það kynni að álítast rétt, að ríkið hefði rétt til þess, sem ég tel mjög vafasamt að það hafi, þá er það mjög lítil fyrirhyggja fyrir framtíðinni að afhenda á þennan hátt, sem hér er gert ráð fyrir, land fyr-

ir framtíðina fyrir svo að segja ekkert verð, og vita þó, að þær ráðstafanir muni hafa í för með sér, að fyrir almenning geti verið erfiðara að lifa þar eftirleiðis, ef ríkið sleppir eignarhaldi af þessu landi og lætur það fara í hendur braskara.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

*__Finnur Jónsson:__ Ég vil mæla með því, að þetta frv. verði samþ., vegna þess að ég tel, að það sé nauðsynlegt fyrir bæi og þorp að eiga sem allra mest af þeim lóðum og lendum, sem bæirnir standa á. Reynslan hefur líka sýnt, að þeir bæir, sem eiga mest af sínum lóðum og lendum, eru að ýmsu leyti betur stæðir heldur en þeir, sem eiga lítið eða ekkert af þeim. Alþ. hefur á marga vegu stutt að þessu, og mér er kunnugt um, að ríkissjóður hefur selt t. d. Akureyrarbæ þær jarðir, sem að Akureyrarbæ liggja, og það var svo, að bærinn varð að kaupa háu verði jarðarhluta einstakra manna, en fékk ríkisjarðirnar með sæmilegu verði. Hefur þar verið tekin upp sú regla að selja ekki neitt af þessum jörðum, heldur leigja þær út vægu verði til mikils hagnaðar fyrir bæjarbúa.

Í ræðu hv. 1. þm. Rang. í gær, þar sem hann mælti á móti frv., kom fram sá mikli misskilningur, að trygging væri fyrir því, að lóðir á Siglufirði lentu ekki í braski, og Hvanneyri væri kirkjujörð og þar með eign ríkisins. Nú hefur þetta því miður ekki verið svo á Siglufirði að undanförnu, því að allar byggingarlóðir á Siglufirði voru útmældar á sínum tíma og leigðar fyrir ákaflega lágt verð, ég held 10—15 kr. hver byggingarlóð. Þessir leigusamningar hafa gengið kaupum og sölum, þannig að lóðabrask hefur átt sér stað á Siglufirði, enda þótt Hvanneyri væri eign kirkjujarðasjóðs, alveg eins og jarðir í eigu einstakra manna. Ég get t. d. upplýst, að þær lóðir, sem ríkisverksmiðjurnar hafa fengið sem leigulóðir, eru allar keyptar — eða leigusamningarnir — margföldu verði við það, sem kirkjan fékk í leigu af lóðunum. Leigan, sem kirkjan fær fyrir lóðirnar, er um 10 kr. á ári, en það hefur komizt svo langt, að þær hafa verið leigðar fyrir 10—12 þús. kr. Vænti ég, að hv. 1. þm. Rang. sannfærist af þessum upplýsingum um það, að það er engin trygging til að koma í veg fyrir lóðabrask, að jörð sé kirkjujörð. Sennilega er það almennt stefna bæjarstjórna í landinu að selja ekki þær lóðir, sem þær eignast í bæjunum, og mun óhætt að ganga út frá því, hvaða flokki, sem bæjarstj. fylgja, að þar séu engir menn, sem óska eftir að gera bæjarlöndin að einstakra manna eign, heldur sé það viðurkennd regla, þó að það sé ekki enn í löggjöf, að bæirnir eigi að eiga þau lönd, sem þeir þurfa á að halda. Eigi að síður vil ég ekki þar með segja, að ekki væri rétt að slá varnagla í þessu frv. um, að bærinn megi alls ekki selja lóðirnar, heldur aðeins leigja þær, og mundi það alls ekki fæla bæjarstj. Siglufjarðar frá þessum kaupum. Enn fremur mætti setja varnagla í frv. gagnvart þeim lóðum, sem síldarverksmiðjur ríkisins standa á, á þann hátt, að þær skuli halda áfram að vera ríkiseign, ef óttazt væri, að Siglufjarðarbær vildi að einhverju leyti þrengja að kosti verksmiðjanna. Það er að vísu svo, að lóðaleigusamningarnir, sem ríkisverksmiðjurnar hafa keypt, gilda flestir í 40—50 ár, svo að enn er ekki að því komið, að þar sé hægt að gera neina breyt., en eðlilegast væri, að Siglufjarðarbær eignaðist þau lönd, sem bærinn stendur á, en lóðaleigusamningarnir féllu niður, jafnskjótt og þeir gengju úr gildi. Ég tel, að eins og frá þessu hefur verið gengið af núverandi eiganda, ríkissjóði eða kirkjujarðasjóði, þá hafi reynslan orðið sú, að lóðir hafi lent í braski, sem er bæjarbúum Siglufjarðar til mikils tjóns, án þess að það hafi gefið ríkissjóði nokkrar tekjur í aðra hönd. Þess vegna mun bezt verða séð fyrir hagsmunum þeirra, sem búa á Siglufirði, án þess að hagsmunir ríkissjóðs séu skertir á einn eða annan hátt, með því, að Siglufjarðarbær eignist Hvanneyri.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Hv. þm. Ísaf. hefur leitazt við að sannfæra þm. um, að það sé ekki nægilega tryggt, að lóðir og jarðir fari ekki í brask, þó að ríkið eigi þær. Þetta er í sjálfu sér enginn nýr fróðleikur, að hægt er stundum í braski að nota leigusamning líkt og eignarhald væri að einhverju leyti og verzla með hann eða braska. En hv. þm. Ísaf. hefur ekki tekizt að sannfæra þdm. um, að hættan á braski sé minni eða jafnlítil, ef lóðirnar eru seldar, því að þá mundi það fyrst byrja fyrir alvöru. Við vitum, hvernig farið hefur í Reykjavík. Landið var opinber eign, bæjareign, og hversu miklar eru lóðirnar, sem einstaklingar eru nú búnir að eignast, hve mikið hefur brask hækkað þær í verði, síðan bærinn átti þær, og hver er ávinningurinn? Núna nýlega hef ég heyrt af litlum lóðarskika, sem seldur var í miðbænum og fór á 3 hundruð þús. kr. Dettur nokkrum í hug, að slíkt ástand hefði skapazt, ef ríkið hefði átt og ekki látið landið, sem bærinn stendur á?

Hv. þm. Ísaf. segir, að lóðirnar á Siglufirði hafi verið leigðar fyrir 10—15 kr. á ári til ákveðins árafjölda, en einstaklingar, sem leiguréttinn fengu, hafi grætt svo, að skipti tugum þúsunda, á því að selja hann öðrum. Það er aðeins vegna þess, að ríkið hefur ekki verið trútt sinni stefnu að lána ekki lóðirnar til annars en reisa hús á þeim. Og aldrei kaupa menn leigurétt til 50—60 ára eins háu verði í braski og þeir mundu kaupa eignarlóðir. Hv. þm. vill láta afhenda landið bæjarstjórninni, sem mundi ekki standa eins fast móti því og ríkið að selja þær einstaklingum til að braska með.

Það væri líka í meira lagi undarlegt að fara að selja lóðirnar undan síldarverksmiðjum ríkisins til þess að láta einhverja græða á þeim síðar. Hver þm., sem fær sig til að fylgja því, hefur meir í huga hagsmuni Siglufjarðar og einhverra annarra aðila en ríkisins. Alþ. ber að gæta hagsmuna ríkisins. Ríkið á t. d. lóðir í Vestmannaeyjum og dettur ekki í hug að sleppa þeim, því að það yrði Vestmannaeyjum til bölvunar. Ég vil skora á n. að taka til athugunar, hve mikilla hagsmuna ríkið á þarna að gæta. Þm. upplýsir, að leiga sé 10—15 kr. af lóð, og bæjarstjórnin í bréfi sínu, að tekjurnar nemi

samt sem áður 10—15 þús. kr. alls á ári. Hvað mundu þær þá síðar verða, miðað við þær upplýsingar, sem hv. þm. hefur a. m. k. gefið í skyn um verðmæti lóðanna nú? Mér virðist, að hér sé ekki um afhending neinna smáhagsmuna að ræða.

*__Finnur Jónsson:__ Ég vildi benda hv. 1. þm. Rang. á, að lóðaleigusamningarnir eru yfirleitt þannig úr garði gerðir, að þeir ganga kaupum og sölum og lenda í braski nákvæmlega á sama hátt og um eignarhald væri að ræða, og frv. getur á engan hátt orðið til að ýta undir það brask, heldur er tilætlunin að vinna á móti því. Það er hinn hraparlegasti misskilningur, sem hv. þm. byggir málfærslu sína á, að þetta sé leið til að koma lóðum í brask, en hitt vörn við braski, að láta núverandi ástand haldast. Tveir samflokksmenn hans á Siglufirði eru nú beinlínis orðnir ríkir menn á þessari verzlun með lóðir ríkisins. Það hljómar e. t. v. einkennilega í eyrum hans, en auðvelt að færa fyrir því fullar sannanir. Ég er ekki með þessu að gera neina sérstaka árás á þá menn, sem setið hafa prestar á Hvanneyri, — segi bara þessa sögu eins og hún hefur gengið.

Hv. 1. þm. Rang. fullyrti, að sá hefði ekki hag ríkisins fyrir augum, sem mælti með þessu frv. Ef ég á að fara að svara þessu, verð ég að segja, að mér þykir hann höggva nokkuð nærri hæstv. dómsmrh., sem hefur eindregið mælt með þessari sölu til bæjarins. Ég er ekki að mæla með neinu öðru en hann mælir með í bréfi til Alþ. og mælir með fyrirvaralust. Ég vil þó hafa þann fyrirvara, að rétt megi vera að setja ákvæði í frv. um að banna bænum sölu á lóðum, og get fallizt á, að lóðir síldarverksmiðja ríkisins séu undanskildar kaupunum.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Hv. þm. Ísaf. kemur nú með þá skýringu, að hann fylgi frv. af því, að dómsmrh. hafi gefið því meðmæli sín. Ég verð að segja, að sjálfur verð ég að hafa mínar skoðanir um frv., hvað sem einhverjum meðmælum líður. Ekki eru þau í grg. frv., og ekki er haft svo mikið við að koma þeim á framfæri hér í þd. um leið og frv. Hv. þm. Ísaf. hefur ekki verið að hugsa um það í þessum umr. að skýra málið sem bezt og færa fyrir því hin raunverulegu rök, sem kynnu að styðja það, heldur reyna að læða því í gegn, án þess að nokkur taki eftir, hvað er eiginlega í því fólgið. Og af hverju? Af því að málið er í rauninni óverjandi. eins og greinilega kemur í ljós, þegar farið er að kryfja það.

Hv. þm. Ísaf. segir, að eins og ástandið er, sé ekki unnt að girða fyrir brask. Vitanlega. En því þá að auka möguleikana fyrir braski? Þegar aðalumkvörtunarefnið er það, að einhverjir tveir framsóknarmenn hafi orðið hlutskarpastir í braskinu á Siglufirði, sýnist aðaláhugamálið vera að koma einhverjum fleiri að krásinni, nú þurfi bærinn að taka við þessu, svo að þessir menn geti grætt meira og 2 eða 4 eða 6 eða 8 af flokksmönnum hans, sem líka vilja hafa putana í grautnum, geti rutt sér þar til rúms í skjóli eftirgefanlegrar bæjarstjórnar. Þegar þm. telur sig geta fallizt á að undanskilja ríkisverksmiðjulóðirnar, — sjálfsagt telur hann það ekki, getur bara fallizt á það til samkomulags, — reiknar hann, sem ætti þó að vita, hve gífurlegri aukningu má e. t. v. gera ráð fyrir á landþörf þessa verksmiðjurekstrar, ekki með því, að ríkið héldi eftir öllum þeim lóðum, sem það kann að þurfa í framtíðinni. Hann vill láta ríkið selja, - - kaupa svo seinna, þegar einhverjir eru búnir að græða á lóðunum.

__Pétur Ottesen:__ Mig rekur minni til þess og vafalaust marga fleiri, að meðan samstarf Framsfl. og Alþfl. var í góðu gengi, stóðu þessir flokkar sameiginlega að því að taka gersamlega fyrir sölu opinberra jarðeigna og lóða, og ekki nóg með það, heldur voru samtök með þeim um að beita sér fyrir, að ríkið notaði sér erfiðleika bænda á þeim árum til að kaupa af þeim jarðirnar, svipta þá sjálfseignarrétti á býlum sínum. Síðan hefur ríkið gert allmikið að þessu, og hugsjón þessara flokka færzt þeim spöl nær marki.

Nú bendir þetta frv. til, að orðin sé einhver breyt., veruleg straumhvörf hjá sumum þm. þessara flokka. Tveir framsóknarmenn í Ed. eru meðal flm. þessa frv. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar, sem er mjög verðmæt eign, og hér hefur einn af þm. Alþfl. þeitt sér fyrir því sama. Ég álít, að mál þetta eigi að ganga til n., og án þess að ég sé nokkuð að segja um afstöðu mína til einstakra atriða frv. að því búnu, vildi ég lýsa mjög mikilli ánægju minni yfir þeim straumhvörfum, sem virðast vera að gerast í þessum málum. Að því er snertir jarðeignir í sveitum, er það bjargföst sannfæring mín, að tryggingin fyrir framtíð sveitanna liggi að mjög miklu leyti í því, að þar verði sem flestir sjálfseignarbændur, og því fagna ég stefnubreyt.

*__Finnur Jónsson:__ Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Borgf., að fylgi mitt við frv. sýni stefnubreyt. hjá mér eða yfirleitt í Alþfl. Flokkurinn hefur aldrei þeitt sér fyrir því, að ríkið eignaðist lóðir, sem kaupstaðir og sveitarfélög ættu, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Hann hefur einmitt stutt að því eftir mætti, að kaupstaðirnir eignuðust landið, sem þeir standa á, og lendur, sem þeir þurfa að nytja. Frv. þetta er í fullu samræmi við þá góðu og gömlu stefnu Alþfl.

En ríkiseign, sem farið er með á sama hátt og lóðirnar úr landi Hvanneyrar, elur á sér lóðabraskið eins og hver önnur óþrif og á ekki rétt á sér. Það er auðvitað misskilningur hjá hv. 1. þm. Rang., að tilgangur frv. sé aukið lóðabrask, — það á að afnema tækifærin til brasksins. Ég var engan veginn að skjóta mér bak við hæstv. dómsmrh. eða hans álit, þótt ég benti þm. þar á ummæli manns, er stendur nær honum en mér.

__Skúli Guðmundsson:__ Hv. þm. Borgf. lét orð falla um það, að ríkið hefði notað sér erfiðleika bænda til að ná eignarhaldi á jörðum þeirra. Þetta er ekki rétt hjá þm. Hitt er rétt, að sett voru lög um jarðakaup ríkisins, og þegar ríkið hefur keypt jarðir samkv. þeim, hefur það eingöngu verið, þegar bændur, sem bjuggu á jörðunum, óskuðu eftir því. Þessi jarðakaup hafa forðað því, að margir bændur flosnuðu upp, sem ella hefðu gert það. Hv. þm. Borgf. er

kunnugt um þetta. Þessir bændur hafa síðan fengið erfðaábúð á jörðunum með góðum kjörum og tryggt þannig sér og niðjum sínum afnot þeirra í framtíðinni.

Það er vitað, að meðal bænda eru mjög skiptar skoðanir um, hvort heillavænlegra sé, að jarðir séu í einkaeign eða þjóðareign. Í löggjöf er nú þessum skoðunum gert jafnt undir höfði. Þeir, sem vilja, geta freistað að eignast jarðir, og þá er sanngjarnt, að ríkið eigi nokkuð af jörðum handa þeim, sem vilja gjarnan vera leiguliðar þess. Þá hefur verið sett löggjöf um erfðaábúð og óðalsrétt, þar sem gert er ráð fyrir, að jarðir séu afhentar mönnum á erfðaleigu, svo að menn geti lið eftir lið notið þeirra umbóta, sem á þeim eru gerðar.

Ég hef ekki orðið var við, að fram hafi komið upplýsingar um, að Siglufirði væri nauðsynlegt að fá þessa jörð keypta. Þar sem þetta er ríkiseign, mun ekkert vera því til fyrirstöðu, að ríkið leigi lóðir til almennra afnota. Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um, að knýjandi nauðsyn væri að skipta um eigendur. Þó að ég geti fallizt á, að frv. fari til n., sé ég ekki ástæðu til, að frv. verði samþ. endanlega, nema fyrir liggi einhverjar fyllri upplýsingar, sem sýna, að ástæða sé til að skipta um eigendur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 252).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt 252 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 290).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. hefði verið endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. d. og hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu málsins, meðan ég var fjarverandi. Sú breyt., sem Nd. hefur gert á frv., er í samræmi við það, sem ég gat um við 1. umr., að við flm. gætum gengið inn á.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 327).

---

20. Lendingarbætur í Skipavík.

Á 28. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur í Skipavík (þmfrv., A. 140).

Á 30. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég þarf ekki að láta fylgja þessu máli langa framsögu. Það fylgir því ýtarleg grg. og umsögn frá vitamálastjóra og frá verkfræðingi, sem hefur athugað málið. Málið hefur tvisvar verið rannsakað, af tveimur verkfræðingum. Kemur þeim saman um, að eðlilegast sé að gera lendingarbætur á Selströnd, og eru sammála um, að Skipavík er staðurinn, sem á að velja. Það hefur áður verið veitt fé í fjárl. til lendingarbóta á Selströnd, í Gautshamarsbæli, 7 þús. kr., en það hefur verið ósamkomulag hjá sjómönnum þar nyrðra um, hvar ætti að hefjast handa, og hefur verið um a. m. k. 3, ef ekki 4, staði að ræða. En eftir að rannsóknir hafa farið fram, hefur komið í ljós, að Skipavík er rétti staðurinn. Vegna þess hafa þeir peningar, sem veittir höfðu verið úr ríkissjóði, ekki verið hafnir. En eftir að auðsætt þótti, hvaða stað skyldi velja, hef ég reynt að ýta undir, að samkomulag yrði meðal sjómannanna, og er það nú fengið.

Það þarf ekki að leiða frekar rök að því, að það er hin mesta nauðsyn, að mannvirki þetta komist í framkvæmd, því að bátar fást ekki tryggðir á legunni, enda hefur það komið í ljós, að þótt þarna séu ein beztu fiskimið við landið, hefur útvegurinn borið sig illa, af því m. a., hvað atvinnutímabilið er stutt, en það verður ekki lengt nema með góðri bátalegu.

Ég tel því, að þörfin sé tvímælalaus, því að þarna er töluverð byggð og gerðir út um 20 bátar. Einnig er verið að byggja þarna hraðfrystihús. Auk alls þessa er Skipavík einstök í sinni röð, því að þar má gera góða bátalegu með sáralitlum tilkostnaði. Það var gert ráð fyrir 28 þús. kr. tilkostnaði fyrir stríð.

Ég vona, að hv. n. fallist á að afgreiða málið sem fyrst, en ég mun senda n., sem eflaust verður sjútvn., teikningar af Skipavík og hinu væntanlega mannvirki, væntanlega með yfirlitsuppdrætti yfir hina lendingarstaðina, sem um var að ræða. Stórgrýti er þarna nóg til þess að byggja upp hafnargarðinn, svo að lítið þarf af útlendu efni.

Óska ég svo, að málið gangi til 2. umr. og sjútvn., en mun afhenda n. áðurnefndar teikningar strax og ég fæ þær sendar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 184).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. þessa máls lýsti flm. allýtarlega þörfinni fyrir umbótum á þessum slóðum. Auk þess gat hann þess, að fyrir lægju óvenju miklar athuganir og rannsóknir á þessum stað, og eru þær sem fskj. með þessu. Þar er umsögn vitamálastj. og allýtarleg grg. frá verkfræðingi vitamálaskrifst., sem rannsakaði þessa staði, og niðurstöður beggja þessara manna eru þær, að þessi staður sé raunverulega hinn eini, sem til mála geti komið á þessu svæði, og þörf fyrir lendingarbætur mjög rík.

Nefndin athugaði þetta mál, og get ég lýst því yfir fyrir hennar hönd, að undirbúningur þess er mjög rækilegur og ýtarlegur og mjög aðgengilegt fyrir n. að gera sér grein fyrir, hvernig málið horfir við, og þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu, að n. fallist á, að frv. verði samþ. N. athugaði einstakar greinar frv. og komst að þeirri shlj. niðurstöðu að leggja til, að þær verði samþ. breytingalaust, að öðru leyti en því, að hún taldi rétt, að tekið væri fram í l., að í nefnd þá, sem hefði með höndum framkvæmdir lendingarbótanna, skyldu kosnir jafnmargir varamenn. Þetta er ekki stórt atriði, en af því að kosningar eru svo mikið að færast í það form að verða listakosningar, þótti sumum nm. rétt að taka þetta fram, og hafði n. í heild ekkert við það að athuga. N. leggur því til, að þegar kosið er í stjórn lendingarbótanna, skuli kosnir þrír varamenn. Að öðru leyti vill n. gefa þessu frv. sín beztu meðmæli og væntir þess, að hv. d. geti fallizt á það.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil þakka n. afgreiðslu þessa máls og get lýst yfir því, að ég er samþykkur þessari breyt., sem n. hefur gert, og álít hana vera til bóta. Að öðru leyti get ég fullvissað hv. þd. um það, að lendingarbætur á þessum stað eru nauðsynlegar og mjög aðkallandi. Þarna eru 20—30 bátar, og er lýst í grg., hvað þeir eiga við að búa. Mál þetta er flutt svo seint vegna þess, að ég vildi ekki koma fram með það, fyrr en það væri vel undirbúið. Þarna á Ströndum eru margar víkur og vogar, og vill hver eðlilega hafa lendingarstaðinn sem næst sér. Áður hafði verið veitt fé til lendingarbóta þarna á ströndinni, á öðrum stað, en ég lét ekki taka það fé, þagar það kom í ljós, að annar staður var hentugri, og hafa menn nú komið sér saman um það, allir sem einn, að þessi staður sé heppilegastur.

Vegna þessara athugana er frv. svo seint fram komið, og verð ég að biðja hv. d. velvirðingar á því, að það er ekki flutt fyrr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 184 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 195).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 275).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Sjútvn. hefur athugað þetta mál og átt tal við vitamálastjóra um það, að fram fari nokkur athugun á aðstöðu til lendingarbóta á þessum stað og gerð yrði áætlun um það verk. Vitamálastjóri lét það álit í ljós, að þetta mundi vera sá staður á þessari leið, sem líklegastur væri til þess að gera að öruggu lægi fyrir fiskibáta. N. leggur til, að frv. verði samþ., en þó með þeirri breyt., að á eftir 3. gr. komi ný gr., sem verður 4. gr., og er það til samræmis við ákvæði annarra l., sem í gildi eru um lendingarbætur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 275 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—13. gr. (verða 5.—14. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 285, 286).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 286 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 48. fundi í Ed., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 300).

Á 50. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið hingað aftur frá hv. Nd., sem gert hefur á því eina breyt., sem er að finna í 4. gr. frv., eins og það nú er orðið. Breyt. er þess efnis að banna, að nokkur mannvirki séu gerð á strandlengjunni,

sem liggur að lendingarbótunum, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar.

Ég tel, að það kunni að hafa verið full ástæða til að gera þessa breyt., og sé ekki annað en að hún sé til bóta, og geri ég ráð fyrir, að hv. meðnm. mínir í sjútvn. fallist einnig á það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 333).

21. Bændaskólar.

Á 26. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla (þmfrv., A. 102).

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Ég hef leyft mér, ásamt öðrum hv. þm., að flytja þetta mál hér. Ég get að vísu látið nægja að vísa til grg. frv., en ég mun þó í fáum orðum drepa á aðalatriði málsins. Nú á síðari árum hefur sífellt aukizt *eftirspurn eftir* að komast inn í bændaskólana, og fleiri og fleiri hafa þar orðið frá að hverfa, svo að nú er jafnmörgum vísað frá og þeim, sem inntöku fá. Bændaskólarnir taka nú til samans 80—90 nemendur, og skólavistin tekur tvo vetur, svo að aðeins helmingur þessarar tölu útskrifast árlega. Þegar þetta er borið saman við tölu bænda í landinu, sem nú mun vera nær 7 þúsundum, þá sést, hversu lítill hluti verður aðnjótandi þessarar menntunar.

Hér á landi, eins og annars staðar, er undirbúningsmenntun fyrir bændur mjög nauðsynleg á öllum tímum og ekki sízt nú, þegar þessir erfiðu tímar eru framundan, þegar mjög reynir á þekkingu bænda, skilning þeirra og menntun alla, og með aukinni þekkingu verður stéttin enn betur hæf til þess að leysa þau verkefni, sem hennar bíða.

Nú streymir *fólkið* úr sveitum *og í kaupstaðina*, og það verður að stöðva með einhverjum ráðum. Þetta mál er eitthvert allra þýðingarmesta mál, sem nú er hér á Alþ., og vænti ég þess, að hv. þm. sýni skilning í því. Sú löggjöf, sem nú er um þetta, heimilar ekki nýjar aðgerðir, og þess vegna þarf nýjan lagastaf.

Ekki er gert ráð fyrir, að skólar þeir, sem nú eru, verði stækkaðir, heldur að byggður verði nýr skóli, og allt mælir með því, að hann verði reistur þar, sem frv. mælir fyrir. Ég vona, að Alþ. greiði götu frv. og það fái bæði skjóta og góða afgreiðslu.

Ég óska svo, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og landbn.

***Eiríkur Einarsson:** Ég þarf í raun og veru ekki miklu við það að bæta, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. *Það er almenn ósk*, að skólinn verði í viðkomandi héraði, og búnaðarþing hefur mælt með því. Það er sannarlega kominn tími til að lögfesta ákvæði um nýjan skóla, og ég treysti því, að hv. þm. taki málið réttum tökum og skólinn verði byggður á þeim stað, sem skilyrði eru góð fyrir ræktun og þess háttar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þetta lengra, en vænti þess, að málinu verði vel tekið og það fái góða afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 165).

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Eins og nál. á þskj. 165 ber með sér, mælir landbn. með því, að frv. þetta sé samþ., með 1 breyt. á sama þskj. Ég skal geta þess viðvíkjandi afstöðu minni til frv., sem var hér á ferðinni í fyrra um þetta efni, að þá mælti ég móti því, að það yrði samþ., vegna þess að *mér fannst málið eigi nægilega* undirbúið. Enn fremur benti ég á, að þar sem ekki væri búið að ákveða skólanum stað, þá bæri ekki að samþ. frv. að svo komnu máli. Þetta hefur breytzt síðan, því að nú virðist komin almenn hreyfing á málið, og enda þótt skólanum sé ekki ákveðinn staður, þá er þó í frv. ákvæði um, að landbúnaðarráðuneytið skuli ákveða skólanum stað að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands. Meiri aðsókn er nú að hinum núverandi bændakólum en þeir geta orðið við, og er því full þörf á einum skóla í viðbót. Enn fremur væri athugandi, hvort ekki bæri að reyna samvinnu við héraðsskólana um, að þeir kenndu eitthvað, er að slíkri menntun lyti. Sumir forráðamenn héraðsskólanna hafa tekið upp kennslu í þessa átt, en ekki í því formi, er ég hefði talið heppilegast. Ég er á sömu skoðun og í fyrra, að þetta beri að athuga í sambandi við héraðsskólana. Landbn. hefur, eins og ég gat um áður, gert eina breyt. við frv.. Hún er viðvíkjandi sérákvæðum bændaskóla sunnanlands, og vill n. fella þau niður, vegna þess að í núgildandi l. um bændaskóla er heimild til þess að taka upp ýmiss konar tilraunastarfsemi á skóla*búunum*, *sem ganga einmitt í sömu átt og sér*ákvæðin gera ráð fyrir. Þess vegna sáum við ekki ástæðu til að setja þessi sérákvæði um væntanlegan skóla á Suðurlandsundirlendinu. Ég álít, að bændaskóli á Suðurlandsundirlendinu eigi á nokkurn hátt að vera miðaður við, á hvern hátt menn geti stundað búskap á litlu landrými. Það er talað um að fjölga býlum hér á næstu árum, og þyrfti þess vegna hinn nýi skóli að vera byggður á því að miklu leyti. Ég tek fram, að þetta sagði ég aðeins frá eigin brjósti, en talaði ekki fyrir hönd n.

Búnaðarfélag Íslands mun reyna að kynna sér skoðun búenda hér sunnanlands á þessu máli. Einmitt valið á staðnum ætti að gera til hliðsjónar þessu. — Ég get lofað því fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands, að það mun kynna sér skoðun bænda hér sunnanlands, áður en það ákveður staðinn.

Ég held svo, að fleira þurfi ekki að taka fram, en ég vil geta þess, að einn nm., hv. þm. Seyðf., var ekki á fundi, er landbn. afgreiddi frv.

*__Jörundur Brynjólfsson__: Ég vil fyrir hönd flm. þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu málsins. Okkur er mikið áhugamál, að málið nái fram að ganga, því að mikil þörf er á umbótum í þessu efni. Það sýnir sig, að bændaskólarnir geta aðeins tekið hluta af þeim nemendum, sem sækja um inntöku. Bændastéttinni er mikil nauðsyn að vera sem bezt menntuð, og slíkt fæst aðeins með skólum að meira eða minna leyti. Þessi stétt hefur þann vanda á höndum, að hún þarf að vera vel að sér. Ef til vill skortir ekki hvað sízt á, að menn hafi fullan skilning á þýðingu hennar fyrir þjóðfélagið, og því miður er ekki laust við, að þess séu dæmi, að ýmsir þegnar þjóðfélagsins geti ekki metið starf hennar að verðleikum. Þýðingarmesta atriðið er þó, að stéttin sjálf skilji köllun sína, enda þótt það sé ekki nóg, en slíkt getur tæpast orðið, nema bændur hafi fulla þekkingu og skilning á starfinu. Skólaganga í þessum efnum sem öðrum er ekki einhlít, og menn afla sér oft þekkingar og þroska án skóla, en þessar stofnanir gera mönnum auðveldara að ná þessu marki. Í því skyni eru þær til orðnar. Ég þykist þess fullviss, að landbn. sé okkur sammála um nauðsyn málsins, og er það gott. Hvað viðvíkur því, er hv. frsm. minntist á í sambandi við héraðsskólana, þá munu þeir að vísu geta bætt úr um fræðslu bænda, en ég tel það ekki geta orðið nema að nokkru leyti, aðeins hvatningu, en þó er betra en ekki, ef slíkt fengist. Þótt þessi skóli yrði reistur, þá minnkar samt ekki nauðsyn þess, að bændastéttin eigi víðar athvarf en á bændaskólunum, og þyrfti þess vegna liðsinnis héraðsskólanna.

Ég sé, að hv. landbn. leggur til, að liðir 3. gr. frv. verði felldir niður. Enda þótt þessi sérákvæði yrðu felld niður, þá er ekki útilokað, að skólinn geti starfað fyrir því samkv. bændaskólal., en okkur flm. virtist, að ef þessi ákvæði yrðu sett, þá mundi ekki undir höfuð leggjast að láta þessa starfsemi fara fram í sambandi við skólann, svo fljótt sem auðið er, vegna sérstöðu héraðsins, því að það hefur mesta þýðingu, að þetta fari fram.

Eitt atriði láðist okkur flm. að taka fram. Það er viðvíkjandi skóggræðslu, en ef hv. landbn. er einhuga um, að ekkert sérákvæði verði, þá hefði hún e. t. v. litið sömu augum á það. Ég hef ekki haft ráðrúm til að bera mig saman við meðflm. mína, en ég geri ráð fyrir, að þeir líti sömu augum og ég á brtt. landbn., og ef hv. n. væri því ekki mótfallin, þá vildi ég mælast til, að atkvgr. um brtt. verði frestað til 3. umr. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að sinni.

*__Eiríkur Einarsson__: Eins og tekið hefur verið fram nú af hv. 1. flm. frv., þá vorum við ásáttir um það flm. þessa máls nú, að liðirnir a—d í 3. gr. yrðu felldir inn í frv. til eins konar áherzlu um starfssvið hins væntanlega bændaskóla í þeim starfsgreinum, sem til menningar bændastéttinni yfirleitt skipta miklu máli. Þó að frv. það, sem af minni hálfu var borið hér fram í fyrra um bændaskóla á Suðurlandi, hefði engin slík sérákvæði að geyma, gat ég fallizt á það og flutt það athugasemdalaust með öðrum flm. frv., að réttmætt væri að setja einhverja slíka áherzlu inn í frv. til eins konar örvunar um verkefni í þeim starfsgreinum, sem miklu máli skipta fyrir þá, sem væntanlega sækja þennan skóla. En það er náttúrlega alveg álitamál, og það vil ég undirstrika hér, á hvað á einkum að leggja áherzlu í starfrækslu slíks skóla. Ég fyrir mitt leyti álít, að það, sem ætti helzt að koma til greina, ef eitthvað ætti að benda á sem sérverkefni þessa fyrirhugaða bændaskóla, sé það, sem er viðkomandi því, sem er sérstakt við búnaðarstörf þess landsfjórðungs, þar sem skólanum er fyrirhugað að vera, að því leyti sem þar er ekki að ræða um samstöðu við aðra landsfjórðunga í þeim efnum. Og þegar litið er til Suðurlands og þessa fyrirhugaða skóla, þá er það eitt atriði, sem að vísu er ekki drepið á í þessum a—d-liðum í 3. gr. frv., en ég tel, að ætti á sérstakan hátt að vera áhugamál allra sveitabænda í þessum landsfjórðungi, og það lýtur að meðferð mjólkurinnar. Það lýtur alls ekki að mjólkurmarkaði né mjólkurvinnslunni í Mjólkurbúi Flóamanna. En ég álít, að það hefði verið hentugt, að fyrir lægi beint eða óbeint hvatning til þessa fyrirhugaða bændaskóla um að kenna heimilunum sem allra bezt meðferð á mjólkinni heima fyrir og að vinnslustað, frá því hún kemur úr kýrspenanum og þangað til hún er komin á vinnslustað. Það vita allir, að hér er vandfarið með þessa vöru, og það þarf að veita mönnum fræðslu um þá meðferð, svo að sem bezt megi verða. Og hverjum augum, sem menn annars líta á þessi mál, hvort sem þeir eru framleiðendur eða neytendur, þá getur enginn ágreiningur átt sér stað um þetta atriði.

Að leggja áherzlu á fræðslu um búpeningsrækt í þessum skóla, er ekki nema eðlilegt, þar sem búpeningsrækt er aðalundirstaðan undir framleiðslunni í þessum landsfjórðungi, enda er tekið fram um þá grein búnaðarins í a—d-liðum 3. gr. frv. Og ég tel, að réttmæt áherzla sé á það lögð í frv. Sama gildir um rannsókn á gæðum fóðurjurta, einmitt vegna hinna miklu sunnlenzku áveitna; það er að vísu ekki einkamál Sunnlendinga, en það er mjög mikið hagsmunaatriði fyrir þá, samanborið við íbúa annarra landsfjórðunga.

Ég vildi taka þessi málsatriði fram í trausti þess, að það hitti að einhverju leyti eyru hv. landbn., ef hún ætti eftir að fara með þetta mál. Og ég legg mikla áherzlu á það, að þeir, sem eiga að fjalla um slíka lagasetningu, séu sem allra fundvísastir á það, sem má kalla sérþörf manna í Sunnlendingafjórðungi við búnaðarnám fram yfir menn annarra landsfjórðunga, auk þess sem skólinn náttúrlega á að veita almenna búnaðarfræðslu.

*__Frsm. (Steingrímur Steinþórsson)__: Ég tel sjálfsagt að verða við þeirri ósk hv. 1. flm. frv. um það, að þessi brtt. landbn. verði tekin aftur til 3. umr., og má þá kannske segja, að ekki sé þörf á að segja meira um þetta mál nú. Mér virtist hv. 1. þm. Árn. þykja heldur miður sú brtt., sem landbn. leggur til, að samþ. verði. En það

var skoðun landbn., að allt það, sem hér er fram tekið í sérákvæðunum, standi í l. um bændaskóla. Því að í 2. gr. þeirra, 2. málsgr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt."

Og því virtist landbn. það vera a. m. k. óþarft að fara að setja þetta þannig upp sem í frv. er gert á þessu stigi málsins, þegar ekki einu sinni er búið að ákveða skólanum stað, með sérákvæðum fyrir skólann. Ég get viðurkennt þá röksemd hv. 1. þm. Árn., að þetta geti verið sérstök ábending að setja þetta inn í, umfram það, sem l. ákveða.

Þá kem ég inn á annað atriði, sem hefur verið deiluatriði búfróðra manna, einkum þeirra, sem við tilraunastarfsemi fást, og það er, að hve miklu leyti á að samrýma tilraunastarfsemina og kennsluna í búnaðarskólunum. Það eru skiptar skoðanir um það. Ýmsir fræðimenn á þessu sviði telja, að aldrei muni vera hægt að ganga mjög langt í því að samrýma slíkt á sama stað, enda mun reynslan erlendis vera sú, að þetta hefur ekki verið gert í stórum stíl. Þar hafa slíkar tilraunir verið nokkurs konar endurtekning þess, sem gert hefur verið á tilraunastöðvunum, og meira til sýnis fyrir nemendur heldur en að þar hafi verið um fullkomlega sjálfstæðar tilraunir að ræða, sem taka málefnin fyrir frá rótum. Hér er því komið inn á mál, sem nokkuð skiptar skoðanir eru um og enn er ekki búið að átta sig á nema að nokkru leyti, hvernig á að leysa. Nú hefur Suðurlandsundirlendið aðaltilraunastöð landsins, á Sámsstöðum. Sá landshluti er því ekki afskiptur að þessu leyti. Og þessi tilraunastöð er önnur af þeim tveimur fullkomnustu slíkum stöðvum, sem nú eru starfræktar hér á landi. Það fer mjög mikið eftir því, hvaða staður þessum skóla verður ætlaður, hvers konar sérstæðar tilraunir hægt er að taka upp í sambandi við hann. En tilraunir í landbúnaði eru mjög þýðingarmiklar fyrir Suðurland og gætu vel átt heima í sambandi við þennan bændaskóla, ef hann er þannig settur, t. d. í sambandi við Flóaáveituna, sem er eitthvert stærsta landbúnaðarfyrirtæki, sem reist hefur verið hér á landi og hefur kostað mikið fé, en hefur reynzt svo vel, að það hefur gerbreytt búskap bænda í ýmsum sveitum á svæðinu. Það er ekki vafi á því, að það vantar ýmsar tilraunir í sambandi við þá áveitu, sem enn hafa ekki verið teknar upp nema í mjög smáum stíl. Og þetta atriði er í raun og veru svo alveg sérstætt fyrir Suðurlandsundirlendið, að tilraunir þarf að gera á þessu sviði. Gætu tilraunir þær vel átt heima í sambandi við þennan fyrirhugaða skóla, ef hann væri þannig settur, en það fer líka mjög eftir því.

Hv. 8. landsk. kom ofur lítið inn á þetta, um sérverkefni fyrir þennan fyrirhugaða skóla, og nefndi í sambandi við það meðferð málnytu og búpeningsrækt. Þetta er kannske í sjálfu sér ekkert sérstakt fyrir Suðurland. T. d. hefur alltaf verið lítið svo á, að Hvanneyri væri jörð, sem sérstaklega væri fallin til nautgriparæktar og skólinn þar ætti sérstaklega að hafa með höndum að fræða um nautgriparækt. Hins vegar hefur svo verið lítið á um Hóla, að betri skilyrði væru þar fyrir sauðfjárrækt og hrossarækt, og að það ætti að taka þær greinar landbúnaðarins meira í sambandi við þann skóla. Og það liggja fyrir till. frá búnaðarþingi um stofnun hrossaræktarbús á Hólum í Hjaltadal, að nokkru leyti frá því sjónarmiði, að þar séu heppileg skilyrði til þess að setja á stofn slíkt fyrirtæki. En hitt er alveg rétt hjá hv. þm., að nautgriparækt er mjög stór liður í búskap Sunnlendinga, eins og búskapur er rekinn nú á Suðurlandi. Og því hlýtur það að verða höfuðverkefni bændaskóla, sem þar yrði reistur, að taka það til meðferðar og kenna mönnum, sem þar eru við nám, að fara með þann búpening, eftir því sem unnt er.

Eins og ég tók fram áðan, er sjálfsagt að taka aftur þessar brtt. til 3. umr. Og ég þykist vita, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd n., að henni muni vera mjög ljúft að tala við hv. flm. frv. áður en 3. umr. fer fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 165 tekin aftur til 3. umr.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 38. og 40. fundi í Nd., 20. og 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 102, 165, 230).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 230 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 165 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A 249).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 296).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv. er flutt í Nd. af Sunnlendingum og er nú hingað komið talsvert breytt. Landbúnaðarnefnd hefur athugað það og leggur til, að það verði samþykkt. Það orkar ekki tvímælis, að þörf er fyrir meiri bændafræðslu en nú er, en ef til vill má deila um, hvernig haganlegast er að koma henni fyrir. Ýmsir ætla, að það sé bezt í sambandi við alþýðuskólana. Þeim flokki fylgi ég ekki, nema að litlu leyti, og get

ég að því leyti fullkomlega mælt með þessu frv. Hins vegar vil ég taka fram, að fylgi mitt við frv. er fyrst og fremst byggt á því, að sett séu um þetta nokkur sérákvæði, sem gildi fyrst um sinn gagnvart þessum væntanlega skóla. Mér er vel ljóst, að hvorugur þeirra skóla, sem nú eru til, hefur nægilegt fjármagn til þess að geta komið ár sinni eins vel fyrir borð og vera þyrfti, og ég tel, að það beri að sitja fyrir að fullkomna það, sem fyrir er, áður en byrjað er að káka við annað af vanefnum. Ég er með því að setja l. um að mynda þennan skóla, vegna þess að í sérákvæðunum stendur, að eftir gildistöku þessara l. skuli svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands. Ég vænti þess, að á Alþ. sitji framvegis menn, sem hafa skilning á þörfinni fyrir að búa sem bezt að þeim bændaskólum, sem fyrir eru, og þegar það er gert, sé sjálfsagt að láta þennan skóla koma upp, en ekki fyrr. Í trausti þess, að kröftunum verði ekki dreift enn þá meira þannig, að hinir skólarnir komist ekki í það horf, sem menn vildu óska, er ég með þessu frv. og að skólinn komi á sínum tíma,

*Sigurjón Á. Ólafsson: Mig langar til að fá nokkra fræðslu hjá hv. frsm. um, hvort nokkuð hafi verið rætt um, hvar slíkum skóla hafi verið ætlaður staður. Það skiptir kannske ekki máli um framgang þessa máls, og ég mun greiða frv. atkv., þó að upplýsingar um þetta verði ekki tæmandi, en ég hef heyrt raddir manna um, að nú þegar hafi margir menn komið auga á einn stað á Suðurlandi, sem sé álitlegur til að vera skólastaður fyrir fræðslu bændaefna, sem sé Skálholt. Ég vil gjarnan, að það komi fram við þessa umr., hvort nokkuð hefur verið um þetta rætt, svo að hv. frsm. sé kunnugt um, og enn fremur það, sem enn svífur í lausu lofti, hvenær hafizt verði handa um stofnun þessa skóla. Mér skilst helzt á hv. frsm., að hann ætlist til, að ekki verði rokið í það strax að koma skólanum á, en mér skilst, að hv. flm. telji það mjög aðkallandi. Ég vil fá fræðslu um þetta, því að ég er með þessum skóla og vil, að full alvara fylgi slíku máli, og ég hygg, að yfirleitt sé sú skoðun uppi í þinginu, að þessi skóli eigi að komast upp svo fljótt sem verða má.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég hef litlu að svara um þetta. Hv. síðasti ræðumaður hefur heyrt það, sem ég sagði, að ég tel skólans fulla þörf, og þegar ég er með því, að skólarnir séu 3, þá treysti ég því, að þingið sjái svo um, að það dragi ekki úr því, að þeim skólum, sem fyrir eru, verði komið í það horf, sem þeir þurfa að komast í. Þess vegna segi ég ekkert um og hef enga hugmynd um, hvenær farið verður af stað með að stofna þennan skóla, enda liggur það á valdi Alþ., því að í sérákvæðunum stendur, að það skuli gert, þegar fé er veitt til þess í fjárl.

Mér er ekki kunnugt um neinn sérstakan stað fyrir þennan skóla, en á Suðurlandi eru ýmsar jarðir, sem eru sæmilega fallnar til skólaseturs, svo sem Skálholt og Ólafsvallatorfan, en ekkert hefur verið ákveðið um það, og Nd. setti það inn í frv., að ef hentugt jarðnæði skorti, væri heimilt að kaupa jörð. Getur vel verið, að það verði að bitbeini, svo að einhver verði að skera úr að síðustu. (SÁÓ: Nýtt Laugarvatnsmál). Ef eins vel rættist úr því og með Laugarvatn, álít ég það vel farið. Mér virðist, að sú reynsla sé ekki til að hræðast, hvað það snertir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 249).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 334).

---

22. Hafnarlög fyrir Neskaupstað.

Á 9. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Neskaupstað (þmfrv., A. 22).

Á 10. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er samhljóða frv., sem ég og hv. 11. landsk. fluttum á síðasta aðalþingi. Þá barst okkur ósk frá bæjarfélagi Neskaupstaðar um að flytja frv. Við fluttum frv., og því var vísað til sjútvn., en þar eð áliðið var þings, og e. t. v. engu síður af því, að sjútvn. vildi kynna sér alla málavexti nánar, þá var málið ekki útrætt á þessu þingi. Vitamálastjóri hafði ekki fengið nægar upplýsingar viðvíkjandi málinu, og varð því að samkomulagi á Alþ. að láta málið bíða. Vitamálastjóri lofaði að láta rannsaka aðstöðu til bryggjugerðar, og það hefur hann gert, en í viðtali, sem ég átti við hann núna á dögunum, tjáði hann mér, að ekki hafi enn þá verið unnið úr þessum rannsóknum, en það yrði gert innan skamms, og mun ég því áður en langt um líður geta lagt þann árangur fyrir sjútvn. Að öðru leyti get ég vísað til framsöguræðu hv. 11. landsk., er hann hélt á aðalþinginu í fyrra. Hann tók réttilega fram, að um hafnargerð yrði ekki að ræða, en hins vegar væri hægt að bæta höfnina. — Það hefur að vísu verið gert, en þær aðgerðir eru of litlar. Með þessu frv. er fyrst og fremst meiningin að fá hafskipabryggju, sem yrði eign hafnarsjóðs Neskaupstaðar. Til skamms tíma voru þrjár hafskipabryggjur í Neskaupstað, og milli þrjátíu og fjörutíu smærri bryggjur. Tvær hafskipabryggjurnar hafa nú hrunið, og er það af völdum trjáætu í sjónum, er eyðileggur öll trjávirki. Þetta hefur vaxið mjög á síðari árum, og mun ég ekki dæma um, af hverju slíkt stafar, en e. t. v. er það sökum þess, að trébryggjur hafa mjög aukizt og trjáætan hafi við það fengið betri lífsskilyrði en áður. Fyrsta bryggjan var byggð árið 1896, og hef ég, þar sem ég bý þarna, haft ágætt

tækifæri til að fylgjast með þessu. Þessi fyrsta bryggja var mjög ófullkomin hafskipabryggja, en við hana var þó látið sitja þar til á árunum 1914—1920. Þá voru byggðar tvær stórar hafskipabryggjur. Árið 1916 eða 1917 var fyrsta bryggjan rifin, því að hún var þá orðin mjög ófullkomin og hafði auk þess lent innan í annarri hinna bryggjanna. Hún reyndist ekki mjög skemmd, er hún var rifin, og sýnir það, að trjáætan hefur ekki verið eins mögnuð og síðar, því að bryggjurnar, sem byggðar voru 1915—18, eru nú hrundar eftir mikið viðhald. Sama máli gegnir með *smábátabryggjurnar*. Þær þurfa mikið viðhald, og má búast við, að eftir 5 ár þurfi að endurnýja þær. Af þessu er ljóst, að hér er um alvöru- og vandamál að ræða, er krefst skjótra aðgerða, og því hefur bæjarstjórn Neskaupstaðar lagt til, að sér verði fengin þessi mál í hendur. Neskaupstaður er stærsti útgerðarstaður á Austfjörðum. Þar eru skrásettir tuttugu vélbátar frá 12—40 smálestir að stærð, og þrjú vélskip frá 80—100 smálestir hvert, enn fremur eitt skip, sem er um 60 smálestir. Auk þess eru þarna árabátar. Af þessu er ljóst, að aðstæður til losunar fyrir skipin þurfa að vera góðar. *Bæjarstjórnin álítur, að ekki sé tiltækilegt* að koma upp bryggju nema úr járni eða steinsteypu. Vitamálastjóri álítur, að þrátt fyrir þennan vágest, trjáætuna, þá sé mikið álitamál, hvort ekki beri að hafa trébryggju, en með þeirri aðferð að járnverja hverja spýtu, er í sjóinn kemur. Um þetta atriði er ágreiningur, en úr honum verður ekki skorið af löggjafarþingi, heldur annars vegar af bæjarstjórn Neskaupstaðar og hins vegar af verkfróðum mönnum, en hvor leiðin, sem farin verður, kemur til með að kosta mikið fé. Ég held, að teljast verði réttmætt að fengnum fordæmum, að mannvirki þetta sæti sömu kjörum um fjárframlög úr ríkissjóði og önnur hafnarmannvirki. Við, sem flytjum þetta frv., göngum inn á, að upphæðum þeim, sem nefndar eru í frv., verði stillt í hóf, svo að ekki eru líkur til, að Alþ. hitti á hæfilegri fjárupphæðir.

Ég hygg, að með skírskotun til grg., er fylgdi frv. 1941, og framsöguræðu hv. 11. landsk., þá sé þetta nægilegt, er ég hef hér sagt, og að hv. deildarmönnum finnist hér um sanngirnismál vera að ræða. Ég óska svo, að þessu máli verði vísað til sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 101).

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Það hefur dregizt, að sjútvn. skilaði áliti í þessu máli, og er það ekki sökum meðnm. minna, að svo hefur farið, heldur af þeim ástæðum, að ég vildi ekki afgreiða málið úr n. fyrr en ég væri búinn að fá frá vitamálaskrifstofunni áætlanir yfir það mannvirki, sem fyrirhugað væri á þessum stað. Og nú hef ég fengið þær áætlanir, og vænti því, að málið geti fengið greiðari afgreiðslu á þinginu hér eftir en hingað til hefur verið. Vitamálaskrifstofan hefur gert 5 áætlanir yfir þetta mannvirki af mismunandi gerð og úr mismunandi efni. Eins og málið liggur nú fyrir, þá er það sjálfsagður hlutur, að bingið tekur ekki neina ákvörðun um það, hver af þessum till. vitamálaskrifstofunnar verður tekin til notkunar. En ég vil benda á það, að fullkomnasta og dýrasta áætlunin samsvarar þeirri upphæð, sem til er tekin í frv., þannig að það virðast ekki líkur til, að um meiri fjárframlög þurfi að vera að ræða til þessa mannvirkis en frv. gerir ráð fyrir.

Ég hef alveg nýverið fengið þessar áætlanir og er ekki fyllilega búinn að setja mig inn í þær, enda álít ég, að það skipti ekki miklu máli. En það er töluverður ávinningur fyrir málið að geta látið þetta fylgja til hv. Nd., til þess að sú hv. d. geti gert sér glögga grein fyrir frv.

Viðvíkjandi frv. er það að segja, að það er sniðið nákvæmlega eftir þeim hafnarl., sem afgr. hafa verið frá Alþ. á síðustu árum. Og við frv. hefur n. ekki gert nema 2 lítilfjörlegar brtt. Önnur brtt. er leiðrétting. Það er óheppilegt orðalag á 7. gr., og n. hefur lagt til, að sú gr. yrði orðuð upp. — Í 15. gr. frv. er 4 orðum ofaukið, *og þau eru nánast sagt óskiljanleg*, ef þau ciga að standa í frv. áfram. En ástæðan til þess, að þau eru komin inn í frv., er sú, að það hefur viljað þannig til á Alþ. áður, að afgr. hafa verið hafnarl. einmitt með þessu vansmíði. En n. tók nú eftir því og leiðrétti það. Leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessum á minnztu breyt. En n. er ljóst, að óhugsandi er að koma upp hafnarmannvirkjum á þessum stað öðru vísi en með því móti, sem hér er farið fram á og átt hefur sér stað á öðrum svipuðum stöðum. Væntir n. því, að málið nái fram að ganga með þeim breyt., sem eru á þskj. 101.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 101,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
8.—14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 101,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
16.—19. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., 7. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, n. 291).

Frsm. (Jón Ívarsson): Eins og kemur fram í nál. á þskj. 291, leggur sjútvn. til, að frv. þetta verði samþ. Það er borið fram í hv. Ed. og afgr. þaðan með samhlj. atkv. En n. leggur til, að gerðar verði lítils háttar breyt., sem að vísu eru nánast leiðrétting á því, að niður hafði fallið ákvæði, sem í frv. áttu að vera í samræmi við önnur hafnarlög. Brtt. þessi er á þskj. 291.
Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en legg til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem sjútvn. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 291 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 313).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 346).

23. Eftirlit með skipum.

Á 14. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 11. júní 1938. um eftirlit með skipum (þmfrv., A. 50).

Á 16. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Eins og grg. fyrir þessu frv. hermir, er þar tekið fram í aðaldráttum, hvað fyrir okkur flm. vakir með þessu frv. Ég skal þó bæta nokkru við og gefa nánari skýringu á ýmsum atriðum frv. heldur en grg. hermir.

Það hefur komið í ljós, sérstaklega nú á þessu síðasta ári, eftir að sú breyting var gerð með flutningaskip, bæði veiðiskip og flutningaskip ísfiskjar, að fiskurinn var allur hausaður í skipunum, að skipin virtust vera meira hlaðin heldur en góðu hófi gegndi. Það er vitað, ekki einungis meðal fiskimanna, sem eiga að sigla skipunum, heldur hlýtur öllum, sem utan hjá standa, að vera það ljóst, eftir þeim heimildum, sem bent er á í grg. frv., að farmur þessara skipa hefur komizt upp í 27% meira heldur en áður var. Það þótti sjálfsagt, að því meiri sem fiskurinn var, því stærra þurfti farmrýmið að vera, og því var reynt að auka það. Hefur komið í ljós, að svo kölluð netalest hefur verið tekin fyrir fisk, en það hefur verið algerlega óþekkt fyrirbrigði hér áður. Þessi lest er fremst í skipinu og veldur því, að skipið leggst óeðlilega mikið fram. Einnig hefur kolageymslan verið minnkuð og á þann hátt fengizt meira rúm fyrir fiskinn, en í því tilfelli má segja, að fiskurinn vegi nokkuð upp á móti þeim kolum, sem skipið var hlaðið með, þegar það lagði úr höfn. Því hefur skapazt nokkur uggur meðal þeirra manna, sem eiga að sigla skipunum út. Enn þá má segja, að ekkert slys hafi orðið af þessum sökum, en eins og máltækið segir: „flýtur á meðan ekki sekkur.“ Ég hef heyrt þau ummæli, jafnvel meðal þeirra manna, sem eiga að sigla skipunum, að ef til vill sé meiri hætta orðin af hleðslu skipanna heldur en af djúpsprengjum, sem þau mega búast við að mæta á hverri stundu.
Í l. um eftirlit með skipum frá 1938 er fylgt þeirri reglu að undanskilja fiskiskip. Er farið eftir svokallaðri „Lundúnasamþykkt“ frá ⅝ 1930, en þar er eftirlitið ekki látið ná til fiskiskipa almennt, heldur aðeins átt við skip, sem flytja farm, svo og farþegaskip. Þar af leiðir, að ekki er hægt að láta fara fram athugun við burtför fiskiskipa, né gefa út reglur um, hversu mikið eigi í þau að láta. Af þessu er nauðsynlegt að setja strax reglur í þessum efnum, svo að ekki sé hægt að skjóta sér undan því, sökum þess, að engin fyrirmæli voru um þetta í gildandi l. Vegna umkvartana fór fram athugun á því, hvað smáskip, sem eingöngu flytja fisk til Bretlands, mættu hafa mikinn fisk meðferðis, og var í því skyni sett nefnd, sem átti að hafa eftirlit með þessu. En sú nefnd starfaði eingöngu hér í Reykjavík, og þar af leiðandi náði eftirlit hennar ekki til annarra staða, sem líka flytja út mikinn fisk, svo sem Vestmannaeyja og Austur- og Vesturlands. Þrátt fyrir þetta eftirlit með stærri skipunum, hefur n. alls ekki heimild til að hafa afskipti af togurunum, sem afla í sig sjálfir og flytja afla sinn til annarra landa. En reynslan er sú, að hvert það skip, sem fiskar í sig sjálft, fer út með öll lestarrúm full, því að fiskurinn er dýrmætt verðmæti. Þess vegna fer varla nokkurt skip út svo, að það sé ekki „fullt undir lúgur“, eins og sagt er á sjómannamáli. Það er því fullkomið tilefni til, að haft verði strangt eftirlit í þessu efni.
Ég vænti þess, að ég hafi nú skýrt þetta ákvæði í frv. Okkur er annt um líf sjómanna okkar, og okkur er skylt að sjá um, að þeim sé borgið í hvaða veðrum, sem eru.

Ef til væru skýrslur um, hvernig farið er með *mannaibúðirnar á skipum*, þegar ekki er búið í þeim, er það kapituli út af fyrir sig. — Á flestum togurum er það svo, að er þeir sigla út, geta skipsmenn búið miðskips, en þá eru vistarverur háseta frammi á notaðar til geymslu, rétt eins og lestar skipsins. Þegar svo farið er út til þess að fiska, verða hásetarnir að flytja í þetta pláss, en er þá alla jafna lítið sinnt um að þrífa til áður en flutt er inn, og hreinlætis er alls ekki gætt svo sem skyldi og nauðsynlegt er.

Um matvælageymsluna í þessum skipum er það að segja, að hún er mjög ófullkomin. — Lekar og rakasamar eru þær, svo að maturinn stórskemmist oft og tíðum. — Ég fjölyrði ekki meira um þetta, en vil svo drepa á hin atriði frv.

Í fyrsta lagi er það bann við flutningi eldfimra efna á farþegaskipum, og er þá einkum um benzínflutninga að ræða. — Um þetta atriði hefur þráfaldlega verið rætt af sjómanna hálfu, þá er þeir hafa gengið til samninga, og hafa þeir krafizt þess, að slíkir flutningar féllu með öllu niður. *Vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lofa* hv. þingmönnum að heyra aðalrökin, sem sjómenn færa fyrir því, að benzínflutningum á farþegaskipum sé hætt.

1. Benzín er einhver eldfimasta vara, sem flutt er hér hafna milli, og er ekki leyft að flytja hana undir þiljum, sökum uppgufunar, sem myndar lofttegundir, er tíðast valda sprengingu í hinu byrgða farrúmi.

2. Þótt umbúðir séu ståltunnur, eru þær oft rakar á botnum og hliðum og veruleg uppgufun á sér stað í heitu veðri, svo og, að tunnurnar hitna við sólarhita, svo að kælingu þarf að viðhafa með sjó til þess að draga úr sprengingarhættunni. Þá er leki á tunnum alltíður.

3. Eld- og sprengingarhætta er því mjög mikil af benzíni. Ber því að forðast, að eldur komist nærri því. Eldspýta eða vindlingur, sem lifir í, er nægilegt til þess að setja allt í bál.

4. Í hafnarreglugerð Reykjavíkur eru ákvæði, sem leggja ríkt á um meðferð benzíns og steinolíu við *fermingu og affermingu*, og er skylt að kalla brunavörð til eftirlits, svo að engin eldhætta geti átt sér stað, meðan varan er flutt að og frá skipi og meðan skipið liggur í höfn fermt slíkri vöru. Um leið og skip fer frá hafnarbakkanum fer vörðurinn í land, og vörður er enginn framar til. Þilfar er þakið benzíni, skipið fullt farþega; annar hver maður með vindling í munninum. Mikill fjöldi farþega verður að leggja leið sína yfir benzínið eða meðfram því. Skipverjum er, því miður, ekki hlýtt sem skyldi um að kasta ekki frá sér vindlingum eða fara gætilega með eld. Þegar mikill mannfjöldi er með skipi, er þetta næstum óviðráðanlegt.

5. Á skipum, sem einvörðungu flytja olíu og benzín (Skeljungur) eru allar reykingar bannaðar skipverjum (og að sjálfsögðu farþegum, ef nokkrir eru).

6. Talið er, að í nágrannalöndum vorum hafi ekki verið leyfður benzínflutningur á farþegaskipum og þar hafi gilt reglur um flutning á *benzíni um borð í skip*.

7. Sökum þeirrar hættu, sem hverju skipi er búin af árás hernaðaraðila, sem siglir á hinu bannlýsta svæði, þá er talið, að benzín á þilfari skips torveldi eða jafnvel útiloki undankomu skipverja og farþega, þótt björgunartæki öll séu í bezta lagi, þar sem reikna má með því, að skip verði fljótt alelda og sjórinn í kringum það af völdum benzínsins.

Ýmis fleiri rök hafa sjómenn fært fyrir þessu máli, en þetta verður að nægja.

Ég hef viljað láta koma fram höfuðrök sjómanna fyrir þessari tillögu. — Fleiri efni er hér um að ræða. Má þar t. d. nefna dynamit og hvers konar önnur sprengiefni, sem að vísu er nú bannað að flytja með farþegaskipum, skv. reglugerð þar að lútandi.

Reglugerðin um benzínflutningana er mjög ófullkomin og þarfnast lagfæringar og breytinga.

Nú vil ég geta þess, eins og hv. þdm. ef til vill er kunnugt, að strandferðaskipin okkar, t. d. Esja, eru vopnuð skip. *Komi nú til árása á þau*, væri svo að segja engir björgunarmöguleikar, hvorki fyrir skipverja né farþega. Ein kúla, sem hitti slíkt skip, mundi hleypa öllu í bál og brand. Um skip í millilandasiglingum þarf ekki *að ræða, því að* þessar vörur eru ekki fluttar með þeim.

Þá vil ég að lokum drepa á síðasta nýmæli frv. um hina svo kölluðu þilfarsflutninga. Þessi krafa er mjög hávær meðal farmanna.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, verða öll skip nú að sigla í fullkomnu myrkri. Engin ljósglæta má sjást. Allur þorri skipverja býr fram á skipinu, og verða hásetar og kyndarar að klifra yfir þennan flutning á leið sinni aftur skipið, hvernig sem á stendur, og í hvaða veðri, sem er. Þetta er, eins og liggur í augum uppi, hrein og bein lífshætta. Þess skal getið hér, að fulltrúar sjómanna hafa ekki farið til opinberra stjórnarvalda með þá beiðni sína að afnema þennan flutning, en málið hefur verið rætt við skipaeigendur, og hafa þeir ekki séð sér fært að verða við þessum tilmælum. Þessi tillaga nær einnig til skipa í innanlandssiglingum. Þó má veita undanþágur meðan nóttin er björt, þó að ávallt skyldi sem minnst flytja á þilfari.

Ég hef nú lýst í aðaldráttum því, sem farið er fram á með frv. þessu. Markmið frv. er að tryggja betur en nú er líf þeirra, sem starfa á skipunum eða ferðast með þeim. Ég skal einnig benda á það, að hið nýlokna fiskiþing komst alveg að sömu niðurstöðum um öryggi sjómanna. Ég vil því mega vænta þess, að málið fái góðar undirtektir og hraða afgreiðslu og það verði afgreitt á þessu þingi. Legg ég svo til, að því verði vísað til sjútvn. að þessari umræðu lokinni. Vona ég, að nefndin síðan athugi frv. með velvilja og greiði fyrir afgreiðslu þess.

Orðlengi ég þetta svo ekki frekar á þessu stigi málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 143).

*Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Í frv. því, sem hér ræðir um, er farið fram á í

höfuðatriðunum fernt. Í fyrsta lagi, að komið verði á heilbrigðiseftirliti í mannaíbúðum og matvörugeymslum í íslenzkum skipum og það sé undir eftirliti heilbrigðisnefndar, að því er virðist eðlilegast þar, sem þessi skip eiga heima. Í öðru lagi, að á öllum íslenzkum skipum, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa og eru í förum innan lands, allt niður í 50 smálestir, skuli hafa hleðslumerki. Í þriðja lagi á að óheimila að flytja benzín og önnur eldfim efni með skipum, sem flytja farþega. Í fjórða lagi er farið fram á, að á þeim tíma, sem skip verða að sigla myrkvuð, megi ekki flytja farm á þilfari, sem torveldar umferð á þilfari. Þetta eru þau höfuðatriði, sem hafa vakað fyrir hv. flm. frv., og hefur nú sjútvn. lokið við að taka þau til mjög rækilegrar athugunar.

N. hefur talað við forráðamenn Skipaútgerðar ríkisins og Eimskipafélags Íslands um nokkur þessi atriði og eiginlega öll, en þó aðallega um flutning á eldfimum efnum og þilfarsflutning að vetrarlagi. Um reglur fyrir hleðslu skipa var sérstaklega rætt við n., sem sett var samkv. reglugerð, sem gefin var út í byrjun jan. 1941, um hleðslu og eldsneytisforða skipa, er flytja ísvarinn fisk til Bretlands á ófriðartímum. Einnig ræddi n. um þetta efni og önnur við skipaskoðunarstjóra, en rétt er að geta þess, að í greindri reglugerð er framkvæmd þess eftirlits, sem um ræðir í reglugerðinni, ætlað að heyra undir skipaskoðunarstjóra, en n., sem sjútvn. átti einnig tal við, sem starfar samkv. þessari reglugerð, gerði skrá yfir skip og hleðsluborð þeirra og þann eldsneytisforða, sem skipunum væri ætlaður.

Að því er snertir þessa reglugerð, er rétt að taka þegar fram, að samkv. 1. gr. hennar er svo áskilið, að öll íslenzk skip, sem sigla til annarra landa, skuli hafa a. m. k. 23 sentímetra hleðsluborð 15. okt til 1. apríl; á öðrum tímum má það vera 5 sentímetrum minna. Eftir því, sem upplýst var í sjútvn. og í viðtali við þá aðila, sem ég þegar hef greint, hefur framkvæmd þessarar reglugerðar að vísu náð til allmargra skipa, en þó ekki til allra, því að hún hefur ekki enn náð til botnvörpuskipa, en af hvaða ástæðum það er, skal ég láta ósagt. Getur verið, að menn hafi álitið erfiðara að hafa eftirlit með hleðsluborði þeirra skipa, sem hlaða sig úti á miðum, en þeim skipum, sem hlaða sig uppi við bryggjur. En þess ber að geta í þessu sambandi, að nú á þessum stríðstímum munu öll botnvörpuskip, sem fiska sjálf, koma í höfn, meira að segja ákveðna höfn, til þess að fá skilríki sín til útsiglingar. N. virðist þess vegna, að frá upphafi hefði átt að láta sams konar eftirlit gilda um hleðslu á botnvörpungum og öðrum skipum, sem fiska í sig og flytja út sinn eiginn fisk, eins og þau skip, sem kaupa fisk og eru hlaðin uppi við land.

Það er víst, að það hefur ekki verið að ófyrirsynju að setja þá reglugerð, sem hér ræðir um. Það mun víst vera nokkuð á almanna vitorði, að það gætti allmikillar og allt of mikillar óforsjálni, þegar fram í sótti, um Englandssiglingar, einkum að vetrarlagi, um hleðslu þeirra skipa, oft og tíðum smáskipa, sem notuð voru og eru enn í Englandssiglingum. Má segja, að það sé einstök mildi, hvað lítið það hefur komið að sök hingað til.

Um botnvörpuskipin er það að segja, að það er í sjálfu sér full ástæða til, að viðvíkjandi þeim séu teknar til framkvæmda reglur þær, sem hér um ræðir, eða þá aðrar, sem tryggja meira eftirlit með þessum skipum, ekki síst fyrir þeirra hluta sakir, að nú mun það vera orðinn fastur siður, að botnvörpuskip afhausa þann fisk, sem innbyrtur er, og ísa hann þannig, en um það kemur öllum saman, að með því komist miklu meiri fiskþyngd í skipið en ef fiskurinn er látinn í ís með haus og hala. Það er þess vegna rétt að taka fram, að meðal okkar nm. kom fram sú skoðun, að við töldum, að þessi reglugerð, sem hér um ræðir frá 10. jan. 1941, um eftirlit með hleðslu og hleðsluborði, ætti að sjálfsögðu að ná til íslenzkra botnvörpuskipa alveg eins og annarra skipa. N. getur ekki fallizt á, að sett séu hleðslumerki á íslenzk skip önnur en þau, sem nú er skylt að hafa hleðslumerki á samkv. Lundúnasamþykktinni. Hins vegar telur n., að beita þurfi reglunum um hleðsluborð á öllum íslenzkum skipum, sem eru í utanlandssiglingum eða í stöðugum flutningum milli hafna innan lands. Um þetta var n. sammála, þó að hún gæti ekki fallizt á að hafa hleðslumerki á öllum skipum. Því er það, að í brtt. n. er farið inn á að leggja svo fyrir, að öll þau skip, sem ekki þurfa samkv. l. að hafa hleðslumerki, séu þau í flutningum milli Íslands og annarra landa eða í vöruflutningum innan lands, að öll þessi skip skuli hafa ákveðið hleðsluborð, og reglugerð sé sett af ráðh. um það, hvað minnsta hleðsluborð hvers þeirra skuli vera. Nær það vitanlega til botnvörpuskipa, eins og annarra skipa.

Nú er það svo, að í l., sem nú gilda um hleðslumerki, stendur svo í 31. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt, gerðri í London 5. júlí 1930.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 150 rúmlestir, og skip, án tillits til stærðar, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða, enn fremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum“.

N. leggur til, að á eftir þessari málsgr. komi ný málsgr. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Um öll skip, sem samkvæmt framansögðu eru undanskilin því að hafa hleðslumerki, en flytja farm til Íslands og annarra landa eða eru í vöruflutningum milli hafna innanlands, skal í reglugerð, er ráðherra setur, ákveða, hve mikið hleðsluborð, mælt í sentímetrum, hvert þeirra skuli hafa sem minnsta hleðsluborð. Skulu öll ákvæði laga þessara um hleðslumerki og skírteini þar að lútandi, er varða þau skip, sem að lögum er skylt að hafa hleðslumerki, vera hin sömu, þar sem þau eiga við, að því er snertir hleðsluborð og hleðsluborðsskírteini þeirra skipa, er hafa skulu ákveðið minnsta hleðsluborð samkvæmt þessari grein.“

N. virðist, að með þessu móti sé, þó ekki að orðalagi til, en að anda til, fullnægt því, að fullt eftirlit megi hafa með hleðslu allra þeirra skipa, sem nú er ekki skylt að hafa hleðslumerki, en eru í flutningum milli landa eða í flutningum hafna milli hér á landi.

Ég vænti þess, að niðurlag þessarar gr., eins og n. hefur borið hana fram, geti ekki valdið misskilningi, þ. e. a. s., það er orðalag um það, að öll ákvæði l., sem nú eru og snerta hleðslumerki og hleðsluborðsskírteini um þau skip, sem þar eiga hlut að máli og nú er skylt að hafa hleðslumerki, — að öll ákvæði l. um þessi efni komi framvegis, ef þetta nær samþ. þingsins, til greina um hleðsluborð og hleðsluborðsskírteini o. s. frv., þar sem það á við um þessi skip, sem samkv. þessari brtt. yrði gert skylt að hafa hleðsluborð ákveðið.

Okkur þótti nægilegt að setja þessi ákvæði um hleðsluborð. Um hreinlætiseftirlitið er n. sammála og finnst sjálfsagt að eftirlit fari fram af hálfu hins opinbera á matargeymslum og mannabústöðum alveg jafnt og í landi á veitingahúsum og greiðasölustöðum. Nýbúið er að gera ráðstafanir til að skerpa eftirlitið í mjólkurbúðum og veitingahúsum, og væri því eðlilegast, að slíkt væri líka tekið upp á skipum, að heilbrigðisnefndir bæjanna færi verksvið sitt líka til skipanna.

Þá eru tvö atriði, sem um ræðir í frv. og n. hefur tekið til athugunar, flutningur á benzíni og öðrum eldfimum efnum með farþegaskipum og flutningur á þilfari skipa, sem sigla milli landa. Þeir menn, sem n. ræddi við frá skipafélögunum, töldu nokkur vandkvæði á að takmarka frekar þetta tvennt. Um benzínflutninginn á farþegaskipum er það að segja, að gripið hefur verið til þess ráðs að tjalda yfir benzíntunnurnar á þilfarinu, og skapar það mikið öryggi gegn eldneistum, sem bæði geta stafað frá reykjandi mönnum og einnig frá reykháfnum. Þetta hefur þó aðeins verið gert á einu eða tveimur aðalfarþegaskipunum. N. veit, að mjög er erfitt að fást við þetta mál. Það er hættulegt að gera ekkert í því og erfitt að setja skorður um þennan flutning á skipum, sem sigla með ströndum landsins. Þótt svo sé, að olía sé flutt á sérstöku olíuflutningaskipi, eða réttara sagt skipum, því að Ægir flytur oft olíu víðs vegar, þá er það ekki nægilegt. En það ætti að flytja meira benzín með þessum skipum, og láta strandferðaskipin um smurningsolíuna, því að af henni stafar ekki svo mikil hætta. Enn fremur eru bátar í flutningum, og bifreiðaflutningur gæti og létt mikið undir með flutning á benzíni og batnar eftir því sem vegakerfið eykst og bílarnir stækka. Af þessum ástæðum hefur n. fallizt á, að benzín verði ekki flutt á skipum, sem skráð eru sem farþegaskip. N. hefur ekki getað gengið eins langt, hvað viðkemur skipum, sem flytja farþega, því að það nær til margra skipa, því að oft eru farþegar með flutningaskipum. Nú á tímum er sá möguleiki alltaf fyrir hendi, að skipin verði fyrir árásum eða lendi á tundurduflum, og ef slíkt kæmi fyrir skip, sem flytja hundruð manna og hafa benzín á þilfari, þá yrðu afleiðingarnar hryllilegar.

Þá er fjórða atriði frv., sem er um að banna þilfarsflutning á skipum, sem eru í millilandasiglingum, um vetrartímann. N. virtist ekki nauðsyn á að setja l. um þetta efni, þótt hún skilji vel þá hættu, sem af því getur stafað, þegar skipsmenn þurfa að klífra yfir flutning á þilfarinu í myrkri og stórsjó. Menn hafa komið auga á þessa hættu, og sjómenn og skipaeigendur hafa samið um þetta innbyrðis þannig, að þegar um „dekklest" er að ræða, þá skuli skipsmenn búa aftur á skipinu en ekki frammi á. Þar sem upplýst er, að aðeins þrjú skip geta ekki fullnægt þessu, og þegar vitað er, að það er sameiginlegur vilji Eimskipafélags Íslands og sjómanna að bæta úr þessu, þá féll n. frá því að fullnægja þessari kröfu frv.

Í sambandi við benzínflutninginn gleymdi ég einu atriði. Um leið og n. fer fram á að banna flutning benzíns með farþegaskipum, er í 2. málsgr. óskað eftir, að sett sé reglugerð um það, hvernig búið sé um benzín, þegar það er flutt á öðrum skipum, því að ekki er sama, hvernig um það er búið. Ég gat þess, að breiddur væri segldúkur yfir það, og er það gott, en þó mundi það ekki nægja, ef skipin yrðu fyrir loftárásum eða rækjust á tundurdufl. Ég legg því áherzlu á það, að n. óskar þess, að sett verði reglugerð um, hvernig farið skuli með benzínflutning milli hafna.

Ég held, að ég hafi þá tekið fram þær brtt., sem n. hefur komið með. Ég hef sagt álit n. í flestum tilfellum, en hins vegar má vera, að einn nm., hv. fyrri flm. frv., telji ekki nógu langt gengið í öllum atriðum, en hitt er rétt, að fullt samkomulag er hjá n. um brtt. á þskj. 143.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Ég bjóst við, að hv. 2. þm. S.-M. mundi gera grein fyrir fyrirvara sínum, en ég má til með að segja nokkur orð, þótt ekki sé nema til að þakka samstarfsmönnum í n. fyrir þann skilning, sem þeir hafa sýnt á málinu. Ég tek þetta fram, þar sem mér er ljóst, að hér er um mál að ræða, sem er hvort tveggja í senn, hagsmuna- og tilfinningamál fyrir ýmsa, sem hlut eiga að máli. Ég játa, að ég hefði kosið, að lengra hefði verið gengið í sumum atriðum, en ég legg mikið upp úr hvaða umbótum sem eru, þegar þess þarf að gæta, að samkomulag haldist, og ég er ánægður með hverjar þær umbætur, sem á nokkurn hátt stuðla að því að bjarga mannslífum. Hvert spor, sem stigið er þar, er í áttina til fullkomnunar. Reynslan mun skera úr, hvort við þarf að bæta, en hins vegar er ljóst, að hversu ýtarleg l., sem sett eru, eru dauð, ef framkvæmdirnar eru ekki í anda þeirra. Ég býst við, að ef þetta frv. yrði samþ., þá megi segja, að miklu sé náð.

Ég mun vera fáorður um brtt., því að mjög ýtarlega hefur verið gerð grein fyrir þeim af hv. frsm. Ég get vel sætt mig við, að í stað hleðslumerkis komi hleðsluborð. Hins vegar virðist mér hleðsluborð, sem ekki er markað á skipshlið, ekki vera eins táknræn auglýsing fyrir allan þorra manna, því að það hleðsluborð er aðeins í meðvitund þeirra, sem ákveða það, og svo auðvitað skipsmanna. N. hefur og fellt niður, að þessi ákvæði nái til fiskiskipa, sem fiska í sig. Það er eðlilega dálítið erfitt fyrir yfirvöld í landi að fást við það, og verður þar að treysta á þegn-

skap skipstjóra, en oft er svo, að lítil forsjá fylgir miklu kappi, þegar mikill afli er í aðra hönd. En n. taldi ekki rétt, að fullt eftirlit væri ekki haft með hleðslu þessara skipa, sérstaklega þeirra, sem sigla með fisk milli landa. Svo hefur n. ekki talið ástæðu til, að sett yrðu l. um flutning á þilfari skipa, sem sigla milli landa um vetrartímann, þegar n. var kunnugt um, að frjálsir samningar væru um það atriði milli sjómanna og skipaeigenda og sameiginlegur vilji beggja aðila að fullnægja þessari kröfu frv. — Ég gat því sætt mig við, að það ákvæði félli niður. Hinu ber ekki að neita, að hjá skipaskoðunarmönnum hefur komið fram sú skoðun, að ekki einungis mannslífum sé stofnað í hættu með þilfarsflutningi, heldur einnig skipunum sjálfum. En það er í þessu tilfelli eins og öðrum, að kapp er bezt með forsjá. Að öðru leyti hefur hér ekki orðið nein veruleg breyt., nema hvað orðalag snertir á einum stað, sem ég játa, að er töluverð efnisbreyting. Það er um benzín og sprengiefnaflutning. Eins og hv. frsm. benti réttilega á, þá var það í frv. orðað svo, að „á skipum", sem flytja farþega, skuli óheimilt að flytja þetta, en nú er það „á farþegaskipum", eins og það er orðað frá n., og það er náttúrlega þrengra en áður var. Ég skal ekki segja, hvort í framkvæmdinni verður farið eftir því, sem skráning segir til um skip, en skip eru hér skoðuð farþegaskip, sem hafa skilyrði til að flytja farþega. Af skipum Eimskipafélagsins eru það líklega 4, ég hygg, að Selfoss sé ekki talinn með. Bæði strandferðaskipin voru a. m. k. skráð farþegaskip, en ég veit, að með Súðina var þessu breytt á tímabili. Ég hygg, að því hafi þó tvímælalaust orðið að breyta aftur. Síðan hún hætti að sigla til útlanda, varð hún að flytja farþega eins og rúm frekast leyfði, og hún getur varla gert það nema hún sé skráð farþegaskip, svo að þetta hlýtur að ná til hennar.

Flóabátar eru ekki skráðir farþegaskip, svo að það mætti skilja það svo, að þetta ákvæði næði ekki til þeirra. Að mínu viti ber samt að fara mjög varlega um flutning slíkra efna, jafnvel á slíkum fleytum, og ég álít, að sú reglugerð, sem við leggjum til að gangi í gildi um sérstakan umbúnað á sprengiefnaflutningi, ætti að ná til hinna minni báta, sem stundum eru kallaðir flóabátar. Hv. 2. þm. S.-M. skrifar undir nál. með fyrirvara, og ég þykist vita, að það sé m. a. með tilliti til þessa, sem hann kannske skýrir hér. En til viðbótar því, sem ég sagði við 1. umr. og benti svo réttilega á, vil ég segja það, að það er of seint að byrgja brunninn, eftir að barnið er dottið ofan í. Við viljum, að augu löggjafans séu opin fyrir hættunni, og að hann, eftir sinni getu, komi í veg fyrir hana. Likurnar fyrir því, að stórslys geti hent skip á þessum tímum, eru svo miklar, að okkur ber, með öllum hugsanlegum ráðstöfunum, að reyna að koma í veg fyrir þau, að svo miklu leyti sem í mannlegu valdi stendur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það, hvernig hægt er að fullnægja þörf landsmanna um flutning þessara vara, nema sérstakt tilefni gefist til. En ég er reiðubúinn, eftir minni þekkingu og eftir því, sem ég bezt veit, að gefa hv. d. fullkomna skýrslu um það, á hvaða hafnir í landinu benzínflutningar eru mestir, og hvernig hægt er að koma þeim, án þess að notaðar séu þessar fleytur, sem oft verða að flytja fjölda fólks. Mín skoðun er sú, án þess að ég rökstyðji hana frekar, að þetta sé kleift, ef aðeins er fyrir hendi fullkominn vilji og skilningur hjá þeim aðilum, sem skipti eiga með vöruna. Nú er það svo, að í reglugerð, sem hvergi hefur verið prentuð, um frágang á flutningi á benzíni, þá er t. d. ekki leyft að flytja dynamit eða tundurefni, ef benzín er um borð í skipi. Í sömu reglugerð segir einnig, að það skuli vera sérstök slökkvitæki í námunda við, þar sem slík efni eru geymd, og það má ekki vera þar á skipinu, sem nokkrar líkur eru til, að óviðkomandi maður geti komizt að því.

Ég get verið n. þakklátur fyrir það, að hún hefur þó fallizt á að taka rök okkar flm. og annarra til greina og fallizt á aðalefni frv. okkar, eins og sjá má á brtt. n.

Ég held, að ég hafi þá skýrt frá því, sem frv. hefur inni að halda, og því, sem ég til samkomulags hef fallið frá, í því trausti, að þar sem jafn ihugulir menn og meðnm. mínir eru, þá fallist þeir á að láta þetta ganga hljóðalitið í gegnum Alþ., svo að það geti orðið að l., og þá tel ég, að höfuðtilgangi okkar sé náð, með því að bæta úr því, sem á vantar, að gengið sé sem tryggilegast frá öryggi manna á þeim skipum, sem hér heyra undir.

*__Ingvar Pálmason:__ Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari snertir aðeins aðra brtt. nefndarinnar á þskj. 143, það er ákvæðið um flutning á benzíni. Ég hef gengið inn á ákvæðin, sem þar eru sett, um að banna benzínflutning á farþegaskipum, þótt ég sjái, að það geti orðið nokkrir erfiðleikar á að fullnægja flutningsþörfinni. En af því að ég tel hér vera um mikla hættu að ræða, finnst mér sjálfsagður hlutur að fallast á það. Þó er það gert með þeirri skilgreiningu, að það séu aðeins þau skip, sem skráð eru sem farþegaskip. Allir vita, að samgöngum er svo hagað hér við land, að menn eru næstum því til þess neyddir að nota hverja fleytu til að komast hafna á milli, og ef ákvæðin ættu að vera svo víðtæk, get ég ekki undir neinum kringumstæðum verið þeim samþykkur. En ég hef lagt þann skilning í orðalag brtt. n., að ákvæði hennar nái aðeins til þeirra skipa, sem skráð eru farþegaskip, og með þeim skilningi get ég fylgt þessari brtt.

Ég vil taka þetta fram vegna þess, að það er sannfæring mín, að þannig eigi að framfylgja þessu, og þannig sé mögulegt að framfylgja því. Verði aftur á móti sá skilningur lagður í brtt., að ákvæðið nái til þeirra báta, sem flytja farþega hafna á milli, get ég ekki orðið því fylgjandi. Enda virðist mér, að 2. málsgr. sömu brtt. taki af öll tvímæli um þetta, því að þar er sagt, hvernig skuli um slíkan farm búið, þegar hann er fluttur með öðrum skipum.

Ég vildi gera grein fyrir þessu, af því að það gæti hugsazt, að menn vildu halda því fram, að óheimilt væri að flytja benzín á öllum fleytum, sem flytja farþega.

Ég hef þá gert grein fyrir fyrirvara mínum. Og ég vil að lokum aðeins slá því föstu, að þetta

er skilningur n. allrar, og hún gerir ráð fyrir, að þannig verði þessu framfylgt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 143,1 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 143,2 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 284).

*Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta frv. er til þess fyrst og fremst að koma á eftirliti með hreinlæti um borð í skipum. Í öðru lagi er það til þess að koma á þeirri reglu, að skip, sem sigla á milli landa með fisk og ekki eru skyldug til þess að hafa hleðslumerki samkvæmt alþjóðareglum, verði látin hafa hleðsluborð og hleðslumerkjaskirteini til að fyrirbyggja ofhleðslu, sem oft er talin hafa átt sér stað að undanförnu. Og í þriðja lagi miðar það að því að ákveða, að skip, sem nefnd eru farþegaskip, samkv. siglingareglugerð, megi ekki flytja benzín. Þetta þykir sjálfsögð öryggisráðstöfun, eins og siglingum er nú háttað hér við land.
Frv. þetta er komið frá Ed. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur gert á því nokkra breyt. í samráði við skipaskoðunarstjóra og sjútvn. Ed. Hún leggur því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er á þskj. 248.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en óska að brtt. verði samþ. og málinu vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 284 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 314).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 347).

---

24. Aðstoðarlæknar héraðslækna.

Á 20. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (þmfrv., A. 80).

Á 21. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er flutt eftir tilmælum landlæknis. Allshn. hafði frv. til athugunar, og henni virtust þær ástæður, sem færðar eru fyrir því, að nokkra nauðsyn beri til þess, að ráðstafanir séu gerðar til þess að hafa til taks lækna til þess að aðstoða héraðslækna, séu á rökum byggðar. En hins vegar leit n. svo á, að þau vandræði, sem eru með lækna í héruðum úti um landið, verði ekki leyst með þessu frv. Það varð því nokkur tregða á því til að byrja með, að n. flytti frv., og það var vegna þess, að henni fannst of skammt gengið í þessum efnum. Það skal tekið fram, að n. átti tal við landlækni um þetta vandamál — hin læknislausu héruð úti á landi — og hann nefndi dæmi þess, að til stórvandræða horfði og bæta yrði úr með einhverjum hætti með læknaleysið út um landið. T. d. skýrði hann n. frá því, að læknirinn í Hornafirði væri veikur og þyrfti að komast að heiman til læknis. Það stendur nú yfir vetrarvertíð á Hornafirði, og þar eru nú 400 aðkomusjómenn, en landlæknir skýrði svo frá, að sér hefði reynzt ómögulegt að bæta úr þessari þörf, svo að héraðslæknirinn kæmist að heiman. Hann lét þess getið, að hann gæti vel búizt við því, að lækninum stafaði nokkurt heilsutjón af því að geta ekki þegar komizt undir önnur skilyrði heldur en að vera neyddur til að sinna læknisstörfum í sínu héraði. Um leið og við ræddum þetta frv. við landlækni, spurðist n. fyrir um það, hvort það mundu vera líkur til þess, að læknar fengjust í þessi aukaembætti, og taldi hann nokkrar líkur til þess. N. bar þá undir landlækni, hvort ekki væri hægt að reyna með einhverju móti að tryggja það, að þessi ráðstöfun gæti komið að fullum notum, þannig að undir flestum kringumstæðum yrðu fyrir hendi menn, sem vildu fara í hin lausu læknisembætti. N. stakk upp á

því, hvort ekki mundi tiltækilegt að leggja þá kvöð á læknakandidata, að þeir, til þess að geta fengið ótakmarkað læknisleyfi hér á landi, yrðu að vinna einhvern tíma sem aðstoðarlæknar eða settir læknar í læknishéruðum úti um land. Landlæknir gekk inn á það, að þessi ráðstöfun væri nauðsynleg og ekki ósanngjörn, og þess vegna er það, að n. flutti í fullu samráði við landlækni frv. um breyt. á læknalögum frá 1932 um rétt og skyldur lækna og annarra, er læknisleyfi hafa. Í því frv. er gert ráð fyrir, að heilbrigðismálaráðh. geti gert það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu læknisleyfi, að læknakandidatar vinni allt að 6 mán. tíma sem aðstoðarlæknar eða gegni læknisembættum í héruðum úti um land. Ég skal ekki fara neitt út í þetta frv. Því hefur enn ekki verið útbýtt í d., en umr. um það munu fara fram áður en langt líður, en ég læt þess aðeins getið frá n. hendi, að þessi frv. fylgjast alveg að. N. lítur svo á, að frv. það, sem hér er nú til umr., komi ekki að fullum notum, nema því aðeins, að hitt fylgi með, og skal ég geta þess, að það má vel vera, að þessar till. nægi ekki til þess að bæta úr þeim læknisvandræðum, sem eru úti um landið. En n. telur samt sem áður, að þetta sé spor í rétta átt, og vill gera þessa tilraun og þá sérstaklega vegna þess, að landlæknir hefur nokkra trú á því, að þetta geti bætt úr erfiðleikum þjónandi héraðslækna, þegar þeir þurfa að fara að heiman, og einnig í því tilfelli, þegar heil héruð eru læknislaus. Ég vil vænta þess, að d. taki þessu frv. með vinsemd og láti það ganga fram. Ég skal geta þess, að ég tel með öllu óþarft, að málið fari aftur til n., því að allshn. er alveg sammála um það, að málið gangi fram.

*__Páll Hermannsson:__ Ég álít, að það mál, sem hér um ræðir, sé fullkomlega þess vert, að því sé gefinn gaumur, og ég verð að lýsa því yfir, að mér þykir dálítið einkennilegt, að hér skuli nú sitja 6 menn af 16 í d. Ég hugsa, að þeir, sem eiga við það að búa úti um landið að eiga í sumum tilfellum engan kost þess að afla sér læknishjálpar hvað sem fyrir kemur, gætu búizt við því, að till. til úrbóta væri meiri gaumur gefinn heldur en lítur út fyrir, að gert sé nú hér í hv. d. Ég er nú einn af þeim lánsömu mönnum, sem eiga heima í læknishéraði, sem er alveg læknislaust, og ég er þar líka nægilega kunnugur til þess að vita, að það koma oft fyrir tilfelli, sem svo stendur á, að læknishjálp er alveg útilokuð, og mér er ekki grunlaust um, að við höfum fengið að kenna á því á yfirstandandi vetri. Ég sá þetta frv. áður en það var lagt fram hér á hv. Alþ., og ég leit svo á, að það gæti orðið til bóta að því leyti að hlaupa undir bagga í héruðum, þar sem lækni vantar eða hann þyrfti að fara frá um stundarsakir. En mér sýnist, að eins og þetta frv. var og er mundi það lítla bót ráða á þeim örðugleikum, sem þeir menn búa við, sem engan lækni hafa og ekki sjá fram á að eiga von á lækni. Það er nú einu sinni svo, að í sumum héruðum vill svo til, að læknar þurfa að flytja burtu af ýmsum orsökum. Þeir telja sig of einangraða, og það, sem ég hygg, að kannske gæti haft veruleg áhrif, er það, að í þessum læknishéruðum eru embættin illa launuð. Ég þekki ekki ákvæðin um laun lækna önnur en þau, sem eru í launal. frá 1919. Þar sé ég, að læknar í 3. launaflokki hafa byrjunarlaun 2500—3000 og 3500 kr. á ári, síðan geta þau hækkað á næstu 5 árum, en eftir 15 ár eru þau komin upp í 3500—4000 og 4500 kr. Nú mun það vera algengt, að menn sitja ekki í þessum læknishéruðum það lengi, að þeir nái hámarkslaunum, og sýnist mér þá, að þessi læknishéruð séu ekki eftirsóknarverð launanna vegna. Ég er hv. allshn. þakklátur fyrir að hafa komið þessu máli inn í þingið, þó að ég sé ekki viss um mikinn árangur að öðru leyti af þessu frv.

Mér finnst það góðra gjalda vert, að n. hefur á þennan hátt vakið máls á þessu, því að það verð ég að telja, að það hljóti að vera blettur á ríkisvaldinu, ef það sér engin ráð til þess að láta þegnana eiga einhvern kost á læknishjálp, og ég kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að vekja athygli hv. allshn. á þessum launakjörum. Ég tel þinginu sízt ofraun að bæta launakjör lækna þeirra, sem búa í læknishéruðum, sem eru fámenn og erfið og lítt eftirsótt, þannig að að því leyti yrðu þessi héruð ekki óaðgengileg. Mér finnst ekkert undarlegt, þó að launakjör lækna séu orðin úrelt, þar sem ákvæðin um þau eru orðin 23 ára gömul og gengið er út frá því, að þessir læknar fái 3—4 þús. kr. í árslaun. Hvers konar borgun er það, samanborið við það, sem menn fá almennt fyrir vinnu sína nú? Mér þætti æskilegt, ef hv. allshn. þyrfti að taka þetta mál til athugunar, að hún reyndi að gera sér það ljóst, hvort ekki mætti bæta launakjör lækna í erfiðu héruðunum að nokkrum mun frá því, sem nú er. Hv. frsm. n. benti á annað frv. um þessi efni, sem væntanlegt er á næstunni. Þar er gert ráð fyrir að leggja skyldur á læknaefni um það að þjóna læknisembættum úti um land áður en læknisleyfi yrði veitt. Þetta gæti orðið til þess að bæta úr bráðri neyð. Þó verð ég að telja það mjög illa farið, ef sum læknishéruð ættu að vera dæmd til þess að hafa sama lækni aðeins um stundarsakir, t. d. ½ ár. En mér finnst full nauðsyn á því að reyna að gera þessi héruð sem eftirsóknarverðust að sækja um, því að öllum mun vera það ljóst, hvaða þýðingu það hefur, að læknir sé kunnugur í sínu héraði að öðru leyti en þeim störfum, sem hann er að vinna.

*__Bjarni Snæbjörnsson:__ Það eru fáein orð, sem ég vildi beina til allshn., og það því fremur, sem hv. flm. bjóst ekki við, að n. mundi koma með neinar brtt. eða gera neina breyt. á því, sem hún hefur þegar lagt fram hér í þessu máli.

Ég ætla fyrst að taka undir það með síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. N.-M., að einmitt launakjör læknanna hafa afar mikið að segja í þessu máli. Það er þess vegna mikið til af því, að læknar fáist ekki til að fara í léleg héruð, þar sem „praksis“ er lítill, vegna þess að launin eru svo lág. Og ef fara ætti inn á það svið, þá hlýtur hver maður að sjá, að mismunurinn á launakjörum læknanna, þeirra sem í fjölmennum héruðum eru með miklum „praksis“ og hinna, sem í fámennum héruðum eru og hafa lítinn sem engan praksís, hann er allt of lítill eftir núverandi launal.

Einnig er það annar hlutur, sem gerir það að verkum, að yngri lækna er erfitt að fá til að gegna hinum erfiðu og vondu læknishéruðum, sem er það, að veiting læknishéraða hefur ekki verið á þá lund, að það mundi ýta undir neinn ungan mann um að fara út í fámennt og afskekkt *hérað. Vitanlegt er* það, að *enginn ungur* læknir fer í slíkt hérað, nema með það fyrir augum, að hann eigi að fá það að endurgjaldi, að hann eigi síðar að fá betra og hægara hérað og tekjumeira, þegar um slíkt hérað verður að ræða til veitingar. En því hefur ekki verið framfylgt á síðari árum. Það hefur verið þannig, að ýmist hafa nýir læknar, sem engum héraðslæknisstörfum hafa sinnt, fengið héruðin og verið þannig teknir fram yfir eldri héraðslækna, eða í öðru lagi hefur það verið þannig, að ef tveir eldri héraðslæknar hafa sótt um læknishérað, þá hefur sá læknirinn fengið það, sem hefur verið í vel launuðu og hægu læknishéraði, en hinn, sem hefur verið í erfiðu og illa launuðu héraði, hefur ekki fengið það. Þessi atriði gera það að verkum, að þessir erfiðleikar eru á *skipun lækna í verri læknishéruðin. Og* þrátt fyrir ákvæði þessa frv., þótt að l. yrði, verður þetta ekki lagfært, því að það fæst aldrei fullkomin lagfæring á þessum málum. Ég hirði ekki um að nefna dæmi til sönnunar því, sem ég hef sagt hér um veitingu læknishéraðanna, nema ef hv. þm. vildu fá að heyra þau, þá skal ég nefna þau.

Viðvíkjandi frv. því, sem hér liggur fyrir, hef ég ekki nema gott eitt að segja. Það er indælt í sjálfu sér. Og það hefur einmitt verið vilji læknastéttarinnar að fá því til vegar komið, að héraðslæknarnir gætu komizt burt, ef þeir þyrftu, úr héruðum sínum um stundarsakir, annaðhvort í veikindaforföllum eða til þess að afla sér aukinnar menntunar og gætu fengið staðgengil fyrir sig, sem erfitt er á þessum tímum. *En með núverandi launakjörum eiga þeir* blátt áfram engan kost á að fá slíka menn fyrir sig. Þess vegna væri mjög gott, ef það gæti orðið svo, að frv., sem hér liggur fyrir, gæti orðið að l. En um hitt frv., sem lýtur að þessu efni, ætla ég ekki að ræða nema sem minnst, enda liggur það ekki fyrir. Mér finnst samt sem áður, að það væri ekki nema rétt af hv. allshn., um leið og hún leitar umsagnar landlæknis um það frv., að hún leitaði einnig umsagnar formanns Læknafélags Íslands. Því allir sjá, að það, að samþ. það frv., sem var útbýtt hér í dag, en ekki er til umr., gæti orðið mikil kvöð á ungum læknum, sem getur orðið þess valdandi, að menn fái ekki ótakmarkað lækningaleyfi fyrr en einhvern tíma og einhvern tíma, því að það geta komið fleiri læknaefni, sem verða útskrifuð á ári heldur en þörf er fyrir í það, sem frv. talar um, aðstoðarlæknisstörf. Og ef þeir eiga að vera 6 mánuði í héraði hjá héraðslækni, áður en þeir fá ótakmarkað lækningaleyfi, þá getur farið svo, að þeir fái ekki fyrr en seint og síðar meir það leyfi. Sem sagt, það frv. ætla ég að leiða hjá mér að ræða um. En ég álít, að það *væri ekki nema sjálfsagt fyrir allshn. að senda* það frv. sem fyrst formanni hins íslenzka læknafélags, svo að umsögn hans gæti verið komin um það mál, áður en það er komið til 2. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. Hafnf., að ég finn ástæðu til þess að bæta nokkrum orðum við það, sem ég sagði hér áðan. Mér skildist á þeim báðum, að þeir taki þessu frv., sem hér liggur fyrir, mjög vel, tvímælalaust hv. 2. þm. N.-M., *er mér virtist hafa fullan skilning* á því, að ástandið í læknaskipun í héruðum landsins væri óviðunandi eins og það er nú. En báðir komu þeir inn á það atriði, að það væri ekki hægt að bæta úr þessu ástandi með öðru móti en því, að launakjör læknanna yrðu bætt, eða svo skildist mér þeirra ummæli falla. Og hv. 2. þm. N.-M. skoraði á allshn. að *athuga* þetta mál og óskaði sérstaklega eftir, að hún kæmi með lagabreyt., sem réðu bót á launum héraðslæknanna úti um landið. Ég skal strax lýsa því yfir, að þó að allshn. hafi minnzt á þetta launaspursmál, þá get ég ekki lýst neinu yfir fyrir n. hönd. En frá mínu sjónarmiði verð ég að segja, að þó að yfirstandandi tímar séu kannske svo, að það séu sæmilega góð fjárráð í landinu, þá held ég samt sem áður, að þeir séu *ekki heppilegir til* þess að hrófla á þeim við launalögunum. Það er rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. hélt fram, að laun héraðslækna í erfiðum héruðum eru of lág. En ég óttast mjög, ef farið verður af einni þingn., sem ekki hefur neina sérstaka sérþekkingu á meðferð launalaga, að byrja á að leggja til, að þeim l. verði breytt, og n. verður þess valdandi, að þeim verði breytt, snertandi aðeins eina launastétt í landinu, þá fáist með því lítill árangur. Ég skal ekki um það segja, hvað allshn. gerir í þessu efni. En ég tel mig algerlega vanbúinn því að koma fram með slíkar till. En hitt finnst mér alveg sjálfsagt — þó að allir kunni að játa það, að launaspursmálið sé stórt spursmál — að gera þá tilraun, sem farið er fram á í þessu frv., sem ég gat um áðan. Ég hef talað við reyndan héraðslækni um þetta atriði, og ég held, að læknum landsins sé vel ljóst, að ástandið með héraðslæknana úti um land sé mjög óviðunandi. Og þessi reyndi héraðslæknir sagði við mig: Veiztu, hvað læknar segja fyrst, þegar þeir eru spurðir um, hvers vegna þeir vilji ekki fara í héruðin út á landi? Það er ekki launamálið, sem þeir bera fyrst fyrir. *Þeir segja fyrst:* Við *viljum* það ekki vegna þess, að ef okkur er veitt slíkt hérað, erum við hræddir um, að okkur verði gleymt. Þetta eru orð hins merka læknis, og ég hygg, að þau séu sönn. Og þá kemur maður að öðru atriði, sem hv. þm. Hafnf. benti á, að honum virtist það hafa komið fram, að það væri lítils metið við þá lækna, sem færu í þessi erfiðu og lélega launuðu héruð. Má vel vera, að svo sé. En ég sé ekki, að það sé gott að finna lagfæringu á þessu með lagaboði. Ég hugsa, að þetta sé framkvæmdaratriði, sem ég verð að bera það traust til heilbrigðisstjórnarinnar um, að hún reyni að laga í hendi sér. Ég held, að það sé ekki hægt að búast við því, að allshn. eða Alþ. geti lagfært þetta. Ég vildi láta þetta koma fram hér vegna þess, að ég hygg, að meðal lækna sé það tilfellið, að það séu ekki aðeins launin, sem þeir horfa á, heldur líka það, að þeir hafa áhuga fyrir starfi sínu og vilja gjarnan, að þeim gefist kostur á að fullkomna

sig í því. Og einmitt þetta frv., sem hér liggur fyrir, er spor í áttina til að greiða fyrir því, að læknar, sem eru í lélegri héruðum, geti, með góðum velvilja heilbrigðisstjórnarinnar, fengið frí nokkra mánuði í einu, kannske heilt ár, til þess að geta gefið sig betur við því að þroska sína læknishæfileika.

Mál þetta er ákaflega mikið vandamál. Og mér finnst sjálfsagt að láta ekkert af þeim atriðum vera óleyst, sem maður kemur auga á, að er til bóta í málinu, og rétt að sjá svo, hvort það þolir ekki bið, að þessi eina stétt af launastéttum landsins sé tekin út úr og bætt kjör hennar með breyt. á launal. Ef farið verður að hreyfa við launakjörum þessarar stéttar á þann hátt, hygg ég, að fáar launastéttir finnist, sem ekki sé hægt að segja um, að hafi of lág laun. Ég hygg, að það séu 15 ár síðan því var hreyft að endurskoða launal. landsins, og það er ekki farið til þess enn. Og ég hygg, að það sé of hörð krafa til einnar þingn. að ætlast til þess, að hún sé þess umkomin að leysa þann vanda.

Ég læt svo útrætt um þetta að sinni. Og eftir þeim undirtektum, sem málið hefur fengið hér í hv. d., vona ég, að það fái greiðan gang gegnum þingið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mér skilst, að þetta frv. fái þær undirtektir hér, að því muni verða vel borgið, ef auðu stólarnir taka eins undir það og þeir, sem menn sitja í.

En ég vil gera aths. við það, sem fram kom hjá tveimur ræðumönnum hér og hv. frsm. taldi vandkvæði á, að bæta kjör þessara lækna. Hv. frsm. taldi, að allshn. mundi ekki telja sig þess megnuga að endurskoða launal. landsins. Við óskum ekki beint eftir, að hún geri það. En ef ég man rétt, eru ekki mörg ár síðan ástandið með prestana var talið líkt og nú á sér stað um læknana. Það var talið, að ekki fengjust menn inn í sum prestaköllin, því að þeir hefðu ekki þann eldlega áhuga fyrir starfinu, svo að þeir þyrftu að hafa aðrar hvatir til þess, að þeir fengjust til að taka að sér þá atvinnu að prédika fyrir lýðnum. Og þá var breytt launakjörum þeirra, ég held með þáltill. þannig, að prestar í verri prestaköllum voru settir strax á full laun, eins og þeir væru búnir að þjóna í 15 ár.

Væri nú ekki athugandi fyrir hv. allshn., hvort hún gæti ekki fetað í þau fótspor, sem þá voru stigin gagnvart prestunum, í þessu máli gagnvart læknunum og lagt til slíkar uppbætur til læknanna, eins og þá var veitt prestunum? Nú er sagt, að til séu nógir prestar í öll þessi prestaköll, sem erfitt var áður að fá presta í, — ástandið breyttist með launakjörunum. Og ég hygg, að hér væri hægt að fara svipaða leið gagnvart læknunum.

***Páll Hermannsson:** Ég veit, að hv. frsm. allshn. leggur gott eitt til þessara mála og ekkert annað, og ég skil vel, að honum þyki ekki árennilegt að róta upp í launal. Og ég skil vel, að honum þykir ekki árennilegt að fá úrbætur í þessu efni, þó að hann miði ekki við annað en það, hve mikill fáleikur hér er um þetta mál. Hér sést enginn heilbrigðismálaráðh., og d. hefur verið heldur fámenn við umr. um þetta mál.

Hv. frsm. viðurkennir, að laun héraðslæknanna muni vera of lág, enda er lítill vandi að sjá það, að þau eru of lág. Þegar launin eru 5 þús. kr., eða eins og smiðir fá nú á 3—4 mánuðum, þá er þetta mjög lágt. En það er alveg rétt, sem hv. frsm. bendir á, að það er áreiðanlega fleira en launakjörin, sem gerir læknisháruðin úti um landið lítið eftirsóknarverð. Ég veit það vel. En mér finnst, að launakjörin væru það atriðið, sem Alþ. helzt gæti ráðið við. Mér finnst það vera eitthvað öfugstreymi, ef útskrifaðir læknar kjósa miklu heldur að fara í Bretavinnu eftir sitt 10—12 ára nám heldur en að þjóna læknishéruðum. Þó að launastéttirnar yfirleitt vilji hafa betri laun, þá finnst mér, að taka ætti þó sérstakt tillit til þess viðkomandi læknastéttinni, að embættin standa mannlaus. Það er þó víðast annars staðar, að þótt starfsmönnum og embættismönnum þyki laun sín lág, þá er verkið samt unnið. Kennurum mun t. d. þykja laun sín lág. En ég held, að þeir fáist oftast. Ég held, að ég þurfi ekki að lýsa fyrir hv. þm., hvílíkum óhug slær á menn, sem eru útilokaðir frá læknishjálp, eins og virkilega á sér stað.

Mér hefði fundizt, að bæta mætti launakjör lækna með fleiri ráðum heldur en beinlínis launahækkun. Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að laun prestanna hefðu verið bætt, án þess að föstu launin hefðu beinlínis verið hækkuð. Það var gert með því að veita þeim sérstaka fjárhæð, sem kallað var skrifstofufé. Héraðslæknum úti á landi væri það einnig mikil launabót, ef ríkið léti þeim í té bifreiðar. Ferðalög þeirra eru fyrst og fremst þeirra embættisskylda. Og þó að það sé látið heita svo, að það sé oftast, að þeir, sem vitja læknis, greiði ferðakostnað læknisins, þá mun misbrestur vera á því stundum, þegar fátækir menn eiga í hlut. Enn fremur væri læknum mjög þægilegt eða eiga sínar eigin bifreiðir.

Það er ekki nema gott um þetta frv. að segja, svo langt sem það nær. En ég hef ekki mikla trú á því, að það verði miklu frekar sótt um þessi aðstoðarlæknisembætti með 300 kr. launum á mánuði heldur en sótt er nú um læknisembættin sum. Ég held, að það geti líka viljað til, að eins og héruðin standa læknislaus, þá verði læknar ekki ákaflega fúsir í að sækja um þessi aðstoðarlæknisembætti. En að því leyti, sem læknar fást í þessi störf, er þetta til bóta, þó að mér finnist, að það þyrfti að herða enn betur á þessu til þess að komast hjá því óþolandi ástandi, sem það hlýtur að teljast, að læknishéruð séu læknislaus árum saman. Því að það er ekki einasta, að hérað, sem engan lækni fær, verði læknislaust, heldur getur verið svipað eða sama að segja, a. m. k. tímum saman, um hérað, sem liggur að læknislausu héraði. Því að þegar einn læknir á að þjóna tveimur læknishéruðum, þá getur það á stundum þýtt það, að læknishéraðið, sem hefur skipaðan lækni, verði læknislaust, þegar læknirinn er á öðrum enda hins læknislausa héraðs.

Ég legg mesta áherzlu á, að læknar fáist í öll héruðin. Og ég álít það nauðsynlegt, að þessir menn geti hreyft sig eitthvað út úr héraðinu, vegna veikinda eða annars, sem minnzt hefur verið á hér. Það er hart, að þeir geti það ekki. En hitt er allra átakanlegast, þegar viðáttumikil

og erfið læknishéruð eru læknislaus svo að árum skiptir, eins og nú lítur út fyrir, að ætli að verða, sem ég undrast ekki, bara út frá launakjörum þeim, sem þessir menn eiga að búa við.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég sé ekki ástæðu til að fara út í bollaleggingar út af því, hvað gera þurfi til þess að bæta kjör læknanna. En ég skal lofa hv. 2. þm. N.-M. því, að allshn. taki til athugunar þessar bendingar, sem hann og hv. 1. þm. N.-M. hafa komið hér með. Hins vegar get ég ekki gefið þeim neitt loforð um bifreiðir eða annað því um líkt til handa læknum. Þessar ábendingar eru góðar og athugunarverðar. En mér finnst — það er kannske af því ég er orðinn svo gamall —, að við megum fagna hverju spori, sem stigið er í áttina til þess að bæta úr því ástandi, sem er í þessu efni, þó að við getum ekki farið alla leiðina í einu. Ég hef bara lýst hér afstöðu minni til launamálsins, en ekki afstöðu n., því að ég get það ekki. Hins vegar er það opið fyrir hvern þm. sem vera skal, að gera betur heldur en allshn. hefur gert hingað til **(PZ:** Það rætist úr henni) og róa fastara. En ég persónulega hef ekki séð mér fært að fara lengra heldur en í þessum tveimur frv. er farið fram á. Allshn. er öll stödd hér í hv. d., þó að margir hv. dm. hafi sýnt þessu máli tómlæti í að hlusta á umr. um það. Ég býst við, að allshn. sé fús til að taka allar bendingar til greina í þessu máli, sem hún sér sér fært, þó að ég vilji ekki fyrir mína hönd né n. gefa loforð um frekari umbætur en fram hafa komið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 2. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. var þetta frv. nokkuð rætt, og frá hálfu n. sé ég ekki ástæðu til að hefja umr. um það nú, við 2. umr., nema sérstakt tilefni gefist. En ég vildi beina því til hæstv. forseta eða benda á, að 4. málið á dagskránni nú, sem er í sambandi við þetta mál, sem fyrir liggur og á nú á fundinum að vera til 1. umr., tel ég heppilegast, að geti fylgt þessu máli, þannig að þau gætu bæði komið samtímis til 3. umr., ef hv. þd. getur fallizt á þau á annað borð.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég vildi bara leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann vildi sjá svo um, að þessi tvö mál, þetta og það, sem er nr. 2 á dagskránni, um lækningaleyfi, verði tekin af dagskrá nú, því að mér skilst, að þessi tvö mál eigi að fylgjast að. Fer ég fram á þetta vegna þess, að mér hefur ekki unnizt tími til þess að semja brtt. við frv., sem gætu farið í þá átt, að þá gæti orðið eitthvert samkomulag milli þingsins annars vegar og Læknafélags Íslands hins vegar um lausn þessa máls. Það er nú einungis ein vika síðan 2. dagskrármálið var hér til 1. umr. Nú fer páskafríið í hönd, og á þeim tíma ætti maður að geta komizt að einhverri sæmilegri niðurstöðu í þessu máli. Væri því mjög æskilegt, ef hægt væri að taka málin bæði nú af dagskrá, og þá væri hægt að hafa málið til umr. fyrsta dag eftir páska. Og þá þyrfti það ekki að seinka málinu um nema einn einasta dag frá því sem ef það væri afgr. hér í dag. Ég vænti þess, að hæstv. forseti og hv. þd. vilji fallast á að taka þessi mál af dagskrá nú og hafa þau á dagskrá fyrsta dag eftir páskafríið.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég gat nú ekki sannfærzt af rökum hv. þm. Hafnf. um það, að nein brýn þörf væri á að taka þessi tvö mál út af dagskrá nú, því að það er öllum hv. þingheimi ljóst, að þessi ágreiningur hefur verið milli hv. þm. Hafnf. og n. um 2. málið og jafnvel bæði málin að nokkru leyti. Ég held því, að hann hafi haft tíma til að gera sínar brtt. **(BSn:** Þetta mál hefur alls ekki verið tekið af dagskrá nema til þess að fylgja hinu málinu.) Tíminn, sem þetta mál hefur verið fyrir þinginu, hefur lengzt við það, að þess var óskað við 2. umr., að málið yrði ekki tekið fyrir, fyrr en formanni Læknafélags Íslands gæfist kostur á að tala við n. N. átti tal við formann læknafélagsins í gær, og meiri hluti n. tók á móti sendinefnd frá félagi læknanema við háskólann í morgun og átti langt tal við þá, þannig að n. hefur nú fengið þá þekkingu um málið, sem hún býst við að fá. Úr hinu geri ég ekki mikið, að hv. þm. Hafnf. hafi ekki haft tíma til að gera brtt. við frv. hingað til, vegna þess að það var ljóst frá byrjun, að hann var andvígur báðum þessum frv. að meira eða minna leyti. Og ég verð að skilja þetta, að hann gerir ekki ráð fyrir brtt. við frv. fyrr en við síðustu umr. málsins í d. og óskar þá eftir, að málinu verði frestað, þannig, að þetta sé a. m. k. jöfnum höndum gert til þess að tefja málið. Þá finnast mér röksemdir hans fyrir því, að málið verði ekki tafið við að taka það nú af dagskrá vegna páskahelginnar, hæpnar. Ég lít þveröfugt við hann þannig á, að ekki sé þörf á að taka málið af dagskrá nú. Það er hægt að koma brtt. fram við málið í Nd. Ef þetta hefði verið síðari d., þá hefði ég gefið hv. þm. Hafnf. kost á að koma með brtt. En eins og sakir standa sé ég ekki ástæðu til þess, og mæli ég því á móti því, að málin verði tekin af dagskrá.

Ég get getið þess strax, að a. m. k. meiri hluti n. — ég get ekki alveg sagt um einn nefndarmanninn — hefur ekki getað sannfærzt af þeim rökum, sem fram hafa verið borin sem andmæli gegn frv., bæði frá formanni Læknafélags Íslands og þessari sendinefnd frá Félagi læknanema við háskólann. Ég hef ekki getað sannfærzt um, að andmælin væru það sterk, að málin

ættu að falla niður af þeim sökum. En hitt hygg ég hafi komið fram hjá báðum þessum aðilum, sem d. er kunnugt um, að þeir telja, að launakjör lækna í lakari héruðum landsins séu of lág. Þessu hefur af engum verið mótmælt hér í hv. d. En það hafa líka komið fram hér í d. till. í þá átt að bæta úr þessu. Og meira að segja hefur mér skilizt, að það hafi verið bent á leið til þess að bæta úr þessu á þann hátt, að ekki þyrfti að koma til lagabreyt. Og ef ég hef skilið hæstv. forsrh. rétt, þá taldi hann það geta komið til greina. Og það er langt frá því, að n. sé því mótfallin að bæta kjör læknanna úti á landi. Hins vegar hefur n. ekki talið sér fært að leggja út í að koma fram með breyt. á launal.

Til þess að flýta fyrir umr. vil ég taka það fram að gefnu tilefni, að n. litur þannig á, að heimild sú, sem gefin er í frv. á þskj. 92, um að ráðh. geti sett það að skilyrði fyrir fullkomnu lækningaleyfi, að kandidatar hafi unnið annaðhvort **sem aðstoðarlæknar hjá** héraðslæknum eða gegnt störfum í læknishéraði, að heimild þessa eigi alls ekki að nota, nema brýna nauðsyn beri til. Þess vegna tók líka n. heldur heimildarformið heldur en að setja þetta sem fast skilyrði í l. Og túlkað á þennan hátt sé ég ekki annað en að þessi kvöð, sem með þessu frv. væri lögð á læknanemana, ef samþ. verður, sé ekki meiri en það, að svo vægilega sé þar í sakirnar farið sem kostur er á. En af viðtali við sendin. frá Félagi læknanema við háskólann virtist okkur í n., að þeir legðu megin áherzlu á þessa kvöð og að þeir vildu fá hana afnumda. En ég verð að segja það, að eins og reynzt hefur erfitt að fá lækna bæði til þess að gegna aðstoðarlæknisstörfum og til þess að þjóna í læknishéruðum landsins, þá sé ég ekki betur en að það sé full ástæða fyrir þingið til þess að reyna þessa leið að hafa þessa heimild til. Nefndinni hefur verið skýrt frá því, og ég skal ekki segja neitt um það, hvaða heimildir eru fyrir því, að það muni alls ekki koma til þess, að það þurfi á þessu að halda, því að þetta muni lagast. Og sérstaklega var það formaður Læknafélags Íslands, sem taldi, að það mætti laga þetta með því að liðka til án þess að notkun þessarar heimildar þyrfti að koma til. Það er nú allt gott og blessað. Ef svo verður, þá verður heimildin bara ekki notuð. Og ég sé ekki, að sérstaklega sé ráðizt á þessa læknanema svo að þeir þurfi að firrast við, þó að þessi frv. verði samþ., ef þeir líta á það, að hins vegar ber þess að gæta, að hér er úr mjög miklum þjóðarvandræðum að ráða. En ég skil það hins vegar mjög vel, að bæði læknafélagið og félag læknanema vilja vera á varðbergi um það, að réttur stéttar þeirra sé ekki skertur, og ég hef ekkert við það að athuga. Og ég get lýst yfir því, að þessi samtöl þessara aðila við n. hafa farið fram ákaflega prúðmannlega á allan hátt. En þar er ekki nema annar aðilinn. En við sem þjóðfulltrúar verðum að líta á hinn aðilann, sem er þannig settur, að hann getur ekki með viðræðum haft nein áhrif á afgreiðslu þessa máls á Alþ. Við fulltrúarnir utan af landi verðum að taka upp þeirra málstað.

Þó að þessi frv. séu, eins og öll önnur mannaverk, ekki svo, að ekkert megi að þeim finna, þá álít ég ekki skaða skeðan, þó að þau verði nú afgr. til Nd. Og ég er sannfærður um, að þetta er sú hóflegasta tilraun, sem hægt er að gera til þess að bæta úr þessu ákaflega aðkallandi vandamáli landsbúa.

Ég verð því að mælast til þess, að þessi frv. fái að ganga eðlilegan gang, og get ég ekki fallizt á röksemdir hv. þm. Hafnf. fyrir því að taka málin af dagskrá nú. — Ég verð að biðja bæði hæstv. forseta og hv. þd. velvirðingar á því, að ég hef hér í raun og veru rætt bæði málin, 1. og 2. á dagskránni, en ég tel, að það saki ekki, vegna þess að þessi bæði mál hanga saman.

Forseti (EÁrna): Hv. þm. Hafnf. hefur óskað þess, að þessi tvö mál, 1. og 2. mál á dagskránni, verði tekin af dagskrá. Um þessi mál er það að segja, að þau eru bæði flutt af n., og það hafa engar brtt. komið fram við þessi frv. hvort fyrir sig. Ég sé því ekki annað en að ég verði að hlíta óskum n., sem flutti málin, um það, að málin séu látin halda áfram, þar sem hv. frsm. n. mælir gegn því, að málin verði tekin af dagskrá.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég verð að segja það, að mér finnst töluvert kapp hlaupið í þetta mál af hálfu meiri hluta hv. n. Í stað þess, eins og ég fór fram á, að málið væri tekið af dagskrá, þá byrjar frsm. á að ræða málið algerlega og ætlar hreint og beint að knýja hæstv. forseta til þess að halda áfram umræðunni með því að byrja að ræða um málið. Það hefði vitanlega verið réttast af honum að segja af eða á um það strax, hvort hann vildi, að málið yrði tekið af dagskrá eða ekki. Svo held ég, satt að segja, að meiri hluti d. hefði átt að greiða atkv. um það, ef n. vildi ekki fallast á uppástungu þá, sem ég bar fram um að taka málin af dagskrá. 2. málið á dagskránni, sem aðalágreiningurinn er um, en ekki er beint til umr., er búið að vera 7 daga aðeins hér í þessari hv. d., og þá finnst mér, að mikið ofurkapp sé lagt á það mál, ef ekki má taka það af dagskrá nú, þegar þess er gætt, að báðir aðilarnir, sem talað hafa við n., eru á móti því að samþ. þessi bæði frv. óbreytt. En því í ósköpunum má ekki reyna að fá samkomulag milli þessara aðila og þingsins til þess að komast niður á þá lausn málsins, sem allir geti sætt sig við, bæði þingið og sú stétt, sem á að beita þarna kúgunarl. Ég sé ekki, hvernig stendur á því, að ekki má fresta málinu um þennan eina dag. Það getur komið til umr. í Nd. strax eftir eina umr. hér, sem gæti farið fram strax eftir páskana. Og það þarf ekki að verða til þess að seinka málinu. Það hlýtur annað að liggja þarna bak við og sem ég held, að ætti að nema burt, til þess að hægt væri að fá eitthvert gott samkomulag í málinu. Ég vildi benda á, viðkomandi því, sem hv. frsm. sagði, að það mætti breyta frv. í Nd., að við vitum það, að það er viðkvæðið í deildunum, er málin hafa til umr. á eftir hinni d., að það megi ekki hreyfa við málunum, af því að það tefji svo málin að láta þau hrekjast á milli d. Og úr því að hv. frsm. er að væna mig um, að ég sé að gera þessa till. mína um að taka málin af dagskrá til þess að drepa þau, þá vil ég segja, að það er alls ekki

rétt, og hv. frsm. hefur alls ekki leyfi til að bera mér það á brýn. Ég gæti þá alveg eins borið honum það á brýn, að hann vilji framgang málsins án breyt. móti vilja allrar læknastéttarinnar bara til þess að skapa úlfúð milli þeirra, sem eiga að veita, og þeirra, sem eiga að þiggja þessa hjálp. Þess vegna finnst mér ekki nema sjálfsögð liðkun í þessu máli að taka málin nú af dagskrá, og það því fremur, sem einn hv. nm. er ekki viðstaddur, nm., sem ég býst við, að muni hafa viljað hlusta á þau rök og taka til greina, sem komu fram frá báðum þessum aðilum, sem talað hafa við nokkra af nm. Og ef þessum nm. er ekki gefinn kostur á að kynna sér málið á þennan hátt, getur maður ekki haft nema umsögn annars málsparts í n., þess sem vill hafa frv. óbreytt samþ. út úr d., um það, hvað fram hefur farið á þessum nefndarfundum. Mér virðast því öll rök hníga að því, að málunum eigi að fresta þangað til n. er fullskipuð hér í hv. d., sem fjallaði um málið. Ég hygg, að a. m. k. allir þeir hv. þdm., sem vilja sýna nokkra sanngirni í þessu máli, hljóti að finna það, að þetta eru töluvert sterk rök fyrir því að fresta málunum um þennan eina þingdag getur maður sagt. Og það hefur annað eins skeð hér á hæstv. Alþ. eins og það, að það væri farið eftir óskum eins einstaks þm. um slíkt sem þetta. Og ég man bara ekki eftir því í háa herrans tíð, að mál hafi verið afgreitt svo, að neitað hafi verið að taka það af dagskrá, ef einhver þm. hefur óskað þess, til þess að hann gæti komið með brtt. við frv., og þegar frv. hefur ekki lengur verið fyrir d. heldur en hér er um að ræða. Því að 1. umr. um seinna málið á dagskránni, sem aðalágreiningurinn er um, fór fram nákvæmlega fyrir einni viku.

*__Sigurjón Á Ólafsson:__ Ég ætlaði ekki að taka til máls, en af því að meiri hl. allshn. er við málið riðinn og á hann er deilt, vildi ég taka fram nokkur atriði. En fyrst vil ég leiðrétta þrennt í ræðu hv. þm. Hafnf., sem ekki var alls kostar rétt.

Hann vildi halda því fram, að báðir aðilar, læknafél. og félag læknanema, væru á móti þeim tveim frv., sem hér liggja fyrir, en í viðtali við formann læknafél. og tvo fulltrúa læknanema kom engin rödd fram um að gera breyt. á frv. (__BSn:__ Það er alveg rétt, en það hefur verið sagt af hv. frsm., að þetta frv. sé gagnslaust, nema hitt komi með.) Hitt, að ekki megi hrekja mál á milli d., á ekki við nema í lok þings. Ef komið er að þinglokum, er hætt við, að mál dagi uppi, ef þarf að hrekja þau á milli d. Því er ekki til að dreifa um þetta mál.

Í þriðja lagi talaði hv. þm. um einn nm., sem hefði ekki átt kost á að fylgjast með málinu í n., en það er ekki nema að hálfu leyti rétt. N. átti öll viðtal við formann læknafél., en í morgun, er við töluðum við læknanemana, var sá nm. ekki viðstaddur, enda komu læknanemarnir okkur að óvörum, og við nm., sem vorum hér af tilviljun, töluðum við þá. Annars er mér ókunnugt um afstöðu þessa nm. til málsins.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um þessi 2 mál í heild. Hv. frsm. hefur þegar lýst sjónarmiði n. Hún telur það eitt gerlegt, að ef öll sund lokast, megi reyna sem öryggisráðstöfun að gera þetta að skilyrði. Frsm. hefur fært rök að því, að ástandið úti á landi er óskyggilegt. En ég skal játa, að ég hefði kosið, að ekki hefði þurft til þessa að grípa.

Ég get ekki komizt hjá að benda á, hver er aðalkjarni deilunnar. Hjá hv. þm. Hafnf. kom það fram, að aðalatriðið sé að tryggja læknum þau laun í útkjálkahéruðum, að þeir séu fúsir til að taka þau að sér. Ég skil vel þessa afstöðu og er honum þar að mestu sammála. En n. hefur lýst yfir því, að það sé ekki á valdi þriggja manna þingn. að gera beinar till. um það, hvernig skuli endanlega ráðið fram úr launamálinu.

Við áttum ýtarlegt tal við hina ungu menn, og ég fann, að undiraldan í óskum þeirra voru launaákvæðin. Þeir vildu að vísu losna við allar þvingunarráðstafanir, en aðalatriðin hjá þeim voru launin. Við bentum þeim á, að það væru möguleikar fyrir byrjendur í þessum héruðum að fá allt að 8000 kr., en ef hin reglan væri höfð, sem landlæknir gerir till. um., gætu launin orðið 10 þús. kr. Ég er ekki viss um, að þetta sé fullnægjandi. Eitt hefur verið bent á, en það er, að læknar, sem koma skyndilega að embættum, eigi að fá til frjálsra afnota lyf og þess háttar og þurfi ekki að stofna til skulda í því skyni. Ríkið legði þetta fram, og væri það vitanlega töluverður stuðningur. Nú benda læknanemarnir á, að nám þeirra í háskólanum tekur 7 ár og er alltaf verið að þyngja það. Þá er lögð á þá sú skyldukvöð, að þeir verða að vinna á sjúkrahúsi í heilt ár, en þau laun, sem kandídatar búa við þetta skylduár, eru óheyrilega lág. — Mér þykir leitt, að hæstv. forsrh., sem þessi mál heyra undir, skuli ekki vera hér. — Þessi laun eru 150 kr. á mánuði. Hvaða vit er í því að borga þessum mönnum sömu laun og hjálparkokkar á togara fá? Ég skil það vel, að þegar þetta er skorið við neglur sér, komi uggur í piltana við að eiga von á nýjum skyldukvöðum. Þetta ætti ríkisstj. að taka til athugunar. Fylgi mitt við málið byggist á því, að ég treysti ríkisstj. til að ráða svo fram úr launamálinu, að ekki gæti gífurlegs misræmis.

Þá er það eitt atriði, sem kemur fram sem ótti hjá hinum ungu mönnum. Jafnframt skyldukvöðinni eru þeir skyldaðir til að inna af hendi störf fastráðinna héraðslækna, og hvernig er þá búið að þeim? Eiga héraðslæknarnir að skammta þeim eftir sinni vild, eða eiga þeir að fá ákveðin laun? Þessa hlið málsins má taka upp á öðrum vettvangi hér á þingi, það getur hv. þm. Hafnf. gert, t. d. í sambandi við launal.

*__Bjarni Snæbjörnsson:__ Ég stend ekki upp af því að það væri í sjálfu sér svo margt í ræðu hv. 2. landsk. þm., sem ég þyrfti að leiðrétta, því að hann talaði af mikilli sanngirni til læknanna, og mér þykir vænt um, að hann skyldi tala, því að ef frsm. hefði verið sá eini, sem talaði, hefði ég álitið, að málið væri borið fram af n. til að sýna stéttinni fjandskap. En hv. 2. landsk. hefur talað um málið af miklum skilningi, og ég skil hans viðhorf. Hann vill, að eitthvað verði gert til að héruðin geti fengið lækna og séu ekki læknislaus, og til þess að læknar geti fengið tíma til að lyfta sér upp og fullnuma sig, t. d. á Landsspítalanum eða öðrum spítölum. Þetta

er viðhorf, sem við erum sammála um. Þess vegna greiði ég atkv. á móti frv. við 1. eða 2. umr., af því að ég hefði viljað fá heppilega lausn, svo að héraðsbúum og læknum verði gert auðveldara að fá hjálp, — en með vilja og samþykki stéttarinnar. Þetta er það eina, sem ég fer fram á, en mér skilst, að frsm. vilji ekkert gera til samkomulags.

Ef hv. frsm. heldur, að það tefji málið til skaða að láta taka það af dagskrá nú, þar til fyrsta daginn eftir páska, vil ég segja honum, að það tefur það meira að láta fyrst breyta því í hv. Nd. og svo hrekjast á milli d. Það á yfirleitt að vera metnaðarmál fyrir Ed. að ganga svo frá hverju máli, að samkomulag sé fengið, áður en málið fer úr d. En það þýðir ekki að beita neinum rökum við hv. frsm. Hann er búinn að bíta sig í, að engu megi breyta í frv.

Hv. 2. landsk. þm. vildi leiðrétta orð mín um, að n. hefði ekki verið fullskipuð. En það var rétt, sem ég sagði. D. getur ekki fengið það nema frá öðrum aðilanum, hvað fór á milli læknanemanna og n. En nú hefur hv. 2. landsk. gefið mikils verðar upplýsingar um það samtal, sem þarna fór fram. Ég hef átt lítinn kost á að tala við þá aðila, sem ég hefði helzt þurft að tala við, nefnilega stúdentana, sem á að fara að lögþvinga. Þetta bitnar fyrst og fremst á þeim, sem eiga nú að fara að taka próf.

Við 2. umr. hefur komið fram, að það getur hent sig, að ekki sé til spítalapláss fyrir kandidatana í svipinn, en þeir geti farið í þegnskylduvinnu í héruðin. En ég held, að héraðsbúum sé lítil hjálp í því að fá pilta beint frá prófborðinu, sem enga æfingu hafa. En þegar þeir eru orðnir eitthvað æfðari, eftir t. d. 6 mánaða tíma, fara þeir burt, og nýr maður kemur, sem er eins óæfður og hinir voru fyrst. Landlæknir sagði í dag, að til þess að fá menn í lökustu héruðin þyrfti að leita annarra bragða, enda væri fólkinu lítið gagn í eilífum nýgræðingum. Ég trúi því ekki, að landlæknir hafi annað sjónarmið, þegar hann talar við hv. frsm., a. m. k. hef ég aldrei reynt hann að neinni tvöfeldni, svo að hér er um misskilning að ræða hjá hv. frsm.

Hv. 2. landsk. minntist á, að launakjör kandidata væru óheyrilega lág. En það er þannig, að nýútskrifuðum piltum finnst ekkert óeðlilegt, þó að þeir hafi lág laun túrnusárið, því að þeir vita, að sá lærdómur, sem þeir fá á spítalanum, er eina praktíska æfingin, sem þeir fá, áður en þeir fara að vinna sem sjálfstæðir læknar, svo að þeir líta á túrnusárið sem hvert annað kennsluár, enda líta þeir ekki á sig sem fullgilda, fyrr en þeir hafa útendað námstíma sinn. Í nágrannalöndunum, Danmörku og Noregi, eru þessir menn illa launaðir, og mér er kunnugt um það, frá því er ég var við þetta nám, að t. d. á fæðingarstofnunum, þá fengum við engin laun, þó að við ynnum jafnt nætur og daga. Þetta þótti sjálfsagt, til þess að nemendurnir væru betur undir búnir, þegar þeir færu að vinna. En þessu atriði með launin hefur ekki verið sinnt, og þegar málaleitun kom fram í Læknafélagi Íslands um það að hækka launin, þá var landlæknir á móti till. fyrst í stað, sem form. læknafél. vildi hafa. Svo var leitað til félmrh., sem þá var Stefán Jóh. Stefánsson, og hann vildi ekkert gera í málinu, fyrr en þing kæmi saman, og þá var málið sent til fjvn. Þegar hún skilar áliti og það kemur til stj., sér hún sér ekki fært að gera neitt í málinu, vegna þess, eftir því, sem forsrh. sagði, að ekki var hægt að fara eftir þeim till. Þetta er nú dæmi um það, hvers má vænta af þingi og stj. í launamálum lækna. Ef við hv. 2. landsk. ætluðum að bera fram frv. í þá átt hér á Alþ., þá verður það ekki að l. nú eða á næsta þingi, enda hefur frsm. n. sagt það, að við launal. megi ekki hreyfa á þessu þingi á þessum háskatímum. Hv. 2. landsk. sagði, að fylgi sitt við málið byggðist á því, að launakjör lækna yrðu bætt. En hv. þm. hefur enga tryggingu fyrir því, eins og sakir standa, að launakjör lækna verði bætt. Fyrir tveimur dögum var ekki farið að gera neitt í þessu máli, og síðan hefur ekkert verið gert í því. Ef hv. þm. ætlar að verða sjálfum sér samkvæmur, þá á hann að styðja að því, að frestað verði framgangi málsins um þennan eina þingdag. Þessum hv. þm. fannst það ekki nógu skýrt tekið fram, hvernig haga ætti greiðslum til þessara ungu manna, sem ættu að fara til héraðslækna úti um land. Hann sagði, að það ætti að skammta þeim skit úr hnefa eftir því, sem ráða mætti af þessu frv. Mér finnst því engin goðgá, að þessu atriði yrði breytt og einnig, að gerð yrði breyt. í þá átt, að héraðslæknar réðu því ekki, hvað þessir ungu menn fá. Þess vegna finnst mér, að hv. 2. landsk. hljóti að vera mér sammála um það, að það beri að fresta þessu máli og fá einhvern samkomulagsgrundvöll, áður en það fer úr d. Frsm. n. hagaði orðum sínum þannig, að hann ræddi bæði frv. í einu. Því finnst mér ekki nema eðlilegt, að ég fylgi hans dæmi. En það, sem var þungamiðjan í þessu máli hjá hv. 2. landsk., var það, sem ég hef minnzt á áður, að það þurfi að launa þessa lækna sæmilega. Ég segi fyrir mig, að ég álít, að slíkt ætti að koma til framkvæmda, og ég vildi beina því til hv. frsm., hvort hann vildi spyrjast fyrir um það, hvort ég hefði ekki á þeim þingum, sem við höfum haldið, haldið uppi merki héraðslækna í Læknafélagi Íslands og unnið að því, að þeir fengju bætt kjör sín bæði fjárhagslega og einnig hvað önnur fríðindi snertir.

Ég hygg, að ég megi vænta þess, að hv. 2. landsk. geti fallizt á þá skoðun mína, að frv. þurfi endurbóta við í þessari d., og að það sé æskilegt að ná samkomulagi í þessu máli.

Hv. 2. landsk. minntist á það, að það mundi þurfa að gera ýmislegt, til þess að þessir ungu læknar gætu unað við þetta, og það er alveg rétt. Það þarf að haga því þannig, að fyrir hendi séu verkfæri handa þessum mönnum, því að það sjá allir sjálfir að ekki geta þeir af sínum litlu launum farið að kaupa verkfæri. Mér fyndist það mjög vel til fallið, að í hverju héraði væru til verkfæri, sem þessi læknir hefði afnot af. Svo þegar læknirinn hætti störfum, yrðu verkfærin að sjálfsögðu geymd, þar til á þeim þyrfti að halda. Þetta mundi t. d. hjálpa mikið til þess, að þessir ungu menn fengjust til þess að fara í þessi héruð, því að við vitum það allir mjög vel, að þessir menn eru svo fátækir, að þeir hafa ekki tök á því að kaupa slík áhöld. Mér fyndist t. d. mjög vel til fallið, að ríkið ætti þessi áhöld og þau yrðu til afnota fyrir þessa

menn rétt eins og ljósmæðurnar fá sína töskú og sín áhöld. Ég hygg því, að einmitt eftir þessar undirtektir hv. 2. landsk., þá muni honum ekki finnast nein goðgá, þó að málið væri tekið út af dagskrá fram yfir páska. Hv. þm. gat þess í ræðu sinni, að fylgi hans við málið byggðist á því, að hann teldi þetta mikið réttlætismál, og þess vegna finnst mér rétt að bera þá till. upp, og leggja það undir úrskurð forseta, hvort ekki megi taka málið af dagskrá og fresta því fram yfir páska.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Hv. þm. Hafn. leggur áherzlu á það, að málið verði tekið af dagskrá og væntir þess, að samkomulag muni verða um brtt. við þetta frv. Nú vil ég benda honum á það, að hann hefur alveg látið undir höfuð leggjast að láta nokkuð skína í þessar brtt., sem eiga að vera til samkomulags. Eftir allar hans bollaleggingar um málið, sem staðið hafa yfir í 2 klukkutíma, hefur honum ekki dottið í hug að koma með skrifl. brtt., sem hann þó gæti, ef hann hefur trú á því, að það geti orðið til þess að leysa málið. Þetta hefur hv. þm. Hafnf. ekki gert, og held ég því, að það, sem hann átaldi mig fyrir í fyrri ræðu sinni, hafi ekki verið rétt, að ég hefði sveigt að sér um það, að hann mundi vilja málið feigt. Þessum hv. þm. fórst ekki betur en svo, að það, sem hann sagði, að mér hefði orðið á í ræðu minni, það varð honum einnig á í enn ríkara mæli. Bendir þetta ekki einmitt í þá átt, að hv. þm. sé hugleikið, að málið fái ekki fram að ganga? Hann átelur mig fyrir það, að ég hafi sagt, að frv. sé beinlínis komið fram af fjandskap við læknastéttina. Þetta á alls ekki við í umr. Það er ekkert í frv., sem bendir á, að ég hafi viljað koma fram með fjandskap gegn læknastéttinni. Ég tel þessi frv. vera tilraun til þess að bæta úr því hörmulega ástandi, sem víða ríkir hér á landi í þessum efnum. En ég mun ekki ræða málið á þeim grundvelli nú. Enn fremur sagði hv. þm. Hafnf., að ekki væri rétt að afgreiða málið nú, þar sem sá nm. væri fjarstaddur, er einn hefði viljað hlusta á fulltrúa lækna. Þetta er fjarstæða, því að vel er hægt að votta það, að n. hlustaði með þolinmæði á öll þau rök, er fulltrúi Læknafélags Reykjavíkur hafði fram að bera. Ég sé sannast að segja ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá, þegar ekki eru betri rök færð fyrir því en þau er þessi hv. þm. kemur með. Hv. þm. fullyrðir, að landlæknir hafi sagt sér, að þetta frv. á þskj. 80 væri fram komið til þess að bæta úr læknisþörf héraðslækna um aðstoðarmenn. Ég læt alveg ósagt, hvort landlæknir hefur sagt þetta við þennan hv. þm., en ég hef hér í höndunum grg. frv., og þar segir landlæknir nákvæmlega á þessa leið: „Með frv. þessu er gerð tilraun til að bæta úr erfiðleikum, sem á því eru að fá lækna með litlum eða engum fyrirvara til að gegna til bráðabirgða læknishéruðum, sem þörf er á, bæði þegar læknaskipti verða í héraðinu, svo og þegar héraðslæknar þurfa að bregða sér frá um stundarsakir sér til hvíldar og upplyftingar, eða forfallast af einhverjum ástæðum.“ Þarna setur landlæknir því í fremstu röð læknislausu héruðin, og einmitt með því skilyrði gerðist ég flm. þessa frv. Ég verð að segja það, að mér finnst þessi hv. þm. ekki hafa vandað til ræðna sinna sem skyldi. Hinu mun ég á engan hátt reyna að draga úr, að hann hefur reynt hér á Alþ. að halda uppi hagsmunum læknastéttarinnar, þó að með því sé alveg ósannað, hversu vel honum hefur tekizt að halda uppi málstað hinna læknislausu héraða hér á landi. Ég er sannfærðari nú en áður um, að það er jöfnum höndum viljinn fyrir að tefja fyrir málinu, að hv. þm. vill taka það út af dagskrá. Ræða hans sýnir það bezt.

Ég sé enga ástæðu til að fresta málinu nú. Miklu frekar mælir allt með því að afgreiða það *nú í dag, því að ef Nd. fær málið núna, þá* getur hún tekið það fyrir fyrsta virkan dag eftir páska, að öðrum kosti ekki.

Það er bezt að segja hverja sögu eins og hún er. Ég vil þá hreinsa allsh. af þeim ummælum, að hún hafi sýnt fulltrúum lækna lítilsvirðingu. Hitt er annað mál, að ég get ekki sannfærzt af rökum þeirra manna. Ég tel lausn þá, er frv. fer fram á, á engan hátt ugglausa, en þó reynandi. Mér fellur mjög miður, að Félag læknanema í háskólanum skuli taka þessari kvöð á þann hátt eins og ég hef fulla ástæðu til að ætla, að þeir hafi gert, sem sé þannig, að hún sé fram komin af andúð gegn stéttinni, því að ég hafði vænzt þess af yngri kynslóðinni, að hún vildi telja, að einstaklingarnir eigi að vera til fyrir þjóðina, en ekki þjóðin fyrir einstaklingana.

***Magnús Jónsson:** Hæstv. forseti sá sér ekki fært að verða við tilmælum hv. þm. Hafnf. um að taka málið út af dagskrá. Mér sýnist þetta mál þannig vaxið, að leiðinlegt sé að gera það að kappsmáli, og vildi ég því leggja ósk mína við ósk hv. þm. Hafnf., að málið verði ekki afgreitt nú að sinni, því að ég tel heppilegra að hafa það hér í d. enn þá nokkurn tíma. Enn fremur er einn nm. ekki viðstaddur, og finnst *mér óviðeigandi að ganga frá málinu að honum* fjarverandi. Málið er þannig, að þörf er að lipra það. Það á að vera metnaðarmál fyrir þessa hv. d. að ganga sem bezt frá málinu, því að hitt er *enginn greiði við það, að senda það nú til Nd.* og láta hana síðan breyta því, sem allt virðist benda til. Nú fara páskarnir í hönd, og er því gott næði til að vinna að málinu bak við tjöldin, en ef málið yrði sent til Nd. fyrir páskana, þá yrði því aðeins útbýtt þar, en kæmist ekki í neina n., og lægi því bara í reiðuleysi. Hér í d. er málið hjá n. og hægt að ná niðurstöðum í því. Þetta er aðeins um formshlið málsins. Ef ég vík lítilsháttar að efnishlið málsins, þá finnst mér þessar ráðstafanir orka nokkuð tvímælis, og ég tel þetta aðeins geta komið til mála, ef þvergirðingur er hlaupinn í málið. Ég tel hv. þm. Hafnf. þessum málum langkunnugustan og ætti að taka tillit til þess, sem hann segir. Fyrir einni öld átti að setja svipuð l. um presta. Gert var að skilyrði fyrir styrkveitingu til guðfræðinema, að þeir færu í viss prestaköll að náminu loknu. Gegn þessu reis sterk alda um land allt, og jafnvel hinir fátækustu nemendur afsöluðu sér styrknum heldur en að gangast undir þetta. — Ég er sannfærður um, að hér yrði svipuðu máli að gegna og þetta yrði óframkvæmanlegt. Ég teldi betra að hleypa ekki hita í málið, heldur reyna að lipra það. Allir skilja þörf hinna af-

skekktu landshluta á að fá lækna, en ég álít, að leysa megi það vandamál á annan hátt. Það kom greinilega fram hjá hv. 2. landsk., að hann vildi leitast við að gera kjör þessara manna sem lífvænlegust. Það er ekki gott að vita, hvað fylgdi í kjölfarið, ef þessu yrði framfylgt. Ef til vill gæti það orðið vísir til annars, t. d. á öðrum sviðum í þjóðfélaginu, þar sem illa gengi að fá menn í stöður. Það er ekki gott að vita. Ég álít hér vera um „princip"mál að ræða. Ég vildi svo beina því til hæstv. forseta, hvort hann geti ekki endurskoðað úrskurð sinn í þessu máli, svo að n. geti athugað málið um páskana.

Forseti (EÁrna): Þessar umr. hafa farið fram um bæði 1. og 2. málið á dagskránni, og því vona ég, að ekki verði miklar umr. um 2. mál, þegar það verður tekið fyrir.

Bjarni Snæbjörnsson: Vill hæstv. forseti ekki fara eftir tilmælum hv. 1. þm. Reykv.?

Forseti (EÁrna): Þar sem n. mælti á móti því, sé ég mér ekki fært að gera það, en ef n. óskar þess, mun ég gera það hiklaust.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Eins og hæstv. forseti veit, þá snerist fyrri ræða mín um að fá frestun á málinu, en ég mun nú nota tíma minn til að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. frsm. Hann sagði, að ég hefði getað komið með brtt. við þetta frv., ef ég hefði viljað. Það er alveg rétt, en ég kæri mig ekki um að koma með brtt. við þetta frv., sem nú er á dagskrá, því að það er í sjálfu sér ekki ásteytingarsteinninn, heldur hitt frv., og þegar hv. frsm. lýsti yfir því, að þetta frv. væri ónýtt, nema hitt væri samþ., þá hef ég slengt þessum málum saman. — En skrifl. brtt. álít ég, að ég geti ekki gert við hitt frv., fyrr en það er komið fram og farið að ræða það. Því að þrátt fyrir það að ég hef neyðzt til að ræða um bæði málin nú, vegna þess að hv. frsm. n. byrjaði á því, þá er ég ekki kominn til þess að segja, að ég steinþegi, þegar næsta mál á dagskránni verður tekið til umr., því að þá er ástæða fyrir mig til að koma með þær brtt., sem ég vildi gera í málinu. En eins og ég tók fram áður, vil ég ekki gera slíkar brtt. eingöngu frá mínu eigin brjósti, heldur í samráði við þá menn, sem þar eiga hlut að máli. Ég hef ekki talað nokkurn hlut við læknanemana um málið fyrr en í gær síðdegis. Og í dag, þegar fundur átti að byrja, voru þeir tveir hér frammi og vildu tala við mig. En ég sagði þeim, að ég ætlaði að fá málið tekið af dagskrá í dag, og þá mundum við fá tækifæri til að ræða um málið, og mér datt sannarlega ekki í hug, að þetta yrði ekki auðvelt. En nú sé ég, að það er ekki svo auðvelt að fá þessu framgengt. En svo hefur það verið, hvort sem það hefur verið mál, sem ég eða aðrir einstakir hv. þm. hafa haft hér í þinginu, þá hefur það þrásinnis komið fyrir, að málin hafa verið tekin af dagskrá vegna þess, að einhver hefur óskað þess, sem hefur viljað gera brtt. við þau, en ekki verið tilbúinn með þær. Þetta hefur alltaf fengizt, sérstaklega þegar ekki hefur verið mjög liðið á þingtímann. En nú bregður svo við, að þetta á ekki að fást. Hv. frsm. n. segist ekki vilja annað en að málinu verði haldið áfram, og hæstv. forseti gefur úrskurð um það, að úr því að hv. frsm. n. og n. vilji halda málinu áfram, þá áliti hann, að það sé ekki tímabært að bera það undir hv. d. En þó er það ekki n. í heild, sem óskar þessa, vegna þess að einn hv. nm. vantar, og ég býst við, að sá hv. nm. hefði stutt mál mitt um það, að málið verði nú tekið út af dagskrá. Hef ég fulla ástæðu til að ætla það.

En ég vil einnig svara því, er hv. frsm. sagði, að ég hefði borið honum og n. á brýn, að hún bæri frv. fram af fjandskap við læknana. Ég sagði, að sú meðferð þessa frv., að vilja ekki fá samkomulag í málinu, gæfi mér tilefni til þess að álíta, að þetta mál væri borið fram af fjandskap við læknana. Því að ég skil það bókstaflega ekki, hvers vegna það eru ekki heppileg vinnubrögð að lofa mér og öðrum í þinghlénu um páskana að tala við n., heldur að láta engan aðila fjalla um málið þann tíma til leiðréttingar í þessu máli. Og þó að ég sé miklu yngri hér á þingi heldur en hv. frsm., þá verð ég að segja, að ég hef alltaf haldið, að það þyrfti að vera búið að skýra frá því í d., að frv. hefði verið sent frá hinni d., áður en hægt hefði verið að taka það til umr. Þetta hefur a. m. k. verið vani hér í d., að áður heldur en frv. hefur verið tekið til meðferðar, þá hefur verið skýrt frá því í forsetastóli, að frv. hafi verið sent til d. Þess vegna er það ekki rétt, sem hv. frsm. sagði, að hægt væri að taka málið fyrir fyrsta dag eftir páskana í Nd. En ef það er tekið fyrir hér með samkomulagi, þá eru líkindi til þess, að hægt sé að skýra frá því fyrsta þingdag eftir páska, þannig að fundi sé ekki lokið þar, þegar fundi er lokið hér í Ed., að frv. séu send til Nd., og þá er hægt að taka málið fyrir þar strax daginn eftir. Þyrfti því það, að taka frv. af dagskrá nú, ekki að seinka málinu neitt. Hv. frsm. er miklu reyndari í þessum sökum og sennilega öllum flækjum á þingi heldur en ég, svo að hann hlýtur að játa, að þetta er svona.

En það, sem er þungamiðjan í þessu máli, nauðsynin á að bæta ástandið í þessu máli frá því sem nú er, erum við sammála um. Og þar sem hv. frsm. segir, að ég hafi hugsað um hag læknanna, en ekki læknislausu héraðanna, þá hlýtur hann þó að skilja, að um leið og maður hugsar um, að vel sé búið að læknum í afskekktum héruðum, þá hugsar maður líka um héruðin, að það fáist læknar í þau. Ef vel er búið að læknunum í afskekktu héruðunum, þá er það trygging fyrir því, að þau verði ekki læknislaus. Og það er eins og hver annar útúrsnúningur, sem hv. frsm. sagði um það, sem ég hefði sagt í þessu sambandi. N. vildi hlusta á þá aðila, sem eru á móti því, að þessi frv. verði samþ. óbreytt, en vildi ekki hlusta á nokkur rök um að taka brtt. til greina. En hv. 2. landsk. lýsti því betur en hv. frsm., að það þyrfti að bæta kjör læknanna.

Hv. frsm. minntist líka á það, og það má vel vera rétt, að ég hefði ekki vandað svo mjög til þessarar löngu ræðu minnar. Þetta má vel vera, því að ég ætlaði mér alls ekki að halda langa ræðu nú, heldur ætlaði ég mér að halda ræðu, þegar brtt. kæmu fram, og byggja ræðu mína á þeim. En þegar slíku offorsi er beitt, eins og

hér er komið fram, þá varð ég að koma fram með þau rök, sem ég hafði á takteinum til þess að fá hv. þm. til að samþ. að fresta umr. um málið og athuga það betur í n. Mér þykir náttúrlega mjög illa farið, að ræða mín hefur ekki getað verið skipulegri og skemmtilegar fram sett rökin í henni, því að þá hefði ég kannske getað sannfært einhverja hv. þdm. um það, að málstaður minn er réttur, þó að ég hafi ekki getað sannfært hv. frsm. En það, sem gerir það að verkum, að ég hef verið enn þá harðari á því, að það verði reynt eitthvert samkomulag í þessu máli, eru einmitt læknanemarnir, sem mér finnst undir öllum kringumstæðum, að taka beri tillit til. Og ég hef, því miður, ekki haft tækifæri til að tala neitt við þá, nema þetta litillega í gær síðdegis og annað ekki. Og þó að n. hafi talað við þá, þá hefði mér þótt viðkunnanlegra, úr því að þeir mæltust til að fá að tala við mig um málið, að ég gæti haft einhver þeirra rök og borið fram hér í hv. d. Og þess vegna er það, sem ég hef farið þess á leit, að frestað yrði 3. umr. málsins og málið tekið af dagskrá nú. Því að það er eins og hver önnur firra, að þeir séu ekki fúsir til að vinna hvert það starf fyrir þjóðina, sem þjóðin heimtar af þeim, og að þeir álíti, að þjóðin sé til fyrir þá, en þeir séu ekki fyrir þjóðina. Það er síður en svo, að það sé hægt að segja það um læknana eða læknanemana. Því að það er sú skuldbinding, sem þeim er gert að undirskrifa — ég held, að það gildi ekki um neina aðra stétt en læknana — að þeir, þegar þeir taka próf og fara í embætti, þá undirskrifa þeir það, að þeir skuldbindi sig til að vinna sitt starf með jafnmikilli trúmennsku, hver, sem í hlut á, og hvort sem þeir taki eða fái borgun fyrir eða ekki. A. m. k. undirskrifaði ég þetta, og ég býst við, að slíkt gildi enn. Og ég býst ekki við, að læknar spyrji um það, hvort þeir fái borgun fyrir störf sín eða ekki í hverju einstöku tilfelli, heldur vilji starfa fyrir þjóðfélagið sem þjónar þeirra manna, sem þeir vinna hjá. En þeir krefjast þess líka, að það sé sæmilega farið með þá.

Það er ekki nema aths., sem ég hef, sagði hæstv. forseti. Og þó að fyrri ræða mín snerist um annað ýmislegt en þetta mál sérstaklega, sem fyrir liggur, þá vil ég verða við tilmælum hæstv. forseta, enda ætla ég ekki að hafa málþóf um málið. En ég vildi sannfæra sem flesta um það, að það væri eitthvað annað heldur en upp var látið, sem réð því, að ekki gekk greiðlega að fá málinu frestað þangað til fyrsta dag eftir páska.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það hefur orðið samkomulag á milli okkar tveggja, sem hér erum mættir úr allshn., að beita þeirri aðferð, sem hæstv. forseti talaði um. Og færi svo, að hv. þd. vildi fresta málinu, viljum við, að málið verði 1. eða 2. mál á dagskrá fyrsta fundardaginn eftir páskana. Úr því sem komið er viljum við jafnvel, að hv. d. skeri úr þessu.

Forseti (EÁrna): Mér hefur skilizt, að enginn ágreiningur sé um málið beinlínis, sem hér liggur nú fyrir til umr., og umr. um það er því lokið, en atkvgr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Ed., 7. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 80, 134).

Forseti (EÁrna): Áður en atkvgr. fer fram um 4. mál á dagskrá, vil ég taka það fram, að ég þekki þess engin dæmi, að brtt. hafi komið fram við frv. eftir að umr. hefur verið lokið. Samkvæmt þingsköpum er því ekki hægt að taka þessar till. til atkvgr. Til þess þyrfti að taka upp umr. að nýju, en til þess er engin heimild samkv. þingsköpum. Brtt. á þskj. 134 geta því ekki komið til atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ErlÞ, HermJ, IngP, JJ, MG, PHerm, PZ, SÁÓ, ÞÞ, EÁrna.

nei: BrB, JJós.

BSn, MJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁJ, BSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., 7. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 80, n. 211).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Frv. þetta, sem flutt var í Ed., er um, að heimilað skuli að verja fé úr ríkissjóði til að skipa og launa 4 aðstoðarlækna. Hugsað er til þess, að þeir verði til aðstoðar héraðslæknum, sem mikið hafa að gera, og einnig megi grípa til þeirra til að þjóna læknislausum héruðum.

Nefndin telur nauðsyn, að frv. nái samþykki — og þá með þeirri breytingu einni, að heimilað sé að greiða hverjum aðstoðarlækni allt að 400 kr. á mán., en samkv. frv. allt að 300 kr. á mánuði. Sú rýmkun er talin óhjákvæmileg.

ATKVGR.

Brtt. 211 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 42., 43. og 44. fundi í Nd., 27., 28. og 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 251).

Helgi Jónasson: Það eru aðeins örfá orð. Þetta mál virðist nú hafa góðan byr í þinginu. Utan

af landi hafa komið áskoranir frá læknum um að gera það að l. Samhliða þessu máli var lagt fram annað frv. í Ed., sem fór fram á heimild til að gera það að skyldu fyrir lækningaleyfi, að kandídatarnir hefðu starfað í læknishéruðum í 4—6 mánuði. Málin voru samhliða í Ed. og eins í Nd. og fóru bæði til allshn. Nú langar mig til að spyrja n., hvers vegna hitt málið hafi orðið eftir í n., þó að ég vænti þess, að n. sjái sér fært að athuga og afgr. það mál bráðlega, því að þetta mál kemur ekki að tilætluðum notum, ef hitt málið dagar uppi.

Bergur Jónsson: Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Rang. vil ég geta þess, að frv., sem hann ræðir um, hefur einnig verið tekið fyrir í n., en það er bara svo, að allir nm. eru sammála um að mæla með þessu frv., en ekki hinu. En ég get lofað því, að málið um breyt. á lækningaleyfi mun verða tekið fyrir og afgreitt til d.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið hingað aftur frá hv. Nd. og hefur tekið þar þeirri einu breyt., að laun þau, sem ákveðið er í frv., að greiða megi úr ríkissjóði til hinna umræddu aðstoðarlækna, sem frv. er um, verði hækkuð úr 300 kr. í 400 kr. á mánuði. Þessi breyt. skiptir mjög litlu máli, og er allshn. þessarar hv. d. samþykk breyt. og leggur til, að frv. verði samþ. eins og það kemur nú frá hv. Nd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 373).

---

25. Stríðsgróðaskattur.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um stríðsgróðaskatt (þmfrv., A. 126).

Á 28. og 29. fundi í Nd., 31. marz og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta frv. hefur nú að nokkru verið rætt í sambandi við frv. um tekju- og eignarskatt, sem fór til 2. umr. í gær. Ég þarf því ekki langan formála. Eins og frv. ber með sér, hefur þótt rétt að gera ráð fyrir, að lagður yrði á hærri stríðsgróðaskattur til þess að afla ríkissjóði fjár til að standast þá örðugleika, sem búizt er til, að hann mæti. Í tekju- og eignarskattsfrv. er aftur á móti aðallega um það að ræða að umreikna skattstigann í samræmi við það, að frádráttur verður ekki leyfður, en ekki um breyt. í sambandi við hið óvenjulega ástand.

Samkv. l. frá 1941 skyldi leggja á allt að 35%, en nú fer skattstigi þessa frv. upp í 68%, og að meðtöldum tekjuskatti verða það 90%, sem tekin eru af tekjum yfir 200 þús. kr. Ég fékk tilefni til þess í umr. í gær að taka fram, að það er að sjálfsögðu á þingsins valdi, hvort það setur sérstök fyrirmæli um, hvernig varið skuli hluta ríkissjóðs af þessum skatti, — 45% af honum mega renna til viðkomandi sveitarfélags, og 5% skal greiða sýslufélögum og bæjarfélögum, þar sem enginn stríðsgróðaskattur fellur til. Helmingi skattsins, sem verða mun allmikið fé, er ekki sérstaklega ráðstafað, en þingið getur gert það, ef rétt þykir, nú eða síðar. Fyrir mitt leyti sé ég enga knýjandi nauðsyn til þess nú eða líklegt, að það hefði mikla þýðingu, þó að reynt yrði, — þær bollaleggingar geta ekki byggzt nema á skammsýni okkar.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta. Legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

***Garðar Þorsteinsson:** Allar umr. um þetta frv. og tekju- og eignarskattsfrv. vilja blandast saman. Mér hafði skilizt á hæstv. ráðh., að samkomulag sé um það innan ríkisstj., að færa tekjuskattsstigann í það horf, sem lýst hefur verið, án þess að tilgangurinn væri að hækka skatt í raun og veru. Þannig var a. m. k. frá þessu skýrt í flokkunum, og skildist mér það eiga við tekjur upp að 200 þús. kr., en það, sem væri umfram 200 þús., yrði skattlagt um 90%, en 10% af því yrðu frjáls, jafnt undan útsvari sem skatti. Ég taldi mikla nauðsyn, að skýrt komi fram í l., að svo sé. En ég tel mjög hæpið, að frv. megi skilja þannig, eins og það er.

Það er hættulegt að vera á hverju þingi að breyta um skattstiga og mikilsverð ákvæði l. Ég og flestir héldu, að eins og gengið var frá skattal. í fyrra, mundu þau eiga að haldast nokkuð lengi, a. m. k. talsvert lengur en til næsta þings. Hvort sem stríð er eða stríðsgróði eða venjulegt árferði, eiga skattborgararnir nokkra kröfu á því, að ekki sé verið að hringla með þetta frá ári til árs.

Ein ívilnun skattal. er sú að heimila að leggja í varasjóð, en hagurinn af því er alveg undir því kominn, hvers eðlis fyrirtækið er. Útgerðarfélög og mörg önnur hlutafélög hafa not af því, en ég veit, að það er síður en svo, að öll félög kæri sig um það. Og vilji félag leysa upp varasjóð eða borga eigendum út úr honum, er ekki nóg, að greiða verði fullan tekjuskatt af því fé, heldur með 20% álagi. Með því refsiákvæði er féð bundið. Ég hygg það nægja, þótt þessu ósanngjarna 20% álagi væri sleppt, og vildi heyra rök gegn þeirri skoðun minni, ef fyrir hendi eru. Það er ljóst, að beiting slíkra ákvæða þýðir verulega skattahækkun í mörgum tilfellum, sem ég gæti nefnt um nóg dæmi.

Mér skildist, eins og ég sagði, að ekki ætti að hækka skatt undir 200 þús. kr. En nú er frá-

dráttur afnuminn, og útkoman verður, að hækkun skattsins getur orðið 50%! Og að því er snertir 90% stríðsgróðaskattinn af því, sem er umfram 200 þús., segir 4. gr. þessa frv., að óheimilt sé að leggja tekjuútsvör á það, sem er umfram þá upphæð. Mér vitanlega er orðið tekjuútsvar hvergi skilgreint í l. og vandséð, við hvað er átt með þessu í 4. gr. Útsvarsl. segja, að leggja skuli á eftir efnum og ástæðum, minnast ekki á tekjurnar sérstaklega. Ég veit ekki, hvort um vangá er að ræða í frv. eða vísvitandi gert að hafa 4. gr. þannig. Samkv. henni virðist, þvert ofan í yfirlýsingar á flokksfundum og ræður hæstv. ráðh., vera hægt að líta svo á, að 10% af tekjum yfir 200 þús. séu alls ekki friðhelg, heldur nægi að leggja á eignaútsvör og jafnvel stórkostleg veltuútsvör til viðbótar við þessi 90%. Við skulum hugsa okkur félag, t. d. iðnfélag, sem græðir 400 þús. Velta ársins hlýtur þá að nema a. m. k. 1600 þús. kr. Eins og veltuútsvör hafa verið praktiseruð, hafa þau numið 1½% eða allt að 2%. Sé reiknað með 1½%, eru það 24 þús. veltuútsvar, eða 6% af hreinum tekjum í viðbót við 90%. Við þessi 96% bættist svo eignaútsvar, því að í árslok ætti eftir l. að mega skattleggja þessar 400 þús. í 3. lagi sem eign. Hvað yrði eftir af 4%, þegar búið væri að borga eignaútsvarið af þessum 400 þús.? Eins og 4. gr. er orðuð, eru engin takmörk fyrir álögunum. Nú vildi ég spyrja hæstv. ríkisstjórn: Er það þá ekki af vangá, að 4. gr. er orðuð þannig? — Vill ríkisstj. ekki skýra afstöðu sína bæði um eignaútsvörin og veltuútsvörin?

Í öðru lagi vildi ég minnast á, að engin ákvæði eru um, að sá hluti stríðsgróðaskatts, sem bæjar- og sveitarfélög fá, skuli dreginn frá heildarupphæðinni, sem jafnað er niður á gjaldendur. Sá hluti skatts, sem til þeirra hefur runnið síðustu árin, hefur stundum verið talinn aukatekjur, sem ekki þyrfti að telja með aðaltekjunum, útsvarstekjunum, í fjárhagsáætlunum bæjarfélagsins eða sveitar. Þetta varð m. a. ljóst af upplýsingum hæstv. fjmrh. Þetta er engin meining. Afleiðingin er miklu þyngri gjöld á miðlungstekjum eða tekjum neðan við 200 þús. Þegar gerð er sameiginleg skrá fyrir bæði útsvar og skatt, ætti að vera leikur að vinza úr þau félög, sem eiga að greiða stríðsgróðaskatt, og áætla nokkurn veginn, hve miklar tekjurnar verði af honum, og taka þær síðan með í fjárhagsáætlun.

Þá langar mig til þess að vita, hvort það er af yfirlögðu ráði gert, að talað er um bæjarfélög í annarri gr. en í hinni er talað um sveitarfélög. Er það meiningin að greina þarna á milli sveitarfélaga og bæjarfélaga? Eftir þessu ættu þeir bæir, sem ekki hafa kaupstaðarréttindi, ekkert að fá. Mig langar til þess að vita, hvort þetta er af ásettu ráði gert, eða hvort hér er aðeins um prentvillu að ræða.

7. gr., b.-liður, tekjuskattsl. hefur verið skilin þannig, að hagnaður, sem yrði af hlutabréfum, miðaðist við mismunandi kaupverð og söluverð, en hér er bætt við, að sá hagnaður skuli ekki miðast við það, sem gefið er fyrir bréfin, heldur við nafnverð þeirra. Mér skilst, að þetta geti rekizt á annað ákvæði í tekjuskattsl., þar sem sagt er á þá leið, að ef einstaklingur eignist hlutabréf, þá skuli það ekki teljast tekjur til hans, ef hann hefur átt bréfið í 3 ár. Ef nú í þessu tilfelli verða eigendaskipti á hlutabréfinu og hluthafi hefur átt bréfið lengur en í 3 ár og sýnt er, að fram fara félagsslit í félaginu, hvort á þá að ráða ákvæði 7. gr., að þetta skuli teljast arður, eða hitt ákvæðið í tekjuskattsl., þar sem segir, að þetta skuli ekki teljast arður, ef aðili hefur átt bréfið lengur en 3 ár? Ef 7. gr. takmarkast við þetta ákvæði, mætti þetta teljast réttlátt, en það er a. m. k. ekki réttlátt að láta þetta ákvæði verka aftur fyrir sig þannig, að þeir, sem hafa keypt hlutabréfin fyrir sannvirði, langt fyrir ofan nafnverð, og keypt þau í þeirri trú, að hagnaður kynni að verða af bréfunum, verði að greiða fyrir þau hærra söluverð heldur en nafnverð bréfsins, eins og það var í upphafi. Þess vegna vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort n. vildi ekki athuga þetta ákvæði og girða fyrir, að það gilti aftur fyrir sig.

*Einar Olgeirsson: Það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni, en það eru þau ákvæði, þar sem sett er inn í um útsvör til bæjarfélaga. Það hefur verið nokkuð minnzt á þetta atriði áður af ýmsum þm. í umr. um tekjuskattsfrv. og ég held, að nauðsyn sé á því, að þau ákvæði, sem eru í þessu frv. verði rædd ýtarlega.

Fyrir 3—4 árum fengu stórútgerðarmennirnir á Íslandi því framgengt, að þeir yrðu gerðir skattfrjálsir og útsvarsfrjálsir með þeim afleiðingum, sem það hafði. Nú virðist mér, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé beinlínis stefnt að því að gera stórútgerðarvaldið, a. m. k. alla þá, sem mest græða, útsvarsfrjálsa. Nú vitum við það, að útsvarslöggjöfin, sem hér er til, er mjög róttæk löggjöf gagnvart auðmannastéttinni í landinu. Bæjarfélögum hefur verið gefinn réttur til þess að ganga svo langt í útsvarsálagningu, að það mætti telja, að það gengi eignarnámi næst gagnvart auðmönnum landsins. Auðmannastéttin íslenzka hefur alltaf óttazt þetta vopn, og margar tilraunir hafa verið gerðar á ýmsan hátt til þess að höggva skarð í þessa löggjöf, en mér virðist aldrei hafa verið gengið eins langt í því eins og einmitt nú með þessu stríðsgróðafrv., því að það á bókstaflega að losa mestan hluta af milljónafyrirtækjum landsins undan því að greiða nema hverfandi lítið útsvar til bæjarfélaganna. Fyrst er með tekjuskattsl. tryggt að 40% af tekjunum séu skattfrjálsar, og síðan á með ákvæðum 2.—4. gr. að tryggja þessi sömu félög gegn því, að bæjarfélögin geti lagt á þau.

Ég get vel skilið það, að hinir nýju milljónamæringar vilji gera samning um skatt á sinn stríðsgróða. Það er annars eftirtektarvert, að í hvert sinn, sem á að leggja nýja tolla á nauðsynjavöru, þá hefur því verið borið við, að þetta væri gert vegna sérstaklega slæmra kringumstæðna hjá ríkissjóði, og því jafnframt lofað, að þessi tollur yrði fljótlega látinn niður falla. En svo hefur reyndin orðið sú, að þessir tollar hafa verið látnir halda sér, og svo mun enn fara. Ef bæjarfélög verða svipt réttinum til þess að leggja útsvör á gróða atvinnufyrirtækja og ákvæði verða sett um það í tekjuskattsl., mun

erfitt að fá slíkt numið burt úr skattal. aftur, ef það er einu sinni komið þar inn. Í 2. gr. er það tekið fram, að það, sem ríkissjóður á að greiða, megi aldrei fara fram úr 40% á því ári. Þar með er verið að tryggja það, að t. d. hér í Rvík megi ekki nema 10% af þessum skatti renna til bæjarfélagsins. Með þessu verður bæjarfélagið neytt til þess að leggja á verkamenn milljónaskatta í stað þess, að þeir ættu að koma beint frá viðkomandi stríðsgróðamönnum. Svo er 4. gr. sérstaklega eftirtektarverð í þessu efni. Þar er talað um, að ekki megi leggja nein útsvör á gróða, sem verður hjá félögum. Það mun hafa verið minnzt á Kveldúlf í þessu sambandi. Ég veit ekki, hvaða tekjur Kveldúlfur hefur haft 1940, en ég gæti gizkað á 25 millj. kr., sem skattskyldar væru og næsta ár enn meira, og þá sér maður, hvað mikið það verður, sem Rvík fær af þeim gífurlega gróða, samkv. þessum l. Ég sé þess vegna ekki betur en sú verzlun, sem fram á að fara um skattafrv. þetta, geti haft verkanir í þá átt, að stórútgerðarvaldið fái tryggt sig gegn álagningarrétti bæjarfélaganna. Ég álít þess vegna, að þetta ákvæði þurfi sérstakrar endurskoðunar við, því að það getur í rauninni ekki gengið, að hægt sé að semja um það af hálfu hins opinbera við nokkra menn hér í þinginu, hvernig ráðstafa eigi stórmálum eins og þessu, og mér finnst, að ekki ætti að koma til mála að samþykkja þetta frv., fyrr en búið væri að leita álits bæjarfélaganna í landinu um frv. Mér finnst fjhn. eiga að láta málið koma til umsagnar bæjarstjórnar Reykjavíkur og annarra bæjarfélaga í landinu.

Það er ekki forsvaranlegt að láta ekki mál eins og þetta koma til álits þeirra aðila, sem það snertir mest.

Ég mun ekki fara nánar út í einstakar gr., en vildi aðeins minnast á þetta, áður en málið fer til nefndar.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, en ég sleppti því frv. fram hjá mér, sem ég ætlaði mér að tala um, frv. um tekju- og eignarskattinn. En þetta frv. er svo nátengt því, að það má einu gilda, við hvort frv. umr. eru bundnar. Sú stefna, sem hér er gengið inn á og allfast hefur verið sótt undanfarin ár, er frá mínu sjónarmiði algert skattarán. Það þýðir ekkert að vera að fara í launkofa með það, að ef ég ætlaði að fylgja þessu máli, þá væri það þvert á móti þeim orðum, sem ég hef undanfarin ár látið falla um þessi mál. Nú er það svo, að þetta er samkomulagsmál innan ríkisstj., og ég á því ekki annars kost en að vera annaðhvort á móti ríkisstj. eða sannfæringu minni. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að ríkisstjórnin hafi tryggt sér sigur í þessu máli, hvað sem ég segi, og þess vegna held ég, að ég mundi ekki vinna neitt níðingsverk, þó að ég fylgdi sannfæringu minni. Einasti frádrátturinn hjá stj. væri þá sá, að það sýndi sig með mínu atkv., að samvizka mín væri á móti henni (stj.). Ég býst við, að það sé tilgangslítið að vera að ræða málið almennt, en ég get þó ekki látið hjá líða að láta í ljós þá ætlun mína, að stj. hafi ruglazt nokkuð í þeim háu tollum, sem nú þarf að reikna með.

Ég held, að stj. hafi ekki athugað það, hvað fyrirtækin þurfa geysilegar upphæðir til þess að tryggja með framtíð atvinnurekstrar síns. Þó að það megi til sanns vegar færast, að manni, sem græðir milljón á einu ári, sé nóg að halda eftir 200 þús. kr., þá er það allt annað mál, þegar um er að ræða fyrirtæki, sem stendur undir stórkostlegum atvinnurekstri og afkoma fjölda manna hvílir á. Mér dettur í hug í þessu sambandi að taka til dæmis fyrirtæki eins og „Eimskip", sem á 7 skip og þau öll komin að því að verða höggvin upp. Þó að þetta fyrirtæki hafi um 4 millj. kr. í skattskyldar tekjur, þá fær það ekki að halda eftir nema 1100 þús. kr. Nú stendur þannig á, að „Eimskip" þarf að endurnýja 5 eða 6 af skipum sínum og eftir 3—4 ár gæti félagið verið búið að safna nægilega miklu fé til þess, en þá ætti fyrirtækið ekkert fé eftir til þess að halda atvinnurekstri sínum, með öðrum orðum, það væri gersamlega óstarfhæft fyrir fátæktar sakir.

Það má segja það, að þetta séu stórar fjárhæðir fyrir einstaklinga, en þegar um fyrirtæki er að ræða, gegnir þarna allt öðru máli, því að þau þurfa að endurnýja framleiðslutæki sín, og það er náttúrlega undirstaðan undir atvinnurekstrinum í framtíðinni. Það eru aðallega tvö atriði, sem skipta miklu máli í sambandi við þetta frv. Þessi atriði eru í fyrsta lagi, að með þessu frv., ef að l. verður, er afnuminn réttur manna til þess að draga greiðslur ársins frá skattskyldum tekjum. Þetta mál út af fyrir sig getur verið ákaflega hættulegt. Í fyrsta lagi af því, sem á hefur verið bent, að ef ríkissjóður kemst í kröggur, sem hann vel getur komizt í þrátt fyrir þær miklu tekjur, sem hann nú hefur haft upp á síðkastið, þá hefur hann tækifæri til þess að hækka skattstigann aftur án þess að reka sig upp undir. En með frádráttarreglunni væri þetta ekki hægt nema að miklu takmarkaðra leyti. Ég hefði talið, að miklu skynsamlegra hefði verið að ganga inn á það fyrirkomulag, sem margsinnis hefur verið bent á hér á Alþ. og utan þings, að heppilegast væri að reikna tekjuskattinn af meðaltalstekjum nokkurra ára. Það mundi koma miklu betur við fyrirtækin, því að bylgjugangurinn er svo mikill hér í velgengni atvinnuveganna. Og það mundi einnig tryggja ríkissjóði miklu jafnari tekjur af þessum skatti og gera tekjuskattsliðinn fyrir ríkissjóð miklu vissari frá ári til árs. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki talið fært eða kannske ekki orðið sammála um það. En það er þó þess vert að fjhn. athugi þetta, þegar hún fer að ræða um frv.

Hitt atriðið, sem talsvert hefur verið minnzt á hér, er að sveitarfélög hafa verið afskipt með þessum frv., sérstaklega með stríðsgróðaskattsfrv. Það er víst alveg vitað, að útsvarsbyrði héraða hefur yfirleitt verið miklu hærri en tekjuskatturinn. Ég hef nú einhvern tíma gert athugun á þessu, en er búinn að gleyma því nokkuð, en ég held, að yfirleitt hafi þarfir sveitarfélaganna orðið fjór- eða fimmfaldar á við tekjuskatt ríkissjóðs á venjulegum árum. Nú er þessu snúið við. Það má segja, að það sé óhætt, af því að skattskyldar tekjur séu svo gífurlega háar sem stendur. Sveitarfélögin muni

fá sitt. En ég hef gert nokkrar athuganir til dæmis um háar tekjur. Og það kemur í ljós, að af *háum tekjum, sem komnar eru yfir 200* þús. kr., þá eiga sveitarfélögin ekki kost á meiru en sem svarar þriðjungi til helmingi lægri upphæð heldur en ríkissjóðstekjurnar, — þannig að þarna er hlutföllunum snúið alveg við. Það má vel vera — það hef ég ekki haft aðstöðu til að rannsaka— að sökum þess, hve skattskyldar tekjur manna eru miklar hér á landi nú, muni þetta standast. En þarfir sveitarfélaganna hafa margfaldazt eins og útgjöld annarra, vegna dýrtíðarinnar. Og mér þætti ekki óeðlilegt, að það rættist, sem nokkrir hv. þm. halda fram, að sveitarfélögin séu hér mjög ógætilega afskipt. Og vert er að hafa það í huggju, að ríkissjóður hefur frá öndverðu sýnt bæjar- og sveitarfélögunum allmikla ágengni í því að taka tekjustofna þeirra. Ríkissjóður hefur vaðið inn á þá tekjustofna, sem sveitarfélögunum voru ætlaðir, og hefur sífellt fært sig upp á skaftið í því efni. En þetta getur ekki endað með öðru en því, að sveitarfélögin seilist inn á tekjuliði ríkissjóðs með því að leggja á tolla og því um líkt.

Ég vil aðeins taka það fram enn, að það er frá mínu sjónarmiði alveg röng hugsun, ef menn halda það, að ríkið muni geyma betur fé almennings heldur en almenningur sjálfur. Mér skilst, að með þessari löggjöf eigi að taka fé úr greipum atvinnufyrirtækjanna til þess að geyma það, svo að það fari ekki í hundana. En hver er reynsla okkar um geymsluhæfileika ríkissjóðs annars vegar og einstaklinganna hins vegar í þessu landi? Reynslan er sú, að það er eins og að bera vatn í hripum að geyma fé í ríkissjóði. Það er horfið með sama. Það er látið til hluta, sem að vísu mega teljast þarflegir, en að mjög miklu leyti til hluta, sem ekki eru frjóir, heldur heimta sífellt aukin útgjöld. Aftur á móti er það vitað um atvinnurekendur, að þeir halda fast og forsjálega á sínu fé. Það er hægt að benda á ýmsa einstaklinga, sem eru eyðslusamir. Það hefur verið talað um slíkt gagnvart sjómönnum og verkamönnum. Og hvert fer svo þeirra eyðslufé? Ætli það fari ekki í vasa þeirra, sem eru fastheldnari á það og geyma það betur. En *hitt er víst, að menn, sem stunda þá höfuðatvinnuvegi* landsins: landbúnað, iðnrekstur og verzlun, þessar stéttir a. m. k. eru vanar að nurla saman fé sínu á mörgum árum, og geyma þær það því miklu betur heldur en ríkið gerir. Þetta gengur meira í bylgjum hjá útgerðinni, en það er víst, að fé það, sem á að halda uppi atvinnurekstri við sjóinn, er betur geymt hjá útgerðarfyrirtækjunum sjálfum heldur en í ríkissjóði.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég ræddi þetta frv. samtímis frv. um breyt. á tekjuskattsl. og get að mestu vísað til þess, sem ég þá sagði um málið. Eins og ég þá drap á, tel ég það höfuðagnúa á þessu frv. ákvæðið í 4. gr., sem í raun og veru sviptir sveitar- og bæjarfélögin þeim rétti, sem þau hafa og eiga að hafa til þess að ákveða útsvör eftir reglum um niðurjöfnun útsvara. Ég gerði grein fyrir því í þeim umr., hvernig þetta kemur til með að verka, og endurtek það ekki nú. En hæstv. fjmrh. lét þau orð falla um þessi frv. nú, að hér væri um verulega hækkun á skatti að ræða, þar sem samanlagður tekjuskattur og stríðsgróðaskattur væri 90% af hátekjum, en eftir gildandi l. gæti hann orðið hæstur 75%. Hér kann að líta svo út sem um verulega hækkun sé að ræða. En sé það rétt, þá er hitt víst, að hér er um að ræða stórfenglega lækkun þeirra útsvara, sem þessum fyrirtækjum er gert að greiða. Og í ýmsum tilfellum gerir sá 15% munur á skattinum ekki mikið meira en að vega á móti því, sem sveitarfélögin eru svipt rétti til að leggja á útsvör.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Munurinn á skattinum samkv. þessu frv. annars vegar og gildandi l. hins vegar er náttúrlega miklu meiri heldur en hv. þm. Seyðf. heldur fram. Þar sem hann ber saman 75% samanlagðan stríðsgróðaskatt og venjulegan tekjuskatt eftir gildandi l. og 90% samanlagðan skatt eftir þessum frv., þá gætir hann þess ekki, að í fyrra tilfellinu er heimild til frádráttar á sköttum og útsvörum næst liðins árs frá tekjum, áður en skattur er á lagður, en í síðara tilfellinu ekki, svo að 75% *álag á tekjur er í þessu sambandi í raun og veru* ekki nema að nafninu til það hátt álag á tekjurnar, og mundi, ef ekki væri leyfður frádrátturinn, heldur skattur lagður á eftir reglum frv., ekki verða nema 40%—50% af tekjunum. Svo að náttúrlega er þarna um stórfellda hækkun að ræða. Hitt er rétt, að með ákvæðum 4. gr. frv. um stríðsgróðaskatt, að ekki megi leggja tekjuútsvar á þann hluta teknanna, sem eru undir 90%, þegar um hærri en 200 þús. kr. tekjur er að ræða, er takmarkaður réttur sveitarfélaga til að leggja á útsvör. En þá er þess að gæta, að sveitarfélögin eiga að fá fast að helmingi af stríðsgróðaskattinum. En eigi að síður er með þessu ákvæði gengið á rétt sveitarfélaga til að leggja á útsvör. Það er ljóst mál. Það er að nokkru leyti til hagsbóta fyrir ríkissjóð, sem kemur þarna inn í og tekur það, sem margir mundu segja meira en honum bæri. En þá er hins vegar að líta á tilganginn. Tilgangurinn er að safna í sameiginlegan sjóð, sem notast á til almenningsþarfa, þegar að þrengir. Og það er *sú einasta réttlæting, sem ég tel*, að sé á því.

Hv. 7. landsk. (GÞ) gerði hér fyrirspurn um nokkur atriði, sérstaklega um það, hvernig stæði á því, að í 4. gr. frv. um stríðsgróðaskatt er aðeins bannað að leggja tekjuútsvör á þann hluta gjaldanna, sem er yfir 200 þús. kr., en ekki útsvör yfirleitt. Það er af því, að við samningu þessa frv. þótti ekki fært að ganga lengra í því að binda hendur sveitarfélaga heldur en um það að *leggja tekjuútsvör á þennan hluta. Hitt er* annað mál, að ég fyrir mitt leyti hef lýst yfir því, að ég geng út frá því, að bæjar- og sveitarfélög mundu hlíðra sér hjá því að leggja á rekstrarútsvör, sem notuð hafa verið á undanförnum árum, enda munu þau ekki hafa þörf fyrir það, eins og verið hefur.

Sami hv. þm. (GÞ) fann líka að því, að með þessu fyrirkomulagi mundi verða stuðlað að því, að sveitarfélög fengju þennan hluta tekjuskattsins sem aukatekjur, og vitnaði til þess, sem ég hafði sagt um þetta, að árið 1941 mundu þessar tekjur hafa orðið aukatekjur fyrir sveitarfé-

lögin. Og það var alveg rétt. Hitt er svo annað mál, hvort það verður talið fært að taka það sem aukatekjur einnig í framtíðinni. Ég hef gengið út frá því, að það yrði meira eða minna reiknað með þessum tekjum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna. En úr því sker reynslan væntanlega, hvort það verður talið nauðsynlegt, vegna þess að nauðsynlegra tekna verði ekki aflað með álagningu á þær tekjur, sem eru frjálsar til álagningar, og verði þess vegna að taka einhvern hluta stríðsgróðaskattsins til venjulegra ársútgjalda. En þó að svo yrði, að bæjar- og sveitarfélög gætu tekið þennan hluta stríðsgróðaskattsins sem aukatekjur, er meiningin, að þau safni í sjóð á sama hátt og gert er ráð fyrir um ríkissjóð viðkomandi stríðsgróðaskattinum, því, sem inn kemur af honum fram yfir árlega eyðsluþörf. Og þar sem svo er, þá sé ég ekki annað en það sé réttlætanlegt alveg á sama hátt eins og það mun líka vera talið réttlætanlegt, að ríkissjóður safni þannig í sjóð til erfiðari ára. Það yrði þá vitanlega til þess, að skemmra þyrfti að ganga í álagningu á gjaldendur til sveitarfélaganna, þegar harðnar í ári. Og að því leyti mætti líta á það sem sjóðsöfnun gjaldenda til sveitaþarfa, og því hægt að ganga vægilegar að þeim á erfiðari tímum, auk þess sem á slíkum tímum yrðu e. t. v. óviðráðanlegir erfiðleikar á því að afla sveitarfélögunum þess fjár, sem þau þá þyrftu.

Sami hv. þm. (GÞ) spurði um það, hvernig stæði á þeim geysimun, sem gerður væri á sveitarfélögum í 2. gr. þessa frv. og sýslu- og bæjarfélögum í 3. gr. En það liggur í því, að í 2. gr. þýðir orðið sveitarfélag bæjar- eða hreppsfélag; það er sameiginlegt heiti fyrir bæjar- og hreppsfélögin að kalla þau sveitarfélög. Og hvort sem það er bæjarfélag eða hreppsfélag, þar sem skatturinn er á lagður, á það að fá þennan hluta stríðsgróðaskattsins, sem um getur í 2. gr. Hins vegar er í 3. gr. ekki hægt að nota orðið sveitarfélag í staðinn fyrir sýslu- og bæjarfélög, vegna þess að þar er til þess ætlazt, að þau 5%, sem þar um ræðir, skiptist á milli bæjar- og sýslufélaga, en ekki hreppsfélaga. Annars er þetta sett hér inn samkv. samþykkt síðasta Alþ., að sýslufélög, — þar sem einhver stríðsgróðaskattur fellur til —, skyldu fá til skipta 6% af stríðsgróðaskattinum, sem til fellur í landinu. Og þótti sýnt, að eins og þetta var sett í l. í fyrra, þá yrði einnig að setja það í l. nú, þó að það væri ekki þannig úr garði gert frá ríkisstj. hendi.

Hv. 7. landsk. gerði fyrirspurn viðvíkjandi 2. gr. frv. um tekjuskatt og eignarskatt, hvort það væri ekki rétt skilið hjá honum, að þarna væri um tvísköttun að ræða. Og þessi hv. þm. taldi, að þarna væri stofnað til tvísköttunar. En svo er ekki, því að slík tvísköttun, sem þarna er um að ræða, er á öllum fyrirtækjum. Ef fyrirtæki úthluta arði fram yfir 5% af stofnfé til hluthafa, þá verða þeir, sem fá það greitt, að borga skatt af því, sem er fram yfir 5%. En þetta er í samræmi við gildandi reglur um þetta. Og hv. þm. veit, að afstaðan hefur verið þannig í þinginu, að það hefur ekki náðst samkomulag um neina breyt. á þessu fyrirkomulagi.

Hv. 4. þm. Reykv. (EOl) sló á trumburnar og sagði, að með þessu frv., sérstaklega með ákvæðum 4. gr., væri verið að tryggja stórútgerðarvaldið fyrir álagningarrétti sveitarfélaganna. Og þessi hv. þm. talaði um þessa stríðsgróðaskattslöggjöf, eins og hún ætti að vera frambúðarlöggjöf. En það er ekki gert ráð fyrir því, að svo verði. Þess vegna er heldur ekki um það að ræða, sem hann gerði ráð fyrir, að þetta eigi að vera framtíðartrygging fyrir neinn aðila. Það er aðeins á meðan samanlagður tekjuskattur og stríðsgróðaskattur nemur 90% af tekjum yfir 200 þús. kr., að óheimilt er að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum, sem eru umfram 200 þús. kr. Þetta er aðeins bráðabirgðaákvæði, en engin framtíðartrygging eins og hv. þm. talaði um.

Það má náttúrlega deila um það, hvaða ástæða sé til þess að heimila atvinnufyrirtækjum að tryggja rekstur sinn í framtíðinni. Hér er lagt til, að þau fái skattfrjálsan ⅓ hluta tekna sinna. Eins og umr. bera með sér, er litið mjög misjöfnum augum á það, hve langt eigi að ganga í því efni. Sumir telja of skammt farið, aðrir allt of langt. Og af því mætti ráða, að það mun vera erfitt að gera öllum fullkomlega til hæfis í því efni. Ég skal fúslega játa fyrir mitt leyti, að ég er með þeim flokki manna, sem telur full skammt gengið í því að tryggja framtíðarrekstur fyrirtækja með því að ákveða þeim aðeins ⅓ teknanna skattfrjálsan eins og gert er ráð fyrir í frv., en það sé sízt of mikið.

Hv. 5 þm. Reykv. (SK) setti upp dæmi af útgerðarfyrirtæki á borð við Eimskipafélag Íslands, sem hefði 7 skip í rekstri og mundi fá 4 millj. kr. afgangs sem hreinar tekjur, og um 1 millj. kr. skattfrjálsar tekjur. Það er að að vísu svo, að það félag hefði skattfrjálsan ⅓ hluta teknanna. Og hv. þm. gæti hafa misreiknazt sá gróði, sem slíkt félag mundi hafa í árferði eins og nú, þannig að það yrði nokkru meira til þess að tryggja með rekstur sinn í framtíðinni en hann gerði ráð fyrir. En þó að slíkt félag hefði 1 millj. kr. til þess að leggja í varasjóð og nýbyggingarsjóð, mundi það ekki hossa hátt til þess að endurnýja skipastól þess að stríðinu loknu.

Svo skal ég vekja athygli á því, að þar sem hv. þm. hefur slegið á þá strengi, að þessi skattfrjálsi hluti teknanna ætti að vera til frjálsrar ráðstöfunar fyrir félög og hluthafa þeirra, þá fer því fjarri, að svo eigi að vera. Helmingnum af þessu er ráðstafað í nýbyggingarsjóð, sem ekki má verja til annars en til nýbygginga á útgerðarfyrirtækjum. Og auk þess eru mjög strangar reglur um það, hvernig með allar eignir varasjóðs skuli farið.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil fyrst segja það um 2. gr. í tekjuskattsfrv., sem hv. 7. landsk. (GÞ) gerði að umræðuefni, að það er ekki gert ráð fyrir, að í þeirri gr. sé neitt nýmæli frá því, sem er í gildandi l. Ég hef skilið gildandi l. um þetta efni þannig, svo að ég taki dæmi, að þegar félag væri leyst upp og fé útborgað úr félaginu, sem grædzt hefði, þá væri skattskylt það fé, sem hluthafi fengi út úr félaginu umfram upphaflegt hlutafjárframlag. Það stendur í gildandi l., að skattskyldur sé

sá arður, sem félag greiðir umfram upphaflegt hlutafjárframlag. Og þegar ég var skattstjóri, þá var þessu hagað á þá lund. Og því hef ég litið svo á, að það skipti ekki máli, þó að hlutabréf gengju kaupum og sölum. Bréfin ganga kaupum og sölum með upphaflegri skattkröfu á. Til þess að gera þetta ljóst orðað í l. var þarna bætt við orðunum „nafnverð hlutabréfanna“ í staðinn fyrir, að áður stóð aðeins „umfram upphaflegt hlutafjárframlag“. Ef þetta væri ekki tvímælalaust, þá mætti kannske hafa það þannig, að menn þyrftu ekki að borga skatta af þessum arðsútborgunum, og þá væri það sama sem að nema það burt, að hlutafjárarður yrði skattskyldur yfirleitt, því að þá væri ekki annar vandinn til þess að komast hjá skattinum en að selja hlutabréfin með skinsölu til annars manns áður en félagið væri leyst upp, og þá væri alveg gengið á snið við ákvæði skattal. um að hlutafjárarður skyldi skattskyldur. — Hér er aðeins gert skýrara orðalag.

Eftir íslenzkri löggjöf hafa tekjur, sem hlutafélag hefur grætt, alltaf verið tvískattaðar, ef þær hafa gengið frá félagi til eiganda hlutafjár, það sem þannig hefur verið greitt umfram 5%. Og þessi tvísköttun kemur að nokkru leyti á móti þeim sérhlunnindum, sem hlutafélög hafa.

Það hefur verið rætt nokkuð um það hér, bæði af hv. 4. þm. Reykv. (EOl) og hv. þm. Seyðf. (HG), að með þessari löggjöf væri tekin upp *algerlega ný regla í þá átt að binda hendur* bæjar- og sveitarfélaga meir en verið hefur, og eins og hv. 4. þm. Reykv. orðaði það, að gera útgerðarvaldið skattfrjálst. Þetta mun nú meira vera meint sem orðaleikur að því leyti, að gjöldin, sem lögð eru á stórútgerðina, eru ekki kölluð í þessu frv. útsvör. Þau eru kölluð stríðsgróðaskattur. Þetta er vitaskuld orðaleikur, því að með þessum l. eru útsvörin að verulegu leyti felld inn í stríðsgróðaskattinn. Svo geta menn hins vegar deilt um það, hvort skalinn sé hæfilega hár.

Nú var um tvennt að velja, þegar ákveða átti hvernig skattskylda skyldi stríðsgróðann, annars vegar að ríkisvaldið liti aðeins á ríkissjóðinn sjálfan og setti skattalöggjöf, sem einungis væri miðuð við það, hvað ríkissjóður vildi fá af stríðsgróðanum handa sér, og þá væri skattstiganum hagað þannig, að bæjar- og sveitarfélög hefðu frjálsar hendur til að leggja á útsvör. Þetta hefði þýtt það, að skattstiginn hefði ekki getað gengið nema upp í 50%—60% af gróðanum. Mér er hins vegar óhætt að segja, að allir þeir, sem athuguðu þessi mál í fyrra, komust fljótlega að þeirri niðurstöðu, að þessi afgreiðsla væri óviðunandi, og það þegar af þeirri ástæðu, að bæjar- og sveitarfélögum væri ekki treystandi til þess að taka í sinn hlut það af stríðsgróðanum, sem þau ættu að gera. Sum bæjarfélög kannske, af því að þau hefðu ekki vilja á því, en önnur bæjar- og sveitarfélög, af því að þau hefðu ekki tök á því eftir gildandi l. Þar, sem útgerðarfélög eiga heima í þorpum, gæti þörfin fyrir útsvör verið svo lítil, að álag á stríðsgróðann gæti orðið sáralítið, og þar slyppu stórgróðamenn því betur en annars staðar. Verulega mikill hluti stríðsgróðans hefði þannig með því fyrirkomulagi legið algerlega á lausu án þess að geta verið tekinn. En samkv. útsvarsl. mega sveitarfélög ekki leggja meira á í útsvörum en eftir útgjaldaþörf. Þess vegna, þar sem lítil þörf er á útsvörum vegna útgjaldaþarfa í bili, en gífurlegur gróði, var þeim fyrirmunað að leggja útsvör á stríðsgróðann, svo sem þyrfti. Og því varð Alþ. að taka þetta mál að sér að ákveða, hve mikið yrði tekið af stríðsgróðanum. Á síðasta þingi voru sett l. um stríðsgróðaskatt og þá gert til þess að tryggja 75% álag á tekjur yfir visst mark, til þess svo að skila til sveitarfélaga nokkrum hluta stríðsgróðaskattsins. Nú var spurningin: Átti að tryggja jafnt álag á stríðsgróðann, hvar sem er á landinu? Þá varð ofan á, að höfð væri sú aðferð, að sameina skattstiga ríkis og bæjar- og sveitarfélaga á hæstu tekjur, til þess að þær væru ekki látnar leika lausum hala. En svo er hv. 4. þm. Reykv., eftir orðum hans að dæma, áhyggjufullur yfir því, að þarna sé verið að takmarka rétt bæjar- og sveitarfélaganna. En nú er þess að gæta, að þarna stendur í frv.: „Meðan ákveðið er í lögum, að greiða skuli 90% — níutíu af hundraði — samtals í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. krónur, er óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. krónur.“ Við hv. 4. þm. Reykv. gætum, vænti ég, orðið sammála um það, að bæjar- og sveitarfélög gætu varla riðið feitum hesti frá því að eiga að *taka útsvör af þessum 10%, sem eftir eru, þegar* hin 90% eru tekin.

Ef hér er um ágreining að ræða, þá hlýtur hann að vera um það, hvort það sé réttmætt að hafa varasjóðshlunnindin eins og þau eru ákveðin í frv. og hvort það sé réttlátt, að bæjarfélögunum sé varnað að leggja útsvör á þessi varasjóðshlunnindi. Þetta er eina atriðið, sem er til athugunar og mismunandi skoðanir eru um, hvort þessi varasjóðshlunnindi séu hæfilega metin. Hitt skulum við ekki fara í orðaleik um, hvort það sé skerðing á rétti bæjarfélaga og sveitarfélaga, að þau megi ekki eltast við þessi 10%, sem eru eftir skilin af hátekjunum. Það getur verið stigmunur á skoðunum manna í því efni, hve langt eigi að leyfa félögum að ganga í því að leggja fé til hliðar í varasjóði, þannig að það sé skattfrjálst. Þarna hefur verið gert ráð fyrir því, að útgerðarfélög megi leggja til hliðar 33% af tekjunum — áður var það 50% — sem skattfrjálst í varasjóði. Ég bygg nú, að þau hlunnindi eftir þessari löggjöf, sem félög fá, séu verulegum mun minni heldur en samkv. þeim l. um þetta, sem nú eru í gildi, er sett voru í fyrra. Og mér finnst hæstv. Alþ. vera vorkunnarlaust að gera það upp við sig, hvað það telur, að stríðsgróðaskatturinn eigi að vera og hve miklar undanþágur eigi að veita viðvíkjandi varasjóðunum; og síðan eigi ríkið að skila til sveitar- og bæjarfélaganna hæfilegum parti af þeim álögum, sem það telur, að þurfi á að leggja.

Ég held, að það sé fjarri sanni, að réttur bæjar- og sveitarfélaga sé fyrir borð borinn með þessu frv., því að þeim eru ætluð 45% af öllum skattinum, sem fæst yfir 22% af skattinum. Og svo hafa þau náttúrlega möguleika til þess að leggja eignaútsvör á allar eignir, svo og allar

tekjur undir 200 þús. kr. og möguleika til þess að leggja rekstrarútsvör á fyrirtæki, ef hitt ekki hrekkur. Bæirnir og sveitarfélögin hafa því mikla álagningarmöguleika enn.

Svo kemur ágreiningurinn um skattfrelsið í sambandi við varasjóðina. En þegar tekið er tillit til þarfa félaga til þess að leggja í varasjóði og nýbyggingarsjóði og þess, hve miklu dýrara verður að byggja skip eftir stríðið en verið hefur fyrir stríð, þá held ég, að við munum hika við að hafa þau hlunnindi öllu minni heldur en gert er hér ráð fyrir.

Við höfum haft tvö stríðsgróðaár. Fyrra árið var mönnum leyft að leggja til hliðar af ársarði félaga í varasjóð með skattfrjálsum helmingi þeirrar upphæðar. En nú er hér till. um, viðkomandi síðara árinu, að sum félög hafi skattfrjálsan hluta af varasjóðstillaginu, sem nemi ⅓ af tekjunum, en önnur, sem nemi ⅓ af tekjunum. Ef þetta þykir ekki rétt, kemur til álita, hvort ekki eigi að takmarka þessi hlunnindi meira, ef mönnum þykir félögin nægilega sterk til að taka því, sem búast má við eftir styrjöldina.

Þegar hv. þm. Seyðf. talaði hér áðan, var hann hryggur yfir því, að þó að skattarnir hækkuðu þarna, þá væru lækkuð útsvörin. Ég get ekki annað, þegar ég heyri menn tala svona um þetta, en sagt það, að það er ekki hægt að taka sömu peningana tvisvar, bæði sem útsvar og skatt. Og það er ekki nema orðaleikur að tala um, að stórt fyrirtæki sé útsvarsfrjálst. Þetta, sem með stríðsgróðaskattinum á eftir frv. að taka fyrir bæjar- og sveitarfélögin, heitir reyndar skattur, en ekki útsvar, — það er satt. En um það getur ekki verið ágreiningur, að það er sama, hvort þetta, sem tekið er sem stríðsgróðaskattur fyrir bæjar- og sveitarfélögin, er kallað skattur eða útsvar.

Viðvíkjandi því, hvort skattar eru meiri eða minni eftir þeim till., sem hér liggja fyrir eða gildandi l., þá hafa verið færð fram ýmis dæmi, og aðallega hafa menn þá rætt um hærri tekjurnar. Ég sýndi fram á, að vegna þess að tekin er upp ný aðferð í þessum málum, þá margfaldast skatturinn á hærri tekjunum. Og því skulu menn gera sér grein fyrir nú, sem mér virðist menn leggja lítið upp úr í þeim umr., sem fram hafa farið, að samkv. þeirri aðferð, sem notuð hefur verið hingað til, en ekki verður framvegis, þá var aldrei hægt að skattleggja stórgróða, ef hann stóð frá ári til árs, hærra en 50%. Þó að skatturinn hefði verið settur upp í 100% af tekjunum, þá var hann dreginn frá hitt árið, svo að það var ekki hægt að leggja á nema sem svaraði 50% af tekjunum bæði með skatti og útsvari samanlagt.

***Finnur Jónsson:** Ég vildi segja nokkur orð um það, sem hæstv. viðskmrh. sagði í sambandi við þetta nýja fyrirmæli, sem ætlazt er til, að sett verði um skatt- og útsvarsgreiðslu þeirra fyrirtækja, sem hafa yfir 200 þús. kr. í skattskyldar tekjur.

Útsvarslöggjöf okkar Íslendinga hefur verið allmiklu róttækari heldur en útsvarslöggjöf annarra landa, þar sem ákveðið hefur verið, að leggja mætti útsvör á eftir efnum og ástæðum, ekki eingöngu eftir efnum og ástæðum gjaldendanna, heldur einnig eftir efnum og ástæðum sveitarfélaganna. Þessi róttæka útsvarslöggjöf hefur leitt til þess, að í hallærisárferði hefur mönnum verið gert að greiða meira til bæjar- og sveitarfélaga, ef nauðsyn hefur krafið, heldur en hreinu árstekjurnar. Það er beinlínis hægt að framkvæma eins konar eignarnám eftir núverandi útsvarslöggjöf, ef efni og ástæður sveitarfélaganna krefjast þess. Það er vitanlega alls ekki ætlazt til þess, að til slíks þurfi að grípa. En það getur verið þannig ástatt í einstökum sveitarfélögum og jafnvel nokkuð víða, að þetta þurfi að gerast. Nú skilst mér, að eftir þessari löggjöf séu þeir, sem hafa yfir 200 þús. kr. árstekjur, settir í sérstakan flokk, þannig að það megi ekki taka af þeim meira en 90% af hreinum árstekjum þeirra, jafnvel þó að þarfir sveitarfélaganna krefjist þess. Hins vegar er fræðilegur möguleiki fyrir því og hefur verið framkvæmt að leggja útsvar á tap. Með þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, hafði ég litið svo á, að þarna væri verið að skapa misrétti. Það væri verið að undanþiggja þá, sem hafa yfir 200 þús. kr. í tekjur, frá þessari borgaralegu skyldu, en hún er látin standa fyrir alla hina, sem hafa undir 200 þús. kr. árstekjur. Nú upplýsti hæstv. viðskmrh. að vísu, að þetta mundi ekki vera ætlunin með frv., heldur væri eftir sem áður hægt að leggja á eignaútsvör og rekstrarútsvör. En eigi að síður, ef teknar eru allar árstekjur þeirra manna, sem hafa minna en 200 þús. kr. í tekjur, þá hafa þeir, sem hafa yfir 200 þús. kr. í tekjur, — að mér skilst eftir frv. — samt rétt til þess að halda 10% eftir af tekjunum, þó að allar tekjur annars, sem hefur undir 200 þús. kr. í tekjur, væru teknar af honum. En ef hægt væri að ná, eftir því sem hæstv. viðskmrh. sagði, því sama gagnvart þeim, sem hafa yfir 200 þús. kr. í tekjur, með útsvörum á eignir, gæti það valdið því, að menn þyrftu að greiða meira í útsvar en allt það, sem eftir væri af tekjunum, þegar skattur er greiddur af þeim, og undir sérstökum kringumstæðum þá eitthvað af eignunum, þegar eignarútsvar og rekstrarútsvar væri á lagt. Ef þetta er meining frv., þá finnst mér rétt að hafa það þannig orðað, að þetta gæti ekki valdið neinum vafa. Það er að vísu gott að fá yfirlýsingar um þetta frá einum hæstv. ráðh. hér við umr. En eigi að síður finnst mér þetta frv. vera þannig orðað, að það gæti leikið á því nokkur vafi, hvort hægt sé að ná því, sem hæstv. viðskmrh. vildi segja, að hægt væri að ná. En ef það er meining hæstv. ríkisstj. að breyta ekki til um þetta, að setja ekki í l. sérstök fríðindi fyrir þá, sem hafa yfir 200 þús. kr. í tekjur, þá skilst mér, að hæstv. ríkisstj. ætti að geta gengið inn á brtt. við seinni umr. málsins, sem tæki af allan vafa í þessu efni. Ég vildi mjög gjarnan heyra álit hæstv. viðskmrh. á því. Ég fyrir mitt leyti get ekki skilið það, að hæstv. Alþ. geti verið þekkt fyrir það að ganga frá löggjöf, sem gæfi þeim, sem hafa yfir 200 þús. kr. í tekjur, alveg sérstök forréttindi umfram þá, sem hafa minni tekjur. (**EystJ:** Það er hægt að lækka tekjuskattsskalann). Mundi það verða gert í hvert skipti með brbl.? Mér skilst, að það, sem ætti að gera í þessu, væri að hafa l. þannig orðuð, að ekki gæti orkað tvímæl-

is um þetta. Því að jafnvel þó að það muni vera búið að handjárna eitthvað af hv. þm. í þessu efni, svo að þeir fari með þetta mál á móti sinni samvizku (eins og einn hv. þm. sagði hér áðan), þá finnst mér ekki líklegt, að þeir séu svo handjárnaðir, að þeir séu bundnir beinlínis við það fyrirfram að afgr. lagafrv., sem kemur af stað stórum misrétti á milli borgaranna.

*Garðar Þorsteinsson: Hæstv. viðskmrh. sagði, að þær umr., sem hér hefðu farið fram, mundu hafa verið nokkuð þokukenndar og sumt af þeim kannske lítt skiljanlegt. Þetta kann vel að vera. En ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi talað þokukennt, a. m. k. um eitt atriði, 90% skattinn á tekjur yfir 200 þús. kr. Hann sagði, að það þyrfti enginn að hugsa sér, að bæjar- og sveitarfélög færu að „fitla“ við þessi 10%, sem eftir væru af tekjunum, þegar 90% af þeim hefðu verið tekin í skatta. Verður að skilja það þannig, að hann telji, að samanlögð álagning á tekjur, hærri en 200 þús. kr., hvort sem það heitir skattur eða útsvar, eða það samanlagt, eigi undir engum kringumstæðum að vera meiri en svo, að skattþegnar hafi eftir þessi 10%. Nú segir hæstv. viðskmrh. hins vegar, að ríkisstj. hafi ekki treyst sér til að binda hendur bæjar- og sveitarfélaganna meira en svo að miða þetta við tekjuútsvar. M. ö. o., hann segir, að bæjarfélögin og sveitarfélögin megi ekki leggja tekjuútsvar á þennan 10% hluta teknanna, en bætir því við, að möguleiki sé fyrir þau að leggja á eignarútsvar og rekstrarútsvar. En eru bæjar- og sveitarfélögin þá ekki farin að fitla við þessi 10%, sem þau mega ekki leggja tekjuútsvar á? Nú veit hæstv. ráðh., að félög, sem græða nokkur hundruð þús. kr. á ári, skila efnahagsreikningum, sem sýna svo og svo mikla eign. Og þegar búið er að leggja eignarútsvar á þá eign, þá skilst mér, að það geti farið svo, að farið sé meira en að „fitla“ við þessi 10%, heldur séu þau tekin hreint og beint með þessum útsvörum.

En ef hæstv. viðskmrh. hefur álitið, að undir engum kringumstæðum ætti að ganga lengra í skatta- og útsvarsálögum en svo, að gjaldendur ættu að hafa eftirskilin þessi 10% af tekjunum — vill þá hæstv. viðskmrh. ekki koma með ákvæði í frv., sem útiloka frekari álagningu? Þegar þessum till. var lýst fyrir mér, þá skildist mér, að ekki væri hægt að leggja á, hverju nafni sem nefndist, meira en sem svaraði 90% af tekjunum á tekjur yfir 200 þús. kr., og skildist mér þetta líka á hæstv. viðskmrh. áðan. En hann dró úr því og hvarf frá því að lokum. En mér virðist fjarstæða að ætlast til þess, að félag, sem hefur mikinn rekstur, er kannske skuldugt og hefur mikla áhættu, sé látið sæta því, að tekið sé af því meira en 90% af hreinum tekjum þess. Og það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að menn verða að gera sér það ljóst, að samkv. gamla fyrirkomulaginu, þegar frádráttarreglan var höfð, var aldrei hægt að taka meira en 50% af tekjunum í skatt og útsvar samanlagt til jafnaðar á ári. Nú er eftir frv. skattur og útsvar ekki frádráttarhæft. Afleiðingin er sú, að aðstaða þeirra, sem við þessi l. eiga að búa, verður margfalt verri heldur en áður var. Og ég hef skilið það þannig, að skattar, hverju nafni sem nefndust, ættu ekki að hækka úr 90% af tekjum yfir 200 þús. kr. Ég hef skilið það þannig, að skatturinn ætti ekki að vera hærri, en það kann að vera misskilningur. Samkv. gömlu l. átti stríðsgróðaskatturinn að vera 75%, en nú á að taka 90% af því, sem er frádráttarhæft. Þetta kemur að sjálfsögðu sérstaklega óeðlilega hart niður á félögum, sem hafa haft lítinn skatt árið áður. Ég skal nefna dæmi um fyrirtæki, sem á árinu 1940 hafði eftir af tekjum sínum 136 þús. kr., þegar það hafði greitt tekju- og eignarskattinn. 1941 græðir þetta félag 210 þús. kr., þegar frá var dreginn skattur, 170 þús. Það hafði sem sé 380 þús. kr. bruttótekjur árið, sem leið. Með þeim sköttum, sem nú eru á lagðir, á það að borga samtals 344 þús. kr., m. ö. o., ef félagið yrði gert upp á þessu ári, þá yrði það nærri eignalaust. Ég er ekki að segja, að þessi yrði útkoman hjá öllum félögum, en sjálfsagt verður þetta niðurstaðan hjá þeim, sem ekki hafa lagt í varasjóð.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði í sambandi við 7. gr. frv., þá vil ég taka það fram, að mér finnst alveg óþarfi að vera að setja þessa viðbót. Mér hefur t. d. verið sagt það af skynugum manni frá skattstofunni, að af skattayfirvöldunum hefði þetta orðalag verið skilið þannig, að það ætti að miða við kaupverð bréfanna í landinu. Nú vil ég líka benda á það, að þessi bréf ganga kaupum og sölum, og þó að hér sé ekki kauphöll, sem verðleggur bréfin, gera menn sér þó af efnahagsreikningi félaganna grein fyrir raunverulegu verðmæti þeirra. Mönnum dettur ekki í hug, að það eigi að borga skatt af mismunandi nafnverði eða því, sem kemur inn fyrir bréfin. Eðlilegra hefði verið að hækka hlutabréfin í verði, síðan hefði hluthafi borgað skatt af þessari hækkun. Nú skilst mér, að með þessari gr. sé verið að girða fyrir þetta, og ætti hún að lagfæra þetta gamla ranglæti. En hvers vegna er þá verið að setja ákvæði í 2. gr., sem er ekki tvímælalaust? Ég fæ heldur ekki séð, að það sé ekki nægilegt að hafa það ákvæði, sem áður stóð í l., að ef hluthafi á hlutabréfið í 3 ár, megi hann nota verðhækkunina, án þess að borga til skatts. Hvers vegna á hlutabréfshafinn að búa við tvenns konar skatt? Ég skil ekki samræmið í þessu, en mér finnst, að aðalatriðið ætti að vera það, að þess sé gætt, að framfylgt sé þeim skattaákvæðum, sem gilt hafa í þessu efni, en sé enga ástæðu til þess fyrir löggjafann að setja ný ákvæði um þetta efni.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 7. landsk. minntist hér á nokkur atriði, sem ég tel ástæðu til þess að svara. Ég sagði áðan, að menn gætu deilt um það, hvort bæjarfélögin mundu una við þetta 10% álag og það bann, sem er í l. um það, að tekjuútsvar geti orðið lagt á þessa upphæð. Hv. 7. landsk. leit þannig á, að með þessu væri verið að slá föstu, að það mætti ekki undir neinum kringumstæðum leggja á hlutafélög hærra útsvar í heild en sem næmi 90% af árstekjunum. Eins og kom fram í minni ræðu, má leggja á önnur útsvör, svo sem tekjuútsvar, eignaútsvar og veltuútsvar. Um það er ekkert bann í þessari löggjöf. En þau útsvör mundu verða tekin af

þeim varasjóðum, sem löggjöfin hefur leyft að félögin stofnuðu. Um 2. gr. skattafrv. vildi ég segja það, að ég held, að það sé hér um það mikla efnisbreyt. að ræða, að ég álít ekki rétt að kveða skýrar á en gert er í l. Ég átti mikinn þátt í því árið 1935, þegar l. voru sett, að þetta orðalag var notað. Hins vegar þótti mönnum rétt að setja inn þetta orðalag „nafnverð", til þess að enginn vafi léki á því, hvað við er átt. Hins vegar ætti hv. 7. landsk. að geta áttað sig á því, að fyrir þá, sem vildu bjarga arðinum af hlutabréfunum, er ekkert annað að gera en selja bréfin, áður en félögin eru leyst upp, til þess að komast hjá skatti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um einstakar gr. þessa frv.

*Einar Olgeirsson: Hæstv. fjmrh. minntist á það í ræðu sinni áðan, að ég hefði í ræðu minni í gær farið inn á ákvæði 4. gr. frv. um það, að takmarkað útsvarsfrelsi ætti að gilda, á meðan skatturinn væri svona hár. En ég vil benda á það, að einmitt flestir tollarnir lenda á alþýðunni, og þeim er komið þannig á, að það er sagt, að þeir eigi aðeins að gilda til bráðabirgða. Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, þá vil ég segja það, að okkur greinir mikið á um það, hvað legið hafi til grundvallar hjá þeim, sem undirbjuggu frv. Ég vildi meina, að þarna væri gerð tilraun til þess að tryggja hlut stríðsgróðamanna. En hæstv. viðskmrh. vildi hins vegar meina, að aðalhvötin, sem hafði legið til grundvallar þessu frv. hjá stjórnarfl., hefði verið sú, að þeir óttuðust, að bæjarfélögin í landinu mundu ekki seilast nógu langt niður í vasa gróðamannanna, þess vegna hefði stj. hlaupið undir bagga og tekið þennan kost til þess að koma í veg fyrir, að bæjarfélögin gætu hlíft stríðsgróðamönnum. Eftir þeirri hvöt, sem hæstv. viðskmrh. telur, að hafi ráðið við samningu frv., þá finnst mér, að flm. ættu ekki að hafa neitt á móti því, að þau bæjarfélög, sem vildu seilast lengra niður í vasa gróðamannanna heldur en stj. hefur viljað gera með þessu frv., þeim væri gefinn fullur réttur til þess. Ég álít, að það væri rétt, að fjhn. athugaði þetta vandlega fyrir 2. umr.

Svo langar mig til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskmrh., hvort hann teldi ekki rétt, að heimilt væri að leggja á veltuútsvör og eignarútsvör án nokkurra sérstakra takmarkana af hálfu bæjarfélaganna. Mér virðist mikill mismunur á því, hvaða skilning hv. 7. landsk. og hæstv. viðskmrh. leggja í þetta ákvæði. Mér finnst alveg nauðsynlegt að ganga þannig frá þessum ákvæðum, að ekki verði farið í kringum þau, eins og átt hefur sér stað að undanförnu.

Mér virðist af þeim umr., sem fram hafa farið um málið, að það vera á því hin mesta þörf, að n. rannsaki þetta mál allt mjög gaumgæfilega. Ég vil svo endurtaka það, að mér þætti mjög fróðlegt að heyra, hvað hæstv. viðskmrh. hefur að segja gagnvart þeirri fyrirspurn, sem ég bar fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 199, 200, 204).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með einni breyt., sem getið er í nál. á þskj. 199. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að gera till. um fleiri breyt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við 3. umr.

Í 1. gr. frv. er ákveðið, að lagður verði sérstakur stríðsgróðaskattur á skattskyldar tekjur, sem nema 45 þús. kr. eða hærri upphæð. Kemur sá skattur til viðbótar þeim tekjuskatti, sem ákveðinn er á þskj. 125, í frv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkv. 2. gr. frv., sem hér liggur fyrir, greiðir ríkissjóður bæjar- og sveitarfélögum 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó ekki yfir 40% af áætluðum útsvörum þar. N. flytur þá breyt. við þessa gr., að hér skuli miðað við niðurjöfnuð útsvör, en ekki áætluð. Það er svo í gildandi lögum, og þykir n. réttara að halda þeirri reglu.

Samkv. till. n. er hámark stríðsgróðaskattsins, sem bæjar- og sveitarfélögin geta fengið, 2 kr. á móti hverjum 3 kr., sem jafnað er niður í útsvörum, þ. e. a. s. 66—67%. Í 3. gr. er ákveðið, að ríkisssjóður skuli auk þess greiða 5% af skattinum til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkv. 2. gr.

Þá eru í 4. gr. fyrirmæli um, að meðan ákveðið er í l., að greiða skuli samtals 90% af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr. í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt, sé óheimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta af hreinum tekjum gjaldanda, sem er umfram 200 þús. kr.

Hv. þm. Seyðf. flytur till. á þskj. 200 um að fella niður 4. gr. Í sambandi við till. hans er ástæða til að gera sér ljóst, hvernig skatturinn skiptist milli ríkis og sveitarfélaga samkv. þeim skattafrv., sem nú liggja fyrir, og gera samanburð á þeim við þau skattalög, sem nú gilda. Samkv. gildandi l. eru tekjuskattur og stríðsgróðaskattur samtals 75% af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr. Bæjar- og sveitarfélög, þar sem stríðsgróðaskattur er á lagður, geta fengið 40% af skattinum, sýslufélög og önnur bæjarfélög 6%, en ríkissjóður hefur þá eftir af stríðsgróðaskattinum 54%. Í gildandi l. er því skiptingin á sköttum af hátekjunum þannig, séu þeir teknir saman:

Ríkissjóður	58.9%
Bæjar- og sveitarfélög	14.0%
Sýslufélög og bæjarfélög	2.1%
Samtals	75.0%

af skattskyldum tekjum.

Eftir þeim frv., sem nú liggja fyrir þinginu, komast skattarnir samtals í 90% af skattskyldum tekjum. Þeir skiptast á þessa leið:

Ríkissjóður	56.0%
Bæjar- og sveitarfélög	30.6%
Sýslufélög og bæjarfélög	3.4%
Samtals	90.0%

Þessi samanburður sýnir, að samkv. l. fær ríkissjóður 58.9% af hæstu skattskyldum tekjum, en 56% samkv. þeim frv., sem nú liggja fyrir.

Það virðist við fyrstu sýn minna, en er það ekki í raun og veru, heldur meira, af því að skattafrádrátturinn er afnuminn. Bæjar- og sveitarfélög fá samkv. frv. 30.6% af þeim skattskyldum tekjum, sem eru umfram 200 þús. kr. En eftir l. frá í fyrra fengu þau 14% af hæstu tekjunum. Hækkunin í þeirra hlut er því rúml. 16% af skattskyldum tekjum, og þegar þess er gætt, að skatturinn er reiknaður af hærri tekjum en áður, er ljóst, að hlutur þeirra er góður, þótt þeim sé ekki leyft að taka tekjuútsvar af þeim tekjum, sem hæst eru skattlagðar. Með ákvæðum frv. er sameinaður skattur til ríkisins og tekjuútsvör til bæjar- og sveitarfélaga af tekjunum, eftir að þær hafa náð vissri hæð. Það gat komið til mála að fara aðra leið, hafa skattstigann lægri og láta ríkissjóð hafa allan skattinn, en setja engin ákvæði um útsvarsálagninguna. Þótt stríðsgróðaskatturinn hefði verið helmingi lægri, hefði útkoman orðið sú sama fyrir ríkissjóð, ef skatturinn hefði allur runnið þangað. Þá hefðu bæjar- og sveitarfélögin orðið að jafna niður hærri upphæðum í útsvörum, en hvernig þau hefðu notað möguleikana til útsvarsálagningar á tekjuhæstu fyrirtækin, er vitanlega óupplýst mál. Sennilegt, að útsvörin á hátekjurnar hefðu orðið allmisjöfn., eftir því hvar gróðafyrirtækin voru útsvarsskyld. Ég held, að sú leið hefði ekki verið heppilegri en hin, sem nú er lagt til, að farin verði. En um það geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir. Hitt fellst meiri hl. n. ekki á, að fella niður 4. gr., og leggur til, að brtt. á þskj. 200 verði felld.

Hv. 6. landsk. þm. hefur flutt brtt. á þskj. 204, og samkv. henni eiga bæjar- og sveitarfélög að fá 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, alveg án tillits til þess, hve há útsvör eru þar á lögð. Fjhn. hefur ekki haft till. til meðferðar, en ég fyrir mitt leyti er á móti henni. Verði slík till. samþ., gæti svo farið, að einstök bæjar- og sveitarfélög fengju fjárþörf sinni alveg fullnægt með stríðsgróðaskattinum einum, án þess að jafna niður nokkrum útsvörum, og þá er komið út í öfgar.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Eins og hv. frsm. gat um, varð samkomulag um það í n. að gera nokkrar breyt. að því er snertir hámark þeirrar upphæðar, sem ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélögum af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur. Í langflestum tilfellum ætti þessi gr. að nægja til að tryggja, að sveitarfélög fái hæfilegan hluta af skattinum, en það getur staðið svo á, að þetta þrengi nokkuð umráðasvið sveitarfélaganna í þessu efni, og skilst mér, að till. á þskj. 204 byggist á því, að flm. hafi verið kunnugt um, að svo var ástatt, a. m. k. á einum stað. Ég gat þess í n., að ég hefði óbundnar hendur um þá till.

Um meginagnúann á frv., ákvæði 4. gr., sem bannar alveg, að tekjuútsvör séu lögð á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. kr., vil ég vísa til grg. minnar í nál. 199. Það er að vísu rétt, sem hv. frsm. segir, að stríðsgróðaskatturinn og sá hluti hans, sem til bæjanna rennur, hækkar, ef frv. verður samþ. En ég tel, að það réttlæti ekki svo mikla breyt. sem þá, að svipta bæjar- og sveitarfélög rétti til að leggja útsvör á alla borgara sína eftir sömu reglum. En með því að banna álagningu á hæstu tekjurnar er bert, að svo er gert.

Ég fæ ekki séð, að ástæða sé til að óttast, að svo nærri yrði gengið þeim aðilum, að fjárhag þeirra stafaði hætta af. Við skulum taka t. d. félag, sem hefur 6 millj. kr. gróða og fengi að halda 2 millj. 400 þús. kr. alveg ósnertum. Þó að á væri bætt einhverjum hluta útsvars á skattfría fé, sem rennur í varasjóð, sé ég ekki, að því sé hætt. Ef þetta ákvæði verður samþ., veldur það sveitarfélögunum miklum örðugleikum. Hér í Reykjavík eru áætluð útsvör 10—11 millj. kr., en stríðsgróðaskatturinn ekki nema 100—200 þús. kr. En samkv. þessum l. komast allir gjaldendur, sem hafa yfir 200 þús. kr. í tekjur, með mikinn hluta teknanna undir ákvæði þessara l., svo að ekki er hægt að leggja neitt á þær tekjur, sem fara fram úr 200 þús. kr. Það er því bersýnilegt að hækka verður útsvör á öllum almenningi, ef þetta ákvæði verður samþ. hér. Ég held því, að þetta ákvæði sé hvort tveggja í senn hættulegt fyrir bæjarfélagið og ekki sanngjarnt gagnvart öðrum gjaldendum. Því hefur verið haldið fram hér, bæði við 1. og 2. umr., að þetta væri ekki nema á pappírnum, þó að samþ. yrði, því að þótt bæjar- og sveitarfélögum sé bannað að leggja útsvar á tekjur, sem fara fram úr 200 þús. kr., geti þau eftir sem áður lagt á veltuútsvar eftir vild. En hvað vinnst þá við að samþ. þessa gr.? Ég fæ ekki séð það. En ég geri ráð fyrir, að um þetta atriði hafi verið samið milli sjálfstæðis- og framsóknarmanna og ekki eigi að leggja útsvar á tekjur, er fara fram úr 200 þús. kr. Minn skilningur á greininni er því réttur. Það mælir því allt með því, að brtt. min verði samþ.

*__Emil Jónsson:__ Ég gat þess við 1. umr. um tekjuskattsfrv., að mér þætti gengið nokkuð nærri bæjar- og sveitarfélögunum með þessum frv. Hv. fjhn. hefur að nokkru leyti tekið undir þetta og hækkað þann hluta, er bæirnir mega fá af stríðsgróðaskattinum. Þeir fá nú 66⅔% í stað 40% áður. Ég hef þó leyft mér að koma með brtt. á þskj. 204, er gengur heldur lengra en till. hv. fjhn.

Vil ég nú taka dæmi máli mínu til sönnunar, og vel ég Hafnarfjörð, en þar er ég málunum kunnugastur. Áætluð útsvör í Hafnarfirði eru nú 1,5 millj. kr., og sýnir það, að bæjarbúar hafa ekki ætlað sér að skjóta sér undan útsvari, því að útsvarsupphæðin hefur sexfaldazt síðan 1940. Stafar það af því, að undanfarið, fyrir stríðið, gat útgerðin ekki greitt há útsvör, og hefur bærinn þess vegna safnað skuldum. Þess vegna er það nú yfirlýstur vilji bæjarstj. að leggja á svo há útsvör, að bærinn greiði upp skuldir sínar. Þessi upphæð, 1,5 millj. kr., er að mestu leyti lögð á útgerðarfélögin. Ég gæti hugsað mér, að ⅔ hluta bæri útgerðin, en almenningur ⅓. Stríðsgróðaskattur er áætlaður 300 þús. kr. Útsvar og stríðsgróðaskattur nema því samtals 1.8 millj. kr. Samkv. þessum l. er ekki hægt að leggja svona mikið á útgerðarfélögin. Við lauslega athugun sýnist mér það ekki vera meira en ½ millj. Það vantar því ½ millj., og verður hún að fást með stríðsgróðaskatti. Það þýðir, að við

verðum að gera ráð fyrir, að stríðsgróðaskatturinn nemi 800 þús. kr. eða 80% af útsvörunum. Þetta kemur bænum og niðurjöfnunarnefnd í meiri vanda, því að útsvörin eru ákveðin nákvæmlega í fjárhagsáætluninni, en þegar um þetta er að ræða, er það meira undir hælinn lagt, hve miklar tekjur bærinn fær. Tekjuöflunarkerfi bæjarins er í meiri óvissu. Þegar líður á árið, sést þetta betur, og möguleikar eru á því að færa á milli útsvars og stríðsgróðaskatts, en þetta er því aðeins hægt, að bærinn hafi þar um óbundnar hendur. Það er því nauðsynlegt, að ekki sé ákveðið fyrirfram, hve stríðsgróðaskatturinn má vera mörg % af útsvarsupphæðinni.

Ég vil þess vegna mælast til, að þessi till. verði samþ., enda gerir hún engan skaða fyrir neinn, en gerir bæjunum mögulegra að standa við fjárhagsáætlun sína.

Það eru fleiri atriði í þessum l., sem þyrfti að athuga nánar, t. d. ef í sömu sveit eru 2 togarafélög, annað hefur 1 togara, en hitt 2—3, og jafnar tekjur séu á hvert skip. Nú má ekki leggja á nema fyrstu 200 þús. kr. hjá hvoru þeirra. Virðist því félagið með 3 togara bera sama útsvar og félagið með 1 togara. En til þess að jafnt sé greitt, verður mismunurinn á stríðsgróðaskattinum að vera jafnmikill. En það er alls ekki víst. Það hefur heyrzt hér í deildinni, að ef þetta atriði yrði gefið frjálst, gætu sum bæjarfélög sloppið við að leggja á útsvar. Þetta er ekki rétt. Allir bæir í landinu hafa nóg með sínar tekjur að gera. Þeir fá að vísu miklar tekjur í bili, en þeim veitir ekki heldur af því að fá fjárhag sinn bættan.

Ég fer nú ekki að sinni frekar út í frv. hér, en vil mælast til þess, að brtt. mín verði samþykkt.

***Jón Pálmason:** Mér þykir hlýða að segja nokkur orð við þessa umr., enda þótt ágreiningur sé ekki mikill.

Mér virðist hér vera komið svo langt í skattakröfum, að furðu gegnir, að hv. þm. Seyðf. skuli leyfa sér að fara fram á meira. Þessi hv. þm. er kominn lengra í skattkröfum sínum en að taka 100% af skattskyldum tekjum, hefði verið miðað við frádráttarregluna. Þegar það er athugað, að ef skattar og útsvör frá f. á. voru dregnir frá, er ekki eftir meira en til þess að fullnægja kröfunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Breytingin á frádráttarreglunni orkar mjög tvímælis, en að svo komnu máli þýðir ekki að fást um það. En þegar svona langt er komið, gegnir furðu, að hv. þm. Seyðf. skuli fara fram á, að 4. gr. sé niður felld. Það, sem þessi hv. þm. sagði, að bærnir væru sviptir rétti til þess að leggja útsvar á tekjur, er fara fram úr 200 þús. kr., er ekki rétt nema að nokkru leyti. Það er til heimild til þess að leggja á eigna- og veltuútsvar. Það er líka rangt hjá honum, að ósamræmi sé í skattaálagningunni á almenning. Sveitar- og bæjarfélögin fá 45% af stríðsgróðaskattinum. Ég geri ekki ráð fyrir því, að útsvarsupphæðin verði það há, að meira en 45% verði tekið af neinum borgara af tekjunum. — Það er því fjarstæða að afnema takmörkunina í 4. gr.

Varðandi brtt. hv. 7. landsk., þá fæ ég ekki betur séð en nægilega vel sé séð fyrir rétti sveitar- og bæjarfélaga með þeim brtt., sem hv. fjhn. hefur lagt fram. — M. ö. o., hér ber allt að sama brunni. Ég tel fjarstæðu að afnema takmarkanir 4. gr. þessa frv. Ég hef enn ekki tekið ákvörðun um brtt. fyrir 3. umr., en ég vænti þess, að háttv. þm. verði sammála breytingu þeirri, er meiri hluti fjhn. leggur nú með á 2. gr. þessa frv. og sammála um að fella brtt. þá, er háttv. 6. landsk. ber fram við sömu gr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Hv. þm. Seyðf. telur illa farið með sveitarfélögin, ef frv. þetta nær samþykki eins og það nú liggur fyrir, þar eð ekki er heimilað að leggja tekjuútsvör á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram 200 þús. krónur. Athygli er vakin á því í áliti fjhn., að ósamræmis gæti milli till. háttv. þm. Seyðf. og till. fulltrúa Alþfl., er sat í mþn. fyrir skömmu. Till. fulltrúa Alþfl. þá í skattamálum voru þær, að af því fé, sem útgerðarfyrirtæki legðu í nýbyggingarsjóði, skyldi aðeins taka 10% í tekjuskatt til ríkisins og 15% í útsvar. M. ö. o. útgerðarfyrirtækin áttu að sleppa með að greiða ¼ af þessum tekjum til opinberra þarfa.

Samkv. þeim till. fengi útgerðarfélag, sem hefði 6 millj. kr. gróða, að halda eftir ekki 2.4 millj., heldur 4.5 millj. Og þótt talað væri um, að verja ætti fé þessu til kaupa á framleiðslutækjum eða skipum, þá var fyrirtækjunum hvergi bannað að selja þau og stinga gróðanum í eiginn vasa. Þannig voru tillögur Alþfl. Hann flutti einnig frv. um stríðsgróðaskatt, og þar var hann ákveðinn miklu lægri en í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir, að samanlagður tekju- og stríðsgróðaskattur nemi 90% af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr.

Háttv. þm. sér af þessu, að það er ekkert nýmæli, þótt fluttar séu till. um að takmarka rétt bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar. Fyrstu till. í þá átt komu frá flokki háttv. þm. Seyðf. og gengu miklu lengra í þeim takmörkunum en gert er í þessu frv.

Háttv. þm. Seyðf. gizkar á, að fyrirtæki, sem greiddi 700 þús. kr. í útsvar árið 1941, muni nú greiða aðeins ⅓ af þeirri upphæð (eða 70 þús. kr.), ef frv. þetta nær samþykki. En við þennan útreikning gengur hann alveg fram hjá ákvæðum þessa frv. um stríðsgróðaskattinn. Fyrirtæki, sem hefur í skattskyldar tekjur kr. 3 millj., greiðir samkv. þessu frv. kr. 8—900 þús. í stríðsgróðaskatt til bæjarfélags síns. Ekki virðist því hlutur þess mjög fyrir borð borinn.

Hv. þm. Seyðf. talaði um, að 4. gr., eins og hún er orðuð, væri enn fremur vafasamt gagn fyrir gjaldendur, þar sem ekki væri bannað að leggja útsvar á veltu og eignir. Um þetta er það að segja, að venjan mun vera sú, þar sem helztu gróðafyrirtæki eiga heima, að jafna útsvörum niður fyrst og fremst eftir tekjum þeirra, og býst ég ekki við, að breytt verði um reglu í því efni.

Hins vegar töldu þeir, er sömdu frv. þetta, ekki rétt að takmarka rétt bæjar- og sveitarfélaga meir en svo, að þeim væri mögulegt að leggja á veltu- eða eignaútsvör, af þau teldu þess þörf.

Hv. 6. landsk. talaði um sína brtt., en samkv.

henni eiga 45% af álögðum stríðsgróðaskatti á hverjum stað að renna í bæjar- eða sveitarsjóði án tillits til heildarútsvarsálagningar á þeim stað.

Í þessu sambandi tók hann Hafnarfjörð sem dæmi. Við skulum nú einmitt athuga það dæmi, eins og það yrði eftir þessu frv. Í Hafnarfirði munu gerðir út 9 togarar. Ég veit nú ekki nákvæmlega um gróða þeirra árið 1941, en samkv. upplýsingum, er ég hef fengið, get ég búizt við, að hver togari hafi haft um kr. 600000 í skattskyldar tekjur, ef reiknað er eftir reglum frv. og gert ráð fyrir, að tekjurnar séu 900 þús. kr. áður en frá eru dregin útsvör og skattar. — Útgerðarfélög nota sér ákvæði 1. til þess að leggja ⅓ af þessari upphæð í varasjóði, og er hún þá undanþegin skatti. Ef reiknað er með fyrrnefndum tölum, sem ég hygg að munu láta mjög nærri, skilst mér að stríðsgróðaskatturinn, sem Hafnarfjarðarbær fengi hjá þessum fyrirtækjum, mundi verða um 1¼ millj. kr., en útsvarsálagning á þessi sömu fyrirtæki, skv. áætlun hv. 6. landsk., gæti numið um ½ millj. kr. Þetta gerir samtals 1 750 000 kr. Það mundi sannast, ef brtt. hv. 6. landsk. yrði samþ., að Hafnarfjörður og fleiri sveitar- og bæjarfélög mundu geta fullnægt fjárþörf sinni með stríðsgróðaskattinum einum. Hag Hafnarfjarðar sem annarra bæja er fyllilega borgið, þótt frv. þetta verði samþ. eins og það liggur fyrir, og á hinn bóginn er sýnilegt, að með brtt. hv. 6. landsk. er stefnt út í öfgar.

***Haraldur Guðmundsson:** Það er sennilega þýðingarlaust, að við háttv. þm. A.-Húnv. ræðumst meira við, þar eð háttv. þingmenn munu nú, að öllum líkindum, hafa myndað sér sínar skoðanir á þeim málum, er um er að ræða. En það eru nokkur atriði í ræðu hv. frsm., er mig langar til að drepa á.

Fyrst vil ég minna á það, að það sem í rauninni er aðalatriði 4. gr., er það, að með henni er verið að tryggja það, að fyrirtæki, sem hafa yfir kr. 200 000 í tekjur, fái jafnan að halda eftir minnst 28% af tekjunum, eða 40%, ef það eru samvinnufélög, án tillits til, hvort tekjurnar fara langt eða skammt fram út nefndri upphæð. Hér er horfið frá þeirri meginreglu, er fylgt hefur verið í skattamálum undanfarið, að láta skattana stiga hlutfallslega með hækkandi tekjum. Þetta réttlætir frsm. með því, að mestur hlutinn af þessu fé verði bundinn í varasjóðum. Útsvör hafa hingað til verið hærri en tekjuskattur í sveitar- og bæjarfélögum, og þau haft ótakmarkaðan rétt til að leggja á fé, þótt bundið væri í vara- og nýbyggingarsjóðum, en með frv. þessu er það bannað, og verður það fyrirtækjunum hvatning til að safna í sjóði. En þó er gróði yfir kr. 200000 hreinn og óverðskuldaður stríðsgróði, beinlínis afleiðing af styrjöldinni og því óvenjulega ástandi, er hún skapar, sem menn hafa beinlínis siðferðilega minni rétt til en til þeirra tekna, er þeir vinna sér fyrir.

Hins vegar vil ég ekki ganga langt í að skattleggja fé í varasjóðum, en þessi sérstöku fríðindi tel ég ranglát. Háttv. frsm. reiknaði með 7 togurum í Hafnarfirði, er hver um sig hefði kr. 900 000 í tekjur, og mun það ekki fjarri sanni. Samkv. frv. þessu fengju þeir tryggingu fyrir að halda eftir 2.4 millj. kr. án allra skatta. En ef nú kæmi lélegt tekjuár hjá almenningi, en þessi fríðindi héldust, og bæjarfélögin þyrftu á fé að halda, þá þyrfti að ganga hart að einstaklingum á sama tíma, sem fyrirtæki þessi græddu offjár, sem þau legðu fyrir skattfrjálst. Þegar auk þess er gætt að því, að útgerðarfyrirtækjum hefur verið heimilað síðan 1940 að safna fé með sjóðsfrádráttum og fleiru, sem nemur nú um 20 millj. króna, þá sjá allir hversu aðstaða þeirra hefur batnað, og hvílíkur meginmunur var á að ákveða sjóðatillög þeirra þá fyrr og er nú. Og þó bannar 4. gr., að réttur bæjar- og sveitarfélaga til útsvarsálagningar verði jafnmikill og áður. Þvílík ákvæði eru ekki jafnhættuleg á góðum tekjuöflunarárum, en á erfiðum tímum eru þau óskaplegt ranglæti.

Þá kem ég að því, er frsm. talaði um till. fulltrúa Alþfl. í skattamálum. Það mál krefst nokkurra upplýsinga, og því neyðist ég til að svara.

Það er rétt, að í frv. um nýbyggingarsjóði var gert ráð fyrir því, að það fé, sam lagt væri til þessara sjóða, hefði þau fríðindi, að ekki mætti leggja á það meira í tekjuskatt og útsvar en sem svaraði 25%. En í grg. var það tekið fram, að það yrði að setja eitthvert hámark fyrir því, sem mætti leggja á þann hátt í sjóðinn, og ætlazt var til þess, að það yrði samkomulagsatriði milli flokkanna, hve hátt skyldi farið. Þá var og á það bent í grg., að um tvær leiðir gæti verið að ræða: að láta skatta þessa hækka, þegar komið væri yfir visst mark, t. d. um 100%–200%, eða ákveða, hvað tillagið mætti vera hæst.

Þá sagði hv. frsm., að í till. Alþfl. hefði ekki verið farið nema í 50% með stríðsgróðaskattinn í staðinn fyrir 68% nú. En þessi 50% áttu að bætast ofan á skatt, sem var 40%, svo að samtals hefði skatturinn orðið 90%, eða sama og gert er ráð fyrir hér. Þá var gert ráð fyrir, að þessir skattar mættu ekki fara fram úr 90% af hreinu tekjunum. En hér er miðað við 90% skatt af skattskyldum tekjum. En skattskyldu tekjurnar finnast, þegar búið er að draga frá hreinu tekjunum ⅓ hluta þeirra, þegar um útgerðarfyrirtæki er að ræða, og er þessi hluti ⅓ tillag til varasjóðs. M. o. ö., skatturinn ásamt útsvari hefði mátt verða, ef till. okkar hefði verið samþ., 90% af hreinum tekjum. En samkv. þessu frv., sem hér er um að ræða, geta skattar og útsvar hæst orðið 60% af tekjunum. En 40% verða eftir hjá fyrirtækinu sjálfu óskert.

Ég er reiðubúinn, hvenær sem er, að fallast á að setja slíkar takmarkanir á hlutafélög, að ekki sé farið fram úr 90% af hreinum tekjum þeirra með álagningu skatts og útsvars á þau til samans. Og ég álít hættulaust að setja þess konar ákvæði nú. En ég tel rétt að minna á, að þegar till. Alþfl. um nýbyggingarsjóði var lögð fram, voru sjóðir þessara fyrirtækja nær engir. En nú hafa þessi fyrirtæki fengið tugi millj. kr. í þessa sjóði, og því er eðlilegt, að meira aðhald þurfi nú að hafa um þessar sjóðmyndanir. En ég held, að í þessu frv. sé, því miður, þessa ekki gætt, sem skyldi, og gildir sama, að mínu áliti, um frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem fyrir þinginu liggur.

Með þessu hef ég þá svarað hv. þm. V.-Húnv.

Hann taldi, að með þessu frv. væri svo langt gengið, að það væri óðs manns æði að láta sér detta í hug, að hægt væri að bæta nokkrum útsvörum ofan á stríðsgróðaskattinn. Það mun stafa af því, að þessi hv. þm. lítur svo á, að það sé ekki hægt að leggja neitt á það fé, sem lagt er í varasjóðina. En þegar þess er gætt, að það eru a. m. k. 40% af tekjunum, sem þannig sleppa við allar skatt- og útsvarsgreiðslur einmitt hjá stríðsgróðamönnum, get ég ekki séð, að ástæða sé til að lögfesta slíkt ákvæði. Og ég álít ekki rétt að breyta gildandi l. í því efni. Sveitarfélögin eiga að mínu áliti að halda áfram að hafa rétt til að leggja útsvör á þann hluta teknanna, sem í varasjóð er lagður.

Orðaskipti þeirra hv. þm. V.-Húnv. (SkG) og hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) um veltuútsvarið gæti ég í raun og veru leitt hjá mér. En það er broslega, sem hv. frsm., þm. V.-Húnv., segir um tilganginn með 4. gr. frv., að hann sé sá að gefa skattgreiðendum vernd fyrir því, að lögð séu tekjuútsvör á þær tekjur, sem eru fram yfir 200 þús. kr. En í hinu orðinu segir sá sami hv. þm., að þrátt fyrir þetta, ef þörf gerist, megi sveitarfélag leggja á veltuútsvar. Eftir því má ekki leggja tekjuútsvar á tekjur yfir 200 þús. kr., heldur veltuútsvar. Ef þetta er meiningin, þá má þessi hv. þm. falla frá 4. gr. frv., því að það hefur ekki hin minnstu áhrif á afkomu félags, hvort útsvarið, sem á það er lagt, heitir tekjuútsvar eða það heitir veltuútsvar. Enda sagði hv. þm. A.-Húnv., að það væri kannske tryggara að taka það fram, að ekki mætti leggja á þennan hluta teknanna veltuútsvar. Ég hygg, að tilgangurinn með samkomulagi flokkanna sé sá, að banna að leggja nokkurt útsvar á þennan hluta teknanna, þ. e. það, sem er yfir 200 þús. kr., því að annars væri þetta ákvæði þýðingarlaust.

Ég hygg, að það hafi verið hv. þm. A.-Húnv., sem lét þau orð falla, að sér væri ekki ljóst, hvernig það gæti aukið misræmið í skattaálagningunni, þó að bannað væri að leggja útsvör á tekjur yfir 200 þús. kr. Mér finnst það vera augljóst. Það misræmi, sem nú er á milli einstaklinga og félaga um álagningu á vissar tekjuhæðir þeirra eftir skattal., eykst náttúrlega stórkostlega við samþ. þessa frv. Því hærri sem tekjur fyrirtækja eru, því meiri verða skattfríðindi þeirra viðkomandi varasjóðunum. En einstaklingarnir fá aldrei meira verndað á þennan hátt en 10% af tekjunum.

Hv. 6. landsk. þm. (EmJ) benti á dæmi, sem sýnir þetta kannske gleggst. Við segjum, að það séu tvö félög, annað gerir út 1 skip, en hitt 7 skip. Bæði greiða þau sama hundraðshluta af tekjunum í skatt, þótt annað hafi 7 sinnum meiri tekjur en hitt; og sennilega greiða þau bæði jafn hátt útsvar, annað af 1 skipi, hitt af 7 skipum. Verði munur á útsvari þeirra, kemur sá munur aðeins á fyrstu 200 þús. kr. af tekjunum, því að bæði greiða þau sama skatt af því, sem fram yfir er það hámark. Og á skatt af yfir 600 þús. kr. tekjum verkar þessi munur ákaflega lítið, a. m. k. ekkert sambærilegt við það, sem þyrfti til þess að gera útsvarshlutföllin eðlilegri milli þessara félaga. Bæði þessi félög fengju sennilega jafnt útsvar, — um 70 þús. kr. Bæði borguðu sennilega sama hundraðshluta af tekjunum í skatt. En sennilega yrði skatturinn hjá öðru um það bil 10 sinnum hærri heldur en útsvarið, þar sem yrði tiltölulega mjög lítill munur á skatti og útsvari hjá hinu. Það misræmi, sem fyrir er í þessu efni, eykst því mjög mikið með samþ. þessa frv.

*__Emil Jónsson:__ Hv. þm. Seyðf. hefur svarað að sumu leyti því, sem hv. frsm. veik að mér um þetta mál. En ég vil aðeins út af þeim útreikningi, sem hann hafði hér yfir um áætlaðan stríðsgróðaskatt í Hafnarfirði, segja nokkur orð. Hann áætlaði, að stríðsgróðaskatturinn mundi verða þar 312 þús. kr. á hvert skip, og við skulum láta það liggja á milli hluta, hvort það er rétt eða ekki. Ég efast þó um, að það sé rétt. En við skulum ganga út frá því, að vertíðin verði svo og að þá kæmu 140 þús. kr. af hverju skipi í hlut bæjarins. Og ef það er reiknað af 9 skipum, sem hann reiknaði með, þá yrði það samt ekki 1½ millj., heldur 1¼ millj. kr. (__SkG:__ Ég sagði 1¼ millj. kr.). Vantar þá nokkuð til þess, að búið sé að ná inn 1800 þús. kr. í bæjarsjóð af þessu. En togararnir eru ekki 9, heldur 7, sem greiða þennan skatt, og þetta lækkar upphæðina í 980 þús. kr., þannig að útsvörin þurfa að verða um það bil 1 millj. kr., eins og áætlað er, þó að þessi skattur verði okkur greiddur að fullu, enda veitir alls ekki af því, að það verði. Þetta sýnir bara það, að það er alls ekki út í öfgar stefnt, þó að brtt. mín verði samþ., því að samkv. þessum útreikningi fáum við nákvæmlega það, sem við höfum gert ráð fyrir á fjárhagsáætlun bæjarins.

Hv. frsm. sagði, að bæjarútgerðin í Hafnarfirði hefði grætt svo mikið, að hún gæti borgað að sínum hluta til þarfa bæjarsjóðs. Hún hefur að vísu grætt vel eins og aðrir nú á tímum, sem útgerð hafa rekið. Hún hefur nú bjargað bæjarfélaginu eins og áður í atvinnumálum. En hennar hlutverk á ekki að vera að létta undir með öðrum skattgreiðendum í gróðaári, heldur að geta búið sig undir að sinna sínu aðalhlutverki, að vera til atvinnubóta á erfiðari tímum. Mér finnst það tæplega vera í samræmi við skoðanir hv. þm. V.-Húnv. (SkG), að gróði bæjarútgerðarinnar ætti að verða til þess að létta sköttum af öðrum gjaldendum. Þetta dæmi, sem hv. frsm. kom með hér, hefur orðið til þess að sýna, hver nauðsyn er á að fá brtt. mína samþ., því að útkoman úr reikningsdæmi hans, ef rétt er reiknað, verður nákvæmlega sú, að við Hafnfirðingar fáum í tekjur af stríðsgróðaskattinum yfir árið það, sem gert var ráð fyrir og þörf er fyrir. Ef hv. þm. V.-Húnv. vill margfalda 140 þús. kr. með 7, þá fær hann út 980 þús. kr., sem er hluti bæjarins af stríðsgróðaskattinum, sé gert ráð fyrir þessari tilteknu upphæð af hverju skipi. Ef svo bætt verður við 1 millj. kr., þá nægir það til þess að ná þeirri upphæð, sem í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Ég var hér við 1. umr. þessa máls og við 1. umr. um tekjuskattsfrv. að spyrjast fyrir um það, hve miklum upphæðum það mundi nema, þegar við tölum um, hvernig verja skuli stríðsgróðanum. Það hafa komið fram nokkrar upplýsingar um þetta

við þessa umr., sem rétt er að vekja eftirtekt á, frá tveimur hv. þm. um, að óhætt mundi vera að áætla gróðann af hverjum togara árið 1940 a. m. k. 900 þús. kr. Ég geri ráð fyrir, að ekki muni um minni gróða hafa verið að ræða af togurunum árið 1941. Og líklega er útlit fyrir, að þetta ár verði sízt tekjurýrara fyrir togarana heldur en árið 1941.

Togararnir eru 30 hér á landi. Og ef gengið væri út frá þessum gróða á hverjum þeirra nú, að hann héldist þetta ár, þá er kominn þarna um 80 millj. kr. gróði fyrir þessa 30 togara á þessum tíma.

Nú er það upplýst, að það, sem greitt hefur verið í varasjóði af gróða útgerðarinnar yfir árið 1940, er um 20 millj. kr. Og það gefur okkur strax dálitla hugmynd um, hvað það muni vera, sem togaraútgerðin fær að safna til samans í gróða á þessum tímum, fyrir utan alla aðra, sem safna stríðsgróða á sama tíma. Ég held, að sízt væri til of mikils ætlazt, þegar gengið er út frá, að stórútgerðin hafi um 20 millj. kr. í varasjóðum nú, að hún kæmist á 3 stríðsgróðaárum upp í 50—60 millj. kr. með þann gróða, sem hún héldi eftir samkv. þessum frv., sem fyrir liggja. Og af hverju hefur hún fengið þessar 50—60 millj. kr., sem hún hefði eftir þennan tíma? Það liggur ekkert fyrir um það, hve mikið hlutafé liggi í stórútgerðinni yfirleitt. Mér er nær að halda, að eigið fé þeirra manna, sem þar ræðir um, sé alls ekki yfir 6—8 millj. kr. Því að vitanlegt er, að megnið af því fé, sem er í stórútgerðinni íslenzku, hefur verið lánsfé bankanna eða sparifé þjóðarinnar. Ef þetta er rétt hjá mér, mundi þetta þýða, að það fé, sem stórútgerðarmenn hafa lagt þarna í, hefur sjöfaldazt á 3 árum. Þetta þýðir, m. ö. o., að það væri búið að láta stórútgerðinni í té sem eign milli 50 og 60 millj. kr., þrátt fyrir þessa skatta, sem talað er um, að séu svona háir.

Þessu atriði vildi ég sérstaklega vekja athygli á í sambandi við umr. um þetta mál, og itreka það, sem ég sagði við 1. umr. málsins.

Ég hýst við að koma fram með brtt. við tekju- og eignarskattsfrv. við 3. umr. þessa máls um það, að taka beri nokkurt tillit til þess fjár, sem stórútgerðarmenn hafa lagt í fyrirtæki, og leggja til að minnka það fé, sem þeir megi leggja skattfrjálst til hliðar, með tilliti til þess.

Hvað snertir þær brtt., sem hér liggja fyrir við þetta frv., þá er ég samþ. brtt. hv. þm. Seyðf. um að fella niður 4. gr. frv., og eins er ég samþykkur brtt. á þskj. 204 frá hv. 6. landsk. þm. (EmJ) og vil fara nokkrum orðum um mótbárur hv. þm. V.-Húnv. gegn henni.

Því var haldið fram, að það væri ekki réttlátt, að íbúar Hafnarfjarðarbæjar slyppu með sérstökum fríðindum, hvað skattgreiðslur snerti, á kostnað stórútgerðarinnar, ef hún borgaði öll þau gjöld, sem bæjarfélagið þyrfti að innheimta til sinna þarfa. Jafnvel þó að svo væri, að stórútgerðin borgaði öll útsvörin, allt, sem bærinn þyrfti að fá af gjöldum, þá held ég, að það væri ekki of mikið, þó að hún gerði það. Hvernig var farið að hér á þingi, þegar stórútgerðin gat ekkert borgað? Þá var hún gerð skattfrjáls. Og 25 aurar voru teknir af hverjum manni, sem fór milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur til þess að hjálpa mönnum í Hafnarfirði um það, sem þurfti að gera, til þess að stórútgerðin gæti haldið áfram með rekstur sinn. Er það þá nokkuð óréttlátt, þó að það vinnandi fólk í Hafnarfirði fengi nú að vera skattfrjálst þennan stutta tíma, sem stríðsgróðinn varir, og stórútgerðin látin borga það, sem bærinn þyrfti að innheimta í útsvörum? Það er nú ekki farið fram á svo mikið. En þó svo hefði verið, hefði mér ekki fundizt það óréttlátt.

Skúli Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. Seyðf. véfengdi, að það væri rétt, sem ég sagði um þá till., sem áður kom fram frá Alþfl. um þessi skattamál. En eins og ég áður veik að, var í till. þeirra gert ráð fyrir að takmarka mjög rétt bæjarfélaganna til útsvarsálagningar. Hv. þm. var að tala um félag, sem hefði 6 millj. kr. gróða og gæti eftir þessu haft 2 millj. og 400 þús. kr. eftir, þegar það væri búið að greiða skatta, að vísu þar af hátt á aðra millj. kr. bundnar í varasjóði og nýbyggingarsjóði. En eins og ég benti á áður, hefði þetta félag, ef það hefði notað sér möguleika þá, sem fólust í till. Alþfl. um nýbyggingarsjóði, getað haft eftir af þessum tekjum 4½ millj. kr., þegar búið væri að greiða skatt og útsvar. Og þó að það hefði ekki lagt nema helming af tekjunum í nýbyggingarsjóð, þá hefði það þó alltaf haft eftir 2½ millj. kr. eða rúmlega það, þegar skattar voru greiddir, eftir þeim till. sem þá lágu fyrir frá Alþfl.

Það var rétt hjá hv. þm. Seyðf. (HG), að samkv. frv. flokks hans átti tekjuskattur og stríðsgróðaskattur að fara samtals upp í 90% af tekjum yfir 250 þús. kr. En hann gat þess ekki, að í þeim till. var ekkert um það að hætta að draga frá skatta og útsvör við ákvörðun skattskyldra tekna. Og Alþfl. vildi þá ekki á það fallast, þó að fulltrúi hans í fjhn. hafi lýst yfir, að hann geti nú á þetta fallizt eins og komið er, án þess að hans flokkur hafi átt neitt frumkvæði í þessu efni. En þó að ákveðið hefði verið að taka jafnvel 100% af skattskyldum tekjum í skatta og útsvar, þá hefði það í raun og veru ekki verið nema 50% af hreinum tekjum, ef frádráttur skatts og útsvars frá tekjunum við ákvörðun skattskyldra tekna hefði ekki verið afnuminn, sé gert ráð fyrir jöfnum tekjum í a. m. k. 2 ár, hvert eftir annað. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Seyðf. hefur gert sér það ljóst, hve mikill munur er á því að taka 90% í skatt af tekjum, áður en skattur og útsvar er dregið frá þeim, og hinu að taka 90% af tekjunum, eftir að búið er að draga þessi gjöld frá þeim. En ég vænti, að aðrir sjái, að töluverður munur er á þessu tvennu. En hvergi var að því vikið í till. Alþfl., sem ég minntist á, að það ætti að afnema skatts- og útsvarsfrádráttinn. Og til þess var ætlazt í till. Alþfl., að þetta frv. þeirra um stríðsgróðaskatt, ef samþ. hefði verið, hefði gilt fyrir árin 1941 og 1942 miðað við álagningu á tekjur áranna 1940 og 1941. En það eru tekjur ársins 1941, sem hér er um að ræða að skattleggja.

Út af því, sem hv. þm. Seyðf. veik að, að mörg félög væru nú búin að fá álitlegar upphæðir í varasjóði og nýbyggingarsjóði, þá vil ég viður-

kenna, að það mun, sem betur fer, vera rétt. En þegar meira er séð um afkomu ársins 1942 en enn er orðið, þá er vitanlega opin leið til þess að breyta l. á næsta þingi og setja, ef ástæða virðist til, einhver ný ákvæði um varasjóðshlunnindi slíkra félaga.

Hv. 6. landsk. (EmJ) hefur ekki numið alveg rétt allt, sem ég sagði um möguleika Hafnarfjarðarbæjar um að ná til sín stríðsgróðaskatti eftir þeirri brtt. hans, sem fyrir liggur. Ég reiknaði út, að ef hans brtt. væri samþ., gæti bærinn fengið um það bil 1¼ millj. kr. í sinn hlut af stríðsgróðaskattinum. Og ef, samkv. orðum hv. 6. landsk. sjálfs, væri hægt fyrir bæinn að leggja á þessi fyrirtæki hálfa millj. kr. í útsvör, þá mundi koma upphæð sú, sem bærinn þyrfti að fá samkv. fjárhagsáætlun. Nú segir hv. 6. landsk. þm. (EmJ), að togarar í Hafnarfirði séu 7, en ekki 9. Þetta er ekki rétt hjá honum. Togararnir munu vera 9 í Hafnarfirði. En hann á sennilega við það, að tveir af þessum togurum eru í eign bæjarins. Og það mun rétt vera, að tekjuskattur og stríðsgróðaskattur nái ekki til bæjarútgerðarinnar. En ef bærinn græðir á þessum skipum sínum, samkv. því, sem áætlað hefur verið, alls 1800000 kr. á einu ári, þá virðist mér ekki goðgá að gera ráð fyrir því, að bærinn tæki af þessu ⅓ eða ¼ part í bæjarsjóð. Hefði hann þó álitlega upphæð til þess að leggja í nýbyggingarsjóð fyrir þessi framleiðslutæki. Og ekki þyrfti bærinn að taka meira en ⅓ til ¼ af gróða þessara skipa, samkv. þessari áætlun, til þess að vega þetta upp, og getur þá útreikningur minn staðizt.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að í frv. okkar var gert ráð fyrir frádráttarreglunni. En eins og ég hef marglýst yfir, þá stóð svo á, að útgerðarfélögin voru skattfrjáls, og ef farið hefði verið að afnema frádráttinn og lækka skattstigann að sama skapi, þá hefði skattur á þessum félögum lækkað mikið, af því að þar var enginn skattur til frádráttar.

Hv. þm. segir, að vel geti svo farið, að afnema verði varasjóðshlunnindin á næsta þingi, af því að þá verði félögin orðin svo rík. Um það skal ég engu spá, en ef það er skoðun hv. frsm., þá hefði verið eðlilegra að láta standa óbreytt í l. ákvæðið um að heimila bæjarfélögunum að leggja á tekjur, þó að þær væru yfir 200 þús. kr., því að þá hefði mátt, ef ástæða hefði þótt til, styrkja útsvörin einnig með því, sem nú er lagt í varasjóð, og það mun sannast í erfiðari árum við niðurjöfnun útsvara, að það verður óstætt á, að láta þessi félög hafa þessi sérstöku og víðtæku fríðindi, sem þeim er ætlað með þessum l. Það hefur aldrei þótt fært að undanþiggja alveg útsvari allar tekjur, sem eru undanþegnar tekjuskatti, og því fráleitara er að undanskilja alveg útsvari þann hluta teknanna, sem er ekki fenginn með sparnaði eða öðrum skattborgaralegum dyggðum, heldur eingöngu fyrir tilviljun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 204 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 199 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 200 felld með 14:5 atkv.
4. gr. samþ. með 14:5 atkv.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 219, 224).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 42. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 224,1 felld með 15:9 atkv.
— 224,2 felld með 15:11 atkv.
Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., 29. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 321, 337).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 337. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

__Frsm. (Bernharð Stefánsson):__ Það er nú sama að segja um þetta mál og hitt málið, sem afgreitt var hér áðan, um tekjuskatt og eignarskatt, að þetta frv. um stríðsgróðaskatt er þrautrætt áður, bæði í hv. Nd. og í blöðum, og afstaða flokkanna til þess er kunn orðin, svo að ég tel ekki, að það þurfi langa framsögu um það, enda kemur það sér sjálfsagt betur, ef helmingur hv. þdm. ætlar nú þegar á annan fund. En eins og sjá má á nál. fjhn. á þskj. 321, þá mælir fjhn. með því, að frv. verði samþ. En tveir af hv. nm., þeir hv. 1. þm. Reykv. (MJ) og hv. 10. landsk. þm. (ErlÞ), áskilja sér rétt til þess að bera fram brtt. eða vera með brtt., sem fram kunna að koma. Sama rétt hef ég reyndar áskilið mér við 3. umr., ef svo skyldi fara, að þessu frv. yrði breytt að einhverju leyti við þá umr., sem nú er hafin. En aðaltill. mín er sú sem nefndarmanns, að frv. verði samþ. óbreytt. Og ástæðurnar eru nú svipaðar um þetta mál

eins og ég gat um í sambandi við það mál, sem hér var næst á undan á dagskrá (69. mál), að ég tel litla von um það, að hægt verði að afgr. frv. sem l. á hæfilegum tíma, ef farið verður að breyta því nú og senda það til hv. Nd., sökum þess, hve nú er áliðið þingtímans, að því er maður verður að ætla. Og hins vegar er líka það, að ég tel frv. vera í svo sæmilegu formi, að litil von sé um breytingar til bóta á því, þó að vera kunni náttúrlega, að eitthvað gæti farið betur heldur en í frv. er gert ráð fyrir.

Ég held, að það þurfi engin rök að færa fram fyrir því hér, að þetta frv. er borið fram og að eðlilegt sé að samþ. það. Því að ég hef ekki orðið annars var heldur en að öllum, hvaða flokki, sem þeir fylgja, finnist það eðlilegt að skattleggja alveg sérstaklega hinn mikla gróða, sem einstakir menn og félög njóta nú, og miklu hærra en annars þykir hæfa að ákveða skattstiga í almennum skattal., og að það beri að verja þessum óvenjulega gróða, sem skapast af sérstöku ástandi, sem einstaklingarnir í þjóðfélaginu hafa ekki fram kallað, sem betur fer, og þar af leiðandi má segja, að sá gróði sé ekki nema að litlu leyti þeim að þakka — að verja þeim gróða að miklu leyti til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar. Þetta sjónarmið var líka viðurkennt þegar á þinginu í fyrra, því að það þing samþ. l. um stríðsgróðaskatt. En nú er hér borið fram frv., sem breytir þeim l., sem samþ. voru í fyrra, í allverulegum atriðum, og sé ég ekki ástæðu til að fara að rekja efni þess lið fyrir lið. Ég skal aðeins stikla á höfuðatriðunum.

Það er þá í fyrsta lagi lagt til í þessu frv., að auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í hinum almennu skattal., skuli lagður á sérstakur stríðsgróðaskattur, og byrjar hann á 45 þús. kr. skattskyldum tekjum og er þá 3%. En þegar komið er yfir 200 þús. kr. skattskyldar tekjur, þá er hann 6%, m. ö. o., að samanlagður tekjuskattur og stríðsgróðaskattur af 200 þús. kr. eða þar yfir er 90%. Þá er í 2. gr. frv. ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélag, þar sem skattþegn er útsvarsskyldur, fái 45% af þessum stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum í sveitarfélaginu á því ári. Og í 3. gr. frv. er ákveðið, að 5% af stríðagróðaskattinum renni til þeirra sýslu- eða bæjarfélaga, er engan skatt fá samkv. 2. gr. frv. Það er því í raun og veru þannig, að helmingur af stríðsgróðaskattinum gengur beint til sveitar- og bæjarfélaga og sýslufélaga.

Þá er það ákvæði, sem heita má nýmæli, að meðan það er í l., að greiða skuli 90% samtals í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af tekjum yfir 200 þús. kr., sé óheimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. kr., þ. e. bera fullan stríðsgróðaskatt. Og er þetta vitanlega gert í því skyni, að þeir, sem teknanna afla, hafi þó alltaf einhverja hvöt til þess að afla þessara tekna. Því að ef engar slíkar hömlur væru, þá er ekki hægt um það að segja fyrir víst, hvað af þeim tekjum kynni að vera tekið með útsvarsálagningu, þó að ég geri nú ekki ráð fyrir, eins og nú er ástatt, að þetta atriði hafi nokkurs staðar praktiska þýðingu. Ég geri ekki ráð fyrir, eins og nú er ástatt í landinu, að nokkur sveitar- eða bæjarfélög í landinu mundu leggja svo há útsvör á, að nú í augnablikinu sé þörf á þessu ákvæði. En þetta er nú gert í öryggisskyni.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, enda er það orðið svo, eins og allir sjá hér á hæstv. Alþ., ég er ekki að segja, að það sé frekar í þessari hv. d. heldur en í hv. Nd. og Sþ., að það er með öllu þýðingarlaust að tala í deildunum og þinginu, sökum þess, að því er virðist, að hv. þm. eru orðnir svo þreyttir á þingsetunni hér, að þeir sinna ekki slíku.

*Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Ég vil nú taka undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði síðast, að það er í raun og veru alveg þýðingarlaust að vera að gera nokkra grein fyrir skoðunum sínum í ýmsum málum hér í hv. d., þó að hins vegar sé ekki verra ástand í því efni á fundum í þessari hv. þd. heldur en á öðrum fundum í hæstv. Alþ., og sízt verra í sambandi við þetta mál heldur en oft hefur verið áður. T. d. vil ég leyfa mér að skjalfesta það hér, að þegar rætt var um eitthvert mesta ágreiningsmál, sem hæstv. ríkisstj. hefur afgreitt, þá var við 1. umr. þess hér í hv. þd. enginn viðstaddur úr hæstv. ríkisstj. og ekki nema einn eða tveir hv. þm., og lýsir þetta í raun og veru virðingarleysi stjórnarliðsins fyrir hinu háa Alþ. Mundi það sennilega tæplega vera annars staðar í lýðveldislöndum álitið frambærilegt, að ríkisstj. og stuðningsmenn hennar vildu ekki ræða við stjórnarandstöðuna um eitthvert helzta deilumál þingsins.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem er frsm. fjhn. í þessu máli, hefur gert skýra og mjög greinilega grein fyrir því áliti n., að hún er sammála um það, að þetta frv. verði samþ., þó að ég hins vegar hafi þá sérstöðu, að ég vil fá á því nokkrar breyt. Ég mun ekki fara inn á það hér að ræða um þessi l. almennt, því að umr. um þetta frv. komu fram í sambandi við frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem þessi l., sem frv. þetta er till. um, eru að sjálfsögðu alveg bundin við. En ég hef leyft mér að leggja hér fram brtt. á þskj. 337, sem er þess efnis, að 4. gr. frv. verði felld burt. Ég skal að vísu viðurkenna, að útsvarsþörfum bæjanna hefur að nokkru leyti verið mætt með þeirri breyt., sem gerð var á þessu frv. í hv. Nd., þar sem áætlaður var sá hluti, sem bæjarfélögin fá af þessum stríðsgróðaskatti. En mér virðist, að það sé algerlega óeðlilegt, að þeir þegnar þjóðfélagsins, sem hæstar tekjurnar *hafa, þeir skuli hafa sérstakt öryggi fram yfir* aðra um ákvæðinn hluta sinna tekna, sem ekki megi skerða. Ef löggjafinn á annað borð vill fara inn á þá leið, sem vel má vera, að sé rétt. að halda hlífiskildi yfir nokkrum hluta teknanna, þá álít ég, að það eigi að taka skrefið neðar í tekjustiganum og sjá um, að þeir, sem hafa miðlungstekjur, og jafnvel upp að 200 þús. kr., séu ekki varnarlausir gagnvart því að missa allar sínar tekjur, eða kannske ríflega það, í skatt- og útsvarsgreiðslur.

Hæstv. viðskmrh. minntist á það við 1. umr., að þetta 90% ákvæði væri ekki öruggur hemill

viðkomandi skattálagningunni, því að heimilt væri að leggja á veltuútsvar, sem ekki mætti draga frá tekjunum við ákvörðun skattskyldra tekna næsta ár. Þetta er rétt, því að það er hægt að leggja á veltuútsvör, ef menn vilja, á þessi 10%, án þess að það komi til frádráttar. En það er þó visst öryggi í þessari 4. gr. fyrir því. Því að það er ekki hægt að búast við, að nokkurn tíma komi til, að veltuútsvar verði svo hátt, að þessi 10% hrökkvi ekki fyrir því, og ríflega það. Ég hygg, að þessi veltuútsvör hafi jafnan verið ½%—1% og e. t. v. komizt í 2% hæst, án þess að ég vilji fullyrða um það, vegna þess að ég er ekki svo kunnugur störfum niðurjöfnunarnefnda víðs vegar á landinu, að ég viti það greinilega. En ég hygg, að þau hafi aldrei farið fram úr 2% af umsetningunni. En eins og ég hef bent á, verða bæjarfélögin að taka ákveðnar upphæðir á hverju ári í útsvör. Ég hygg, að nokkuð mörg bæjarfélög hafi fyrir yfirstandandi ár ætlað sér að hafa upphæðir þessar allríflegar til þess að fá ýmist fé í sjóði til framkvæmda eða til þess að greiða upp skuldir, sem er vitanlega alveg það sama fyrir þau. Og þegar bæjarstj. hafa ákveðið þetta, hefur þeim ekki verið kunnugt um það, að fram mundi koma sú breyt. á tekjuskattsl., sem ætlazt er til, að samþ. verði á þessu þingi. Þar af leiðandi hefðu bæjarfélögin getað gengið miklu lengra í útsvarsálagningunni heldur en þau geta eftir að frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem fyrir þinginu liggur, er samþ. Aftur á móti verða bæjarfélögin að geta náð þeim upphæðum, sem þau hafa ásett sér að ná inn, með öðrum ráðum heldur en með álagningu útsvara á tekjur, þ. e. eftir efnum og ástæðum, þó með þeim takmörkunum, sem koma fram hér í þessari 4. gr., að ekki má leggja tekjuútsvar á þá, sem hafa tekjur yfir 200 þús. kr. Ef þess vegna bæjarfélög eru neydd til þess að framkvæma útsvarsálagningu sína eins og þau hafa ætlað sér, að því leyti að ná inn með útsvörum vissri upphæð, þá verða þau að taka útsvör sín af tekjum fyrir neðan 200 þús. kr., og um þá útsvarsálagningu eru þeim þá af löggjafanum engin takmörk sett nema að því leyti, að þau eiga að gera það eftir efnum og ástæðum. Getur þá farið svo, að lagt verði þannig útsvar á eitthvert félag langt fram yfir það, sem það hefur getu til að borga, með því að fylgja þeirri reglu að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum hlutfallslega. Þess vegna vil ég, að þessi 4. gr. verði numin burt úr frv., til þess að, ef það sýndi sig, að bæjarfélög þyrftu að ná inn tekjum af þessum 10% af tekjum yfir 200 þús. kr., þá mættu þau það. Og ég álít óverjandi, að veita tekjuhæstu mönnum og félögum einhver hlunnindi.

Það má vel vera, að þetta ákvæði þessara l. komi ekki til neinna árekstra í ár. En hinu, hygg ég, að ekki verði mótmælt, að löggjafanum beri skylda til að láta sömu l. ganga yfir alla. Og mætti þá orða það svo, að 4. gr. væri færð í það horf, að þeim, sem lægri tekjur hafa en 200 þús. kr., væri einnig tryggður tekjuafgangur. Ég mundi vilja ræða það atriði. En ég hef farið fram á að afnema þessa 4. gr., til þess að með þeim hætti verði náð jöfnuði á rétti þjóðfélagsþegnanna.

*__Magnús Jónsson:__ Af því að ég hef í nál. áskilið mér rétt til þess að bera fram brtt., þá vil ég taka það fram, að ég hef ekki gert það við þessa umr. vegna þess, að ég vil ekki sýna vilja minn á því að stofna til þess, að frv. verði að fara á milli d. En mín brtt. mundi einmitt hafa verið við sömu gr. frv., sem hv. 10. landsk. þm. (ErlÞ) vill fella niður, 4. gr. Ég hefði óskað, að þær tekjur, sem búið er að taka af 90% í skatt og útsvar, séu úr því algerlega lausar við öll gjöld til ríkis og bæja, ekki aðeins með tekjuútsvörum, heldur með útsvörum yfirleitt. Því að það er rétt, sem margbúið er að taka fram hér á hæstv. Alþ., bæði af hæstv. ráðh. og þm. öðrum, að ef bæjarfélögin þurfa á meiri tekjum að halda en þau geta náð með tekjuútsvörum, þá geta þau náð í þessar tekjur, því að eins og þau hafa leyft sér að leggja á veltuútsvör, þá eru þessi fyrirtæki heldur ekki með ákvæðum þessarar skattafrv. friðuð við greiðslur af þessum 10% með útsvörum nema að því, er snertir tekjuútsvör. Ég hefði óskað eftir því, að þeir hefðu þá alveg verið friaðir við útsvör.

Út af því, sem hv. frsm. sagði um það, að fár væru hér við, vil ég aðeins geta þess um mína flokksmenn, að þeir gengu af fundi með vitund hæstv. forseta, vegna þess að það er mjög áríðandi flokksfundur hjá okkur.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en hef fallið frá brtt. minni við þessa umr.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Af því að verið er hér að tala um það, hvað hv. þm. mæti illa, og skjalfesta það, þá vil ég taka það fram, eins og fundagerðabókin ber með sér, að ég hef mætt í þessari hv. d. í þessu máli. Það er föst venja, að sá ráðh., sem hlut á að máli, haldi uppi andsvörum í þeim málum, sem undir hans stjórnardeild heyra, og frá þeirri reglu er ekki gjarnan vikið. Viðvíkjandi því, að illa séu sóttir fundir, skal ég ekki segja neitt frekar. En það er hins vegar eitt, sem verður að taka til athugunar í stjórnarskrá okkar, og það er að gera ekki Alþ. að áróðursstofu, þar sem umr. eru jafnviðtækar og þær eru hér, því að hjá okkur eru þær miklu víðtækari en á nokkru öðru þingi. Víðast hvar annars staðar er það þannig, að hver flokkur hefur fyrst og fremst mann, sem ber fram sjónarmið flokkanna í því máli, sem um er að ræða, og þar af leiðandi verða umr. með allt öðrum hætti. En ég ætla ekki að fara inn á þetta nánar, nema tilefni gefist til, og vil ekki gefa tilefni til þess.

Í sambandi við þessa brtt. vil ég segja það, að ég lít satt að segja svo á, að hún sé næsta óþörf, því að það er vitað mál, að meðan svo er ástatt, að ekki er lagt á útsvar með öðrum hætti en þeim, sem tekjuútsvör eru lögð á, þá verður ekki snert við þessum afgangstekjum, sem eru 10% af tekjum manna yfir 200 þús. kr. Ég held, að það getum við allir verið sammála um, og við, sem höfum setið í ríkisskattanefnd, getum fullyrt, að þegar farið hefur verið eftir þeim reglum að leggja á tekjuútsvör, þá hefur hvergi verið gengið svo langt, að nær hafi verið gengið. Þetta er þess vegna engin vernd, eins og hv. þm. tók hér fram. En ef svo mjög sverfur að bæjarfélögum eða hreppum, að þau

þurfi að leggja á veltuútsvar, þá er það ekki alls kostar rétt hjá hv. flm. þessarar till., að þau séu 2% samanborið við þá till., sem hér liggur fyrir, heldur en þau veltuútsvör, og öryggið er ekki meira en það, að þau geta tekið 10% öll. Ef t. d. fyrirtæki hefur í veltunni svo milljónum skiptir og á það væri lagt veltuútsvar, þá gæti farið svo, að slíkt fyrirtæki yrði að greiða meira en sínar tekjur. Ég held þess vegna, að við getum ekki sagt, að þessum mönnum sé fengið sérstaklega mikið öryggi. Þetta vona ég, að allir hv. þm. skilji, því að þó að veltuútsvar sé ekki nema 2%, þá er það ekki miðað við hreinar tekjur, heldur við veltu, og með tilliti til þess er 4. gr. þannig orðuð, eins og hæstv. viðskmrh. hefur bent á, að ekki má leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum, sem er umfram 200 þús. kr. Að þessu athuguðu hygg ég, að ekki sé hægt að segja það með miklum rétti, að þeim sé fengin sérstök vernd, sem þarna eiga hlut að máli.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þeirri einu brtt., sem fyrir liggur við þetta frv., var útbýtt hér á þessum fundi, og þar af leiðandi liggur í hlutarins eðli, að fjhn. hefur ekki tekið hana sérstaklega til meðferðar. En þess ber þó að geta, að n. var vel kunnugt efni hennar fyrirfram. Því að hv. 10. landsk. þm. (ErlÞ), sem ber brtt. fram og á sæti í fjhn., hreyfði einmitt þessari sömu uppástungu í n., og gátum við hinir nm. ekki fallizt á hana. Hv. 1. þm. Reykv. hefur nú þegar gert grein fyrir sinni afstöðu, eins og hv. þdm. hafa heyrt, og skal ég nú aðeins með örfáum orðum víkja að þeim ástæðum, sem til þess liggja, að ég get ekki heldur á þessa brtt. fallizt.

Ein ástæðan til þess, að ég get ekki á þessa brtt. fallizt, er sú, eins og ég reyndar veik að í fyrri ræðu minni, að ég álít, að eins og ástæðurnar eru nú í þjóðfélaginu, þá sé brtt. þýðingarlaus, því að hún breyti engu í framkvæmd. Mun með núverandi ástæðum í þjóðfélaginu ekki vera hætta á því, að lögð verði útsvör, hvort sem er, á síðustu 10% af tekjum félaga eða einstaklinga, þó að háar séu. Og ég hygg, að það hafi ekki verið nein viðleitni í þá átt. Ég hygg, að því sé nú betur, að nú sé hag bæjar- og sveitarfélaga þannig komið, að þess þurfi ekki. Og það, að breyta á þessu frv., sem ég get ekki séð, að hafi praktiska þýðingu a. m. k. til næsta þings, get ég heldur ekki séð, að eigi rétt á sér hér í seinni d., eins og áliðið er þingtímans. Ég get ekki séð, þar sem frv. er nú í seinni deildinni og svo er áliðið þingtímans, sem maður verður að gera ráð fyrir, að það eigi rétt á sér að breyta frv. fyrir þannig lagað atriði, sem engin nauðsyn krefur, að samþ. verði, jafnvel þó að maður gæti gengið inn á þá hugsun, sem bak við brtt. liggur.

Annars skal ég játa það, að þrátt fyrir þessa niðurstöðu mína, þá var ég, almennt séð, ýmsu sammála af því, sem hv. 10. landsk. þm. (ErlÞ) sagði. En mér fannst það ekki allt styðja hans eigin niðurstöðu. Hann var að tala um það t. d., að það væri rétt, ef þessum ákvæðum 4. gr. frv. væri haldið á annað borð, að setja þá slíkt tryggingarákvæði, að því er snerti alla landsmenn. Ég get vel fallizt á, að það væri rétt að setja það í l., að ekki mætti ganga nær mönnum í útsvarsálagningu heldur en að einhverju vissu marki, sem hæstv. Alþ. þá teldi hæfilegt. Að vísu getur þörf bæjar- og sveitarfélaga orðið meiri heldur en hægt væri að fullnægja, ef slíkt ákvæði væri sett í l., og yrði þá vitanlega að fylgja þessu það, að þegar búið væri að nota löglega möguleika til tekjuöflunar, þá yrði ríkið að hlaupa undir baggann. En bollaleggingar um þetta atriði koma ekki þessu máli beint við, sem fyrir liggur, því að það eru nú, því miður, fæstir landsmenn, sem búizt er við að greiði stríðsgróðaskatt, og hér er verið að ræða um stríðsgróðaskatt. En slík ákvæði ættu að sjálfsögðu heima í útsvarsl., og væri ég sízt á móti því, að einhver slík ákvæði væru sett inn í þau og yfirleitt settar nánari reglur um það, hvernig niðurjöfnunarnefndir ættu að jafna niður útsvörum. Því að það er nú svo, að það gildir um það sín regla kannske í hverju bæjarfélagi eða sveitarfélagi.

Hv. 10. landsk. þm. var að tala um það, að bæjarfélögunum mundu bregðast vonir, ef 4. gr. frv. yrði samþ., eins og hún er. Þau hefðu ætlað sér að rétta við fjárhag sinn nú í góðærinu með því að leggja á há útsvör. En ég vil aðeins benda á það, að a. m. k. allmörg bæjar- og sveitarfélög þessa lands fá allriflegar tekjur af stríðsgróðaskattinum. Og ég hygg, að a. m. k. bæjarfélag hér í næsta nágrenni Reykjavíkur muni fá svo miklar tekjur af stríðsgróðaskattinum, að það verði fram yfir allar þær þarfir, sem nú eru fyrir hendi. Þetta tal hv. 10. landsk. þm. um það, að bæjarfélögin yrðu að leggja það, sem á vantaði, á tekjur fyrir neðan 200 þús. kr., þegar hitt væri takmarkað, það er ég alveg sannfærður um, eins og nú er ástatt, að er talað alveg út í hött. Því að það er engin þörf á því að leggja hlutfallslega hærri útsvör á þessar lægri tekjur heldur en hinar, þannig að það er alrangt, miðað við það ástand, sem fyrir hendi er, að þeim, sem mestar tekjurnar hafa, sé nokkuð ívilnað með þessari 4. gr. frv. Þar við bætist svo það, að eins og hæstv. ráðh. tók hér fram, eru engin takmörk sett um það, hve há veltuútsvör má leggja á stærstu fyrirtæki.

Ef það kæmi fyrir, að bæjar- eða sveitarfélag vantaði tekjur, er opinn möguleiki til þess að ná tekjum af stærstu fyrirtækjunum með veltuútsvörum. Hv. þm. sagði sjálfur, að veltuútsvarið mundi aldrei verða svo hátt, að 10% afgangurinn hrykki ekki til að greiða það. Það þarf líka að vera. Fyrirtækin þurfa að hafa tekjur til að geta greitt opinber gjöld. Ég skal ekki fara frekar út í þetta, en ég taldi það skyldu mína að gera grein fyrir afstöðu n.

Ég vil að lokum minna hv. 10. landsk. þm. á það, að eftir því, sem ég bezt veit, var það fulltrúi Alþfl. í mþn. í skattamálum, sem fyrstur stakk upp á þessu hámarki, og í raun og veru vildi hann ganga lengra en gert er í frv. Hann miðaði að vísu við 90%, en gerði ráð fyrir, að frá væru dregnir skattar liðins árs, og það átti þá að vera meiri partur af tekjunum, sem þannig var verndaður, en er í frv. Þessi hv. þm. er því í mótsögn við þennan flokksbróður sinn. En ég held einmitt, að fulltrúi Alþfl. í mþn.

hafi í þessu efni haft réttar fyrir sér en hv. 10. landsk. þm., ef á annað borð á að halda því áfram, að atvinnureksturinn sé í höndum einstaklinga.

Ég mun ekki þreyta kappræður um þetta, því að ég álít, að það hafi svo litla praktiska þýðingu, hvað ofan á verður.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Ég skal ekki lengja umr. Út af því, sem hv. frsm. sagði um skoðanamun hjá mér og fulltrúa Alþfl. í mþn., vil ég benda honum á að lesa það, sem stendur í nál. á þskj. 199 frá fulltrúa Alþfl. í mþn. Ef hv. þm. hefði viljað ómaka sig til þess að lesa þetta, hefði hann getað sparað sér síðustu orð sín. Jafnframt hefur verið á það bent, að þær till. Alþfl., sem komu fram í mþn., komu fram áður en nokkurn óraði fyrir hinum gífurlega gróða, og eins og ég tók fram við 1. umr., gátu flokksmenn hv. frsm. ekki orðið sammála Alþfl., en það sýnir, að hann og hans flokksmenn eru alltaf tregir til að taka til greina till. ekkar í tolla- og skattamálum, og það er þýðingarlaust að vera nú að skjóta sér á bak við till. Alþfl., sem voru gerðar á allt öðrum tímum en nú eru. Ég skal viðurkenna, að eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. um veltuútsvörin hefur það minna gildi, ef þau eru lögð á. Það er að vísu rétt, að til er sá möguleiki, að veltuútsvörin geti orðið meiri en þessi 10%, en getur ekki orðið í reyndinni hjá þeim, sem hafa yfir 200 þús. kr. skattskyldar tekjur. Ágreiningurinn milli mín og Framsfl. er fólginn í óréttlætinu og sérstöðunni, sem tekjuhæstu mönnunum er gefin, því að þó að veltuútsvörin komi til greina, er ekki félögum, sem hafa undir 200 þús. kr., gefinn kostur á að hafa 10% eftir. Það er bent á að taka fyrst útsvörin hjá þeim, sem hafa undir 200 þús. kr. Þessu ósamræmi er ég mótfallinn og tók þess vegna fram í fyrri ræðu minni, að ég væri frekar viðmælanlegur um að láta þetta ákvæði gilda niður á við.

Það er ofmælt hjá hv. frsm. um þörf bæjarfélaganna, og hann styðst þar ekki við neina vissu. Hann segir, að þörf bæjarfélaganna sé svo, að það þurfi að fara fram hjá því, sem útsvarslöggjöfin setur. Ég þori ekki að fullyrða hið gagnstæða, en ég hef heyrt, að eitt bæjarfélag geti ekki lagt á eins mikið og það ætlaði sér vegna þessa. Þetta er eðlilegt, því að ef það á að gilda, að bæjarfélagi sé bannað að taka útsvörin af þessum 10%, geta þau ekki lagt á nema brjóta þá reglu að leggja á eftir efnum og ástæðum. Það er ekki sýnt, að veltuútsvörin kæmu svo fram, að jafnt yrði eftir hlutfallslega af tekjum hjá þeim, sem hefðu 190 þús. og hinum, sem hefðu yfir 200 þús. Félag getur haft mikla veltu og litinn gróða og gagnstætt. Ef á að leggja á veltuútsvör, er venjan sú, að leggja þau á án tillits til þess, hvort félagið græðir eða ekki.

Það er ekki hægt með ummælum hv. frsm. og hæstv. forsrh. að réttlæta ákvæði 4. gr. Andinn í þessari löggjöf er óréttlátur og gefur þjóðfélagsþegnunum í skyn, að þeir, sem meira græða, skulu settir settir skör hærra.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Deilan um þessi 10% er skilin eftir. Í sjálfu sér er það rétt, að veltuútsvörin geta komið misjafnlega niður. Hitt er sama staðreyndin, að þau hafa aðallega verið lögð á verzlun og útgerð, og hefur ekki verið hikað við að gera það, og hefur hingað til ekki verið talið brot á reglunum um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Það skiptir þó mestu máli, og ég verð að benda á það á ný, að þetta mál er frv. um stríðsgróðaskatt og á því fyrst og fremst að gilda, meðan sá mikli gróði er til staðar, og það er vitað mál, að það verður ekki gengið svo nærri skattþegnunum í þessu þjóðfélagi af þeirri einföldu ástæðu, að ríki og bæir hafa þess enga þörf meðan um stríðsgróðann er að ræða, að á tekjum fyrir neðan 200 þús. kr. verði skilið eftir innan við 10%, og það er vitað, að það verður ekki einu sinni gengið svo nærri. Það er fyrst, þegar fer að sverfa að og gróðinn minnkar, að þörf sveitarfélaganna til að ná í tekjur handa sér verður svo rík, að það er aðeins hugsanlegt að ganga svo nærri þegnunum. Þess vegna er þessi brtt. alveg óþörf, og hvort sem hún verður samþ. eða felld, kemur málið í sama stað niður fyrir ríki, bæjarfélög og gjaldþegna, og þá er ekki rétt að tefja málið með því að senda það aftur til Nd. Og ég er hissa á, að flm. skuli hafa borið hana fram, því að ég er viss um, að hann þekkir þetta mál svo vel.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 337 (4. gr. falli burt) felld með 8:2 atkv.
4. gr. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, HermJ, IngP, MG, MJ, PHerm, PZ, EÁrna.
nei: BrB, ErlÞ, SÁÓ.
BSn greiddi ekki atkv.
4 þm. (ÁJ, JJós, JJ, ÞÞ) fjarstaddir.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 219, 352).

*__Bjarni Snæbjörnsson:__ Eins og hv. þdm. hafa séð á frv., er þar gert ráð fyrir í 2. gr., að hlutaðeigandi sveitarfélag eigi að greiða 25% af stríðsgróðaskatti, sem þar er lagður á, en þó aldrei meira en 2 kr. á móti 3 af útsvörum í sveitarfélaginu á því ári. En með tekju- og eignarskattsfrv. er kveðið svo á, að 90% af því, sem fram yfir er 200 þús. kr., skuli renna í ríkissjóð. Þegar svo er komið, er vitanlega ógerningur fyrir viðkomandi bæjarfélag að leggja á slíka gjaldþegna það útsvar, sem það þyrfti nauðsynlega að fá, og verður þetta því tilfinnanlegra, sem fleiri slík fyrirtæki eru í bæjarfélaginu. Nú sjá allir, að það er töluvert misrétti í þessu gagnvart öðrum bæjarfélögum, sem fá sín 45% að fullu greidd. Vil ég taka til dæmis það bæjarfélag, sem ég er þingmaður fyrir, Hafnarfjarðarkaupstað. Til þess að ná þeim stríðsgróðaskatti, sem honum bæri, yrði hann að leggja 1½ millj. útsvar á bæjarbúa. En það liggur í hlutarins eðli,

að þegar ekki er hægt að leggja á útgerðarfélögin eins og gert var á s. l. ári vegna þessarar kvaðar í frv., sem fyrir liggur, þá næst ekki sú upphæð, sem bæjarfélaginu ber að öðru leyti. Það er og augljóst mál, að þegar atvinnuvegirnir ganga saman, eins og hefur sýnt sig hvað eftir annað, kemur slíkur samdráttur fyrst við stórútgerðina, sem er áhættusömust, en gefur mestan gróða, þegar vel gengur, en líka mest tap, þegar illa gengur, og gefur þá slæma afkomu hjá þeim bæjarfélögum, sem byggja mjög á þessari útgerð. Því hefur það verið keppikefli t. d. Hafnarfjarðarbæjar að reyna að mynda sér sjóð til þess að hafa eitthvað til vondu áranna. En ef tekjuskattsl. verða afgr. í þessari mynd, sem frv. fer fram á, er bæjarfélaginu ókleift að ná því, sem því ber af stríðsgróðaskatti. Og þess vegna verður tekjuöflun þessa bæjarfélags minni á móti þeim bæjarfélögum, sem geta hagnýtt sér ákvæðin í 2. gr.

Ég hef því borið fram brtt. þess efnis, að ekki skuli koma meira til útborgunar á því ári, sem skatturinn er lagður á, en stendur í 2. gr. En ef stríðsgróðaskatturinn, sem til fellst í því bæjarfélagi, er meiri en því nemur, verði afgangurinn af þeirri upphæð í vörzlum ríkisins, en eign viðkomandi sveitarfélags, og greiðist sveitarfélaginu, þegar því er brýn þörf á fé til atvinnubóta. Á þann hátt getur ríkisvaldið gætt þess, að féð sé ekki notað til einhvers og einhvers, heldur bara þegar brýn þörf og að kreppir. En bæjarfélagið á tilkall til þess fjár, en þarf ekki að knékrjúpa háttv. Alþ. eða ríkisstj. til að bjarga brýnustu nauðsyn á krepputíma. Þetta er í sjálfu sér ekki nema sanngirniskrafa, og ætti að koma í sama stað niður fyrir ríkissjóð. Ég vona því, að hv. þdm. samþ. þessa brtt.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þessari brtt., sem hv. þm. Hafnf. ber fram á þskj. 352, var nú að vísu útbýtt í gær í annarri mynd en hún er nú í. En það hefur samt farið svo, að fjhn. hefur ekki haldið neinn fund síðan till. var útbýtt í gær og því ekki tekið neina afstöðu til till. Ég hef því ekkert að segja f. h. n. í heild út af þessari till. En ég vildi samt leyfa mér að fara örfáum orðum um þessa till. Er þá í fyrsta lagi að geta þess, að þótt hv. flm. hafi skýrt hana frá sínu sjónarmiði, þá er ég í nokkrum vafa um, ef hún verður samþ., hvernig hún yrði skilin og hvernig hún yrði framkvæmd. Till. byrjar þannig: Frá orðinu innheimta bætist við o. s. frv. En orðið innheimta er á tveimur stöðum í gr.; hv. tillögumaður mun sennilega ætlast til, að viðbótin komi frá fyrra orðinu. (**BSn:** Nei, frá síðara orðinu.) Ef það yrði skilið svo, fæ ég ekki betur séð í fljótu bragði en að greinin yrði meiningarleysa. Þetta er formgalli á till.

Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, tel ég heppilegast að samþ. þetta frv. óbreytt, eins og það liggur fyrir. Meðal annars vegna þess, að þótt till. hv. þm. Hafnf. verði samþ., er þess að geta, að ákaflega svipuð till. kom fram í Nd. og var felld. Ætla má, að hv. Nd. hafi enn sömu skoðun í þessu efni. Ég tel því, að samþ. þessarar till. muni tæplega verða til annars en að tefja málið.

Í öðru lagi vil ég taka það fram um mína afstöðu, að ég er alveg á móti þeim tilgangi, sem í till felst. Ég býst við, að ég líti dálítið öðrum augum á þennan stríðsgróðaskatt en hv. þm. Hafnf. Þessar feikna háu tekjur, sem ekki hafa áður þekkzt hér á landi, og sérstaklega þær tekjur, sem eiga að bera fullan stríðsgróðaskatt, eru til komnar af hinu alveg óvenjulega ástandi, sem hvorki einstaklingar þjóðfélagsins hafa framkallað né bæjar- eða sveitarfélög. Mér finnst því, að sá skattur, sem leggst á þennan óvenjulega tilviljunargróða, sé í eðli sínu alþjóðar eign. Hitt er svo annað mál, að það er óneitanlegt — eins og hv. þm. Hafnf. var að tala um — að með ákvæðum þessara skattafrv. beggja, sem liggja fyrir, um stríðsgróðaskatt og tekju- og eignarskatt, er réttur bæjar- og sveitarfélaga takmarkaður til að leggja útsvör á þessi fyrirtæki. Þetta er bætt með því að ætla 45% af stríðsgróðaskattinum til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, þar sem teknanna er aflað. En þó eru takmörk sett fyrir því þannig, að bæjarfélög jafni niður á gjaldþegna sína þremur á móti tveimur eða þeim séu ekki greiddar nema 2 kr. á móti 3, sem jafnað er niður. Ég held, að með þessu sé ákaflega sanngjarnlega í sakirnar farið, því að þess ber að gæta, að það eru allmiklir möguleikar til útsvarsálagningar á ýmsa þá, sem stríðsgróðaskattinn greiða, þá sem ekki hafa tekjur, sem nema 200 þús. kr. Hv. þm. minntist í þessu sambandi á Hafnarfjörð, enda mun þessi till. vera borin fram sérstaklega fyrir hann. Ég fylgdist ekki vel með umr. í Nd. um þetta mál, en hygg þó, að lagðar hafi verið fram tölur, sem sýndu alveg ljóslega, að ef allur stríðsgróðaskattur í Hafnarfirði rynni í bæjarsjóð, þyrfti alls ekki að leggja neitt útsvar á nokkurn gjaldþegn þar til þess að standast árleg útgjöld bæjarins, að viðbættu eðlilegu geymslufé til lakari ára, a. m. k. að nokkru leyti.

Hv. þm. Hafnf. ber nú ekki fram alveg sams konar till. eins og borin var fram í Nd., því að hann ætlast til, að afganginum, sem hann svo kallar, verði varið til þarfa bæjarfélagsins síðar, að féð verði í vörzlum ríkissjóðs, en eign viðkomandi sveitarfélags, og greiðist því, þegar þörf er á til atvinnubóta. Skal ég játa, að þessi till. er að því leyti dálítið aðgengilegri heldur en uppbótarþm. Hafnf. bar fram í Nd. En í þessu sambandi var hv. þm. að tala um misrétti gagnvart hinum sveitarfélögunum, sem fengju allan stríðsgróðaskattinn. Frá mínu sjónarmiði snýst þetta alveg við. Ef till. hv. þm. Hafnf. verður samþ., álít ég einmitt, að hin sveitarfélögin yrðu fyrir misrétti, en ekki Hafnarfjörður og aðrir kaupstaðir, sem líkt stendur á fyrir. Við skulum segja, að sveitarfélag eða bæjarfélag fái einhvern stríðsgróðaskatt, en þurfi að leggja á gjaldþegnana miklu hærra útsvar heldur en gert er að skilyrði í 2. gr. frv. Hvað hefur það til atvinnuleysisáranna nema með því móti að leggja á venjulega gjaldþegna óvenjulega há útsvör? En þessi skoðanamunur okkar hv. þm. Hafnf. stafar af því, að við höfum mismunandi skoðun á, hvers eðlis stríðsgróðaskattur sé, hver sé hinn rétti eigandi hans. Hv. þm. telur, að það séu sveitarfélögin. Ég lít aftur á móti svo á, að það sé þjóðarheildin, þó að hún afsali sér hins vegar nokkru af upphæðinni til bæjar- og sveit-

höfum að öðru leyti verið sammála um að mæla með því, að frv. í heild verði samþ.

Um meginatriði frv. vil ég segja það, að ég tel réttlátt og eðlilegt að samþ. þær hækkanir, sem þar er lagt til, að verði gerðar. Þær eru gerðar til að mæta hinum stórkostlega aukna byggingarkostnaði, sem nú er.

Að því er snertir síðustu mgr. 2. gr., eða ákvæðið um það, að ef ábúandi jarðar verður fyrir tjóni af húsbruna, þá skuli nýbýlastj. heimilt að veita sérstakan aukastyrk, vil ég segja það, að ég álít rangt að hafa slíkt ákvæði í þessu frv. Ég get að ýmsu leyti fallizt á það, sem hv. frsm. sagði um þörf og nauðsyn þess, að mönnum sé hjálpað, ef þeir verða fyrir tjóni af húsbruna, eins og hér er gert ráð fyrir. En þær ástæður, sem hann kom fram með til þess að bæta úr þessu, eiga við hvern þann mann, sem hefur vanrækt að tryggja eignir sínar nógu hátt. Ég held, að það sé misráðið að hvetja menn til að vanrækja að brunatryggja eignir sínar, en það væri beinlínis gert með því að lofa þeim styrkjum þeim, sem hér um ræðir. Ég álít, að menn, sem fá þennan styrk, verði sjálfir að gæta þess að tryggja fasteignir sínar og lausafé þannig, að rétt sé miðað við það verð, sem hlutirnir eru í, og um það eigi að gilda það sama og um aðra menn.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að flytja brtt., ef hæstv. forseti leyfir það.

Forseti (JörB): Hv. þm. Seyðf. hefur afhent mér skrifl. brtt. við 2. gr. frv. þess efnis, að næstsíðasta málsgr. falli niður. — Þessi brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og verður því að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 138) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég sé nú ekki ástæðu til að tala langt mál um þetta. Ég býst við, að hv. þdm. átti sig á því, hvaða skoðanamunur er á milli mín og hv. þm. Seyðf., eða meiri hl. n. og hv. þm. Seyðf., um þessa brtt., sem hann hefur nú lagt hér fram.

Ég skal geta þess, að ég tel það ekki rétt að orði komizt hjá hv. þm., að þetta sé einungis gert vegna þess, að menn hafi vanrækt að brunatryggja eignir sínar nægilega hátt. Eins og hv. þm. er sjálfsagt kunnugt, þá eru fastar reglur um, hvað hátt er hægt að brunatryggja fasteignir. Menn fá ekki að tryggja þær hærra en þær eru verðar eftir ákveðnum reglum. Og eins og ég sagði áðan, eru byggingar svo lágt metnar í sveitum, að það getur verið algerlega ókleift, ef um efnalitla menn er að ræða, að koma sér þeim upp aftur. Og það eru mörg dæmi til þess á síðari árum, að jarðir hafa lagzt í eyði, af því að menn hafa misst bæði hús sín og lausafé og af því að þeim hefur ekki verið veittur frekari stuðningur til þess að endurbyggja. Ég hefði vel getað fallizt á eitthvert samkomulag við hv. þm. Seyðf., ef um það er að ræða, að menn tryggi ekki lausafé sitt eða annað sakir vanrækslu. Og ég vil meira að segja setja það í l. sem skilyrði, að menn fengju ekki þessa styrki nema með því að vátryggja lausafé sitt að einhverju leyti. En ástæðan getur verið nægilega mikil fyrir því. Tjónið getur verið svo gífurlegt, að brunabætur nái skammt.

Ég hef ekki trú á, að þetta ákvæði frv. gæti orðið til þess, að menn vanræktu frekar að vátryggja eignir sínar. Hér má ekki vera um svo háan aukastyrk að ræða, að slíkt gæti komið fyrir, og mundi heldur aldrei verða. Fyrst og fremst er styrkurinn bundinn því ákvæði, að hann má aldrei fara fram úr ⅓ af kostnaðarverði byggingar eða umbóta. Nú er styrkurinn aldrei svo mikill. En ef maður skyldi nú segja, að hann yrði notaður út í það ýtrasta, þá væri tjónið, sem menn yrðu fyrir í lausafé, nægilega mikið til þess, að enginn mundi láta sér detta í hug óþarfa vanrækslu í þessu efni. Ég vil því, fyrir mitt leyti, leggja til, að þessi brtt. hv. þm. Seyðf. verði felld, ef hann þá ekki gæti fallizt á að taka hana til 3. umr., svo að hægt væri þá kannske að komast að samkomulagi um frekari takmarkanir, sem hv. þm. gæti sætt sig við, því að það er síður en svo að ég ætlist til að gengið sé of langt í þessu efni og gefið fordæmi, sem hættulegt geti talizt.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég get orðið við tilmælum hv. frsm. um að láta brtt. bíða til 3. umr. En út af því, sem hann sagði í ræðu sinni, að menn fengju ekki að vátryggja nema fyrir ákveðinni upphæð, vil ég segja það, að það er rétt. En það er eins með menn í kaupstöðum og í sveitum.

Ef á að veita sérstakan styrk til manna til þess að koma sér upp húsi aftur, þá á það að vera almennt. En ég skal ekki hafa á móti því að láta till. mína bíða.

ATKVGR.

Brtt. 138 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 51, 138).

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Við 2. umr. þessa máls lagði hv. þm. Seyðf. fram brtt. við 2. gr. (þskj. 138), um að fella niður næstsíðustu málsgr. — grein, sem fjallar um sérstakar styrkveitingar, ef um mikið tjón er að ræða. Það varð að samkomulagi, að hv. þm. tók till. aftur til 3. umr., en landbn. ætlaði að athuga hana nánar. Síðan hafa verið 2—3 fundir í n., en hv. þm. Seyðf. hefur ekki getað mætt. Meiri hl. landbn. hefur rætt málið sín á milli, en ekki séð ástæðu til, að breyt. yrðu gerðar í þessu efni.

Forseti (JörB): Ég vil fresta meðferð þessa máls um stundarsakir, af því að flm. brtt. er ekki viðstaddur.

*Sveinbjörn Högnason: Það er rétt hjá hv. 1. flm., að í þessu frv. er ekki beint ákveðið, að afnumið sé bráðabirgðaákvæðið um, að leiguliði geti fengið styrkinn. En þar sem við það er miðað, að landsdrottinn hafi þegar innt skyldu sína af hendi, virðist það fallið niður. Samkv. þessari gr. l. ætti ákvæðið að vera komið til framkvæmda á undan ákvæðum hennar, en ekki hefði átt að láta neinn vafa komast að.

Þótt það sé e. t. v. varhugavert að veita fé til bygginga á jörðum stórefnaðra landsdrottna, er þar engu að síður verið að styðja leiguliðana. Þegar ríkið gerir ekki sína skyldu, að byggja upp á jörðum, geta aðrir landsdrottnar skotið sér undan því. Örðugasta atriðið í framkvæmd l. stafar af því, að enn hefur ríkið sama og ekkert lagt til endurbygginga á jörðum sínum. Ef nokkuð á að vinnast með þessum ákvæðum l., verður hið opinbera að gera mikið átak til að hrinda fyrst í lag byggingarmálum á sínum jörðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 7. apríl, var frv tekið til 2. umr. (A. 51, n. 128).

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Eins og nál. á þskj. 128 ber með sér, leggur landbn. til, að frv. verði samþ. Þó er það eitt ákvæði í 2. gr. frv., sem nm. hafa óbundnar hendur um, hvernig þeir greiða atkv.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara langt út í þetta mál, en vil þó með örfáum orðum minnast á þær brtt., sem hér eru gerðar við l. um byggingar- og landnámssjóð. Eins og fram er tekið í grg frv. á þskj. 51, eru þessar breyt. allar bein eða óbein afleiðing af þeirri miklu verðröskun, sem orðið hefur, síðan styrjöldin hófst. Hún hefur gert það óumflýjanlegt að gera breyt. á l. varðandi það, hversu mikið lán skuli heimilt að veita hverjum lántaka, og fleira í þessu sambandi.

Í 2. gr. er að finna aðalbreyt., sem fyrirhuguð er á byggingar- og landnámssjóði, þar sem 12. gr. l. um byggingar- og landnámssjóð er alveg orðuð um. Ég sé ekki ástæðu til þess hér að koma frekar inn á einstök atriði þar heldur en ég gerði við 1. umr. málsins, þegar frv. var fyrst flutt hér í þessari hv. d. Þó vil ég aðeins koma inn á það atriði, sem hv. nm. vildu ekki allir skuldbinda sig til að fylgja, en það er það ákvæði frv., að heimilt sé í vissum tilfellum að greiða hærri byggingarstyrki en l. heimila, ef ábúendur jarða verða fyrir stórkostlegu tjóni af völdum húsbruna. Þetta ákvæði var af okkur flm. frv., sem eigum sæti í nefnd þeirri, er úthlutar þessu fé, ekki sett af neinu handahófi, heldur af þeirri ástæðu, að við höfum rekið okkur á þau dæmi á síðari árum, að það virðist nauðsynlegt að veita sérstaka undanþágu í þessu efni. Nú er það að vísu skylt, að menn vátryggi hús sín í sveitum fyrir bruna, en byggingar í sveitum eru nú einu sinni þannig gerðar, að þær eru margar hverjar ekki mikils virði, þegar meta á þær til brunabóta. Tökum t. d. torfbæi. Matið á þeim er oft ekki nema nokkur hundruð kr. Og ef á að byggja slíka bæi upp, þá er fé, sem fæst til þess, svo lítið, að oft er ómögulegt að byggja upp með ekki hærri styrk. Þegar svo við það bætist, að menn missa lausafé sitt, heybirgðir og annað, getur það hæglega orðið til þess, að menn lendi á vonarvöl. Það er hægt að segja, að þeir eigi að vátryggja, en af því að húsin eru svo lágt metin, getur það orðið hverfandi lítið, sem þeir fá fyrir það. Hitt trassa margir, að tryggja lausafé sitt fyrir bruna. En það tel ég ekki leið, er eigi að fara, að hrekja mann í burtu frá bæ sínum, sem orðið hefur fyrir því óláni að missa eigur sínar í eldsvoða, heldur beri að hlaupa undir bagga með honum, svo að hann geti byggt bæ sinn að nýju. Ég skal í sambandi við þetta geta þess, sem að vísu kemur glöggt fram í frv., að það er ekki ætlazt til þess, að nýbýlastjórn ráði þessu, heldur ríkisstj., ef slíkar styrkveitingar yrðu veittar. Einnig vil ég geta þess, að frá ríkisstj. hefur það komið fram, að hún teldi eðlilegt að slíkar undanþágur, sem hér um ræðir, væru veittar á þessum tímum, þegar brunabótafé það, sem fæst í þessum tilfellum, er svo hverfandi lítið af þeim byggingarkostnaði, sem verður, ef á að endurbyggja.

Þetta vildi ég taka fram sem ástæðu fyrir því, að þetta nýmæli hefur verið sett inn í l. um byggingar- og landnámssjóð, eða þann kafla þeirra, sem fjallar um nýbyggingarstyrki. Annað viðvíkjandi þessu sé ég ekki ástæðu til að taka fram að sinni. Ég skýrði það nokkuð við 1. umr. málsins. En ég vil þó aðeins geta þess út af ábendingu, sem kom fram við 1. umr. frá hv. 1. þm. Rang., að teknir yrðu til athugunar endurbyggingarstyrkir þeirra manna, sem eru í leiguábúð. Ég lofaði, að n. skyldi athuga þetta atriði, og það hefur verið gert, en n. var ekki ásátt um að gera breyt. á frv. frá því, sem nú er. Ég vil líka geta þess, að það er tryggt samkv. þessum l., eins og þau eru nú, að allar jarðir, hvort sem það eru ríkissjóðsjarðir, jarðir hreppsfélaga eða hvers konar opinberar jarðir, falla algerlega undir ákvæði þessara l. um endurbyggingarstyrki, svo að ábúendur þessara jarða eiga rétt á þeim, hvort sem þær eru leigðar í erfðaábúð, með óðalsrétti eða á venjulegan hátt. Og í öðru lagi er í ábúðarl. frá 1933 bráðabirgðaákvæði, sem heimilar á sínum tíma að veita styrki til jarða, sem eru í leiguábúð, og ég held, að svo sé litið á af nýbýlastj., að heimilt sé að veita styrki til allra, sem eru í eldri ábúð en það. Hins vegar er það svo á þessum umrótstímum, þegar jarðir ganga í miklu braski, að það er mjög varhugavert, að allir, sem hafa leiguábúð á jörðum einstakra manna, hafi endurbyggingarstyrk. En öðru máli gegnir aftur á móti um þá, sem eru í sjálfsábúð og á jörðum í opinberri eign. Þess vegna höfum við ekki séð okkur fært að koma fram með brtt. viðvíkjandi þessu, og ég vil vona, að hv. þm. geri sig ánægðan með þær skýringar, sem ég hef komið með.

Ég sé svo ekki ástæðu til, að svo komnu máli, að hafa fleiri orð um þetta.

*Haraldur Guðmundsson: Eins og nál. á þskj. 128 ber með sér, hef ég, eins og aðrir nm., óbundnar hendur um eitt ákvæði í frv., þótt við

þót samkv. vísitölu, sem reiknuð er út af hagstofu Íslands og teiknistofu landbúnaðarins. En við leggjum til, að þetta sé eingöngu gert af teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur með þetta að gera. Þessi hækkun styrks vegna húsbruna er, að gefnu tilefni, lagt til, að verði lögleidd. Það hefur komið fyrir svo stórkostlegt tjón, sem menn hafa orðið fyrir vegna bruna, að ríkisstj. hefur lagt til við nýbýlastjórn, að hún færi í framlagi byggingarstyrks yfir það, sem heimilt er eftir l. Þetta er ekki gert enn, en bending kom frá ríkisstj. um, að rétt væri í slíkum tilfellum að veita meira slíkt framlag en l. nú heimila. Teljum við flm., að heimild til þess verði að setja í l. Og eins og hér er lagt til, að þetta ákvæði verði lögfest, er þetta aukaframlag einskorðað við það, að það er aðeins heimilt að veita það, ef ríkisstj. samþ. það í hvert skipti. Nýbýlastjórn hefur því eftir frv. ekki heimild til að veita það, nema ríkisstj. samþ. það í hvert skipti. Það má heldur ekki veita hærri endurbyggingarstyrk en sem svarar ⅓ hluta af kostnaðarverði hússins eða umbótarinnar. Þetta ákvæði er óbreytt frá því, sem var.

Loks er brtt. varðandi 33. og 35. gr. l. í því fólgin að hækka nokkuð framlag til nýbýla. Nú má hæst veita 9000 kr., 4500 kr að láni og 4500 kr. sem styrk. Hér er lagt til, að hámarksheimildin sé færð upp í 12000 kr. (En þetta var hækkað í fyrra; var áður 7000 kr.). Með þessari hækkun er einkum miðað við hækkun á byggingarkostnaði, og er þó tæplega, að þessi hækkun nægi til þess að vega upp á móti verðbreytingu, sem orðið hefur í þessu efni.

Ég hef nú hér mjög stuttlega lýst þessum brtt., sem við flm. gerum við l., og sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær nú, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og landbn.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sjálfsagt til bóta á ýmsa lund, og er mjög réttmætt, að tekið sé til athugunar að hækka þessi framlög, eftir því sem byggingarkostnaður eykst. Þó er atriði í þessu frv., sem ég vil benda á, og vænti þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, taki til athugunar. Það er ákvæðið um það, hvaða skilyrði eru sett fyrir því að geta fengið styrk til bygginga, sérstaklega 2. liðurinn, sem hv. flm. hafa sett inn: „Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði l. um erfðaábúð og óðalsrétt.“ M. ö. o., leiguliðar eru útilokaðir með öllu frá þessum byggingarstyrk, ef þetta verður samþ. Nú er hv. þm. kunnugt um, að fyrir fáum árum var sett breyt. inn í l. um það, að leiguliðar geti fengið byggingarstyrk eftir l. um byggingar- og landnámssjóð, þar til þeir falli undir ákvæði ábúðarl. frá 1933, um húsabótaskyldu landsdrottins, og jarðeigendum væri skylt að byggja yfir þá. Þetta ákvæði félli niður, ef brtt frv. væri samþ. Nú er það svo, að ábúðarl. eru að fullu komin til framkvæmda, eða eiga að vera það eftir bókstaf þeirra. En það veit hver maður, sem eitthvað er kunnugur þeim málum, að upp undir helmingur af öllum búendum í landinu eru leiguliðar. Og fjöldi af þeim eru leiguliðar hjá ríkinu. En það er ekki byggt yfir þá, enda þótt l. standi til þess, að framkvæma ætti það án tafar, og bæirnir séu að hrynja yfir þá. Og þegar ríkið gerir ekki það, enda þótt það ætti eftir l. að gera það, þá er ekki undarlegt, þó að eigendur jarða, sem eru í einkaeign, telji sér ekki skylt að byggja yfir ábúendur á jörðum sínum. Ég sé ekki betur en að það verði til stórra óþæginda fyrir þessa menn, ef fellt er burt ákvæðið um heimild til að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkv. l. frá 1941, en þetta ákvæði sett inn í l., sem hér er í frv., því að þá væru þeir útilokaðir frá því að geta byggt yfir sig, þó að þeir séu um það bil helmingur af búendum landsins og það liggi við um ýmsa þeirra, að þeir verði að flýja burt af jörðunum, vegna þess að ekki er byggt upp á þeim af ríkinu eða einstökum mönnum, sem eiga jarðirnar. Ef þetta ákvæði á að setja inn í l. þessi sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum, þá er alveg óumflýjanlegt, að ríkið verður að leggja fram stórfé til þess að byggja upp á jörðum, svo að hægt sé fyrir ábúendur þeirra að vera þar áfram, þá menn, sem eftir l. á jafnvel að vera búið að byggja yfir.

Ég vona, að n. sú, sem fær mál þetta til meðferðar, láti sér ekki til hugar koma að fella úr gildi ákvæðið um styrk úr byggingar- og landnámssjóði til leiguliða, meðan ríkið sjálft gegnir ekki skyldu sinni um að byggja yfir leiguliða, sem búa á jörðum, sem eru í eign ríkisins.

*__Flm. (Steingrímur Steinþórsson):__ Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Rang. (SvbH), að bráðabirgðaákvæðið, sem sett var inn í l., um styrk til ábúenda á jörðum, sem eru í einkaeign, sé fellt niður með þessu frv. Þetta ákvæði stendur í l. enn, og var það sett sem bráðabirgðaákvæði í l. og er þar enn með öllu óhreyft af þessu frv. Þar er því ekki um breyt. að ræða eftir frv. Hitt er rétt, sem hv. 1. þm. Rang. nefndi, að það verður að líta svo á, að húsabótaskylda samkv. l. eigi að vera komin til framkvæmda.

Við leggjum ekki til, flm. þessa frv., að ákvæðið, sem hv. 1. þm. Rang. minntist á, verði fellt niður úr l. Hins vegar skal ég lofa hv. þm. því, að það atriði skal athugast í n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, landbn., þar sem við allir, sem flytjum frv., eigum sæti, hvort ástæða sé til að breyta eitthvað ákvæðunum um þetta efni. Þetta var sett inn í fyrstu af þeirri ástæðu, að frá mínu sjónarmiði og ýmissa annarra, — a. m. k. frá mínu sjónarmiði — er það heppilegast, að jarðir séu í sjálfsábúð eða í opinberri eign og leigðar á þann hátt. Ég tel óheppilegt, að einstakir menn eigi jarðir til þess að leigja þær út. Þess vegna tel ég það orka tvímælis, að þeir, sem þannig eiga jarðir, eigi að hafa sömu aðstöðu til þess að fá styrk til þess að byggja upp á jörðum sínum og aðrir. Hitt er það, að það er oft engu síður þörf á að hjálpa til með byggingu á slíkum jörðum, því að landsdrottinn hefur oft ekki ástæður til þess. En séu það stórríkir menn, sem kaupa upp jarðir í sveit og leigja þær út, tel ég, að ekki eigi að veita endurbyggingarstyrk til slíkra jarða.

Ég skal lofa hv. þm. því, að þetta skal verða athugað sérstaklega, og hvort ástæða sé til breytinga.

Bergur Jónsson: Ég vil aðeins þakka hv. sjútvn. fyrir afgr. hennar á málinu, sem er fullkomið nauðsynjamál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 407).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta mál kom frá Nd. og er flutt af hv. þm. Barð. Það lá fyrir sjútvn. þeirrar d., og gerði hún engar breyt. á frv.
Í þessu kauptúni, sem hér um ræðir og mun hafa á 8. hundrað íbúa, er mikil útgerð, sem stöðugt fer vaxandi, og miklar framkvæmdir í sambandi við hana. T. d. er þar eitt hraðfrystihús og annað er verið að reisa. En til þess að geta tekið við fiski, er þar nú aðeins ein hafskipabryggja, svo að talsverðar tafir verða á afgreiðslu fiskibátanna. — Menn hafa nú í hyggju að koma upp nýrri bryggju, en til þess að standast kostnað af smíðinni þarf að vera hægt að leggja gjald á vörur, sem er útskipað og innskipað í þorpið. Þetta er mergur málsins, sem liggur bak við þetta frv.
Meiri hl. sjútvn. þessarar d. hefur lýst sig fylgjandi frv. Einn nm., hv. þm. Vestm., var fjarstaddur, en ég geri ráð fyrir, að hann sé okkur sammála. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 440).

---

36. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 18. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð (þmfrv., A. 51).

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Steingrímur Steinþórsson):** L. um byggingar- og landnámssjóð var breytt nokkuð á þinginu í fyrra, og hefði nú kannske mátt ætla, að ekki hefði þurft að breyta þeim nú strax aftur. En því er þó þannig farið, að vegna hinna geysimiklu verðbreytinga, sem orðið hafa á síðustu árum, hefur reynzt nauðsynlegt að breyta nokkuð ákvæðum þessara l. Og það er af þessum ástæðum, sem við, flm. þessa frv. á þskj. 51, berum fram þessar till. til breyt. á l. nú.
Það þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. En ég vil þó geta helztu breyt., þó að hér sé um 1. umr. málsins að ræða. Það er svo ákveðið í 9. gr. l. um byggingar- og landnámssjóð, að ekki megi veita hærra lán úr þessum sjóði til sama manns en 6 þús. kr. Þetta ákvæði var sett í l. til þess að tryggja, að ekki væri ofhlaðið á jarðir, þannig að veðskuldir, sem á þeim hvíldu, yrðu ekki of þungar fyrir þá, sem á jörðunum byggju. Nú er ómögulegt að byggja upp á nokkurri jörð fyrir þessa upphæð. Varð því annaðhvort að gera, að nema burt ákvæðið eða hækka þetta takmark. Við viljum nema þetta ákvæði burt og að ákvæði um það, hve háar þessar upphæðir skuli vera, séu sett í reglugerð. Við teljum, a. m. k. á tímum sem þessum, að ekki geti talizt rétt að hafa þetta ákvæði í l. Enda hygg ég, að það orki mjög tvímælis, að ákvæði þessu hafi verið fylgt síðustu árin, a. m. k. verður þá að veita viðbótarlán til þeirra, sem hafa notið lána á síðasta ári til þessara hluta.
Þá eru nokkrar brtt. við 12. gr. l. Sú gr. fjallar um skilyrði til þess, að hægt sé að veita endurbyggingarstyrk. Það hefur verið svo ákveðið, að bæjarhús, sem styrk mætti veita til að endurreisa, mættu ekki vera meira virði en 1800 kr. að fasteignamati. Við leggjum hér til, að þetta takmark sé fært upp í 3000 kr. Er þetta vegna þeirrar reynslu, sem við höfum í nýbýlastjórn ríkisins um að veita þessa styrki. Það hefur verið brýn þörf á að endurreisa hús, sem hafa að fasteignamati verið 3000 kr., og eins mikil nauðsyn að endurreisa þau eins og önnur, sem lægra eru metin. Við töldum ekki rétt að nema ákvæði l. í þessu efni burt, heldur töldum við rétt að hækka takmarkið í 3000 kr.
Þá vil ég geta þess, að hér er lagt til, sem er í raun og veru nýmæli, að ef um sérstaklega alvarlegt tjón af húsbruna er að ræða, þá sé heimilt að veita nokkru hærri endurbyggingarstyrk en annars er heimilt samkv. l. Er hámark framlags til hvers býlis 1500 kr., en veitt á það við-

fara fram í vor. Ég vildi aðeins mótmæla þessu, af því að mér gafst ekki tækifæri til þess í gær.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál.

Það er rétt, að samningar hafa staðið yfir á búnaðarþingi um, hvernig ætti að haga þessu ákvæði, og sjálfstæðismenn hafa gengið inn á að breyta þessari 17. gr. í annað ákvæði ákaflega líkt, þó að fullnaðarsamkomulag hafi ekki enn orðið. Þó að hv. þm. hafi skilið orð mín bókstaflega, þannig að núna væri verið að semja um þetta atriði og einhver þn. búnaðarþings sæti í málinu, þá bar ekki að skilja það svo, heldur að samkomulagsumleitunum mundi haldið áfram, hvort sem umboð búnaðarþingsmanna er úti eða ekki.

Það er óviðeigandi af búnaðarþingsmanni að fara að innleiða deilur um þetta mál hér á þingi, áður en sýnt er, hvort búnaðarþing nær samkomulagi um þetta mál eða ekki, en má ganga út frá því sem vísu, að verði náð innan skamms. Ég læt í ljós undrun mína yfir því, að reynt skuli hafa verið að draga málið þannig úr höndum búnaðarþings, eins og þessi búnaðarþingsmaður hefur gert.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég verð að standa upp aftur til þess að mótmæla forsrh.

Ég held, að ef hann hefði hlustað á mál mitt í gær, hefði hann sannfærzt um, að ég var ekki að draga inn deilur um þetta mál. Hv. flokksmönnum hans ber meira að segja saman um það, að ég hagaði orðum mínum alls ekki þannig, að ég hefði vakið þar deilur, enda urðu engar deilur um málið. Menn geta verið hver á sinni skoðun án þess að deila.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér skildist það af privatsamtali, að hv. þm. hafi þótt leiðinlegt að hafa orðið til að gera það, en ég vona, að það verði honum ekki hættulegt við kosningarnar, sem fara í hönd.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég veit ekki, hvaðan hann hefur þetta privatsamtal við mig og mér hafi þótt leiðinlegt að koma fram með till. Ég held, að það hljóti að hafa verið einhverjir draumórar hjá hæstv. forsrh., að hann hafi dreymt eitthvað í nótt, að ég hafi komið til hans í svefni, en ég hef ekki orðið var við, að ég sé neinn svefnfari.

ATKVGR.
Brtt. 401,I samþ. með 12 shlj. atkv.
— 401,II samþ. með 11 shlj. atkv.
— 401,III.a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 401,III.b samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 416).

Á 59. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Hv. frsm. er ekki viðlátinn, en ég hygg, að óhætt sé fyrir hönd n. að mæla með frv. eftir þær breyt., sem Ed. hefur á því gert.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 439).

---

35. Hafnarlög fyrir Patreksfjörð.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til hafnarlaga fyrir Patreksfjörð (þmfrv., A. 172).

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (Bergur Jónsson): Hreppsnefndin á Patreksfirði hefur samið og samþ. hafnarreglugerð fyrir hreppinn, en vitamálastjóri hefur tjáð mér, að hann áliti vafasamt, hvort heimilt sé að setja þessa reglugerð án sérstakra hafnarlaga. Því hef ég flutt þetta frv.

Patreksfjörður er vaxandi þorp með mjög mikilli útgerð, enda liggur hann vel til sjósóknar. Þaðan ganga nú 2 togarar auk fjölda vélbáta, og þar eru starfandi 2 hraðfrystihús. En þorpið vantar tilfinnanlega bátabryggju. Frv. er samið alveg eftir hliðstæðum hafnarl., og hygg ég því ekki, að þörf sé breytinga á því.

Vil ég svo óska eftir, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 273).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Frsm. (Finnur Jónsson): Á Patreksfirði er að vísu allgóð höfn frá náttúrunnar hendi, en aðstaða almennings til útgerðar er ekki góð, vegna þess að þar er engin bryggja, sem er í eign almennings, og þær einstaklingsbryggjur, sem þar eru, eru of litlar fyrir þá útgerð, sem risið hefur upp á Patreksfirði s. l. ár. Þetta frv. miðar að því að koma hafnarmálum Patreksfjarðar í það lag, sem nauðsynlegt er fyrir kauptún, sem rekur útgerð, og virðist ekki nema eðlilegt, að þessi staður fái sömu aðstöðu í þessum efnum og önnur hliðstæð kauptún.

Það liggja ekki fyrir áætlanir um kostnað við þessar framkvæmdir, en n. hefur borið þetta mál undir vitamálastjóra, og eftir það viðtal hefur n. orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

eitthvað verður að ræða. Tilgangurinn var, að styrkurinn yrði ekki bara til að auðga viðkomandi mann, heldur til að létta undir með öllum, sem jörðina sætu, og það má kannske gera það betur á annan hátt. Ég lít svo á, að þegar við finnum, að eitthvað sé að, eigum við að reyna að finna betra form og bæta galla fyrirkomulagsins, en ekki afnema fyrirkomulagið sjálft að óreyndu. Það mun ég styðja, en ekki hitt, að láta styrkinn falla beint í eign viðkomandi manns og láta hina, sem á eftir koma, líða við það.

Það var sagt í gær, að það væri nýbúið að selja jörð nálægt Reykjavík fyrir 81 þús. kr., sem ber 16 kýr og á þriðja hundrað fjár. Ég veit, að þeir, sem kaupa, láta aldrei þessar skepnur standa undir vöxtunum. Þarna er um að ræða verðhækkun fyrir jarðræktarstyrk. Hugsunin, sem liggur á bak við 17. gr., er rétt, svo að ef hún nær ekki tilgangi sínum, eigum við ekki að afnema hana, heldur eigum við að búa til nýja 17. gr.

Það er rétt, að enn þá eru því miður veittir styrkir af því opinbera, sem almenningur hefur ekkert gagn af, heldur bara einstakir menn. Við skulum taka t. d. hafnargerðir. Lóðirnar á staðnum hækka og hækka, þangað til komið er í óefni. Þetta hef ég oft bent á, og einu sinni var samþ. þál. um að rannsaka, hvernig mætti ráða á þessu bót. Þm. eru byrjaðir að fá skilning á því, að líka á því sviði þurfi að gera það sama og reynt var að gera með 17. gr. jarðræktarl.

Ég er því á móti báðum brtt., annarri af því, að ég er á móti hugsuninni, sem á bak við hana er, en hinni, af því að hana vantar grundvöll til að standa á.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég þarf ekki að hafa mörg orð út af ræðu hv. 1. þm. N.-M., því að þó að hann þykist vera á öndverðum meiði við brtt. mína, er ekki langt bil á milli okkar. Hann er óánægður með ástandið eins og það er, og við erum báðir á þeirri skoðun, að breyt. sé þörf. Ég álít réttmætt, að bóndi, sem er búinn að strita alla sína búskapartíð, fái þessa fjárhagslegu hvatningu, en hún sé ekki dregin frá hans eigin jörð. Hann hefur stutt að því að gera landið betra og byggilegra, og í raun og veru á byggingarstyrkurinn að fara þessa sömu leið, og við í mþn. lögðum það til. Það er betra, að það sé minna, sem veitt er, og að það falli þá óskert í hlut þess, sem fær það. Þessi dýrleiki á jörðum núna hefur ekki alltaf orðið fyrir styrki úr ríkissjóði. En þegar hið opinbera leggur aftur á móti bílveg heim að túni mannsins, þá er ekki ranglátt, þó að eitthvað komi til þess opinbera af því, sem gerir jörðina verðmætari.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Mér þykir vænt um að heyra, að hv. 1. þm. N.-M. hefur ekki snúizt hugur og er sammála tilgangi brtt. minnar, en hann ber fyrir sig það sama og fyrir 4 árum, að mælingar, sem væru nauðsynleg undirstaða, væru ekki til. Mér finnst hv. þm. hafa gengið of slælega fram í að skapa þann grundvöll, og ég hygg, að hann verði ekki skapaður fyrr en búið er að setja l., sem gera það nauðsynlegt að skapa þennan grundvöll.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 387,1 felld með 9:1 atkv.

3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 387,2 kom ekki til atkv.

5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 380 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, MG, MJ, ÞÞ, ÁJ.

nei: BSt, BrB, ErlÞ, HermJ[1]) IngP, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.

2 þm. (JJós og JJ) fjarstaddir.

8.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 161, 401).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 401. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*__Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):__ Herra forseti! Landbn. ber fram nokkrar brtt. við þetta frv., sem eru að vísu smávægilegar.

1. brtt. er eingöngu skýring vegna þess, sem gert er ráð fyrir í brtt. 3,b, að þegar l. hafa hlotið staðfestingu, skuli fella meginmál þeirra inn í l., sem breyt. voru gerðar á. Þótti þetta réttara, þegar það hefði verið gert.

2 brtt. er um, að l. öðlist þegar gildi. Þótti n. rétt að setja það inn í, og styrkur sá, sem greiddur er, eftir að l. öðlast gildi, greiðist samkv. þessum ákvæðum.

3. brtt. er um ákvæði til bráðabirgða. Það er meining landbn., að það sé ljóst, að verðlagsuppbót skuli einnig greiða á þessar 400—700 kr. fyrir hektara í þúfnasléttun, en ákvæðin í frv. eru ekki nægilega skýr til þess, að það sé tvímælalaust.

Ég hygg, að ekki þurfi frekar að skýra þetta. N. væntir, að d. fallist á þessar brtt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er ekki af því, að ég ætli að ræða neitt, sem hefur komið fram við þetta frv., að ég tek til máls, heldur af því, að við atkvgr. um þetta mál í gær gerði hæstv. forsrh. grein fyrir atkv. sínu um brtt. mína á þskj. 380 og lýsti því yfir, að samningar stæðu yfir um það mál, nefnilega 17. gr., milli flokka, og því væri óþarfi af mér að bera þessa till. fram. Þar sem ég taldi ekki þinglegt að mótmæla þessu á þann hátt, að ég gerði grein fyrir atkv. mínu, þá vil ég mótmæla því nú. Þetta er alls ekki rétt með farið hjá hæstv. forsrh. Vil ég m. a. benda á, að nú situr ekkert búnaðarþing, sem mér skilst, að helzt ætti að vera sáttasemjari í þessu máli. Umboð búnaðarþingsmanna er ekki fyrir hendi, þar sem kosningar

[1]) **Forsrh.:** Ég álít, að búnaðarþing ætti að ná samkomulagi um þetta atriði, og þar sem samkomulagsumleitanir standa yfir, segi ég nei.

kveðnasti stuðningsmaður þess, að 17. gr. komst inn í lögin: „.... Ég hef sannfærzt um það betur og betur, eftir að reynsla hefur komið um það mál, að þessi 17. gr. er allsendis ónóg til þess að ná þeim tilgangi, sem fyrir löggjafanum vakti, þegar þetta ákvæði var sett í lög.“ Og hann segir einnig: „Trú mín á það hefur minnkað, að 17. gr. þessara laga sé þess umkomin að ná því takmarki, sem henni hefur verið ætlað.“ Á þesssu sést, að þetta getur ekki staðið svona til lengdar, þegar helztu stuðningsmenn að þessari grein eru algerlega búnir að missa trúna á þetta ákvæði. Það hlýtur fyrr eða síðar að hverfa, og þegar svo er komið, er bezt, að það hverfi sem fyrst.

Ég verð líka að segja það, að maður hefur ýmis hliðstæð dæmi um styrki til framkvæmda á láði og legi, sem ekki er ætlazt til að séu reiknaðir til skuldar, heldur hverfa í eign þeirra, sem verkið vinna, eða eiganda þess mannvirkis, sem styrkurinn er veittur til. Þannig er það t. d. með styrki til lendingarbóta og bryggjugerða. Þeir, sem þessi verk vinna, fá styrki, sem inn í eignina renna, en þó eiga þeir hana kvaðalaust. Þetta er orðið hálfgert viðutanákvæði, sem enginn hefur lengur trú á, að hjari til lengdar, og margir fara alls ekki eftir. Ég tel sjálfsagt að kanna nú vilja hv. d., hvort engu verði um þokað í þessu máli nú þegar. Þess vegna hef ég komið með þessa till.

Ég veit, að sumir hv. þdm. hefðu viljað bíða til búnaðarþings með þetta, en ef það er sannfæring manna, að gr. sé óþörf og nái ekki tilgangi sínum, því fyrr, því betra að fella hana úr lögum.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Ég flyt brtt. við 3. gr. frv., þ. e. a. s. 11. gr. jarðræktarl., sem er ekki annað en endurtekning á máli, sem ég hef flutt hér hvað eftir annað í frumvarpsformi.

Síðast þegar ég flutti þetta mál, en það var á s. l. ári, þá var frv. í því formi, að 1. gr. þess frv., sem ég flutti þá, var shlj. 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Ég tel ekki neina nauðsyn á því að fara út í nákvæmar útskýringar á þessum breyt., af því að ég hef hvað eftir annað mælt fyrir þeim í þessari hv. d., svo að hv. þdm. munu allir, sem með því hafa fylgzt, kannast við það. Ég get aðeins endurtekið það, að aðalatriði þessara breyt. er í því fólgið, að það er ekki gerður greinarmunur á styrkjum til býla fyrst og fremst eftir þeirri reglu, hvað býlin hafa fengið mikinn styrk, heldur hinu, í hvaða ásigkomulagi býlin eru, þannig að samkvæmt till. mínum skal greiða 100% hærri styrk til býla, sem hafa minna en 8 ha. af véltæku túni. Til býla, sem hafa frá 8 til 10 ha. af véltæku túni, skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta skv. 9. gr. l., en þegar túnin eru komin upp í 10 ha., greiðist enginn styrkur. Sama gildir um styrk til annarra mannvirkja. Það er hærri styrkur til þeirra, meðan býlið er í því ásigkomulagi, að þessi mannvirki vantar, en þegar allt er komið í gott horf, fellur styrkurinn niður. Auk þess er gerður munur á styrkjunum eftir því, hvað býlið hefur fengið mikinn styrk. Það er 30% hærri styrkur samkv. 1. og 5. kafla 9. gr. til býlis, sem hefur fengið meira en 2000 kr. Þegar þau hafa fengið 6000—7500 kr., verður styrkurinn minni o. s. frv. Styrkurinn fellur niður, þegar býlið er komið í það ásigkomulag, sem þarna greinir.

Í samræmi við þetta er breyt. á 5. gr. frv. (13. gr. l.) Ég tel eðlilegt, að þetta hámark verði ákveðið árlega af Búnaðarfélagi Íslands.

Ég þarf ekki að fara út í frekari rökstuðning fyrir þessu. Ég hef svo oft flutt þau rök áður. Styrkurinn á að hafa þann tilgang að koma býlum landsins í það horf, að þau séu byggileg. Það á að útrýma kotbýlunum og stuðla að því, að þau geti orðið samkeppnisfær við stærri býlin, en það á ekki að veita ríkisstyrk til neins atvinnurekstrar, sem gefur af sér gróða. Við vitum, að frá sjónarmiði alþjóðar er sjálfsagt, að eftir þessu sé farið, svo lengi sem við búum við það fyrirkomulag í landbúnaðinum, að hann byggist á einkarekstri. Verðlag á afurðunum verður að fara eftir framleiðslukostnaði smæstu býlanna, ef bændur þar eiga ekki að flosna upp, og ef á að halda þessum býlum byggðum áfram, verður að veita styrk til þeirra. Til þess að halda bændum í sveitinni og stuðla að því, að þeir séu þar kyrrir, verður að sjá til þess, að þeir hafi slík kjör, að það borgi sig eins vel fyrir þá og að hverfa til annarra starfa. Við vitum, að það eru einkum smærri bændur, sem þurfa að fara burt frá heimilum sínum.

Ég vil geta um smáprentvillu, sem ég vil biðja hæstv. forseta að sjá um, að leiðrétt verði. Í staðinn fyrir „samkv. 9. gr.“ á að koma „samkv. 10. gr.“

__Páll Zóphóníasson:__ Herra forseti! Það liggja fyrir 2 brtt., og vil ég segja nokkur orð um þær. Hv. síðasta ræðumanni finnst réttara að miða styrkupphæðina við ásigkomulag býlisins. Ég er honum sammála um, að sá grundvöllur sé í raun og veru réttari, en samt get ég ekki fylgt till. hans, af því að hana vantar undirstöðu til að standa á. Með l. 1918 var fyrirskipað, að tún skyldu mæld. Þetta var gert nokkuð víða, og frá þessum tíma liggja á hagstofunni ummálsriss af túnum landsins og sýna aðeins stærð túnanna. Síðan hefur ekkert verið gert. Það var mikið umtal um það, þegar fasteignamat var gert 1930 og aftur í þessu fasteignamati, að slíkar mælingar þyrftu að fara fram aftur. Það umtal komst svo langt, að fasteignamatsnefndum var falið að gizka á um stærðina, hve mikið væri véltækt o. s. frv. Sumir hafa gert þetta, aðrir ekki. Afleiðingin er, að grundvöllurinn, sem væri hægt að byggja á, er ekki til. Þó að við vildum hverfa að því ráði, sem felst í brtt., þá er ekki hægt að gera það nú. Þess vegna verð ég að greiða atkv. á móti till., sem annars væri góð.

Hin brtt. er um að fella niður 17. gr., og var það fært fram, að reynsla væri fyrir því, að hún næði ekki tilgangi sínum. Það er nú svo. Reynslan er ekki mikil enn. Í fyrsta lagi er það fylgifé, sem bundið er í jörðunum með jarðræktarl., mjög lítið. Þær jarðir eru teljandi, þar sem það nær hundruðum. Aftur eru hinar jarðirnar margar, sem hafa allmikið fylgifé í húsum, hafa fengið nýbýlastyrk og endurbyggingarstyrk. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun en að eins muni fara með jarðræktarstyrkinn, þegar um

sjóðsins skal vera það, sem hann á nú í eignum, en það eru kr. 70471.73, og má ekki skerða það. Jafnframt er svo ákveðið, að árlega skuli lagður við sjóðinn helmingur þess vaxtafjár, sem honum áskotnast. En aðalbreyt. er þó sú, að í staðinn fyrir ákveðið framlag, sem ríkissjóður átti að leggja fram í eitt skipti fyrir öll, sem voru 50 þús. kr., er nú gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi árlega fram ákveðna upphæð, 25 þús. kr., til sjóðsins. Samt skal helmingur vaxtatekna sjóðsins vera rekstrarfé hans á hverju ári.

Tilgangur sjóðsins er tvenns konar. ⅔ af stofnfénu á að verja til útlána til vélakaupa en ⅓ hluta af stofnfénu á að nota til vélakaupa samkvæmt því, sem mælt er fyrir í öðrum gr. um þetta.

Það lætur auðvitað að líkum, að sérstaklega mikil þörf er á því, að gerðar verði tilraunir með ýmsar vélknúnar jarðræktarvélar, sem lítið eða ekkert eru þekktar hér, og þykir sjálfsagt, að hið opinbera veiti styrki til slíkra tilrauna.

Í 22. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið kaupi stórar skurðgröfur til meiri háttar framræslu. Áður var það svo, að vélasjóður keypti þær og lét gera tilraunir með þær, en síðar var ákveðið, að ríkissjóður keypti þær, ef ætti að nota þær til stærri framkvæmda. Með þessu ákvæði er hrundið af vélasjóði þeirri fjárhagslegu kvöð að þurfa að kaupa vélar, sem ekki er vitað fyrirfram, hvort nothæfar verða eða ekki, og sú áhætta færð yfir á ríkissjóð í staðinn.

Á 6. kafla laganna er gerð sú breyt., að Búnaðarfélagi Íslands er gefið meira vald til eftirlits með framkvæmdum, sem gerðar eru á erfðafestulöndum í kaupstöðum og kauptúnum, en áður hefur verið.

Þá er loks bráðabirgðaákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að þúfnasléttun á túni sé styrkt með ákveðinni upphæð, 400—500 kr. pr. ha., og er styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst 1/10 hluti þýfisins sé sléttaður árlega. Það getur að sjálfsögðu orkað tvímælis, hvort hægt verði að gera það, eins og nú er háttað vinnuafli í landinu, en það er ekki álitamál, að vinna beri að þessu eins og unnt er.

Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir helztu breyt. N. er öll sammála um, að þær nái fram að ganga. Einn nm., hv. form. n., hefur þó áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við frv., og er hún nú komin hér fram, en hún er um það, að 17. gr. verði felld niður. N. út af fyrir sig hefur ekki tekið neina afstöðu til málsins. Það, sem ég hef því um það að segja, er einungis skoðun mín, en ég er andvígur því, að hún verði felld niður. Ég tel, að ef það yrði gert, þá yrði það til að ýta undir sölu og alls konar brask með jarðir í landinu, og ég tel, að frekar beri að vinna á móti því en efla það.

Ég óska fyrir hönd n., að frv. verði samþ. óbreytt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég get tekið undir það, sem hv. frsm. n. sagði í ræðu sinni, að n. hefði verið sammála um frv., eins og það liggur fyrir. Þó vildi ég bæta inn í það einu atriði, sem ekki er í því, en það er, að felld verði niður hin margumtalaða og þráttaða 17. gr. jarðræktarl.

Um þessa gr. hefur verið þrasað mikið í blöðum, á þingi og mannfundum. Ég get því verið stuttorður um hana hér og vil ekki gefa ástæðu til að lengja umr. um þetta mál nú. En eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er þessi 17. gr. um að meta skuli, hve mikið verðmæti á jörðum hefur aukizt við styrki, sem greiddir hafa verið úr ríkissjóði. Skal sá hluti styrksins færður í sérstakan dálk í fasteignamatsbók sem fylgifé býlisins, og þó meðtalinn í matsverði þess samanlögðu. Telst fylgifé sem vaxtalaust framlag ríkissjóðs til býlisins, og er óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta fasteignarinnar, sem matsverði styrksins nemur. Ég ætla ekki að lesa hér upp þessa grein, hún er öllum hv. þdm. svo kunnug. Aftur á móti vil ég aðeins minnast á sögu þessa máls á síðast liðnum 2 árum.

Á búnaðarþinginu 1939 var skipuð mþn. til að gera till. um og athuganir á jarðræktarl., og í þessari n. starfaði ég um tíma fyrir hönd Jóns á Reynistað. Þá komst á samkomulag milli nm. um að fella skyldi niður 17. gr., en í hennar stað yrði aftur á móti lagður aukinn söluskattur á jarðeignir landsins. En þegar á búnaðarþing kom og ræða átti um þetta mál, náðist ekki samkomulag. Þá kom frá Framsóknarflokknum hækkunarkrafa á söluskattinum ásamt fleiri atriðum, sem varð til þess, að frá okkur sjálfstæðismönnum kom fram hækkunarkrafa um það hvar söluskatturinn ætti að byrja, þegar sala jarðar væri komin fram yfir fasteignamatsverð. Þetta fór þannig, að söluskatturinn náði ekki fram að ganga og 17. gr. stóð, og breyt. á jarðræktarl. voru afgreiddar með atkvæðum meiri hl. búnaðarþingsmanna, eins og þær liggja fyrir nú, en náðu þá ekki samþykki á Alþingi. Nú hafa þær verið teknar upp aftur á þessu þingi, og það, sem m. a. hefur tafið málið, er, að farið hafa fram samkomulagsumleitanir hér á Alþingi milli flokka um það, hvort ekki væri rétt að fella niður 17. gr., sem svo mörgum hefur verið þyrnir í augum. Við sjálfstæðismenn teljum hana mjög skaðlega fyrir búnaðarframfarir. Hún gerir það að verkum, að sumir bændur vilja alls ekki taka við jarðræktarstyrkjum, en af því leiðir, að hjá þeim mönnum, sem ekki vilja taka við styrkjum á umbætur sínar, verður miklu minna úr framkvæmdum en ella. Aðrir hafa aftur á móti tekið við styrknum, en finna þó, að þeir hafa ekki núna eins kvaðalaus umráð yfir jarðeignum sínum og áður, og ganga því meira hálfvolgir að framkvæmdum en ella.

Út af ákvæðinu í 2. málsgr. 17. gr. vil ég geta þess, að ég held, að þess sé lítið eða ekkert gætt, hvort því er fylgt. Ég veit ekki til þess, að fengin hafi verið yfirlýsing frá Búnaðarfélagi Íslands um það, hvaða kvaðir vegna þessara styrkja lægju á jörðum. Og þó er þetta fyrirskipað. Yfirleitt er svo komið með menn, að þeir telja þetta máttlaust ákvæði, en eru þó hræddir við það. Þetta er vandræðaástand. Menn telja víst, að innan örlítils tíma verði þessu breytt. Og það er sannast að segja, að nú viðurkenna framsóknarmenn það einnig, að þessi gr. hafi ekki náð tilsettu marki, og vil ég til áherzlu á mál mitt, með leyfi hæstv. forseta, taka hér upp nokkur orð úr ræðu hv. þm. Mýr. við 2. umr. þessa máls í hv. Nd., en hann er nú form. Búnaðarfélags Íslands og var um eitt skeið einn á-

Í 5. gr., sem verður 13. gr. l., er bætt inn sérstökum lið, sem er c-liður, til byggingar votheyshlaða kr. 350.00. Það er talin mikil nauðsyn á, að votheyshlöður verði auknar frá því, sem nú er, og enda þótt nokkuð hafi verið bætt úr í þessu efni síðustu árin, er samt lagt til að hækka þennan styrk, til þess að hægt verði að fá viðunandi framleiðslu á þessari gerð heyja. Aftur á móti er d-liður, sem áður var c-liður, lækkaður úr kr. 800.00 ofan í kr. 600.00, svo að heildarhámarkið hækkar aðeins um kr. 150.00, en skiptingin verður öðruvísi en áður.

Á 14. gr. l. er gerð lítils háttar breyt., þar sem gert er ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands leggi dóm á, hvort býli, sem þar greinir, fái styrki eða ekki.

Síðasta breyt. við þennan kafla, við 16. gr., er sú, að í staðinn fyrir 5 þús. kr. komi 10 þús. kr.

Næsta breyt. á jarðræktarl. er við 3. kafla l., og eru það 8.—11. gr. frv., sem um þá breyt. fjalla. Með 8. gr. er breytt 18. gr. gildandi l., og eru þar sett ný og frekari ákvæði um það, hvern rétt menn eiga til að stofna félag. Það eru 4 liðir: a) að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, b) að útvega íbúum kaupstaða, kauptúna og sveitaþorpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eignar eða erfðaleigu, c) að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbýla, þar sem aðstaða til framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Svo er það loks d-liður: að menn eigi rétt á að stofna félag um jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- eða c-lið þessarar gr., og að þau skuli því aðeins njóta þess réttar, er 19. gr. áskilur þessum félögum, að þau uppfylli þær skyldur, að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar, að tilgangur ræktunarinnar sé aðeins framleiðsla jarðargróða, að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögum sé veittur sá réttur. Í 19. gr. er svo ákveðið nánar, hvernig þessi félög, sem stofnuð eru samkvæmt 18. gr., skuli að öðru leyti fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 9. gr.

Með 10. gr. er gerð breyt. á 20. gr. l., þar sem bætt er inn í ákvæðum um það, hvernig stofna beri félög, og hvaða ákvæði þurfa að vera um þá félagsstofnun, til þess að félagið geti orðið styrks aðnjótandi. Og eru um það skýr ákvæði í a—i-lið 10. gr. Samþykktir þessara félaga skulu vera staðfestar af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Það er jafnframt ætlazt til í þessari gr., að ræktunarfélög, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skuli skrásett.

Þá kemur inn í 21. gr. nýtt ákvæði, þar sem bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í hreppum er gefinn kostur á að njóta forkaupsréttar, þegar hreppsnefnd eða bæjarstjórn telur hættu á, að ræktunarlönd þau, sem um getur í 18. gr., geti við eigendaskipti komizt í fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa. Þykir sjálfsagt, að bæjar- og sveitarstjórnir sjái um, að einstakir íbúar í þorpum og bæjum verði eigi settir hjá við úthlutun þessara landa. En sveitar- og bæjarstjórnir eru taldar hafa beztan kunnugleika á að meta þessa aðstöðu.

Þá kemur 4. kaflinn, sem er um verkfærakaupasjóð, og eru það 12.—17. gr. þessa frv., er um hann fjalla. Aðalbreyt., sem gerð er með þessu frv., er sú, að í staðinn fyrir, að hreppabúnaðarfélögum var úthlutað sérstakri sjóðseign, sem varð séreign þeirra og þau áttu þá oft sem innistæðu í sérstökum sjóði, þá verður nú um að ræða einn sjóð fyrir allt landið, og ber búnaðarfélaginu að meta þörf manna í ýmsum landshlutum fyrir þennan styrk eftir því, hver verkfæraþörfin kann að vera á hverjum tíma. Það hefur sýnt sig í framkvæmd núgildandi l., að sú breyt., sem hér er gerð, er eðlileg, þar sem nokkur af þessum félögum hafa ekki notað sjóðseignir sínar til verkfærakaupa, en önnur aftur á móti hafa þurft að fá lán og skulda því nú hinum sameiginlega verkfærakaupasjóði, en það er ætlazt til, að verði greitt á næstu 2 árum eftir að þessi l. koma til framkvæmda. Einnig hefur það komið í ljós, að í þeim landshlutum, þar sem þörfin fyrir vélakaup er mest, hafa félögin skipt styrkjunum niður þannig, að örlitill hluti hefur komið til einstakra manna, t. d. 20 til 30 kr. til að kaupa vélar, sem kostað hafa 4—7 þús. kr., og er auðséð, að slíkar styrkveitingar koma ekki að neinu gagni. Þá er líka lagt til, að styrkurinn verði minnkaður í hlutfalli við kaupverð, þannig að þar, sem áður var heimilt að veita helming, er það nú ⅓, og þar, sem áður var heimilt að veita ⅓, er það nú fært niður í ¼. Hins vegar er hámarksstyrkurinn hækkaður úr 400 kr. upp í 700 kr.

Með 14. gr. eru sett nokkur ný ákvæði í 26. gr. l., til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Má þar helzt til nefna, að styrkurinn til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum er bundinn sérstökum skilyrðum, en þau eru: að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum, að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félögunum nauðsynleg og að félögin hafi hús yfir áhöldin og selji þau ekki nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands. En eins og menn vita, hefur þótt á það skorta, að hirðing áhalda væri eins góð og vera bæri. Þetta ákvæði um hús yfir áhöldin er því að sjálfsögðu mjög mikil bót.

Þá er gert ráð fyrir í 16. gr., að innistæður, sem einstök búnaðarfélög eiga í sjóðum, skuli halda áfram að vera séreign þeirra. Einnig skulu þessi félög halda áfram að styrkja verkfærakaup meðlima sinna án þess að fá styrk úr hinum sameiginlega sjóði, þangað til innistæða þeirra er eydd. Hins vegar er gert ráð fyrir, að skuldir þær, sem safnazt hafa hjá einstökum búnaðarfélögum, skuli greiddar úr þessum sameiginlega sjóði á næstu 2 árum.

Ákvæðið í 17. gr. er um það, hvernig ávaxta skuli fé sjóðsins, og er það óbreytt frá því, sem það áður var.

Þá koma breyt. á 5. kafla, um vélasjóð, en um þær fjalla 18.—26. gr. frv. Þar er ákveðið með 18. gr. að stofna sérstakan vélasjóð. Stofnfé

og þangað til ný gr. væri sett í staðinn með samþ. allra. Þessir tímar eru líka hættulegir frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja leiðrétta þetta, af því að fasteignamatið kemur nú.

Nú sting ég upp á þessu, hvort ekki muni enn þá vera hægt á þessu stigi málsins að láta nú vera að greiða atkv. um þetta atriði, því að áður en þetta frv. er afgreitt, er enn nokkur tími til stefnu til að tala um þetta atriði og komast að niðurstöðu. Málið er nú við 2. umr., og til 3. umr. mætti athuga brtt. mína betur. Ég vil ekki stofna til þess, að menn þurfi að fella þessa brtt., vegna þess að svona er nú í pottinn búið, að menn vilja í raun og veru vinna saman um þetta. Þetta er till. mín, sem ég vænti, að verði tekin alveg eins og ég meina hana til að koma á samkomulagi.

Það má vafalaust slá því föstu, að sú óáran, sem nú ríkir um fasteignasölur í landinu og voveiflegast horfir gagnvart sveitunum, hún á sér stað um jarðir alveg án tillits til þess, hvort þessi 17. gr. er í l. eða ekki. Menn selja ekki jarðirnar vegna þess, heldur hins, að fólkið fer úr sveitunum. En það er ekki heldur til hróss 17. gr. jarðræktarl., að svo er komið, því að hún gerir ekki neinum gott til þess að halda þeim við búskap, sem eiga jarðir.

Pétur Ottesen: Ég vil út af þeim ummælum, sem fram komu frá hv. þm. V.-Sk., skjóta því hér fram, að þessi brtt. yrði tekin aftur til 3. umr. og tíminn þangað til yrði notaður til þess að freista þess, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um þetta mál. Og ef menn gætu orðið sammála um þetta, þá væri ekki óliklegt, að þeir, sem nú hafa kvatt sér hljóðs í málinu með tilliti til þess, að þessi brtt. liggur hér fyrir, mundu falla frá orðinu, og að á þann hátt gæti gengið nú afgr. málsins til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 186 tekin aftur til 3. umr.
2.—28. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 161, 186).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 50. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 186 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StSt, GSv, JGM, JPálm, PO, SEH, SK.
nei: StgrSt, SvbH, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, ÍslH, JÍv, PHann, SkG, JörB.
6 þm. (EE, GÞ, HV, JakM, ÓTh, ÞBr) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12 maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 376, 380, 387).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 380 og 387. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er allmikill bálkur, sem innifelur í sér miklar breytingar á jarðræktarl. frá 23. júní 1936. Frv. þetta er nú flutt af landbn. Nd., og flutti nefndin shlj. frv. á aðalþingi 1941, en það náði þá ekki afgreiðslu. En undirbúningur málsins er þannig, að á búnaðarþingi 1939 skipaði þingið þriggja manna milliþinganefnd, sem skyldi taka þessi mál til athugunar, en í henni sátu Hafsteinn bóndi Pétursson á Gunnsteinsstöðum, Jón bóndi Sigurðsson á Reynistað og Þorsteinn bóndi Sigurðsson á Vatnsleysu, en auk þess hefur landbn. Nd. unnið að frv. og gert breyt. á því. Breytingar þessar miða einkum að því að hækka styrki til landbúnaðarins.

Í 1. gr. er styrkur til jarðræktar og húsabóta hækkaður mikið. Styrkur til framræslu er hækkaður um 20%—25%. Einnig er hækkaður allverulega styrkur til þaksléttu í nýrækt, úr kr. 1.60 upp í kr. 2.00 á fermetra og einnig í túni úr kr. 1.40 upp í kr. 2.00 á fermetra.

Ástæðan til þess, að framlög til framræslu eru hækkuð svo mjög, er sú, að styrkurinn var svo lítill til móts við aðra jarðræktarstarfsemi, og hefur þess vegna oft verið vanrækt að þurrka landið nægilega.

Með 2. gr. eru gerðar breyt. frá gildandi l. En þær eru fyrst og fremst, að verðlagsuppbót skal greiða á alla styrki eftir meðalvísitölu ársins áður. Jafnframt er ákveðið, að sá styrkur, sem greiddur er vegna verðlagsuppbótar, skuli ekki talinn með við útreikning hámarksupphæða, sem tilteknar eru, þannig að hámarkið skuli miðað við þá grunnupphæð, sem greidd er, en ekki verðlagsuppbótina.

Með 3. gr. eru gerðar nokkrar breyt. á 11. gr. laganna, og eru þær um þau ákvæði, sem styrkur til jarðræktar og húsabóta er takmarkaður. Býli, sem í eldri lögum var ákveðið að skyldu fá kr. 1000 mest, eiga nú að fá kr. 2000. Svo er það næst, að hámarkið, sem býlin fengu í styrk eftir gömlu l., sem var 1 til 4 þús. kr., er nú 7 til 10 þús. kr., en þar er svo ákveðið, að þeim skuli greitt 50% minna fyrir hvert verk, sem er framkvæmt. Býlum, sem fengið hafa samtals 2 til 7 þús. kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býli, sem fengið hafa fullar 10 þús. kr., fá engan styrk samkvæmt l. Og eins og ég hef áður sagt, þá er hér einungis um grunnstyrk að ræða, en verðlagsuppbót ekki reiknuð með.

og hefur búnaðarþing þar átt sinn hlut að máli. Því að búnaðarþing í fyrra hafði þetta mál til meðferðar og reyndar fyrr, og komst að niðurstöðu að nokkru leyti. Það má segja það, að þær niðurstöður, sem eru í frv., sem hér liggur fyrir, eru niðurstöður búnaðarþings, og ég hef í sjálfu sér ekkert við þær að athuga verulega, þó að sumt í þeim geti fundizt, að ekki fari alls kostar svo sem menn hefðu viljað á kjósa. En út í það ætla ég ekki að fara nánar á þessu stigi málsins. Ég geri ekki uppsteyt um einstakar gr. frv., þó að mér virðist, að sumt í frv. hefði átt að vera og getað verið nokkru betur undirbúið. En um þetta frv. hefur myndazt nokkuð rikt samþykki, og því er síður ástæða til þess að hrófla við því, úr því sem komið er.

En vonbrigði mín eru í sambandi við annað. Þau eru bundin við þá gr. jarðræktarl., sem alla þá stund, síðan þau voru samþ., hefur verið ásteytingarsteinn meðal bænda, 17. gr. l., enda býst ég ekki við, að lengur greinist álit um hana eftir flokkaskiptingu viðkomandi stjórnmálanum yfirleitt. Því að hvar sem maður fer um landið, eru menn orðnir mjög svo sammála um það, að 17. gr. þessara l. eigi ekki að standa í jarðræktarl. Það er líka svo komið, að forgangsmenn þess, að þetta ákvæði var sett í jarðræktarl., og verjendur lengi, eru komnir að niðurstöðu um það á þann sama veg, og vitna ég um það í orð hv. þm. Mýr., formanns Búnaðarfélags Íslands, sem talaði hér síðast. Því hefur verið haldið fram af þeim, sem andmælt hafa þessari gr., sem er að vissu leyti rétt, að þessi gr. kæmi ekki að því haldi, sem forsvarsmenn hennar vilja vera láta og þeir í upphafi töldu henni til gildis. Og vissulega kemur hún ekki að því haldi, sem henni var ætlað, því að það liggur á allt öðru sviði en svo, að hægt sé með svona löggjöf að ná því marki. En þar sem hún hefur ekki gert það gagn, sem henni var ætlað, kemur þá til álita, hvort hún ekki hefur gert nokkurn skaða. Það væri vissulega góðra gjalda vert, ef með ákvæðum þessarar gr. hefði verið hægt að koma í veg fyrir jarðabrask, því að stemma her stigu fyrir það. En nú kemur þetta ákvæði ekki í veg fyrir það. Og það er á allt öðru sviði, sem bændur kveinka sér undan ákvæðum þessarar gr. Það er með þessu ákvæði tekinn af þeim fullkominn eignarréttur þeirra yfir jörðum þeirra með öllu, sem jörðunum tilheyrir, sem notið hafa þessa styrks. Áður var sá styrkur, sem bændum var veittur fyrir unnin jarðræktarstörf, veittur sem verðlaun, en styrkur jafnframt til framhaldandi aðgerða. Hann var talinn þeirra eign, og var talinn réttmæt, verðskulduð eign. Það var það, sem menn fundu og virtu, því að það kom mikill skriður á jarðræktarframkvæmdir vegna ákvæða jarðræktarl., eins og þau voru frá öndverðu. Nú finnst bændum aftur sem þeir séu sviptir hvoru tveggja, eignarréttinum og þeirri viðurkenningu, sem með styrknum var veitt þeim.

Þó að með aðferðinni um styrkveitingar þessar sé reynt að taka smátt og smátt af bændum, sem við slíkum styrk taka, það, sem þeir vildu mega telja sína réttmæta eign, þá nær þetta ákvæði 17. gr. ekki heldur tilgangi sínum í því efni að koma í veg fyrir, að braskað sé með jarðir. Það er eins auðvelt að braska með þær, ef ekki auðveldara, að þessu ákvæði lögteknu. Þannig liggur málið fyrir. Og þess vegna urðu mér það mikil vonbrigði, að ekkert hefur verið gert til þess að koma á sæmilegri miðlun í þessu efni, og þá með því að afnema 17. gr., sem að mínu viti er búin að standa allt of lengi í l. En lengi skal manninn reyna. Og lengi skal e. t. v. þráttað af andmælendum þessarar gr., þangað til hið rétta verður viðurkennt. En formenn búnaðarmálanna á búnaðarþingi viðurkenna þó vanmátt þessarar gr. til að koma því til vegar, sem henni í fyrstu var ætlað, og telja sig fúsa til þess að gera tilraun til þess að bæta um með því að setja einhver ákvæði, sem nær væri að gætu náð því takmarki, sem þessi gr. átti að ná, en gat ekki náð. En búnaðarþingi hefur misheppnazt þetta. Það er ekki hægt að draga fjöður yfir það. Það bar ekki gæfu til þess að leysa þetta mikla mál. En formaður Búnaðarfélags Íslands, hv. þm. Mýr., hefur lýst því yfir í mín eyru, bæði innan þings og utan, að hann vildi ganga að því, að þetta atriði yrði leyst. Og hann mun kannast við það, að eiginlega var sætzt upp á þetta. Þess vegna eru mér þetta meiri vonbrigði heldur en ella. Og hæstv. forsrh. lofaði því, að hann skyldi gangast fyrir því, að þetta atriði yrði leyst á búnaðarþingi, því að þá sat þessi n. á búnaðarþingi, sem vitnað hefur verið til. En úr því að svona tókst til, þá hefði búnaðarþingið í vetur átt að taka málið sjálft í sínar hendur og undirbúa það fyrir hæstv. Alþ., svo að við gætum séð, að ekki aðeins hugur fylgdi máli, sem við höfum ekki efað, heldur að þetta mál kæmist í framkvæmd. Því að það, sem okkur hefur mest fundizt vanta í framkvæmdum þessa máls, er forustan um að gera nauðsynlegan undirbúning til löggjafar um málið. Hinir ágætu foringjar í búnaðarmálunum hafa ekki getað tekið sig saman um þetta. Nú hefði ég getað búizt við, að þessir búnaðarþingsmenn, sem sæti eiga hér í landbn., hefðu getað komið því á þar, sem ekki hefði heppnazt á öðrum vettvangi, að þeir yfirleitt gætu orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, svo að við væri hlítandi frá sjónarmiði allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Því að ég veit ekki um neinar óskir um það að halda þessari 17. gr., eins og hún er, hvorki utan þings né innan. Ég á nú ekki sæti í hv. landbn. og get því ekki beitt áhrifum minum þar.

Búnaðarþing gerði í vetur tilraun til að leysa þetta mál, en mistókst, eins og tekið hefur verið fram. Nú er því hér komin till. um að fella niður þessa 17. gr., og það er hörmulegt, ef það má telja, að þeirri till. muni búin þau örlög að verða *felld*, þó að *allir* vilji í raun og veru í hjarta sínu samþ. hana. En mönnum þykir ekki málið vera svo undirbúið, að þeir vilji samþ. hana. En ég held, að ekki væri skaði skeður, þó að 17. gr. væri nú felld úr l. og svo undirbúin ákvæði í hennar stað fyrir næsta þing. Mundi það ekki vera hv. þm. betri vegur heldur en að neyða sjálfa sig til þess að greiða atkv. á móti niðurfellingu 17. gr.? Því að það getur ekki munað nema mjög litlu frá því, þó að 17. gr. sé felld niður nú með samþykki allra

hefur þó verið meiri hluti búnaðarþings, sem staðið hefur að því, að þessi 17. gr. hefur verið leidd í l.

Ég tel það ekki heldur rétt mælt af hv. þm. A.-Húnv., að á búnaðarþingi hafi hver höndin verið uppi á móti annarri, og þegar hann sagði það, mun hann hafa meint það, að því er við kemur ákvæði 17. gr. þessara l. En búnaðarþing lagði mjög mikla áherzlu á það, að jarðræktarl. yrðu afgreidd, hvað sem snerti 17. gr. þeirra. Því að á aukaþinginu, sem haldið var í vetur, var samþ. með samhljóða atkv. á búnaðarþingi svo hljóðandi till., sem ég les hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing beinir þeim eindregnu tilmælum til Alþingis, að það afgreiði frumvarp það til breytinga á jarðræktarlögunum, er lagt var fyrir síðasta Alþingi, og ákveði um leið, að styrkir, sem veittir verða út á jarðabætur ársins 1941, skuli greiðast eftir hinum endurskoðuðu lögum."

Ég skal geta þess, að að þessari samþ. stóð allt búnaðarþing. Og það var tekið fram af þeim mönnum, sem andvígir voru því, að 17. gr. jarðræktarl. væri í l., að þeir væru með þessu, af því að þeir óskuðu þess án tillits til 17. gr., að þessar greinar næðu fram að ganga. Og ég er þakklátur hv. þm. A.-Húnv. fyrir það, að hann er með því, að þetta frv. nái fram að ganga hér á hæstv. Alþ., án tillits til þessarar gr. En verði 17. gr. felld burt úr jarðræktarl. með brtt. við frv., mun ég þó stuðla að því, að frv. nái fram að ganga á Alþ., vegna annarra þeirra breyt., sem í frv. eru. En búnaðarþing stóð einhuga að öllum breyt., sem hér er um að ræða að gera á l., þannig að frv., eins og það liggur fyrir, hefur einhuga samþykki búnaðarþings. Þetta ákvæði 17. gr. jarðræktarl. er því í raun og veru það, sem um er deilt hér. Þess vegna hygg ég, að það geti náðst samkomulag um frv. án tillits til 17. gr. jarðræktarl.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég get verið sammála hv. 1. þm. Rang. um það, að það gæti verið full ástæða til þess fyrir ríkið gagnvart fleiru en jarðræktarstyrknum að setja einhver ákvæði um það, að það fé, sem veitt er af því opinbera, verði ekki að eign einstaklinga, þannig að sú eign verði verzlunarvara, heldur verði styrkirnir raunverulega til þess að bæta afkomumöguleika fólksins í heild. En það er svo um fjölda marga styrki til framkvæmda, sem veittir eru af því opinbera, bæði þá, sem hv. þm. nefndi, og einnig marga aðra, eins og til hafnargerða og lendingarbóta og annarra mannvirkja, að þeir eiga að ganga til þjóðfélagsins í heild, samkv. tilganginum, en sem engin tilraun er gerð til að tryggja, að ekki geti að meira eða minna leyti orðið verzlunarvara einstakra manna, þannig að ég er með hv. 1. þm. Rang. í því, að sú hugsun sé réttmæt, sem felst í 17. gr. jarðræktarl., að reyna að koma í veg fyrir, að þessir styrkir verði til þess, að jarðirnar hækki óhæfilega í verði. Því að ég held, að það sé sammála skoðun allra, að það sé einhver hin mesta plága fyrir landbúnaðinn, hve jarðir komast stundum í hátt verð, og hversu örðugt er þess vegna að reka þær af þeim sökum, sérstaklega á tímum, þegar þær ganga mikið kaupum og sölum. Og þetta vakti fyrir hæstv. Alþ. á sínum tíma, þegar 17. gr. jarðræktarl. var sett. Hitt er annað mál, hvort rétta formið hefur fundizt með þessari tilraun, sem löggjafinn vildi leggja mikla áherzlu á að gera. Ég er viss um það nú, að 17. gr. l. nær ekki þeim tilgangi, sem ætlazt var til. Og um þetta atriði tók ég fram eftirfarandi í umr. um jarðræktarl. á Alþ. 1936:

„Ég skal játa, að það er ekki nema eðlilegt, að mönnum komi til hugar, að sú skipun þurfi að verða á, að jarðræktarstyrkurinn verði ekki eign einstakra manna, er síðan geti selt hann, og hann verði þannig til að hækka jarðarverðið, heldur ætti þessi styrkur að verða til þess að bæta afkomumöguleika allra þeirra bænda, er á jörðinni búa í framtíðinni, og yrði hann því sem gjafahluti ríkisins til ábúandans á jörðinni. En ég tel mjög mikið vafamál, að þetta takist fyllilega og að þetta ákvæði nái tilgangi sínum, en það er þó tilraun í rétta átt, og mun ég fylgja því, ef brtt. n. verður samþ."

Þannig leit ég á það í upphafi, þegar 17. gr. jarðræktarl. var lögákveðin. Og ég hef sannfærzt um það betur og betur, eftir að reynsla hefur komið um það mál, að þessi 17. gr. er allsendis ónóg til þess að ná þeim tilgangi, sem fyrir löggjafanum vakti, þegar þetta ákvæði var sett í l. Og ég er alltaf tilbúinn til þess að ræða við menn um önnur róttækari ákvæði til að ná þessu marki heldur en 17. gr. er. Og á síðasta búnaðarþingi var þetta mál mjög tekið til athugunar, og vantaði ekki nema herzlumuninn, að samþykkt væri gerð á þinginu um önnur ákvæði, sem þeir, sem á þinginu voru, og þar á meðal ég fyrir mitt leyti, álitu nú miklu betur tilgangi 17. gr. heldur en gr. sjálf. Þessi viðleitni strandaði, en ég tel, að þessi viðleitni hafi stefnt í rétta átt. Og þó að trú mín á það hafi minnkað, að 17. gr. þessara l. sé þess umkomin að ná því takmarki, sem henni hefur verið ætlað, tel ég þó ekki rétt að kasta því ákvæði burt úr l., meðan enn er á tilraunastigi, hvaða ákvæði hægt sé að taka upp í hennar stað, og mun ég því greiða atkv. á móti brtt., vegna þess að ég tel, að þessar tilraunir, sem gerðar voru þarna á búnaðarþingi um að finna hentugri leið í þessu efni, eigi að standa þangað til annað ákvæði getur komið í staðinn fyrir 17. gr., sem betur en hún nær þeim tilgangi, sem þeirri gr. var ætlað að ná. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti því, að 17. gr. verði felld niður, ekki af því að ég hafi tröllatrú á henni, heldur af því að ég álít, að þessi tilraun megi vera í l. og það gagn, sem hún gefur, þangað til áhrifameira ákvæði og betra kemur í hennar stað.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég vil ekki láta þetta mál algerlega fara fram hjá mér, enda þótt ég muni ekki auka mikið á þær umr., sem hér fara fram, eða þrætur um einstök atriði málsins að svo vöxnu. Eins og kunnugt er, hefur þetta mál verið nokkuð á döfinni, og má segja að sumu leyti frá því, er jarðræktarl. frá 1936 voru sett. Því að óánægja með fleira en eitt atriði þeirra reis undir eins og l. komu til framkvæmda. Úr þessu hefur verið reynt að bæta,

ur, við erum því mótfallnir, að hún sé numin burt. Ég sé ekki, að hún leggi neina kvöð á jarðeigendur. En eins og tímarnir eru nú og tilhneigingin til að sprengja jarðir upp er mikil, væri aftur á móti alrangt að hverfa frá þessu og gera jarðir að braskvöru.

Um dæmið, sem hv. frsm. nefndi um alvarlegt ástand landbúnaðarins, er ég alveg sammála. Ekki þó vegna kaups þess, er hann þar tilnefndi, heldur vegna þess að peningamenn í kaupstöðunum skuli kaupa jarðirnar dýrum dómum og jafnvel tapa á þeim alla vega í rekstrinum, fremur en sleppa þessu fram hjá sér.

Peningamagnið leitar nú stöðugt meir og meir í fasteignirnar, og hættan vex stöðugt í þessu efni, enda vita allir, að peningarnir eru þar bezt geymdir.

***Jón Pálmason:** Út af verðhækkun á jörðum, er bæði frsm. og hv. þm. Seyðf. komu að, vil ég segja það, að ég tel ekki, að 17. gr. komi í veg fyrir hana, þótt hún sé látin standa.

En ég veit vel, að bæði sveitum og kaupstöðum stafar mikil hætta af þeirri gífurlegu sölu húsa og jarða, er nú á sér stað. Einkum kemur það niður á seinni tímanum og þá helzt þeim, er kaupa og eiga að standa straum af vöxtum og afborgunum af þessum uppsprengdu fasteignum.

Um það, að gr. komi að þeim notum, er henni var ætlað, má segja, að hún gerir það og gerir það ekki. Og svo mikið er víst, að margir bændur hafa ekki tekið við styrknum vegna kvaðarinnar.

Frsm. talaði um, að hann mundi bíða eftir afstöðu búnaðarþings um þetta.

Það er alveg rétt að fylgja því, að þegar búnaðarfélögin eða búnaðarþing hafa komið sér saman um afgreiðslu vandamála landbúnaðarins, þá á þingið að taka það vel til athugunar og breyta því varlega. — En ef búnaðarþingið er ósammála, getur þingið ekki tekið eins mikið tillit til þess. Og í þessu máli var þar hver höndin upp á móti annarri, og hlýtur þingið því að afgreiða það án tillits til búnaðarþings.

Ég skal nú ekki þreyta menn lengur, því að þm. eru þessu kunnugir og munu þess albúnir að greiða atkvæði.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég vildi segja fáein orð um brtt. um afnám 17. gr. Hver trúir, að það yrði ekki til að auka jarðabraskið? Það, sem hér skiptir mestu máli, er að veita styrkinn í jörðina, þar sem hann haldist, en ekki til ábúandans í hverju tilfelli.

Ég vil nefna 2 dæmi. Ríkið veitir ¼ í styrk til að reisa mjólkurbú og hið sama til frystihúsa. Nú hefur einstaklingur selt bændunum eitt slíkt mjólkurbú og ríkisstyrkinn með, svo að hann lendir hjá verzlunarfélagi í Reykjavík í stað þess að vera bundinn í búinu. Það hljóta allir að sjá, hvílík misnotkun og ranglæti þetta er. Það brýtur beint í bága við anda laganna, tilganginn með styrknum. Hér þarf að setja 17. gr., en ekki afnema hana. Styrkinn má ekki selja, hann verður að vera í búinu.

Sala annars mjólkurbús er nú og fyrir hendi. Þó er enn meiri hætta á þessu með frystihúsin, — því að þau eru miklu meira í höndum einstaklinga, — að styrkurinn verði seldur með.

Ég vildi benda vel á þetta. Það er nauðsynlegt að tryggja til fulls, að styrkirnir komi að þeim notum, er löggjafarvaldið hefur ætlazt til. Nú kaupa stríðsgróðamenn jarðir í sveitum, setja á stofn bú eða mjólkurbú og fá til þess styrk. Síðan selja þeir. Ætti því styrkurinn frá því opinbera að verða til þess eins að auka á okurverð jarðanna og renna beint í vasa þessara einstaklinga?

Ég vil svo lýsa þökk minni á því, ef flm. þessarar brtt. vildu flytja hana á hverju þingi. Það mundi opna augu manna betur fyrir því, sem hér er stefnt að.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Háttv. 4. landsk. talaði um að breyta 1. gr. jarðræktarlaganna, fella burtu hámarkið á styrk til grjótnáms.

Ég veit vel, að þetta mun einkum hafa verið nefnt vegna Vestmannaeyja, því að þær hafa hér um sérstöðu vegna litils landrýmis, svo að þar verður að brjóta land og ryðja, er ekki þætti borga sig annars staðar. Ég lofa því, að landbn. skal athuga þetta milli umræðna.

Þetta hefur verið rætt á búnaðarþingi, og ég hef haft löngun til að taka tillit til Vestmannaeyja. En þó tel ég ekki rétt að afnema hámarkið, því að það var einmitt sett til þess að koma í veg fyrir svindl í sambandi við grjótnámið. Grjótið var e. t. v. selt. En mér er ljóst að greiða þarf fyrir þessari sérstöðu. Persónulega vil ég athuga, hvað hægt er að gera fyrir 3. umr.

Háttv. þm. Seyðf. talaði um, að styrkur hækkaði nú til jarðræktar. En það er ekki meira en það, sem nemur verðlagsuppbót, miðað við fyrir stríð. Einkum er það styrkur til framræslu og votheysgryfja, sem hækkar. En þá er líka tilganginum náð, því að það, sem mest veltur á í þessu efni, er, að menn fái aðstöðu til að geta ræst jörðina fram. Og þá tel ég vel farið, ef menn ykju afköst sín í þessu efni verulega frá því, sem nú er. Ég hef einmitt látið rannsaka þetta síðan jarðræktarlöggjöfin kom fram, hvað þetta nemur mikilli hækkun á grunnstyrkjum. En vísitöluhækkun á þeim fer svo eftir verðlagsvísitölu á hverjum tíma.

Ég ætla ekki að deila um brtt. viðkomandi 17. gr. jarðræktarl. En ég hygg, að það sé ofmælt hjá hv. þm. A.-Húnv., að það séu margir bændur, sem ekki hafa tekið við jarðræktarstyrknum. Hann getur a. m. k. fengið lista yfir þá bændur, sem skilað hafa styrknum aftur. Og þeir, sem ekki hafa tekið við styrknum, hygg ég, að ekki séu býsna margir, en þeir eru nokkrir, sem hafa skilað honum aftur.

Þá sagði hv. þm. A.-Húnv., að úr því að búnaðarþing hefði verið sjálfu sér sundurþykkt í þessu efni, þá þyrfti ekki að taka gerðir þess svo hátíðlega til greina. En það er nú svo, að við verðum, í hvaða félagsskap, sem við störfum, að beygja okkur fyrir meiri hlutanum og svo er einnig hér á hæstv. Alþ. Og búnaðarþing er ekki annað en ráðgefandi þing, svo að hæstv. Alþ. getur gert hvað, sem því sýnist um þau mál, sem búnaðarþing fjallar um, hvað sem samþ. er um þau á búnaðarþingi. En það

*Jón Pálmason: Í tilefni af fyrirspurn hv. þm. V.-Sk. skal ég geta þess, sem að nokkru leyti kom fram í yfirlýsingu hv. frsm., að það er ákveðið, að ég og hv. þm. Borgf. berum fram brtt. um að fella 17. gr. niður. Það hefur ekki að öllu leyti náðst samkomulag um eitthvað, sem í staðinn skyldi koma. Eins og hv. frsm. gat um, þá er þetta ágreiningsatriði innan landbn. eins og að undanförnu. Það leit að vísu út fyrir á síðasta aðalþingi, að ef til vill gæti náðst samkomulag um þetta ágreiningsmál, en það varð ekki, og ekkert vitað um, hvort um það verður að ræða. Það var einnig ágreiningur um önnur atriði jarðræktarl., og er n. búin að ganga frá því þannig, að fullt samkomulag náðist um þau atriði, svo sem hámarksákvæði styrks og ýmislegt fleira, og var þar gerð nokkur breyt. frá því, sem búnaðarþing hafði gengið frá 1.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu á þessu stigi til að ræða þetta nánar. Ágreiningurinn um þetta atriði, sem hv. síðasti ræðumaður var að spyrjast fyrir um, kemur til athugunar fyrir 2. umr. í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 37. og 44. fundi í Nd., 17. og 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (161, 186).

*Jón Pálmason: Við 1. umr. málsins lýsti hv. 2. þm. Skagf. afstöðu landbn. til þess og sagði, sem rétt er, að n. hefur orðið sammála um þau ágreiningsatriði, sem í frv. sjálfu felast, en samkomulag hefur ekki að neinu leyti náðst um ágreiningsmálið sjálft. Ég og hv. þm. Borgf. flytjum brtt. um afnám 17. gr. jarðræktarl., en það deilumál er kunnugt öllum hv. þm. og raunar um land allt, og tel ég því enga þörf að fara um það mörgum orðum. En aðalatriðið er, að með þessari 17. gr., en hún var sett inn í l. 1936, er svo fyrir mælt, að jarðræktarstyrkurinn, sem áður var kvaðalaus, skuli vera sem kvöð á jörðunum. Nú kemur þetta mjög glöggt í ljós, þegar farið er að meta jarðirnar eftir hinu nýja fasteignamati, þá er nokkur hluti, sem eigendur jarðanna eiga ekki. Sem sé, það er kvöð, sem er á lögð vegna jarðræktarstyrksins. Við flm. brtt. teljum, að þetta sé ekki heppilegt skipulag og viljum hafa jarðræktarstyrkinn kvaðalausan, eins og áður var. Ég skal ekki fara sérstaklega út í málið, nema tilefni gefist til. Þetta mál er svo kunnugt, að atkv. ættu að geta skorið úr því, án þess að fram færu langar umr.

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég get tekið undir það með hv. þm. A.-Húnv., að ég tel ekki þörf á löngum umr. um þetta mál, vegna þess að það er áður margrætt, ekki einungis hér á hæstv. Alþ., heldur einnig á búnaðarþingi og víðar. Ég skal geta þess, án þess að endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr., þegar ég mælti fyrir þeim brtt., sem hér liggja fyrir, að árið 1939 var sett mþn. í málið, og var henni sérstaklega falið að athuga 17. gr. jarðræktarl. Sú n. náði raunar samkomulagi um það, að stofnaður skyldi sjóður á þann hátt, að sölugjald af jörðum skyldi renna í hann. Hugmyndin var með öðrum orðum sú, að ef jarðirnar seldust yfir fasteignamati, þá rynni nokkur hluti af því, sem væri fram yfir fasteignamat, í sérstakan sjóð, sem væri í umsjón búnaðarfél. hreppsins, og átti hann að vera til almennra nota. Þetta sölugjald hækkaði eftir því, sem verðið fór meir fram úr fasteignamatsverði. Ég skal ekki fara frekar inn á þetta, en sú hugsun, sem lá til grundvallar fyrir þessari málamiðlun, var sú, að koma í veg fyrir það, að jarðirnar hækkuðu óeðlilega í verði. Ég skal lýsa yfir því, að ég er fús til að breyta þessu ákvæði, ef eitthvað annað kemur í staðinn, sem gæti gert meira gagn. Því hefur oft verið haldið fram af ýmsum, er mest andmæla þessu ákvæði, að þetta geri ekki neitt gagn. En þá vil ég segja það, að þá fer að verða lítið úr því, að þetta sé stórkostlega hættulegt ákvæði. Það fór þannig í n., að hún náði samningum við búnaðarþing, og skal ég lýsa yfir því, að ég er samþykkur þeirri höfuðstefnu, sem þar var tekin. Mín afstaða er sú í þessu máli, að ég vil ekki láta breyta 17. gr., fyrr en samþykki bænda á búnaðarþingi hefur náðst um það, og því mæli ég á móti brtt. og sé mér ekki fært að greiða atkv. með henni. En er búnaðarþing hefur tekið stefnu um þetta mál, mun ég vel sætta mig við hana og beygja mig fyrir henni, af því að ég trúi því, að búnaðarþingið taki málið farsælum tökum.

Ég skal nú ekki lengja umr. um þetta mál út af fyrir sig. En í sambandi við það þykir mér ástæða til að koma inn á ýmislegt með tilliti til yfirstandandi tíma.

Það vofir stórfelld hætta yfir sveitunum um stórkostlega verðhækkun jarða og brask með þær. Ég vil nefna eitt dæmi, er ég þekki. Peningamaður úr Reykjavík hefur nýlega keypt stóra kostajörð í sveit. Sjálfur yrkir hann hana ekki, heldur ræður til sín hjón til umsjónar jörðinni og borgar þeim 12—14 þús. kr. í árslaun. Út af fyrir sig er nú náttúrlega ekki sneifill af búviti í svona framkvæmdum. En aðalatriðið er þau áhrif, sem þetta hefur á sveitina eða umhverfið í kring. Þetta getur eitrað ótrúlega út frá sér, þótt tiltölulega fá dæmi væri um að ræða.

En þetta snertir nú ekki beint málið, en er þó í sambandi við það.

*Ísleifur Högnason: Ég vil leita undirtekta landbn. um, hvort ekki væri hægt að koma til leiðar að fella niður hámarkið á styrk til grjótnáms, er tiltekið er í 1. gr. 1 kr. á hvern m³. Ég tel, að fella mætti liðinn eins niður og hann sé þannig. Styrkurinn til grjótnámsins er of lágur, og enn fremur ætti hann að ná til lands, sem verið er að vinna til garðræktar, jafnt og til ræktaðs lands.

Eftir þessa takmörkun styrksins til grjótvinnslu, hefur hún mikið lagzt niður.

Ef n. vildi taka þetta til athugunar, væri eg henni þakklátur.

*Haraldur Guðmundsson: Afstaða okkar Alþfl.manna til afnáms 17. gr. er sú sama og áð-

auðsætt að stefna ber að því, að þessi aðferð nái sem mestri útbreiðslu.

Aðrar breytingar eru tiltölulega litlar, nema styrkir til votheysgryfja hafa verið hækkaðir nokkuð. Áður voru þeir kr. 2.50 á teningsmetra steyptra votheyshlaða, en hér er gert ráð fyrir, að styrkurinn verði kr. 3.50—4.00 á teningsmetra. Þetta er gert út frá þeim forsendum, að nauðsynlegt sé, að notkun votheysgryfja fari í vöxt.

Þetta eru höfuðbreytingarnar á styrkveitingum til jarðræktarframkvæmda. Í sambandi við þetta vil ég svo geta þess, að í 2. gr. er lagt til, að ríkissjóður greiði verðlagsuppbót á jarðræktarstyrki, eftir því sem meðaltal vísitölu kauplagsnefndar segir til. Landbn. vill í því sambandi taka fram, að henni finnst sjálfsagt, að verðlagsuppbætur verði greiddar á styrki ársins 1941, samkv. vísitölu kauplagsnefndar, eða með 60%, því að það mun vera meðaltal vísitölunnar 1941. Ég sé, að hv. þm. Seyðf. er nú kominn í d., og vil ég geta þess, að hann var ekki á fundi, þegar landbn. afgreiddi frv., og er hann því að sjálfsögðu á engan hátt bundinn við það álit landbn., sem hér er lagt fram. Hins vegar starfaði fulltrúi Alþfl. í landbn. í fyrra, hv. þm. V.-Ísf., að þessu frv

Í sambandi við breyt. á II. kafla vil ég nefna eitt atriði enn, þó að það snerti ekki frv. beint, en það er hin margumdeilda 17. gr., sem allir hv. dm. kannast við af þeim umræðum, sem fram hafa farið um það mál.

Eitt af því, sem mþn. búnaðarþings vann að, er hún var að endurskoða jarðræktarlögin, var að komast að samkomulagi um 17. gr., sem fjallar um kvaðir á jarðræktarstyrknum. Nefndin komst að samkomulagi sín á milli og lagði fram sérstakt frv. þar að lútandi fyrir búnaðarþingið, sem hún nefndi frv. um sölugjald af jörðum og átti að koma í stað 17. gr. — Ég var þessu frv. fylgjandi, en á búnaðarþingi náðist ekki samkomulag um frv. Eigi hefur heldur náðst samkomulag um þetta atriði í landbn. þessarar d., en það mun nú frekar athugað undir umr. í þessari hv. d., og eru einstakir nm. algerlega óbundnir um þetta atriði.

3. kafli laganna frá 1936, er fjallar um félagsræktun, er gerbreyttur, en nú eru það 8.—11. gr., sem fjalla um það efni. Þessi kafli fjallaði um skipulag félaga, sem vinna að ræktunarmálum. Er það einkum í kringum bæi og kauptún, sem um slíkt er að ræða. Þær breyt., sem hér er um að ræða, eru góðar og stefna að meira öryggi fyrir þennan félagsskap. Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að fjölyrða um þetta. Það er auðvelt að bera saman 3. kaflann í l. frá 1936 og 8.—11. gr. þessa frv.

4. kafli, um verkfærakaupasjóð, er gerbreyttur nú, og eru það gr. 12.—17., sem fjalla um hann nú. Þessir sjóðir hafa verið þannig myndaðir, að þeir hafa verið séreign hreppabúnaðarfélaganna, því að ríkisstyrknum hefur verið skipt á milli þeirra. Þau hafa síðan í framkvæmdinni alveg ráðið yfir þessum sjóðum. Þetta skipulag hefur reynzt erfitt og ekki heppilegt. Sum hreppabúnaðarfélögin hafa safnað gildum sjóðum, önnur hafa ekki getað staðið straum af nauðsynlegum kostnaði.

Mþn. og búnaðarþing álitu því nauðsynlegt að breyta þessu. Skv. þessu frv. eru þessir sjóðir hér eftir gerðir að einum allsherjarsjóði fyrir allt landið. Að sjálfsögðu halda þau félög, sem nú eiga sjóði, þeim áfram. — Þetta er alger skipulagsbreyting, og hygg ég, að hún reynist heppilegri í framtíðinni.

Á 5. kafla l., sem fjallaði um vélasjóð, hafa verið gerðar allmiklar breyt. Eru það nú 18.—26. gr. í þessu frv., er koma í stað 5. kaflans. Aðalbreyt. er sú, að lagt er hér til, að þessi sjóður fái meira fé en undanfarið, því að tekjurnar hafa reynzt allsendis ónógar. Lagt er hér til, að ríkissjóður leggi honum 25 þús. kr. á ári hverju. Starfsemi sjóðsins er tvískipt. Hann á:

1. að lána fé til kaupa á landbúnaðarvélum, og
2. að kaupa nýjar vélar í tilraunaskyni.

Okkur Íslendinga hefur vantað mjög tilfinnanlega vélar til framræslu. Við eigum ómetanlega fjársjóði fólgna í mýrunum okkar, en getum ekki haft þeirra not, nema mýrarnar verði framræstar í stórum stíl, en það er ekki hægt án véla. Slíkar vélar eru nú að koma á markaðinn, og hefur mér gefizt kostur á að sjá þær hjá amerískra setuliðinu, sem hér er, hvernig þær vinna. Leikur enginn vafi á, að hér er um vélar að ræða, sem eiga eftir að hafa gífurlega þýðingu fyrir jarðræktina hér á landi. Það á að vera hlutverk sjóðsins að kaupa og gera tilraunir með þessar vélar, svo og að veita lán til slíkra vélakaupa. Þetta er ef til vill allra merkasta nýmælið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég hef nú stiklað hér á stóru og aðeins drepið á helztu atriðin í frv., því að eins og ég sagði áðan, fylgir frv. svo ýtarleg grg., að ekki er þörf langra skýringa, en ég taldi hins vegar rétt að drepa á helztu nýmælin, sem líkleg eru til þess að valda straumhvörfum í íslenzkum landbúnaði og jarðrækt.

Ég vil að lokum geta þess, að landbn. leggur áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. T. d. það ákvæði frv., að verðlagsuppbót verði veitt á jarðabótastyrkinn, er svo sjálfsagður hlutur, að þetta Alþ. getur ekki slitið störfum án þess að ganga svo frá því, að tryggt sé, að jarðræktarmenn fái verðlagsuppbót greidda á styrkinn 1941, sem á að greiða í þessum eða næsta mánuði.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. Til n. sé ég ekki ástæðu til að vísa því, þar sem það er frá nefnd.

*__Gísli Sveinsson:__ Ég ætlaði mér ekki að taka til máls um þetta frv. á þessu stigi málsins. Ég sé ekki ástæðu til að fara nú út í einstök atriði frv., sem er að mörgu leyti gott eitt um að segja, en ég vil aðeins gera þá fyrirspurn til landbn., hvort hún hafi ekki hugsað sér að koma með brtt. við 17. gr. jarðræktarlaganna, sem hefur, eins og kunnugt er, verið landsmönnum mikill ásteytingarsteinn. Ég tel því mjög æskilegt og hefði talið, þótt fyrr hefði verið, að menn gætu sætzt á að afnema 17. gr., hvað sem gert yrði í staðinn, sem hefur verið ágreiningur um, hvort nokkuð ætti að vera.

Þessa fyrirspurn vildi ég ekki láta hjá líða að bera fram, af því að ekkert sést um það atriði, og ég vænti þess, að ég fái fullnægjandi svar við henni.

ég, að hæstv. Alþ. bregðist vel við þessari málaleitan og fallist á, að þetta verði gert.

ATKVGR.
Brtt. 30 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StSt, BÁ, BjB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, HG, JakM, JPálm, PHann, SkG, JörB.
SEH greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁÁ, BJ, GÞ, HelgJ, HV, ÍslH, JGM, ÓTh, PO, SK, JÍv, StgrSt, SvbH, ÞBr) fjarstaddir.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391.)
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 426).

---

34. Jarðræktarlög.

Á 33. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936 (þmfrv., A. 161).

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Frv. það, sem landbn. flytur hér á þskj. 161, er enginn nýr gestur í hv. d., því að sama frv. eða frv. hliðstætt því var flutt hér í d. í fyrra og fór umr.-laust gegnum tvær umr., en dagaði þá uppi.

Ég vil því skýra frv. nú fyrir hv. dm. og breyt. þær, sem lagt er til, að gerðar verði. Ég skal fyrst geta þess, sem af vangá er ekki tekið fram í nál., að hv. þm. Seyðf. var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt, þannig að hann er ekki bundinn við frv. eins og aðrir nm., en hins vegar skal ég geta þess, að fulltrúi Alþfl. í n. í fyrra, hv. þm. V.-Ísf., var frv. þá fylgjandi að mestu leyti.

Eins og hv. þm. er kunnugt, voru jarðræktarl. fyrst sett 1923, og er óhætt að fullyrða, að þau hafi síðan verið grundvöllur að öllum ræktunarframkvæmdum í landinu, enda jukust þær stórlega, þegar sú löggjöf var sett. Það mun vera búið að greiða úr ríkissjóði 8—9 millj. kr. í jarðræktarstyrki, eða nærri lætur, að um ½ milljón hafi verið greidd árlega að meðaltali. Styrjöldin hefur hins vegar dregið mjög úr framkvæmdum, svo að s. l. ár voru þær ekki nema um ⅓ hluti þess, sem var fyrir stríð. Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði. 1914—18, eða á styrjaldarárunum fyrri, var það sama uppi á teningnum. Jarðræktarframkvæmdir minnkuðu þá um meira en helming, og ekki voru þær komnar í sama horf og fyrir stríðið fyrr en 1923—24. Nú er þjóðin í enn meiri hættu en þá. Nauðsyn þess að tryggja framkvæmdir í jarðrækt er enn þá brýnni nú. Og það verður að stuðla að því á allan hátt, að menn rækti landið og það verður bezt tryggt með því, að löggjöfin sé þannig úr garði gerð, að jarðræktarmenn sjái, að þeir njóti réttmæts stuðnings hins opinbera. Það er því ekki að ófyrirsynju, að jarðræktarlögin hafa nú verið tekin til endurskoðunar og reynt að bæta úr helztu göllum þeirra og samræma þau, þannig að allir megi vel við una. Ég vil í þessu sambandi benda á eitt atriði, sem kom fyrir, þegar lögin frá 1936 voru prentuð. Þá féll niður ein gr. úr lögunum, sem mun hafa verið 57. greinin, greinatalan hefur því ruglazt í samræmi við það. Þessi grein fjallaði um, að lögin skyldu tekin til endurskoðunar á 5 ára fresti. Hæstv. forseti þessarar deildar benti mér fyrst á þetta. — En þó að þessi gr. hafi á þennan hátt fallið niður, hefur nú samt ákvæði hennar verið framfylgt, þ. e. a. s. á búnaðarþingi 1939 var í samráði við landbrh. skipuð þriggja manna milliþinganefnd til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Nefndina skipuðu þeir Jón bóndi á Reynistað, Hafsteinn bóndi á Gunnsteinsstöðum og Þorsteinn bóndi að Vatnsleysu. Þessi nefnd starfaði svo að endurskoðun laganna og lagði síðan fram frv. fyrir búnaðarþing 1941.

Búnaðarþing gerði lítils háttar breytingar á frv. nefndarinnar og sendi það síðan Alþingi. Landbn. Nd. hefur svo einnig gert á því nokkrar breyt. Ýtarleg grg. fylgir hér frv., og er því ekki þörf mikilla skýringa, enda mun ég hér aðeins drepa á örfá atriði, er snerta aðalbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir á l. frá 1936.

Fyrsta breyt. er við II. kafla laganna, sem fjallar um styrki til jarðræktar- og húsabóta. Breytingarnar eru við 9. gr. Aðalbreyt. er sú, að styrkir til framræslu eru hækkaðir frá því, sem áður var. Mun hækkunin nema nál. 25%, en er dálítið breytileg eftir því, um hvers konar framræslu er að ræða (opna skurði eða lokræsi). Þessi breyt. stafar af því, að reynslan hefur sýnt, að styrkir til framræslu eru of lágir, miðað við aðrar framkvæmdir. Það hefur svo haft þær afleiðingar, að jörðin er ræst fram miklu verr en skyldi. Ég lít svo á, að hér sé um mjög hóflega hækkun að ræða, og orkar tvímælis, hvort hún sé ekki of lítil.

Styrkur til jarðvinnslu er mjög lítið breyttur, t. d. viðvíkjandi græði- og sáðsléttum. Þó er um eitt nýmæli að ræða, að sérstakur styrkur er veittur fyrir sáðsléttur, sem hafa 1—2ja ára forrækt, þ. e. a. s. hafa verið í ræktun 1—2 ár, áður en grasfræinu er sáð. Reynslan hefur sýnt, að þessi aðferð gefur langbeztan árangur, og er

árangurinn af laxaklaki í vötnum okkar, ekki sízt í sambandi við Eyjafjörð. Þetta mál er fram komið meðal annars vegna þess, að klak er hafið í öllum ám við Eyjafjörð hin síðari ár, og eru allar líkur til, að þar muni þessi grein verða fyrst notuð, ef hún verður samþ. Ég vildi leggja til, að frv. verði vísað til landbn., af því að slík mál hafa þangað farið áður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 144).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Við 1. umr. þessa máls var gerð nokkur grein fyrir frv., svo að ég þarf ekki að segja margt um það nú. Hér er ekki um að ræða mikilvægar breyt. á lax- og silungsveiðil. Þó að þessum l. hafi árlega verið breytt, þá virðist þeim breyt. ekki vera lokið enn. Það er alltaf eitthvað, sem kemur fram, sem þarf lagfæringar. Annars er það álit landbn. um þetta mál, þótt það sé ekki stórvægilegt, að rétt væri að tryggja sem bezt, að ekki væri gengið á rétt einstaklinga, sem sjóveiði hafa, nema það væri nauðsynlegt. Og þar sem fiskiræktarráðunautur hefur fastlega mælt með frv. og það hefur einnig verið sent veiðimálan. og hún lýst því ákveðið yfir, að hún vilji, að frv. nái fram að ganga, taldi n. rétt með þeim tryggingum, sem eru í frv., að mæla með, að það yrði samþ. Þó er þess að geta, að víða geta veiðistöðvar verið undan landi, sem bæjarfélög eiga, og þá þótti ekki rétt, að þeim væri gert lægra undir höfði en sýslufélögum. Taldi n. því rétt og sjálfsagt, að ef ætti að setja bann, þar sem bæjarland er, að þar kæmi til álit og umsögn bæjarstjórnar. Þess vegna er með ráðnum hug lagt til, að í frv. skuli standa „út frá bæjarlandi", þ. e. framlenging bæjarlands út í sjó. Með þessari breyt. leggur n. til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 144 samþ með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 167).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mér finnst ég mega til að gera grein fyrir atkv. mínu um þetta mál. Ég var í n., sem fór með frv., og ég var með því, að það næði fram að ganga. Ég lít svo á, að það geti verið nauðsynlegt að friða þennan göngusilung, sem talað er um í frv., í sjó á ákveðnum svæðum. Og þegar ég er með því, að þessi heimild verði sett í l., þá byggist það eingöngu á því, að það er ætlazt til, að fyrst og fremst sé það ekki gert nema þar, sem fyrir eru fiskiræktar- og veiðifélög, og þá geri þau fyrst till. um það, á hve stóru svæði friðunin sé gerð, og að þar næst er ákveðið, að sýslunefnd skuli hafa mælt með slíkri friðun, til þess að hún megi vera gerð, og að till. þeirra aðila beggja gangi svo gegnum veiðimálastjóra, og þá fyrst á, eftir frv., ráðh. að vera heimilt að takmarka eða banna þessa veiði.

Mér er ljóst, að heimild þessi er notuð víðtækt, og ef miður gætin sýslun., sem hlut á að máli, mælir með slíkum takmörkunum, þá mundu ýmsar jarðir, sem góðar tekjur hafa nú af silungsveiði í sjó, geta misst afnot af þeirri veiði. Það eru til staðar ákaflega skiptar skoðanir um það, hve langt eigi að ganga í þessu efni. Sumir vilja halda því fram, að allur silungur, sem veiðist í sjó í Skagafirði, t. d. út með Höfðaströnd og jafnvel út fyrir Hofsós og einnig langt út með Skaga að vestan, sé á leið upp í Héraðsvötn, og eigi að banna veiði hans í sjó á þessum svæðum af því. Ég vona, að sýslun. Skagafjarðarsýslu leggi ekki þann skilning í þetta, og ef hún gerir það, að sá skilningur verði ekki viðurkenndur af ráðh. Og í trausti þess, að þannig verði ekki að farið, er ég með frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, 304, n. 358).

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta mál er komið frá hv. Ed. Landbn. hefur athugað það og samþ. að mæla með því. Ég hef hins vegar leyft mér að koma með brtt. við það um að bæta inn í nýrri grein, um að framlengja þann tíma, er bændur geti innleyst þau veiðiréttindi, sem seld hafa verið frá jörðunum um 5 ár enn þá. Undanfarið hafa ýmsir, svo sem kunnugt er, seilzt eftir veiðiréttindum og skilið jarðirnar eftir veiðilausar. Þegar lögin voru sett 1932, fannst Alþingi sjálfsagt að koma í veg fyrir þetta, og var þá sett það ákvæði í l., að veiðirétt megi ekki skilja frá landi. Einnig, að bændur megi krefjast þess að fá að innleysa veiðiréttinn eftir matsverði innan 5 ára frá útgáfu l. Á þeim árum höfðu bændur ekki fjárhagslega getu til þess að innleysa þessi veiðiréttindi, svo að þegar fyrstu 5 árin voru liðin, var leitað til Alþingis, og það framlengdi tímann um 5 ár í viðbót.

Nú eru ýmsir enn þá eftir, en þessi 5 ár liðin. Nokkrir menn hafa óskað eftir því við mig, að innlausnarrétturinn yrði enn framlengdur um 5 ár, og er það það, sem ég nú fer fram á. Vænti

Forseti (JörB): Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og hv. 1. flm., að máli þessu verði frestað fyrst um sinn, og vil ég því einnig fresta till., ef hv. flm. hennar leyfir.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég vildi aðeins gera leiðréttingu á því, sem hv. þm. V.-Húnv. kallaði brot á skipulagsskrá. Það, sem hér er um að ræða, er að heimila núverandi eiganda að selja þetta land. Það er auðvitað ekkert brot á erfðaskránni, þó að seldur sé litill hluti af þessu landi til almenningsþarfa, né heldur brot á eignarrétti. Mig undrar, hvað hv. þm. er viðkvæmur í þessum málum. Ég hef ekki orðið var við þessa viðkvæmni hjá honum og hans samherjum, þegar þeir eru að koma einstaklingseignum í vörslu þess opinbera. Ég efast um, að það sé fullkomin ósk bænda að afhenda jarðir sínar til þess opinbera, þegar ríkið er búið að sölsa þær undir sig og upphefja þannig sjálfseignarbúskap í landinu. Þessi mótþrói mundi þó ekki stafa af því, að Reykjavík á hér hlut að máli. Ef Reykjavíkurbær hefur einhverjar óskir fram að færa, jafnvel þó að þær séu til almenningsheilla, eru sumir hv. þm. alltaf að þessu eilífa naggi og sjá ofsjónum yfir öllu, bænum í hag.

Skúli Guðmundsson: Ég læt þessari síðustu ræðu ósvarað, en vísa heim til föðurhúsanna öllum aðdróttunum hv. þm. Hann gekk nú sem fyrr alveg framhjá því aðalatriði, að Reykjavíkurbær getur fengið varanleg umráð yfir þessum landskika, án þess að brotin verði fyrirmæli í erfðaskrá hins látna jarðareiganda. Um það eru brtt. mínar.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 157, 302).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 302. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 302 felld með 10:6 atkv.

Frv. samþ. með 13:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar

Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 339).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Frv. þetta er borið fram eftir ósk borgarstjóra Reykjavíkur, og fer það fram á, að heimilað verði að taka eignarnámi nokkurn hluta jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi í þeim tilgangi að auka við fyrirhugað friðland Reykvíkinga, „Heiðmörk", sem í ráði er að girða. Ástæðan fyrir því, að frv. er borið fram, mun vera sú, að Skógræktarfélag Íslands hefur með bréfi, dags. 18. febr. s. l., boðið Reykjavíkurbæ að leggja fram nokkurn hluta girðingarkostnaðar um þetta land með því skilyrði, að það land, sem hér um ræðir, sem er nokkur hluti af landi Vatnsenda, verði tekið með. Ástæðan til þess, að farið er fram á þessa eignarnámsheimild, mun vera sú, að ekki hafa tekizt samningar um kaup á þessu landi. En svo mun hafa verið ákveðið í erfðaskrá frá fyrri eigenda jarðarinnar, að ekki mætti selja þetta land, og núverandi eigandi mun ekki telja sig hafa rétt til að selja þetta land. Eina leiðin til þess að ná þessu landi er því sú, að taka það eignarnámi, og er getið um það í grg. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um stærð þessa lands, en í bréfi skógræktarfélagsins er sagt, að það sé ekki ýkjastórt. Aftur á móti mun þetta vera gott sauðland, og mun verða tekið tillit til þess við mat á þessu landi og greiðslu skaðabóta í sambandi við söluna. Mál þetta gekk slysalaust gegnum hv. Nd., og allshn. þessarar d. hefur athugað það og ekki séð ástæðu til þess að gera neinar breyt. á frv. og leggur því til, að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.

2. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 13. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 419).

---

33. Lax- og silungsveiði.

Á 19. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði (þmfrv., A. 77).

Á 21. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Frv. þessu fylgir ýtarleg grg. frá klakmönnum landsins. En eins og 1. gr. sýnir, er tilgangurinn sá að hindra það, að með ógætni við veiði takist að eyðileggja

við bæinn og reyna að koma upp ræktun, bæði trjárækt og öðru til prýði, svo að bæjarbúar eigi eitthvert friðland að fara á sér til dægrastyttingar. Land þetta hefur verið kallað Heiðmörk. En bærinn hefði þurft að fá leigt og keypt land hjá jörðum hér í nágrenninu, til þess að land bæjarins verði samfelld heild. Það er samkomulag um það, að landið verði látið af hendi fyrir sómasamlega greiðslu, en það, sem á strandar, er það, að í gildi eru ákvæði, sem banna að selja jörðina Vatnsenda, og því þarf að koma sérstakt ákvæði um, að eignarnám megi fara fram, samkv. mati. Það liggja fyrir um þetta mál bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík og Skógræktarfél. Íslands, sem hefur heitið myndarlegri gjöf til stuðnings því, að hugmyndin um friðland Reykvíkurbæjar komist í framkvæmd, og eru bréf þessi prentuð sem fskj. með frv. Ég hef engu við það að bæta, sem þar er fram tekið. Vænti ég, að hv. þd. vilji greiða fyrir málinu og vísi því til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 246).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Í grg., sem fylgir þessu frv., er talið, að málið sé fullskýrt með bréfi frá borgarstjóra Reykjavíkur og öðru bréfi frá Skógræktarfélagi Íslands, sem bæði eru prentuð með grg. Ég hef lesið þessi bréf, en þau hafa ekki getað sannfært mig um, að rétt sé að samþ. frv., eins og það liggur fyrir. Í bréfi skógræktarfélagsins er sagt, að í erfðaskrá Magnúsar heitins Hjaltested sé ákveðið, að ekki megi selja jörðina Vatnsenda. Í sama bréfi er bent á, að bærinn geti tryggt sér hluta af landi jarðarinnar með því að leigja það um alla framtíð. Ég skal játa, að ég er með öllu ókunnugur þeirri erfðaskrá, sem hér er nefnd og kveður svo á, að ekki megi selja jörðina Vatnsenda. En mér finnst það óviðeigandi, að Alþ. ákveði með löggjöf að brjóta niður ákvæði erfðaskrárinnar að nauðsynjalausu. Ég segi að nauðsynjalausu, þar sem ég tel, að Reykjavíkurbær geti fengið umráð yfir þessari landspildu án þess að fella fyrirmæli erfðaskrárinnar úr gildi. Ef ekki nást samningar um það, væri hægt að óska eftir lögum um leigunám á landi þessu um ótakmarkaðan tíma, og með því yrði ekki breytt fyrirmælum hins látna jarðareiganda.

Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. flm. þessa frv., hvort yfirvöld Reykjavíkurbæjar muni hafa gert tilraun til þess að fá þessa landspildu á leigu, en ef það hefur ekki verið gert, þá hvort þeir telji ekki rétt að reyna þá leið, áður en óskað er eftir afskiptum Alþingis af málinu. Sjái þeir þess engan kost, vil ég skjóta því til hv. flm., hvort þeir vilji ekki breyta frv. þannig, að í staðinn fyrir „eignarnám“ komi leigunám á þessu landi. Ég játa, að ég er ókunnugur staðháttum þarna, en dreg það ekki í efa, sem hér er haldið fram, að hentugt væri fyrir Reykjavíkurbæ að fá landskika þarna til varanlegra umráða. En sé þörf lagasetningar, tel ég réttara að samþykkja lög um leiguafnot heldur en að fara með Alþingisdómi að ógilda erfðaskrá, sem fyrrverandi eigandi jarðarinnar hefur gert.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég hygg, að viðkvæmni hv. þm. V.-Húnv. í þessu máli sé óþörf, þar sem ekki er um ágreiningsmál að ræða. Það er lítill landskiki, sem kemur til greina, og forráðamenn lands þessa og bæjarstjórnina og skógræktarfélagið annars vegar greinir ekki á um þetta mál, enda er hér um lítilfjörlegan hlut að ræða. Þetta kemur heldur ekki í bága við nein fyrirmæli, sem gefin hafa verið um þetta efni, og því óþarft að rugla frá því, sem er í frv. Það var allt annað, sem hinn látni jarðareigandi hefur haft í huga, þegar hann gaf þessi fyrirmæli. Mun hann hafa verið að koma í veg fyrir, að jörðin færi í brask, og þótt þetta horn gangi frá, verður hún eftir sem áður gild og sjálfstæð eign. Ég mun því halda fast við frv. eins og það er.

Skúli Guðmundsson: Það kemur ekki fram í þessu frv., hve mikill hluti af jörðinni frv. ætlast til, að keyptur verði. Nú stendur í bréfi skógræktarfélagsins, að land þetta sé ekki ýkja stórt, en bezta sauðfjárland bóndans á Vatnsenda. Mér er ekki kunnugt um þetta atriði, enda skiptir það ekki miklu máli, hvort stóran eða lítinn hluta af landinu á að taka. Hv. 1. flm. talar um óþarfa viðkvæmni mína í svo lítilfjörlegu máli. Ég vil endurtaka það, að ekki er rétt að eyðileggja að nauðsynjalausu fyrirmæli í erfðaskrám manna. Á síðari árum hafa margir menn lagt fram fé í sjóði til almenningsþarfa. Eru þegar til margir slíkir sjóðir, þar sem gefendurnir hafa með skipulagsskrám ákveðið, hvernig skuli ráðstafa fé sjóðanna. Ekki alls fyrir löngu hefur Alþ. sett löggjöf um eftirlit með opinberum sjóðum í því skyni að tryggja, að farið yrði eftir fyrirmælum gefendanna. Sú löggjöf mun styrkja þá trú manna, að einhverja þýðingu hafi að ráðstafa fé á þennan hátt. Ég tel því illa viðeigandi, að Alþ. fari að óþörfu að ógilda fyrirmæli í erfðaskrám, og hefur því ekki verið mótmælt af hv. 1. flm. Og ég sé ekki betur en brotið verði í bága við áðurnefnda erfðaskrá, verði frv. samþ. óbreytt. Ég vil því leyfa mér að bera fram þá brtt. við frv., að í stað eignarnáms komi leigunám, og mun afhenda forseta till.

manna betur, þá getur hv. þm. alveg eins verið með brtt., þó að hún komi við þetta mál. Ég segi, að till. eigi einmitt að koma við þetta frv. Í hinu frv. er ekki gert ráð fyrir því sem skilyrði fyrir lækningaleyfi, að maðurinn gegni héraðslæknisstörfum svo lengi; ekkert á það minnzt. Þess vegna er ekki hægt í því frv. að gera ráð fyrir möguleikum, sem liggja fyrir í allt öðru máli. Það, sem mér virðist okkur greina á, mig og hv. þm. Barð. og hv. 2. þm. Rang., er það, að ég vil gera greinarmun á því, hvort læknirinn er í héraðinu af fúsum og frjálsum vilja, eða hann er skyldaður til þess eftir langt nám gegn vilja sínum, því að annars færi hann ekki að stunda lækningar. Hv. þm. Barð. kvað óskandi, að málið kæmist á það stig, að það væru eldri læknar og reyndir, sem vildu fara í þau störf. Ég er því sammála, en þá fer reyndari maðurinn þangað af því, að hann vill það sjálfur. Og hann er ekki þvingaður til að breyta námsáætlun sinni, eins og ungi læknirinn, sem er kannske á leið að verða sérfræðingur í einhverri grein læknavísindanna eftir sitt 11 til 12 ára nám hér. Það veit enginn, hverju þetta kann að muna fyrir ungan mann, sem þarf að sigla til að menntast í sérgrein sinni, ef hann er tafinn í 6 mánuði. Enda hefur það komið fram hjá þessum tveimur hv. þm., að þetta sé neyðarráðstöfun, sem óskandi væri, að aldrei þyrfti að grípa til. En er þá ekki rétt að hafa heimild þessa í því formi, að sem minnst geti skemmt aðstöðu þeirra, sem kröfunni þurfa að hlíta? Og báðar þessar till. ganga í þessa átt. Önnur styttir vinnutímann úr 6 mánuðum í 4 mánuði, en hin tryggir þeim betri laun. Vera má, að hægt hefði verið að ganga lengra til að bæta aðstöðu þessara manna, og hefði verið þess vert, þar sem allir viðurkenna þetta sem neyðarráðstöfun. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að þegar kandídat *gegndi héraðslæknisstörfum, félli hann ekki undir* þessi ákvæði um laun, heldur launalögin. Alveg rétt. En það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að hann eigi að gegna læknishéraði ekki sem settur læknir, heldur aðstoðarlæknir héraðslæknis. Í þessu frv. er sérákvæði um kandídata, að leyfið til læknisréttinda sé bundið skilyrðinu um þessa þjónustu. Og það er eingöngu *gagnvart þessum mönnum, sem ég vil hafa lágmarkslaun hærri.* Og þó að héraðslæknir greiddi aðstoðarlækni a. m. k. 100 kr. eða meira á mánuði, þá sé ég ekki að saki að hafa þetta í l. Við skulum hugsa okkur kandídat, sem öðlast vill ótakmarkað lækningaleyfi og fer í stjórnarráðið og til landlæknis, en er neitað, nema hann fari fyrst út á land og gegni aðstoðarlæknisstörfum. Hefur þessi maður aðstöðu til að knýja út svo og svo hátt kaup? Alls ekki, því að hann verður sjálfur allt til að vinna að fá sitt lækningaleyfi.

Ég sé ekki, hvers vegna ekki má lögbinda þetta. Þetta ákvæði um launin á að vera í sambandi við þessa gr. l., því að þetta er sérákvæði, sem þvingar kandídata til að gegna þessu starfi.

***Bergur Jónsson:** Það kennir dálítils misskilnings hjá hv. 7. landsk. Í frv. á þskj. 80 er gert ráð fyrir því að bæta úr þörf á læknum til aðstoðarstarfa úti um landið. Það er auðvitað ekki á nokkurn hátt takmarkað við unga menn og óreynda, heldur er meiningin að ná í þá, sem færastir fást. Í frv., sem hér um ræðir, er aftur á móti verið að reyna að gera öryggisráðstafanir til þess, að ef svo fer, að ekki fást aðrir menn í þessi störf heldur en nýútskrifaðir kandídatar, og ef ekki er hægt að fá þá nema að skylda **þá, þá megi skylda þá.** Frá sjónarmiði fólksins úti um landið, sem þarfnast læknanna, hljóta að vera tvö aðalatriði, sem leggja verður áherzluna á. Annað það, að hafa greiðan aðgang að því að leita læknis; hitt að læknirinn sé slíkur, að verulegt gagn reynist í að leita hans. Aðstaðan úti um landið yfirleitt er svo óskaplega miklu erfiðari fyrir fólkið heldur en í fjölmenninu í Reykjavík og einstöku stöðum öðrum, þar sem er fjöldi sérlækna og annarra lækna. Það er verið að reyna að draga úr þessum erfiðleikum dreifbýlisins með þessum l., og ég vil því leggja hina fyllstu áherzlu á, að ekki verði eingöngu lögð stund á að fjölga þessum læknum, heldur að fá færa menn til starfsins. Og þá kem ég að atriðinu, sem hv. 7. landsk. virðist misskilja í minni aðstöðu. Ég tel ekki rétt að ganga þannig frá löggjöfinni, að tvímælalaust sé, að þótt yngstu og óreyndustu mennirnir veljist í þessi störf, hafi þeir meiri kauptryggingu en þeir, sem reyndari eru og færari. Þau öryggisákvæði, sem sett eru inn í löggjöfina til þess að veita aðstoðarlæknum nægilega góð kjör, til þess að góðir menn dragist að starfinu, hefðu átt að vera í hinu frv., en ekki eingöngu um þann flokk manna, sem í neyð á að grípa til, ef ekki fást aðrir. Það er að líta allt of einhliða á málið. Ég tel sjálfsagt, að ef beita þarf menn nauðung, þurfi að sjá svo um, að þeim verði sem minnst raun að. En aðalatriðið er að búa svo í haginn, að fyrst og fremst fáist af sjálfsdáðum æfðir menn, og ekki þurfi *neinni nauðung* að beita.

ATKVGR.
Brtt. 359,a felld með 12:5 atkv.
— 359,b felld með 12:6 atkv.
Frv. samþ. með 18:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 405).

32. Eignarnám spildu úr Vatnsendalandi.

Á 33. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi (þmfrv., A. 157).

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Þetta er einfalt mál og líklega enginn ágreiningur um það. Það er talað um að friða allmikið land í nánd

gert ráð fyrir því, að læknakandidatar fái sem aðstoðarlæknar 400 kr. í laun á mánuði úr ríkissjóði. Virðist ekki vera nema sanngjarnt, ef læknakandidatar eru þvingaðir gegn vilja sínum til að gegna þessum læknisstörfum að afloknu löngu og dýru námi, að þeir fái þá nokkrar sárabætur með því að fá aukin laun fyrir það. Og þess vegna er síðari stafl. brtt. okkar fram fluttur, um það, að þeim verði tryggðar a. m. k. 100 kr. á mánuði annars staðar frá en frá ríkissjóði eftir hinu frv. um þetta mál. Og þá er till. okkar hugsuð þannig, að um leið og landlæknir semur við læknakandidat um að fara sem aðstoðarlæknir út í hérað, þá tryggi landlæknir kandidatinum með samningi a. m. k. þessar 100 kr. auk hinna 400 frá ríkissjóði. En ef þetta hérað, sem læknakandidatinn fer í, er ekki skipað, þá fái læknakandidatinn a. m. k. 500 kr. úr ríkissjóði á mánuði. Ég veit af viðtali við ýmsa læknanema, að þeir telja nokkra bót í þessu, ef þeir fá hækkuð laun sín. Það er sitt hvað að fara viljugur út í slíkt starf sem þetta, sem hér er um að ræða, eða fara í það nauðugur, og má því ekki minna vera en að læknakandidötum sé bætt það upp, og þá helzt með launaviðbót, ef þeir eru þvingaðir til þess að takast slík störf á hendur. Og að því miðar þessi brtt., sem ég vænti því, að verði samþ., því að hún er á fyllstu sanngirni byggð.

*Helgi Jónasson: Frv. þetta á þskj. 92 er nú búið að vera fyrir hv. Ed. og fékk þar góða afgr., svo að ég vænti þess sama í þessari hv. d. Það er rétt, sem hv. 7. landsk. tók fram, að í l. þessum er um nokkra þvingun að ræða, ef ákvæðum er fylgt fram. En þetta er af nauðsyn, því að það hefur reynzt ákaflega erfitt að fá lækna út í héruðin. Og þessa heimild á alls ekki að nota, nema brýna nauðsyn beri til. Því er margbúið að lýsa yfir.

Um brtt. skal ég ekki fara mörgum orðum, en mér sýnist þær heldur óþarfar. Ég get ekki séð, að það skipti miklu máli fyrir kandidata, hvort þeir eru skyldaðir til þessarar þjónustu í 4 eða 6 mánuði. Það var fyrst talað um eitt ár, og þótti ýmsum ekki of langur tími, en til samkomulags við lækna og kandídata var horfið að því að stytta tímabilið í 6 mánuði. Um launakjörin, sem hv. þm. var að tala um, er það að segja, að byrjunarlaun eru ákveðin upphæð, og mundu þeir, sem fara í héruðin til þessara starfa, fá þau og tekjur fyrir læknisvitjanir að auki. Sé ég ekki, að þeir séu verr tryggðir en aðrir læknar, sem þessu verða að sæta, og getur ekki talizt illa farið með ungan lækni, þó að hann sitji við sama borð og læknirinn, sem í héraðinu hefur verið. Í lakari héruðum fá menn strax launahámark, og það mundu kandidatar líka fá. Í þessum fámennu héruðum, sem helzt vantar lækna, eru því launakjörin mjög sæmileg. Þeir hafa líka læknisbústað með góðum kjörum, og sumir áhöld og lyf, sem ríkið leggur til.

Þá talaði hv. 7. landsk. um bréfið frá læknum í Reykjavík. Ég hef ekki séð bréfið, en mér er kunnugt, að ýmsir læknar hér eru alls ekki á móti þessu og telja þetta sanngjarnt, eins og kom fram á fundi stúdenta. Og utan af landinu hafa borizt símskeyti frá mörgum læknum, sem eru mjög fylgjandi þessu máli og telja mikla bót, ef frv. yrði að l.

Ég tel brtt. ekki stórvægilegar, en tel rétt að fella þær.

*Bergur Jónsson: Ég hef skrifað með fyrirvara undir nál. í þessu máli. Fyrirvarinn er viðvíkjandi því, að ég er sömu skoðunar og hv. 7. landsk., að þar sem læknisnám er langt og erfitt, gæti verið nokkuð hart að gengið að bæta við þessari kvöð, sem farið er fram á. Hins vegar treysti ég því, að þetta verði ekki misnotað, heldur aðeins, þegar brýn þörf er til. Og þess vegna mun ég hætta á það að fylgja þessu frv. Enda lýsti hv. 2. þm. Rang. yfir, að heimildin mundi ekki verða notuð í öðrum tilfellum.

Tveir hv. þm. hafa borið fram brtt. við þetta frv. Sú fyrri, að stytta tímann í 4 mánuði, finnst mér ekki stórvægileg. En ef á annað borð á að nota þessa heimild, sýnist mjög meiningarlítið að hafa tímann skemmri en 6 mánuði. Um hitt atriðið er þess að gæta, að með öllum þessum frv., þskj. 59 og 80 og þessu, er verið að reyna að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem er fyrir hendi um að fá sæmilegan lækniskost í héruðin úti um landið. Og allir, sem um þetta mál hafa látið í ljós skoðun sína, eru sammála um, að úr þessari þörf verði að bæta. En þessi brtt. er um það að tryggja á sérstakan hátt launakjör þeirra fjögurra aðstoðarlækna, sem gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 80, þannig að auk þeirra 400 kr., sem nú eru komnar inn í það frv., að greiða skuli til þessara aðstoðarlækna, skuli einnig greiða 100 kr. annars staðar að, hvort tveggja auk dýrtíðaruppbótar. Ég álít, að þessi breyt. eigi alls ekki við í þessu frv. Sést það bezt á því, að ef svo bæri undir, að til þessara aðstoðarlæknisstarfa, sem gert er ráð fyrir í hinu frv. að stofna til, fengjust reyndir læknar, þá væri ákaflega einkennilegt, að í l. um þá væri eingöngu gert ráð fyrir 400 kr. greiðslu úr ríkissjóði, en hærri greiðslu til hinna ungu manna og óreyndu. Þessi till. átti í raun og veru að koma fram við hitt frv., því að þetta frv. er eingöngu borið fram til þess að reyna að tryggja það, ef í nauðir rekur, að hægt sé að fá menn í þau störf, sem þar um ræðir. Um þessar 100 kr. annars staðar frá er ég í dálitlum vafa, hvort hér er verið að bæta hag þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Ég hygg það engum vafa undirorpið, enda upplýst af þeim, sem betur þekkja, að margir héraðslæknar á landinu, og í raun og veru allir, sem mundu þurfa hjálpar þessara aðstoðarlækna, mundu leggja af mörkum meira og minna til þess, og geri ég ráð fyrir, að það yrði meira en 100 kr. plús dýrtíðaruppbót. Ég er þess vegna í vafa um það, að bæta mundi hag þeirra að setja inn í hvaða frv., sem væri, ákvæði um þetta. Ég efast ekki um góðan tilgang hjá flm. brtt. En ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti þessu. Hins vegar harma ég, að menn skyldu ekki hreyfa þessu í sambandi við fyrra frv., því að þar átti till. heima.

*Garðar Þorsteinsson: Mér þykja mjög einkennileg síðustu orð hv. þm. Barð. Ef þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja aðstöðu þessara

þeirra, sem nú eru á ferðinni, hvort ekki væri rétt að launa lækna eingöngu af því opinbera, en láta alveg falla niður greiðslur til þeirra frá einstaklingum. Það eru slík atriði, sem þarf að athuga, hvernig eigi að ráða fram úr. Þetta er því ekki eingöngu óheppileg leið, heldur kák, sem gerir skaða. Þetta er að setja bót á gamalt fat og láta það svo drasla í staðinn fyrir að taka málið til alvarlegrar athugunar, — taka það róttækt fyrir. En það koma engar till. fram um slíkt. N., sem hafði málið til athugunar, gerði ekkert í slíku. Ég veit ekki, hvort hægt er að búast við, að slíkar till. komi beint frá læknum. Ég býst við, að þaðan sé varla að vænta róttækra ráðstafana, og hygg ég því, að þær verði að koma frá Alþ.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Það þarf ekki alltaf að fordæma að setja bót á slitið fat. Það getur verið, að það sé betra en að láta flikina vera rifna.

Út af því, að allshn. hefði átt að rannsaka þetta mál nánar, þá hefur hún ekki haft mikinn tíma til þess. Hún er mjög störfum hlaðin og mun vera sú n., sem flest mál fær til meðferðar. N. hefur átt tal um þetta við landlækni. Hann hefur lagt eindregið með því, að þetta frv. verði samþ., að sjálfsögðu að athuguðu máli. Hv. 4. þm. Reykv. telur þessa leið mjög slæma, en sjálfur hefur hann ekki bent á neina færari leið. Hann segir, að hægt væri að setja l. um, að læknar, sem væru í útkjálkahéruðum ákveðinn tíma, sætu fyrir betri störfum, þegar um þau væri að ræða. Það hefur oft verið talað um, að þetta væri eðlileg aðferð, en þó geta á því verið ýmsir gallar. Það er ekki víst, að heppilegt sé að fela lækni t. d. forstöðu fyrir stóru sjúkrahúsi í kaupstað, þó að hann hafi verið lengi í afskekktu héraði. Það er engan veginn gefið, að hann sé vel til þess fallinn, þó að hann kunni að hafa reynzt ágætur héraðslæknir. Það mun reynast erfitt í framkvæmdinni að láta þjónustualdur lækna ráða, þegar ráðstafa á betri læknishéruðum. Það er því engan veginn víst, að þessi regla yrði réttlátari eða betri á nokkurn hátt. Ég geri líka ráð fyrir, að kandídatar muni sætta sig við þau ákvæði, sem þegar er verið að lögfesta, þegar til framkvæmdanna kemur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 359 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 92, 359).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég og hv. 6. þm. Reykv. (JGM) berum fram brtt. við þetta frv., og er brtt. okkar á þskj. 359, í tveim stafl. Fyrri brtt. er um það að stytta tímann, sem hægt er að gera læknakandidötum það að skyldu að vera aðstoðarhéraðslæknar eða gegna læknisstörfum í héraði, úr 6 mánuðum í 4 mánuði. Hin brtt., þ. e. síðari málsliðurinn, er um það, að launin, sem þessir aðstoðarlæknar skuli hafa, skuli hækkuð úr 400 kr. á mánuði upp í 500 kr. á mánuði, auk dýrtíðaruppbótar, og séu þá greiddar 400 kr. af því frá ríkissjóði, eins og nú er ætlazt til, en þessum læknum séu svo tryggðar 100 kr. á mánuði annars staðar frá.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gengur út á það, að það sé heimilt að gera það að skilyrði fyrir því, að læknakandidatar fái ótakmarkað lækningaleyfi, að þeir hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni í allt að 6 mánuði að loknu námi. Og ástæðan fyrir því, að þetta frv. er komið fram, mun vera sú, að erfitt muni hafa verið að fá lækna í ýmis héruð, sem hafa verið læknislaus, og eins það, að héraðslæknar hafa ekki getað fengið læknakandidata til að vera hjá sér. Með þessu móti, sem í frv. má sjá, á svo að þvinga það fram, að læknakandidatar taki við þessum störfum um ákveðinn tíma, og það á að gerast með þeirri aðferð að neita þeim að öðrum kosti um lækningaleyfi. Ég dreg nú nokkuð í efa, að þetta sé rétt leið til þess að bæta úr þessum annmarka. Það er a. m. k. svo, að Læknafélag Reykjavíkur hefur skrifað Alþ. bréf, þar sem það af ýmsum ástæðum mælir gegn því, að þetta mál verði samþ. Í fyrsta lagi telja þeir félagsmenn, að þetta nýmæli muni að vísu geta þvingað marga unga lækna til þess að vinna að þessum störfum, en samt sem áður muni þetta ekki bæta úr þeim vandkvæðum, sem eru tilefni þessa frv., því að naumast þurfi að búast við, að læknakandidatarnir, sem gegn vilja sínum fari í slík embætti, muni ílengjast í héruðunum fram yfir þann nauðungartíma, sem þeir væru skyldaðir til að gegna störfum í héruðunum, auk þess sem þessi skyldukvaðartími sé mjög langur, og að þess sé krafizt af þessum mönnum (læknunum), að þeir þurfi að sigla og vinna við spítala erlendis, og í það fari jafnvel nokkur misseri. Það má þess vegna segja, að þessir menn séu orðnir gamlir, þegar þeir loks geta farið að gefa sig við sínu eiginlega lífsstarfi hér heima, eftir langt og dýrt nám. Og þeir kandidatar, sem taka að sér læknishéruðin, eiga að leggja sér sjálfir til lækningaáhöld, a. m. k. í mörgum tilfellum, sem eru mjög dýr.

Við, hv. 6. þm. Reykv. og ég, sem berum fram þessa brtt., viljum samt sem áður ekki skilyrðislaust beita okkur á móti þessu frv., af því að það kann að vera nokkur nauðsyn á ákvæðum í þessa átt. En við viljum, að tíminn sé ekki 6 mánuðir, sem ákvæði þessara l. miðast við, heldur 4 mánuðir. Það hlýtur þó að bæta nokkuð úr, en er þar hins vegar gengið nokkuð til móts við óskir læknanemanna. Ég get ekki fallizt á, að nauðsyn sé á að þvinga þá til þess að gegna þessum störfum lengri tíma. A. m. k. finnst mér ekki sanngjarnt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að þeir gegni þessum störfum í 6 mánuði.

Í l., sem hafa verið afgr. eða eru í þann veginn að verða afgr. frá þessu þingi (50. mál.), er

er mjög óheppilegt fyrir sveitirnar, að farið sé svona að. Með því að reyna að þvinga nýútskrifaða lækna til að starfa allt að 6 mánuði í læknishéruðum úti um land fyrir laun, sem þeir mundu ekki líta við, ef þeir væru sjálfráðir, þá er verið að koma því skipulagi á, að í dreifbýlinu starfi þeir læknar, sem hafa minnsta reynslu, sem eru nýútskrifaðir og hafa því minnsta möguleika til að gegna þeim störfum, sem þeim er ætlað, því að auðvitað fara þeir burt, strax og þessir 6 mánuðir eru liðnir.

Ég álít, að það hefði fyrst og fremst átt að vera verkefni n., sem fékk svona mál, að reyna að finna aðferð til að tryggja dreifbýlinu betri læknakost, en ekki að mæla með svona þvingunarl., sem eru í senn óheppileg fyrir læknanemana og fyrir þá, sem eiga að njóta aðstoðar þeirra úti í sveitunum. Ég sé, að n. hefur í raun og veru ekkert í þessu gert. Þegar annað mál, skylt þessu (50. mál), var hér til umr., var látið líklega með, að þetta mál mundi ekki koma aftur fram fyrir þessa d. En þegar það frv. er orðið að l. og ekki hægt að breyta því frekar, þá kemur þetta frv. aftur fram, og virðist eiga að fara í skyndi gegnum deildina.

Ég sé, að hér eru komnar fram brtt. frá minni hluta allshn., sem miða að því að stytta þennan þvingunarvinnutíma og hækka launin nokkuð. Þessar brtt. miða í rétta átt, en það horfir dauflega með þær, ef hv. flm. koma ekki til að mæla fyrir þeim. Er því ekki gott að segja, hverjar undirtektir þær fá, enda er d. þunnskipuð.

Mér sýnist, að allshnm. í heild hafi lítið gert til að finna lausn í þessu máli. Við 1. umr. málsins kom ég inn á galla læknaskipunarinnar, og menn virtust sammála um, að breyta þyrfti til, en frá n. hefur ekkert komið nema þessar brtt. frá minni hl. Mér finnst þetta vera slæm afgreiðsla, og ég álít rétt að fella frv. Það er búið að stíga nógu mörg spor til að koma á meiri og meiri þvingun í staðinn fyrir að reyna að koma á samkomulagi við þann hluta fólksins, sem um er að ræða í hvert sinn. Það er ekki heppilegt að halda áfram á þeirri braut, og ég held, að rétt sé að stinga fótum við og láta þetta frv. ekki ganga fram.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Ég get verið hv. 4. þm. Reykv. sammála um það, að með þessu frv. eða frv. tveimur sé ekki á æskilegasta hátt séð fyrir læknamálum dreifbýlisins. Mér er fyllilega ljóst, að það er ekki það æskilegasta, að þessi héruð fái lækna, sem eru nýkomnir frá prófborðinu og hafa kannske ekki að jafnaði stundað lækningar áður, en æskilegast er að tryggja þessum héruðum menn, sem hafa þekkingu og reynslu, en það stendur þannig á, eins og mörgum er kunnugt, að ekki virðist vera hægt að tryggja ýmsum læknishéruðum þá krafta, sem æskilegt væri. Þessi leið, sem hér er stungið upp á, er úrræði, sem menn vilja reyna, ekki af því að menn langi til þess eða telji það æskilegast, heldur af því, að annað virðist ekki vera fyrir hendi. Og það geta menn ekki komizt hjá að viðurkenna. Og það veit ég, að hv. 4. þm. Reykv. fæst líka til að viðurkenna, að nú er óþolandi ástand í stórum læknishéruðum hér á landi, þar sem mest er einangrunin og fólk hefur að ýmsu leyti minnsta möguleika til að bjarga sér, ef sjúkdómar eða slys koma fyrir. Það er óþolandi, að slíkum héruðum sé fyrirmunað að fá læknishjálp, og það er ekki vansalaust fyrir Alþ. að reyna ekki að ráða bót á því. Í þessu sambandi vil ég benda á, að hér er aðeins um heimildarl. að ræða, sem er ekki gert ráð fyrir að nota, nema menn fáist ekki til þessa starfa á annan hátt.

En þar sem hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að þyrfti að greiða svo góð laun fyrir þessi störf, að menn vildu taka þau að sér, þá er ég ekki viss um, að það sé einhlítt að greiða há laun. Það eru líka takmörk fyrir, hvað þingið telur, að fært sé að bjóða í laun fyrir eins manns starf. Ég held, að það sé ýmislegt annað, sem orkar eins mikið um, að menn fást ekki til að vera í þessum héruðum. Í frv. um aðstoðarlækna, sem nú hefur verið afgr. til Ed., þá er heimilt að greiða aðstoðarlæknunum allt að 400 kr. á mánuði, en eins og upplýst hefur verið í d., þá er ætlunin sú, að héraðslæknar, sem fá þessa menn, borgi þeim einnig nokkurt kaup, og verði samkomulag um, hvað það er mikið. Það er því engan veginn tilætlunin, að þessir menn eigi ekki að fá nema 400 kr.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að taka fleira fram. Ég vænti þess, að hv. 4. þm. Reykv. og aðrir góðir menn sannfærist um, að það verður að reyna að fara þessa leið og sjá, hvernig það gefst.

***Einar Olgeirsson:** Ég skal ganga inn á, að þessi leið er oft þægilegust fyrir löggjafann. Það er brotaminnst að leysa vandann með því að þvinga menn til þess, sem gera skal. Hitt er erfiðari leið að leysa vandamálin í samræmi við almennt frelsi manna. Það kostar kannske meiri heilabrot og baráttu, en það er eina leiðin, sem er í samræmi við menninguna. En það er spor aftur á bak að setja l. eins og þessi.

Hv. þm. N.-Þ. segir, að það sé ekki einhlít leið að hækka launin. Hann mun þó ganga inn á, að það sé þýðingarmikið atriði. Ég sé því ekki, hvað ætti að vera því til fyrirstöðu að reyna, a. m. k. eins mikið og hægt er, að fá menn í þessi störf með hærri launagreiðslum. Ég get því ekki séð, hvað hv. frsm. hefur við það að athuga að samþ. þá till., sem liggur fyrir, um lágmarkslaun við þessi störf.

Hvað snertir það, hvernig hægt muni vera að fá menn til að gegna þessum störfum, þegar launin hafa verið hækkuð og þyrfti að yfirvinna það, að menn vilja ekki sitja í útkjálkahéruðum, af því að það sé leiðinlegt og erfitt, og vilji heldur vera í Reykjavík eða öðrum stöðum, þar sem þéttbýli er, þá álít ég, að einnig sé hægt að yfirvinna það, og var það nokkuð rætt í sambandi við 50. málið. Það mætti koma því þannig fyrir, að læknar, sem tækju að sér útkjálkahéruðin, hefðu forréttindi, þegar ætti að setja lækna í þau héruðin, sem eftirsóttust eru. Það er réttlátt, að þeir, sem hafa mest lagt á sig fyrir þjóðfélagið, gangi fyrir seinna meir, þegar veitt eru þau læknisembætti, sem eftirsóttust eru.

Ég minntist á það við 1. umr., hvort ekki þyrfti að grípa til róttækari ráðstafana en

unum er yfirleitt, en þó vil ég aðeins geta þess, að fjöldi þessara manna býr við sultarkjör, a. m. k. til að byrja með. Þessir menn munu yfirleitt búa við mikið lakari kjör heldur en þeir, sem fara út í afskekktu héruðin, svo að það er ekki eingöngu launahlið þessa máls, sem veldur því, að læknar fást ekki í þessi héruð.

Helgi Jónasson: Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir skilning hans á þessu máli, og er hann nú meiri en verið hefur undanfarin ár. Ég er honum sammála um það, að ekki beri að beita þessum þvingunarráðstöfunum, nema fyrst sé búið að reyna að bæta launakjörin. Ég tel það alveg rétt að launa þessi embætti vel. Annars fæst enginn í þau. Hæstv. forsrh. vildi telja, að það væru ekki eingöngu launakjörin, sem yllu því, að læknar fengjust ekki í þessi héruð, og það er satt. Ein meginástæðan til þess, hve illa gengur að fá lækna í þessi héruð, er óttinn við það að fara í þau, óttinn við það að verða algerlega einangraður í þessum héruðum. Þó að læknana langi til þess að komast burtu, t. d. um stundarsakir, þá reynist það oftast ómögulegt.

En sem sagt, ef launakjörin eru góð, ætti læknirinn að geta komizt burtu um tíma sér til hvíldar og upplyftingar. En er nokkur von til þess, að nokkur læknir uni við það að hafa ekki nema 300—500 kr. í laun á mánuði, rétt eins og sendisveinar hafa nú hér í Rvík? Og ég verð að segja það, að ég hygg, að fáar stéttir þjóðfélagsins hafi sýnt jafnmikinn þegnskap í þessu efni eins og einmitt læknastéttin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 349, 359).

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. er komið hingað frá Ed. Efni þess er, að ráðh. geti gert að skilyrði fyrir almennu lækningaleyfi, að kandídatar, sem lækningaleyfi fá, hafi gegnt störfum í læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum í héraði í allt að 6 mánaða tíma.

Hér hefur áður verið til meðferðar í d. frv., sem er borið fram í sama tilgangi, sem sé frv. það um aðstoðarlækna, sem nýlega hefur verið afgr. til Ed. Þessi frv. bæði voru fram borin í þeim tilgangi að bæta úr því ástandi, sem nú er í ýmsum læknishéruðum í strjálbýlinu, þar sem ýmist er, að héruðin eru læknislaus, af því að *enginn hefur fengizt til að sækja um þau*, eða að héraðslæknar geta ekki með nokkru móti fengið að fara frá störfum um stundarsakir, jafnvel þó að þeir hafi verið sjúkir, vegna þess að þeir hafa ekki fengið aðstoðarmenn. Frv., sem nýlega var samþ. um aðstoðarlækna, var heimild til að ráða þessa aðstoðarlækna. En svo gæti farið, að ekki fengjust menn til að sinna þessum störfum. Hefur mönnum þá jafnhliða verið ljóst, að mjög gæti verið æskilegt, að þeir, sem hefðu lokið læknisprófi, fengju nokkra æfingu sem héraðslæknar, ýmist undir umsjón reyndari lækna eða í sérstökum héruðum. Því er lagt til í þessu frv., að heimilt sé að skylda kandídatana til að gegna slíkum störfum, og er ætlazt til, að þetta tvennt sé sameinað, að sjá fyrir læknum, þar sem þá vantar í héruð, og láta þá ungu lækna fá nokkra æfingu undir lífsstarf sitt.

Landlæknir er því mjög meðmæltur, að þetta frv. nái fram að ganga, og hefur rætt málið við allshn. N. leggur til, að frv. verði samþ., en þess skal getið, að tveir nm. hafa flutt á þskj. 359 brtt. við 1. gr. Enn fremur skal ég geta þess, að hv. þm. Barð. hefur skrifað undir málið með fyrirvara, en ég hygg, að hann muni ekki ætla að flytja brtt., heldur sé fyrirvari hans í sambandi við eitthvað, sem hann vill taka fram. Flm. brtt. leggja til, að þessi skyldustarfstími kandídatanna verði færður niður í 4 mánuði og enn fremur, að bætt sé við ákvæði, sem tryggi, að þessir menn fái a. m. k. 500 kr. á mánuði auk dýrtíðaruppbótar. Má segja, að það sé ekki stórvægilegt, en þó verð ég að leggja á móti, að þær verði samþ. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, en vil benda á, að ákvæði um launakjör þessara manna eru í hinu frv., og sýnist þá ekki ástæða til að hafa þau einnig í þessu frv. Ég vil einnig benda á, að ef þessar brtt. verða samþ., þá þarf málið að fara aftur til Ed., en þar var um það nokkur ágreiningur, og gæti það því stefnt málinu í hættu, þar sem búast má við, að nú líði að þinglokum. Ég vil því leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Forseti (JörB): Hvorugur hv. flm. brtt. á þskj. 359 er viðstaddur. Tel ég því rétt að fresta þeim til 3. umr. (**EOl:** Er ekki bezt að fresta umr.?) Það yrði til að tefja málið, en mér skilst, að vilji sé fyrir, að það gangi fram. (**EOl:** Það er ákveðinn vilji sumra, að það gangi ekki fram.) Ég tel réttast, að þessari umr. sé lokið nú, en brtt. frestað til 3. umr., og vona, að menn geti orðið á það sáttir.

***Einar Olgeirsson:** Ég minntist nokkuð á þetta mál við 1. umr. Mér virðist satt að segja, að þetta mál beri nokkuð mikinn keim af því, sem oft hefur verið uppi á teningnum nú upp á síðkastið, að menn vilji heldur fara þá leið að þvinga menn heldur en að ráða fram úr vandamálunum á þann hátt að semja við þjóðfélagsþegnana og gera þannig við þá, að þeir vilji taka að sér það, sem þjóðfélagið æskir af þeim. Ég vakti athygli á því, áður en málið fór til n., að með þessari lagasetningu væri verið að bæta þvingun ofan á þvingun, sem fyrir væri. Læknanemar, sem þarna eiga hlut að máli, eru einir *allra stúdenta, sem útskrifast frá háskólanum*, skyldaðir til að gegna um eins árs bil ákveðnum störfum, eftir að þeir útskrifast, og það eru þess vegna gerðar mjög miklar kröfur til þeirra af hálfu þjóðfélagsins til þess að tryggja, að þeir verði sem færastir í sinni grein. Þess vegna er ekki rétt að fara að bæta við þetta eina ár allt að 6 mánuðum. Og það er sérstaklega óréttmætt með tilliti til þess, að þeir verða að sæta þeim launum, sem eru það lág, að menn mundu ekki ráða sig fyrir þau, ef þeir væru frjálsir og sjálfráðir um það.

Ég vil enn fremur vekja eftirtekt á því, að það

í 6 mánuði, sem færi burt á augabragði og þessi skyldutími væri á enda, og í staðinn mundi koma annar, og hann færi alveg eins að. Ég er undrandi yfir því, ef þeir, sem telja sig fulltrúa dreifbýlisins, gera sér þetta að góðu. Mig furðar á því, ef þeir gera ekki harðar kröfur um, að læknar þar séu nægilega vel launaðir. Með því að hafa þá lágt launaða og beita þvingun, er tryggt, að alltaf verða lélegustu læknarnir úti í sveitunum. Fulltrúar sveitanna verða að segja: „Ríkið hefur næga peninga til þess að borga nógum læknum vel úti í sveitunum.“ En með þessu frv. er ekki verið að finna heppilegustu lausnina, heldur þá óheppilegustu, sem hægt er að finna.

Hvað snertir ríkisafstöðu þeirra ungu embættismanna, sem hér er um að ræða, þá verð eg að segja, að það liti öðruvísi út með að gera sterkar kröfur til manna, sem útskrifast úr háskólanum, ef ríkið hefði að öllu leyti kostað þessa menn, ef ástandið væri þannig við menntaskólann og háskólann, í fyrsta lagi, að hver maður, sem til þess hefði andlega hæfileika, gæti komizt inn í þessar stofnanir, og efnahagur hefði þar ekkert að segja, og í öðru lagi að þessir námsmenn fengju styrk frá ríkinu til að halda sér uppi, meðan þeir eru að nema, svo að efnahagur skyldi ekki verka á nám þeirra, svo að þeir þyrftu ekki að þræla sig áfram eins og nú. Ef þetta væri gert, þá væri eðlilegt, að ríkið gerði kröfur til þessara manna. En nú er það þannig, að efnuðustu mennirnir hafa sérréttindi til að láta börn sín ganga þessa leið. Á þann hátt velst varla af betri endanum, eða a. m. k. er það tilviljun, hverjir veljast til að gegna þessum störfum. Margir, sem góðum hæfileikum eru gæddir til að ganga þessa leið, en eru fátækir, komast ekki að, sérstaklega eftir þá miklu takmörkun, sem sett hefur verið og öllum er kunn. Og þeir, sem ganga þessa leið og eru af fátæku fólki komnir, eru venjulega þrælskuldugir eftir námið, nema þeir séu svo heppnir að fá uppgripavinnu á sumrin, en venjulega hefur verið mjög erfitt fyrir þá að fá góða vinnu. Meðan þetta ástand ríkir, að það verður að ráða, hverjir ganga menntaveginn, hversu efnaðir þeir eru eða hversu gott lánstraust þeir hafa eða aðra möguleika til náms, þá er ekki um annað að ræða fyrir ríkið en að láta þessa samkeppni halda áfram, eftir að námi er lokið, og borga þessum mönnum, sem koma út úr skólunum og hafa klifið til þess þrítugan hamarinn, svo vel, að þeir geti lifað.

Þess vegna held ég, að það, sem eigi að gera í sambandi við þessi frv., sé að fella þetta frv. á þskj. 92, sem setur læknakandídötum það skilyrði, að þeir verði að vinna aðstoðarlæknisstörf í 6 mánuði, en breyta frv. á þskj. 80 þannig, að gert sé ráð fyrir betri launum en nú er gert, svo að tryggt sé, að hægt sé að fá menn til að gegna þessum störfum.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er í raun-inni ekkert sérstakt, sem ég þarf að taka fram í sambandi við þetta mál, enda varð ég að víkja mér frá og gat ekki hlustað á nema nokkuð af því, sem hér hefur komið fram. Ég vil þó segja, að það er ekki nema rétt, að við gerum of lítið að því í skipun okkar læknamála að fyrirbyggja sjúkdóma og veikindi, og ef til vill ræður það einhverju, að læknarnir eru svo margir praktíserandi og hafa beinlínis tekjur af því, að veikindi séu í landinu, og þurfa að hafa tekjur af því. Ég minnist á það vegna þess, að mér er þetta sjónarmið á engan hátt ókunnugt. Ég hef hugsað talsvert mikið um þetta. Ég studdi verulega að því á sínum tíma, að settar yrðu upp berklavarnarstöðvar, sem hafa haft miklu meiri áhrif en menn gerðu sér von um í byrjun. Það sýnir manni þá leið, sem ætti að fara á fleiri sviðum. Það er nú til athugunar, hvort ekki ætti að hafa þessar heilsuverndarstöðvar viðtækari en fyrir berkla. Hitt er annað mál, hvað langt er hægt að ganga í því að ákveða laun lækna eftir því, hversu gott er heilsufar í umdæmum þeirra. Hitt sé ég ekki að sé rétt, að menn greiði ekki fyrir læknishjálp, því að það gæti þá orðið eins og í sjúkrasamlögum sums staðar erlendis, þar sem aðsóknin er svo mikil vegna alls konar kvilla og ímyndaðra kvilla, að læknar komast ekki yfir að stunda sjúklinga, sem þarf að stunda. Það þarf að fara einhvern meðalveg.

Ég vil alls ekki segja, að læknar fáist ekki í afskekktustu héruðin, af því að þeim sé of lítið borgað. Ég benti á, að þó að þessi rök væru borin fram af hendi læknanna, — og ég vil að sjálfsögðu ekki rengja þau, heldur taka þau til athugunar og reyna að gera læknakjörin í afskekktustu héruðunum sambærileg við kjör þeirra, sem eru í sæmilegum héruðum, — þá mundi þetta alls ekki vera meginástæðan, og hef ég því alls ekki viðurkennt, að það sé meginástæðan. Ég benti sérstaklega á Reykjarfjarðarhérað, sem er afskekkt, en þar er Djúpavík og Ingólfsfjörður, og þar er margt fólk á sumrin og mikið að gera, svo að jafnvel ungir læknar hafa farið þangað á sumrin til að stunda þar lækningar, af því að það þótti arðvænlegt. En þrátt fyrir þetta hefur ekki fengizt héraðslæknir á þennan stað. Þetta virðist mér benda til þess, að það muni valda meiru, að menn hliðri sér hjá að taka við afskekktum héruðum vegna þess, hve erfið ferðalögin eru þar. Þess vegna er það, að ég vil koma allverulega á móti læknum. En ef leiðrétt eru launakjör þeirra, sem eru í afskekktum héruðum, þá er ekki hægt að segja, að verið sé að beita þvingun við menn til að gegna störfum, sem séu illa launuð.

Það hljóta allir að sjá það, hvílíkur háski er á ferðinni, þegar ekki er hægt að ná í neinn lækni, og það hefur á fleiri en einum stað valdið dauðaslysum, sem ef til vill hefði verið afstýrt, ef læknir hefði verið fáanlegur. Tvö af þessum slysum eru svo sorgleg, að ég vil ekki leiða það inn í þessar umr. Þetta er það, sem þetta fólk verður að búa við, ef læknar fást ekki til þess að sinna þessum störfum, og það er ómögulegt fyrir þjóðfélagið að komast hjá því að beita þvingunarráðstöfunum í þessu efni, ef annað reynist árangurslaust. En ég get ekki betur séð en þetta sé svo sanngjörn lausn á þessu máli, að enginn þm. geti andmælt því, að hún verði farin. Ég ætla ekki, nema frekara tilefni gefist til, að lengja umr. um þetta mál. Ég vil ekki fara að ræða um það, hvernig praksis lækna í kaupstöð-

læknanna um fjárhagslegt réttlæti handa læknum í strjálbýlinu. Það er með engu móti hægt að halda uppi skólum í landinu til sérmenntunar, nema ríkið tryggi sér um leið, að uppfyllt verði a. m. k. sú lágmarksþjónusta, sem á þarf að halda í slíkum tilfellum sem þessum. Ég vil hins vegar ekki láta til þess koma, að heimildin verði notuð umfram brýnar þarfir og að fullreyndri þeirri leið, sem læknastéttin telur nú færa í þessu máli.

Þetta vildi ég segja, áður en þetta mál og bæði þau mál, sem hér liggja fyrir, fara til n. og eru þar athuguð.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði um kjarabætur fyrir læknastéttina yfirleitt og þann drátt, sem orðið hefur á því að taka ákvörðun um það mál, vil ég gefa hv. þd. þær skýringar, að það mál var tekið fyrir í stj. á síðasta ári af þeim ráðh., sem þá fór með þau mál. En samkomulag varð ekki um það í stj., og var ákveðið að senda málið fjvn. til umsagnar, en umsögn hennar var á þá leið, að hún teldi nauðsynlegt að endursemja launal. og þau yrðu lögð fyrir þingið. Hins vegar hefur ekki verið samkomulag um það í stj. Ýmsir telja óheppilegt að semja launal. á tímum eins og þeim, er nú standa yfir. Málið kom því aftur til stj. og var þar tekið fyrir á ný, en ágreiningur nokkur er um það, hvernig þessum kjarabótum til læknastéttarinnar eigi að vera háttað. Læknarnir hafa fremur lág laun frá ríkinu, og þó að þeir fái dýrtíðaruppbót á þau, þá hafa þeir samt sem áður minni kjarabætur en aðrir embættismenn, vegna þess að þeir fá mikið af launum sínum fyrir læknisstörf, og er þar farið eftir taxta, sem er bundinn í gjaldskrá. Þeir fá því ekki dýrtíðaruppbót á nema lítinn hluta launanna. Nú hefur nokkur ágreiningur orðið um það, hvort ætti að hækka taxtann þannig, að þeir með því móti fengju sams konar kjarabætur og aðrar stéttir. En þá hefur verið á það bent, að þeir, sem eru í fámennustu héruðunum og hafa þar af leiðandi minnstar aukatekjur, mundu vera tiltölulega lægst settir, en þeir, sem eru í fjölmennari héruðum, mundu fá sín laun geysilega mikið hækkuð. Þá kemur einnig að því, hvort rétt sé að hækka taxtann, því að það sé ekki rétt að leggja það á sjúklinga að greiða læknum dýrtíðaruppbót. Þess vegna hefur verið komið með þá till., að ríkið greiddi læknum dýrtíðaruppbót, eins og þeir hefðu 650 kr. á mánuði, þ. e. a. s. meiri upphæð en þá venjulegu dýrtíðaruppbót á laun þeirra. Þetta er till. landlæknis, og væri með því brugðið út af þeirri venjulegu reglu um greiðslu dýrtíðaruppbótar. Ég geri ráð fyrir, að þetta mál verði afgreitt næstu daga, þannig að læknar fái sams konar kjarabætur og aðrir, og að það verði látið verka aftur fyrir sig, þannig að sá dráttur, sem orðið hefur á málinu, komi ekki að sök.

Forseti (JörB): Menn hafa rætt saman þessi tvö mál, sem hér liggja fyrir, og tel ég rétt að gera það, og er ræðumönnum hér með bent á, að það sé hyggilegt.

Einar Olgeirsson: Í sambandi við þetta frv. hefur nokkuð verið komið inn á læknaskipunina í landinu almennt. Ég ætla ekkert að fara að ræða hana, en mér virðist, að þau vandkvæði, sem á því eru að fá lækna í útkjálkahéruðin, stafi af því, hvernig hefur verið búið að þessum mönnum, þ. e. a. s., að laun þeirra hafa farið eftir því, hve margir menn væru veikir í héruðunum. Það, sem manni virtist vera eðlilegast, væri það, að laun þeirra væru því meiri sem heilsufar væri þar betra, því að það væri læknunum hvöt til, að t. d. íbúðirnar væru ekki pestarholur, eins og á sér stað víða í Reykjavík. Hér er áberandi, hvað læknar hafa lítið gert til að berjast á móti þeim pestarholum, sem hér viðgangast. Þetta er nú almenn heimspeki í sambandi við það mál, sem hér hefur verið komið inn á.

Annars held ég, að ef farið er að athuga heilbrigðismál og læknalaun almennt, að mætti hafa það bak við eyrað, hvort ekki væri þörf á róttækari ráðstöfunum en þeim, að bæta launin í útkjálkahéruðunum, sem vafalaust er rétt, eins og hæstv. forsrh. hefur haldið fram.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er sú, hversu erfitt er að fá aðstoðarlækna í læknishéruð út um land. Af hverju er það erfitt? Það er af því, að þeim hefur verið borgað of lítið. Það hefur verið upplýst, að það séu meira að segja til þau héruð, sem enginn læknir hefur fengizt í, og þar sem þó hefur ekki verið læknislaust, hafi alveg vantað vinnukraft til að koma af þeim störfum, sem læknum er skipað að gegna. Það virðist enn fremur vera samkomulag um, að þessi vinnukraftur fáist ekki af því, að hann sé of lítið borgaður. Manni virðist almennt séð frá heilbrigðu sjónarmiði, að þar sé eitt ráð, að borga það vel, að menn fái þennan vinnukraft, það eru ekki nema tvær leiðir til að leysa svona vanda. Önnur er sú að borga það, sem þarf, en hin er sú að beita þvingun, sem sé að koma á þrælahaldi í landinu. Það er einkennilegt, að þegar svona mál koma fram á þingi hvað eftir annað, þá skuli alltaf vera valin sú leiðin að skylda menn með l., skylda ákveðnar stéttir manna til að gegna störfum, sem stj. leggur fyrir hana.

Nú er það svo, að þegar stúdentar útskrifast, þá er þeim upp á lagt að vinna eitt ár til þess að komast inn í sitt starf. Nú á að bæta hér við 6 mánuðum. Læknastéttin mun vera eina fagstéttin frá háskólanum, sem slík vinnuskylda er lögð á herðar. Lögfræðingum er ekki skipað að fara út meðal fólksins og kenna því, hvað eru lög í landi, sem væri þó ekki vanþörf. Guðfræðingum er því síður sagt að fara og prédika fyrir mönnum kristindóm og góða siðu. Læknarnir eru þeir einu, sem hafa þessa skyldu, og nú eiga þeir að bæta við sig 6 mánuðum með þeim launakjörum, sem ríkisfyrirtækjunum þykir rétt að bjóða sínum sendisveinum. Þetta nær engri átt. Þetta er óréttur gagnvart læknum og röng leið til að leysa slíkt vandamál.

Hvað mundi þetta þýða fyrir sveitirnar? Halda menn, að það væri heppilegt fyrir sveitirnar að senda menn þangað til að vinna þar samkv. valdboði þennan örskamma tíma, og þeir séu hálfneyddir til að vinna þar þau störf, sem mikillar alúðar þarf við? Hverjar yrðu afleiðingarnar fyrir sveitirnar? Þær mundu fá lækni

vinna. Ég vona, að eitthvað verði að því gert, áður en langt um líður. Það vill svo til, að allar stéttir landsins hafa nú fengið uppbót á kjör sín, nema læknar eru greinilega eftir skildir og afskiptir. Í fyrra skrifaði landlæknir stjórninni bréf, þar sem farið var fram á, að læknar fengju fulla dýrtíðaruppbót af hámarkslaunum, sem uppbót veitist af. Þessu var vel tekið af ríkisstj., og fjvn. var því meðmælt. En þar við situr. Góð eru góð orð, en þau góðu orð eru það eina, sem læknar hafa haft upp úr því.

Ég held, að ef litið er á störf héraðslækna, sé ekki sanngjarnt, að þeir beri ekki meira úr býtum en sendisveinar í Reykjavík. Starfið er oft mjög erfitt og áhættusamt og verður að sinna því jafnt á nótt sem degi. Þessi meinsemd, sem fólk er farið að finna til, að ekki fást læknar, stafar af því, að ekki bjóðast sæmileg kjör. Eins og nú háttar, er ekki von, að nokkur maður líti við boði, sem jafnvel sendisveinar sæju sér fjárhagslegan óhag í að taka.

Þetta frv. bætir að vísu ekki úr þörf hinna læknislausu héraða nema þá að litlu leyti og í viðlögum. En skipun þessara aðstoðarlækna léttir undir með héraðslæknum víða í erfiðum héruðum og fólksmörgum. Þeir læknar eru algerlega bundnir sem fangar, eins og nú er, þegar ómögulegt er að fá aðstoðarmann eða menn í forföllum sínum nema þá fyrir geipiverð. Frv. ætti að bæta töluvert úr þeirri meinsemd. Fyrra frv., það sem fyrir liggur, 55. mál Ed., sem rætt hefur verið nokkuð með þessu, er ég tók fram um aðstoðarlæknana, snertir hins vegar læknislausu héruðin meir, og vildi ég þá víkja að því nánar.

Það fer fram á, að heimilað sé að skylda læknaefni til að gegna læknisstörfum 6 mánuði í læknislausum héruðum eða sem aðstoðarlækna að loknu námi. Þetta er talsverð aukakvöð, og læknar hafa mótmælt henni kröftuglega. Ég fellst á, að til þessa kunni að þurfa að taka. En ég vil, að sú heimild sé ekki notuð, nema kjarabætur, sem nauðsynlegar eru, dugi ekki til þess, að læknar fáist í héruðin.

Ég geri ráð fyrir, að þau launakjör, sem aðstoðarlæknunum 4 eru ætluð, allt að 300 kr. á mánuði með uppbót, dugi alls ekki, — og ekki væru þau kjör öðrum en læknum boðin. Hins vegar ætti að nægja, að ríkissjóður leggi þetta fram og ekki meira en viðkomandi héraðslæknar leggi til það, sem á vantar. Ég vorkenni þeim ekki að borga svo sem 200 kr. á mánuði til þess að hafa aðstoðarlækni eða mann fyrir sig, móts við það að þurfa nú að borga 6 eða 7 hundruð fyrir það.

Ég vil mælast til, að frv. verði vísað til nefndar og afgreiðslu þess flýtt.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér þykir rétt, vegna þess hvað þessi mál eru orðin mikil vandamál, að fylgja frv. með nokkrum orðum og minnast um leið með leyfi hæstv. forseta á næsta frv. á dagskrá, um breyt. á skipun læknishéraða [50. mál].

Eins og tekið var fram af hv. 2. þm. Rang. (HelgJ), á með hinum föstu aðstoðarlæknum að ráða bót á vandræðum héraðslækna, fyrst og fremst í fjölmennari héruðunum. Það verður að teljast alveg óviðunandi, að læknar séu bundnir svo hver á sínum stað, að þeir geti með engu móti losnað tíma og tíma sér til heilsubótar eða til annarra aðkallandi starfa, séu sem fangar án vonar um að losna. Það getur einnig komið ungum læknum vel að byrja starf í héruðum, þar sem æfðir læknar sitja og geta veitt þeim handleiðslu. Móti þessu frv. hefur ekki heldur verið spyrnt verulega. En þótt það verði að l., eru vandræðin aðeins að nokkru leyst, og því þótti nauðsynlegt að bera um leið fram frv. það, sem fyrir liggur, um lækningaleyfi, og vona ég, að allir séu farnir að sjá, þrátt fyrir mótmæli, að það er engu ónauðsynlegra. Ráð er að vísu fyrir því gert, að grípa megi til hvers aðstoðarlæknis, allt að þriðjung árs, til að gegna störfum í læknislausum héruðum, en það er ekki nóg til að ráða bót á læknisleysinu. Í sum héruðin hefur nú enginn læknir fengizt árum saman. Það hefur haft svo alvarlegar afleiðingar, að ekki er hægt að ganga fram hjá, og verður að ráða því bót.

Ágreiningurinn hefur aðallega verið um skyldu læknastúdenta til þess að taka að sér störf tiltekinn tíma úti í hinum læknalausu héruðum eða þar, sem þörfinni á aðstoðarlæknum er ekki fullnægt á annan hátt. Ég get verið sammála hv. 2. þm. Rang. um, að heimildina til að nota þessa skyldu eigi ekki að nota, fyrr en aðrar leiðir hafa verið reyndar, og þá aðeins að því leyti, sem þörfin kallar. Ég get tekið undir, að þetta er ekki fullkomin lausn, ekki fullkomin fyrir héruðin, sem læknislaus eru, að mega búast við að fá óreynda menn beint frá prófborði, og verst, að þeir fara svo e. t. v. strax að fenginni 6 mánaða æfingu sinni, þannig að stöðugt skiptir um. Eins og ég hef rætt um í hv. Ed., geri ég ráð fyrir, að jafnhliða setningu þessara l. verði launakjör lækna í dreifbýlinu bætt til samræmis við læknatekjur í fjölmennari héruðum. Þessi afskekktu héruð eru líka vanalega erfið læknishéruð, a. m. k. fyrir þá, sem kveinka sér við ferðalög í snjóum og brattlendi. Fyrir þá, sem þeim venjast, þurfa þau ekki að vera svo slæm. En fyrir þá, sem lengi hafa setið skólabekk og afvanizt slíku eða aldrei vanizt því, er þetta þjáning, a. m. k. fyrst í stað, og menn flýja læknishéruðin, — það er reynslan. Ef bættar tekjur lagfærðu þetta vandamál, eins og hv. 2. þm. Rang. vonar og læknastéttin heldur fram, þá væri vel, og mun brátt reynt. En ég er hræddur um, að hér ráði meira hin almenna pest í mannfólkinu, sem veldur því, að allir sækja þangað, sem þægindin eru, hvað sem fjárhagshlið líður. Hef ég þar alveg greinilegt dæmi úr Reykjarfjarðarhéraði. Þar hafa læknar haft stórfelldar aukatekjur á sumrin bæði í Djúpavík og Ingólfsfirði, en engir læknar hafa fengizt til að hafa héraðið nú í þrjú ár. Vitanlega getur það ekki stafað af öðru en því, að ferðalög geta orðið þar erfið og héraðið þykir sumum leiðinlegt að byggja. Ég þori alls ekki að treysta því, að það hrifi, þótt þessum héruðum væri sýnt fullt réttlæti peningalega móts við þéttbýlli héruð. Þó að illt sé að þurfa að setja þvingunarákvæði í l., er um ekkert annað að gera, ef það eitt dugir, eftir að ríkið hefur á sanngjarnan hátt reynt að koma móti óskum

að 300 kr. á mánuði. En það getur verið, að héraðslæknirinn vilji greiða eitthvað af þessum launum til þess að fá lækninn. Ef þetta á að vera 300 kr. fast gjald og svo á að semja við héraðslæknana um greiðslur til viðbótar, verður kapphlaup um það að fá þessa aðstöðu. Mér virðist, að það væri miklu heppilegra að hafa föstu launin 500 kr., eins og gert er ráð fyrir í brtt. mínum. Annars finn ég ekki ástæðu til að svara neinu af því, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh. Hann talaði um málið af miklum skilningi, og mér skildist á honum eins og hv. 11. landsk., að þeir væru fúsir til þess að greiða atkv. með því að lofa þessum brtt. mínum að koma fram, ef hæstv. forseti vildi gefa samþykki sitt þar til.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast nokkrum orðum á ræðu hv. frsm., enda þótt hv. 1. þm. Reykv. hafi nokkuð rætt málið. Hv. frsm. reiknaði út, hvað læknarnir í útkjálkahéruðunum hefðu í laun, og bar það saman við laun sjúkrasamlagslæknanna hér í Rvík, sem hann sagði, að hefðu 14 þús. kr. á ári, en hinir 10 þús. kr. Honum finnst ekki nema fullkomlega vel borgað að fá 14 þús. kr. laun hér í Rvík á móti 10 þús. kr. í útkjálkahéraði úti á landi og gerir ráð fyrir því, að læknir hér í Reykjavík sé sízt betur settur með sínar 14 þús. kr. En það er fleira, sem kemur til greina í þessu efni en aðeins launin sjálf. Það er svo ólíku saman að jafna sem mest getur verið að vera læknir hér í Rvík eða í afskekktu héraði úti á landi. Hér í Rvík njóta læknar ýmissa fríðinda og þæginda, sem alls ekki koma til greina úti á landi. Þeir fá t. d. mánaðar sumarfrí, auk þess sem þeir hafa vissa frídaga. Þetta kemur auðvitað ekki til greina í afskekktu læknishéraði, þar verður læknirinn að vera til taks, hvenær sólarhringsins sem er, allan ársins hring. Hann hefur ekki einn einasta dag sem vissan frídag. Hann verður að leggja á sig erfið ferðalög í hvaða veðri, sem er, og hvenær sem er. Fyrir þetta eiga þeir svo að hafa 10 þús. kr., og það telur hv. frsm. ágæt laun.

Nei, það, sem þarf að gera í þessu máli, er það að launa þessi embætti reglulega vel, svo að læknar fáist í þau og geti orðið fjárhagslega sjálfstæðir, þegar þeir hafa unnið þar nokkurt skeið. Ég er þeirrar skoðunar, að ef brtt. mínar mættu koma til atkv., þá mundu þær verða til þess að læknakandidatar mundu verða miklu fúsari til þess að fara í þessa staði og það alveg án þvingunar.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Ég skal ekki tefja umr. mikið og jafnframt halda mig við þetta frv. Það er fullkomlega rétt, að það er nokkur þvingun lögð á læknanemana, ef beitt verður þeirri heimild, sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar hefur það komið í ljós, að nauðsyn er mikil á því að bæta úr því læknaleysi, sem sums staðar á sér stað, og má í því sambandi gera ráð fyrir, að grípa verði til ráðstafana, sem undir venjulegum kringumstæðum mætti kalla neyðarráðstafanir. Ef það er rétt, sem hv. þm. Hafnf. heldur fram, að ekki þurfi að beita þessum ákvæðum, mun þeim að sjálfsögðu ekki verða beitt. En það mun fljótlega sýna sig, hvort ástæða verður til þess að beita þessari heimild. Ég mun greiða atkv. með því að veita þessa heimild í trausti þess, að henni verði ekki beitt nema brýna nauðsyn beri til.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

__Helgi Jónasson:__ Herra forseti! Um þetta frv. ætti ekki að þurfa langar umr. að sinni, því að það er flutt af allshn. Ed., eftir till. landlæknis, en einstök atriði gefst nóg tækifæri að ræða um síðar. En ég vildi, með leyfi hæstv. forseta ræða um leið næsta mál á dagskrá, 50. mál. um skipun aðstoðarlækna.

Efni frv. er það, að skipa skuli allt að 4 aðstoðarlækna í fjölmenn læknishéruð, þar sem ekki starfa aðrir læknar en héraðslæknar, og greiði ríkið þeim allt að 300 kr. á mánuði með dýrtíðaruppbót. Það skal vera kvöð á þeim, að grípa megi til þeirra í allt að 4 mánuði á ári til að gegna læknishéruðum, þar sem vantar héraðslækni, eða í fjarvistum þeirra og forföllum.

Undanfarin ár hefur víða horft til stórvandræða af læknisleysi í ýmsum strjálbýlli héruðum landsins. Þannig mun lækni vanta í Reykhólahérað, Hróarstunguhérað, Dalahérað, og víðar hefur verið læknislaust langtímum saman. Þetta hefur viljað brenna við, bæði fyrr og síðar, og þótt þungt við að búa, en aldrei eins og þessi árin, og því lengur sem dregst að bæta úr, því verra hefst af og því verr þola menn þetta. Það þolir ekki lengur bið.

Læknum er oft legið á hálsi fyrir það, að þeir vilji allir vera í þéttbýlinu og kaupstöðunum. Þetta getur verið að nokkru leyti rétt. En ég held, að engum blandist hugur um, að það er ekki að ástæðulausu, sem læknar forðast strjálbýlið. Ef maður athugar launakjör lækna á þeim stöðum, leika þau á 185—300 kr. á mánuði eftir því, hve héruðin eru mannmörg. Læknar, sem eiga mjög langt nám að baki, — fyrst stúdentsnám, þá 8 ár í háskóla, síðan eitt ár við verklegt nám í þjónustu hins opinbera við lítið kaup, og þurfa að því búnu að afla sér læknisáhalda, sem nægi í afskekktu héraði, koma sér upp lyfjabúð og leggja enn fleira í kostnað, — þeir læknar eiga síðan að láta sér nægja kaup, sem sendisveinar og álíka kauplágt fólk fær hér í Reykjavík.

Ég held, að ekki sé hægt að álasa læknum, þótt þeir séu ekki fúsir að ganga að þeim kjörum.

Aukatekjur lækna eru vitanlega þó nokkrar í sumum héruðum. En þegar mannfjöldi er innan við þúsund manns, læknissókn dýr og erfið og efnahagur tæpur hjá þorra manna, eru ekki allir læknar svo harðbrjósta, að þeir fái sig til að taka borgun af fólki, svo að miklu muni um þær tekjurnar.

Það gladdi mig mjög, þegar hæstv. forsrh. lýsti yfir því í Ed. við umr. um þetta mál fyrir skemmstu, að hann teldi brýna þörf á að bæta launakjör lækna í sveitahéruðum og vildi að því

við, að verði aðallega að njóta þessara ungu, óreyndu lækna. Og það er einmitt í afskekktustu héruðunum, þar sem erfiðast er að ná í aðstoð handa ungum lækni, ef hann ekki dugar. Og oft eru ungir læknar, sem nýlega hafa lokið námi og nýlega komnir úr skóla, ekki eins fallnir til erfiðra ferðalaga eins og þeir, sem eru vanir þeim. Það þarf oft vel harðnaða menn til ferðalaga í þessum afskekktu héruðum í misjöfnu veðurfari að vetrinum og þar, sem ekki er hægt að ná í annan lækni, ef út af ber.

Ég viðurkenni sjónarmið þess hv. þm. (BSn), sem sérstaklega ber hér hag læknastéttarinnar fyrir brjósti, að kjör þeirra manna, sem taka að sér læknisstörf í afskekktum héruðum, þar sem lág eru laun og litlar aukatekjur, eru náttúrlega þau, að ég er alveg fús til þess að taka upp næstu daga og vikur, ef ég hef tækifæri til þess, viðræður við læknafélagið og landlækni um það, hvernig er hægt að gera kjör þeirra lækna, sem færu í afskekktu héruðin — ef það sýnir sig, að það atriði standi í vegi fyrir því, að læknar fáist í læknislausu héruðin — þannig, að þau verði nokkurn veginn sambærileg við kjör þeirra lækna, sem hafa þau betri. Ég hef ekki enn rannsakað það mál. Og ef sanngjörn lausn á því atriði málsins leysir þann vanda, sem við erum að reyna að bæta úr með þessari skyldukvöð, sem gert er ráð fyrir, að á læknastéttina verði lögð, þá geri ég ráð fyrir, að heimildin, sem ráðh. yrði veitt með þessari lagasetningu, ef frv. verður samþ., komi miklu síður og ef til vill þá ekki til framkvæmda. En hæstv. Alþ. getur tæpast gengið frá þessu máli öðruvísi en hér er gert ráð fyrir, vegna þeirra héraða, sem engan lækni hafa og hafa ekki haft nú um nokkur ár, sum þeirra. Því að læknafélagið verður þá, og læknastéttin yfirleitt, að koma með framrétta hönd til heilbrigðisstjórnarinnar til að leysa þann stórkostlega vanda í þessu efni, sem þjóðfélagið getur ekki búið við til lengdar. Það er ekki hætta á því, að ég taki ekki til greina launasjónarmiðið, sem hv. þm. Hafnf. (BSn) hefur haldið hér fram. En takist með samningum um það samt sem áður ekki að fá lækna út í útkjálkahéruðin, þá verður ekki hjá því komizt að grípa til þessara þvingunarráðstafana, þó að alltaf sé illt að beita þess háttar ráðstöfunum.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Herra forseti! Ég vil fyrst af öllu þakka hæstv. forsrh. fyrir þau ummæli, sem hann hafði hér, að hann væri fús til að semja við læknafélagið og landlækni til þess að samræma launakjör læknanna. Mér þykir vænt um að heyra, að hann er fús til að ræða þetta og fús til framkvæmda í málinu. Hingað til hefur það verið svo, að stj. hefur legið á þessu máli, en eftir þessa yfirlýsingu hef ég fulla von um, að það rætist úr þessu máli. En ég vil taka það fram í því sambandi, að hæstv. ráðh. minntist á, að læknafélagið verði að finna einhverja leið til þess að leysa þetta spursmál, að hægt sé að fá lækna út í fámennu héruðin og afskekktu, þá er það svo, að Læknafélag Íslands og formaður þess hafa hvað eftir annað gert till. sínar við ríkisstj. og landlækni um það, sem mætti verða til umbóta í þessu máli. En þessum till. hefur aldrei verið sinnt og aldrei verið gert neitt til þess að ráða bót á þessu máli. T. d. árið 1941 var landlækni skrifað, 4. marz, þar sem læknafélagið bar fram ýmsar till. til úrbóta í þessu efni. Þykir mér rétt að rifja upp ýmis atriði, sem þar voru lögð til málanna. Í þessu bréfi stendur m. a.:

„Vér teljum því óhjákvæmilegt að bæta kjör lækna í lökustu héruðunum á einhvern hátt, til þess að nokkur von sé til, að þau fáist setin til lengdar af vel menntuðum, dugandi læknum. Dettur oss þá helzt í hug þessi atriði:

1. Hækka launin svo, að þeim verði öðrum fremur unnt að afla sér síðar framhalds- og viðhaldsmenntunar, þar sem gera má ráð fyrir, að lækniskunnátta þeirra liði smám saman meira tjón í hinum minni héruðum en þeim stærri, að sama skapi og þeim gefst af eðlilegum ástæðum minni kostur á að halda henni við með læknisreynslu.
2. Þeim verði séð fyrir ódýru húsnæði.
3. Lökustu héruðunun verði lögð til öll nauðsynleg verkfæri, sem jafnan fylgi héraðinu, en læknum sé skylt að viðhalda.
4. Lyfjabúr séu af ríkinu á sama hátt lögð hverju héraði, sem læknar síðan haldi við og skili við burtför sína í hendur eftirmanna sinna eða umboðsmanna heilbrigðisstjórnarinnar, í sama ástandi og þeir tóku við.

Þessi tvö síðustu atriði mundu mjög hjálpa til þess, að læknar fengjust í lökustu héruðin, þar sem þeir að öðrum kosti jafnan verða að leggja í mikinn stofnkostnað og hleypa sér í stórskuldir, er þeir fyrst taka að sér héruð. Er engin furða þótt þeim hrjósi hugur við því, þar sem allflestir munu koma skuldum hlaðnir frá hinum langa námstíma sínum."

Þetta eru till., sem mér sýnist, að væri vel hægt að framkvæma. En þær hafa, sem sagt, legið í salti hjá landlækni eða ríkisstj. meira en ár, og á þeim tíma hefur ekkert verið gert til þess að bæta úr þessu. Þegar þess vegna stjórn Læknafélags Íslands hvað eftir annað hefur komið fram með till. til landlæknis og ríkisstj. í þessu efni og ekkert hefur samt verið gert í málinu, þá er ekki nema eðlilegt, að stjórn læknafélagsins taki það svo, að það sé sama, hve oft hún beri fram till. sínar, landlæknir taki þær samt ekki til greina, og þá sé ekki vilji fyrir því hjá viðkomandi yfirvöldum að gera neitt fyrir læknana annað en að kúga þá til að gera það, sem þarf að gera. Því að það kemur berlega fram, hvað vakað hefur fyrir hv. allshn., þegar hún bar fram þetta seinna frv. um málið. Það er einmitt það, sem kom svo skýrt fram hæði hjá hv. frsm. allshn. (IngP) og líka hv. 11. landsk. (MG), að þeir voru sannfærðir um það, að ef þessi litilfjörlegu laun væru höfð eins og til er tekið í frv. á þskj. 80, þá þyrfti að þvinga lækna til þess að fara í héruðin. Þá er spurningin þessi: Er ekki skynsamlegra og skemmtilegra að hafa launin hærri og þurfa ekki að þvinga læknana til þessa?

Nú er þetta misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ef það væri sett í frv. á þskj. 80 og það samþ., að launin skyldu vera 500 í stað 300 kr. á mánuði til þessara aðstoðarlækna, þá yrði að greiða það allt úr ríkissjóði. Það er alls ekki þar með sagt. Það er til tekið í frv., að ríkissjóður greiði allt

kandidatar frá háskólanum. Vil ég í því sambandi benda á lögfræðinga, sem verða að vinna í þrjú ár hjá bæjarfógetum eða dómurum til þess að geta orðið skipaðir í dómaraembætti. Og þeir, sem ætla að gerast málaflutningsmenn fyrir undirrétti, verða að leysa af hendi prófraun, þ. e. flytja nokkur mál fyrir undirrétti, sem getur tekið nokkurn tíma að afljúka, vegna þess að ungir menn geta átt erfitt með að fá svo vandasöm mál til flutnings, að talizt geti prófhæf. Það getur þannig dregizt um ótakmarkaðan tíma, að þeir geti fengið rétt til að verða málaflutningsmenn.

Hitt má deila um, hvort 300 kr. á mánuði sé sómasamleg borgun handa þessum mönnum. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að landlæknir skuli semja við héraðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna. Og það er gert ráð fyrir því, að þeir fái fritt uppihald á þeim stöðum, þar sem þeir dvelja. Auk þess er alls ekki útilokað, að landlæknir geti samið við einstaka héraðslækna, sem þessir aðstoðarlæknar dveljast hjá, um, að þeir fái einhverja launauppbót frá héraðslækninum sjálfum. Á þeim tímum, sem nú eru, er ekki hægt að segja, að 300 kr. á mánuði sé mikið kaup, þegar ýmsir handiðnamenn hafa slíkt kaup á viku. Hins vegar þykir mér fulllangt gengið í þessari brtt. frá hv. þm. Hafnf. (BSn), að færa þetta kaup í 500 kr. á mánuði. En ég vil gera brtt. um það til samkomulags, að launin verði hækkuð úr 300 kr. í 400 kr. á mánuði, ef brtt. yfirleitt verða bornar undir atkv.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þetta mál, sem um er rætt að ráða bót á með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er orðið ákaflega mikið vandamál. Og ég hef ekki trú á því, að það sé hægt að ráða bót á þessu nema með því að samþ. bæði frv., þetta, sem er til umr., og hitt á þskj. 80, ef það er þá hægt með því.

Ég held, að þegar rætt er um laun, eins og nú var gert í sambandi við þessa aðstoðarlækna, þá geri maður rétt í því að miða ekki við þann tíma, sem nú er, og þá óhemju eftirspurn eftir vinnuafli. Þetta eru laun, sem við erum að ákveða fyrir eðlilega tíma. Og það er heldur ekki nein þvingun í sambandi við ákvæðin, sem í frv. felast um aðstoðarlækna, heldur er þar um að ræða embætti eins og venjuleg embætti, sem eru auglýst og menn geta sótt um, ef menn óska þess að fá þau. En það er vitanlega gert ráð fyrir, — og á þeirri hugsun byggist frv. á þskj. 80, — að þessar 300 kr. á mánuði frá ríkinu séu ekki laun, heldur peningagreiðsla, sem ríkið innir af hendi til þess að létta undir með þeim læknum, sem vilja fá sér aðstoðarlækni, þó að aðallæknirinn dvelji sjálfur í héraðinu, ef honum þykir, t. d. fyrir aldurs sakir, of erfitt að gegna læknishéraðinu einn, eða ef hann þarf að víkja sér frá um stundarsakir. Það er ekki ætlazt til, að þessar 300 kr. séu öll þau laun, sem aðstoðarlæknirinn fær, heldur er gert ráð fyrir því, að landlæknirinn semji um það og læknarnir, sem aðstoðarlæknana hafa, greiði eitthvað líka frá sér til aðstoðarlæknanna. Og það má búast við, að þetta verði fyrst og fremst í þeim héruðum, þar sem mikið er að gera og því aukatekjurnar verulegar. Og ef brtt., sem bornar eru hér fram, hefðu verið þannig, að hægt hefði verið að greiða atkv. sérstaklega um kaflann, þar sem lagt er til, að ágóðinn af lyfjasölunni skiptist milli lyfjaeiganda og viðkomandi læknis, þá hefði ég greitt því atkv. En ef brtt. verða samþ. yfirleitt, skil ég ekki annað en það verði að skilja það svo, að þessar 400 kr. verði að greiða úr ríkissjóði. Og verði brtt. samþ. við frv. um kauphækkunina, geri ég ráð fyrir, að nokkur vafi geti verið á því, að frv. komist gegnum þingið. Og ég sé ekki betur heldur en landlæknir geti einmitt, og hann muni þurfa á því að halda, með þeim samningum, sem hann tæki þarna upp, náð því sama eins og gert er ráð fyrir í brtt., að þessi laun verði 400—500 kr. á mánuði, og jafnframt, að aðstoðarlæknarnir fái hagnað af lyfjasölu, sem mér finnst eðlilegt og blátt áfram hyggilegt fyrir þann lækni, sem lætur af starfi, vegna þess að læknirinn, sem tekur við, hefur þá jafnframt hagsmuna að gæta í sambandi við þann lyfjaforða, sem er til, þegar hann tekur við.

Þó að þetta frv. verði samþ., geri ég ráð fyrir, að með því verði ekki hægt að ráða bót á öðru en því, að læknar geti, eins og aðrir menn, ef þeir þurfa, vikið sér frá starfi sínu um hríð, annaðhvort vegna veikinda eða til að taka sér nokkra hvíld. En þó að frv. verði samþ., geri ég ekki ráð fyrir, að það ráði bót á þeim læknaskorti, sem hefur verið nú um skeið til að þjóna í sumum héruðum landsins. Þó að ráðh. fái þessa heimild til að setja skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni um allt að 6 mánaða tíma, þá er ekki hægt að segja, að það sé fullkomin lausn á þessu máli. Það er ekki fullkomin lausn á því vandamáli, sem læknisleysi er, þó að hérað, t. d. á Austurlandi eða vestur á Vestfjörðum, fái ungan mann í sex mánuði sem lækni til sín, sem er þvingaður til að gegna þar störfum. Því getur maður ekki neitað. En ég álít, að það sé samt sem áður rétt að samþ. þetta, því að þetta er þó betra heldur en alls ekki neitt til úrlausnar í málinu. Og ég sé ekki betur en að þessi kvöð, sem með þessu væri lögð á læknana, sé þolanleg. Og hún verður að vera það. En þegar ríkið heldur uppi menntaskóla og háskóla og veitir ríflega styrki til læknanemuntunar sem annarra mennta í landinu, þá er það sjálfsögð og réttmæt krafa af ríkisins hálfu til læknastéttarinnar, að stórir hlutar af landinu séu ekki læknislausir. Og þeir, sem á þessum svæðum búa, vita bezt, hve óbærileg sú aðstaða er. Ég veit til þess, að í þeim héruðum, þar sem læknar hafa ekki verið undanfarið, hafa komið fyrir dauðaslys fyrir þá sök eina, að læknar hafa ekki verið við höndina til þess að afstýra því. Það er þess vegna, að mínu áliti, ómögulegt fyrir þjóðina annað en að leggja þessa kvöð á læknanemana, til þess að því sjónarmiði, sem þjóðfélagið hefur með þessari sem annarri menntun, verði fullnægt. Því að ef það er ekki gert, þá nær þessi stórkostlegi kostnaður, sem lagður er í að mennta menn til læknisstarfa eða annars, ekki tilgangi sínum, og er slíkt óviðunandi fyrir þjóðfélagið til lengdar.

Nú er það samt sem áður skoðun mín, að þetta sé ekki góð lausn á málinu, og að sérstaklega sé hún ófullnægjandi fyrir héruð, sem búast má

eftirsótt, og þá er einhver læknir skyldaður til að þjóna þar. Þessi þvingunarákvæði kæmu því niður á sumum, en öðrum ekki. Þá gætu skæðar tungur kannske sagt, að það væri framkvæmt eftir því, hvernig stæði í bólið þessa eða hins valdamannsins, að skikka menn til þess að fara í útkjálkahéruðin. Ég veit ekki, hvernig þetta yrði í framkvæmdinni. Ég get hugsað mér, að þegar miðaldra maður, eins og menn eru, þegar þeir eru búnir að ljúka sérfræðinámi, er búinn t. d. að sérhæfa sig í augnlækningum og hann yrði þá að vera 6 mánuði þjónandi læknir í Reykjarfjarðarhéraði t. d., að hann sæi kannske ekki ástæðu til að ráða sig af dögum fyrir það. En ákaflega væri ósanngjarnt að skylda hann til þess. Ég get búizt við, að ef þessi ákvæði verða samþ. um þessa skyldukvöð lækna, þá sjái kandidatar sér það ráð vænst að bjóða sig fram til þessara starfa að loknu námi, og ættu þeir þá að mega ljúka þessari skyldukvöð af þá, ef til hennar kæmi fyrir þá, hvern fyrir sig, en að þeir þyrftu ekki að fara út í langt sérnám þannig að eiga þá þetta sverð alltaf yfir höfði sér.

Mér er ekki ljóst, hvers vegna hv. allshn. hefur borið fram þetta frv., eftir að hún bar hitt frv. fram. Ég sé ekki, að samband sé svo mikið á milli þessara frv. tveggja. Hitt frv. fer fram á mjög skynsamlega hluti, þó að vel geti verið, að eitthvað þurfi að breyta því. En þetta frv. er aðskotadýr, sem ekkert kemur því máli við. Þetta frv. getur staðizt alveg eitt sér, og hitt frv. getur líka staðizt alveg eitt sér.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ef maður lítur yfir þessi tvö frv., þetta, sem hér liggur fyrir, sem er 55. mál á þskj. 92 og er til umr., og hitt, nr. 50 á þskj. 80, þá lít ég svo á, að þau séu bæði til þess að bæta úr vissum annmarka, sem komið hefur í ljós á undanförnum árum, sem lýsir sér í því, að af tveimur ástæðum hafa komið til með að standa laus nokkur læknishéruð í landinu, sumpart vegna þess, að læknar hafa farið úr þeim alfarnir, og sumpart vegna þess, að þeir hafa af ýmsum ástæðum þurft að fara úr þeim um stundarsakir vegna veikinda, t. d. til þess að láta skera sig upp, og hafa þá læknishéruðin staðið læknislaus um lengri eða skemmri tíma. Ef við athugum þetta um þrjú ár aftur í tímann, þá sjáum við, að læknishéruð hafa staðið læknislaus sem nemur 24 til 38 mánuðum á ári samanlagt. Sum hafa staðið um hálfan mánuð læknislaus, önnur um langan tíma. Það er þess vegna þörf á að finna leið til þess að finna lækna, sem geta farið út í þessi héruð, af hvaða orsökum sem það svo er, að þau verða læknislaus um tíma. Nú ætlast frv. á þskj. 80 til þess, að fjórir aðstoðarlæknar séu launaðir, til þess að til þeirra megi grípa, ef þörf gerist, allt að fjóra mán. á ári, eins og nánar er tilgreint í frv. Þessi tími samanlagður mundi vera helmingur af þeim tíma, sem héruðin hafa staðið minnst læknislaus síðustu 3 árin. Það frv. bætir ekki úr meiru. En löggjafinn á að ráða bót á því, sem á vantar, með því að setja í l. heimild fyrir því, að menn, sem lokið hafa læknisprófi, verði látnir hlaupa í skörðin samkv. frv. því, sem fyrir liggur á þskj. 92, og þjóna fyrir þá lækna, sem þurfa að fara úr héruðum sínum um lengri eða skemmri tíma, af hvaða ástæðum sem það er. Ég veit ekki, hversu margir kandidatar útskrifast að jafnaði úr læknadeildinni á ári, en geri þó ráð fyrir, að það nægi að binda þetta ákvæði við 4 mánuði, en þurfi ekki að fara með það upp í 6 mánaða skyldu til að þjóna læknishéruðum í slíkum tilfellum. Í frv. er þá líka heimild til að hafa tímann breytilegan.

Mér skilst, að bæði þessi frv. saman gefi dálitla tryggingu fyrir því, að hægt verði að fá menn til að þjóna í héruðunum í bili, t. d. þegar læknir er veikur. En það er ekki auðvelt, ef þarf t. d. að skera upp lækni, sem er austur á Austfjörðum, að fá lækni úr sínum praksís hér í Reykjavík til að þjóna þar eystra á meðan, — fara t. d. til Hornafjarðar eða Þórshafnar, en á báðum þeim stöðum hefur nú í vetur orðið læknislaust í bili vegna veikinda læknanna þar. Þess vegna held ég, að það sé nauðsynlegt að samþ. bæði frv. Og þá gæti ég haft von um, að með því fyndist leið til að ná í vinnukraft lækna til þess að láta þá hlaupa í skörðin, þegar læknislaust yrði í héraði að öðrum kosti, þó að ég viðurkenni það, að það er ákaflega ófullnægjandi fyrir héruðin, sem annars um langan tíma verða að vera læknislaus, að fá þjónustu frá slíkum hlaupamönnum. Það fæst með þessu fullnægjandi læknisþjónusta í tvo eða þrjá mánuði fyrir héruðin, sem annars yrðu læknislaus. En fyrir héruð eins og Reykjarfjarðarhérað, sem hefur staðið læknislaust í 3—4 ár, af því að læknar fást ekki til að sækja um það, yrði þetta ófullnægjandi.

Ég álít þess vegna, að það sé sjálfsagt að samþ. frv., sem hér liggur fyrir, og að bæði þessi frv. eigi að samþ., og að með því munum við ekki nema svona nokkurn veginn hafa menn til þess að fara í skörðin fyrir þau héruð, sem verða annars læknislaus tíma á árinu, lengri eða skemmri.

***Magnús Gíslason:** Mér þykir rétt að gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef gerzt flm. að þessu frv. Það er sökum þess, að ég lít svo á, að hitt frv., á þskj. 80, um heimildina til að greiða 4 aðstoðarlæknum laun úr ríkissjóði, mundi ekki ná tilgangi sínum, nema með því móti, að þetta ákvæði verði sett í l. Ég álít, að fyrir svo lág laun, 300 kr. á mánuði, auk dýrtíðaruppbótar, mundi að öðrum kosti ekki vera hægt að fá menn til að taka að sér þessi störf. En hitt þóttist ég sannfærður um, eins og mér reyndar heyrist flestir hv. þm. vera, sem talað hafa í málinu, að full nauðsyn væri á því að koma einhverri breyttri skipun á þessi mál til þess að fyrirbyggja, að héruð yrðu læknislaus, og veita læknum kost á að fara að heiman úr héraði sínu um tíma, þegar þeir þurfa á því að halda.

Aðalmótspyrnan gegn þessu frv. virðist mér vera byggð á því, að því er haldið fram, að hér sé um þvingunarl. að ræða gagnvart læknanemum, sem eru búnir að taka próf og vera á spítala, að vera svo skyldaðir til að gegna slíku embætti fyrir lág laun. Enda þótt ég viðurkenni, að það séu talsverðar búsifjar fyrir þessa menn að bæta við sig 6 mánaða vinnu í læknishéraði samkv. þessu frv., áður en lækningaleyfi er veitt, þá álít ég, að þeir séu ekki verr settir en aðrir

eða allt upp í 10 ár. Því að ég hef þá trú, að þeir verði þá orðnir sæmilega fjárhagslega stæðir menn og komnir vel á veg á braut sinni.

Ég hygg, að andstaðan gegn þessu frv. sé á misskilningi byggð, og get ég því ekki með beztu sannfæringu tekið gagnrök til greina á móti því. Ég held, að hér sé verið að vinna þarft verk fyrir þá menn, sem algerlega misskilja þetta mál. Ég taldi rétt, áður en málið færi úr d., að þessi samanburður kæmi fram, því að það hefur alltaf klingt gegnum allar þessar umr., að það væri ekki von, að læknar fengjust í þessi afskekktu héruð, vegna þess að launin fyrir að vera þar væru svo lág. Nei, ég hygg, að það sé eitthvað annað, sem gerir það að verkum, að andstaða er svo mikil gegn þessu frv. Og ég er sannfærður um, að eru sönn orð þess reynda læknis, sem ég hef minnzt á í umr. um þessi mál, sem sagði, að það mundu ekki vera launakjörin, sem gerðu það að verkum, að læknar fengjust ekki í þessi afskekktu héruð. En hvað því veldur, veit ég ekki. Ég held, að það sé algerlega misskilinn greiði við læknastéttina yfirleitt, að vera sífellt með þennan launabarlóm fyrir hennar hönd. Því að ég hygg, að það hafi komið fram fullur skilningur á því, bæði hjá heilbrigðisstjórninni og líka úti um land, að það eigi að búa vel að læknum, og ég álít, að það sé mjög sæmilega gert.

Ég vona þess vegna, að hv. d. láti þetta frv. ganga fram og fylgja hinu læknafrv. Því að ef þetta frv. gengur fram, hygg ég, að bót verði að samþ. hins frv. á þskj. 80.

*__Magnús Jónsson:__ Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Ég lýsti því við 2. umr. málsins, að ég hefði heldur ímugust á þessu litla frv. Og mér finnst eiginlega hálfilla til fundið, að það skyldi vera látið fylgja á eftir hinu frv. á þskj. 80, sem vissulega beinist þó að því að bæta þarna úr þörf, og hefði átt að láta nægja með það, en ekki koma með þegnskyldufrv. um leið, því að ég gæti hugsað mér, að það kannske spillti fyrir framgangi þessara mála yfirleitt.

Hv. frsm. allshn. hefur nú sýnt fram á, að læknar í þessum afskekktu héruðum hafi í raun og veru alls ekki slæm laun, eftir því sem gengur og gerist hér á landi. Ég skal ekki véfengja hans útreikning. Ég hélt ekki, að 25% uppbótin gamla væri reiknuð af svo háum launum, en ég tek þetta trúanlegt. Einu sinni mun hún hafa verið reiknuð af 2500 kr. Við skulum segja, að útreikningur hv. frsm. sé réttur á þessu, og þá eru um 10000 kr. laun lækna á þessum stöðum sennilega lífvænleg. Og þá eru það sennilega aðrar ástæður, sem gera það að verkum, að læknar fást ekki í þessi héruð, heldur en beinlínis að þeir komist ekki af fjárhagslega. Ég get ekki sagt, hvers vegna þetta er, en þetta er staðreynd. Og ég get ekki búizt við því, að það sé hægt að reka læknana út í héruðin, sem eru læknislaus. Þeir hljóta að vita, hvaða laun þeir muni hafa, og héruðin ganga illa út, og það af einhverjum orsökum. Og læknar verða sjálfsagt ekki sannfærðir í þessu efni með þingræðum. Ég get vel trúað, að þetta sé óskynsamlegt af þeim að fara ekki í þessi héruð. En mér er illa við að lögþvinga menn til þess að gera það, sem þeir vilja ekki gera. Og það er lögþvingun að __meina manni__ að vera þar, sem hann vill vera. (__IngP:__ Það er aðeins í 6 mánuði). Ef það ætti aðeins að vera í 6 mánuði, sem sami læknir væri í slíkum héruðum, sem um er að ræða, þá væri lítið gagn að og mikil týning fyrir sjúklingana, sem við það yrðu að búa, miðað við lengri dvöl lækna á sama stað. Ég er yfirleitt á móti þessari lögþvingun, jafnvel þótt hægt sé að sanna, að þessir menn hafi viðunanleg lífskjör í þessum útkjálkahéruðum. Ég vil ekki slíka þvingun, nema miklu meiri þjóðfélagsnauðsyn krefji heldur en hér er um að ræða. Því að það er óreynt, hvort ekki megi fá lækna í þessi héruð þannig, að eitthvað komi þar á móti. Vill ríkið vinna það til að greiða það fé, sem til þess þarf að fá menn í þessar stöður? Það er leiðin, sem ríkið og einstaklingar yfirleitt verða að fara til þess að fá menn í þær stöður, sem menn vilja síður taka að sér en aðrar, að bæta þeim upp í launagreiðslum til þess að fá menn í störfin. Þetta er það, sem gerir mismun á launakjörum nauðsynlegar, vegna þess að það er alls ekki annað ráð, sem þjóðfélagið hefur að grípa til, en að búa svo að þeim, sem eiga að taka að sér störfin, sem menn vilja síður en önnur taka að sér, að menn taki þau. Ég get trúað, að það ráði nokkru um það t. d., hvort læknar vilji heldur vera í Reykjavík eða Reykjarfjarðarhéraði, að það er náttúrlega mikill munur á því að ganga hér um göturnar eða ferðast í erfiðu héraði eins og Reykjarfjarðarhéraði. Ég býst við, að þeir, sem hér eru inni, ef þeir ættu að velja á milli, að þeir tækju þá stöðuna, sem er hægari. Og í þessum efnum geta komið fleiri ástæður til greina. Það er ekki allt miðað við tóma peninga hjá læknunum. Það getur verið, að þeir vilji vera þar, sem mörg sjúkdómstilfelli koma fyrir, og þar, sem þeir því ekki forpokast, ef svo mætti segja, í sinni grein. Það getur verið samfara miklum ferðalögum og því, að lítið sé leitað læknis, að þeir fái lítil verkefni. Og ég hef heyrt lækna kvarta undan því, að í afskekktum héruðum fari þeim ákaflega mikið aftur. Og það ræður nokkru líka, í hvers konar félagsskap menn eru. Mönnum þykir skemmtilegra að vera þar, sem þeir geta hitt starfsbræður sína, og þar, sem þeir geta haft góðan bókakost. Og fleira kemur til greina. Þetta ætti þjóðfélagið að jafna upp með því að láta þá sækjast eftir einhverju góðu í afskekktari héruðunum, og þá sérstaklega launum. Ég sé ekki annað ráð í lýðfrjálsu landi.

Það hafa verið einhver umtöl um það að bæta kjör þessara afskekktustu lækna að einhverju leyti. En mér er sagt, að ekki sé búið að ráðstafa þessu enn á neinn hátt. Ég hefði viljað, að það hefði verið þaulprófað að reyna aðrar leiðir í þessu máli, áður en farið væri inn á þessa lögþvingunarleið. Og þó að þetta sé ekki nema heimild, þá er hæstv. Alþ. þó með henni, ef samþ. verður, búið að leggja það í hendur ríkisstj., hvort ríkisstj. notar þá heimild eða ekki. Og verði svo gert, sýnist mér, að það gæti orðið mikið misrétti gert milli manna. Nú væri t. d. ekkert afskekkt hérað læknislaust, og þá yrði að veita nýútskrifuðum læknum læknisleyfi, sem annars ættu að fara eftir þessum ákvæðum í héruðin. Svo losnar eitthvert hérað, sem ekki er

Þessi andmæli, sem komu fram frá félagi læknanema við háskólann og hafa verið lögð fram á lestrarsal hv. þm. til athugunar, þau eru komin fram gegn þessu frv., sem fyrir liggur. Og þó að ég hafi ekki séð þau nú, eru þau mér nokkuð kunn af umr. við sendinefnd frá þessu félagi, sem heimsótti nokkurn hluta allshn. á miðvikudaginn var. Sérstaklega eru tvær ástæður færðar fyrir þessum andmælum, að með þessu frv. sé lögð þvingun á læknanema, sem þeir vilji ekki sætta sig við, og það einkum vegna þess, að gert sér ráð fyrir að neyða þá til þess að gegna störfum úti í héruðum, þar sem laun séu óviðunandi, sem verði til þess að tefja fyrir þeim um tíma að ná því takmarki, sem þeir keppa að. Þessi andmæli gefa mér tilefni til þess að rifja nokkuð upp þær ástæður, sem fram eru færðar, hvernig búið er að þessum læknum í útkjálkahéruðunum, og þá sérstaklega að því, er launakjörin snertir. Og eftir þeim beztu heimildum, sem ég hef aflað mér, vil ég skýra þetta fyrir hv. deild.

Reykjarfjarðarhérað hefur verið og er nú læknislaust, og útlit er fyrir, að það verði læknislaust. Launin í þessu héraði eins og í öðrum héruðum í sama flokki eru þessi: Grunnlaun eru ákveðin í launal. 3500 kr. og aldursuppbót með 3—4 ára fresti, að ég hygg, 300 kr. og 300—400 kr., þannig að eftir h. u. b. 10 ár eru þau komin upp í 4500 kr. En allmörg undanfarin ár hefur þetta verið praktiserað þannig, að þeir, sem í héruðin fara, fá strax aldursuppbótina, þannig að launin eru ekki 3500 kr., heldur 4500 kr. Þeir, sem gegna embættum í þessum héruðum, fá svo dýrtíðaruppbót samkv. l., sem gilt hafa um nokkur ár, 25% á, að mig minnir, 4400 kr. Og reikni maður það, þá eru launin komin í 5600 kr. Eftir gildandi ákvæðum um verðlagsuppbót og eins og verðlagsuppbótin er ákveðin í dag, þá fá þeir svo 83% verðlagsuppbót á öll launin. Og þegar það er tekið með í reikninginn, þá eru launin komin upp í rúmar 10000 kr. Ég fæ ekki betur séð, en þetta séu sómasamleg laun sem byrjunarlaun og að sú ástæða sé því fallin, sem læknanemar hafa gegn þessari kvöð, að þetta sé svo illa launað, að ómögulegt sé að hlíta því. Ég skal geta þess, að í Reykjarfjarðarhéraði hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir að því, er snertir lyf og lækningatæki. Þau munu vera þar til á staðnum og verða afhent lækninum, þegar hann tekur héraðið. Ég get nefnt eitt enn, að í flestum þessum héruðum eru læknisbústaðir, sem læknar fá til afnota með mjög vægum kjörum. T. d. í Reykjarfjarðarhéraði er læknisbústaður, og leigan, sem læknirinn á að borga fyrir hann, er 1000 kr. á ári. Slík kjör mundu vera talin góð í Reykjavík. Sama er að segja um hin önnur læknishéruð, sem eru í þessum flokki. Launin eru þau sömu og aldursuppbót í þeim flestum, t. d. Hróarstungulæknishéraði. Og kjör læknisins um húsaleigu eru alls ekki lakari þar en í Reykjarfjarðarlæknishéraði.

Þá er að athuga hina mótbáruna, kúgunina til þess að gegna þessu starfi í allt að 6 mánuði og að verða við það fyrir töfum á braut sinni að settu takmarki, þ. e. því að verða læknar þar, sem meira er að hafa upp úr sér heldur en í þessum útkjálkahéruðum. Ég gæti þá látið mér detta það í hug, að það, sem menn keppa þá að, sé að verða praktiserandi læknar í Reykjavík eða öðrum bæjum, og það væri það, sem væri hér verið að stefna að að tefja þá frá. Ég er nú ókunnugur í Reykjavík og veit því ekki, hvernig það er fyrir lækna, sem koma frá prófborðinu, að komast að sem praktiserandi læknar í Reykjavík. Mér hefur verið sagt, að hér séu 60 læknar í Reykjavík. Ég veit það ekki fyrir víst, en gæti vel trúað því. En hvað sem því líður, þá er það víst, að það er býsna mikið af læknum hér í Reykjavík. Ég hef verið að reyna að grennslast eftir, hvað þessir praktiserandi læknar mundu hafa í tekjur á ári. Mér er sagt, að það sé ákaflega misjafnt, og er það sjálfsagt rétt. Aðalpraksísinn geri ég ráð fyrir, að sé bundinn við Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Og mér hefur verið sagt, að það væri óhætt að telja það fullkomið meðallag, ef læknir gæti haft 1000 númer frá sjúkratryggingunni. Mér hefur líka verið sagt — en ég þekki það ekki af reynslu — að fyrir hvert númer væru greiddar 14 kr. Þetta eru þá föst laun þessara manna. Þetta er mér sagt, að megi telja miðlungs fastar tekjur þessara manna, 14000 kr. Ef maður svo tekur 14000 kr. laun fyrir lækni hér í Reykjavík og ber saman við 10000 kr. laun læknis í Reykjarfjarðarhéraði, þá held ég, að læknirinn í Reykjavík sé verr settur fjárhagslega heldur en læknirinn í Reykjarfjarðarhéraði. Því að þegar læknirinn í Reykjavík er búinn að greiða fyrir húsnæði handa sér, lækningastofu og kostnað við bíl, annaðhvort sem hann á sjálfur eða hann hefur samið við bílstjóra um að vera alltaf til taks, þegar hann þurfi á að halda, sem hann verður annars að gera, þá held ég að kjörin verði lakari fyrir lækninn í Reykjavík heldur en fyrir lækninn í Reykjarfjarðarhéraði. Þess vegna held ég, að ef þessi samanburður er gerður með fullri alvöru og vilja á að leita hins rétta, þá falli það þannig, að það sé síður en svo, að það sé verið að gera þeim mönnum óleik, sem þessi l. taka til, ef frv. verður samþ., með því að láta þá fara í þessi útkjálkahéruð. Ég geri nú ráð fyrir, að sumir praktiserandi læknar hafi meiri fastar tekjur en þetta, sem ég til tók. En ég geri ráð fyrir, að nýútskrifaðir læknar, sem koma beint frá skólaborðinu, geti ekki náð þeim launum strax, og ekki fyrr en eftir langa og stranga baráttu. Ég held því, að þessi andmæli frá Félagi læknanema við háskólann séu komin fram af misskilningi. Og mér er fyllsta alvara, þegar ég held því fram, að við, sem leggjum fram þetta frv. hér, séum ekki að gera þeim með því óleik, heldur þvert á móti að opna augu þeirra fyrir því, að fyrir þá eru möguleikar að komast strax frá prófborðinu að stöðu, þar sem þeir geta unnið að þeim hugðarmálum, sem þeir hafa fyrir sig lagt. Og ég held, að það taki þá miklu lengri tíma en 6 mánuði að vinna sig upp í það að verða praktiserandi læknar, hvort sem er í Reykjavík eða í öðrum kaupstöðum landsins, til þess að ná í sultarlaun, sem kölluð eru, þegar um útkjálkahéruðin er að ræða. Ég held, að það geti tekið þá 6 ár. Og ég vil í fullri einlægni telja þessa menn á að fara út í héruðin og þjóna þar, ekki aðeins 6 mánuði, heldur 6

auðgert að fá samþykki þess. Þingmaður sá, sem telur sig landskjörinn og síðast talaði, á sæti í fjvn. Hann veit, að t. d. brúin á Skjálfandafljót kom aldrei til umræðu á þingi. Fé var veitt af fjárveitinganefnd, meðan þing sat, og greitt af ráðherra. Sama var um Hvanneyrarfjósið. Sama nú um launaviðbætur, t. d. 2000 kr. til allra sýslumanna, viðbætur til presta, ný embætti t. d. í læknastéttinni o. s. frv. Þetta er óhæfa. Þessi ósiður þarf að hverfa, og Alþ. á eitt að hafa fjárveitingavaldið, en ekki þingnefnd. Það er Alþ., sem hefur fjárveitingavaldið, og þetta þarf bæði ríkisstj. og fjvn. að gera sér ljóst.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ef fara á að koma með breyt. á launal. inn í þingið, jafnvel þó að um sé að ræða leiðréttingu á launum lækna, sem ég álít, að hafi orðið fyrir misrétti, þá álít ég, að slík breyt. gæti dregið þungan dilk á eftir sér á svona tímum. Ég ætla að benda á það, að ég veit um eina greiðslu úr ríkissjóði, sem greidd var eftir minni ósk, eftir að hún hafði verið borin upp fyrir fjvn., og sú greiðsla var innt af hendi, meðan þing sat. Það höfðu verið veittir peningar á þingi 1941 til þess að byggja upp á Keldum, sem ríkið hafði keypt. En til verksins þurfti meiri peninga heldur en áætlað hafði verið. Nú stendur þannig á, og ég nefni þetta hér til gamans, að einmitt hv. 1. þm. N.-M., Páll Zóphóníasson, kemur til mín og bendir á, að nú þurfi nauðsynlega að byggja hesthús á Keldum. En þar er hin svo kallaða „serum"-framleiðsla. Þar sem hér var um að ræða mjög aðkallandi og þarflega framkvæmd, var ekki hægt að bíða eftir samþ. þingsins, svo að ég leyfði mér, að fengnum till. fjvn., að láta vinna þetta verk.

Á svona tímum getur komið til mála að greiða ýmis útgjöld, sem ómögulegt er að segja fyrir um. Auðvitað er æskilegast að geta leitað álits þingsins um slík mál, en ríkisstjórnin verður á þessum óvenjulegu tímum að geta haft leyfi til að greiða nauðsynleg útgjöld, þegar svo ber undir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Bjarni Snæbjörnsson: Við umr. um þessi mál hefur það farið svo, að bæði málin hafa verið rædd jöfnum höndum, (50—55. mál). En af því að ég hygg, að gætt hafi nokkurs misskilnings, þegar umr. fóru fram um hitt málið, þá hef ég leyft mér að bera fram brtt. við það frv. nú, og geri ég það með skírskotun til þess, að bæði frv. hafa verið rædd jöfnum höndum.

Ég vildi gera grein fyrir þessum till., ef hæstv. forseti vildi úrskurða, að till. mættu koma til atkv., þegar atkvgr. fer fram um seinna málið.

Þar sem misskilnings hefur gætt um meðferð málsins og þm. hafa lagzt á móti því, að málinu yrði frestað, svo að hægt væri að koma með brtt., þá hef ég talið rétt að freista þess að fara þessa leið. Það er vitanlegt, að það frv., sem hér um ræðir og sem er skoðað af læknanemum, sem nokkurs konar kúgunarfrv., er fram komið af því, að n. bjóst ekki við því, að frv. yrði breytt frá því, að allshn. hafði gengið frá því. — Brtt. mín er á þá leið, að í stað 300 kr. komi 500 kr. Eins og þetta er í frv. allshn., hef ég skilið það svo, að á þessar 300 kr. eigi ekki að greiða fulla dýrtíðaruppbót, heldur eigi þetta að vera nokkurs konar trygging fyrir því, að þessir læknar eigi að hafa a. m. k. 300 kr. í laun, en að það mundi verða samkomulagsatriði við viðkomandi héraðslækni, hvort hann greiddi þetta eða ríkissjóður. Þess vegna er það, að þó að farið sé upp í 500 kr., er ekki þar með sagt, að það verði hrein útgjöld fyrir ríkissjóð, heldur dragi viðkomandi héraðslæknir þetta úr sínum vasa. Nú vil ég í annan stað geta þess, að það er ekki nema sanngjarnt að hækka þessa upphæð, þar sem vitanlegt er, að sendisveinar bera úr býtum 300 kr. á mánuði og í öðru lagi, að þau embætti, sem stj. hefur skipað í, þau hafa verið launuð með 600 kr. á mánuði auk uppbótar og þar að auki mánaðar sumarfrí, svo að í sjálfu sér er ekki farið langt, þó að miðað sé við 500 kr. Í öðru lagi hef ég í brtt. mínum bætt litils háttar við gr., og skoða ég það einungis sem framkvæmdaratriði, sem landlæknir yrði að skera úr. En ég álít, að einmitt þetta atriði gæti orðið mjög til þess að gera þessa menn fúsari til þess að takast þessi embætti á hendur.

Ég skal að lokum geta þess, að ég hef í dag rætt við allshn. um þessar brtt. minar, þannig að öllum nm. eru þær kunnar. Ég vil svo að lokum mælast til þess við hæstv. forseta, að hann verði við þeirri ósk minni að taka brtt. minar til umr. hér í deildinni.

Forseti (EÁrna): Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að þetta mál, sem síðasti ræðum. gerði að umtalsefni, er ekki til umr. nú, og ég vil biðja hv. þm. að halda sig eingöngu við efni þess frv., sem nú er til umr., þ. e. 3. mál dagskrárinnar. Það er þegar lokið umr. um 4. málið. En þegar að því máli kemur, verð ég að taka ákvörðun um þær brtt., sem fyrir liggja um það mál.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Það hefur ekki komið fram neitt sérstakt hér í hv. d., sem ég hef ástæðu til að andmæla. En hæstv. forseti lýsti því af forsetastóli við fundarsetningu, að lögð hefðu verið fram á lestrarsal mótmæli gegn þessu frv. frá félagi læknanema við háskólann.

Það er rétt, sem hæstv. forseti tók fram, að á miðvikudaginn, síðast þegar hitt læknafrv. (nr. 50) var til umr., þá var þetta mál rætt líka; og ég gerði það vegna þess, að þessi mál eru mjög nátengd. En ég skal reyna að haga orðum mínum svo, að þau eigi nú aðeins við þetta frv., sem fyrir liggur.

næsta fundi allshn. komi sú spurning fram frá formanni læknafélagsins, hvort n. vilji mæla með því að hækka laun þeirra lækna, sem búa á afskekktum stöðum. Ég vil vera við því búinn að svara þessu, svo að ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hann telji, að almenn launahækkun til lækna geti samrýmzt 3. gr. l., sem nú liggur fyrir þinginu, um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Ég vildi gjarnan fá úr því skorið, hvort hér sé um undantekningu á launum að ræða, eða hvort gerðardómur þurfi að úrskurða í þessum málum.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Það er ekkert því til fyrirstöðu, að Alþ. geri breyt. á launum opinberra starfsmanna, þrátt fyrir gerðardómsl. Í annan stað er ekki hægt að neita því, að læknar hafa ekki fengið neina dýrtíðaruppbót á laun fyrir störf sín og er ein af þeim fáu stéttum í þjóðfélaginu, sem við þau kjör búa. Í þriðja lagi, ef laun lækna hækkuðu upp í 650.00 kr. á mán., kæmi þessi hækkun í staðinn fyrir þá kauphækkun, sem allar aðrar stéttir hafa þegar fengið, og væri nokkurs konar réttaruppbót. Ég sé því ekkert á móti því, að þessi breyt. sé gerð þrátt fyrir þessi lög.

__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Ég vil taka fram, út af ummælum hæstv. forsrh., að þar sem ég er í fjvn., er mér kunnugt um svar hennar í þessum málum. Hún hefur aldrei beinlínis svarað því, hvort hún væri með því að læknar fengju hækkuð laun. En í bréfi, sem viðkomandi ráðh. skrifaði fjvn., er lagt til, að hún segi sitt álit um það atriði. Hún taldi því rétt að gera betur við embættismenn úti á landi og hækka laun þeirra í samræmi við aðra embættismenn.

Ég vil ekki, að það sé álitin skoðun mín eða fjvn., ef tekin verður upp sú regla að veita embættismönnum verðlagsuppbót á laun, sem ekki eru grunnlaun. Þetta skildist mér á hæstv. forsrh. Þykir mér slíkt óviðunandi, en launauppbót gæti komið til mála.

__Páll Zóphóníasson:__ Herra forseti! Það eru tvær fyrirspurnir, sem mig langar til að fá svar við. Önnur er til hæstv. forsrh., hin til fjvn. Það lítur út fyrir, að fjvn. hafi fjárveitingavald, eftir því sem komið hefur fram í umr. Það er upplýst að ríkisstj. greiðir fjölda af greiðslum eftir till. hennar og án þess að Alþ. fái nokkuð um það að vita fyrr en eftir á. Fjvnmenn hafa gleymt því, að þeir hafa aðeins tillögurétt, og þegar fjvn. leggur til að hækka laun presta og lækna úti á landi, þá á sú hækkun ekki að greiðast úr ríkissjóði, fyrr en Alþ. hefur sagt álit sitt. Ég tel þennan sið fjárveitingarnefndar og ríkissjórnar óhæfan með öllu og vítaverðan, og ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Lítur ríkisstj. svo á, að hún eigi að hlýða því, sem fjvn. leggur til, án þess að Alþ. samþ. það? Ég vildi gjarnan fá þessu svarað.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Á þeim óvenjulegu tímum, sem nú eru, verða ýmsar breyt., sem hafa útgjöld í för með sér, og sumum þeirra hefur ríkisstj. ekki séð mögulegt að ráða fram úr. Þá hefur það verið gert í nokkrum tilfellum að skrifa fjvn., þar sem allir flokkar eiga sæti, og biðja hana um álit sitt á málinu. Hvað þessa lækna snertir, þá er það bersýnilegt, að þeir eru verr settir heldur en allir aðrir embættismenn, af því að laun þeirra eru miðuð við miklar aukatekjur af störfum þeirra, en fyrir þau taka þeir greiðslu samkv. gjaldskrá. Þó að þeir fái fulla uppbót á laun sín, fá þeir samt ekki það uppborið, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins. Þess vegna hefur komið til tals að hækka kauptextann og láta þá þannig ná rétti sínum. Menn eru ekki sammála um í ríkisstj., hvaða leið eigi að fara. Ef til vill væri rétt að hækka textann, en þá mætti búast við, að aðrar stéttir risu upp og heimtuðu kauphækkun. Þess vegna var ekki farin sú leið, sem formaður læknafélagsins stakk uppá, heldur bent á þá millileið að greiða úr ríkissjóði í nokkur ár hærri uppbót til þess að komast hjá því að hækka textann. Mundi þetta verða það sama fyrir hlutaðeigandi lækna, og yrði þetta gert með tillit til þess, að þeir læknar, sem hafa erfiðust héröðin, fái mest laun samanlagt. Mál þetta er rökstutt af landlækni. Ég álít, að þegar svo stendur á, að ekki er hægt að ráða fram úr þessum málum á Alþ., geti ríkisstj. tekið til sinna ráða, að fengnum till. fjvn., þegar Alþ. situr ekki. Ég álít rétt á hverjum tíma að leita tillagna fjvn. Hitt er aftur ekki rétt, að venjan hafi skapað fjvn. fjárveitingavald hér á Alþ., og þannig hefur ríkisstj. aldrei litið á. En undir slíkum kringumstæðum, sem verið hafa s. l. ár, hefur ríkisstj. leitað góðra tillagna fjvn., þegar hún hefur ekki náð til þingsins og óvenjuleg vandamál hefur þurft að leysa. Sýna landsreikningarnir fyrir s. l. ár, að mikið hefur verið af óvenjulegum greiðslum, sem stafa af hinu óvenjulega viðhorfi stríðstímanna. Og það er ekki undarlegt, þó að þurfi að grípa til þeirra úrræða, sem óþekkt eru á venjulegum tímum.

__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Ég þarf ekki mikið að segja um þetta mál, þar sem hæstv. forsrh. hefur svarað því að nokkru leyti, sem kom fram í ræðu háttv. 1. þm. N.-M. Ég get tekið fram fyrir hönd fjvn., að hún hefur ekki fjárveitingavald og kemur ekki til mála, að hún ráðstafi fé upp á sitt eindæmi. Hitt er annað mál, að ríkisstj. getur leitað álits fjvn., eins og t. d. samgmrh. leitar álits samgmn. um þau mál, sem undir hann heyra. Þessi hv. þm. er einn af ráðunautum landbúnaðarins, og ég býst við, að ýmsir bændur leiti hans till., þar sem hann er þeim kunnur fyrir sitt starf og viljugur til snúninga við upplýsingar. En ekki er þar með sagt, að skylda sé að fylgja hans tillögum.

Það er alger misskilningur, ef það er álitið, að fjvn. hafi fjárveitingavald. Þó að till. hennar séu ekki nákvæmlega sundurliðaðar á fjárl., þá er venjulega tekið fram allt um þau mál í framsöguræðu fyrir fjárl., og er þá hægt fyrir hv. þm. að berjast þar um þau atriði, sem honum mislíkar.

__Páll Zóphóníasson:__ Herra forseti! Ég vil enn vekja athygli hv. þdm. á því, að allstór útgjöld munu hafa verið greidd úr ríkissjóði utan fjárl., þegar þing hefur setið, og þá átti þó að vera

orðið á morgun. Þá þyrfti það ekkert að tefja fyrir afgr. málsins, þó að formaður læknafél. ætti viðtal við n. En það liðkar til að láta málið nú ganga til 3. umr. Þetta viðtal gæti svo farið fram á fundi n. á morgun milli kl. 10 og 11 f. h.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég vil ekki hafa neitt á móti því beint, sem hv. 2. þm. S.-M. fór nú fram á, því að ég vonast til þess, að n. taki til greina þau rök, sem formaður læknafélagsins ber fram. Þess vegna finnst mér ekki ástæða til annars en að vera liðlegur við hv. n. í þessu máli. Set ég mig því ekki á móti því, að málið fari nú til 3. umr.

Úr því að hæstv. forsrh. er nú staddur hér í hv. d., langar mig til þess að beina dálitilli fyrirspurn til hans um atriði, sem mér var ókunnugt fyrr en í dag. Þegar þetta frv., sem tekið var af dagskrá hér áðan, var til umr. hér, var það tekið fram, að það, sem væri þess valdandi, að læknar fengjust ekki í erfiðari og fólksfærri héruðin, væri, að launin væru svo lág fyrir það, og þeir treystu sér ekki til að fara í þessi héruð þess vegna. Og báðir hv. þm. N.-M. vildu gjarnan ganga inn á það, að eitthvað yrði gert í þeim efnum til að bæta kjör lækna, til þess að þeir fengjust í þessi erfiðu héruð. Nú frétti ég það af viðtali við formann Læknafélags Íslands, að hann hefði farið þess á leit við landlækni, að hann væri því meðmæltur til hæstv. ríkisstj. að læknar fengju að hækka taxta þann, sem samþ. var í samræmi við dýrtíðina, en landlæknir hefði verið því mótfallinn, en verið þeirrar skoðunar, að læknar ættu að fá einhverjar uppbætur á laun sín, eins og aðrir verkamenn í landinu, og hefði viljað fara þá leið, að læknar fengju fulla dýrtíðaruppbót af 650 krónum á mánuði, þrátt fyrir það að þeir hefðu ekki nema 200 eða 300 kr. á mánuði í grunnkaup. Þetta hafði formaður læknafélagsins gengið inn á til samkomulags, og það því frekar sem hann bjóst við, að þetta yrði afgr. frá ríkisstj. Nú sagði hann mér, að þetta hefði staðið svona, án þess að hann hefði fengið neitt svar. Og nú í vor, sem leið, hefði hann talað við þáverandi félmrh. um þetta atriði, og hann hefði ekki viljað gera neitt í því fyrr en á haustþinginu, því að það var um það leyti, sem vitað var, að haustþing mundi koma saman. Á haustþinginu hefði þetta verið lagt fyrir hv. fjvn. og fjvn. hefði samþ. að verða við þessari beiðni. Og svo hafði formaður læknafélagsins álitið, að þetta væri þar með klappað og klárt og læknar mundu fá þessa dýrtíðaruppbót greidda. Og fjvn. hafði líka gert sér grein fyrir því, hvað þetta mundi verða á hvern lækni. Svo þegar formanni læknafélagsins leiddist að bíða eftir þessu og hann hringdi til stjórnarráðsins til þess að vita, hvað þessu liði, fékk hann það svar, að ríkisstj. hefði ekki viljað taka neina ákvörðun í þessu máli, vegna þess að samþykktin, sem komið hefði frá fjvn., hefði verið svo loðin, að ríkistj. hefði ekki treyst sér til að fara eftir henni.

Ég vildi nú gjarnan fá að vita hjá hæstv. forsrh., hvernig í þessu liggur, því að mér skilst á öllum aðilum, sem um málið fjalla, þ. á. m. fjvn. á síðasta ári, — og líka við umr. um málið hér í hv. d. — að þeim finnist ekki nema sjálfsagður hlutur að bæta læknunum upp, sem eru í erfiðum héruðum, þegar þeir mega ekki hækka eftir dýrtíðarvísitölu gjaldskrá þá, sem þeir eiga að fara eftir.

Þetta, sem hér hefur verið drepið á, launaspursmálið, og margt annað, sem áður hefur verið á minnzt við umr. um málið, eru aðalástæðurnar fyrir því, að erfitt er að fá unga lækna í erfiðustu héruðin. En ég er sannfærður um, að ef læknum væri sýnd meiri sanngirni heldur en gert hefur verið í þessum málum, kæmi aldrei til þess, að héruðin yrðu læknislaus.

Ég ætla ekki að öðru leyti að fjölyrða um þetta mál, en mig langar til við þessa umr. að fá vitneskju um þetta mál.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég þarf ekki að endurtaka sögu þessa máls, en mun svara þeirri fyrirspurn, sem beint var til mín. Ég veit ekki, hvort fyrrv. heilbrigðismálaráðh. hefur sent þessa umtöluðu beiðni til fjvn. og fallizt á till. landlæknis um að greiða læknum uppbót, þannig að þeir fái allt að 650.00 kr. á mánuði, sem má ekki minna vera. En ég býst við, að ef hún hefur verið send þangað, þá hafi henni verið svarað. Fjvn. hefur óskað eftir því að taka ekki afstöðu til málsins, en hins vegar leggur hún áherzlu á, að launal. verði samin, og það hefur verið svar hennar viðvíkjandi flestum breyt. á launum. Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag innan ríkisstj. um að láta endursemja launal. Þannig hafa svörin verið frá fjvn., og stjórnin hefur beinlínis ekki getað farið eftir þeim. Nú lágu fyrir beiðnir frá fleiri stéttum um kauphækkun, og það var ákveðið á fundi, að þetta yrði allt látið bíða, þar til hægt yrði að ræða við fjvn. um málið. Síðan ég tók við málinu, hafa læknar minnzt á þetta við mig. Um þetta leyti veiktust hæstv. atvmrh. og viðskmrh., og þess vegna var ekki hægt að bera málið upp á fundi, þegar fundur var haldinn fyrir tveim dögum, og þá lágu sex önnur mál einnig fyrir hendi. Ég geri ekki ráð fyrir því, að margir dagar líði, þar til hægt er að afgreiða þetta mál, annaðhvort með því að hækka taxtann, sem sumir hafa talið fært, eða fara inn á þá braut að greiða uppbót á laun, sem næmu 650.00 kr. á mánuði. En hitt er vafasamt, hvort launauppbót mundi bæta úr þeim vandræðum, sem nú eru með lækna. Kann að vera, að það hafi einhver áhrif, og ekki nema sjálfsagt að taka málið til athugunar. Í sumum afskekktum sveitum landsins er alveg læknislaust, og ég held, að launakjörum læknanna á þessum stöðum sé hér ekki um að kenna, heldur hinni almennu pest, sem gengur í landinu, að fólk vill ekki dvelja á afskekktum stöðum. En ég viðurkenni, að óréttlátt sé, að þeir, sem kynnu að vilja setjast að í fámenninu, þyrftu að flýja þaðan vegna þess, hve embætti þeirra eru illa launuð. Mun ég taka mál þetta til athugunar á ráðherrafundi nú á næstunni.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vildi aðeins beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. Eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram, býst ég við því, að á

launin séu of lág — þeir eiga að fá 300 kr. á mánuði, auk húsnæðis og aðhlynningar hjá héraðslækni — þá teldi ég rétt að hækka þessi laun. En frá mínu sjónarmiði er sízt betra að fara inn á þá braut að stofna ein 3 ný embætti.

Þá kom hv. þm. Hafnf. að því, sem margendurtekið var í umr. um frv. á þskj. 80, að laun héraðslækna í erfiðari og verri héruðum væru allt of lág. Mér hefur aldrei dottið í hug að bera á móti því. Hitt hef ég sagt, að ég teldi, að tímarnir, sem við nú lifum á, séu ekki vel til þess fallnir að taka nú einstaka liði út úr launal. og breyta þeim. Ég man ekki betur en það kæmi fram á þingi 1924, að það þyrfti að endurskoða launal. Því var ýtt frá sér þá, og þingið hefur ýtt því frá sér til þessa dags. Og ég tel, að einni þingn. sé með öllu ofvaxið að takast það starf á hendur og að það sé yfirleitt mjög vafasamt að fara inn á þá braut að taka nokkurn hluta einstakrar launastéttar til þess að breyta kjörum þess hluta stéttarinnar.

Þá minntist hv. þm. Hafnf. á, að sér fyndist óviðeigandi af n. að ganga fram hjá formanni Læknafélags Íslands um það að bera þetta mál undir hann. Þessa aths. kom hann með viðvíkjandi hinu frv. í fyrradag. Og ég get upplýst það, að um leið og þetta frv., sem hér liggur fyrir, var sent í prentun, var formanni Læknafélags Íslands sent það. Þó að n. hafi ekki kallað hann á sinn fund, hefur hann því átt kost á að gera sínar aths. við frv., hefði hann óskað að gera það.

Þó að hv. þm. Hafnf. hafi gert þessar aths., sem ég tel eðlilegar, þótt hins vegar ég geti ekki gengið inn á þær, þá vænti ég þess, úr því að hann álítur eins og við allir, að það þurfi að gera tilraunir til þess að bæta úr þeim læknaskorti, sem hefur verið úti um sveitir landsins, að hann sjái, að rétt sé að láta þetta hóflega frv. ná fram að ganga og láta reynsluna skera úr um það, hvort ákvæði þess verði að notum eða ekki. Ég hef trú á því, ef þessi frv. verða samþ., þetta og frv. á þskj. 80, þá verði nokkur bót ráðin á ástandinu í þessum efnum, þó að e. t. v. verði ekki full bót á því ráðin með þessum ráðstöfunum. Og þá er haldið í áttina, og ég veit, að hverri umbót í þessu efni verður þakksamlega tekið. Vil ég því vænta þess, að hv. þm. Hafnf. geti léð þessu máli stuðning, þó að honum finnist, að ýmislegt í búningi þess mætti betur fara.

*__Bjarni Snæbjörnsson__: Það eru bara fáein orð út af þessari ræðu hv. frsm. Ég vildi bara taka það dálítið skýrar fram, hvað ég átti við með stofnun aukalæknisembætta. Það er sitt hvað, það, sem ég meinti með aukalæknisembætti annars vegar, og fast héraðslæknisembætti hins vegar. Það er nákvæmlega það sama og með ráðherrana, að sumir þeirra hafa enga stjórnardeild, þó að þeir starfi sem ráðh. Ég ætlast til, að ef þessi aukalæknisembætti verði stofnuð, þá verði í þeim læknar, sem fari úr einum stað í annan. Það mundu frekar fást ungir menn til þess að fara í þessi embætti heldur en í þau héruð, sem nú eru mjög miklir örðugleikar á að fá lækna skipaða í. Og í skipunarbréfum slíkra aukalækna væri ákveðið, hve lengi þeir ættu að vera í slíkum héruðum í einu, og þá vissu þeir, að þeir yrðu þar ekki eiliflega grafnir. En það fyrirkomulag að hafa slík aukalæknisembætti væri trygging fyrir því, að héruðin fengju að njóta sama læknis lengur en aðeins í nokkra mánuði. Þessi skylda, sem í þessu frv. er lögð læknum á herðar um þjónustu í héruðum, nær ekki nema til kandidata, sem eru óreyndir sem læknar að öllu leyti. Og ég efast um, að það væri nokkur bót fyrir héruðin, sem erfitt er að fá lækna í, að slíkri skipan yrði á komið, því að ég er sannfærður um, að ef samþ. verða till., sem fram á er farið í frv., verður á eftir minni áhugi fyrir því að fá góða, fasta lækna í þessi lakari héruð, vegna þess að nýir kandidatar færu í þau, sem þó færu þaðan, þegar þeir væru búnir að fá nokkra reynslu í starfinu, og nýr maður kæmi í staðinn. En ef hinn hátturinn er hafður, eftir því sem ég legg til, þá er það trygging fyrir því, að ungir læknar mundu sækja um þessi embætti fremur en lélegu héruðin, sem nú eru óskipuð.

Þessar aths. mínar eru gerðar frá eigin brjósti, en ég er ekki að ræða neinar skoðanir, sem séu uppi meðal læknafélagsins. Vildi ég, að hv. n. tæki þessar aths. til athugunar milli umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr.

*__Bjarni Snæbjörnsson__: Ég vildi aðeins bera fram tilmæli um það, að málið verði nú tekið af dagskrá, því að formann Læknafélags Íslands langar til að tala við n., og mun gera ráðstafanir til þess að fá viðtal við n. í dag. Og mér hefði þótt viðkunnanlegra, að það viðtal hefði getað átt sér stað áður en 2. umr. fer fram, og þyrfti það ekki að tefja málið. (__PZ__: Þetta er bara 2. umr.) Það er ekki betra að taka það hvað eftir annað af dagskrá við 3. umr.

*__Frsm. (Ingvar Pálmason)__: Út af aths. hv. þm. Hafnf. (BSn) verð ég að taka það fram, að strax þegar n. hafði tekið þá ákvörðun að flytja þetta frv., þá var formanni Læknafélags Íslands sýnt frv. Að vísu hefur n. ekki kallað hann á sinn fund, en hefur þó gefið honum fullt tækifæri til þess að eiga viðræður við n. um málið. Og ég hef talað um það við formann allshn., og það er sjálfsagður hlutur, að formaður læknafélagsins fái viðtal við nefndina. En það stendur nú svo á, að 2. og 3. málið á dagskránni í dag þurfa að fylgjast að. Eftir bendingu frá mér hefur hæstv. forseti tekið 2. dagskrármálið af dagskrá nú, til þess að þessi tvö mál gætu væntanlega fylgzt að út úr d. Ég hef ekkert á móti því, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, verði ekki afgr. frá d., fyrr en formaður læknafélagsins hefur talað við n. En ég vildi beina því til hv. þm. Hafnf., hvort hann sætti sig ekki við, að málið gangi nú til 3. umr. og að á milli 2. og 3. umr. eigi formaður læknafélagsins kost á að tala við n., sem ég hefði þá óskað, að gæti

verður þessi breyt. Og þeir yrðu þá sennilegast 4—6 mánuði í þeim héruðum, hver fyrir sig, og alltaf væri skipt um, og nýir menn kæmu, og mundi þetta verða læknishéruðunum til ýmissa erfiðleika. Það er þess vegna, að mínu áliti, mjög lítil bót, þó að þetta yrði að l., og kæmi það ekki til þeirra nota, sem til er ætlazt af hv. flm. Ég hygg því, að þessum málum væri miklu betur borgið, ef veitt væri á fjárl. nokkur fjárfúlga til aukalækna, þannig að það væru stofnuð 2 eða 3 aukalæknisembætti, og menn-irnir, sem tækju þau embætti, væru skyldaðir til þess að sinna þessum störfum, sem í þessu frv., sem fyrir liggur, læknaefnum á að vera skylt að gegna, og að það væri sagt þeim lækn-um, sem þyrftu að fara frá sínum héruðum um tíma, annaðhvort vegna heilsubrests eða til náms, að þeir gætu fengið þessa lækna fyrir sig um tíma. Einnig gætu þessir læknar skipzt á um að gegna læknislausum héruðum í bili. En þau réttindi, sem slíkir læknar fengju, sem tækju þessi aukalæknisembætti, yrðu vitanlega þau, að þeir gengju á sama skalann eins og aðrir héraðslæknar, þeir fengju betri héruð aftur á eftir og svo stighækkandi, eftir að embætti losnuðu. Því að það verður að segjast, að það, sem aðallega tryggir það, að læknar fáist í lélegri læknishéruðin, er, að þeir hafi vissu um það, að þeim verði ekki gleymt í þessum lélegu hér-uðum, heldur að þeir fái betri héruð, strax og þau losna, en það hefur veitingavaldið ekki gert á undanförnum árum nema að litlu leyti. Þess vegna fást ungir læknar ekki til að fara í lé-legri læknishéruðin vegna óttans við, að þeim verði gleymt þar.

Og svo nr. 2 eru það launal., sem þarf að breyta viðkomandi læknum, sem eru í lélegum héruðum. Það er alveg óhæfilegt og kemur ekki til nokkurra mála að hafa muninn ekki meiri á launum læknanna í lélegustu héruðunum annars vegar og hins vegar þeim fjölmennustu, þegar maður tekur tillit til þess, hve afskaplega mikill munur er á praksís í þeim lélegustu hér-uðum og hinum beztu. Ég vildi þess vegna beina því til hv. allshn., áður en málið kemur til 2. umr., hvort hún vildi ekki athuga þann möguleika frekar að stofna heldur til auka-læknisembætta heldur en fara þá leið, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir. Það yrði ekki miklu meiri kostnaður en það, sem fram á er farið með hinum frv. (á þskj. 80). Og ég held, að með því móti yrði meiri trygging fyrir því, að lé-legustu héruðin fengju þó að búa að sínum læknum dálítið lengur en 4—6 mánuði hverjum lækni í einu. Og í öðru lagi vil ég beina því til n., hvort ekki væri hægt að koma því fyrir ein-hvern veginn í l., að farið verði eftir því við veitingar læknisembætta, að þeir, sem hafa verið í fámennum, afskekktum og erfiðum héruðum, komist að betri héruðum, þegar þau losna.

Mér virðist, að hv. allshn. ætti að ræða þetta mál við formann Læknafélags Íslands, því að óneitanlega er í þessu frv. stefnt að því að leggja miklar kvaðir á eina stétt manna. Og mér virðist réttara að leita álits formanns þess fé-lags fremur en einhverra og einhverra einstakra lækna, eins og mér skildist á hv. frsm., að hann hefði gert. Ég hef ekki haft tækifæri til að tala við formann læknafélagsins um þetta atriði, og það, sem ég hef sagt um þetta mál nú, er þess vegna eingöngu frá mínu eigin brjósti.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Hv. þm. Hafnf. (BSn) hefur hreyft hér nokkrum aths. við þetta frv., sem ég tel rétt að fara um nokkrum orðum.

Fyrstu aths. hans um þá erfiðleika, sem þetta frv., ef samþ. verður, leggur á leið kandidata, hef ég svarað áður í fyrri ræðu minni. Ég get ekki fundið, að ráðstafanir þessa frv. geti orðið til þess að tefja fyrir læknakandidötum. Því að þó að það sé svo, að kandidötum reynist oft erf-itt að geta uppfyllt skilyrði um það að vera við spítala, þá breytir það engu um það mál, sem hér er á ferð. Það er komið svo því máli sem er. Og þó að þessari kvöð sé bætt á þá, þá er hér um að ræða í mesta lagi 6 mánaða tíma, sem þeir verða að fórna, þó gegn greiðslu fyrir vinnu sína, áður en þeir fá ótakmarkað lækninga-leyfi. Og ég held, að það komi varla til þess, að svo margir kandidatar útskrifist á ári, að þessi ráðstöfun tefji þá tilfinnanlega. Þó að t. d. 10 kandidatar útskrifuðust á ári, held ég að þetta mundi ekki koma að sök. Mér er sagt, að það séu a. m. k. 3 þjónandi læknar nú, sem hafi bráða þörf á að geta losnað frá sínum lækn-ishéruðum, og a. m. k. 3 héruð eru nú læknislaus. Mér virðist það heldur ekki ótrúlegt, að fleiri héraðslæknar þægju það þakksamlega að fá hvíld tveggja til þriggja mánaða tíma.

Þá benti hv. þm. á, að hann efaðist um, að héruð þau, sem nú eru læknislaus, hefðu mikil not af þessu ákvæði. Ég skal játa, að það er engin trygging í þessu ákvæði fram yfir það, ef hægt væri að fá skipaða lækna í þau héruð, sem standa auð eða mjög erfitt er að fá lækna í, og þeir læknar héldu svo héruðunum áfram. En það eru þó nokkrar líkur til þess, að við það að mennirnir kynnast héruðunum af að þjóna þeim í 6 mánuði, gæti farið svo, að þeim litist ekki eins illa á að sækja um þau eins og ef þeir hefðu ekkert kynnzt þeim. Og í öðru lagi væri það þó bót, ef með þessum ráðstöfunum væri hægt að tryggja það, að héruð yrðu þó ekki læknislaus, þó að þau yrðu e. t. v. að búa við það að hafa ekki sama lækninn lengur en í 6 mánuði, þó að ég auðvitað játi, að það er ekki sérstaklega skemmtilegt fyrir héruðin að geta ekki gert ráð fyrir, að nokkurn tíma verði læknir þar lengur en í 6 mánuði.

Þá kem ég að þriðju aths. hv. þm. Hafnf., þar sem hann taldi, að meiri trygging væri í því fólgin að stofna 3 föst læknisembætti, sem læknar yrðu skipaðir í til að þjóna læknishér-uðum á sama hátt og kandidötum er ætlað eftir þessu frv. En ég er ekki viss um, að það sé mikil trygging í því fólgin, og það er hreint frá, að nein trygging sé í því fólgin, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga. Það kann að vera meiri trygging í því fyrir þá, sem vilja fá föst embætti, heldur en í ákvæðum frv. Hitt kann að vera á meiri rökum byggt, að þau fjárframlög, sem í frv. á þskj. 80 er gert ráð fyrir, séu of lág. En það er bara framkvæmdaratriði, sem við getum bætt úr, þegar við fáum reynslu fyrir því, að þau séu of lág. Ef svo reynist, að það sé aðal-agnúinn á ákvæðunum um aðstoðarlæknana, að

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 404).

31. Lækningaleyfi.

Á 21. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar (þmfrv., A. 92).

Á 23. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*__Frsm. (Ingvar Pálmason)__: Við 1. umr. um frv. til l. á þskj. 80 um breyt. á l. um skipun héraðslækna, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, þá minntist ég á þetta frv. örlítið og gat þess þá, að það væri flutt af allshn. sem afleiðing af frv. á þskj. 80. Eins og kemur fram í grg. fyrir því frv., þá lætur landlæknir skína í það, að hann telji ekki ósennilegt, að þó að það frv. verði að lögum, þá geti svo farið, að það komi ekki að fullum notum til þess að bæta úr læknaskorti úti á landi, vegna þess að það kunni að vanta menn í þessar stöður, sem í því frv. er ráðgert að stofna. Og allshn. var það ljóst, að þarna var um töluverða annmarka að ræða, og þó að hún gerði ráð fyrir því, að nokkur bót væri að því að stofna þessi 4 aukalæknisembætti, gæti svo farið, að erfitt reyndist að fá menn í þau. Þessi breyt., með frv. á þskj. 80, miðar til þess m. a. að bæta fyrir þeim læknishéruðum úti á landi, sem undanfarin ár hafa staðið læknislaus, auk þess sem frv. er líka ætlað að bæta úr tilfinnanlegum vandræðum, sem eru í því fólgin, að margir þjónandi héraðslæknar eiga örðugt með, og þeim er jafnvel ókleift að fá í veikindaforföllum eða vegna annars lækna fyrir sig til að gegna læknisembætti í fjarveru sinni, þannig að það mun vera álit læknastéttarinnar, að læknar geti tæplega að heiman komizt af þessum sökum. Til þess nú að ráðstafanir til úrbóta í þessu efni, sem felast í frv. á þskj 80, geti komið að notum, fannst n. rétt að setja það ákvæði inn í l., að ráðh. hefði heimild til að setja það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi til kandidata, að umsækjendur slíkra leyfa hefðu gegnt læknisstörfum hjá héraðslækni um 6 mánaða tíma. Mér virðist þessi kvöð á læknakandidötum ekki vera mjög tilfinnanleg. Og mér hefur skilizt af viðtali við suma lækna, að líkur væru til, að læknakandidatar mundu taka þessu fremur liðlega.

Það hefur verið á það bent, að af þessu gæti leitt það, að læknakandidatar yrðu fyrir óþægindum af þessu, þannig að það tefði þá í fyrirhuguðu framhaldsnámi. Ég hygg, að það þyrfti ekki að verða mjög tilfinnanlegt, fyrst og fremst vegna þess að takmarkið er sett mjög hóflega. 6 mánuðir er lengsti tíminn, sem heimilað er að setja að skilyrði, að þeir þjóni á þennan hátt. Og ef mjög margir læknar útskrifast eitthvert ár, þannig að margir yrðu að bíða eftir að geta unnið af sér þessa þengskyldu, þá virðist mér enginn vandi að bæta úr því með því að stytta tímann, sem þeir þyrftu að starfa sem læknar í héraði, áður en þeir fengju ótakmarkað lækningaleyfi, t. d. niður í 4 mánuði. Þetta hygg ég því ekki mikinn agnúa.

Ég legg áherzlu á, að ég tel, að breyt. á l. um skipun læknishéraða komi að fremur litlum notum, nema ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir, verði lögtekin samtímis því frv.

Ég held, að þessar tilraunir, sem gerðar eru til þess að bæta úr læknisleysi úti á landi, séu þannig, að mjög sé í hóf stillt öllum kvöðum, bæði á ríkinu og eins á læknakandidötum. Og þó að skoðanir geti e. t. v. verið skiptar um gagnsemi af þessum breyt., þá held ég tvímælalaust, að hæstv. Alþ. geti ekki sýnt það tómlæti að gera ekki þessa tilraun, sem er hvort tveggja í senn ekki mjög útlátamikil fyrir ríkissjóð og einnig mjög hófleg í garð læknastéttarinnar. Ég vænti þess því fyllilega, að hv. þd. laki þessu frv. einnig með fullum skilningi og láti það fá framgang.

Ég skal geta þess að endingu, að fyrirsögn l., sem þetta frv. er breyt. við, er bæði löng og hálf-leiðinleg. L. heita „Lög um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.“ N. fannst fyrirsögnin löng og leiðinleg. Sjálfur er ég ekki orðhagur. Og ég veit ekki fyrir víst, hvort n. sér ástæðu til þess að gera till. síðar til breyt. á fyrirsögn l. En ég skýt þessu svona fram til hv. þdm., ef þeir fyndu ástæðu til að gera brtt. um fyrirsögnina. Og þá mundi n. taka henni mjög vingjarnlega.

*__Bjarni Snæbjörnsson__: Þegar hitt málið, á þskj. 80, var til umr., sem nú er nýlega á fundinum búið að afgr. til 3. umr., um það að veita nokkurt fé á fjárl. til þess, að læknar gætu komizt úr héruðum sínum um stundarsakir, og eins til þess, að læknar skyldu vera í héruðum, ef héraðslæknir félli frá, þá minntist ég ofurlítið á þetta frv., sem hér er til umr., og hafði það aðallega fyrir augum, að hér í frv., sem fyrir liggur, væri það ákvæði, sem mundi verða kvöð, sem gæti komið læknaefnum mjög illa, þar sem þeir yrðu að bíða máske svo og svo langan tíma eftir því að fá ótakmarkað lækningaleyfi, þar sem ekki væri þörf fyrir þann fjölda lækna, sem útskrifast árlega, í þau læknastörf, sem þarna koma til greina. Ég veit, að aðrar kvaðir, sem lagðar eru á læknaefni, hafa komið sér illa fyrir þá, svo sem t. d. það að vinna á sjúkrahúsum ákveðinn tíma, áður en þeir fá fullkomið lækningaleyfi. Þeir hafa orðið að bíða svo og svo langa tíma eftir því að geta fengið pláss á spítala til slíkrar vinnu. Og ekki batnar fyrir þeim, ef aukið verður á kvaðirnar með þessari breyt. á l. Í öðru lagi efast ég um það, að þau héruð, sem illa eru sett með lækna og eru rýrustu og erfiðustu héruðin, verði miklu bættari með það, þó að þetta fyrirkomulag verði sett á laggirnar, vegna þess að það kemur héraðsbúum mjög illa að verða alltaf að skipta um lækna með stuttu millibili. Því að búast mætti við, að í þau héruð færu ekki aðrir læknar en þeir, sem skyldaðir væru til þess eftir þessum l., ef samþ.

30. Baldur Óli Jónsson, tannsmiður.

Á 22. fundi í Ed., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að veita tannsmið Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi (þmfrv., A. 98).

Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Magnús Gíslason):** Þar sem mér skildist á hæstv. forseta, að fundartíma væri brátt lokið, get ég sætt mig við að vísa til þeirrar grg., sem frv. fylgir. Þar er í raun og veru tekið fram allt það, sem ég tel, að máli skipti um þetta mál, og vil ég því ekki tefja tíma d. með því að halda á þessu stigi málsins ræðu um það, en vil óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 170).

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Herra forseti! Þetta frv., sem borið er fram af hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Vestm. ásamt mér, fer fram á heimild til handa ríkisstj. til að veita Óla Baldri Jónssyni tannlækningaleyfi. Ástæðan fyrir frv. er sú, að maður þessi, sem hefur stundað tannlækninganám í Þýzkalandi um 5 ára skeið, hefur ekki enn fengið leyfi til að stunda tannlækningar. Allshn. hafði tal af landlækni og fékk eftirfarandi upplýsingar hjá honum: Ástæðan fyrir því, að fullkomið tannlækningaleyfi hefur enn ekki verið veitt þessum manni er sú, að hann hefur stundað nám við þá skóla í Þýzkalandi, sem fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem íslenzk löggjöf setur fyrir því, að menn geti fengið réttindi sem fullkomnir tannlæknar hér á landi. En í l. um tannlækningar frá 1929 er meðal annars það ákvæði, að menn skuli hafa lokið prófi við einhvern þann tannlæknaskóla, sem viðurkenndur hefur verið af heilbrigðisstjórninni, ef þeir eigi að fá fullkomin tannlæknaréttindi. Í Þýzkalandi er til tvenns konar kennslufyrirkomulag í þessari grein. Annað er eldra, og þar er aðaláherzla lögð á tannsmíðar; en auk þess er kennt að draga út og fylla tennur í framhaldsnámi. Hitt fyrirkomulagið er yngra og fullnægir þeim kröfum um tannlækningar hér á landi, sem settar voru með lögum 1941. N. hefur tekið þessa skýringu landlæknis til greina, og til að fyrirbyggja allan misskilning, hefur hún fallizt á að breyta orðalagi frv. þannig, að í stað fullkomins tannlæknaleyfis sé ríkisstj. heimilt að veita þessum manni rétt til að draga út og gera við skemmdar tennur, þar sem hann hefði getað fengið þessi réttindi í Þýzkalandi, ef hann hefði ílenzt þar. Meiningin með brtt. er að ganga ekki á rétt tannlækna landsins, því að þeir hafa með sér félag, eins og kunnugt er, og hafa lagzt á móti því, að þessum manni yrði veitt fullkomið tannlæknaleyfi. Maður þessi er búsettur austanlands og hefur stundað þar tannsmíðar. Á Austurlandi er enginn tannlæknir, og svo hefur verið lengi, til mikils óhagræðis fyrir fólkið. Þeir, sem þurfa að fá smíðaðar tennur, hafa þurft að fara til Akureyrar eða Reykjavíkur, sem kostar bæði mikinn tíma og mikla peninga. En miklu meira virði er að geta látið gera við tennur, og sýnist ástæðulaust, þar sem þessi maður getur unnið þetta verk, að heimila honum ekki rétt til að gera það. Þess vegna hefur n. orðið sammála um, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem eru í nál. á þskj. 170 og ég hef áður drepið á. Ég vænti þess, að hv. d. sé sammála n. um, að þetta geti orðið til bóta fyrir þann landsfjórðung, sem hér er um að ræða.

ATKVGR.
Brtt. 170,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 170,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv. með fyrirsögninni: **Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar.**

Á 38. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 207).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., 21. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (A. 207).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 344).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Þetta frv. er komið frá Ed. og mun hafa verið samþ. þar í þeim búningi, sem það hefur nú, og í samráði við landlækni. Allshn. þessarar d. leggur til, að það verði samþ. hér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 207).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

sem bundið er við þetta árabil. En hvort þessi innflutningsgjöld falla niður eftir ákvæðum frv. eða brtt., ræður ekki miklu um örlög málsins.

*Eiríkur Einarsson: Ég vil aðeins taka það fram, að mér finnst óþarft fyrir hv. formann og frsm. iðnn. að furða sig á því, þótt ég reyndist hér nokkuð veikur fyrir þeim rökum, sem fram eru komin um það, að æskilegra væri að láta sérleyfið ekki falla niður skilyrðislaust eftir 5 ár, ef ekki verður hægt að framkvæma mál þetta á þeim tíma. Og það vil ég taka fram, sem hv. meðnm. minir munu kannast við, að í n. reyndi ég eins og ég gat að teygja afgreiðslu málsins í þá átt að hafa sérleyfistímann sem lengstan og helzt að hafa hann ekki tímatakmarkaðan. Og þegar svo rök komu fram um það, að það væri óhentugt að hafa hann tímatakmarkaðan, þá var það ekki annað, sem ég hef tekið afstöðu um, — sem sumum kann að virðast í fljótu bragði önnur afstaða en ég hafði í n., — en þetta atriði, og það var eftir þeirri stefnu, sem ég fylgdi fram í iðnn., að þessi sérleyfistími ætti að vera sem lengstur. Vil ég þó ekki gera ágreining um slíkt.

Um hitt atriðið hef ég enga ástæðu til að ræða frekar, en það var harla lítið rætt um það atriði í iðnn.

*Frsm. (Emil Jónsson): Hv. fyrri flm. færði það fram sem höfuðrök til stuðnings sínu máli, að óhætt væri að nema burt tímatakmarkið viðkomandi sérleyfinu, því að ríkisstj. hefði málið í sinni hendi og því væri þetta tímatakmark óþarft. Vil ég í því sambandi benda á það, að þegar ríkisstj. er búin að veita sérleyfi og sérleyfishafi er búinn að fá þetta sérleyfi í hendur, þá hefur hann það, og ríkisstj. er ómegnug þess að hafa áhrif á gang málsins, eftir að sérleyfishafi hefur fengið sérleyfið í sínar hendur. Þess vegna er það ekki næg trygging í þessu máli, sem ríkisstj. er gefin með frv., því að ákvæði frv. um þetta tryggja ekki, að sérleyfishafi ljúki verkinu á tilteknum tíma.

ATKVGR.
Brtt. 268 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 202,1.a—c samþ. með 20 shlj. atkv.
— 202,1.d,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 202,1.d,2 samþ. með 13:8 atkv.
— 202,1.d,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 202,1.e samþ. með 19:3 atkv.
— 202,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 278).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 361).

*Frsm. (Páll Hermannsson): Það hefur verið til umr. og afgr. hér á hæstv. Alþ. frv. um rafmagnsmál, sem sé frv. um rafveitur ríkisins. Og hæstv. Alþ. hefur nú samþ. það frv. og gert að l. Í þeim l. er gert ráð fyrir því, að ríkið taki að sér að reka nokkurn hluta af rafmagnsmálunum, sérstaklega dreifbýlisins, þannig að ríkið taki að sér að leiða rafmagnið frá raforkustöðvum til þeirra staða, þar sem á að nota það, en síðan taki við félög, sem annist dreifingu rafmagnsins til notenda.

Hér er svo á ferðinni annað frv., sem gerir ráð fyrir því, að rafmagn verði leitt frá Sogsvirkjuninni út til kauptúna í Árnessýslu og víðar, ekki á þann hátt, að ríkið takið það að sér, heldur á þann hátt, að til þess myndist félagsskapur, sem fái einkaleyfi um ákveðinn tíma til þess að leiða og selja rafmagnið til þessara staða og fái auk þess til þess sérstök hlunnindi, eins og t. d. undanþágu frá tekjuskatts- og útsvarsgreiðslu og enn fremur, að efni til þessa fyrirtækis verði undanþegið innflutningsgjöldum.

Iðnn. hefur athugað þetta frv. og rætt um það við forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins, og hann leggur til, að þetta frv. verði samþ. Og n. álítur, að það sé rétt af þessari hv. d. að gera þetta frv. að lögum. Iðnn. gengur sem sé út frá því, að jafnvel þó að sú aðferð, sem l. um rafveitur ríkisins gera ráð fyrir, sé einna heppilegust almennt, þá geti þó staðið svo á, að það sé heppilegra eða réttara að þurfa ekki að bíða eftir þeim framkvæmdum, hvað þessum stöðum við kemur, sem kunna að verða í samræmi við þau l., heldur gefa mönnum þarna kost á því, án íhlutunar ríkisins að ná til sín rafmagni frá Sogsvirkjuninni. Það er vitað, að Árnesingar eru um nokkur ár búnir að vita um þessa stóru virkjun við Sogið án þess að geta notið hennar, og er ekki nema eðlilegt, að þeir vilji gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að mega ná þaðan þessu afli sér til nota.

Ég þarf svo ekki að segja um þetta frv. fleira fyrir hönd iðnn. annað en það, að n. ræður hv. d. til að samþ. það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 403).

***Frsm. (Emil Jónsson):** Hv. fyrri flm. frv. fór um brtt. iðnn. nokkrum orðum. Hann sagði reyndar í upphafi ræðu sinnar, að þeirra hefði ekki verið minnzt við 2. umr. En þá var brtt. lýst, þó að ekki færu fram umr. um þær þá. Og af því að þeim var lýst þá, fannst mér ekki ástæða til að taka það upp aftur nú.

Hv. fyrri flm. sagði, að hann ætlaði ekki að fjölyrða um þær brtt., sem hann teldi þýðingarlausar, heldur aðeins ræða um hinar tvær, sem honum virtist mundu vera til spillis, ef samþ. væru. Þetta fannst mér ekki unnt að misskilja. Þó að hann hefði góð orð um brtt. að öðru leyti, þá var þetta sú skipting, sem hann hafði á brtt., án þess að rökstyðja það, því að hann fór ekki inn á brtt., sem hann taldi þýðingarlausar eða þýðingarlitlar. Ég tel þessar brtt., sem hann taldi þýðingarlausar, ákaflega nauðsynlegar. Um 1. tölul. d., um það, að ef sérleyfi er ekki notað næstu 5 árin, eftir að það er veitt, og um að fella þetta ákvæði burt, skal ég segja það, að það hefur verið venja hér, a. m. k. þau þing, sem ég hef setið á, að þegar sérleyfi hafa verið veitt, hafa þau verið bundin við vissan tíma, þannig að ef það, sem sérleyfið er um, verður ekki framkvæmt á þeim tíma, þá falla þau niður. Það kann að vera, að aðrar reglur hafi verið til um þetta, áður en ég hef átt sæti á þingi. En þetta hefur nú verið svona upp á síðkastið, og ég taldi a. m. k. rétt, að sama regla væri höfð um þetta í þessu máli, sem áður hefur gilt. En ef sérleyfishafi af einhverjum ástæðum er þess ekki megnugur að leysa þessa framkvæmd af höndum á þessu árabili, en annar aðili er til, sem þess væri megnugur að leysa það af höndum, þá getur það staðið í vegi fyrir framkvæmdum í málinu, að þetta er bundið jafnvel við 5 ára lágmark, þó að jafnvel ekkert sé gert, þannig að sá, sem sérleyfið fær nú eða síðar, heldur því, þó að hann geri ekki neitt, þó að annar gæti framkvæmt verkið, ef ráðuneytið gæti yfirfært sérleyfið yfir á þann aðila. Það mætti kannske skjóta því hér inn í, að ef *engir möguleikar eru á framkvæmd í* þessum efnum á þessu 5 ára tímabili, þá er ekki annað en að fá sérleyfið framlengt. Og ef ekkert er annað á móti þessu atriði málsins, þá sé ég ekki, að það geti valdið erfiðleikum, því að mér finnst ekki nein ástæða til að ætla, að slík framlenging mundi ekki fást. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að þetta ákvæði verði haft í frv., sem iðnn. hefur stungið upp á í þessu efni, enda þótt nokkrir hv. þm. séu á móti því, að þetta verði fellt inn í frv.

Hvað síðari brtt. við kemur, sem hv. fyrri flm. taldi líka, að mundi heldur spilla, sem er um það, þar sem í frv. stendur, að efni og tæki, sem notuð *eru til veitunnar fyrstu 5 ár leyfistímans*, frá því byrjað er á verkinu, skuli undanþegin innflutningsgjaldi, er í brtt. gert ráð fyrir, að þetta gildi um það efni og þau tæki, sem yfirleitt þarf til stofnunar veitunnar, og ekki annars, — er það að segja, að ef þessi fríðindi eru bundin við efni og tæki, sem nota á næstu 5 árin eftir að sérleyfið er veitt, þá fer það að verða svo um sumt af þessu, sem þarna heyrir undir, að ég efast um, að þetta ákvæði mundi verka heppilega gagnvart öðrum, sem engin slík fríðindi hafa fengið. Og ég veit ekki heldur, hvað kynni að teljast tæki tilheyrandi veitunni fyrstu 5 ár *starfstímans*. Mætti þar kannske telja ýmislegt, sem ekki heyrði beint til stofnkostnaðar veitunnar sjálfrar. Iðnn. hefur viljað binda þessi fríðindi eingöngu við það efni, sem til stofnunar veitunnar fer, og ekki annað. Og þá er ljóst, við hvað er átt, og eru það sams konar fríðindi, er aðrir aðilar hafa fengið í tilsvarandi tilfellum.

Um hinar brtt., sem hv. fyrri flm. kallaði þýðingarlausar, skal ég ekki fjölyrða, enda hef ég getið þeirra áður. Hitt undrar mig nokkuð, að hv. 8. landsk. (EE) skuli, eins fortakslaust og mér virtist hann tjá, vera tilbúinn að ganga frá till. sínum, sem hann með n. hefur gert, og inn á þessar till. hv. flm. gegn brtt., því að ég vissi ekki annað en að það væri fullkomið samkomulag innan iðnn. um brtt. eins og þær lágu fyrir.

***Jörundur Brynjólfsson:** Það eru aðeins örfá orð. Það má vera, að ég hafi ekki komizt heppilega að orði, þegar ég minntist á, að þessar brtt. hefðu ekki verið ræddar. Ég átti þar við umr. um þær, en ekki, að þeim hefði ekki verið lýst, því að hv. frsm. gerði það. Og ég gat þess, að það hefði verið fyrir ósk flm., að brtt. voru geymdar. Og við þessa umr. var það ekkert hættulegt gagnvart þeim, þótt ekki yrðu umr. um brtt. við 2. umr.

Ég heyri á hv. frsm., að okkur ætlar ekki að koma saman um þessa brtt. viðkomandi því að binda sérleyfistímann við 5 ár og að sérleyfið falli niður, ef það er ekki notað á því árabili. Undir venjulegum kringumstæðum hefði svona ákvæði mátt vera í l. En þetta mál er nokkuð annars eðlis heldur en ýmis mál, þar sem slík sérleyfi koma til greina. Þetta mál hefur ríkisstj. mjög mikið í sinni hendi, bæði hvað skilyrði snertir viðkomandi framkvæmd verksins og eins um framkvæmd þess, því að það má að mörgu leyti telja, að hún hafi langmest vald á málinu, eins og ég líka álít, að eigi að vera um slík mál sem þetta. Þörf almennings er mjög rík um það, að málið verði framkvæmt sem fyrst. Og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef haft um þetta mál, býst ég við, að viðkomandi sveitarfélög ætli að mynda félagsskap um að koma þessu máli í framkvæmd. Og með þeim tökum, sem ráðuneytið hefur á þessu máli, ætti það að vera nóg trygging fyrir því, að verkið verði framkvæmt, svo framarlega að nokkrir möguleikar verði á að framkvæma það. En þeir tímar eru nú, og enginn veit, hve lengi þeir muni vara, að það eru engir möguleikar nú í augnablikinu á að sjá, hvort tök verða á eða, réttara sagt, hvenær verður hægt að leysa þetta af hendi.

Hv. 6. landsk. þm. (EmJ) sagði, að ef ekki verði unnt að *leysa þetta verk af hendi næstu* 5 ár eftir að sérleyfið væri veitt, þá sé hægt að koma með það til þingsins. Þetta er rétt. En ég held, eins og þetta mál er í pottinn búið,þá sé það óþarft að búa svo um, að það þurfi í því tilfelli að koma til þingsins, því að það kæmi ekki til greina nema tímarnir væru þannig, að þess vegna væri ekki hægt að framkvæma málið.

Hitt atriðið, viðvíkjandi innflutningsgjöldunum, er minna um vert. Ákvæði frv. um þetta efni segja alveg til um það, hvaða efni og tæki þetta eru, þ. e. sem snertir framkvæmd þessa verks,

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 38, 202, 268).

***Frsm. (Emil Jónsson):** Það varð að samkomulagi við 2. umr., að brtt. skyldu teknar aftur til 3. umr., svo að flm. frv. gætu athugað þær og frv. sjálft nánar. Þeir hafa nú borið fram brtt. á þskj. 268 um, að Hveragerði verði tekið með í frv., og rætt um það bæði við mig og aðra úr n., en við höfum ekki tekið það fyrir á fundi. Mitt álit og þeirra hv. nm., er ég hef talað við, er, að við mælum með þessari brtt. Um aðra afstöðu iðnn. ræddi ég við 2. umr. málsins og mun ekki endurtaka það nú.

Jörundur Brynjólfsson: Ég þakka hv. frsm. fyrir undirtektir hans viðvíkjandi brtt. okkar á þskj. 268. Við flm. frv. vitum, að mikill áhugi er ríkjandi meðal íbúa Hveragerðis um að fá bætt úr rafmagnsþörf sinni, og vilja þeir gjarnan fá rafmagn frá Soginu. Þess vegna fannst okkur rétt að hafa þetta ákvæði með í frv. Okkur þykir vænt um, að brtt. er vel tekið, og væntum þess, að hv. d. fallist á hana.

Við 2. umr. málsins var ekki minnzt á brtt. þær, er fyrir lágu. Það er rétt að virða á betri veg hjá hv. iðnn. brtt. hennar, og það, sem ekki skiptir miklu upp á efni málsins, munum við flm. láta hlutlaust, enda er svo með sumar brtt., að þær skipta mjög litlu máli, og mun ég ekki ræða um þær frekar. Hitt er annað mál með þær brtt., er okkur virðist vera til spillis, og eru það aðallega tvö atriði, sem við hefðum óskað eftir, að hv. iðnn. héldi ekki til streitu. — Það er þá fyrst brtt. við 2. gr. 5. tölul. frv., stafl. d., á þskj. 202 síðasti málsliður fyrri málsgr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Verði sérleyfið ekki notað næstu 5 árin eftir að það er veitt, fellur það niður.“ Okkur flm. félli miður, ef þetta yrði samþ., ekki vegna þess, að menn hafi ekki fullan hug á að framkvæma sérleyfið á þessum tíma, heldur vegna þess, að tímar eru nú mjög erfiðir, og því ekki víst, að til framkvæmda gæti komið. Við hefðum óskað að hafa þessa heimild til staðar, svo að síðar mætti framkvæma þetta Ef hv. n. getur ekki fallizt á að taka þennan málslið aftur, þá þætti okkur gott, ef hann mætti bera upp sérstaklega, þegar til atkvgr. kemur.

Síðasta málslið þessarar sömu brtt. get ég vel fallizt á, því að hann er til bóta.

Þá er hin till., sem er e-liður sama töluliðs, breyt. á 6. tölul. b í frv. Þessi breyt. skiptir e. t. v. litlu máli, en þó hefðum við heldur kosið, að þessu yrði óhaggað, því að enginn vafi er á því, að þetta efni verður dýrt og þess vegna beri að sýna þá linkind, sem við förum fram á í frv. Hv. n. ber fyrir sig, að þetta sé víðari heimild heldur en þegar Sogsvirkjunin var byggð, og það er rétt að vissu leyti, en nú stendur öðruvísi á, vegna þess að allt er nú miklu dýrara en á þeim tíma. Ég geri þó ekki eins mikið úr þessu atriði eins og hinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vona, að hv. d. afgr. málið á þessum fundi, og enn fremur vænti ég þess, að hv. Ed. sýni málinu sama skilning og þessi hv. d.

***Eiríkur Einarsson:** Eins og skýrt hefur verið frá, hefur ekki gefizt tækifæri fyrir hv. flm. til að hafa fund með iðnn. í heild, þó að þeir hafi talað við form. n. Ég vil því sem einn nm. gera grein fyrir minni skoðun á málinu.

Ég tel ekkert því til fyrirstöðu, að heimild um að veita raforku frá Sogsvirkjuninni nái einnig til Hveragerðis. En úr því að fram hefur komið till. um að taka það sérstaklega fram, þá vil ég eindregið mæla með því, að þessi brtt. verði samþ.

Ég vil þá, úr því að þetta hefur ekki verið rætt í n., láta skoðun mína í ljós um þær aths., sem hv. 1. flm. gerði um tvö atriði í brtt. iðnn. Ég vil segja það fyrir mitt leyti um fyrra atriðið, þ. e. a. s. um 5 ára takmörkunina, að eins og hv. meðnm. minir muna, frá því að þetta var rætt í n., þá var ég á þeirri reiminni að reyna að teygja þetta eins og verða mætti til sem lengsts tíma, og m. a. af því, að ef einhverjar ófyrirsjáanlegar hömlur vegna hernaðar eða annars slíks verða því valdandi, að óhjákvæmilegur dráttur verður á framkvæmdum, þá álít ég, að sérleyfið eigi að gilda áfram. Ég vildi þó ekki gera ágreining í n. út af þessu, úr því að meiri hl. vildi setja þetta 5 ára takmark, vegna þess að ég hugði, að meðan ekki er öllu rangsnúið í veröldinni og á hæstv. Alþ., þá mundi svo góðu máli sem þessu vera sýndur svo mikill skilningur, að þetta gæti ekki orðið þröskuldur í vegi framkvæmda í málinu beinlínis, þó að þetta takmark sé ekki hærra. En því lengra sem þetta tímatakmark væri haft, því betur álít ég ákvæðið um það.

Um síðara atriðið, sem hv. fyrri flm. gat um, þrengingu á ívilnunum fyrir Sogsvirkjunina frá því, sem segir í frv. sjálfu, þá vil ég í raun og veru segja um það atriði alveg í samræmi við orð min um 5 ára takmarkið, að því rýmri sem þau kjör mega verða, því betur falla mér persónulega þau ákvæði, þótt ég álíti það ekkert höfuðatriði.

Ég vil að síðustu taka það fram, úr því að einn hæstv. ráðh. er hér inni, að ég legg afar mikið upp úr því, sem á að vera ekki hvað sízt lífgjafi þessa málefnis, þ. e. aðstoð ríkisstj. um efni og annað slíkt, sem til framkvæmda heyrir þessa máls. Það var á síðasta hausti, sem farið var fram á það af vissum áhugamönnum, þegar trúnaðarmenn voru sendir af hálfu Reykjavíkurbæjar í fyrrahaust viðkomandi aukningu Sogsvirkjunarinnar, að þeir einnig væru látnir grennslast um verð og útvegun á rafleiðslum fyrir þetta fyrirtæki. Og ég hef það fyrir satt, að þar liggi fyrir tilboð um útvegun á einhverju slíku. En dráttur á þessu er orðinn langur, og þarna eystra bíða menn eftir ljósi og hlýju frá Sogsvirkjuninni. Og það veltur á miklu fyrir það fólk, þegar virkjunin verður aukin fyrir Reykjavík, hvort þeir menn, sem á þeim svæðum búa, sem tiltekin eru í frv., geta siglt í kjölfarið svo sem frekast má, og þá fyrir atbeina hæstv. ríkisstj.

byggðarlögum, sem ætlazt er til, að fái rafmagn frá henni.

Til þess að ekki sé loku fyrir það skotið, að ríkið geti gripið inn í, þegar það telur þess þörf, þá er lagt til, að ríkisstj. hafi rétt til að kaupa veituna, þegar hún telur ástæðu til þess, en í frv. er tímatakmarkið sett í fyrsta lagi, þegar 10 *ár eru liðin af leyfistímanum.*

Í 4. lagi er lagt til af n., að ef sérleyfið er ekki notað næstu 5 árin, eftir að það er veitt, fellur það niður og að það sé ekki framseljanlegt. Þetta er gert til áherzlu um, að leyfið verði ekki notað í brask, heldur verði þeim, sem það fær, gert að skyldu að framkvæma verkið.

Við 6. tölul. b vill n. gera þá breyt., að sérleyfishafi verði einungis undanþeginn greiðslu á innflutningsgjöldum á efni og tækjum til stofnunar veitunnar, en í frv. er gert ráð fyrir slíkri undanþágu á öllu efni til veitunnar. Þetta mun vera nær því, sem gert var, þegar Sogsvirkjunin var gerð.

Breyt. við 4. gr. er meira orðalagsbreyt. en efnisbreyt.

N. leggur til, að frv. þetta verði samþ. sem varamöguleiki fyrir þá hreppa, sem hér um ræðir, ef ríkissjóður skyldi ekki sjá sér fært að leggja út í framkvæmdir skv. frv. um rafveitur ríkisins.

Ég sé svo ekki þörf á að orðlengja þetta frekar. Flm. frv. fóru þess á leit, að umr. um brtt. yrði frestað eða þær teknar aftur til 3. umr., vegna þess að þeir vildu athuga þær og ræða nánar við n., án þess að það þyrfti að valda töfum á gangi málsins. N. hafði ekkert við það að athuga og gat gengið inn á, að afgreiðslu á till. væri frestað.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Það, sem hér um ræðir, er það, hvort — svo framarlega sem ríkið getur ekki notað raforku frá Sogsvirkjuninni, — einstökum auðfélögum skuli gefinn sérréttur til þess. Ég vildi í sambandi við þetta gera fyrirspurn til flm. og n., sem um málið fjallaði: Hvernig yrði því hagað með verðákvæði á rafmagni? Ætti það að vera algerlega frjálst í höndum viðkomandi félags, eða ætti það opinbera að hafa þar íhlutunarrétt um, auk þess sem ríkið hefur alltaf á valdi sínu að hóta því, ef leyfinu er misbeitt, að taka það af sérleyfishafa? Ef út í það er farið að gefa slík sérleyfi, er sjálfsagt, að ríkið hafi þar sem mest áhrif, svo framarlega sem það treystist ekki að vera beinn aðili.

Í öðru lagi vildi ég gera fyrirspurn til flm. frv. og n., hverjir fái, ef frv. verður að l., réttinn til þess að leggja fram auðmagnið. Við vitum, að svo stendur á hér, að ef fé vantar til einhvers fyrirtækis, er rifizt um að leggja það til, ég tala ekki um, ef það gæti gefið mikinn ágóða. Ég vildi spyrja, hverjir mundu fá að leggja fram féð til þess. Það gengur ekki, að einhverjir, sem vildu ávaxta fé sitt þarna, gætu lagt fram allt féð og einangrað fyrirtækið í hendi sér. Ég álít nauðsynlegt að setja þarna ákvæði, sem gæfi hreppsfélögunum sérstakan rétt til þess að leggja fram féð. Ef til vill eru einhver ákvæði um þetta í öðrum l., og þætti mér gott að fá upplýsingar um það.

*__Jörundur Brynjólfsson:__ Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem hann beindi að nokkru til okkar flm. þessa frv. Ég vildi annars mega vænta þess, að þetta mál gæti gengið tafarlítið til 3. umr., einkum þar sem n. var svo góð að fresta meðferð á brtt. þangað til, og ekki sízt þar sem tíminn er nú orðinn naumur.

*Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv. vildi ég upplýsa það, að ráðuneytið hefur óskorað vald til þess að reisa hvers konar skorður almenningi til tryggingar, til þess að raforkan verði ekki seld fólkinu dýrara en nauðsyn ber til. Þetta er tekið fram í l., sem skírskotað er til í frv., og er svo vel um þetta búið, að það er engin hætta á, að fólkið þurfi að borga of mikið fyrir raforkuna. Þannig álít ég líka, að við verðum að ganga frá þessu máli, að raforkan verði ekki seld dýrara en nauðsyn krefur. Samkv. þessu frv. er það svo að vísu, að hvaða félagsskapur sem er getur lagt fram fjármagnið, en samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef úr þeim þremur sveitarfélögum, sem málið snertir, held ég, að málið sé þannig komið, að það séu sveitarfélögin sjálf, sem fái leyfið, og vil ég vona, að það félag gæti þess, að ekki verði plokkað af fólkinu að nauðsynjalausu. Ég hef átt tal við þá menn, sem hafa þennan undirbúning með höndum, og þeir hafa látið þetta sama í ljós. Enda dreg ég það ekki í efa, að þannig verði frá gengið, að raforkan verði ekki seld dýrara en þörf er á.

Ég vona svo, að ég hafi með þessu svarað því í fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv., sem hann lagði mesta áherzlu á.

*__Eiríkur Einarsson:__ Ég skal vera stuttorður og það því fremur, sem það hefur orðið að samkomulagi, að brtt. hafa verið teknar aftur til 3. umr. og verða ræddar þá, en ekki núna, en út af því, sem vakið var máls á um nauðsyn þess, að sveitarfélögin eigi hér sjálf hlut að máli, vil ég láta þess getið, vegna kunnugleika míns og samtals við menn frá þessum stöðum, að ég veit, alveg á sama hátt og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að það er almennur áhugi meðal fólksins í þessum byggðarlögum, að þeir verði skoðaðir þeir karlar í krapinu, sem fylgist með málinu og hafi framgang þess með höndum. Það, sem kemur fram í brtt. iðnn., ætla ég taki af öll tvímæli um þetta, því að þar er það tekið fram, að um stofnun félagsins, sérleyfisveitingu o. þ. h. skuli fara eftir ákvæðum l. nr. 15 20. júní 1923, vatnalaga, og l. nr. 83 23. júní 1932. Í þessum l. er talað um, hvernig skuli kalla saman fundi um slík mál og hvernig skuli stofna til félags, og þá eru ákvæði um, hvernig skuli stofnað fyrirtækið. Ég veit, að þegar til þess kemur að útvega fé til fyrirtækisins, leggja þeir, sem að því eiga að búa, mikla áherzlu á, að það riki lýðræði í þess orðs fyllstu merkingu, einnig fjárhagslegt. Það er áreiðanlegt, að það er í samræmi við það, sem fólkið, sem hlut á að máli, vill vera láta.

Ég get svo látið umr. um þetta niður falla, þangað til brtt. koma til greina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 202 teknar aftur til 3. umr.

2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Árnessýsla ætti að verða þessarar orku aðnjótandi, svo fljótt sem verða mætti. Og ég hef ekki yfir neinu að kvarta af hálfu Reykjavíkurbæjar í þessum efnum, öðru nær. Ég býst við, að aldrei hefði staðið á því af hálfu Reykjavíkurbæjar að láta í té raforku til þessara staða. Bæði hefði bærinn viljað verða við óskum úr þeim héruðum, þar sem aflið er tekið, og einnig er hitt, að það er tiltölulega lítið rafmagn, sem þarf til að fullnægja þessum stöðum, svo að bæinn munaði ekki ýkjamikið um það. Það er að vísu svo komið, að það skortir rafmagn til þeirra nota, sem það er haft hér í Reykjavík. En það mun þó ekki skipta svo miklu máli í þessu sambandi, að það sé umtals vert. Því að það eru ekki margar vélar, sem þyrfti að draga úr notkun hér, til þess að rafmagnsþörf austanfjalls yrði fullnægt. Kaupstaðirnir austanfjalls eru einkum illa settir, hvað raforku snertir. Eins og getið er um í grg., hafa þeir ekki annað við að styðjast en mótorrafmagn. Þessi tæki eru gömul og ófullkomin, og má búast við að bili, þegar minnst varir, en viðgerð og endurnýjun erfið og dýr. Það hlýtur því að draga að því, að raforku verði veitt til þessara staða frá Sogsstöðinni, eins og um var talað í fyrstu. Skilyrði fyrir ýmiss konar starfsemi eru þarna góð, t. d. iðnaðar, en af slíku getur ekkert orðið fyrr en úr rafmagnsþörfinni er bætt. Á þessum stöðum, eins og öðrum, þar sem möguleikar eru slíkir fyrir hendi, þráir fólkið mjög að geta fengið þetta afl í sína þjónustu. Og enginn hygg ég að efist um, hve þýðingarmikið það er fyrir öll störf á heimilum, sem snerta aðbúð og hollustu, að fá raforku. Það er nokkrum sinnum að því vikið, að fólkið í sveitum landsins eigi þar að vera þjóðinni til jafnvægis og öryggis og sýna þegnskap sinn með því að vinna þau störf, sem þar þurfa að fara fram. Ég get tekið undir þær óskir. En því aðeins getur maður gert kröfu til, að fólkið haldist við úti um sveitir landsins, að sinnt sé nauðsyn þess og ekki sé gert mjög upp á milli landsins barna um aðbúð og hlunnindi. Skorti mjög stórkostlega á í þessu efni, þá er algerlega tómt mál að tala um það, að menn skuli reyna að haldast við og starfa á hinum eða þessum stöðum, ef þeir geta búið annars staðar við allt önnur og betri lífsskilyrði. Það þýða því engar prédikanir. Fólkið leitar til þeirra staða, þar sem það heldur, að því vegni bezt. Og er þá ekki nema eðlilegt, að menn kannske líti ekki eins langt og þyrfti til þess að meta að verðleikum afkomumöguleikana í heild, eins og þeir verða, þegar til lengdar lætur.

Við flm. leyfum okkur að koma með uppástungu um fjármuni til að leysa þetta verkefni. Okkur hefur litizt bezt að fá málinu framgengt með því móti, ef áhugamenn í þessu efni vildu taka höndum saman og leggja fram fjármuni. Teljum við langmestar líkur til, að málið verði þannig leyst, og þyrfti máske ekki nema að litlu leyti að leita til hins opinbera um fjárframlög í þessu skyni. Hins vegar er auðvitað og sjálfsagt, að af hálfu stjórnarvaldanna sé greidd gata þessa máls að því leyti, sem þarf til þeirra kasta að koma um útvegun efnis erlendis frá, og þar með gjaldeyri fyrir efnið. Nú hefur slíkt efni allmjög hækkað frá því, sem áður var. Fyrir stríð mun erlent efni til þessara framkvæmda ekki hafa kostað nema 160—170 þús. kr. En þó að það verði miklu meira nú, ber líka hins að gæta, að við framkvæmd þessa verks sparast innkaup á erlendum vörum bæði til eldsneytis og lýsingar, sem líka hafa mjög hækkað, og dregur slíkt nokkuð úr hinni raunverulegu eyðslu, sem liggur í hækkuðu verði á efni til þessara framkvæmda.

Ég vil svo vænta, að hv. Alþ. og þá fyrst og fremst þessi hv. d. greiði götu þessa máls og flýti fyrir afgreiðslu þess.

Hvað viðvíkur öðru máli, sem við þm. Árn. fluttum og var til umr. í gær og fór í n., þá er um nokkuð annað efni að ræða, sem hefur eigi síður bæði fyrir þessi héruð og önnur síðar meir mikla þýðingu, að gangi fram. En ég vona, að menn sjái alveg jafnt nauðsyn þess, að þetta mál fái afgreiðslu. Því að þetta frv. lýtur aðeins að framkvæmdum á þessum stað og helzt nú þegar.

Ég legg svo til, að máli þessu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og til iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 38, n. 202).

*__Frsm. (Emil Jónsson)__: Herra forseti! N. hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum smávægilegum breyt. Hún óskar þó að taka fram, alveg eins og hún gerði í nál. um frv. til l. um rafveitur ríkisins, að eðlilegasta leiðin og leiðin, sem n. telur að fara beri í þessu efni, er sú, að ríkið taki að sér að leggja háspennuveitur út frá orkuverum og að viðkomandi stöðum, sem eiga að nota orkuna, en þeir staðir hafi svo ekki með annað að gera en lágspennuveiturnar um sjálft rafveitusvæðið. Þetta er hægt að gera, ef frv. um rafveitur ríkisins verður samþ., sem allar líkur virðast benda til, og verður þá möguleiki fyrir hendi til þess að fara þá leið, sem n. telur eðlilegasta. Þó telur n. rétt og sjálfsagt, ef þessi möguleiki er útilokaður og sú leið ekki fær, að leiðin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sé farin, og sé það varaleið. N. vill leggja áherzlu á, að hún telur hina leiðina aðalleiðina, en þessa einungis sem varaleið.

Við frv. hefur n. svo gert fáar smávægilegar breyt., sem lýst er á þskj. 202 og ég geri ekki ráð fyrir að rekja hér nákvæmlega. Þær eru allar eða flestar skiljanlegar. Í brtt. við 2. gr. 1. tölul., er gert ráð fyrir, að það verði ekki bundið í l., að stofnfé þess félags, sem leyfið fær, verði bundið við 900000 kr., heldur að það verði nægilegt stofnfé að dómi ráðuneytisins, og aðeins tilskilið, að félagið ráði yfir 900000 kr. til framkvæmdanna.

Skv. 2. tölul. skal gerð veitunnar vera þannig, að öruggt sé, að hún fullnægi í framtíðinni þeim

Frv. er samið af stjórn og sérfræðingum Samábyrgðarinnar og flutt af sjútvn. þessarar hv. deildar. — Ég vona, að málið mæti skilningi hér á þinginu, og vil ég óska eftir, að því verði vísað til 2. umræðu að þessari lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 177, n. 355).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það, sem hér er farið fram á að breyta í l. um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, sem er hin svo nefnda Samábyrgð, er ákvæði, sem hefur staðið frá upphafi í þessum l., sem er á þá leið, að Samábyrgðinni er ekki heimilt að taka í eigin ábyrgð hærri upphæð en 15000 kr. í einu skipi. Er þetta ákvæði miðað við það, að tryggt sé í Samábyrgðinni beint, en ekki miðað við endurtryggingu, sem Samábyrgðin tekur á skipum fyrir bátaábyrgðarfélög eftir l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. Hér er farið fram á, að þessi upphæð verði hækkuð í 35000 kr., sem er eðlilegt eftir þeim verðbreytingum, sem orðið hafa, síðan l. voru sett, því að þetta ákvæði l. um 15000 kr. takmarkið er frá árinu 1921. Og ég tel, að með þessari hækkun á því sé sízt of langt gengið.
Það er óskað eftir þessari breyt. af stjórn Samábyrgðarinnar, og sjútvn. leggur til, að þetta verði samþ. eins og stjórn Samábyrgðarinnar leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 402).

---

29. Raforka til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Á 15. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar (þmfrv., A. 38).

Á 16. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Flm. (Jörundur Brynjólfsson):** Ég hef ásamt hv. samþm. mínum leyft mér að flytja þetta mál sem tilraun til þess að finna einhverja leið til að leiða rafmagn til kauptúnanna hér austanfjalls. Menn kannast nú við þetta mál, þar sem því hefur fyrir nokkru síðan verið hreyft á þingi, en jafnan strandað á þeim vandkvæðum, að ekki hefur fengizt gjaldeyrir til að kaupa efni erlendis. Það var um skeið þröngt um gjaldeyri, og þótti hvert strá í þeim efnum gera skugga. Var því jafnan til þess vitnað, að ekki væri gjaldeyrir fyrir hendi að gera slík kaup. Þar sem orðið er drjúgum rýmra um gjaldeyri nú, vil ég vænta þess, að ekki þurfi að bera þeirri sömu ástæðu enn við. Reyndar verð ég nú að segja það, að á þeirri tíð, sem við vorum að hreyfa þessu máli og reyna að þoka því til framkvæmda, var ráðizt í stórfellt mannvirki í landinu, sem kostuðu ekki tugi eða fá hundruð þúsunda af gjaldeyri, heldur margar milljónir. Þessi fyrirtæki voru að vísu gerð í þágu allmikils mannfjölda, en kostuðu áreiðanlega hlutfallslega eins mikinn gjaldeyri. Þau voru framkvæmd eigi að síður, og ekki dettur mér í hug að sakast um það. Við höfum áður, þm. Árn., greitt atkv. með þeim málum og viljað verða við óskum fólksins í héruðum, sem þessara framkvæmda hafa notið. En við ætlumst þá einnig til, að það séu einhver takmörk fyrir því, hverjir séu látnir sitja á hakanum, sem annars hafa allgóð skilyrði til að verða þessara hlunninda aðnjótandi.
Frá því að Sogsstöðin fyrst var reist, hefur svo verið til ætlazt, að kauptúnin austanfjalls yrðu aðnjótandi rafmagns frá þeirri stöð. Það var beint tekið fram, þegar ákvarðað var að byggja stöð við Sogið fyrir Reykjavíkurbæ, að

gr. er samþykkt, að vinna að því, að hið opinbera eigi húseignirnar, að því fé, sem hið opinbera leggur fram, verði varið til þess, að hið opinbera eigi húsin sjálft, svo að ekki sé verið að blanda saman eignum hins opinbera og einstaklinga. Ég vildi segja þetta til þess að vekja athygli þeirra, sem bera fram þessa tillögu, á því, hvert þeir eru að fara.

Ég held, að það sé heppilegra, að hið opinbera eigi húseignirnar og það gangist fyrir byggingu góðra húsa fyrir fjöldann og það komi í veg fyrir húsabraskið og lóðabraskið með því að eiga slík hús. Nú er fengin reynsla af því að fara þá leið, að blanda saman opinberum eignarétti og einstaklingseignarétti, og hér verður greitt atkv. um það, hvort slíkt fyrirkomulag á að standa. Ég er með því að gera þessa tilraun og móti því að drepa það, en ég vildi segja þetta til þess að þeir, sem vilja beita sér fyrir endurbótum á sviði húseigna og koma í veg fyrir húsa- og lóðabraskið, að þeir dragi réttar ályktanir af atkvæðagreiðslunni.

Að síðustu vil ég segja það, viðvíkjandi kvörtunum þeirra, sem standa að brtt. við 2. gr., um, að þeim, sem hafi lagt fé í þetta, væri gerður óréttur, að sá óréttur, sem þeim er gerður, er sá, að þeir fái ekki sama gróða af því fé, sem þeir hafa lagt í þessar húseignir, eins og því fé, sem þeir leggja í aðrar eignir. Þeir fá sömu tekjur af þessu fé og þeir fengju, ef þeir ættu það í sparisjóði. Óréttirinn, sem þeim er gerður, er sá sami, eins og ef þeir hefðu lagt í sparisjóð. Nú verða menn að gæta að því, að eignarréttur þeirra, sem hafa lagt í húseignir, er takmarkaður gífurlega með húsaleigulögunum. Þannig, að það er ekki viðurkennt, að menn hafi fullan rétt yfir því, sem þeir leggja í húseignir. Hið opinbera tekur af þeim ráðin um það, og það húsabrask, sem fer fram með einstakar eignir, fer fram, án þess að menn séu vissir um að geta haft tilsvarandi meira upp úr þeim. Það eru þess vegna ýmsir, sem verða að þola misrétti, og er þetta lítið hjá því, sem meiri hluti þjóðarinnar verður að þola eftir þeirri löggjöf, sem þetta þing hefur klakið út, svo að ég hef enga löngun til þess að taka það tillit til fáeinna eignamanna, að þeir geti haft braskverð fyrir hús sín.

ATKVGR.
Brtt. 293 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 274,1, svo breytt, samþ. með 15:4 atkv.
— 274,2. felld með 13:10 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 309).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 340).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Mál þetta er komið frá hv. Nd. og er flutt af allshn. þeirrar d. Efni þess var upphaflega að fella niður 13. gr. l., en undir meðferð málsins hefur d. gert nokkrar breyt. á 10. gr., sem sjá má á þskj. 309. Efni þessara breyt. er í aðalatriðum það, að í stað þess, að þegar um sölu íbúðar var að ræða, þá skyldi farið eftir kostnaðarverði, þá er því nú breytt á þann veg, að það skuli fara fram mat á íbúðinni, þegar um sölu er að ræða. Þetta er aðalefnið í brtt. við 1. málsgr., en efnið í þessu frv. er að fella 13. gr. l. niður. Í stuttri grg. er gerð grein fyrir því, hvað fyrir vakir með þessu. Allshn. hefur fallizt á þá breyt. l., að 13. gr. frv. falli niður, og leggur til, að brtt. verði samþ., eins og þær nú liggja fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 393).

---

28. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (þmfrv., A. 177).

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Þetta er lítil breyting á l. um Samábyrgð Íslands, sem hér er farið fram á. Samábyrgðin er stofnuð fyrir 35 árum. Þá voru flest skip ekki meira en 35—40 þús. króna virði. Í samræmi við það var ákveðið, að Samábyrgðin mætti ekki tryggja nema 15 þús. kr. hvert skip á eigin ábyrgð. Nú eru mörg skip 100—200 þús. króna virði, en samt sem áður má Samábyrgðin ekki hækka þessa tryggingu. En Samábyrgðin tryggir fyrir 30—40 skipafélög, svo að skipafjöldinn, sem hún tryggir, er mikill. En tekjur Samábyrgðarinnar hafa reynzt of litlar og svara alls ekki til þeirrar áhættu, er hún ber. Það er því alveg nauðsynlegt fyrir starfsemi Samábyrgðarinnar að hækka hlutdeild hennar í tryggingunum. Hér er farið fram á, að hlutdeild hennar verði hækkuð úr 15 þús. upp í 35 þús. kr. Með því móti getur Samábyrgðin komizt á rekstrarhæfan grundvöll.

eins og ég tók fram við 1. umr., þá hafa komið fram till. um ýmsar breyt. á l. og þar á meðal brtt. 274, og ákvað n. því að flytja þetta frv., þar sem lagt er til að fella niður 13. gr. l.

*Sigurður Kristjánsson: Ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði um það, að meiningin hefði verið að koma upp íbúðum, sem væru ódýrar til frambúðar, segja það, að þetta er ekki hægt í þeirri meiningu, sem hann leggur í það. Það er ekki hægt að halda húsunum neðan við það verð, sem hæfilegt er á hverjum tíma. Menn finna alltaf einhverjar leiðir til þess, þegar fram líða stundir, að koma verðinu upp. Það er alltaf svo með það, sem almenningur þarf að nota, að verðið fer eftir eftirspurninni. Ég skal játa það, að það er mér meinlaust, að þessi brtt. hv. þm. N.-Þ. verði samþ., og skal ég því ekki setja mig sérstaklega upp á móti því. Ég þarf ekki að svara því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, ég held, að hann hafi alveg misskilið tilgang l., hann er ekki eingöngu sá að hjálpa mönnum til þess að fá þak yfir höfuðið, heldur hefur þjóðfélagið viljað hjálpa mönnum til þess að eignast ódýrar íbúðir með þeim kvöðum, sem á þá voru lagðar. Ég held, að það viðurkenni flestir nema þessi hv. þm., að það var ekki meiningin að setja nein meinhorn í þessa menn, heldur ætti að hjálpa þeim að losna undan þessum kvöðum, þegar þeir hefðu fullnægt þeirri skyldu að greiða lán sín. Þetta vona ég, að hv. þm. skiljist, þegar hann hefur athugað það betur.

*Sveinbjörn Högnason: Ég þarf ekki að svara því mikið, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um þetta, því að það finnur hver maður, á hverri sanngirni það er byggt, enda er það í samræmi við brtt. hans. Hv. þm. vill halda því fram, að það sé alls ekki hægt að fullnægja þeim tilgangi, sem ég tel, að þessi l. hafi. Ég taldi það, þegar þessi l. voru sett, að það ætti ekki aðeins að tryggja einstökum mönnum ódýrar íbúðir, heldur ættu þær að vera ódýrar til frambúðar, bæði hér og í öðrum bæjarfélögum landsins. Við vitum það, að ein höfuðmeinsemdin í þessum bæ er nú, hvað húsaleigan er há, það er hún, sem allt ætlar að drepa í þessum bæ, og þetta er jafnframt ein mesta meinsemdin í þjóðfélagi okkar. Að þetta hafi ekki verið tilgangurinn með frv. um byggingarsamvinnufélög, hygg ég, að þessi hv. þm. geti manna sízt borið um, þar sem hann var þá ekki hér á Alþ. Ég hygg, að hann viti ekki betur um það en ég. Hv. þm. sagði, að það hefði ekki verið tilgangur l. að hjálpa mönnum til þess að eignast þak yfir höfuðið. Ég vil þá spyrja þennan hv. þm.: Til hvers er verið að setja slík ákvæði, ef ekki er ætlazt til, að þau komi að neinu liði, ef það er aðeins meiningin með því að koma l. fram að leysa kvaðir þeirra af, ef einstaklingum er það heppilegt? Hvers konar löggjafarstarfsemi er þetta?

Ég skil það náttúrlega frá sjónarmiði slíks manns. En það var aldrei tilgangurinn, að það væri nein sérstök dægurlöggjöf, sem væri verið að setja með samvinnulöggjöfinni, heldur var það ein stoðin til þess að byggja upp heilbrigt viðskiptalíf í okkar bæ. Hv. 5 þm. Reykv. sagði, að menn mundu alltaf finna einhverjar leiðir til þess að komast undan þessum kvöðum. Það er eðlilegt, að slíkur maður telji það, því að hann mundi ekki vera í vandræðum með að finna leiðirnar. En ég fullyrði, að á þessari löggjöf og löggjöfinni um verkamannabústaði er enginn eðlismunur, aðeins stigmunur. Í verkamannabústaðina hefur beinlínis verið veitt fé, í staðinn fyrir það, að féð hefur verið lánað í samvinnubyggingarnar, vegna þess að svo var litið á, að þar væri um efnaðri menn að ræða, en ábyrgðin af þessu láni fellur auðvitað á ríkið, og þess vegna er ekkert vit í, að eigendur geti notað þessa eign í brask. Vitanlega, ef hægt er að afnema allar kvaðir, eins og farið er fram á með brtt. á þskj. 274, er hægt næst að koma með brtt. um það, að ef verkamaður vill borga ríkisstyrkinn, þá sé hann laus við alla ábyrgð og geti selt þessa húseign, sem hann á í verkamannabústöðunum, hverju verði, sem honum þóknast. Það er augljóst, að hér er ekki um neinn eðlismun, aðeins stigmun, að ræða. Þetta verða menn að meta við sig. Ef það á að fara inn á þá braut, að leyfa mönnum að borga upp, þá er búið að afnema lögin; þá eru þau orðin gagnslaus. Það er það, sem er hér á ferðinni frá mínu sjónarmiði.

*Einar Olgeirsson: Mér finnst vera um eitt mjög merkilegt atriði að ræða í sambandi við brtt. á þskj. 274, 2. kafla. Það hafa komið fram tvö mismunandi sjónarmið á því, til hvers lögin um byggingarsamvinnufélög voru sett í upphafi. Því hefur verið lýst hér yfir, að frá sjónarmiði Sjálfstæðisflokksins hafi tilgangurinn verið sá að veita eins konar styrki til þess að koma upp húsum. Hins vegar er það vitanlegt, að frá sjónarmiði ýmissa, sem börðust fyrir lögunum, var tilgangurinn sá að gera tilraun til þarflegra umbóta á sviði húseignafyrirkomulagsins í kaupstöðunum, að reyna að koma í veg fyrir brask. Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort það á að dæma þessa tilraun til umbóta til dauða. Mér finnst eðlilegt, ef 2. gr. er samþykkt, að menn geti komizt undan þessu með því að borga sinn hluta, ef fallizt er á þetta fyrirkomulag, og að þeir séu lausir við alla ábyrgð, hvenær sem þeim þóknast, og þeir gætu hvenær sem er fengið peninga til þess að kaupa sinn hlut. Það er hér um að ræða að afnema smátt og smátt það, sem búið er að koma upp. Nú vil ég segja við þá, sem vildu gera þessa tilraun, að svo framarlega sem það sýnir sig, að grein eins og 2. gr. verður samþ., er þingið að kveða upp dauðadóm yfir þeim endurbótum, sem gerðar hafa verið á þessu sviði.

Ef ekki er hægt að tryggja með lögum um byggingarsamvinnufélög, að þessi tilraun fái að lifa áfram, vegna þess að það tekst ekki að samræma eignarrétt hins opinbera og einstaklinganna, þá sýnir það, að eina ráðið eftir þær aðfarir væri að tryggja hinu opinbera eignarrétt á slíkum húsum. Ég held, að þeir menn, sem með svona tillögum berjast á móti byggingarsamvinnufélögum og vilja afnema þau á tímum eins og þessum, þeir séu að hlúa að því, að hið opinbera eignist húsin sjálft, því að þeir menn, sem vilja afstýra braskinu, hljóta, ef 2.

halda fast við þessa brtt. Ég tel, að hún gangi í samningsátt og sé nauðsynleg. Brtt. hv. þm. N.-Þ. er aftur á móti, að minni hyggju, staðfesting á því, sem dómstólarnir mundu úrskurða, og tekur hún af allan vafa í þessum efnum.

*Sveinbjörn Högnason: Þegar þessi l. voru sett, þá var ég einn af flm. þess frv., og get eg því ekki látið hjá líða að minnast á þær brtt., sem hér hafa komið fram. Ef þessar brtt. verða samþ., þá sýnist mér, að þar með séu í rauninni numin úr gildi gildandi l. um byggingarsamvinnufél., a. m. k. eins og upphaflega var til þeirra stofnað. Ég vildi óska þess, að flm. brtt. gæfu nánari upplýsingar um þetta. Brtt. 274, 2. liður, er t. d. þannig: „Ákvæði laga þessara gilda um húseignir félagsmanna, meðan á þeim hvíla lán, sem byggingarsamvinnufélag hefur veitt.“ Nú er hægt að kaupa þetta lán af, þegar vill, og þar með komast undan byggingarsamvinnufélagsl., þó að ríkið sé búið að ganga í ábyrgð, til þess að hægt sé að koma þessum íbúðum upp, sem eiga auðvitað að vera undanþegnar húsabraskinu.

Við, sem fluttum þetta frv., vildum stuðla að því, að hægt væri að koma upp ódýrum íbúðum í bænum á sama hátt og verkamannabústöðunum. Ég sé enga ástæðu til þess, að ríkið veiti sérstök fríðindi vissum hóp manna í bænum, en á þeim hvíli svo engin kvöð, og að hver sem vill og hefur til þess fjárráð, geti sprengt þessar húseignir upp. Nú er það vitað, að sumir hafa fengið þessar húseignir með kostnaðarverði fyrir stuttu og eru sama og ekkert búnir að leggja fram til þess; svo hafa húsin stigið a. m. k. um helming á þeim tíma, og þar af leiðandi er þá ríkið með ábyrgð sinni að stuðla að því, að braskað sé með þessar húseignir, en l. um byggingarsamvinnufélög hafa verið sett til að koma í veg fyrir slíkt. Ég sé ekki betur en að hver, sem nú á hús eftir þessum byggingarsamvinnufélagsl., eigi auðvelt með að losa sig úr ríkisábyrgð. Ekki er vandi að fá lán og borga af sér kvaðirnar. Það mun sýna sig, að menn munu á þennan hátt losa sig undan þessum kvöðum, einn af öðrum.

Ég verð að segja það, að frá mínu sjónarmiði horfir þetta þannig við, að ef brtt. ná fram að ganga, get ég ekki betur séð en að með því sé verið að fá opinberar stofnanir til að græða á þessum húsum, sem hafa verið byggð með sáralitlu framlagi frá einstaklingum, sem nú hafa umráðaréttinn. Það stendur meira að segja í 3. gr. l., að meðal annars sé ein leiðin til þess að afla fjár í þessi byggingarsamvinnufélög sú, að það sé gert „með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.“

Með öðrum orðum, fjöldi manna, sem ekki hefur fengið að byggja hús nú í mörg ár, hefur borgað gjöld sín til rekstrar á þessum húsum. Ég get ekki séð það, eins og hv. 5. þm. Reykv., að hér sé um að ræða óréttlæti gagnvart þeim, sem selja húsin hæsta verði, vegna þess að það má hverjum manni ljóst vera, sem gengur undir þessar kvaðir, hvað á húsunum hvílir. Ég harma það að hafa verið flm. að l. um byggingarsamvinnufélög, ef svo á að fara, að þau verði ekki til neinna hagsbóta fyrir almenning eða til þess að halda niðri hinu háa verðlagi, sem hér er orðið á húseignum. Ég harma það, ef þessi hlunnindi, sem voru sett í l., verða notuð til þess að sprengja félögin, með því að fá ótakmarkað leyfi til þess að selja þessar húseignir eins og hverja aðra eign. Ég vil óska eftir því, að þetta mál verði tekið til nýrrar athugunar af allshn. Ég vil leggja til, að brtt., a. m. k. 274, verði felld, því að ef hún verður samþ., get ég ekki betur séð en að það sé hið sama og að afnema l. um byggingarsamvinnufélög.

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég get tekið undir flest af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði. En ég minntist áður á ákvæði l. um verkamannabústaði, og þar sem ég er ekki alveg viss um, að hv. dm. séu þau ákvæði vel ljós, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr 4. gr. l. um verkamannabústaði. Þar segir: „Enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, má selja hana, nema stjórn byggingarfél. hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framlengja nema með samþykki félagsins. Söluverð slíkra íbúða má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættri viðgerð þeirri og endurbótum, sem á hefur verið gerð, eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja eftir mati dómkvaddra manna.“ Eins og hv. dm. geta séð, eru þessi ákvæði um verkamannabústaði nokkuð hliðstæð þeim ákvæðum, sem nú eru í l. um byggingarsamvinnufélög og flm. brtt. á þskj. 274 vilja breyta. Þess vegna tel ég, með hliðsjón af þessu ákvæði um verkamannabústaði, ekki sérstaka ástæðu til að breyta sams konar ákvæðum l. um byggingarsamvinnufélög. En með því að það má segja, að tímarnir hafi nokkuð breytzt um verðlag allt, þá er ekki ástæða til að hamla á móti því, að einhver breyt. verði á þessu gerð.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að í brtt. 293 væri ekki um neina breyt. að ræða frá því, sem er í brtt. 274, en ef svo er, þá ætti það að vera útlátalaust fyrir hv. þm. að greiða atkv. með brtt. minni. En ég vil benda á það, að þarna er nokkur munur á, því að eftir brtt. hans nægir að bjóða félagsstj. íbúð til kaups, og leitar hún þá eftir því, hvort félagsmenn hafi þörf fyrir íbúð, og er henni skylt að gera félagsmönnum kunnugt, ef svo er, og njóta þeir þá forkaupsréttar.

Hv. 1. þm. Rang. benti réttilega á það, að það hefði verið tilgangur l. að koma upp ódýrum íbúðum, ekki aðeins fyrir þá, sem kæmu þeim upp, heldur ódýrum til frambúðar. Hann hélt því fram, að ef brtt. 274 næði fram að ganga, væru l. sumpart afnumin með öllu, og í rauninni er svo ástatt, ef önnur brtt. verður samþ.

Hv. 5. þm. Reykv. kom þannig orðum sínum, að ef brtt. 274 yrði ekki samþ., þá yrðu þessir menn sviptir eignum sínum. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt, því að menn fá auðvitað andvirði húsanna greitt. Þetta hlýtur því að vera misskilningur hjá hv. þm. Ég vil svo aðeins segja það varðandi afstöðu allshn., að

en ekki hafa komizt að með að fá byggt. Því að það er ætlazt til þess, að eftir sem áður eigi félögin forkaupsrétt að húsunum eða íbúðunum, og ekki fyrir hærra verð, — ef ekki verður samkomulag með öðru móti um verðið —, heldur en metið er. Hitt er svo annað mál, að um húseignir, sem ekki hvíla lánsskuldbindingar á eða ábyrgðir ríkisins eða hlutaðeigandi félags, þá hygg ég, að þannig mundi litið á af dómstólunum, að húseiganda í því tilfelli væri frjálst að selja þessa húseign sína eins og hverja aðra skuldlausa eign. Ég hef talað um þetta við lögfræðinga, og þeir líta svo á, að þessar skuldakvaðir mundu falla niður, þegar menn hafa borgað skuldir sínar, sem húseignin hefur staðið fyrir, og leyst lánardrottin eða lánardrottna frá ábyrgðum. Ég vil fara fram á, að frestur á þessu máli verði takmarkaður, vegna þess að frv. er nú hér í fyrri d., og það er bersýnilegt, að ef miklar tafir verða á málinu, þá dagar það uppi á þessu þingi. En ég vænti, að það sé ekki tilgangur hv. þm. N.-Þ. með ósk hans um frest á málinu, að málinu verði með því banað.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 239, 274, 293).

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Þetta mál var tekið út af dagskrá síðast til þess, að allshn. gæti athugað brtt. á þskj. 274. Að vísu hefur farið svo, að n. hefur ekki getað komið saman til þess, og liggur því ekki fyrir nein umsögn frá henni. En ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 293 við brtt. 274,1. En í þeirri brtt. á 274 er farið fram á, að ákvæðum um sölu íbúða, sem byggðar eru með aðstoð byggingarsamvinnufélaga, sé þannig breytt, að í stað þess, að ekki er heimilt að selja þær nema kostnaðarverði, skuli mega selja þær félaginu því verði, sem um semur, eða matsverði, er dómkvaddir menn meta. Ég legg til, að inn í þá till. sé bætt því ákvæði, að næst á eftir félaginu hafi félagsmenn, sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með aðstoð félagsins samkvæmt l. um byggingarsamvinnufélög.

Mjög margir, sem búnir eru að vera lengi í byggingarsamvinnufélögum án þess að hafa notið þar neinna hlunninda, mundu óska að sitja fyrir óviðkomandi mönnum um kaup slíkra íbúða, og virðist ekki ósanngjarnt, að þeim sé tryggt það. Að vísu má segja, að félögin geti notað forkaupsrétt sinn í þeirra þágu, en ég hygg það horfi samt nokkuð öðruvísi við.

Ég verð að leggja móti 2. lið brtt. á þskj. 274. Í þeim lið er svo ákveðið, að þegar borguð hafi verið að fullu þau lán, sem félagi hafa verið veitt eftir þessum l., hverfi viðkomandi húseignir algerlega undan ákvæðum þeirra l., einnig því ákvæði, sem gert er ráð fyrir í 274,1. Þá þarf ekki lengur að bjóða félaginu eignina, áður en hún er seld hæstbjóðanda, og ekki er skylt, að hinn nýi kaupandi gangi í félagið. Endirinn yrði upplausn félaganna, og það var ekki tilgangur löggjafans, hver sem tilgangur þessarar brtt. kann að vera. Mér finnst ákaflega óeðlilegt, að þetta sé samþ. Í l. um verkamannabústaði eru hliðstæð ákvæði, og dettur engum í hug að afnema þau. Ég taldi óþarft að breyta þessum l. En með þeirri breyt., sem ég legg til á þskj. 293, get ég vel fellt mig við brtt. 274,1, en brtt. 274,2 verð ég að mótmæla.

*Sigurður Kristjánsson: Mér sýnist það alveg auðskilið, að nefndin í heild hefur ekki talið það neitt sérlega athugavert, sem lagt er til í brtt. á þskj. 274, fyrst hún fékkst ekki á fund til að taka til þeirra afstöðu. Um brtt. á þskj. 293 er ég ekki viss, hvernig skilja skal orðin „forkaupsrétt við sama verði“, — líklega þýðir það forkaupsrétt við matsverði. Í brtt. segir: „og hliti seljandi mati þessu, ef hann þá kýs að selja og félagið vill kaupa“, en síðan er brtt. á þskj. 293 um, að þar bætist við: „Næst á eftir *félaginu hafa félagsmenn, sem ekki eiga íbúð*, forkaupsrétt við sama verði“ o. s. frv. Eftir sem áður eru aðilar háðir því, hvort eigandi vill þá selja og kaupandi kaupa við matsverði. Ég sé þá ekki, að brtt. á þskj. 293 sé til nokkurs hlutar *umfram það, sem þegar er tryggt í l.*, að félagið getur notað forkaupsréttinn í þágu félagsmanna sinna. Félagið hefur það í hendi sinni, og brtt. okkar á þskj. 274 greiðir fyrir því, að heilbrigðir samningar geti á hverjum tíma orðið um kaupin. Hitt er nokkuð annars eðlis, þegar hv. þm. N.-Þ. leggur til, að 2. liður brtt. á sama þskj. verði felldur, af þeim ástæðum, að mér skilst, að í þessum l. verði að gilda sömu reglur og í l. um verkamannabústaði.

Ég hef ekki tekið eftir því, að það hafi verið vefengt, að það sé eðlilegt, að maður, sem hefur fullnægt öllum skuldbindingum, eigi að fá að vera einráður þessarar eignar sinnar, sem hann hefur leyst úr öllum skuldbindingum gagnvart öðrum.

Ég held, að ég þurfi ekki að endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr., en eins og nú er komið, þá væri það með öllu óviðeigandi og ósamrýmanlegt venjulegum réttindum manna, að umráðaréttur þeirra yfir eignum sínum væri ekki skýrt ákveðinn. — Af því að það er vitað, að nú er gildi peninganna fallið það mikið, að þessar eignir þurfa að seljast margfalt hærra verði en kostnaðarverð þeirra var í upphafi, þá er ekki hægt að telja, að eigendur þeirra sleppi skaðlausir, ef þeir verða nú að selja hús sín fyrir upphaflegt verð þeirra, sem er ekki nema ¼ af því, sem þau mundu seljast nú. En eins og ég tók fram við 2. umr., þykir mér sennilegt, að dómstólarnir mundu úrskurða, að eignin væri frjáls, og þar af leiðandi er kannske óþarfi að taka þetta fram, en það er þó öryggi í því og það fyrirbyggir nokkurn málarekstur út úr því, ef vafi léki á því, hver væri réttur húseigandi. Það er ekki rétt að bera þetta saman við l. um verkamannabústaði, því að það er vitað, að bæjarfélagið, en ekki ríkissjóður, leggur mikið fé fram til þeirra bygginga, og þess vegna er eðlilegt, að það séu frekari skilyrði fyrir eigendaskiptum í þeim íbúðum heldur en hjá húseigendum í byggingarsamvinnufélögum. Ég skal segja álit mitt um það, hvað ég tel eðlilegt í þeim efnum. Ég hef ekki þau gögn fyrir mér, að ég geti um það sagt, en hitt sé ég, að þarna er ekki líku saman að jafna. Ég vil þess vegna

þessi eign hans honum frjáls til meðferðar. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að vel getur staðið svo á, að eigandi að slíku húsi annaðhvort breyti högum sínum eða á einhvern hátt hagir hans breytist þannig, að hann getur ekki notað húsið til eigin íbúðar. Hann gæti orðið að flytja burt úr húsinu án þess að fá við það ráðið sjálfur, t. d. á sjúkrahús. Hann gæti einnig fallið frá, og ekkja hans og börn tækju við húseigninni. Og þá getur ekki komið til mála með nokkurri sanngirni, að slíkar kvaðir fylgi eigninni, að hana verði að selja með kostnaðarverði, ef seld er, eftir að búið er að greiða að fullu þá skuld, sem ábyrgð var veitt fyrir samkvæmt framansögðu, og búið var að létta öllum greiðsluskuldbindingum af húseigninni. Það getur vitanlega ekki komið til mála að halda því ákveði, að þessi aðili, sem á þennan hátt á fasteign, sé skuldbundinn til þess svo að segja að gefa þessa eign sína og standa þá uppi, sem í mörgum slíkum tilfellum mundi vera, svo að segja allslaus. Mér er kunnugt um, að slíkt sem þetta hefur komið fyrir. Mér er kunnugt um, að maður, sem átti hús í byggingarsamvinnufélagi, hefur drukknað af fiskiskipi hér við land. Ekkja hans með 4 ung börn tekur við þessari húseign hans, sem ég hygg, að verið hafi aleiga þessa sjómanns. Nú mundi þessi ekkja alls ekki mega selja þetta hús að l. óbreyttum nema við kostnaðarverði. Og þegar lánum er lokið af húsinu, þá er ekki víst, að hún mætti gera sér fé úr því. Þó að þetta ákvæði hafi komizt inn í l., er það áreiðanlega alls ekki tilgangur löggjafans, að húseignir þessar séu eigendum ekki að öllu frjálsar sem önnur eign, eftir að t. d. ekkja er búin að borga þá skuld, sem hefur hvílt á húsi hennar, og létt af því ríkisábyrgð. Og líklega mundi það ekki vera framkvæmt, að hún yrði að nokkru leyti að gefa húsið, ef hún seldi það, með því að selja það fyrir kostnaðarverð aðeins, eftir krónutölu. Það er bersýnilegt, að menn verða að vera verndaðir fyrir slíkri kvöð sem þessari. Það er engum til nytja að leggja slík höft á eignir manna, en væri alls kostar ósæmilegt, einkum þegar hlut ættu að máli munaðarleysingjar og ekkjur, sem oft kann að vera, og í þessu dæmi, sem ég tilgreindi, einmitt er. Ég vil því vænta, að hæstv. Alþ. líti sömu augum á þetta sem við flm. brtt. og að þessar brtt. verði samþ.

*__Frsm. (Gísli Guðmundsson)__: Ég vil vekja athygli á því, að þessar breyt. á frv., sem fram eru bornar till. um á þskj. 274, eru allverulegar efnisbreyt. á l. um byggingarsamvinnufélög frá 1938. Þegar allshn. ákvað að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir, um að fella niður 13. gr. þeirra l., höfðu borizt málaleitanir frá byggingarsamvinnufél. um þá breyt. og nokkrar fleiri. Gat ég þess við 1. umr. þessa máls. En n. taldi ekki rétt að svo vöxnu máli að flytja till. um fleiri breyt. á l. Nú vil ég út af fyrir sig ekki mæla gegn því, að ýmislegt kunni að vera rétt í því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um það, að ákvæði l. um byggingarsamvinnufélög eigi ekki fyllilega við það ástand, sem skapazt hefur nú hér í landinu. Verðlag á húsum hefur breytzt ákaflega mikið síðan þessi l. voru gerð. Og það er ekki óeðlilegt, að það sé tekið til athugunar, hvort sams konar takmarkanir um sölu á húsum eigi að gilda eftirleiðis eins og gilt hafa. En þó að svo sé, að þurfi að breyta þeim, þá hygg ég, að ástæða gæti verið til þess að athuga það mál betur. Gæti þá vel verið, að þær breyt., sem ætti að gera á þessu ákvæði, sem hv. 5. þm. Reykv. (SK) talaði um, ættu ekki að vera alveg á þann veg, sem til er lagt í brtt. á þskj. 274.

Það er enginn vafi á því, að með l. um byggingarsamvinnufélög hefur verið ætlazt til þess, að nokkur hemill væri hafður á söluverði þessara húsa, jafnvel þótt félagið keypti þau. En hvort sá hemill eigi að vera á þá leið, að ekki megi selja þau fyrir meira en kostnaðarverð, það er annað mál. Samkv. brtt., sem hér hefur komið fram, er það ákveðið, að ef félag neytir ekki forkaupsréttar síns á húsi félagsmanns, sem hann vill selja, þá sé það óbundið, fyrir hvaða verð þessi hús megi seljast. En það hygg ég, að hafi verið öðrum þræði tilgangurinn með l. um byggingarsamvinnufélög, að byggð yrðu hús, sem yrðu ódýrari til að búa í heldur en þau, sem byggð yrðu að öðrum kosti, kannske ekki aðeins ódýrari til þess eingöngu þeim, sem húsin byggðu, heldur líka þeim, sem ættu að búa í þeim framvegis, þannig að ég hygg, að löggjafinn hafi ætlazt til þess, að sú aðstoð, sem ríkið veitti í þessu sambandi, mætti að nokkrum notum verða einnig í framtíðinni. En það efast ég um, að sé nægilega tryggt eftir brtt., sem hér liggur fyrir. Ég vil einnig í þessu sambandi benda á það, að í byggingarsamvinnufélögin gekk fjöldi manna, þegar þau voru stofnuð, en það hafa ekki nærri allir, sem í þessi félög hafa gengið, getað fengið lán til þess að geta byggt hús, af því að framlag fjárl. til þess var takmarkað. Og maður gæti jafnvel látið sér detta í hug, að ef eigendaskipti þurfa að verða á húsum, sem reist hafa verið á vegum þessa félagsskapar, þá væri það ekki óeðlilegt, að félagsmenn í þessum félögum, sem hafa kannske alllengi verið í þessum félögum, en ekki getað notið hlunninda þeirra, sem félögin veita, þeir sætu fyrir þessum húsum, ef eigendur vildu selja, þannig að það væri þeim til hlunninda að hafa verið í þessum félagsskap. Ákvæði 2. tölul. brtt., um það, að l. skuli alls ekki ná til þeirra húseigna, sem lán hvíla ekki lengur á, en veitt hafa verið til húsanna fyrir aðstoð félagsins, það er mjög verulegt efnisatriði og breyt. á þeirri stefnu, sem í l. hefur falizt.

Með þessu, sem ég hef nú sagt, vil ég ekki mæla gegn því beint, að breyt. verði á l. gerðar frekari heldur en í frv. greinir. En ég vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að þessari 3. umr. málsins verði frestað, þannig að allshn. gæti tekið brtt. til athugunar, og að málið verði ekki tekið á dagskrá fyrr en n. hefur haft tíma til þess að athuga brtt.

*__Sigurður Kristjánsson__: Ég skal ekki fara út í að ræða það, sem okkur hv. þm. N.-Þ. kann að bera á milli í þessu máli, ef málinu verður frestað. En ég verð þó að taka það fram, að með þessari brtt. er alls ekki farið fram á það eða ætlazt til þess, að þeir menn séu hlunnindalausir, sem í byggingarsamvinnufélögunum eru,

27. Byggingarsamvinnufélög.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög (þmfrv., A. 239).

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Allshn. hefur flutt þetta frv. um breyt. á l. um byggingarsamvinnufélög frá 1938, þess efnis, að 13. gr. þeirra skuli falla niður. Hún ákveður, að ríkisábyrgð fyrir byggingarláni megi aldrei nema meira en 15 þús. kr. á hverja einstaka íbúð. Allt verðlag hefur breytzt svo mjög, að þetta ákvæði getur ekki staðizt, og leggur n. til að fella það burt, þar sem takmarkanir eru í öðrum gr. fyrir ábyrgðarupphæð, — eigi má ábyrgjast meira en nemur tilteknum hundraðshluta fasteignamats *á húsinu*.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég vildi aðeins vekja athygli allshn. á því, að borizt hafa umkvartanir um fleiri greinar l. en þessa, m. a. það ákvæði, að minnst 15 menn þurfi að byggja til þess, að félag njóti hlunninda, og getur það orðið mikil hindrun. — Það er náttúrlega óhjákvæmilegt að breyta 13. gr., og skal ég láta ósagt, hvort það er réttar gert með því að nema hana burt nú eða á annan hátt. Ég geri ráð fyrir, að allshn. íhugi það.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Út af orðum hæstv. fjmrh. vil ég geta þess, að allshn. hafði borizt bréf frá einu byggingarsamvinnufélaginu, þar sem farið var fram á þessa breytingu, sem hún ber nú fram, og nokkuð margar aðrar, þ. á m. þá, sem ráðh. drap á. Nefndin áleit ekki, að svo stöddu rétt að flytja fleiri nýmæli. En í meðferð málsins gæti verið rétt að athuga það. Að vísu mun réttara að draga að breyta sumu, er óskað var að breyta, þangað til tímarnir verða orðnir á annan veg en nú.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 239, 274).

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Það er hér brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og er hún á þskj. 274, frá mér, hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. Skagf. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa kynnt sér þessa brtt., en vænti þó, að svo sé. L., sem hér um ræðir, um byggingarsamvinnufélög frá 1938, eru vitanlega í ýmsum greinum miðuð við annað ástand heldur en nú er, svo sem í því, er snertir fjárupphæðir. Það er ætlazt til þess samkvæmt 13. gr. l., að ekki megi lána hærri upphæð heldur en 15 þús. kr. til hvers húss; það eru að sönnu í l. kallaðar íbúðir, en þar er átt við hús hvers félagsmanns, eða ef um sambyggingu er að ræða, þá hans hluta úr byggingunni. Nú er bersýnilegt, að þessi upphæð, sem í 13. gr. er tiltekin, er algerlega ófullnægjandi, og er þess vegna nauðsyn á að breyta þessu ákvæði.

En í 10. gr. l. er svo fyrir mælt, að enginn megi selja íbúð sína nema með leyfi ríkisstjórnarinnar, og ef það leyfi er veitt, þá skuli aldrei slík sala leyfð með öðru móti en að húsið eða íbúðin sé selt með kostnaðarverði. Þetta er vitanlega algerlega ranglátt ákvæði eins og komið er, og ætti að nema það úr gildi. Því að maður, sem eignast slík íbúð, getur verið neyddur til þess að selja hana, vegna þess t. d., að hann sé ekki lengur fjölskyldumaður. Líka getur það verið ekkja, sem í hlut á, sem verður að koma slíkri eign í verð, en getur ekki hagnýtt hana fyrir sjálfa sig, og þá er vitanlegt, að það er ekki hægt að skylda hana til þess svo að segja að gefa þessa aleigu, við skulum segja ekkjunnar. Hér er því nauðsyn á að gera þá breyt., sem farið er fram á í 1. lið brtt., að er félagsmaður vill selja íbúð, sem hann hefur fengið að *íhlutun byggingarsamvinnufélags*, þá hafi félagið forkaupsrétt að íbúðinni, en annars, ef ekki verður samkomulag um söluverðið, þá skuli það ákveðið af dómkvöddum mönnum, og hliti seljandi mati þessu, ef hann kýs að selja og félagið vill kaupa, án þess það þó skuldbindi félagið til að kaupa né seljanda til að selja. Þessi brtt. er eingöngu til orðin vegna þeirra breyttu ástæðna, sem allir þekkja á verðlagi og gildi peninga.

Í frv. er lagt til, að 13. gr. l. falli niður og ekkert komi í hennar stað. En í 13. gr. l. er ákveðið, að ekki megi ábyrgjast hærri upphæð heldur en 15 þús. kr. til hverrar einstakrar íbúðar. En í staðinn fyrir það viljum við flm. brtt., að komi inn ákvæði, sem að sönnu kannske eru ekki alveg nauðsynleg, en þó verður að teljast vissara að séu í l. Það er sem sé, að þegar viðkomandi hús- eða íbúðareigandi hefur greitt allt það lán, sem byggingarsamvinnufélagið hefur útvegað honum, og hann hefur losað ríkissjóð við ábyrgð sína á því, þá skuli ákvæði byggingarsamvinnufélagal. ekki gilda um húseign hans, heldur skuli þær skuldbindingar, sem þessum lánum fylgja, falla niður. Þetta er náttúrlega eðlilegur hlutur. Það er hliðstætt við það, að þegar veðdeildarlán er greitt upp, þá eru þær reglur, sem settar hafa verið af lánveitanda fyrir sölu á eigninni, sem lánið var veitt út á, úr gildi felldar. Ég geri ráð fyrir, að í framkvæmdinni mundi eiganda talið frjálst að fara með eignina eins og honum sýnist, eftir að hann hefur fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur gengizt undir við útvegun lánsins, þannig að þegar hann hefur greitt skuld sína og losað ríkissjóð úr allri ábyrgð, þá sé

þetta verður samþ. óbreytt, losna þeir, sem s. l. ár þurftu að borga frá 4 þús. upp í 13 þús. kr. í eignarskatt af hlutabréfaeignum sínum, við megin hluta þessa skatts. Það er verið að semja um eftirgjafir handa nokkrum, örfáum mönnum í þjóðfélaginu. Ef Alþfl. hefði borið þetta fram, hefði þessi hv. þm. kallað þetta hneyksli. Þetta er stórkostlegt stjórnmálahneyksli, e. t. v. ekki eins stórt og Stavinsky-hneykslið í Frakklandi, en ekki ólíkt.

Það þýðir ekki fyrir hv. 1. þm. Reykv. að deila um þetta og reyna að verja það, en það hefur hann gert, eftir því sem hann hefur getað.

Það er rangt hjá hv. 1. þm. Reykv., að varasjóðirnir séu eign þjóðfélagsins skv. þessu frv. Þeir eru í einstakra manna eigu, og þótt þeir eigi að notast til nýbygginga, mega þeir kaupa fyrir þá hvað, sem er. Hv. þm. talaði um atvinnuleysi. Ef till. Alþfl. um nýbyggingarsjóð hefðu náð fram að ganga, hefði ekki orðið neitt atvinnuleysi, því að þann sjóð átti að nota að lokinni styrjöld til þess að koma á fót nýjum framleiðslutækjum með hag heildarinnar fyrir augum. Það er ekki um neitt atvinnuleysi að ræða, ef atvinnutækjum er komið upp. Hv. þm. spurði, hvernig ætti að fá skatta af slíkum rekstri. Það munu vera nógar leiðir til þess að fá tekjur handa ríkissjóði. Ég býst við, að t. d. bæjarútgerð Hafnarfjarðar gefi Hafnarfjarðarbæ jafnríflegar tekjur og hliðstæð fyrirtæki þar.

Svo er það, sem hv. þm. segir um e-liðinn. Hann segir, að þessi liður sé settur inn til þess að fyrirbyggja svindl hjá þessum hlutafélögum. Hann er þessu kunnugur, en ekki ég, og ef hann heldur, að það þurfi sérstaka löggjöf til þess að koma í veg fyrir svindl hjá þessum fyrirtækjum, þá hann um það. Ég hafði haldið, að þetta væri sett til þess að koma í veg fyrir, að félögin notuðu sjóðina til þess að kaupa eignir óskyldar rekstrinum, og færi þetta því í sömu átt og mín till. En till. mín gengur það lengra, að ég vil láta banna að kaupa nokkrar eignir óviðkomandi rekstrinum.

Í sambandi við þennan lið kemur fram það, sem ég vil kalla stríðsgróðasjónarmið. Hv. 1. þm. Reykv. vill stefna að því, að gera nokkra einstaklinga í þjóðfélaginu alls ráðandi, bæði í eigna- og atvinnulífi þjóðarinnar. Það vil ég ekki, og hér skilur á milli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 336,a felld með 9:3 atkv.
— 336,b felld með 9:3 atkv.
— 336,c kom ekki til atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 336,2 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, BrB, ErlÞ.
nei: HermJ, IngP, MG, MJ, PHerm, ÁJ, BSt, BSn, EÁrna.
PZ greiddi ekki atkv.
3 þm. (JJós, JJ, ÞÞ) fjarstaddir.
7. gr. samþ. með 9:3 atkv.
8.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 277, 351).

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Við umr. um frv. um stríðsgróðaskatt lét hæstv. fjmrh. þá ósk í ljós, að engar breyt. yrðu gerðar á þessum tveim frv., því að hann taldi mikla þörf á að hraða málinu. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að full þörf er á, að skattan. geti farið að vinna, en ríkisstj. getur sjálfri sér um kennt, hvað frv. þessi eru seint á ferðinni, því að það var meira en mánuður liðinn af þingtímanum, þegar þau komu fram. Hvernig á því stendur, get ég ekki um sagt, en það var boðað um leið og þing var kvatt saman, að von væri á þessum skattafrv. Þær orsakir kunna að hafa ráðið, að bæjarstjórnarkosningar í Rvík fóru fram í marz, og að ekki hafi verið talið heppilegt, að frv. kæmu fram fyrr en á eftir þeim.

Í öðru lagi vil ég segja það, að það er leiðinlegt að heyra það hvað eftir annað hér í Ed., að ekki megi koma fram með nauðsynlegar brtt. Þetta var svo í fyrra líka, þegar stórmál eins og ráðstafanir gegn dýrtíðinni voru á döfinni. Ég sé ekki annað en það sé verið að gera tilraun til að hafa áhrif á vilja þm., þegar slíkum aðferðum er beitt gegn þeim.

Brtt. mín á þskj. 351 er við 14. gr. frv., og er um það, að í staðinn fyrir 50% í nýbyggingarsjóð komi 70%. Mér skilst á ræðum hv. þm., að þeir séu sammála um, að stríðsgróðaskatturinn eigi að vera að sem mestu leyti þjóðareign. Sumir menn eru þeirrar skoðunar, að þessi hluti fjárins eigi að vera einstakra manna eign, en ég er alls ekki sammála þeirri skoðun. Ef svo væri farið að, þá mundu þessir menn geta lagt þetta fé í eignir, sem væru algerlega óviðkomandi atvinnurekstri þeirra. En með því að lækka þetta úr 50% upp í 70%, þá er séð fyrir því, að þessi hluti fjárins verði til staðar að stríðinu loknu til þess að endurnýja fyrirtæki.

*__Frsm. (Magnús Jónsson)__: Ég vil aðeins láta það álit mitt í ljós, að ég tel ekki ástæðu til þess, að málið verði fyrir töfum vegna þessarar brtt., sem hér liggur fyrir. Ég tel því heppilegast, að þessi brtt. verði felld, og mun verða við áskorun hæstv. fjmrh. um að greiða atkv. á móti henni. Ég skal geta þess, að ég hefði gjarnan viljað bera fram 2—3 brtt. við frv., en lét það ógert, vegna þess að ég álít, að ekki megi tefja málið.

ATKVGR.
Brtt. 351 felld með 8:4 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 375).

að ef hann á hlutabréf, sem eru 100 þús. kr. að nafnverði, og selur mér þau fyrir 300 þús. kr., þá verði það hann, sem á næsta ári borgar af 300 þús. kr., en ég af 100 þús. kr., en svo lengi sem hann á hlutabréfin og ég peningana, nýtur hann skattfrelsisins. Ég álít, að eignarskattskvæðið byggist á því, að eignarskatturinn sé lagður á eftir raunverulegu verðmæti. Þess vegna hlýtur það að vera sama eignin, þó að hún í dag sé 100 þús. kr. hlutabréf, en á morgun 300 þús. kr. í peningum. En í fyrra tilfellinu er greiddur eignarskattur af 100 þús. kr., í því síðara af 300 þús. kr.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta. Hv. 1. þm. Eyf. lýsti yfir því, líklega fyrir sinn flokk (**BSt:** Nei, aðeins fyrir sjálfan mig.), að hann mundi samþykkja þetta frv., eins og það liggur hér fyrir. Mér þykir það næsta ótrúlegt, að hann og flokksmenn hans skuli vilja taka á sig ábyrgðina af því að gefa vissum mönnum eftir eignarskattinn. Ég get vel skilið það með suma sjálfstæðismenn, að þeir geri það, en mér finnst það ósennilegra með framsóknarmenn.

*__Frsm. (Magnús Jónsson):__ Ég get tekið undir það með hv. 10. landsk. þm., að það er undarlegt, ef þingið samþ. að gefa útgerðarfélögunum eftir þessa stórkostlegu skatta með því að leyfa þeim að hafa skattfrjálst það, sem lagt er í varasjóðina. En þingið álítur, að það sé þjóðinni svo nauðsynlegt, að þessir sjóðir séu til og ekki meðal hinna persónulegu eigna manna, að það lætur ekki greiða skatta af þeim. Þingið lítur svo á, að þegar búið er að binda sjóðina með þessum fjötrum, séu þeir ekki nema að nokkru leyti eign þess félags, sem talið er fyrir þeim; að þeir séu í raun og veru orðnir eign þjóðfélagsins. Fé, sem tekið er frá, er að vísu í vörzlum þessara félaga, en tekið frá til þess að mæta þeim töpum og þeim þörfum, sem þjóðfélagið veit, að koma alltaf, eins og skuggar eru á nokkurn veginn vissum stöðum eins og nótt eftir dag. Ég held, sannast að segja, að ef skoðuð er saga útgerðarinnar hér, þá staðfesti hún þetta nokkurn veginn. Við skulum hugsa okkur þann auð, sem hefur safnazt saman í útgerðinni, og hvernig hann hefur sópazt burtu. Það þarf ekki að hafa verið af því, að hann hafi verið þjóðfélaginu gagnslaus, hvernig hann fór. Það var í þjóðfélagsins þágu, að þessum skipum var haldið úti, þótt fyrirtækin yrðu að borga meira kaup bæði á sjó og landi heldur en fékkst endurgreitt. Það er eins með varasjóðina nú. Menn vilja ekki binda fé, nema þjóðfélagið grípi inn í. Þjóðfélagið segir: „Ef þið viljið binda nokkurn hluta af tekjum ykkar, þá megið þið hafa það skattfrjálst."

Ég hef orðið var við það hjá útgerðarmönnum, að þeir búist ekki við að sjá aftur þetta fé. Ég held, að það sé rétt. Sumt fer til þess að kaupa skip miklu hærra verði en nú er miðað við. Sumt fer til þess að standast töp. Svo á þingið að vera að gefa þessum mönnum. Það er bara að lokka þá til þess að leggja til hliðar svo og svo mikið af fé sínu, og þess vegna má ekki bera okkur hv. 10. landsk. þm. saman við þá, þótt okkur þætti gaman að eiga bifreið, sem æki inn 40 þús. kr. á ári. Þess er ekki krafizt af okkur, að við leggjum ágóðann til hliðar. Nei, þessir varasjóðir eru ekki einkaeign nema að vissu leyti. Þ. e. a. s. eignarrétturinn er fyrir hendi, en ráðstöfunarrétturinn ekki. En ég skal ekki fara út í þetta, því að það er teoretisk deila.

Ræðumaður játaði, að það væri rétt, sem ég sagði, að a- og b-liðir í 3. gr. frv. væru settir til þess að koma í veg fyrir, að menn beinlínis drægju sér fé, en c-liður er til þess að koma í veg fyrir, að menn „kaupi eignir óeðlilega háu verði að dómi skattanefndar". Ég veit heldur ekki, hvernig menn ættu að hagnast á því að kaupa eignir á þennan hátt. Ég bara skil það ekki. Hv. þm. vill leggja bann við að kaupa eignir og breyta einu verðmæti í annað, en skv. frv. má kaupa eignir, séu þær ekki keyptar of háu verði. Þetta er sá stóri munur, því að annað er bara algeng kaupmennska, en hitt er svindl.

Ég held, að menn taki oft eftir því, að peningar breyta um verðgildi. Það er ekki sama, í hverju eignirnar eru. Ég man, að það var um það rætt, hvort Sáttmálasjóður ætti að kaupa nokkur vönduð hús, sem líkur væru til, að stæðu fyrir verði sínu. Þetta var ekki gert, og nú stendur Sáttmálasjóður uppi sem lítill sjóður, því að með núverandi gildi peninganna eru þessar 50 þús. kr. svo lítið. Þeir, sem hefðu í hyggju að gefa nú út kennslubækur og fengju til þess 100 kr., mundu bara fussa við. Nei, ef Sáttmálasjóður hefði nú átt hús, hefði það verið annað. Tökum t. d. „Garð" í Kaupmannahöfn. Hann hefur staðið sig svona vel vegna þess, að hann eignaðist lönd og jarðir, og þetta hefur haldið honum uppi yfir kreppur og verðfall peninga. Þess vegna get ég hugsað mér, að stjórnir fyrirtækjanna sæju, að það væri ekki hyggilegt að hafa öll eggin í sömu körfunni, hvað snertir varðveizlu verðmæta á þessum breytinga tímum. Hv. þm. talaði um, að það gæti farið svo, að þessi fyrirtæki eignuðust meiri hlutann af öllum eignum í landinu. Ef áframhald yrði á þessu góðæri, gætu sjóðirnir að vísu orðið ákaflega stórir, en ef till. hv. þm. verður samþykkt, yrðu þeir ¼ stærri, þ. e. a. s. í peningum, og hann vill ekki láta geyma þá nema í peningum.

Þá var það tvísköttunin. Hann tók dæmi um, að hann seldi mér 100 þús. kr. hlutabréf fyrir 300 þús. kr., og þá ætti hann að borga af 300 þús. kr., en ég af 100 þús. kr. En hugsum okkur, að ég seldi honum bréfið aftur fyrir sama verð. Hvað mundi þá hvor um sig borga? Við mundum vitanlega báðir borga það sama. En eins og hann vill hafa það, mundum við báðir borga af 600 þús. kr. Hér er bara verið að laga ósamræmi, þannig að þeir, sem eiga 300 þús. kr. í hlutabréfum, borgi það sama og þeir, sem eiga þessa upphæð í peningum.

Erlendur Þorsteinsson: Hv. 1. þm. Reykv., sem er slyngur málafylgjumaður, hefur með þessu síðasta dæmi sínu ætlað að rugla þetta mál, sem þó ekki tókst, enda kemst hann ekki fram hjá því, að það er rétt, sem ég hef haldið fram. Hann mun ekki heldur komast fram hjá þessu, þegar skattskráin verður gefin út og hægt verður að sýna, hvernig vissir menn hafa fengið beinar eftirgjafir í eignarskatti. Þetta ákvæði er sett fyrir nokkra menn í þjóðfélaginu, því að ef

legt er án þess að lama viðleitni einstaklingsins til þess að afla sér tekna og eigna. Menn verða að finna hvöt hjá sér, og þeir verða að hafa einhverja möguleika til þess að afla sér tekna og eigna, því að annars væri ekki hægt að fá tekjur á þennan hátt í ríkissjóðinn. Framsfl. fylgir nefnilega í skattamálum sem öðru raunhæfri og hófsamri pólitík og aðhyllist hvorki kenningar skýjaglópa né þröngsýnna sérgæðinga.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta, en ég álít, að stefna Framsfl. í þessum málum sé fyllilega eins skýrt afmörkuð og stefna Sjálfstfl. og Alþfl. Meðan Framsfl. hafði forstöðu í þessu þjóðfélagi, þá var lagður sá grundvöllur í skattamálunum, sem hefur orðið til þess, að nú hefur ríkissjóður fullar hendur fjár. Alþfl. hvatti ekki til meiri skattaálagningar á þeim árum. En það er nú allt annað að vera í stjórnarandstöðu og geta sagt nokkurn veginn það, sem haldið er, að fólkið vilji heyra.

Erlendur Þorsteinsson: Hv. 1. þm. Eyf. endaði ræðu sína með því að segja, að stefna Framsfl. í skattamálum væri fullkomlega samkeppnisfær við stefnu Alþfl. og Sjálfstfl. Ég hafði nú álitið, að hann mundi vegna afstöðu sinnar og flokks síns til landsmála yfirleitt vilja telja stefnu sína og flokks síns í hvaða máli sem er fremur samvinnufæra en samkeppnisfæra, en samvinnufær er hún ekki, a. m. k. ekki við Alþfl. Það er svo með þennan hv. þm. eins og fleiri af hans flokksmönnum, að hann nálgast þá stefnu í þjóðmálum að vera frekar samkeppnisfær en samvinnufær. Ég ætla hér ekki að fara út í pólitíska raunasögu Framsfl., sem hv. 1. þm. Eyf. var að rekja, en eins og oft er, er sjaldan rétt hermt, þegar einn greinir.

Hv. 1. þm. Eyf. og hv. 1. þm. Reykv. vildu leggja þann skilning í orð mín, að ég væri á móti ýtarlegum undirbúningi frv., en það er langt frá, að svo sé. Ég vítti það, að innan flokkanna skyldi vera svo mjög gert út um þetta mál, að fyrir lægju opinberar yfirlýsingar um, að ekki þýddi að koma fram með mótbárur gegn þessum ráðstöfunum. Þetta liggur skýrt fyrir. Eins og sést á nál. fjhn. Nd. á þskj. 180, vildu þeir hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Dal. bera fram till. til breyt., en þar sem búið sé að semja um málið, þá sjái þeir ekki þýða að flytja brtt. við það. Ég veit ekki, hvað er skýrara en þetta. Hv. þm. hafa með þessu viðurkennt, að þeir hafi allt aðrar skoðanir á þessu máli heldur en búið er að semja um, en ekki muni þýða að reyna að lagfæra það! Og við getum verið sammála um það, ég og hv. 1. þm. Reykv., að ef við ættum bifreið og hefðum 40—50 þús. kr. árstekjur og fengjum 15 þús. kr. á ári, skattfrjálst, til þess að endurnýja bifreiðina, þá mundum við þiggja það. Þetta er munurinn, sem verður á skattborgurunum. Að annar fær 30% skattfrjálst til síðari eigin notkunar, en hinn ekki neitt. Við *getum ekki deilt um það, að það er sama fyrir* fyrirtækið, hvort fé er lagt í varasjóð eða ekki. Það er alveg sama skattfrelsið, og þess vegna er það ekkert annað en blekking að tala um 90% skatt á þessum félögum. Þau hafa 40% skattfrjálst. Þessir peningar eru til staðar. Þeir geta keypt fyrir þá skip, þegar ófriðurinn er búinn, og þeim eru gefin þau forréttindi að ráða yfir atvinnutækjunum að ófriðnum loknum. Þar skilur milli mín og hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Eyf. Þeir líta á þetta sem sjálfsagt, en ég lít á það sem sérstöðu. Þessir menn hafa fengið þessa sérstöðu, af því að þeir réðu yfir framleiðslutækjunum á þessum tíma. Þess vegna eiga þeir að halda áfram að hafa þessi sérréttindi. Þessum mönnum á að vera tryggt, að eftir stríðið hafi þeir öll yfirráð atvinnutækjanna, en öllum öðrum er meinað að komast í þá aðstöðu vegna þeirra forréttinda, sem nú skapast.

Ég held því fram, að þetta sé ekki rétt stefna, og þess vegna beri okkur að taka þetta fé, en ekki láta það til einstaklinga í þjóðfélaginu, til þess að þeir geti skaltað og valtað með það.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi, að ákvæðin í c-lið væru til þess að koma í veg fyrir það, að eigendur þessara hlutafélaga gætu veitt sjálfum sér hlunnindi. Ég er ekki á þeirri skoðun, að þeir *mundu fyrst kaupa eignir lægra verði og láta* svo kaupa af sér með hærra verði. C-liður segir aðeins, að ekki megi ráðstafa fénu til þess að kaupa eignir óeðlilega háu verði, en ég vil hafa grein um það, að peningarnir séu eingöngu notaðir í það, sem rekstrinum er nauðsynlegt. Það er mikilsvert atriði, þegar um er að ræða verðbólguna í landinu, að hafa féð sem allra mest bundið, þannig að það valdi ekki verðhækkun á hinum ýmsu eignum í þjóðfélaginu. Það má lengi deila um það, hvort þetta eða hitt sé rekstrinum viðkomandi, hvort t. d. félag eigi að kaupa jörð uppi í sveit til þess að framleiða kjöt handa verkafólkinu. — Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að stórblöð Bandaríkjanna ættu skóglendur. Allir vita, að viður er notaður í pappír, svo að það er talsvert nær rekstrinum heldur en það, ef Kveldúlfur kaupir jörð í sveit. Aðalatriðið virðist mér vera það, að binda þessar eignir, þ. e. að gefa ekki þessum mönnum ofan á skattfrelsið tækifæri til þess að keppa við aðra um eignir í þjóðfélaginu. Mér sýnist, að eftir nokkur ár geti þessi félög átt meiri hlutann af eignum landsmanna, þegar allir aðrir skattþegnar en hlutafélög og samvinnufélög greiða 90% af tekjum sínum í skatta, hafa þeir ekki mikið til þess að kaupa fyrir. En þegar nú myndast þessir geysistóru sjóðir og peningamarkaðurinn er eins og nú, þegar ekkert er hægt að gera við peningana nema að láta þá liggja arðlausa í banka, þá er það mikil freisting að kaupa húseignir í kaupstöðum, jarðeignir í sveitum, veiðirétt í ám o. s. frv., þótt það sé greitt háu verði. Vitanlega er það alveg rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að ýmis önnur ákvæði eru um það, hvernig varasjóðunum skuli ráðstafað. Helmingurinn af þeim er bundinn, og hef ég hugsað mér að leggja fram brtt. um, að tryggt yrði, að 75% væri sett fast til nýbygginga. Þetta er ekki af því, að ég vilji veita þeim, sem hlut eiga að máli, nein forréttindi, heldur af því, að ég vil láta binda sem mest.

Út af till. minni um að fella niður 7. gr. og um tvísköttunina, má kannske um það deila, hvort um tvísköttun er að ræða, en hitt er víst, að ef 7. gr. verður samþ. óbreytt, komast menn hjá að greiða skatt af verðmætum, sem eru mikils virði. Það má vel vera rétt hjá hv. 1. þm. Reykv.,

það, hvernig verja skuli varasjóðnum. Í þessum stafliðum, sem taldir eru upp í frv., er sérstaklega tekið fram, hvernig megi verja varasjóðnum, en c-liður brtt. er allt annars eðlis. Hinir stafliðirnir eru allir til að koma í veg fyrir, að eigendur félaganna eða þeir, sem ráða fyrir þeim, geti náð einhverju handa sér af þessu fé, t. d. með því að hafa óeðlilega hátt verð á eignum o. s. frv., og þetta er miklu eðlilegra heldur en það, sem hv. þm. leggur til, að bætt verði inn í frv. Hvað snertir fyrirmælin um, hvernig félögin skuli geyma varasjóð sinn, þá hef ég skilið það svo, að þetta sé áfram hrein eign félaganna, og þess vegna er hér gerð tilraun til að skerða ráðstöfunarrétt félagsstjórnar. Það verður að vera eftir hennar mati, hvað telst sameiginlegur hluti félagsins.

Það er nú erfitt að segja um, hvað er óviðkomandi rekstrinum. Togarafélögin geta keypt jarðir og notað svo afurðir búsins til eigin þarfa. Í þessu sambandi má geta þess, að sum stórblöðin í Englandi keyptu stóra skóga á Newfoundlandi og lifðu á þeim. Það er ekki gott að segja, hvaða leiðir viðsýnir fjáraflamenn fara til að láta fyrirtæki sín blómgast. Hvað sem svo félögin kaupa fyrir varasjóð af fasteignum, þá eru þessar eignir eftir sem áður í varasjóði. Ég vil segja, að það er mikill munur á a-, b- og c-lið frv. og brtt. hv. þm. Þessir liðir í frv. eru eingöngu viðkomandi skattamálunum. Það er tilraun til þess að koma í veg fyrir, að hlutaðeigandi forráðamenn félaganna geti náð peningum úr varasjóði og stungið þeim í eiginn vasa.

Þá er c-liður brtt. stafl. 2 um, að síðari málsgr. 7. gr. falli niður, en sá liður fjallar um að koma tvísköttun á aftur. Hv. þm. játaði hreinskilnislega, að hér væri um tvísköttun að ræða. Fyrst er eign félagsins metin og greiddur af henni skattur, og auk þess þarf hver einstakur félagsmaður að borga skatt af sínum hluta í eign félagsins. Þetta getur ekki náð nokkurri átt, og það er ekki venjan í skattal. að skattleggja sömu eignina tvisvar. Finnst hv. þm. sanngirni í því, að hjón borgi fullan skatt, bæði af sínu félagsbúi? Hér er alveg um það sama að ræða. Sama eignin er skattlögð tvisvar. Þessi tvísköttun virðist einnig vera í hlutafélögunum. Ef maður tekur út umfram 5%, þá er það tvískattað og er reiknað sem tekjur félagsins og einnig tekjur félagsmanna.

Ég get því ekki annað en lagt á móti brtt. fyrir mitt leyti, en n. hefur ekki enn tekið afstöðu til þeirra.

Bernharð Stefánsson: Þess mun vera getið í nál. fjhn., að nm. áskilji sér rétt til að vera með brtt., sem fram kunna að koma við þetta frv., og að bera fram brtt. við það. En hvorki ég né hv. formaður n. höfum gert það við þessa umr. Ég get lýst yfir því, að ég ætla ekki að nota þennan rétt, nema ef svo skyldi fara, að brtt. hv. 10. landsk. þm. yrðu samþ. Þá kynni að vera, að ég bæri fram einhverjar brtt. við 3. umr. Ég ætla ekki að ræða þessar brtt. hv. þm., því að form. n. hefur tekið þær til athugunar, og hef ég engu við að bæta. Eins og hann gat um, hafa sams konar till. verið felldar í Nd., og það eru engin líkindi til, að samþ. þeirra hér yrði til annars en að tefja málið, og vafalaust mun hv. Nd. ekki breyta skoðunum sínum á þessu máli, þó að hv. 10 landsk. gerði ráð fyrir, að svo kynni að fara. Ég vil þó alls ekki ganga inn á það sem reglu, að seinni d., sem fær mál til meðferðar, taki allt gott og gilt, sem fyrri d. gerir. En í þessum efnum verður að taka tillit til allra aðstæðna. Í dag er 7. maí, og þingið hefur nú staðið eðlilegan þingtíma. Ég veit að vísu ekki, hvað lengi þetta þing á að vara, en ekki mun það eiga að afgreiða fjárlög, og yfirleitt virðist ekki liggja mikið eftir það. Ég gæti haldið, ef kosningar ættu að fara fram í vor, eins og virðist liggja í loftinu, þá færi kosningahugurinn að hvetja þm. til að starfa heima í héruðunum. En við erum hér yfirleitt fáir, sem viljum vera hér lengri tíma en nauðsynlegt er.

Það er rétt, sem hv. form. n. gat um, að þetta frv. er borið fram fyrir þingið sem samkomulagsmál milli tveggja flokka, sem standa að núverandi ríkisstjórn, en hún er nú senn á förum. Hv. 10. landsk. þm. hneykslaðist á því, að flokkarnir kæmu sér saman um meginatriði frv., áður en það er lagt fyrir þingið. Hann taldi þetta brot á þingræðinu, og löggjafarsamkoma landsmanna yrði tómur hégómi, ef slíku færi fram. Þetta hefur maður oft heyrt frá kommúnistum. Ég ætla nú ekki að fara langt út í þessa hlið málsins. Ég er búinn að sitja lengur á Alþ. heldur en hv. 10. landsk. þm. og hef fyrr en nú vitað samkomulag fara fram milli flokka um mál, áður en þau hafa verið lögð fyrir þingið. Ég hef verið í flokki, sem hefur verið þrisvar í stjórnarsamvinnu við Alþfl. og tvisvar við Sjálfstfl., og ég hef aldrei þekkt meiri né frekari kröfu um, að allt væri fast bundið fyrir fram, heldur en þær, sem á sínum tíma komu fram frá Alþfl., t. d. á árunum 1934 til 1937. Það, sem olli samvinnuslitum Framsfl. og Alþfl., var, auk Kveldúlfsmálsins, ekki hvað sízt það, að Alþfl. vildi jafnan rígbinda atkvæði manna fyrirfram. Hins vegar vildi Framsfl., eins og hv. 10. landsk. þm. nú, hafa óbundin atkv. um einstök atriði í ýmsum málum. Ég skal játa, að þann flokksmanna sinna, sem frekastur var í þessum efnum, hafa þeir hrakið úr flokknum, og hefði samvinnan gengið skár, ef það hefði verið gert fyrr. Hv. 10. landsk. ætti því að líta nær sér, þegar hann hefur ádeilur út af þessu.

Hv. 10. landsk. var að tala um, að Framsfl. vildi hvorki aðhyllast stefnu Sjálfstfl., sem hann taldi vinna að því með þessum l. að leyfa auðmönnum og hátekjumönnum að hafa auð sinn sem mest í friði fyrir skattaálagningum, né heldur stefnu Alþfl., sem, eftir því sem þeir tala á mannfundum og eftir skrifum þeirra, virðist vera sú að taka allt af öllum nema aðeins þurftartekjur manna. Hitt er annað mál, hvort þessi flokkur mundi framkvæma þessa stefnu, ef hann mætti ráða. Ekki varð ég var við það í stjórnarsamvinnu við Alþýðuflokkinn, að hann væri harðari í skattakröfum þá heldur en góðu hófi gegndi. Það er alveg rétt, að Framsfl. fylgir hvorki stefnu Alþfl. né Sjálfstfl. Hann fylgir sinni eigin stefnu í skattamálum sem öðrum málum, og í skattamálum er stefna Framsfl. eðlileg og einföld. Hún er sú að taka af hátekjunum svo mikinn skatt sem mögu-

fyrir friðindin, þau þurfa ekkert að gjalda í varasjóðinn umfram hið skattfrjálsa tillag, og þannig er ýtt undir þau að leggja ekki neitt meira þangað, ýtt undir þau að eyða gróða sínum til annars. Brtt. mín á að vinna móti því og auka varasjóðstillagið.

Þá kemur annað atriðið, að frv. heimilar, eins og kunnugt er, mjög viðtæka notkun á því fé, sem binda átti með ákvæðum í l. í fyrra, ákvæðum, sem nú eru felld úr gildi að miklu leyti. Ef mönnum er alvara að sporna við verðbólgu, er það hið mesta glapræði að losa þannig um mikið fé og hlýtur að hefna sín. Í stað þess að notkun fjárins átti að vera algerlega bundin við útgerðarfyrirtækin sjálf, er nú heimilt að beina því í allt aðra fjármálastarfsemi eða hús og jarðir eða iðnfyrirtæki. Menn vita, að boðið hefur verið 4-5-falt nafnverð í hlutabréf prentsmiðjunnar Eddu og hluti þeirra seldur a. m. k. þreföldu nafnverði. Ekki væri hægt að því að finna samkv. frv., þótt útgerðarfyrirtæki keypti hlutabréf í þessu félagi við a. m. k. ferföldu nafnverði. En hvað mundi leiða gott af því fyrir útgerðina? — Og ekki er nóg, að þannig sé leyft að veita fénu í aðrar greinar og óviðkomandi hluti þjóðfélagsins, heldur er auðsætt, hve útgerðarfyrirtæki, sem ræður yfir 30% af gróða sínum til slíkra hluta, stendur margfalt betur að vígi en önnur fyrirtæki, sem ráða yfir 10% af gróða sínum, til þess að ná undir sig miklum og margvíslegum eignum og ítökum í þjóðfélaginu. Ég óttast, að hér sé vitandi vits verið að gefa fámennri stétt og raunar fáum einstaklingum sérréttindi til stóreignakaupa og brasks. En síðar, þegar erfiðir tímar koma, verða þær stóreignir óseljanlegar, a. m. k. því verði, sem þær voru keyptar fyrir. — Allt situr fast. Og þá koma þessir sömu útgerðarmenn og þurfa að fá nýjar ívilnanir til að fleyta sér og rekstrinum. Ég legg því til að binda notkun þessa fjár á líkan hátt og í gildandi l., — þó skuli leyft að kaupa fyrir það opinber verðbréf, skuldabréf með ríkisábyrgð o. fl., sem telja má jafntryggt og handbært og það fé, sem geymt yrði í peningastofnunum landsins. — C-liður sömu brtt. er afleiðing fyrri liða.

Þá er 2. brtt. á sama þskj. um, að tvær seinustu málsgr. 7. gr. falli niður, en þær ákveða, að hlutabréf skuli telja fram til eingarskatts með nafnverði. Nú er í skattal. gert ráð fyrir, að eigendur telji bréfin fram með matsverði á hverjum tíma eða skattanefndir meti þau til verðs, með hliðsjón af því, hve mikinn arð félögin greiða. Hlutabréf, sem hægt er að selja í dag á 30 þús. kr., eru e. t. v. aðeins þúsund kr. að nafnverði. Í hverra þágu er verið að breyta þessum ákvæðum? Er ekki þarna um að ræða persónulega hagsmuni einstakra manna? Ég spurði um það við 1. umr. þessa máls og sagðist verða að skilja þögnina við spurningunni sama og játun hæstv. ríkisstjórnar. Hún svaraði ekki enn og hefur nú játað þetta þannig að fullu. Fyrir stríð var hér fjöldi manna talinn eignalaus í skattskrá, en eftir fyrsta stríðsárið eiga þeir að greiða 4—11 þús. kr. eignarskatt. Þegar að þessu var spurt, kom svarið, að menn þessir hefðu átt verðlaus eða nær verðlaus hlutabréf, sem síðan hefðu hækkað upp úr öllu valdi. Setjum nú svo, að hlutabréf einhvers þessara manna séu 100 þús. kr. að nafnverði og hann ætti eftir frv. að gjalda skatt af 100 þús. kr. aðeins. Nú selur hann þau á 300 þús. kr. og leggur féð á vöxtu, en eftir það verður hann að gjalda skatt af 300 þús. kr. Hvaða réttlæti er í því að hlífa hlutabréfum mannsins svo við skatti móts við aðrar jafngildar eignir? Og sum hlutabréf ganga í þrítugföldu nafnverði! Ein lítil aths. frá fjhn. Nd. segir, að þetta nýja ákvæði sé til að koma í veg fyrir tvísköttun. Það er ekki rétt, — snertir aðeins framkvæmdaratriði í útreikningi skatts í einstökum tilfellum. — Nei, hér er verið að skapa sérstökum mönnum góða aðstöðu.

Ég vænti þess, að ég hafi gert grein fyrir brtt., en fer annars ekki út í einstök atriði frv., þar sem ríkisstj. er fjarstödd.

Frsm. (Magnús Jónsson): Út af ummælum hv. 10. landsk. um þingræðið vildi ég segja, að óskandi væri, að engin meiri hætta steðjaði að því en sú, að mál sem þetta kæmu vel og ýtarlega undirbúin undir það frá ríkisstj. Þegar samsteypustjórn situr að völdum, er ekkert eðlilegra en samkomulags sé fyrst leitað, eins og hér var gert, innan ríkisstj. og því næst þreifað eftir, hvort þingvilji muni til fyrir því samkomulagi, sem þar er unnt að ná. Með því er enginn réttur af Alþ. tekinn, enda frjálst að gera brtt. og hefur borið árangur við þetta frv. í Nd. Þetta er gert til þess, að Alþ. þurfi ekki að eyða löngum tíma í að karpa um frumatriði mála, og þá er fyrir fram tryggt, að ekki verði allt til ónýtis, heldur gangi frv. fram í aðaldráttum eins og það er undirbúið. — Til stjórnarandstæðinga getur ríkisstj. yfirleitt ekki leitað með undirbúning þennan, því að þeir eru jafnan lítt tilleiðanlegir að takast hann á hendur.

Um brtt. Alþfl.manna hefur þegar verið mjög mikið rætt í Nd. Ég skal nú ekki fara langt út í að tala um brtt. Fyrsta brtt. er um það, hvernig haga skuli því skattfrjálsa fé, sem félögin eiga í varasjóði, og er það á svipaðan hátt og var í l. í fyrra. Hér er um tvær óskyldar aðferðir að ræða, sem hv. þm. eiga að velja á milli með atkvæði sínu. Ég vil benda hv. þm. á það, að eftir því sem félögin eru neydd til að leggja meira fé í varasjóð, umfram það, sem þau hafa skattfrjálst, því minna hafa þau af handbæru fé í skatta. Ég hygg, að ekki muni þess langt að bíða, að félögin hafi ekkert handbært fé utan varasjóðsins til þess að greiða með skattana, enda munar ekki miklu, að svo sé, þegar þau verða að greiða allt að 90% í útsvör og skatta. Munu þau þá verða neydd til að nota heimild til að taka fé úr varasjóði og borga með skattana. Ég held þess vegna, að miklu betra sé að hafa skattstigann svo háan sem hér er um að ræða. Þegar svo er komið, að útgerðarfélögin leggja, að mig minnir, ⅓ af arði sínum í varasjóð, er ekki hægt að bæta við öllu ríflegra varasjóðstillagi, enda eru engin óskköp eftir, sérstaklega ef lögð eru eignaútsvör og veltuútsvör á þann hluta, sem undanskilinn er tekjuskattinum. Viðvíkjandi b-lið brtt., hvernig verja skuli varasjóðnum, þá er ekki mikið um hann að segja. En ég vil benda á það, að til eru skýr fyrirmæli um

Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 320, 336).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 336. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Við 1. umr. þessa frv. hér í þessari hv. d. mun hafa verið gerð nokkur grein fyrir því, í hverju liggja aðalbreyt. þessa frv. um tekjuskatt og eignarskatt frá þeim l., sem sett voru hér á síðasta reglulegu Alþ., og sem breytt verður með þessum l., og ég skal ekki fara mikið út í það. Og eins og nál. ber með sér, sem er aðeins örstutt, þá er þar ekki annað sagt en það, að n. mæli með því, að frv. verði samþ. M. ö. o., fjhn. er sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. Hitt er það, að í jafnflóknu máli og jafnumdeildu máli má nærri geta, að einstakir nm. eru ekki út af fyrir sig sammála um öll atriði þessa frv.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ., en gerir ráð fyrir, að brtt. muni koma fram. Enn hafa þær aðeins komið frá einum nefndarmanna, hv. 10. landsk. (EÞ), á þskj. 336, sem útbýtt hefur verið á fundinum, en fleiri kunna að koma. Ég hef ekki hreyft neinum brtt., því að eins og kunnugt er, var frv. borið fram á Alþ. eftir vandlega athugun og undirbúning, — aðallega í ríkisstj. og í samráði við flokkana, — og samkomulag hafði náðst um frv. í öllum atriðum, er miklu máli skipta, milli Sjálfstfl. og Framsfl., og lít ég svo á, að þeir flokkar séu svo bundnir af því samkomulagi, að mér þýddi ekki að bera fram brtt. um það, sem ég hefði kosið mjög á annan veg. Að vísu er óskertur rétturinn til að bera fram brtt. um einstök atriði og samþ. þær, og í Nd. hafa ýmsar brtt. verið samþ. Þær breytingar skal ég ekki rekja að neinu ráði. Gerð var t. d. viðbót við 2. gr., lítils háttar, en allmikil viðbót við 4. gr. um frádráttarhækkun, sömuleiðis aukið nokkrum nánari ákvæðum við 7. gr. frv. Sérstaklega er það ein breyt., sem talsverður ágreiningur var um, og ég mundi hafa viljað kippa því atriði í samt lag aftur, en það eru nýjar gr., 11.—12. gr., sem eru um það að stofna sérstakt dómaraembætti í skattamálum. Þá er nýr liður, 14. gr., e, um nefnd þá, sem á að hafa eftirlit með fé nýbyggingarsjóða. — Hins vegar komu fram í Nd. aðrar og miklu viðtækari brtt., sérstaklega frá fulltrúum Alþfl., en voru felldar. Sé ég, að brtt., sem hér var útbýtt á þskj. 336, eru að mestu endurtekning þeirra. Samþykkt þeirra um slík ágreiningsatriði mundi aðallega verða til þess að tefja málið, þar sem sama togstreitan og varð um það í Nd. hlyti þar að endurtakast og frv. yrði þar aftur breytt, líklega í núverandi horf. Væri þá til þess eins barizt að seinka málinu og skattálagningu þessa árs, en hún hefur þegar dregizt allt of lengi. Fjhn. Ed. afgreiddi málið miklu fljótar en hún hefði ella kosið, því að skattanefndum kemur töf þess afar illa. Til þess að þær geti farið að starfa, mælir n. með því, að frv. sé afgreitt sem allra tafaminnst.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Það er rétt, að n. er sammála um, að frv. eigi að fá fljóta og góða afgreiðslu og samþ. þess sé til bóta. Ég er að vísu allóánægður með einstök atriði þess, en að öðru leyti og einkum að því, er snertir upphæð skattsins, hygg ég það mikla bót frá því, sem nú er. Ekki get ég gert mikið úr því, að eigi megi samþ. brtt., þótt svipaðs efnis séu og þær, sem felldar voru í Nd., því að vel gæti Nd. fallizt á þær síðar, þótt henni sýndist ekki að gera það við fyrstu raun, er hún vissi ekki vilja Ed. Þegar varað er við brtt., get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á því, sem fram kom hjá hv. frsm. (MJ), að um þetta mál hefði sérstaklega verið samið utan þingsins, svo að þm. hefðu lítið annað að gera en leggja á frv. blessun sína, og hefðu ekkert frjálsræði til að breyta. Mér virðist þingræðið illa komið, þegar þm. eru þannig bundnir þvert ofan í stjórnskipunarlög landsins. Hvað á þá Alþ. að starfa? — Það ætti a. m. k. ekki að þurfa að sitja lengi. Mætti stytta þingtímann allmjög, ef samið er fyrirfram um þingmálin og engu má breyta á Alþ. sjálfu, og þá sérstaklega ef hæstv. ríkisstj. fæst ekki til þess að vera viðstödd og hlusta á rökræður þm. um höfuðmálin.

Alþfl. og Sjálfstfl. ber hér á milli um meginatriði. Sjálfstfl. viðurkennir, að eftir stríðið þurfi að vera fyrir hendi miklir peningar til viðreisnar og nýsköpunar, en óskar eftir, að þeir séu sem allra mest í höndum einstaklinga. Því er Alþfl. mótfallinn og vill draga sem mest af stríðsgróðanum í sameiginlegan sjóð þjóðarinnar til að veita fénu aftur þaðan til atvinnulífsins eftir þörfum. Framsfl. virðist hvorugt þessara sjónarmiða viðurkenna, en vill skipta stríðsgróðanum milli þjóðfélags og einstaklinga, án þess að settar séu fastar reglur um, hvernig verja skuli þessu fé. — Við 1. umr. málsins skýrði ég nánar afstöðu okkar Alþflm. og tók dæmi. Það nær engri átt, að þjóðfélagið láti þann ójöfnuð viðgangast, að tveir dugnaðarmenn, sem vinna t. d. báðir að útgerð, en annar er svo heppinn að hafa umráð yfir stóru fiskiskipi, kannske einu aðeins í stríðsbyrjun og verður stórauðugur, hinn svo óheppinn að hafa smærri skip — jafnvel mörg — og kemur úr stríðinu örsnauður, — að þeir eigi þaðan af, og þeirra niðjar, að vera auðmaður og öreigi. Þar verður að taka í taumana. — Í þessum efnum skilur milli mín og hæstv. viðskmrh. (EystJ), sem heldur því fram, að skattatill. sínar séu svo róttækar, að við Alþflm., vitum ekki, hvernig við eigum að verða róttækari sjálfir. Hann er eins og margir afturhaldssömustu menn í því, að hann skilur aldrei, hversu afturhaldssamur hann er sjálfur.

Í þessu frv. er sérstökum fyrirtækjum og einstaklingum gefið tækifæri til þess með sérhlunnindum að komast yfir stóreignir. Það er auðvitað nákvæmlega sama, þótt svo heiti, að þær eignir séu bundið fé í nýbyggingaskyni, þegar leyft er að nota féð til fasteignakaupa, hvar sem er og í hvaða tilgangi sem er, verðbréfakaupa o. s. frv. Í brtt. á þskj. 336,1,a, legg ég fyrst og fremst til, að eigi sé allt varasjóðstillag félaga þesara skattfrjálst, heldur ¾ þess, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ⅓ af hreinum tekjum, en skattur greiðist þá af ¼ varasjóðstillagsins. En í frv., 4. málsgr. 3. gr., er alveg horfið frá því, að félögin þurfi að gjalda nokkuð

gifurlega gróða, sem fékkst af ísfiskssölunni til Englands. Ég veit ekki betur en að Alþ. hafi viðurkennt, að þessa leið bæri að fara og um það samþ. heimildarl. á síðasta vori, en þau hafa aldrei verið framkvæmd, en það var ekki fyrir mótstöðu ráðh. Alþfl., að sú heimild var ekki notuð, enda lýsti hæstv. viðskmrh. því yfir í umr. s. l. haust, að ráðh. Alþfl. hefði verið því fylgjandi, að þessi heimild yrði notuð, að útflutningsgjald af ísfiski togaranna yrði innheimt. En hvernig stóð þá á því, að það var ekki gert? Mér er nær að halda, að það hafi verið eitthvað hjá hæstv. viðskmrh. og hans flokki, sem gerði það að verkum, að þessi heimild var ekki notuð. Aftur á móti er það annað, sem hæstv. ráðh. ævinlega virðist koma auga á til að skattleggja, en það eru tekjur launamanna og láglaunafólks. Öll hans barátta, að halda *niðri dýrtíðinni, eins og hann kallar það*, hefur alltaf verið fólgin í því að skattleggja verkamenn og launamenn, sem honum hefur svo vaxið í augum, að hafa nú nokkru meiri tekjur, síðan stríðið hófst. Þarf þar ekki annað en að benda á hið fræga frv. hans um launaskatt, þar sem eingöngu var ætlazt til, að skattur yrði lagður á launþega, en engin *slík gjöld lögð á* þá menn, sem við framleiðslu fengjust. Að vísu var því haldið fram, að með því að leggja slíka skatta á þá, sem flyttu út vörur, yrðu þeir tvískattaðir, en það er ekki rétt, því að ef þetta gjald hefði fyrst verið dregið frá rekstri félaganna, þá hefðu þau getað greitt þessa upphæð alveg eins og launamaðurinn í landi eða sjómaðurinn á sjónum. Það er því skilningsleysi hæstv. ráðh., sem hefur otað honum út í það foræði, að taka jafnlítið tillit til launamanna og verkalýðs eins og hann hefur gert upp á síðkastið.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi þörf bæjanna til þess að fá miklar tekjur og hækkuð útsvör. Það er vitað, að mörg bæjarfélög hafa sett sér það takmark að nota þessa tíma til þess að reyna að ná sem mestum tekjum og losna þannig við gamlar skuldir og bæta fjárhag sinn verulega. Öll bæjarfélög hafa nú að sjálfsögðu gengið frá fjárhagsáætlunum sínum og þar með ákveðið, hversu mikil útsvör þau ætluðu að leggja á íbúa sína. Þess vegna verða þau sennilega að leggja alla þessa upphæð á sem útsvar eða að draga að öðrum kosti úr greiðslu skulda eða verklegum framkvæmdum, sem þau hafa hugsað sér að nota þessa peninga í. Ef þau taka þann kostinn *að leggja á útsvörin með þeim* takmörkuðu möguleikum, sem hér geta orðið fyrir hendi, getur farið svo, að láglaunamennirnir og þeir, sem útsvör greiða af tekjum undir 200 þús. kr., verði að bera mest af útsvarsbyrðinni. Hæstv. viðskmrh. ympraði að vísu á því, að hægt mundi vera að leggja rekstrarútsvör á þessi fyrirtæki, þar sem í þessum l. væri aðeins talað um tekjuútsvör. En því þá ekki að ganga hreint til verks og ákveða í l. skala, sem heimili að leggja útsvör á eftir ákveðnum reglum eða viðurkenna, að veltuútsvör ættu að dragast frá. Mér finnst, að hjá hæstv. viðskmrh. sé um tvískinnung að ræða í þessu atriði, því að það kemur málinu ekkert við, hvort útsvörin eru kölluð veltuútsvör eða tekjuútsvör; útsvör eru það fyrir því.

Það, sem mér virðist því okkur hæstv. ráðh. bera á milli, er þá sérstaklega það, að ég og Alþfl. viljum, að þeir, sem fá skattfrjálsar tekjur í varasjóð, leggi eitthvað fram sjálfir. Það hefur verið lagt til af Alþfl. í Nd., að ¾ væri skattskylt, en ¼ skattfrjálst af því, sem lagt er í varasjóð. Ég benti á það í fyrri ræðu minni, að misræmi væri milli manna í skattal., eftir því hvaða atvinnu menn stunduðu, og það væri út af fyrir sig ranglátt, sérstaklega vegna þess að mörg þau félög, sem eiga að fá einna mestan frádrátt, eru félög, sem hafa á undanförnum árum fengið allrífleg framlög til þeirra hluta, sem þetta á að notast til.

Þá liggur næst að taka til athugunar, hvernig stendur á þessum stríðsgróða og hvort ekki sé rétt, eins og nú er, að ríkið taki allverulegan hluta af honum til sín, sem síðar verði notaður í þarfir þjóðarinnar í heild. Mér virðist alls staðar koma fram, að yfirleitt keppi þjóðirnar að því að láta sem allra minnstan stríðsgróða myndast í löndunum og yfirleitt sé reynt að taka mesta kúfinn af þessum gróða í ríkissjóð, og vitanlega er því fé varið mismunandi eftir því, hvernig á stendur á hverjum stað. Þetta væri einnig sjálfsagt að gera hér á landi, því að þessi stríðsgróði er í raun og veru ekki til orðinn fyrir neina sérstaka atorku eða dugnað manna, sem hann hafa fengið. Það hefur alveg orðið tilviljun, hvort þessi eða hinn hefur fengið þennan gróða eða ekki. T. d. gróðann af útflutningi ísfiskjar, sem byggist á því að eiga nógu stór fiskiskip. Maður, sem hefur barizt alla ævi til að eignast 30—40 tonna skip, berst ef til vill í bökkum með það nú, en sá, sem kannske með minni dugnaði hefur af einhverjum orsökum eignazt 40—200 tonna skip, rétt áður en styrjöldin hófst, hefur fengið feikimikinn gróða, en það er af því, að stóra skipið hefur aðstöðu til að sigla með eigin veiði eða keyptan fisk til Bretlands. Það er sú starfsemi, sem gefur mestan gróða, en það gefur litla skipið ekki. Ef á að framfylgja þeim ákvæðum, sem hér um ræðir, þannig um nokkurra ára bil, að eigendur stóru skipanna, sem hafa ef til vill eignazt þau af tilviljun, eiga að fá að safna miklu fé í varasjóð, sem þau mega ekki nota nema í vissum tilgangi að vísu, en þó að mestu leyti eftir eigin geðþótta, en þeir, sem eiga litlu skipin, eiga að berjast í bökkum eða verða jafnvel fátækari, þá er verið að hjálpa eigendum stóru skipanna til að heyja sína afkomubaráttu, þegar stríðinu er lokið, en þeir, sem eiga litlu skipin og hafa barizt með jafnmiklum dugnaði og þeir, sem hafa eignazt stórt skip, kannske fyrir tilviljun og duttlunga, eru að engu betur settir en áður. Með þessu er þjóðfélagið ekki að jafna mismuninn milli þjóðfélagsþegnanna, heldur að auka hann, gefa einstökum mönnum aðstöðu til að verða *eftir stríðið alls ráðandi um íslenzkt* atvinnulíf. M. ö. o., það er verið með þessu að gera stéttamismuninn og efnamismuninn meðal þjóðfélagsþegnanna miklu meiri en ætti að vera og þyrfti að vera, ef skynsamlega væri að farið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 *shlj.* atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Hins vegar er þess að geta, að löggjafarvaldið ætlar sér ekki að binda alveg hendur bæjarfélaganna í þessum efnum. Svo gæti staðið á, að niðurjöfnunarnefnd teldi nauðsynlegt að leggja útsvar á þessi fyrirtæki. Það er því eftir sem áður opin leið til þess að leggja á veltu- og eignarútsvar.

Fer því fjarri, að þetta frv. bindi hendur niðurjöfnunarnefnda bæjanna eða leiði af sér, að auka verði útsvör á almenning, heldur eru þessi lög sett til þess að tryggja skattaálagningu stríðsgróðans og koma í veg fyrir rugling og grautargerð. Því að allir sjá, að ef mismunandi skattaálagning væri á mismunandi stöðum, yrði það til þess að orsaka flutning á milli staða, sem svo mundi auka enn meir á rugling og erfiðleika í þessum málum.

Þetta eru þau 2 atriði, sem einkum er deilt á af andstæðingum. Eins og menn sjá af þessu, sem ég hef nú greint, stendur deilan ekki um nein höfuðatriði málsins. Hér er aðeins um stigsmun að ræða. Það er aðeins deilt um, hve háa sjóði félögin megi leggja til hliðar og hvort bæirnir megi taka meira eða minna af þeim sjóðum í útsvör. Hins vegar er ekki deilt um aðalatriði málsins, 90% skattstigann og afnám frádráttarreglunnar. — Sjóðir félaganna eru til þess, að þau eigi fyrir töpum, og til þess að reisa ný atvinnufyrirtæki. Þessir sjóðir eru eins konar sameign hins opinbera og fyrirtækjanna.

Það er takmarkað, til hvers má nota þessa sjóði, en ef þeir eru notaðir til þess að greiða niður töp, er engin skattgreiðsla á þá lögð. — Um þessa sjóði má deila aftur og fram, en um aðalatriði málsins er enginn ágreiningur.

Erlendur Þorsteinsson: Hæstv. viðskmrh. hélt áfram þeim sið, sem hæstv. stj. virðist hafa haft upp á síðkastið, að vera fjarverandi, þegar ræður eru fluttar, en koma svo inn og láta þá svo sem verið sé að svara ræðunum, án þess að þeir viti, hvað flutt hefur verið. Kom þetta m. a. fram í öðru máli fyrir nokkru síðan, þegar hæstv. forsrh. var sérstaklega að svara hv. 11. landsk. Ef hæstv. viðskmrh. hefði hlustað á ræðu mína, hefði hann orðið þess var, að ég tók sérstaklega fram, að till. Alþfl. í fyrstu hefðu verið, að skattarnir væru nokkru lægri en nú er lagt til, en allar aðstæður þá hefðu verið aðrar en nú, t. d. hefði engan þá órað fyrir, að sá gífurlegi gróði yrði á útflutningnum, sem nú hefur komið í ljós. Einmitt í sambandi við þetta vil ég benda honum á, að þegar þær till. voru uppi frá Alþfl., vildi Framsfl. ekki ganga inn á þær og þótti þær of róttækar, og mun það sanna ummæli mín um, að Alþfl. hafi verið á undan Framsfl. um skattal. þá og nú líka.

Út af því, sem hæstv. ráðh. segir um tillög til varasjóðs, vil ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að samkv. þeim l., sem nú gilda og samþ. voru á síðasta þingi, þá var ákveðið, að helmingur þess fjár, sem í varasjóð væri lagt, skyldi vera skattfrjáls, m. ö. o., að þeir, sem vildu leggja í varasjóð, yrðu að leggja fram helming fjár, sem þeir greiddu skatt af. Aftur á móti var ekki nema 40% af varasjóðstillagi bundið í nýbyggingarsjóði, og var það minna en nú. Það hefur vakað fyrir okkur alþflm., að við höfum viljað láta þá, sem þessara hlunninda eiga að njóta, eitthvað vinna til þess að leggja eitthvað fram sjálfa í þessa varasjóði, en það má segja með sanni, að þeir geri það ekki, þar sem þeir leggja í varasjóð upphæð, sem nemur ⅓ af tekjunum, sem er alveg undanþegið skatti, því að segja má, að allt að 90% af því, sem lagt er í þennan sjóð, sé tillag frá ríkissjóði, ef miðað er við þær skattaálögur, sem frv. annars gerir ráð fyrir.

Einnig lagði Alþfl. til í fyrstu, að farið yrði alveg á sérstakan hátt með þessa nýbyggingarsjóði, þeir yrðu alveg skildir frá fjárhag fyrirtækjanna sjálfra. Um þetta fékkst ekki samkomulag á síðasta þingi, og Alþfl. gerði sér að góðu þá að ganga inn á þau tryggingaratriði, sem nú gilda um meðferð þessa fjár, ganga ekki eins langt og eru ekki eins trygg.

Það má mikið tala um þessi skattamál. Hæstv. viðskmrh. kom nokkuð inn á það út af umr. um þetta mál, hvað tíðkaðist hjá öðrum þjóðum. Við vitum, að nú munu skattar sízt vera lægri þar, eins og er líka eðlilegt, þar sem flest þessi lönd eiga nú í ófriði, en ég hygg, að þó sé sá munur, að þar sé sú regla yfirleitt, að fyrirtækjum, atvinnurekendum og einstaklingum sé heimiluð einhver ákveðin upphæð, sem þeir fá að ráða yfir, en hitt allt tekið. Mætti spyrja hæstv. ráðh., hvort hann og hans flokkur vilji ganga inn á að taka þetta upp hér, að það sé ákveðin hámarksupphæð, sem fyrirtæki og einstaklingar megi ráða yfir, en hitt gangi beint í ríkissjóð eða einhverja ákveðna sjóði, sem svo væru til taks að ófriðnum loknum til atvinnubóta og endurnýjunar á framleiðslutækjunum.

Út af því, sem hæstv. ráðh. talaði um breytt skattakerfi, vil ég benda honum á, að mér virðist hann tala um þessa breyt., eins og hér væri um venjulegt ástand að ræða, en ekki þetta sérstaka fyrirbrigði, sem við höfum hér nú, og þess vegna verði nú að setja frambúðarreglur. Ég get ekki litið svo á, að það geti verið þannig með stríðsgróðaskattinn, heldur verði hann afnuminn strax og ástæður þykja til þess. Og enginn er kominn til með að segja, hvort sá skattstigi, sem er í þessu frv., verður látinn gilda áfram, ef stríðsskatturinn er numinn burt. Þess vegna er ekki um það að ræða, að verið sé að ganga frá ákveðnu kerfi, sem eigi að vera óbreytanlegt í langan tíma. Hitt er rétt, sem hann tók fram, að í fyrra vildi Alþfl. ekki ganga inn á þessa breyt., af því að hann taldi hana ekki tímabæra þá, og býst ég við, að hæstv. ráðh. viðurkenni, að heppilegt var, að sú breyt. var ekki gerð þá, a. m. k. ef litið er á málið frá sjónarmiði þess, hvernig beri að skattleggja til þess að ná sem mestum sköttum.

Annars talaði þessi hæstv. ráðh. nú eins og oft áður þannig um þessi mál eins og hann og hans flokkur hefði alltaf haft forgöngu til þessara mála um að ná sem mestum stríðsgróðaskatti. Mér virtist hann jafnvel halda fram, að Alþfl. hefði viljað hlífa stríðsgróðamönnum og beita sér á móti stríðsgróðaskatti. Það virðist þurfa brjóstheilindi til að tala svo um þessi mál, þegar allt er athugað, sem á undan er gengið. Það hefur verið bent á það af Alþfl., að það bæri að leggja sérstakan stríðsgróðaskatt á þann

stríðið stendur nokkuð lengi enn, er hægur vandi að hafa eigendaskipti á þessum hlutabréfum.

Þá er enn eitt atriði, sem ég vil minnast á, sem sé ákvæðin um útsvarsskylduna. Það er tekið fram í l. um stríðsgróðaskatt, að 90% skuli tekin aðeins af tekjum upp að 200 þús. kr., en sveitar- og bæjarfél. verða að leggja öll útsvörin á þá borgara, sem hafa undir 200 þús. kr. Hins vegar hefur það oft komið fyrir hér, að orðið hefur að leggja útsvör m. a. s. á tapsrekstur. En þessi munur á milli þegna þjóðfélagsins er líka á milli þeirra, sem græða mikið, af því að félögin eru misstór.

Ég er síður en svo letjandi þess, að tekið sé ríflega af mönnum í ríkissjóð, en ég er viss um, að menn hljóta að verða óánægðir, þegar þeir sjá, hvílíkt misrétti er hér um að ræða eftir því, hvaða atvinnu menn stunda. Því að það er gefið, að til er atvinnurekstur annar en bara útgerðin, sem líka er áhættusamur.

Í 7. gr. frv. er lagt til, að við mat á eignum til eignarskatts skuli hlutabréf talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé. Í grg. frv. eru forsvarsmenn þess fáorðir um þetta, segja bara, að það sé gert til að koma í veg fyrir tvísköttun. Við skulum athuga það nánar.

Ef við lítum á útsvarsskrá Rvíkur, sjáum við, að nokkrir borgarar, sem áður voru eignalausir, hafa mikinn eignarskatt. Það er ekki um það mikinn gróða að ræða, að þess vegna safnist eign, heldur stafar þetta af því, að skattan. hafa áður metið hlutabréfin eftir söluverði á hverju ári. Ég vil varpa fram þeirri spurningu, hvort hér er um samkomulag að ræða við einstaka borgara í þjóðfélaginu. Ég get ekki séð, að hér sé verið að gera annað en að gefa nokkrum mönnum þá aðstöðu að geta samið af sér réttlátan eignarskatt.

Í *nál. frá Nd. kom í ljós, að tveir meðlimir fjhn.* voru á móti ýmsu í þessari löggjöf, en tóku það fram, að þeir vildu ekki bera fram brtt., af því að búið væri að semja.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að persónufrádráttur sé sá sami og í gildandi l., en það væri ekki nema eðlilegt, að hann væri hækkaður verulega, í samræmi við vísitöluna.

Frv. þessu verður vísað til n., sem ég á sæti í, svo að mér gefst betri tími til að athuga það þar, en ég vildi ekki láta 1. umr. líða hjá án þess að benda á megingallana, einkum þá hættu, sem felst í því að leggja útsvörin á þá, sem hafa undir 200 þús. kr. í tekjur. Væri ekki betra að stíga sporið til fulls og ákveða, að menn greiddu vissar prósentur af tekjum sínum í skatta?

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hæstv. fjmrh. er bundinn við umr. í Nd. og getur því ekki mætt hér af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það er ekki ofsagt, þó að því sé slegið fram, að stjórnarandstæðingar eru í mestu vandræðum með sjálfa sig í sambandi við skattal. Þá langar til að vera vinstra megin, en gengur illa að fóta sig, svo að gagnrýni þeirra kemur fram meira af vilja en mætti.

Það hafa ekki verið bornar brigður á það af hálfu andstæðinganna, að sú meginbreyt., sem gert er ráð fyrir, sé til mikilla bóta, nefnilega sú, að hætta að draga frá tekjum greiddan skatt og útsvör, áður en skattstiginn er á þær lagður. Þessi breyt. er alger undirstaða þess, að stríðsgróðinn geti orðið verulega skattlagður. En engum hefur komið til hugar að taka meira en 100%.

Alþýðuflokksmenn hafa talið sér það til gildis, að þeir hefðu forustu í skattamálunum, og þeir sögðust ekki geta verið í ríkisstj. vegna ágreinings um þau mál. Gegnir það því furðu, hversu *tómlátir þeir eru nú í þessum málum.* Í *fyrra* felldu þeir ásamt sjálfstæðismönnum frv. Framsfl. Núna sagðist hv. þm. Seyðf. verða að fá frest til þess að athuga, hvort þessar breyt. væru til bóta eða ekki. Á 3. stríðsárinu voru þeir ekki komnir lengra í skattamálunum en þetta. Sérstaða og gagnrýni alþ.flokksmannanna er einkum á tvennan hátt. Annars vegar finnst þeim of langt gengið í því að leyfa fyrirtækjum frádrátt á varasjóðstillögum. Hafa þeir orðað það svo, að með þessu væri tryggt, að auðfélög gætu haldið eftir 40% af tekjum sínum skattfrjálsum. En þessum mönnum vil ég benda á, að í *skattal. frá síðasta þingi,* sem þeir ásamt öðrum áttu sinn þátt í, var 50% af því fé, sem lagt er í varasjóð, skattfrjálst, auk þess sem frádráttarreglan gilti þá.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, markar tímamót í skattamálum landsins. Nú er frádráttarreglan afnumin, svo að skattaranir eru það, sem þeir sýnast. Það þarf skarpan skilning til þess að sjá mun á þeim till., sem Alþfl. ber nú fram eftir að hafa haft frv. fyrir sér, og sjálfu frv. Mismunurinn er nú ekki meiri en það. Á hinn bóginn hafa svo alþýðuflokksmenn einkum beint gagnrýni sinni að því, að takmarkaður væri um of *réttur niðurjöfnunarnefnda* til þess að leggja á tekjur, sem skattlagðar eru með 90%.

Um þetta atriði hafa þeir haldið margar ræður. En við skulum nú athuga, hver áhrif það hefði, ef þetta væri látið frjálst. Þá var um tvennt að ræða, annaðhvort láta það afskiptalaust eða ákveða, hvernig stórgróðinn skyldi skattlagður til sveitar- og bæjarfélaga. Ef það hefði verið látið afskiptalaust, þá hefði ekki verið hægt að hafa skattstigann 90%, því að eitthvað varð að vera eftir handa niðurjöfnunarnefndunum. — Hann hefði aldrei getað orðið yfir 60%. — Niðurstaðan hefði svo orðið sú, að sums staðar hefðu bæirnir skattlagt stórgróðann, en í litlum bæjarfélögum hefði mjög lítið verið á hann lagt. Mörg stór fyrirtæki eiga heima í litlum bæjum, þar sem útsvarsþörf er lítil. Á öðrum stöðum borga fyrirtækin há útsvör til bæjarins auk ríkisskattsins. Þetta sá löggjafarvaldið, og var því skattstiginn ákveðinn 75% og þar af ákveðið tillag til bæjanna. Nú er sömu reglu fylgt, nema skattstiginn hækkaður upp í 90%. Þetta er því gert til þess að ná samræmingu í skattaálagningu stríðsgróðans, en láta það ekki vera komið undir tilviljun.

Þjóðfélaginu er nauðsynlegt að tryggja vissar reglur, sem ætlazt er til, að farið sé eftir. Þegar t. d. er ákveðið að taka 90%, er eðlilegt, að Alþ. vilji tryggja það, að varasjóðirnir séu ekki tæmdir í útsvör.

gangurinn með þessari inníbót er að minnka frádráttinn, sem hlutafélög geta fengið.

Í sambandi við persónufrádráttinn er vissulega um mikla hækkun að ræða hér í brtt. frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. En ég veit ekki, hvenær er tækifæri til þess að fá hækkun í gegn á þessu, ef ekki einmitt nú. Þess vegna höfum við viljað nota tækifærið til að sjá, hvað þingið vill veita einstaklingum mikið skattfrelsi í þessu efni. Það er vitanlegt, að tekjur ríkisins fara gífurlega fram úr því, sem áætlað er í fjárlögum, og það er undir slíkum kringumstæðum ekki rétt að leggja skatt á nauðþurftir manna. Nú hefur hins vegar því „principi" verið haldið, og er ekki útlit fyrir, að veruleg breyt. fáist á því, að tollur á nauðsynjum verði afnuminn. Og á meðan það er ekki gert, þykir okkur rétt að prófa, hvort Alþ. telur ekki rétt að hafa persónufrádráttinn svo ríflegan, að tryggt sé, að þær tekjur, sem þarf til lífsframdráttar, séu ekki skattlagðar.

Þetta er það, sem ég aðallega hef að segja um þessar till., og skal ég ekki orðlengja um málið að svo stöddu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 182 felld með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÞBr, ÁÁ, EE, GÞ, GSv, HV, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PO, SEH, SK.

nei: SkG, StgrSt, SvbH, BÁ, BjB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, ÍslH, JÍv, PHann, JörB.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 178,1 felld með 23:6 atkv.
— 226,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 231,1.a. felld með 22:3 atkv.
— 231,1.b. felld með 22:3 atkv.
— 178,2.b. felld með 16:8 atkv.
— 178,2.c. kom ekki til atkv.
— 226,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 231,2 felld með 18:6 atkv.
— 227 samþ. með 17:4 atkv.
— 178,3 felld með 22:7 atkv.
— 228 felld með 19:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 277).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Ég vil bara, um leið og frv. fer til n., minna n. á, að á fjórða hundrað manns úti um sveitir landsins bíða eftir að geta innt af hendi vinnu vegna skattaálagningar, en nú byrja vorannir og því mikilsvert, að hægt sé að ljúka skattastörfunum sem fyrst. Ég vil því vænta þess, að hv. n. afgreiði þetta mál sem allra fyrst.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Þó að nokkuð sé búið að ræða þetta mál í Nd., hafði ég búizt við, að ríkisstj. mundi fylgja því úr hlaði hér, einkum með tilliti til þess, að fylgifiskur þess eru hin illræmdu gerðardómsl. Það er sem stjórnarflokkarnir hafi ekki treyst sér til að leggja það fyrir Alþ., fyrr en liðinn var 6 vikna tími af þingi. Og í sambandi við ummæli hv. 1. þm. N.-M. vil ég benda á, að ef menn þurfa að bíða lengi eftir afgreiðslu þessara l. úti um land, er engum um að kenna nema ríkisstj. sjálfri. Á dagskránni eru 2 frv., sem eiga nokkra samleið, og er ekki gott að ræða annað, nema minnast á hitt um leið. Vænti ég, að hæstv. forseti virði mér til vorkunnar, þó að ég komi almennt inn á bæði málin.

Það var látið í veðri vaka, einkum af Framsfl., að verið væri að gera róttækar breyt. á skattalöggjöfinni, svo að í flestum tilfellum yrðu tekin 90% af stríðsgróða. Þetta er í raun og veru blekking, því að í frv. er svo langt frá því, að svo sé, að háu tekjurnar eru verndaðar, og er um þrenns konar skatt að ræða. Af tekjum yfir 200 þús. kr. eru tekin 10%, ef um einstakling er að ræða. Ef um hlutafél. er að ræða, þá 20%, sem fél. fær að leggja í varasjóð, og þá til viðbótar 10%, sem ekki er ætlazt til, að skattlagt verði, en ef um samvinnufél. er að ræða, 40% í varasjóð og svo 10%. Að vísu er þetta réttlátt, hvað samvinnufélög snertir, af því að ekki er heimilt að greiða varasjóð til meðlima við félagsslit. En það kastar tólfunum, þegar um stórútgerðarfél. er að ræða. Þau geta að verulegu leyti ráðstafað varasjóðnum, og þar að auki hafa þau eins og áður 5% af hlutafé sínu. Í c.-lið 3. gr. l. er einmitt atriði, sem losar mjög um varasjóðstillag félaganna, þar sem teknar eru burt hömlur við því, að keyptar séu aðrar eignir en viðkomandi rekstrinum.

Nú er það svo, og það skal viðurkennt, að með till. Alþfl. var ekki gengið lengra en hér, en till. hans voru þó þær, að það, sem rynni í nýbyggingarsjóð, skyldi haldast þar undir umráðum opinberrar n. í þarfir eigendanna, en er nú sett undir stjórn atvinnufyrirtækjanna sjálfra. Þess ber að gæta, að þegar till. voru settar fram, óraði engan mann fyrir, hvílíkan geysigróða yrði um að ræða, og á tímum sem þessum er fullkomið álitamál, hvort þessa sjóði á að auka úr hófi fram.

Í þessum l. eru líka gerðar þær breyt., að arðsútborgun hefur engin áhrif á verð hlutabréfanna, og gæti það orðið til að ýta undir, að félögin greiddu óeðlilega mikinn arð. Að vísu þurfa hluthafar að greiða skatt af því, sem er fram yfir 5%, en það fer eftir atvinnutekjum eigenda, hvort þeim finnst það borga sig.

Þá vantar í þessi l. ákvæði til að koma í veg fyrir, að þetta fé í varasjóði sé sett í umferð. Það tíðkast sem sé upp á síðkastið, að sú aðferð sé höfð að selja hlutabréfin sjálf fyrir margfalt verð, og þá losnar allt það fé, sem áður var bundið hjá fyrirtækjunum. Nú kynni einhver að segja, að í 2. gr. séu settar hömlur við þessu, því að tiltekið sé, að greiða skuli tekjuskatt. En þá kemur það, að þessar tekjur eru skattfrjálsar, ef eigandi hlutabréfanna hefur gætt þess að hafa átt þau í 3 ár, áður en sala fer fram, og ef

skráð hátt og kannske síðan fyllt út með frihlutabréfum, þau fá miklu meira skattfrjálst eftir till., þó að ástæður þeirra séu að öðru leyti svipaðar. Ég get því ekki greitt þessari brtt. atkvæði mitt. Um 2. liðinn í þessari brtt. vil ég segja það, að mér finnst hún stefna í rétta átt, þannig að rétt sé að hafa persónufrádráttinn rífari en hann er og taka tillit til þess, hve dýrt er að lifa á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þessi upphæð, sem þarna er miðað við fyrir hjón, fellur saman við það, sem ákveðin er hámarksupphæð á ellistyrk. Hygg ég, að það sé rétt og sanngjörn tillaga. Aftur finnst mér hæpið að hafa persónufrádráttinn fyrir börn svo miklu lægri en fyrir fullorðna, eins og hér er gert ráð fyrir. En eftir þeim undirtektum, sem málið fékk á þingi, þegar ég flutti brtt. um þetta, hef ég ekki flutt brtt. við þetta nú.

*__Einar Olgeirsson:__ Ég hef nokkrum sinnum minnzt á það í sambandi við umr. um þetta mál, hve mikið það auðmagn mundi vera, sem lægi í íslenzku útgerðinni, og hvað hæstv. Alþ. ætlaði að úthluta miklu af stríðsgróðanum til viðkomandi fyrirtækja sjávarútvegsins með ákvæðum tekju- og eignarskattsl. Hæstv. ríkisstj. hefur áður tekið þá ákvörðun, að verkamenn og launþegar í landinu megi ekki hækka kaup sitt. Þegar hins vegar kemur að því að taka ákvörðun um hvað auðmönnum skuli vera leyfilegt að hafa í gróða upp úr því fé, sem þeir hafa lagt í fyrirtæki sín, þá er annað uppi á teningnum. Þá eru gerð með skattal. þess háttar ákvæði, að það er mögulegt fyrir þessa menn að margfalda það fé, sem lagt hefur verið í þessi fyrirtæki. Það er skapaður möguleiki á því, eins og komið hefur fyrir, að það fé geti tífaldazt eða jafnvel þritugfaldast. Að vísu er þá tekinn ríflegur skattur af gróðanum. En samt getur komið fyrir, að félag, sem hefur t. d. 100 þús. kr. kapital, græði á þessum þremur árum og hafi skattfrjálst um 1 millj. kr. Það tífaldar þá á þessum þremur árum kapital sitt. Það þyrfti að skapa a. m. k. dálítið meiri jöfnuð í þessu efni heldur en gengið hefur verið út frá. Og spursmálið, sem við í raun og veru erum að ræða um með breyt. á tekju- og eignarskattsl., það er, hvernig eigi að ráðstafa þessum stríðsgróða, hve mikið af honum þjóðfélagið eigi að taka til sinna eigin yfirráða, og hve mikið það ætlar að leyfa auðfélögum að halda af honum. Ég er á því, að það ætti að leyfa auðfélögunum að halda sem allra minnstu af stríðsgróðanum. Og það er engin ástæða til þess að leyfa þeim að halda meiru en svo, að þau gætu sæmilega endurnýjað þann flota, sem fyrir er. Það er þjóðinni á engan hátt til góðs, að gróði hinna fáu togaraeigenda landsins sérstaklega verði meiri en nú er ákveðið eða var fyrir stríðið. Brtt., sem ég og hv. 4. landsk. (ÍslH) höfum flutt hér við skattal., miða nokkuð í þessa átt. Þar er í fyrsta lagi lagt til, að fellt verði burt ákvæðið um, að félög þau og stofnanir, sem um ræðir samkv. 3. málsgr. 3. gr. frv., megi draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé, þannig að þau hafi þessi 5% skattfrjáls. Þessi upphæð var í raun og veru sett hér inn í l. áður, meðan svo stóð, að annars hefði getað komið fyrir, að allur tekjuafgangur væri tekinn af þeim. En þegar sérstök l. tryggja nú þessum félögum, að þau geti lagt í varasjóði 20% og upp í 33% af arðinum og þessi arður er margfaldur á við kapital félaganna, þá virðist ekki vera ástæða til að halda þessu ákvæði.

Brtt. 1,b hjá okkur á sama þskj. miðar að því að afstýra þeim möguleika, að t. d. félag, sem hefur 2 millj. kr. kapital og getur grætt 6—10 millj. kr. á einu ári, geti fengið að leggja í varasjóð miklu meira en það, sem nemur sínu eigin hlutafé, að það geti fengið að eignast þannig af hendi þjóðfélagsins jafnvel, við skulum segja 6 millj. kr., einungis sem gróða af sínum togararekstri á 2—3 árum, þó að hlutaféð hafi ekki verið nema 2 millj. kr. Okkur flm. er fullkomlega ljóst, að þessi till. mundi koma mjög óréttlátlega niður á ýmsum hlutafélögum. Það er eðlileg afleiðing af því, hve óheilbrigður rekstrurinn hefur verið hjá hlutafélögum hér á landi, og þá sérstaklega útgerðarfélögum. Og það er, því miður, ekki hægt að koma í veg fyrir þetta, ef á að minnka verulega frá því, sem er, það sem félögin mega leggja til hliðar, nema það fengist í gegn að minnka frádráttinn niður í þessi 20% og 33%.

Það eru til hér togaraútgerðarfélög, sem hafa ekki nema 40—50 þús. kr. hlutafé, en græða um 1 millj. kr. á ári, eða um tuttugu-og-fimmfalda hlutafjárupphæðina, auka það í 2500% af hlutafénu, og fá að halda af þeim gróða ⅓ og upp í ⅔ í varasjóði með núverandi fyrirkomulagi. Þau geta því hátt upp í það tífaldað hlutafjárframlög sín á einu ári með því, sem þau fá að halda eftir af gróðanum. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt. Nú ber líka þar til að svara, þegar sagt er, að það sé óréttlátt að leyfa hlutafélögunum að halda eftir svona miklum gróða, — að að svo miklu leyti sem ekki er hjá þeim um beint hlutafjárframlag að ræða eða hlutaféð hrekkur ekki til rekstrarins, þá hafa þau haft til síns rekstrar til viðbótar fé frá bönkunum, sem hefur í raun og veru verið áhættufé bankanna. Og oft hefur hlutaféð verið það líka. Það hefur stundum komið fyrir, að bankarnir hafa bæði lánað hlutafé til þess að leggja í togarahlutafélag og síðan rekstrarfé. Og þannig hefur áður oft bókstaflega allur reksturinn verið á ábyrgð bankanna. Og það er ekki hægt að sjá neina sérstaka ástæðu til þess að taka í ákvæðum skattal. svo mikið tillit til þessara einstaklinga, sem af alls konar ástæðum í þjóðfélaginu hafa fengið aðstöðu til að leggja út í útgerð með þessu móti, að það sé farið að verðlauna þá með því, að þeir geti haft fleiri hundruð prósent í gróða af þessu auðmagni á hverju ári.

Út af því, sem hv. þm. Seyðf. sagði um þessar brtt. okkar, vil ég um leið og ég viðurkenni, að þetta komi misjafnlega niður á ýmsum hlutafélögum, minna á það, að í frv., sem Alþfl. lagði fram um tekjuskatt og eignarskatt og um stríðsgróðaskatt 1941, þá var gengið út frá því, að þetta væri takmarkað við hlutafé félaganna og ákveðin hundraðshlutatala. Og í till., sem við þm. Sósíalistafl. lögðum fram í fyrra um tekju- og eignarskatt, förum við fram á þetta sama, sem við nú höfum tekið upp hér. En aðaltil-

liðinn það, að draga megi frá tekjum, áður en skattur er á lagður, kostnað við sjúkrahúsvist og annan meiri háttar sjúkrakostnað þeirra manna, sem ekki hafa aðgang að sjúkrasamlagi, enda séu fullar sönnur fyrir þeim útgjöldum að dómi skattanefndar. Telur n. sanngjarnt, að þeir, sem ekki hafa aðstöðu til þess að vera í sjúkrasamlagi og njóta þeirra hlunninda, sem þau veita, megi draga frá tekjum sínum sjúkrakostnað, ef hann er verulegur.

Á þskj. 227 flytur meiri hl. fjhn. eina brtt. við 7. gr. frv. um það að breyta b-lið í 19. gr. skattal. En sú gr. fjallar um mat á eignum til eignarskatts. B-liður er þannig í l. nú, með leyfi hæstv. forseta.

„Búpening skal telja, svo sem hann væri fram genginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður árlega fyrir hver áramót, eftir tillögum undirskattanefnda.“ Þetta hefur verið framkvæmt, eins og lög gera ráð fyrir, en hefur orðið þannig, að þetta mat búpenings til eignar hefur stöðugt verið að taka breytingum frá ári til árs. Er það nú svo, að jafnvel þó að búpeningseign manna standi í stað, þá hækkar og lækkar eign þeirra að krónutali, sem í búpeningnum stendur, frá ári til árs, og nema þær breyt. oft stórum fjárhæðum. Þetta telur meiri hluti fjhn. óeðlilegt, og í brtt. á þskj. 227 er gert ráð fyrir, að þetta verði haft þannig, að ríkisskattanefnd skuli ákveða verð á búpeningi til 5 ára í senn að fengnum tillögum yfirskattanefnda, og í fyrsta sinn verði þetta ákveðið með hliðsjón af matsverði til skatts næstliðin 5 ár. Þetta snertir á engan hátt tekjuframtalið, heldur er aðeins um það, að ekki sé stöðugt, og það árlega, verið að breyta mati á búpeningi til eignar.

Það liggja fyrir nokkrar fleiri brtt. við frv. frá einstökum nm. Á þskj. 178 er brtt. frá hv. þm. Seyðf. (HG), sem hann hefur gert grein fyrir við 2. umr. þessa máls. 1. brtt. á því þskj. er við 2. gr. frv., (og við þá gr. er líka brtt. frá þeim hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) og hv. þm. Dal. (ÞBr)). Aðrir nm. gátu ekki á þessar brtt. fallizt. Ég fyrir mitt leyti vil leggja til, að þær verði felldar.

Fleiri brtt. hafa að vísu komið fram. En hv. flm. þeirra hafa ekki gert grein fyrir þeim enn þá, og ég sé ekki ástæðu til þess að ræða um þær að svo stöddu.

*__Haraldur Guðmundsson__: Um þær brtt., sem n. flytur sameiginlega, hef ég ekkert að segja til viðbótar því, sem hv. frsm. tók fram.

Um brtt. meiri hluta n. á þskj. 227, þess efnis, að búpening skuli telja fram til skatts með verði, sem ríkisskattanefnd ákveði til 5 ára í senn og í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts næst liðin 5 ár, vil ég leyfa mér að benda á, að ef þessi brtt. væri samþ., verkaði hún í þá átt að lækka eignaframtal það, sem gr. fjallar um. Ég sé í sjálfu sér ekki, að nein ástæða sé til þessa, því að hér er um búpening að ræða, sem í raun og veru á að telja fram alveg hliðstætt við vörubirgðir og hvert annað lausafé, sem er í eigu manna, og því finnst mér ekki nein sérstök ástæða til að setja þessi ákvæði í l. um búpeningsframtalið, sem verka mjög eindregið í þá átt að lækka eignaframtalið. Ástæðan til þess, að ég get ekki fallizt á þessa brtt., er sú, að mér virðist, að ef farið væri á annað borð að hreyfa við þessum kafla tekjuskattsl., reglunum fyrir framtali til eignar og til tekna, þá væri nauðsyn á að gera heildarahugun og endurskoðun á þessum kafla. Ég hygg, t. d., að fyllsta ástæða væri til þess að setja frekari reglur heldur en nú eru um framtal á tekjum af ýmsum búsafurðum. Ég veit, að verðákvarðanir á þeim til framtals eru mjög á reiki á ýmsum stöðum á landinu. Aftur þyrfti að leggja talsverða vinnu í það og afla verulegra gagna til þess, að athugun á þessum kafla og endurskoðun gæti farið svo vel úr hendi sem æskilegt væri. Og meðan þessi heildarathugun fer ekki fram á kaflanum, hygg ég, að þetta atriði, sem brtt. 227 fjallar um, ætti að láta bíða, þangað til þetta væri hægt að taka fyrir í heild til athugunar og endurskoðunar.

Brtt. á þskj. 182 frá minni hluta fjhn. drap ég á við 2. umr., og hef ég engu við það að bæta nú.

Á þskj. nr. 228 flyt ég brtt. þess efnis, að tillag til nýbyggingarsjóða hjá félögum verði hækkað úr 50% upp í 75% af varasjóðstillaginu. Þetta er í samræmi við það, að eftir að brtt. mín var felld við 2. umr., þá er svo ákveðið, eins og frv. er nú, að ekki skuli meira lagt í varasjóði heldur en það, sem skattfrjálst er. En samkv. gildandi l. hefur tvöfalt meira fé verið lagt í varasjóð heldur en það, sem skattfrelsi var veitt fyrir. Má því gera ráð fyrir, að heildarframlagið til varasjóða minnki og þar með tillag í nýbyggingarsjóði, nema hundraðshlutatala þess sé hækkuð. Til þess að bæta úr þessu er brtt. mín um tillagið til nýbyggingarsjóða flutt. Þegar þess er gætt, að allir, nema þá allra hæstu gjaldendur, hafa alltaf a. m. k. nokkuð og í sumum tilfellum verulegt fé til ráðstöfunar umfram fé varasjóðs, þá er ekki nema eðlilegt, að meira fé sé lagt í nýbyggingarsjóði heldur en áður var. Ég lít svo á, að það sé ákaflega þýðingarmikið að binda sem mest af afgangsfé fyrirtækja í það að endurnýja framleiðslutækin og bæta nýjum við, þegar þess er kostur.

Um brtt. mínar á þskj. 178, þær sem eftir eru óafgreiddar, hef ég engu við að bæta öðru en því, að mér hefur verið bent á, að 1. brtt. við 2. gr. geti komið óþægilega og að sumu leyti ekki alveg réttilega niður, ef það ákvæði er látið ná til ársins 1941. Ég skal fallast á, að í einstaka tilfellum er hugsanlegt, að það geti komið fyrir. Ég get fallizt á, að þetta verði athugað, og hef ég rætt um það við samflokksmenn mína í fjhn. hv. Ed., hvort þeir vildu athuga í n. það atriði, ef þeim sýnist, að þurfi að breyta því.

Um brtt. á þskj. 231, frá hv. 4. þm. Reykv. (EOl) og hv. 4. landsk. þm. (ÍslH), vil ég segja það viðkomandi b-lið fyrri brtt., að ég held, að þessi liður brtt. sé ákaflega hæpinn. Það hefur oft verið rætt um það, hvaða viðmiðun sé eðlilegust í þessu efni. M. a. hefur nokkuð verið rætt um þá viðmiðun, sem hér í þessari brtt. er gert ráð fyrir. Og ef þessi till. í því efni er samþ., þá eru þeim félögum, sem að nafninu til hafa mikið hlutafé, veitt alveg sérstök fríðindi umfram önnur félög. Stór hlutafélög, þar sem hlutafé er mikið, vegna þess að það hefur verið

sjóðnum. Félag, sem hefur 900 þús. kr. í árstekjur, þarf að greiða í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt samtals 440 þús. kr., og 400 þús. kr. leggur það í varasjóð. Þá eru eftir um 60 þús. kr., sem lagt yrði á. Ég hygg, að jafnvel á þeim veltiárum, sem nú eru, verði að telja hreinar tekjur, sem fara yfir 900 þús. kr., til hreinnar undantekningar. Og þegar þess er gætt, að búið er að tryggja þessum félögum skattfrjálsar 360 þús. kr. til að leggja í varasjóð, er ekki mikil hætta fyrir þau, þó að þau þurfi einstaka ár að grípa til þess að greiða skatt úr varasjóðnum. En það fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig tekjurnar verða næsta ár á eftir, því að skatturinn er greiddur af tekjum þessa árs.

Hv. þm. sagði, að samkv. gildandi l. væru miklir örðugleikar á að gefa úrskurð um, hvaða ráðstafanir eigi að gera viðvíkjandi rekstri félaganna. Ég vildi aðeins bæta því við, að að sjálfsögðu eru til þær sömu heimildir í þessum efnum eins og að öðru leyti í sambandi við skattal. En eðlilega eru miklir erfiðleikar á framkvæmdinni, hvað þetta atriði snertir, og það skal ekki standa á mér, ef n. eftir nánari athugun vildi gera orðabreyt. á þessum lið.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki rétt hjá mér, að eignamat skattan. á hlutabréfum væri miðað við arðsútborganir af bréfunum, ef arðsútborganirnar væru í ósamræmi við efnahag félagsins. Þetta er sennilega rétt hjá hv. þm. En ég hygg, að í flestum tilfellum miði skattan. við arðsútborganir, nema ástæða sé til að ætla, að um óeðlilega háan arð sé að ræða.

Ég mun svo ekki hafa orð mín fleiri að sinni.

*__Jón Pálmason:__ Aðeins örfá orð vildi ég segja í tilefni af ummælum hv. frsm. um brtt. mína og hv. þm. Dal. Hv. frsm. tók það fram, að skattakvöð, sem á hlutabréfunum hvílir, falli niður, ef viðkomandi atvinnufyrirtæki tapar á rekstri sínum, svo að hlutabréfin komist niður í nafnverð. Þetta er náttúrlega rétt. En í öðru lagi vildi hv. þm. halda því fram, að sú aðferð sé rétt, sem gert er ráð fyrir í frv., af því að menn yrðu að taka tillit til þess, hvernig efnahagur félagsins er, þegar þeir kaupa hlutabréf þess. En ég held, að sú tilfinning sé yfirleitt ekki vakandi hjá mönnum, að þessi kvöð hvíli á hlutabréfunum.

Hvað snertir till. hv. frsm. og hv. 1. þm. Rang. um nýjan rannsóknardómara í þessum málum, þá er það rétt, sem hv. frsm. sagði, að þeim, sem teldu rétt fram, stafaði engin hætta af slíkum lögfræðingi. Sannleikurinn er sá, að ekki mundi nokkur hætta stafa af þessum lögfræðingi, ef maður ætti víst, að hann yrði sanngjarn maður í dómum sínum og beitti ekki hlutdrægni við þá menn, sem hann þyrfti að athuga skattaframtöl hjá. Þetta er engan veginn víst, og þess vegna gæti þetta vald, sem slíkur maður fengi, verið mjög hættulegt í höndum manns, sem hlutdrægur reyndist. Ég tel enga þörf á nýjum dómi í þessum málum og mun því greiða atkv. gegn þessari brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 182 og 178,1 teknar attur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 178,2.a felld með 17:6 atkv.
— 178,2.b—c teknar aftur til 3. umr.
— 179,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 179,2.b tekin aftur til 3. umr.
— 179,2.a og c (ný 4. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 178,3 tekin aftur til 3. umr.
7. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 179,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 181 (nýjar gr., verða 11.—12. gr.) samþ. með 16:7 atkv.
11. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 179,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 24:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 209, 178 (tölul. 1, 2.b—c og 3), 182, 226, 227, 228, 231).

__Frsm. (Skúli Guðmundsson):__ Ég vil með nokkrum orðum minnast á þær brtt. við þetta frv., sem komið hafa fram frá fjhn. N. stendur öll saman um brtt. á þskj. 226. Þar er um tvær brtt. að ræða. Er sú fyrri um það að bæta nýrri málsgr. við 2. gr. frv. Í e-lið 7. gr. tekjuskattsl. er ákveðið, að með skattskyldum tekjum skuli teljast ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, ef seljandi hefur átt eignina skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár, ef um lausafé er að ræða. Í brtt. er það tekið fram, að þetta skuli ekki gilda, þegar skattþegn hefur eignazt hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst, eftir brtt., söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleiðanda eða erfingja skemur en 5 ár samanlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en 3 ár. Þetta, að undanþiggja þá, sem hafa eignazt fasteign eða lausafé við arftöku í venjulegum tilfellum, er gert vegna þess, að þá er greiddur erfðafjárskattur samkv. sérstökum l., og er n. sammála um þessa breyt.

Önnur brtt. á þskj. 226 er um það að orða um og breyta nokkuð e-lið 10. gr. tekjuskattsl. Þessi e-liður er um það, að heimilt sé að draga frá tekjum, áður en skattur er á lagður, iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 2% af hreinum tekjum aðila. En n. hefur verið á það bent, að þessi hundraðshluti, sem þarna er settur sem hámark þess, sem heimilað er að draga frá af þessum iðgjöldum, sé of lágur, og leggur n. til, að iðgjaldagreiðslur samkv. þessum lið megi nema allt að 5% af hreinum tekjum aðila. Enn fremur vill n., að þarna bætist við

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það, sem fram hefur komið. Hv. þm. Seyðf. talaði um sínar till. og vildi, að það yrði sett sem skilyrði fyrir varasjóðshlunnindunum, að nokkuð af skattskyldum tekjum yrði einnig lagt í varasjóð, og hann var með útreikning, sem hann taldi sanna, að þetta væri að einhverju leyti framkvæmanlegt. Tók hann dæmi, sem birt er í grg. frv., um félag, sem hefur 600 þús. kr. ágóða árlega. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að eftir þeirri áætlun, sem hann hafði gert um útsvar slíks félags, mundi það hafa um 20 þús. kr. eftir laust af tekjunum, þó að till. hans yrði samþ. Ég vil benda hv. þm. á það, að ekki þyrftu tekjur þessa félags að hækka nema um 200 þús. kr., til þess að þetta „ræki sig upp undir," eins og hann orðaði það, ef byggt væri á hans útreikningum. Ég held, eins og fram kemur í nál., að þegar um stór fyrirtæki er að ræða, hafi þau ekki laust fé til þess að fullnægja því, sem fyrir hv. þm. vakir, vegna þess, hversu mikið af skattskyldu tekjunum er tekið í skatt. Hv. þm. sagði, að þetta væri bein uppörvun fyrir félögin til þess að verja meira fé til arðsúthlutunar. Hv. þm. veit þó, að eins og áður, eru í gildi þau ákvæði í skattal., að allur arður, sem greiddur er af hlutafé félaganna, umfram 5%, skoðast sem skattskyldar tekjur og reiknast af honum tekjuskattur. Það er því enginn möguleiki að sleppa við skattgreiðslu af því fé, sem úthlutað er sem arði úr hlutafélögum.

Út af b-lið í 2. brtt. hv. þm. Seyðf. vil ég segja nokkur orð. Hann sagði, að það væri ágreiningur um margt fleira í skattal. heldur en framkvæmd þessa atriðis. Það er rétt. En þeir, sem lög semja, þurfa að haga þeirri smíð þannig, að ágreiningur verði sem minnstur út af lögunum. Það er því nauðsynlegt, ekki síst þar sem um vafaatriði er að ræða, að einhver hafi úrskurðarvald í þessum málum. Það getur skeð, að hv. þm. Seyðf. geti gert tillöguna þannig úr garði, að ekki verði ágreiningur um framkvæmdina, en til þess að svo verði, þarf hann að gera á henni ýmsar breytingar. Mér leikur grunur á, að einstaka félög hafi breytt samþykktum sínum og gert þannig verksvið sitt stærra heldur en áður var. T. d. getur félag, sem áður hefur aðeins verzlað með innfluttar og útfluttar vörur, breytt samþ. sínum og farið að fást við sjávarútveg, landbúnað, kaup og sölu verðbréfa og annað slíkt. Ég veit, að á þann hátt er hægt að komast fram hjá þessu ákvæði í brtt. hv. þm. Seyðf. Ég vildi aðeins benda hv. þm. á þetta til athugunar.

Hv. þm. sagði, eins og ég áður minntist á, að ýmis ákvæði þessa frv., t. d. 7. gr., væru bein uppörvun fyrir félögin til að greiða meiri arð af hlutabréfunum en áður. Um þetta er ég honum alls ekki sammála. Þegar hlutafé eru metin til eignar hjá hluthöfum, fer það ekki nema að litlu leyti eftir því, hvaða arður hefur verið greiddur af þeim. Kann að vera, eins og fram kemur í l., að höfð sé nokkur hliðsjón af þessu, en mat bréfanna fer aðallaga eftir því, hvað efnahagsreikningar sýna um ástæður félaganna. Um þetta atriði get ég ekki verið sammála hv. þm. Eins og áður er tekið fram, er tekinn tekjuskattur af öllum arði bæði hjá fél. og þeim, sem arðinn fá.

Hvað snertir það atriði að erfitt sé að ákveða frádrátt vegna sjúkrakostnaðar, þá geri ég ráð fyrir, að það mundi ekki verða mjög torvelt. Vitanlega ætti að framvísa reikningum um þau útgjöld, og ætti að vera auðvelt fyrir menn að vita á þann hátt um þær helztu greiðslur, sem um er að ræða.

Hv. þm. A.-Húnv. ræddi nokkuð um skattinn af hlutabréfunum við félagsslit, sérstaklega í sambandi við brtt. þá, sem hann hefur flutt, ásamt hv. þm. Dal. Hann kom með dæmi um hlutabréf, sem væru 10 þús. kr. að nafnverði, en væru lengi í 10 sinnum hærra verði. Ef félaginu er slitið eftir 12 ár og bréfin þá með sama verði, þyrfti að borga tekjuskatt af 90 þús. kr. Ég sé ekkert athugavert við þetta, af því að kaupandi hlutabréfanna veit, að hann verður að greiða skatt af því, sem hann fær við félagsslit umfram nafnverð bréfanna, og hagar hann sínum kaupum vitanlega eftir því. Má líka snúa þessu dæmi við. Ef svo færi, að eignir félagsins töpuðust í rekstrinum hjá hinum nýju eigendum, þá losna þeir líka við þennan skatt, og verður þá heldur enginn skattur tekinn af hinum fyrri eigendum, eins og l. eru nú, svo framarlega sem þeir hafa átt bréfin í meira en 3 ár. Það er einmitt þessi kvöð, sem hvílir á bréfunum, sem dregur úr líkunum fyrir því, að þau komist í óeðlilega hátt verð. Hv. þm. A.-Húnv. lýsti sig andvígan till. minni og hv. 1. þm. Rang. um, að sérstakur lögfræðingur sé skipaður til að rannsaka skattamálin og vera skattan. til aðstoðar í þessum efnum. Talaði hv. þm. um nýtt embætti, sem hann sagðist ekki geta fallizt á, að stofnað væri. Ég er honum ekki sammála um, að til séu í l. nógu skýr fyrirmæli um þetta og skattan. hafi nógu víðtækt vald til rannsóknar í þeim efnum. Hvorki yfirskattan. eða ríkisskattan. hafa vald til að setja rétt yfir mönnum og hafa vitnaleiðslur í þessum málum, sem oft getur verið nauðsynlegt til þess að komast að hinu sanna. Það eru að vísu til l. um bókhald, og þeir, sem hafa vissan atvinnurekstur með höndum, eru skyldir að hafa bækur yfir reksturinn. En jafnvel þó að ekkert athugavert sé við bókhald þeirra, sem bókhaldsskyldir eru, þá eru margir menn, sem alls ekki eru bókhaldsskyldir, og er ekki hægt fyrir skattan. að komast að réttri niðurstöðu um tekjur þeirra, ef ástæða er til að ætla, að framtal sé ekki svo vandað sem skyldi. Það getur ekki sakað þá, sem telja rétt fram, þó að slík rannsókn sé falin ákveðnum manni. Ég á bágt með að skilja andstöðu gegn því að komast að því rétta í þessum málum. Og ég vænti þess, að þeir verði ekki margir, sem verða á sömu skoðun og hv. þm. A.-Húnv. Ég hef svo ekki fleira að taka fram að svo stöddu.

***Haraldur Guðmundsson:** Það voru 3 atriði í ræðu hv. frsm. fjhn., sem mig langar til að svara. Hann sagði, að tekjur þess félags, sem ég tók sem dæmi í sambandi við útreikning minn í fyrri ræðu minni, þyrftu ekki að hækka nema um 200 þús. kr., til þess að þetta „ræki sig upp undir." Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Tekjur félagsins þyrftu ekki að vera nema 800—900 þús. kr. til þess að þetta „ræki sig upp undir", þ. e. a. s., að þá þyrfti ef til vill að greiða úr vara-

an reikning um lyfjakaup og greiðslu fyrir minni háttar læknishjálp. Ég veit ekki, hvort rétt væri að ganga lengra en að taka vissar tegundir eða stærri tilfelli. Það er ekki hægt að eltast við einstaka reikninga. Hins vegar er eðlilegt, að stærri aðgerðir komi til frádráttar. Ég veit ekki, hvort hv. meðnm. mínir fallast á að taka till. aftur til 3. umr.

Um aðrar till. n. er ekkert að segja.

Um brtt. á þskj. 181 skal ég geta þess, að ég er meðmæltur fyrri till. Ég vil taka það fram, að gefnu tilefni frá hv. frsm., að að sjálfsögðu er skattan. nú ekki aðeins heimilt, heldur og rétt, að þær krefjist rannsóknar. En mér finnst eðlilegt, að vænta megi skjótari afgreiðslu, ef sérstakur valdsmaður er til að annast þessi mál. Um b-liðinn á sama þskj. man ég ekki, að rætt væri í n.

Það, sem ég tel meingalla frv., er, að með tvennum ákvæðum er beinlínis losað á þeirri bindingu, sem á síðasta þingi var lögð mikil áherzla á að koma á þær tekjur, sem stafa í mörgum tilfellum af óeðlilegum gróða.

*__Jón Pálmason:__ Það eru ekki nema fá atriði varðandi þetta mál, sem ég sé ástæðu til þess að taka til athugunar, þar sem hv. frsm. hefur gert grein fyrir áliti n. í meginatriðum, og sé ég ekki ástæðu til að grípa fram fyrir hendur hans um að svara því, sem meiri hl. n. er andvígur í till. hv. þm. Seyðf. En mér þykir rétt í sambandi við afgreiðslu málsins að víkja nánar að afstöðu minni til þeirrar meginbreyt., sem frv. felur í sér, nefnilega að afnema frádráttarregluna. Eins og tekið er fram í nál., álítum við hv. þm. Dal., að þessi breyt. sé óvarleg, miðað við, að kippt sé í burt þeirri heimild, sem skattþegnarnir hafa til að draga frá fyrra árs tekjum. Ég álít hagfelldara, að hækkunin komi með breyt. á skattstiganum. En þar sem svo er, að ríkisstj. hefur samið um að gera þessa breyt., og henni er tryggt nóg fylgi, er ekki nein bein ástæða til að hefja stórdeilur út af henni, þó að ég vilji benda á, að ég tel þetta annmarka.

Fyrir allan almenning þýðir þetta frv. ekki hækkun skatta frá því, sem verið hefur, heldur líkt og áður, en af hærri tekjum fæst hækkun frá því, sem var. Ég skal ekki fara nánar út í það, heldur víkja að þeirri einu brtt., sem ég og hv. þm. Dal. flytjum saman og aðrir nm. hafa ekki fallizt á, við 2. gr. frv. 2. gr. felur það í sér, að þegar reiknaður er arður af hlutabréfum, sé tekið tillit til þess, ef þau eru keypt öðru verði en nafnverði. Ég lít svo á, að það sé óheilbrigt og ranglát aðferð að láta fylgja bréfunum þá kvöð, að þau skuli telja með tekjum við félagsslit. Við skulum taka dæmi og hugsa okkur, að einhverjir menn stofni hlutafélag og kaupi veiðiskip, sem hefur verið í hlutafélagi áður. Við skulum segja, að nafnverð bréfanna sé 10 þús. kr., en þeir kaupi fyrir 100 þús. kr., af því að verðlag er svona hátt. Þeir taka fé annaðhvort að láni eða greiða það með eignum sínum. Setjum svo, að skipið farist eftir 2 ár og fél. sé slitið, en bréfin séu 100 þús. kr. virði. Þá er viðkomandi skyldugur til að greiða tekjuskatt af 90 þús. kr., en það er fjarstæða, því að um engar tekjur er að ræða. Setjum svo, að hlutafélagið héldi áfram í 20—30 ár, og þá væru allir fallnir frá, sem hefðu stofnað það. Þá kæmi til greina að fella undir skatt 90 þús. kr. sem tekjur, sem er þá bara áframhald af þeirri starfsemi, sem byrjað er á á þennan hátt. Nú setjum við 3ja ára takmarkið í 2. gr., til þess að síður sé hægt að braska með þetta. En ég verð að segja, að sú eðlilega leið frá mínu sjónarmiði er, að það, sem hlutabréfin eru seld á, umfram nafnverð, sé talið til tekna og skattskylt hjá þeim, sem selur. Mér skilst, að þeir, sem vilja halda þessu ákvæði, miði við, að það sé svo í gildandi l., en það er ekkert mikilsvert atriði, heldur hitt, hvort það er réttmætt. Þetta gæti orðið til þess að gefa mönnum tækifæri til að braska, en með okkar fyrirvara er á því lítil hætta.

Þá skal ég ekki hafa fleiri orð um till., en ég vænti, að hv. d. hugsi málið, því að það er stórmál, eins og stendur, þó að það hafi ekki verið það áður.

Varðandi það, sem hv. þm. Seyðf. talaði um, að þessi l. miðuðu að því að losa frekar um en verið hefði, hvað snerti fé, sem varasjóðir hlutafélaganna hefðu yfir að ráða, vil ég segja það, að mér þótti hann gera of mikið úr því atriði. Till. hans um að leggja meira í varasjóð en skattfrjálst er, hefur verið svarað. Hitt getur og mjög orkað tvímælis, að losa um bönd, sem áður voru á varasjóðum. Ég veit dæmi um eitt fyrirtæki hér í Rvík, sem hefur margt verkafólk í þjónustu sinni og átti hús, sem ekki var að fullu innréttað. Það fór fram á að fá að innrétta lofthæð, en fékk neitun hjá ríkisskattan., með því að slík innrétting tilheyrði ekki rekstrinum. Þó að sjálfsagt sé að binda varasjóðina svo, að ekki sé hægt að sóa þeim, er rangt og óviturlegt að binda hendur manna svo, að þeir hafi ekkert laust fé til.

Ég skal að síðustu víkja að till. hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. Rang á þskj. 181, sem ég og hv. þm. Dal. höfum ekki getað fallizt á. A-liðurinn felur í sér að setja skuli rannsóknardómara í skattamálum, þ. e. a. s. að stofnað sé nýtt embætti fyrir lögfræðing, sem á að leita þá menn uppi, sem svíkja skatt. Við getum ekki fallizt á þá till. af þeirri einföldu ástæðu, að við höfum það víðtækt áfrýjunarsvið í skattamálunum, sem sé 3 stig, — en í dómsmálum og lögreglumálum ekki nema eitt, — að ef fjórða stigið á að bætast við, er það ekkert hóf, því að skattan. hafa öll tækifæri til að fá upplýsingar og fylgjast með.

Það er kunnugt, að það hafa verið sendir endurskoðendur bæði af skattstofunni og ríkisskattan. í stærri fyrirtæki til að rannsaka reikninga þeirra. Ef við slíka endurskoðun kemur eitthvað grunsamlegt í ljós, hafa þessi yfirvöld frjálsar hendur um að kæra hlutaðeigandi fyrirtæki.

Seinni till. á sama þskj. var ekki umtöluð, og ég sé ekki neitt við hana að athuga. N. hefði sennilega orðið sammála um hana, ef hún hefði verið rædd í n.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi tekið afstöðu til brtt., sem fyrir liggja. Það hefur verið gerð grein fyrir þeim í nál. og af frsm., svo að það hefur ekki mikla þýðingu, að við höldum löngum umr. áfram.

að skýra nokkuð. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að allt það fé, sem félögin leggja í varasjóð, sé skattfrjálst, nema það fari fram úr vissum hluta teknanna. Því meiri sem gróði félaganna er, því meira fá þau skattfrjálst. Í gildandi l. er aðeins viss hluti þess, sem lagt er í varasjóði, skattfrjáls, sem kunnugt er, en nýjung þessi var tekin upp til þess að hvetja félögin til að leggja sem mest í varasjóði. Ég álít alveg rangt og óeðlilegt að gera allt varasjóðstillagið skattfrjálst og láta takmörkun gildandi l. niður falla. Mér skildist á hv. frsm., að hann væri einnig á því máli, en hann taldi, að með þeirri breyt., sem nú væri gerð á skattstiganum, kynni þá álagningin að „reka sig upp undir", — nema samtals meira en 100%. Það er rétt, að þetta er hugsanlegt í einstökum tilfellum, en aðeins þegar um mjög háar tekjur er að ræða eða það, ef til viðbótar skattinum kæmi hærra útsvar á þann hluta tekna, sem er undir 200 þús., en þann sem þar er yfir. Ég vil biðja menn að athuga útreikning á bls. 7 í frv. á þskj. 125, þar sem ræðir um félag með 600 þús. kr. ágóða. Það greiðir samkv. frv. 83 476 kr. tekjuskatt og 172 044 stríðsgróðaskatt, samtals 255 520 kr. Þá er eftir að reikna útsvar af þeim hluta tekna, sem er innan við 200 þús., og sé gert ráð fyrir 70 þús. þar, verða þetta alls liðug 325 þúsund eða 54% af 600 þús. Ef till. mín verður samþ. og félagið leggur eins mikið í varasjóð og það getur mest fengið skattfrjálst (að ¾), verða það 267⅔ þús., og er þá komið í liðug 580 þús. samtals. — Það rekur sig ekki upp undir, og þarna er miðað við hæsta skattstiga og útsvarsálagningar, sem mun þurfa að gera ráð fyrir. Auk þess segir í niðurl. 3. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Nú hrökkva hreinar ársteknjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. l. þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði." Þessi varnagli er sleginn af því, að ekki hefur þótt ósvinna að gera ráð fyrir, að álagning ræki sig „upp undir", þannig að til varasjóðs þyrfti að taka. Mér finnst ástæðulaust, eins og ég sagði, að víkja svo frá gildandi l. sem gert er með því að gera allt varasjóðstillagið skattfrjálst. Það beinlínis örvar peningastrauminn, sem síðan eykur dýrtíðina óviðráðanlega. Þeir peningar geta unnið meira gegn stefnu ríkisstj. í dýrtíðarmálunum en hún er fær um að mæta með gagnráðstöfunum sínum. Það er einkennilegt, að samtímis því, sem allt á að miða við „stöðvun dýrtíðarinnar", koma fram slíkar till., sem geta ekki miðað að öðru meir en hleypa dýrtíðarflóði af stað.

Sömu tilhneigingar til að losa um féð eða sem mestan hluta af gróðanum koma víðar fram í frv. og það í þessari gr. Í gildandi l. er bannað að taka fé úr varasjóði til að kaupa ýmsar eignir eða til starfsemi, sem er óviðkomandi rekstri félagsins. Nú er lagt til að fella þetta niður. Ég legg til í b-lið brtt. minnar við 3. gr., að ákvæðin séu tekin upp aftur, en jafnframt haldið c-lið frv. sem viðbótarákvæði, og yrði hann þá d-liður og byrjaði með tilvísun til næsta liðs á undan (c-liður brtt.). Hv. frsm. sagði, að ástæðan til þess, að þetta væri fellt niður, væri sú, að reynslan sýndi, að erfitt væri að framfylgja ákvæðunum. Þá veit ég ekki, hvernig skattalög ættu að vera, ef miða skyldi við það eitt, að aldrei yrði deilt um framkvæmd þeirra og skilning sumra atriða. Þá yrði víst erfitt að ná inn nokkrum sköttum. Vandkvæðin um þessi atriði þurfa ekki að stafa af neinu nema því, að nýmælið er aðeins ársgamalt og engar venjur skapaðar um framkvæmd á þessu. Ef það fær að haldast óbreytt, skapast venja um framkvæmdina, studd af reglugerð, og vandinn leysist.

Sú viðleitni frv. að losa um gróðann er alveg í ósamræmi við það, sem ég tel rétt nú. Ég tel, að allt fé, sem reksturinn þarf ekki, eigi að binda sem fastast, unz þörf er á því aftur til reksturs fyrirtækjanna. Í samræmi við þessa skoðun mína legg ég til í 3. brtt. minni, að 7. gr. frv. falli niður, en hún er um það, að hlutabréf skuli talin til skatts með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, — hvað sem sannvirði líður, — en í gildandi l. er ákveðið, að eigendur meti þau sjálfir til skatts eftir sannvirði, þ. e. sölugengi þeirra. Nú vita menn dæmi þess, að hlutabréf hafi verið seld allt að þrítugföldu nafnverði. En ef frv. yrði samþ., mundi eignarskatturinn stórlega lækka. Ég verð að telja, að ekki sé ástæða til að lækka eignarskattinn, sízt í þessu tilfelli, því að aukningin á verðmæti bréfanna hefur orðið fyrir orsakir, sem eigendurnir eiga sjálfir engan þátt í. En það er ekki eingöngu á þetta að líta, heldur eru með þessu allar hömlur teknar burtu við því, að greiddur sé sem hæstur arður til eigenda. Ef nú er greiddur 20% arður, ferfaldast eignarskatturinn líka, en þó borguð séu 50 eða 100%, hefur það engin áhrif á framtalsverð bréfanna til eignarskatts. Það er bara ýtt undir það, að fél. séu gefnar lausar hendur um aukaútborgun arðs, en slíkt tel ég óeðlilegt.

Hv. frsm. segir, að um tvísköttun sé að ræða, og ég játa, að það er rétt, enda eru óteljandi dæmi þess í skattal. Það byggist á því, að hlutafélög og eigendur hlutabréfa eru skoðaðar tvær aðgreindar persónur. Hlutafélag er sérstök persóna í augum skattayfirvaldanna, bréfaeigandi líka. Ef ég hef stúlku til innanhússverka, borga skatt af mínum tekjum og greiði henni kaup, en hún borgar skatt af því kaupi, þá er það tvísköttun. Það er sízt meiri ástæða til að taka það, sem hér er um að ræða, meira nærri sér en aðra tvísköttun, en hins vegar er verið að gefa félögunum rýmra svigrúm um að ráðstafa gróðanum til hvers, sem vera skal, óviðkomandi starfsemi félaganna sjálfra.

Ég skal taka það fram um ákvæði b-liðs 12. gr., að ef ekki fæst breytt ákvæðinu um varasjóðstillagið eftir brtt. minni, tel ég sjálfsagt að hækka framlag nýbyggingasjóðs frá því, sem lagt er til. Ég ætla að bíða með að bera fram brtt. um það, þar til ég sé, hvað ofan á verður í hv. d. Sama er að segja um d-lið sömu gr., um tillög einstaklinga til nýbyggingarsjóðs.

Um till. fjhn. á þskj. 179 vil ég segja, að við nánari umhugsun teldi ég rétt að athuga betur en gert hefur verið, hvort ekki væri ástæða til að hafa b-lið annarrar till. með öðrum hætti en hér er. Út af hugleiðingum hv. frsm. áðan vil ég skjóta því til hans, að ég held, að það yrði erfitt í framkvæmd, ef heimilin eiga að halda sérstak-

matsupphæð. En svo hefur verið, — og ætlazt er til, að svo verði áfram — að eignarskattur hefur verið reiknaður hjá félögum af nettóeign þeirra, þannig að þessi hlutabréf hafa verið tvísköttuð til eignar. Hér er lagt til, að þessi tvísköttun verði niður felld. Hv. þm. Seyðf. er mótfallinn þessu og vill, að gr. verði felld niður.

8. gr. frv. er um að auka nokkuð kaup skattanefnda. Þykir sjálfsagt að gera það. Við þessa gr. flytur n. brtt. á þskj. 179 um það, að niður falli síðasti liður þessarar gr., orðin: „Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.“ N. telur ekki eðlilegt, að formenn skattan. fái enga þóknun fyrir skattanefndarstörf.

9. og 10. gr. frv. þurfa ekki skýringa við.

11. gr. er um það að hækka nokkuð dráttarvexti af sköttum frá því, sem nú er, ef greiðsla þeirra dregst fram yfir næstu áramót, eftir að þeir eru á lagðir.

Í 12. gr. eru tekin upp ýmis ákvæði úr l. frá í fyrra, að miklu leyti óbreytt, sem gert er ráð fyrir, að gildi áfram. A-liður þeirrar gr. er um umreikning á tekjum eftir vísitölu. Sú breyt. er þar á gerð, að hér er tekjuhæðin 15 þús. kr. í stað 12 þús. kr. áður, sem miðað er við viðvíkjandi umreikningsreglunum. Hafa þau rök verið færð fyrir þeirri breyt., að eftir að hætt er að draga frá skatt og útsvar, áður en ákvarðaðar eru skattskyldar tekjur, þá sé eðlilegt, að þessi upphæð sé nokkuð hækkuð. Um þessa gr. vildi ég taka það fram, að við framsóknarmenn hefðum eins og áður talið eðlilegra, að þessi umreikningur væri felldur niður, en í staðinn kæmi hækkun á persónufrádrætti. En aðrir flokkar hafa ekki getað fallizt á það, svo að við höfum ekki borið fram um það brtt. Þá eru í b-lið ákvæði um, að félög skuli leggja helming varasjóðstillaga sinna í nýbyggingarsjóði þá, sem stofnaðir voru með lögunum í fyrra. Liðurinn er óbreyttur að öðru en því, að það voru 40%, en er nú hækkað í helming. C- og d-liðir eru óbreyttir og fjalla um nýbyggingarsjóði. Þá er e-liður, um þá nefnd, sem hafa skal umsjón og eftirlit með þessum sjóðum og notkun á fé úr þeim. Við liðinn er brtt. á þskj. 179 og þó engin efnisbreyting, aðeins tekin upp ákvæði um það úr l. í fyrra, hvernig nefndin skuli skipuð eða endurskipuð, ef einhver þeirra, sem í henni eru nú, skyldi hverfa þaðan. F-liður er óbreyttur. Í g-lið eru þau ákvæði, að einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, megi draga frá skattskyldum tekjum þær fjárupphæðir, sem þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum, þó eigi hærri fjárhæð en nemur 20% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldanda. Þetta er ekki nýmæli. Í l. í fyrra var einstaklingum gert fært að leggja í nýbyggingarsjóði og veitt nokkur hlunnindi fyrir það fé. — H-liður snertir tapsfrádrátt, sem veittur var á síðasta ári, og skal hann talinn sem varasjóðstillag og mætir hreinum rekstrarhalla félagsins að svo miklu leyti sem aðrar eignir þess hrökkva ekki til, svo að þetta tillag eyðist síðast allra eigna félagsins, en sé nokkru af fé þessu varið til annarra hluta, greiðist skattur af því.

Þá vil ég minnast nokkuð á brtt., sem flutt er af mér og hv. 1. þm. Rang., á þskj. 181, um það, að skipa skuli sérstakan lögfræðing til að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum og hafi hann heimild til að hefja rannsókn og setja rétt í hvaða umdæmi landsins, sem er, og geti krafizt upplýsinga og sama aðgangs að bókum og skjölum og ríkisskattan. hefur. Rannsókn skal hefja samkv. till., er yfirskattn. eða ríkisskattan. telur hennar þurfa til að vita rétt um tekjur eða eignir skattþegns. Einnig getur fjmrh. fyrirskipað rannsóknina. Skal að rannsókn lokinni senda afrit af prófum málsins ásamt greinargerð um niðurstöður þess til aðila þess, er rannróknar hefur beiðzt, og haga nefndirnar síðan álagningu eftir því. Við teljum, að vald skattanefnda sé ekki nóg til að komast að niðurstöðu um þessi mál í öllum tilfellum og leiða hið rétta í ljós. Í b-lið till. er um það eitt að ræða að færa 42. og 43. gr. saman í eina, til þess að ekki þurfi að breytast greinatala í aðalköflum laganna.

Í 13. gr. frv. eru ákvæði um, að l. öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagning skatta á þessu ári, sem lagðir verða á tekjur ársins 1941. Jafnframt skulu falla úr gildi skattalagabreyt. frá 5. maí 1941.

Eins og nál. á þskj. 180 ber með sér, mælir n. með, að frv. verði samþ. Skattanefndum er það mikil nauðsyn að geta lokið starfi sínu sem fyrst, en verða að bíða eftir afgreiðslu þessa frv. Ég vil því leggja áherzlu á, að afgreiðslu verði hraðað, svo sem tök eru á.

***Haraldur Guðmundsson:** Mér hefur gefizt tóm, frá því að málið var síðast til umr., til að athuga frv. nánar. Við þann nánari samanburð hefur komið í ljós, að með þeirri breyt. að hætta frádrætti greiddra skatta og sútsvars, en lækka skattstiga að sama skapi, er stigið rétt spor. Þó vildi ég, að nefndin athugaði einstök atriði umreikningsins betur, einkum á tekjum milli 25 og 60 þús. og eins þeim, sem stríðsgróðaskattur nær að nokkru til, á bilinu 60—75 þús.

Við 2. gr. frv. flyt ég brtt. á þskj 178 um, að aftan við bætist orðin: eða þótt eigandi þeirra sé að öðru leyti undanþeginn greiðslu tekjuskatts. — Það er vitað, að síðustu tvö árin hefur allmikið verið að því gert — í staðinn fyrir að greiða fé út úr varasjóði — að selja hlutabréf félags í heild til að losa bundið fé og komast um leið undan eðlilegum skattgreiðslum með það fé. Að vísu halda sumir menn fram, að við slíkar eignabreytingar eigi féð að verða skattskylt og þurfi ekki frekari ákvæða við. En það mun ekki nægja, þótt ótvírætt væri í lögum. En það þarf að verða ótvírætt. — Ýmis fyrirtæki og stofnanir njóta nú skattfrelsis, og ef þau eru kaupendur, er ekki hægt að ná svo til gróðans sem á að ná, nema bætt sé við ákvæðinu í brtt. minni. Hv. frsm. mæltist til, að þessi till. væri tekin aftur til 3. umr., og vil ég verða við þeirri ósk, en þá vildi ég benda á, hvort ekki væri rétt, að aðrir færu eins að og brtt. á þskj. 182 væri tekin aftur til 3. umr.

Brtt. mína á þskj. 178,2, a—c, við 3. gr. verð ég

Nú er það svo, að þótt ákvæðið sé, að félögin geti fengið nokkurn hluta teknanna undanþeginn sköttum gegn því að leggja hann í varasjóð, þá eru fyrirmæli í þessari sömu frvgr. um það, að ef félögin verja nokkru af varasjóði til úthlutunar til hluthafa, til einkaþarfa þeirra á einn eða annan hátt eða til annars en þess að mæta rekstrarhalla félagsins, þá skuli greiða skatt af því varasjóðsfé, sem þannig er notað. Ákvæði frv. um þetta efni eru að efni til að mestu þau sömu og nú eru í l. Það hefur verið svo undanfarið, að þegar fé hefur verið tekið úr varasjóði til arðsúthlutunar eða einhvers annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækjanna, hefur verið reiknaður skattur af því fé, og þá af 20% hærri upphæð heldur en skattfrjálst var, þegar féð var lagt í sjóðinn. Samkvæmt núgildandi l. er helmingur af varasjóðstillaginu skattfrjáls, en sé fé varasjóðs notað þannig, að það verði skattskylt, er reiknaður skattur af ⅗ þeirrar upphæðar, sem þannig er varið. Samkvæmt 3. gr. frv. er þessu haldið óbreyttu að því, er snertir þá varasjóði, sem til eru, þegar þetta frv. verður að l., og fram tekið í næstsíðustu mgr., að þeir varasjóðir eyðist á undan þeim sjóðum, sem síðar myndast. Undantekning er þó um þá eign í varasjóði, sem myndaðist vegna tapsfrádráttar hjá útgerðarfélögum eftir l. frá 1941, en um þann hluta varasjóðs gilda áfram sérstök ákvæði, sem sett voru á því þingi, og eru tekin upp í 12. gr. þessa frv. Vík ég að þeim síðar. En vegna þeirrar breyt., sem hér er gerð, að framvegis verður allt varasjóðstillag skattfrjálst, innan þeirra takmarka, sem áður eru nefnd, verður að setja aðrar reglur en áður giltu um skatta af því fé, sem tekið er úr varasjóði til annars en að mæta rekstrarhalla félaga, sem er það ákvæði í 3. gr. frv., að ef sú varasjóðseign, sem myndast eftir að þetta frv. verður að l., er notuð þannig, að skatt eigi að greiða af henni, skuli reikna skattinn af 20% hærri upphæð en þannig er varið úr sjóðnum. Er þetta í fullu samræmi við þau fyrirmæli, sem gilda um eldri varasjóðina.

Á þskj. 179 flytur fjhn. eina brtt. við 3. gr. frv. Er það aðeins orðalagsbreyt. til þess að fyrirbyggja misskilning, en engin efnisbreyt.

Í 3. gr. frv. er enn fremur ákveðið, að ef félag, sem nýtur eða notið hefur varasjóðshlunninda, ver eignum sínum með þeim hætti, sem um getur í a-, b- og c-liðum þessarar gr., skuli það teljast ráðstöfun á fé varasjóðs, og reiknast þá skattur af því fé samkv. fyrirmælum þeirrar gr. A- og b-liðir eru óbreyttir í frv., eins og þeir eru í gildandi l., en í c-lið eru ný fyrirmæli. Er þar ákveðið, að ef félag kaupir eign fyrir óeðlilega hátt verð að dómi skattan., skuli telja mismun kaupverðs og matsverðs skattan. ráðstöfun á fé varasjóðs, og verður þá reiknaður skattur af því fé. Er þetta sett til þess að fyrirbyggja, að hægt sé að úthluta eignum varasjóðs á þann hátt að kaupa eignir fyrir óeðlilega hátt verð af hluthöfum eða öðrum.

Hv. þm. Seyðf. flytur brtt. á þskj. 178 um að taka inn í þessa gr. nýjan lið, sem er í l. frá í fyrra. Hvað sem annars má um það ákvæði segja, vil ég benda á, að reynslan hefur sýnt, að slíkt er mjög erfitt í framkvæmd, og því vafasamt gagn að þessu ákvæði, a. m. k. eins og það nú er. T. d. getur orðið ágreiningur um það, hvað sé óviðkomandi rekstri félaganna og hvaða eignir geti talizt nauðsynlegar fyrir rekstur þeirra. Hefur þegar risið, að sögn, nokkur ágreiningur út af því atriði. Tel ég, að það sé því vafasamur ávinningur að samþ. þetta.

Síðasta málsgr. 3. gr. frv. er um það, að ef hreinar árstekjur félags að viðbættri hreinni eign, sem félagið kann að eiga umfram varasjóð og hlutafé, svo sem á höfuðstólsreikningi og tekjuafgangsreikningi, hrekkur ekki fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. l. þessum, þá sé heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði. Vegna þeirrar aðalbreyt., sem gerð er hér á skattal., að leyfa ekki frádrátt á skatti og útsvari, áður en ákveðnar eru skattskyldar tekjur, má búast við, að þessi heimild verði notuð á þessu ári. En aftur mun varla þurfa síðar að grípa til þessa, nema samanlagður skattur og útsvar fari fram úr 100% af skattskyldu tekjunum.

Þá er 4. gr. frv. Hún er eðlileg afleiðing af þessari aðalbreyt., sem frv. gerir ráð fyrir, sem sé að hætta að draga frá tekjunum tekjuskatt og útsvar, áður en skattur er á lagður. En eftir sem áður á að vera heimilt að draga eignarskatt frá tekjunum.

Fjhn. flytur brtt. við 4. gr. á þskj. 179. Í a-lið leggur n. til, að ákvæðunum verði breytt þannig, að í stað þess að nú er ákveðið í l., að draga megi frá tekjunum iðgjöld, svo sem um ræðir í d-lið 10. gr. l., allt að 500 kr., megi nú draga frá 1000 kr. N. þótti þetta eðlileg breyt. vegna þeirrar breyt., sem orðið hefur á verðgildi peninganna.

B-liður er um það, að til viðbótar því, að nú er leyft að draga frá tekjunum iðgjöld, m. a. til sjúkrasamlaga og sömuleiðis til stéttarfélaga og styrktarsjóða, þá verði heimilt að draga frá tekjunum sjúkrakostnað þeirra manna, sem ekki hafa aðgöngu að sjúkrasamlagi, enda séu fullar sönnur færðar fyrir þeim útgjöldum að dómi skattanefndar. N. telur það ósanngjarnt, að þeir, sem eru í sjúkrasamlögum, fái að draga iðgjöldin frá tekjunum og sleppa við það að greiða skatt af þeim hluta teknanna, en hinir, sem ekki hafa aðgöngu til að vera í sjúkrasamlagi, verði að greiða skatt af alveg hliðstæðum kostnaði, sjúkrakostnaðinum.

C-liður er um það, að eignarskatt sé heimilt að draga frá eins og áður.

5. gr. er alveg óbreytt frá núgildandi l. um persónufrádráttinn.

Í 6. gr., sem fjallar um eignarskattinn, er gerð sú breyt., að ekki þarf að greiða skatt af minni eign en 10 þús. kr. í stað þess, að áður hefur þetta verið bundið við 5 þús. kr. eign. Auk þess er lítið eitt lækkaður eignarskatturinn af eign undir 30 þús. kr.

Um 7. gr. varð ágreiningur í n. Hún er um það, að hlutabréf skuli talin til eignar með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé. Eftir gildandi l. hefur þetta verið framkvæmt þannig undanfarið, að hlutabréf þessi eru metin til eignar hjá eigendum þeirra eftir eign hlutafélagsins og eignarskattur reiknaður af þeirri

útsvar frá tekjunum, áður en skattur er á þær lagður, en skattstiginn verði lækkaður til samræmis við þá breyt. Skattskyldu tekjurnar verða þá hærri, en skattur reiknaður af þeim eftir lægri skattstiga. Nýi skattstiginn í 1. gr. frv. kemst hæst í 22% af tekjunum, en sá, er nú gildir, fer hæst í 40%. Nefnarmenn hafa reynt að gera sér ljóst, hver áhrif þessi brtt. muni hafa á skattgreiðslur manna almennt. Hafa þær athuganir leitt í ljós, að skattgreiðslur muni verða hjá almenningi mjög svipaðar eftir þessu frv. og núgildandi l. Að vísu getur breyt. valdið nokkrum mismun á skatti hjá einstaklingum fyrsta árið, hvort reiknað er eftir frv. eða gildandi l., en að meðaltali virðist n. útkoman vera sú, að tekjuskatturinn muni verða mjög svipaður og áður, eftir að þetta frv. er orðið að l. Við samanburð virtist svo sem lítils háttar lækkun á skattgreiðslu gæti orðið hjá einstaklingum með vissa tekjuhæð. Munu nefndarmenn athuga nánar fyrir 3. umr., hvort þeir telja ástæðu til að bera fram brtt. um skattstigann í 1. gr. frv.

Um 2. gr. frv. er það að segja, að eins og tekið er fram í grg. frv., þar er um að ræða nánari skýringu á því, að með orðunum „upphaflegt hlutafjárframlag“ sé átt við nafnverð hlutabréfanna. Það kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh., við 1. umr. þessa frv., að l. hafa verið framkvæmd þannig. Hér er því ekki um efnisbreyt. að ræða, heldur nánari skýringu, til þess að öruggt sé, að lagagr. verði ekki misskilin. Tvær brtt. við þessa gr. frv. liggja hér fyrir frá einstökum hv. nm. Önnur er á þskj. nr. 178 frá hv. þm. Seyðf. (HG), og snertir hún það, er skattfrjáls aðili eignast hlutabréf. Þetta er atriði, sem þarf að athuga nánar, og vil ég leyfa mér að fara fram á það við hv. þm. Seyðf., að hann taki þessa brtt. aftur til 3. umr., svo að öðrum nm. gefist kostur á að athuga brtt. betur. Hin brtt. er á þskj. 182, frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Dal. (ÞBr). Aðrir nm. gátu ekki á þá till. fallizt, og vil ég mæla gegn því, að hún verði samþ. Ef sú till. nær samþykki, opnast möguleiki til að sleppa við að greiða skatt af arði, sem úthlutað er við félagsslit. Eins og l. hafa verið framkvæmd, taka þeir menn, sem kaupa hlutabréf, á sig þá kvöð að borga skatt af þeim arði, sem kann að koma fram, þegar félaginu er slitið, miðað við nafnverð hlutabréfanna. Verði brtt. á þskj. 182 samþ., geta þeir, sem hafa keypt hlutabréf fyrir hærra nafnverð, sloppið við þá skattgreiðslu að meira eða minna leyti með því að fresta félagsslitum í 3 ár, eftir að þeir eignast hlutabréfin.

3. gr. fjallar um 8. gr. skattal. Er hún aðallega um varasjóðshlunnindi félaga og hvernig skuli reikna skatt af varasjóðsinnstæðum, ef þær eru notaðar til annars en að tryggja rekstur félaganna. Í upphafi gr. er lagt til, að síðasti málsl. í 4. málsgr. 8. gr. l. verði felldur niður. Þessi málsliður er um það, að helmingur af varasjóðstillagi samvinnufélaga skuli undanþeginn skatti. Þessi liður á að falla burt vegna þess, að síðar í 3. gr. frv. eru ný ákvæði um varasjóðshlunnindi þessara félaga. Í gildandi l. er ákveðið, að helmingur af varasjóðstillagi félaga skuli undanþeginn tekjuskatti og koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Félögin gátu því haft undanþeginn skatti helming af þeim tekjum, sem afgangs voru, þegar öll gjöld voru greidd, þ. á m. skattar og útsvör af fyrra árs tekjum. Með ákvæðum 3. gr. frv. er gerð á þessu sú breyt., að þar miðast skattfrjálsa tillagið við ákveðinn hluta af hreinum árstekjum félaganna, áður en skattar eru frá þeim dregnir. Jafnframt er gerður munur á varasjóðshlunnindum félaganna eftir því, hvaða atvinnurekstur þau hafa með höndum. Nokkur munur var á þeim gerður í þeim skattal., sem sett voru í fyrra, en þá var það nýmæli. Samkvæmt ákvæðum þessa frv. geta hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur hlutafélög með takmarkaðri ábyrgð fengið skattfrjálst varasjóðstillag, sem nemur ⅕ hluta af tekjunum. Hins vegar geta félög, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu, fengið skattfrjálst varasjóðstillag, sem nemur ⅓ af tekjum þeirra. Hér er gerður sá greinarmunur að veita þeim félögum, sem hafa áhættusaman atvinnurekstur, meiri hlunnindi viðkomandi varasjóðstillaginu heldur en öðrum, sem áhættuminni rekstur hafa. Verður það tæplega ágreiningsefni, að rétt sé að veita þeim félögum, sem hafa sérstaklega áhættusaman rekstur, nokkru meiri möguleika til að mynda varasjóði til tryggingar rekstrinum heldur en öðrum, sem áhættuminni rekstur hafa.

Þá er ákvæði um það í þessari frvgr., að félag, sem l. samkv. getur ekki úthlutað varasjóði sínum til félagsmanna, þegar félaginu er slitið, skuli einnig fá skattfrjálst varasjóðsframlag, sem nemur ⅓ af tekjunum. Þetta ákvæði nær til samvinnufélaga, sem starfa samkvæmt samvinnufélagal.

Hv. þm. Seyðf. flytur brtt. á þskj. 178 við þetta ákvæði frv. Hann er að vísu samþykkur því, að félögin fái skattfrjálst varasjóðstillag, sem nemur ⅕ og ⅓ af tekjunum. En hann vill setja það skilyrði fyrir þessum hlunnindum, að félögin leggi nokkru meira fé í varasjóðina, þ. e. a. s. þau leggi einnig í varasjóðina nokkurn hluta af skattskyldu tekjunum. Aðrir nm. hafa ekki getað fallizt á þessa brtt. Eins og að er vikið í nál., fer mestur hluti skattskyldu teknanna, eftir að þær hafa náð vissri hæð, í opinber gjöld, þar sem 90% af þeim skattskyldu tekjum, sem eru umfram 200 þús. kr., er tekið í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt samkv. þessu frv. og frv. um stríðsgróðaskatt, sem einnig liggur fyrir þessari hv. d. Eftir að t. d. útgerðarfélög hafa greitt tekjuskatt og stríðsgróðaskatt samkv. þessum frv. af þeim tekjum, sem eru umfram 200 þús. kr., og bundið ⅓ teknanna í varasjóði og nýbyggingarsjóði, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá hafa þau eftir laust aðeins milli 6 og 7% af tekjunum. Möguleikar félaganna til að binda meira af þessum tekjum í varasjóði eru því ákaflega takmarkaðir. Hv. þm. Seyðf. heldur því að vísu fram, að hlutfallslega nokkru meiri afgangur muni verða af þeim tekjum, sem eru fyrir neðan 200 þús. kr., vegna þess að þá eru skattarnir ekki komnir í hámarkið. En hversu mikill sá afgangur verður, er ekki hægt að segja, vegna þess að fyrirfram er ekki hægt að vita, hve há útsvör verða lögð á þær tekjur. Meiri hluti n. hefur því, eins og áður segir, ekki getað fallizt á þessa brtt. hv. þm. Seyðf.

spurn síðar, en ég efast um, að það verði, áður en þetta mál verður afgr. hér á Alþ.

Ég vil ekki verða þess valdandi, að þetta mál komist ekki til n. á þessum fundi, og hef orð mín þess vegna ekki fleiri við þessa umr.

*__Emil Jónsson:__ Hv. þm. Seyðf. hefur gert grein fyrir afstöðu okkar alþýðuflokksmanna til þessa frv., svo að ég þarf þar í rauninni engu við að bæta, en ég vildi þó beina þeim orðum til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga, að vel sé séð fyrir útsvarsgreiðslu til bæjanna.

Með stríðsgróðaskattinn hefur verið þannig, að enda þótt gjalddaginn hafi verið í maí 1941, þá hefur hann ekki verið greiddur enn þá, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvernig á þessu stendur. Ef bæirnir eiga að bíða í 1½ ár eftir skattgreiðslum, þá geta þeir hæglega komizt í öngþveiti, og þarf því að veita þeim stuðning í þessu millibilsástandi. — Það er sérstaklega hagalegt með stríðsgróðann, því að hann hefur mikið að segja fyrir bæjarfélögin, og er víða aðaltekjustofninn. — Það er því brýn nauðsyn á, að hann verði innheimtur, þegar eftir að hann er álagður, svo að bæirnir komist ekki í fjárhagslega erfiðleika. Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. svari fyrirspurn minni um þetta atriði.

Svo vil ég einnig óska þess, að hv. fjhn. þessarar d. taki til athugunar viðhorf bæjarfélaga til þessa máls, því að það hefur verið gengið svo á tekjustofna bæjarfélaganna af ríkisvaldinu, að það verður að sjá til þess, að ekki verði gengið svo frá þessum eina tekjustofni, að hann verði óstöðugri en þyrfti að vera.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Ég get fullkomlega tekið undir það með hv. 6. landsk., að að undanförnu hefur mjög verið gengið á tekjustofna bæjarfélaga, og ég held, að við höfum jafnvel einhvern tíma skipzt á orðum um það efni, að vísu þá undir nokkuð öðrum kringumstæðum en nú eru.

Það er að öllu leyti rétt, sem hann sagði um þá erfiðleika, sem búast má við, að niðurjöfnunarnefndir bæjanna komist í, þegar þær fara að jafna niður útsvörum með hliðsjón af þeim skattstiga, sem hér er. Ég get fullkomlega tekið undir þau orð hans, að það verði gaumgæfilega að athuga. Hins vegar sé ég ekki, að í svipinn sé nein hætta yfirvofandi út af þessu. Yfirleitt hefur stríðsgróðaskatturinn fyrir árið 1941 verið sem aukatekjur hjá bæjunum. Útsvörunum hefur verið jafnað niður fyrir það ár án tillits til að eiga von á stríðsgróðaskattinum. Þau útsvör, sem innheimt voru 1941, hafa gengið til þarfa bæjarfélaganna, og svo eiga þau eftir sinn hluta í stríðsgróðaskattinum í árslok 1941. Þetta kemur því ekki til með að valda vanda, fyrr en farið er að jafna niður útsvörunum í árslok 1941, en þá er óvitað, hver stríðsgróðaskatturinn verður. Ég geri ráð fyrir, að hann sé mjög varlega áætlaður hjá bæjarfélögunum, og ég veit, að í Reykjavík er hann áætlaður 120 þús. kr., svo að það hefur ekki áhrif á afkomu bæjarfélagasins á þessu ári, þó að stríðsgróðaskatturinn komi seinna inn, því að hann kemur sem aukatekjur bæjarfélagsins á þessu ári.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, hvernig á því standi, að bæjarfélögunum hafi ekki verið greiddur þeirra hluti af stríðsgróðaskattinum fyrir síðasta ár, skal ég upplýsa, að mér er kunnugt um, að það hefur verið greiddur verulegur hluti þessa skatts til bæjarfélaganna. Um einstök bæjarfélög veit ég ekki, en þess er þá að vænta, að þau gangi eftir þessari greiðslu. (__EmJ:__ Það hefur margoft verið gert.) Það hefur ekki verið gert við mig. Ef skatturinn er innheimtur, á að sjálfsögðu að vera hægt að greiða bæjarfélögunum þann hluta, sem þeim ber.

__Haraldur Guðmundsson:__ Ég gat þess við fyrri hl. þessarar umr., að mér virtist, að óhjákvæmilegt væri, ef þetta frv. yrði samþ., að breyta áætlun Reykjavíkur fyrir yfirstandandi ár. Þar er gert ráð fyrir stríðsgróðaskatti 120 þús. kr., en útsvörum 11 milj. kr. En það er enginn vafi, að stríðsgróðaskatturinn fer fram úr áætlun. Ég benti á það í síðustu ræðu minni, að eitt fyrirtæki hér í bæ, sem hefði útsvar eftir sérstökum reglum, greiddi 700 þús. kr. Ef þetta frv. verður samþ., þá get ég ekki séð, að mögulegt verði að leggja á þetta fyrirtæki meira en 70—100 þús. kr. Þetta gefur glögga hugmynd um, að það muni verða mjög torvelt að jafna niður 11 millj. kr., þegar ekki má leggja neitt á það, sem fer fram úr 200 þús. kr. Þetta verður að athuga. Mér er kunnugt um, að stríðsgróðaskatturinn getur ekki orðið sem aukatekjur, því að það breytir verulega álögunum í Reykjavík, ef ekkert tillit er tekið til stríðsgróðaskattsins. Það er stór hængur á að breyta svo gersamlega grundvellinum sem gert er með þessu frv., eins og augljóst er af þessu eina dæmi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125, n. 180, 178, 179, 181, 182).

__Frsm. (Skúli Guðmundsson):__ Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og er umsögn hennar um það í nál. á þskj. nr. 180. N. flytur nokkrar brtt. við frv. á þskj. 179, en engar eru þær veigamiklar. Á þrem öðrum þskj. eru brtt. frá einstökum nm., sem ekki varð samkomulag um í n.

Eins og menn muna, voru gerðar breyt. á skattal. á síðasta reglulegu Alþ., árið 1941. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þau l. verði felld úr gildi, þar sem í þetta frv. hafa verið tekin upp þau ákvæði í þeim l., sem til er ætlazt að gildi framvegis.

Eins og venja er við 2. umr., vil ég ræða nokkuð einstakar gr. frv. og þær sérstöku breyt., sem þar er um að ræða frá gildandi l., og í því sambandi einnig brtt. n. við frv. Kemst ég þá ekki hjá því að minnast eitthvað á brtt. ýmissa nm. og lýsa skoðun minni á þeim, þó að hv. flm. þeirra hafi ekki enn talað fyrir þeim, en það munu þeir sjálfsagt gera.

Aðalbreyt. með þessu frv. á skattal., sem gert er ráð fyrir, að gerð verði, er sú, að framvegis verði ekki leyft að draga greiddan tekjuskatt og

alþm. vilji ekki ganga inn á, að hægt sé að fara lengra í skattaálögum á atvinnurekstur en að taka allar tekjurnar, því að þá er engin hvöt til að halda áfram þessum atvinnurekstri.

Ég geri ráð fyrir, að þetta verði athugað í n., en ég vildi ekki láta hjá líða að benda á þessar röngu aðferðir, sem mér finnst vera beitt í þessu frv., viljandi eða óviljandi.

Þá vil ég að lokum minna á eitt atriði enn þá í þessu sambandi, sem alls ekki kemur fram hér á neinn hátt, en ég held, að ekki sé síður ástæða til að leggja skatt á en hvað annað, en það er viðvíkjandi sölu fasteigna. Við vitum, að bæði í Reykjavík og úti um sveitir, sennilega um allt land, hafa fasteignir hækkað mjög í verði. Hafa þær komizt í tvöfalt og jafnvel þrefalt verð miðað við það, sem var fyrir stríð. Það er að vísu gerð tilraun til að hindra, að menn geti falið tekjur sínar á þennan hátt við kaup fasteigna, en það er engin tilraun gerð til að ná í þá peninga, sem menn fá með því að selja fasteignir margföldu verði, en á það á að leggja skatt eins og hvað annað.

Ég læt svo þessi orð nægja um þetta mál nú. Ég hygg, að muni verða hægt við síðari umr. að koma með betri dæmi um ýmsa þá hluti, sem ég hef minnzt á, en ég hygg, að þeir séu svo þungir á metunum, að þessi skattal., ef samþ. verða eins og frv. nú kemur fyrir, verði mjög erfið í framkvæmd.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það er aðeins eitt atriði, sem ég vil minna á og vil biðja n., sem tekur málið til meðferðar, að athuga sérstaklega, en það er skyldusparnaðarhugmyndin, sem hefur komið fram á Alþ. fyrr og síðar. Vil ég vekja sérstaka athygli á því, að stj. hefur látið undirbúa það mál, fengið til þess 3 sérfróða menn, og hefur árangri þeirrar rannsóknar verið útbýtt meðal hv. þm. Ég óska eftir, að n. taki þetta atriði til ýtarlegrar athugunar í sambandi við þetta frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta skattamál, þar sem það tilheyrir ekki þeirri stjórnardeild, sem ég veiti forstöðu.

***Einar Olgeirsson:** Í sambandi við þetta mál vildi ég nota tækifærið til þess að gera þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hversu mikill stríðsgróðinn sé og hvað við hann eigi að gera.

Ég lít svo á, að þessi gróði tilheyri ekki tekjum manna, heldur sé hann eign þjóðarinnar og hún megi ráðstafa honum. — Þess vegna beini ég fyrirspurn minni til hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. fjmrh., um, hvað þessi gróði sé orðinn mikill frá stríðsbyrjun og hve mikið sé skattlagt af honum. Mér virðist vera gengið út frá því, að útgerðin eigi að halda um 40% stríðsgróðans í sínum höndum. Hvað er það mikill hluti alls gróða stórútgerðarmannanna? Deilan stendur um það, hvað gera eigi við þennan stríðsgróða. Þjóðin viðurkennir ekki rétt útgerðarinnar til hans, því að fyrir stríð þurfti hún að bera áhættuna af öllum útgerðarrekstri. Svo kemur stríðið með þessum mikla gróða fyrir útgerðarmennina, og þá er spurt, hvort þeim eigi að leyfast að fá þennan gróða. — Hverjar yrðu afleiðingarnar, ef þeim væru gefnir tugir millj. króna? Jú, afleiðingarnar yrðu, að stórútgerðarmennirnir réðu yfir öllum framleiðslutækjum Íslendinga og þyrftu ekki framar að spyrja þjóðarbúið ráða. Áður þurftu þeir að taka tillit til þjóðarinnar, en eftir stríðið mundu þeir geta sett þjóðinni stólinn fyrir dyrnar, alveg óháðir þjóðfélaginu, sett hnefann í borðið og sagt: „Við gerum ekki út, nema vinnulaunin lækki eða ríkissjóður veiti okkur styrk.“ Frelsi þjóðarinnar inn á við er, sem sagt, í voða, ef þannig er farið að.

Árið 1934 var auðmagnið áætlað 22 millj. kr., sem var mest skuldir hjá bönkum, en nú, þegar þær nema milli 50 og 100 millj. kr., sem er alveg óháð öllum bönkum, þá sést hvílíkt geysivald er lagt í hendur þessara manna. Meiri hluti þjóðarinnar hefur við kosningar lýst sig mótfallinn slíkri ráðstöfun á stríðsgróðanum, og það yrði þess vegna gert gegn vilja þjóðarinnar að ráðstafa stríðsgróðanum þannig, að 20—30 menn í Reykjavík fengju einkarétt á öllum atvinnurekstri landsmanna. Þess vegna er nauðsynlegt að fá upplýsingar um, hversu þessi gróði er mikill, og vænti ég svars hjá hæstv. ríkisstj.

Það er margt, sem mætti ræða um þetta mál, en ég tel heppilegra að gera það við 2. umr. málsins og læt því máli mínu lokið að þessu sinni.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég var ekki á síðasta fundi, þegar hv. þm. Seyðf. hélt ræðu sína, og get ég því ekki svarað honum að sinni, en ég heyrði sagt, að hann hefði harmað mjög, hve skattlagning háteknanna væri lítil, og harmað í rauninni, að atvinnulífið hjá okkur skyldi vera þannig, að einstaklingar bera einhvern arð úr býtum, og var ekki annars að vænta frá þessum hv. þm. — Viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, sem var nokkuð á annan veg, þá get ég tekið undir aðvörunarorð hans um það, að of langt sé gengið að sumu leyti í skattlagningunni, og þegar hann minntist á, að frádráttarregluna ætti að afnema, og annað í sambandi við það, þá get ég að nokkru leyti verið honum sammála. Þessir hv. þm., hv. þm. Seyðf. og hv. 4. þm. Reykv., töluðu um, að það ætti að leggja fyrir Alþ. frv. um, hvernig verja skuli þeim tekjum ríkissjóðs, sem aflað sé með þessu frv. Ekki aðeins þessir þm., heldur einnig þm. annarra flokka, hafa borið fram frv. í þessa átt. Ég legg frekar lítið upp úr þessu, því að hvaða bollaleggingar sem gerðar yrðu, þá gæti svo farið sökum breyttra kringumstæðna, að frá þessum bollaleggingum yrði að hverfa, og þess vegna finnst mér ekki rétt að ráðstafa þessu fé fyrir fram, ef öllu þyrfti að breyta síðar meir. Mér skilst, að þetta mál sé ofarlega á dagskrá hjá hv. þm., og líklega verður eitthvað gert í þessa átt, en mér er ekki ljós sú nauðsyn, sem fyrir hendi er.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv. um stríðsgróðann, þá mun ekki hægt að svara henni að svo stöddu, því að framtöl hafa ekki öll borizt skattstofunni hér né heldur úti um land, vegna þess að frestur er ekki enn útrunninn. — Ef til vill verður hægt að svara þessari fyrir-

eignarskattur haldi áfram að hækka upp í miklu hærri tölu en hér er nefnd, ekki sízt þegar á það er litið, að verðlag hefur breytzt svo mikið, að 50 þús. kr. nú eru ekki meira en 30 þús. kr. fyrir stríð. Svo kemur stríðsgróðaskatturinn.

Í öðru lagi tel ég rangt að gera þá breyt., sem hér er farið inn á og hæstv. viðskmrh. hefur lagt mikið upp úr, að leyfa ekki að draga skatt og útsvar frá, heldur leggja á brúttótekjur.

Yfirleitt getur maður sagt, að til sé tvenns konar skattaform. Annað er það, að leggja á hreinar nettótekjur, en hitt er að leggja á tekjulindirnar. Þó að brugðið sé út af þessu í ýmsum löndum, eins og getið er um í grg. hæstv. viðskmrh., þá eru það aðallega þessar tvær leiðir. Nú er horfið frá þeirri leiðinni, sem áður hefur verið farin og réttust þykir vera, að leggja á nettótekjur, og á í þess stað að leggja á brúttótekjur. Hæstv. ráðh. segir, að með því fáist jafnari tekjur fyrir ríkissjóð og einnig sé með því jafnað á milli ára hjá þeim, sem ójafnar tekjur hafa. En því er hægt að ná með eðlilegri hætti með því að taka meðaltal fleiri ára, eins og oft hefur verið talað um. Þá þóttu ástæður vera á móti því, en þær ástæður eru nú ekki fyrir hendi.

Ég verð að segja, að ég hef ekki getað reiknað nákvæmlega, hvernig þessi skattstigi verkar, en mér virðist, að á lágum tekjum muni hann ekki verða miklu hærri og að því leyti muni mönnum ekki bregða við það, sem áður var, og í sumum tilfellum mun vera lækkun.

Þá er það eitt atriði, sem mér finnst ekki hafa verið lagfært eins og skyldi, en það er um frádrátt fyrir konu og börn, og þó að maður geti sagt, að á vissu tekjubili hækki hann nokkuð, þá hefur hann að öðru leyti ekki hækkað.

Þá eru það fleiri atriði í sambandi við þessa skattstiga, sem þarna eru, sem ég vil minnast á líka í sambandi við stríðsgróðaskattinn, sem byrjar ekki fyrr en í 50 þús. kr. Nú er mikið talað um, hvaða áhrif það hafi á verðbólguna, þar sem tekjur hafa aukizt umfram sjálfa dýrtíðina. Það er mikill fjöldi manna, sem hefur ekki aðeins dýrtíðar-„skalann“, heldur miklu meiri tekjur en áður hefur verið án þess að komast upp í stríðsgróðaskatt. Mér virðist, að rétt væri í þeim tilfellum, ef tekjurnar eru 20—25 þús. kr. og upp í 50 þús., að hafa sérstök ákvæði, sem eðlilegt væri að setja í þetta frv., um sparnaðarskatt, þannig að nokkuð af þessum tekjum væri lagt til hliðar og haldið af ríkissjóði rentulausu, meðan stríðið stendur, en borgað aftur eftir stríð, t. d. á 4 árum. Það er hætt við, að mikið af þessu fé eyðist nú í það, sem er dýrt, en ekki sem nauðsynlegast, og það sé einmitt þetta tekjusvæði, sem hefur mest áhrif á dýrtíðina. Það kemur sér betur bæði vegna dýrtíðarinnar og eins vegna mannanna, sem hafa þessar tekjur, en hafa flestir litla möguleika til þess að halda þessum tekjum eftir stríð, að gera slíkar ráðstafanir í sambandi við þetta frv. M. ö. o., að þetta yrði nokkurs konar stríðsskattur, sem næði niður fyrir stríðsgróðaskattinn, en menn fengju borgaðan til baka, þegar stríðinu væri lokið.

Þá vil ég minna á annað, sem mér finnst vanta tilfinnanlega við þessa löggjöf, en það er áætlun um, hvað þessi skattur gæti gefið. Ég geri ráð fyrir, eins og skattstofan fylgist með í þessu, að hægt hefði verið að gefa það nokkurn veginn upp, hvernig þetta kæmi á hvern skattskala. Og þegar á að setja sérstakan stríðsgróðaskatt á umframtekjur manna, þá finnst mér það litt afsakanlegt af hæstv. stj. að koma ekki með eitt orð um það, hvað eigi að gera við það mikla fé, sem enginn vafi er, að safnast í ríkissjóð á þennan hátt. Í þeim löndum, þar sem stríðið er skollið á, og þar sem þurft hefur að hafa mikla landvörn, án þess að stríðið sé komið þar enn þá, þar er eðlilegt að menn sætti sig við háa skatta, því að þeir vita, að það fé fer til landvarnar eða til stríðsins. En hjá okkur, þar sem þessu er ekki að heilsa, eiga skattgreiðendur kröfu til að fá að vita, til hvers þessu fé er varið. Það er ekki nóg að vita, að það sé notað til almennra hagsmuna, því að eins og pólitík fl. er, þá er hægt að nota þetta fé á misjafnan hátt, m. a. til þess, að þeir fl., sem ráða, haldi völdum sínum betur. Því hefði átt að koma samhliða þessum frv. annað frv. um, hvernig ætti að verja þessu fé.

Ef maður tekur stríðsgróðann sjálfan, þá eru það tvö atriði, sem ég vil minnast á í sambandi við það, sem ég hef áður sagt. Hér eru 200 þús. kr. tekjur sem toppurinn á því, sem menn geta hugsað eðlilegar tekjur hér á landi, en það er sem svarar 110 þús. kr. fyrir stríð. Eins og skattal. eru hér, þá er ekki hægt að segja í sjálfu sér, að 110 þús. kr. tekjur fyrir stríð séu afskaplega miklar tekjur, þó að það sé mikið fé til að nota það, og fyrir stór fyrirtæki getur þess verið fyllilega þörf. Og taki maður ástandið, eins og það er nú, þá vitum við ekki eins um útgerðina, þó að skattarnir hafi hækkað nokkuð þar, vegna þess að með því sölufyrirkomulagi, sem nú er, koma peningarnir nokkurn veginn jafnóðum inn, en mér sýnist, að verzlunin hafi þörf fyrir mjög aukið fé frá því, sem var fyrir stríð, vegna þess hvað verðlag hefur hækkað og birgðir miklar í landinu. Maður hefur heyrt, að matvöruinnflytjendur séu skyldaðir til að hafa margra mánaða birgðir, og þurfa þeir því miklu meira veltufé. Enn fremur er sá erlendi gjaldfrestur, sem áður var hér, alveg fallinn niður, svo að það er bersýnilegt, að veltufé verður að vera miklu meira en áður.

Nú er ætlazt til með þennan stríðsgróðaskatt, eins og fram er tekið í grg., að hann geti aldrei komizt yfir 90%. En það er fjarri því, að þetta sé rétt. Ég hef reiknað skattinn af nokkrum fyrirtækjum, sem ég hef heyrt um. Ef maður tekur tekjurnar fyrir árið sem leið og reiknar af nettótekjum, þá verður skatturinn hjá sumum þessum fyrirtækjum það hár, að hann nemur miklu meiru en tekjunum árið sem leið, og það er af því, að engin ákvæði eru um, hvernig eigi að leggja útsvör á, svo að jafnvel þó að ekki eigi að leggja á nema 90%, þá getur skattur og útsvör orðið meira en 100% samanlagt. Í öðru lagi er það út úr fjármálavandræðum síðustu ára, sem lagt var á veltuútsvar, sem var sums staðar 6% af veltunni. Og þar sem engin undanþága er gerð á þessum hluta af skattinum, þá geta þessi gjöld, þrátt fyrir alla útreikninga frv., orðið talsvert yfir 100%. Hvað sem menn hafa mikla löngun til að ná í peninga af því, sem menn álíta miklar tekjur, þá hygg ég, að hv.

það, að ekki væri hægt að hafa sams konar reglur og áður um varasjóðsfriðindin, vegna þess að félög mundi skorta handbært fé fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og tillagi í varasjóð eftir hækkun skattstigans, þá vil ég leyfa mér að benda á, að við þessu er séð, því að í niðurlagi 3. gr. er *einmitt gert ráð fyrir því*, að ef hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinu eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, hrökkva ekki fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, þá sé heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði. Ég fæ þess vegna ekki séð, að sú ástæða ein, sem hann bar fram, réttlæti þessa, að minni hyggju, varhugaverðu breyt.

Um persónufrádráttinn skal ég ekki segja neitt að þessu sinni. Hann er alveg óbreyttur. Á síðasta Alþ. bar ég fram aðrar till. um það efni, en tel þýðingarlaust að taka það upp aftur.

Í sambandi við þá breyt. að fella niður frádráttinn á skatti og útsvari við ákvörðun skattskyldra tekna, vildi ég leyfa mér að inna eftir því, hvort ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að gera aðrar ráðstafanir til að tryggja innheimtu skatts en þetta frv. bendir á. Ég tel, að ef ákveðið er að gera þessa breyt., þá sé alveg nauðsynlegt um leið að breyta innheimtufyrirkomulaginu *frá því, sem nú er*. Ég held ég muni það rétt, að milliþn. í tolla- og skattamálum hafi fullsamið frv. um innheimtu opinberra gjalda, og ég vildi skjóta því til hæstv. ríkisstj., ef þessi breyt. gengur fram, hvort hún telur eigi rétt að hlutast til um, að frv. þetta verði lagt fyrir þingið. Það hefur verið ákaflega mikið aðhald í því að veita ekki rétt til skattafrádráttar, nema skattarnir séu borgaðir fyrir áramót. Enda hefur það líka verið svo, að síðustu daga fyrir áramót hafa menn keppzt um að borga þá upp.

Þá vil ég benda á, að eftir frv. er um að ræða talsverða lækkun á varasjóðsframlaginu til nýbyggingarsjóðs. Eftir lögunum frá í fyrra áttu 40% af varasjóðstillaginu að fara í nýbyggingarsjóð. Samkv. þessu frv. eiga að vísu 50% af varasjóðstillaginu að renna til nýbyggingarsjóðs, en þegar þess er gætt, að skv. frv. verður aðeins lagt það, sem skattfrelsi fæst fyrir, í varasjóð, en skv. l. tvöfalt hærri upphæð, verður ljóst, að hér er um mikla lækkun að ræða.

Hæstv. ráðh. virtist vera að afsaka það eða réttlæta, að skattstiginn, *sem kemst mest upp í* 90% af skattskyldum tekjum, þegar þær komast yfir visst hámark, væri svo hár sem í frv. segir. Ég vildi nú leyfa mér að benda á í því sambandi, að það þarf að sjálfsögðu vel að athuga, að áður en þessi 90% eru á lögð, þá er búið að heimila öllum útgerðarfélögum og samvinnufélögum að draga frá þriðjung af tekjum sínum, þannig að skatturinn reiknast aðeins af ⅔ hlutum tekna þeirra og ⅚ *af tekjum annarra félaga*, eða eins og hæstv. viðskmrh. orðaði það, að skattar og útsvör geta hæst orðið 60% af tekjum þessara félaga, og þó aðeins á þeim hluta teknanna, sem fer yfir 200 þús. kr. Ég vildi nú raunar orða þetta á dálítið annan veg, sem sé þannig, að með þessu væri gjaldendum tryggt, að þeir fengju alltaf að eiga eftir a. m. k. 40% af tekjum sínum, þegar þeir eru búnir að borga skatta og útsvör. En það, sem hæstv. ráðh. fór ákaflega fljótt yfir, var það, að með þessu eru stórkostlega bundnar hendur niðurjöfnunarnefnda bæjar- og sveitarfélaga, og mér er satt að segja ómögulegt að sjá, hvernig t. d. Reykjavík á að haga sér skv. þessum lögum án þess að gera breyt. á fjárhagsáætlun sinni. Af tekjum, sem eru yfir 200 þús. kr., má ekki taka hærri skatt en 90%, eftir að búið er að draga þriðjung frá. Það, sem bæirnir svo fá af stríðsgróðaskattinum, eru 45%. Hve mikið það verður, vita bæirnir ekkert um, þegar þeir ákveða útsvör sín. Nú hefur t. d. Reykjavík ákveðið að leggja á 10—11 millj. kr. útsvör og áætlaður stríðsgróðaskattur er aðeins rúmlega 100 þús. kr. Að sjálfsögðu lítur niðurjöfnunar*nefnd svo á, að henni beri að jafna niður* þessum 10 millj. En það, sem hægt er að leggja útsvör á, ef þessi l. verða samþ., eru aðeins þær tekjur, sem eru undir 200 þús. kr. Þetta hlýtur að rýra mjög álagningarrétt bæjarfélaganna og verður til þess, að útsvör á almenningi þurfi að hækka.

Ég skal í þessu sambandi benda á, að á s. l. ári greiddi eitt einasta útgerðarfyrirtæki hér í bænum 700 þús. kr. í útsvar, auk þess sem bærinn fékk hluta af stríðsgróðaskatti þess. Þó var lagt á það eftir vægari reglum en hliðstæð fyrirtæki. Nú er ekki hægt, eftir þessu frv., að leggja á þetta fyrirtæki meira útsvar heldur en það, sem niðurjöfnunarnefnd metur rétt að leggja á fyrstu 200 þús. kr., en á þær er líka lagður tekju- og stríðsgróðaskattur, sem er um 80 þús. kr. Og sér þá hver maður, að það verður afar lítið, sem á það er hægt að leggja.

Mér finnst, að þær reglur, sem með þessu frv. eru teknar upp um útsvarsálagningu, hljóti að verða mjög til að torvelda störf niðurjöfnunar*nefndar í Reykjavík*, og þykir því rétt að benda á það við 1. umr. Slík takmörkun á rétti sveita og bæja til að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum er að minni hyggju alveg fráleit og auk þess ástæðulaus.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

***Héðinn Valdimarsson:** Áður en þetta frv. gengur til n., vil ég koma með nokkrar aths. viðvíkjandi þeim skatti, sem hér er verið að breyta, og þá um leið nokkur orð um það mál, sem er hér á dagskrá næst á eftir (frv. um stríðsgróðaskatt). Ég geri ekki ráð fyrir, að ég geti haft mikil áhrif á gang þessara mála, en vil þó koma með þessar aths.

Í fyrsta lagi finnst mér ekki rétt, hvernig þessi mál eru fram borin. Maður skyldi halda, að ætlazt sé til, að lagt væri fram frv. um tekju- og eignarskatt, sem ætti að standa áfram, og svo kæmi þar til viðbótar stríðsgróðaskattur, sem miðaðist við það sérstaka ástand, sem nú er, til þess að hirða þær sérstöku umframtekjur sem af þessu ástandi leiðir. En ef maður lítur á þann almenna skatt, þá virðist, að alls ekki sé ætlazt til, að hann standi nema um stundarsakir, vegna þess að hækkunin nær ekki nema upp í 50 þús. kr., en undir venjulegum kringumstæðum gerir maður ráð fyrir, að venjulegur tekju- og

Ég vildi leyfa mér, ef hæstv. forseti hefur ekkert á móti því, að ræða bæði skattafrv. í einu, þetta og næsta málið á dagskrá, eins og hæstv. viðskmrh. gerði.

Ég tek eftir því, að í 2. gr. í frv. um tekju- og eignarskatt, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því, að 7. gr. l. verði verulega breytt. Og vil ég í því sambandi gera fyrirspurn til hæstv. viðskmrh. um það, hvort ætlun hans með þeirri breyt. sé að koma því til vegar, að skattur geti náðst af sölu hlutabréfa með hagnaði. Í sambandi við 2. gr. vil ég því spyrja hæstv. viðskmrh. að því, hvort það sé ætlunin að tryggja með þeirri gr., að hagnaður af sölu hlutabréfa, eins og t. d. þegar Eimskipafélag Íslands keypti upp hlutabréf e/s Ísafoldar fyrir um það bil þrítugfalt verð, komi til skattgreiðslu. Er það ekki tilætlunin með ákvæðum 2. gr. að koma í veg fyrir, að hagnaður af sölu á hlutabréfum eins og í þessu dæmi, sem ég nefndi, geti komizt undan skattgreiðslu, sem mér hefur þó skilizt, að mundi falla undan skattgreiðslu samkvæmt núgildandi lögum?

Þá vildi ég með nokkrum orðum drepa á 3. gr. frv., þar sem að minni hyggju er um mjög mikla breyt. að ræða, sem er í því fólgin, að í staðinn fyrir að miða skattfrjálsa hlutann af tekjum félags við varasjóðstillag í heild sinni, þá er hér miðað eingöngu við ákveðinn hundraðshluta af hreinum tekjum félagsins í heild. Ég hygg, að það sé dálítið vafasamt, hvort þessi breyt. er til bóta. Mér finnst, fljótt á litið, að það mundi hvetja til arðsúthlutunar frá félögum samkv. l. frá í fyrra, ef bönd og kvaðir, sem hér er um að ræða, eru lagðar á fé í varasjóði, því að eftir frv. má ekki úthluta því nema í ákveðnu skyni, er snertir hag og rekstur félaganna.

Hér er gert ráð fyrir því, í sambandi við það, ef varið er fé varasjóðs til úthlutunar til hluthafa eða ráðstafað til einkaþarfa þeirra eða varið til annars en þess að mæta beinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að þá verði það fé varasjóðs talið til skattskyldra tekna, að því er snertir þann hluta varasjóðs, sem myndazt hefur eftir 1. jan. 1941, og að auki, þegar um þann hluta varasjóðs er að ræða, 20% af þeirri greiðslu úr varasjóði. Einnig er því ákveði breytt, að eftir l. frá í fyrra er ákveðið, að ef nokkuð af ársarði félaga, sem um er hér að ræða, er lagt í varasjóð, þá skuli helmingur þeirrar upphæðar vera undanþeginn tekjuskatti og koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. En eftir frv. má aðeins draga í mesta lagi 33% af þessum framlögum í varasjóð frá við ákvörðun skattskyldra tekna. Mér virðist, sem sagt, að með þessu sé verið að ýta undir það, að arðsútborgun sé upp tekin hjá ýmsum félögum, sem ekki mundu gera það ella, vegna þess að ef þessi breyt. verður samþ., greiðist sami skattur af stærri hluta teknanna heldur en eftir l. frá 1941, hvort sem félagið leggur það fé til varasjóðs eða greiðir sem arð til hluthafa.

Annað atriði er í þessu frv., sem mér sýnist, ef samþ. verður, að muni losa meira um fé félaga heldur en ákvæði l. frá í fyrra. Það er í sömu gr., c-lið. Í þeim lið var ákveðið með l. frá í fyrra, að það skuli talið ráðstöfun á fé varasjóðs, ef félag kaupir eignir óviðkomandi rekstri félagsins. Þá var talið sjálfsagt að girða fyrir það, að félag byndi eignir sínar í öðru en því, sem snerti rekstur félagsins. Þessu ákvæði er nú sleppt úr í þessu frv. og tekið upp það ákvæði í staðinn, að ef eign er keypt óeðlilega háu verði, að dómi skattan., skuli það fé félags vera skoðað sem greiðsla úr varasjóði, sem eftir mati skattan. er greitt fyrir eignina fram yfir hæfilegt verð, og skuli sá mismunur teljast skattskyldar tekjur samkv. ákvæðum frv. að öðru leyti. Þetta ákvæði virðist mér, ef frv. verður samþ., mundu losa meir um fé félaga en ákvæði gildandi l.

Í þriðja lagi vildi ég benda á það, sem mér virðist einnig stefna að því að losa fé félaga til annarra greiðslna heldur en í varasjóð, þ. e. til arðsútborgunar o. þ. u. l.

Eftir gildandi l. meta skattan. á hverjum stað, hvað sannvirði hlutabréfanna sé, sem er metið eftir efnahag viðkomandi félags í heild, arðsborgun félags og sölu hlutabréfa, ef um raunverulega sölu er að ræða. Ef arðsborgun félags hefði t. d. verið 20% af nafnverði hlutabréfanna, þá hefði það orðið til þess að hækka hlutabréfin í verði, sem svo aftur hefði orðið til þess, að eigandi þeirra hefði orðið að borga hærri skatta. Nú er þetta fellt niður í frv. Menn geta fengið 25%—50% arð af hlutabréfum, án þess að það verki nokkuð á það, með hvaða verði hlutabréfin eru metin til skatts hjá eigendunum sjálfum. Allt þetta gengur út á það að losa fjármuni félaga þannig, að þau verði ekki harðar úti í skatti, þótt fé þeirra sé ráðstafað til hluthafa eða til hluta, sem óviðkomandi eru rekstri félaganna í heild. Þessi stefna er að minni hyggju ákaflega varhugaverð. Og mér þykir einkennilegt, að hún skuli koma fram nú.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að þessi breyt. á l. væri bein afleiðing af því, að skattskyldar tekjur hækkuðu, og því væri ekki unnt að ætlast til, að lagt væri meira fé í varasjóð en eftir þessu frv. er skattfrjálst. En þetta hygg ég vera aðeins að nokkru leyti rétt.

Um skattstigann sjálfan get ég ekki sagt neitt að svo stöddu. Mér hefur ekki unnizt tími til þess að bera þetta saman. Ég hjó eftir því, að báðir hæstv. ráðh., sem töluðu, sögðu, að skattstiganum hefði verið breytt í samræmi við það, að frádráttur skatts og útsvars er felldur niður. Við þá athugun, sem ég hef gert á skattstiganum, verð ég að efast um, að þetta sé rétt. Mér virðist skattstiginn vera lækkaður á vissu bili talsvert meira en þessu nemur. Á lægstu tröppunum virðist skattstiginn vera óbreyttur. Á bilinu frá 15 000—50 000 virðist mér um talsverða lækkun vera að ræða á skattinum. Það liggur því í augum uppi, að á þessu bili er um lækkun að ræða.

Ef hæstv. ríkisstj. hefur til athugunar einhverjar till. um skyldusparnað, vil ég benda á, að nauðsynlegt er, að þær komi fram samtímis skattafrv., því að vitanlega verður að miða skattstigana við það, hver skyldusparnaðarstiginn yrði. Þetta tvennt er svo nátengt, að afgreiðsla þess verður að fylgjast að, ef á annað borð á að sinna hvoru tveggja.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um

að bæta með þeirri löggjöf, sem sett var á síðasta þingi og nokkrum ákvæðum, sem hér eru sett til viðbótar til þess að tryggja þetta. Þetta er vitanlega ákaflega stórt atriði í málinu. Og það hefur verið gert með ýmsu móti í löggjöf síðustu ára að reyna að koma í veg fyrir þetta, fyrst og fremst með því að skylda útgerðarfyrirtæki til að leggja þannig ákveðið fjármagn til hliðar, sem þau skulu verja til að koma upp nýjum atvinnutækjum. Og sumpart hefur það verið gert með því að banna útgerðarfyrirtækjum að nota fjármagn sitt til annars en þess, sem við kemur rekstri félaganna. Það eru nú að vísu ekki mjög mörg ný ákvæði í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sem snerta þetta atriði. Þó eru þar ákvæði, sem eiga að stefna í þessa átt. Og fulltrúar Framsfl. í sjútvn. munu flytja eina eða ég hygg tvær brtt. við frv., sem sérstaklega snerta þetta atriði málsins, við 2. umr., og fer ég ekki út í það hér, í hverju þær eru fólgnar. Hins vegar er hér í þessu frv. lagt til, að 50% af varasjóðstillagi útgerðarfélaga skuli lagt til hliðar í nýbyggingarsjóð. Og við munum sennilega gera till. um að færa það í 60%. Þó er það ekki fullráðið. Það er a. m. k. til athugunar. En ég hygg, að þau ákvæði, sem nú eru í l. og eiga að fyrirbyggja misnotkun varasjóðanna, þau séu líkleg til þess að ná tilgangi sínum. Og svo mikið er víst, að við framsóknarmenn erum alltaf reiðubúnir til þess að athuga allar skynsamlegar till., sem fram koma til þess að tryggja einmitt þetta höfuðatriði, af því að okkur er ljóst, að slíkar sjóðmyndanir, þar sem tryggt er, að sjóðirnir verði notaðir eins og til er ætlazt, eru grundvöllur fyrir því, að hægt sé að hafa háan skattstiga, og að það er ekki hægt að fara jafnhátt með skattstigann, nema sjóðmyndanir eigi sér stað.

Nú getur verið skoðanamunur um það, hve mörg prósent af tekjum félaga skuli heimilað að leggja til varasjóðanna. En það er þá aðeins stigmunur, hvaða mismunandi skoðanir menn hafa í því efni. En ég geri ráð fyrir, að allir séu á því, að einhverjar slíkar sjóðmyndanir eigi að eiga sér stað, ef skattstiginn er jafn hár og hér er gert ráð fyrir. Hins vegar getur verið, að sumir hv. þm. aðhyllist það að breyta um stefnu og afnema öll sérákvæði um það úr skattal., en taka upp lága skattstigann í þess stað.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa lengri ræðu um þessi mál. En áður en ég sezt niður, vil ég þó taka fram, að það eru tvö atriði sérstaklega (að vísu nokkur fleiri, sem ég sé ekki ástæðu til að minnast á hér), sem við framsóknarmenn höfum í athugun. Hið fyrra er það, að við munum flytja brtt. um það við stríðsgróðaskattsfrv., að skattskyldur skuli vera gróði af fasteignasölu og lausafjársölu. Við höfum ekki gengið frá því, hvernig þessi gróði skuli tekinn. En um þetta efni munum við væntanlega flytja brtt. við stríðsgróðaskattsfrv. Okkur finnst vera alveg sérstök nauðsyn á því að skattleggja þau viðskipti, sem nú eiga sér stað með fasteignir og lausafé, þó að ekki væri nema til þess að reyna að hafa einhver áhrif í þá átt að vinna gagn þeirri stórkostlegu verðbólgu, sem þessi viðskipti hljóta að hafa í för með sér. Þess vegna geri ég ráð fyrir, að ekki verði hægt að láta þau ákvæði gilda út af fyrir sig fyrir árið 1941. Ég býst varla við, að menn teldu það fært, vegna þess að gera má ráð fyrir, að ýmsir hafi selt fasteignir og hús á síðasta ári, beinlínis vegna þess að þeir vissu, að þá var ekki skattskyldur sá ágóðamismunur, sem þar kom fram. Og þar sem hér er einnig um algert nýmæli að ræða, býst ég einnig þess vegna við, að menn telji ekki fært að láta það verka aftur fyrir sig.

Hitt atriðið er um tekjuskattsálagninguna. Það hefur áreiðanlega aldrei verið jafnerfitt að komast að því eins og nú, hve miklar tekjur menn hafa hér á þessu landi, og það margir, sem hafa mikinn gróða. Það þarf ekki að nefna nein dæmi um hugsanlega erfiðleika í því sambandi, því að þeir liggja ljóst fyrir öllum. Við framsóknarmenn munum þess vegna flytja till. um það, að skipaður verði sérstakur rannsóknardómari, sem hafi það starf að rannsaka þau mál þessarar tegundar, sem skattayfirvöldin vísa til hans.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara út í þessi atriði.

Haraldur Guðmundsson: Mér hefur ekki unnizt tími til að athuga þessi skattafrv. til hlítar. Ég var spurður um það á sunnudagskvöldið (í fyrrakvöld), hvort ég vildi vera meðflm. að frv., og fékk þá seint um kvöldið próförk að því. Ég sá mér ekki fært að gerast það, en gat þess um leið, að ég hefði ekki getað gert samanburð á frv. og gildandi löggjöf. Ég verð að játa einnig, að mér hefur ekki unnizt tími til að gera þennan samanburð enn, og á því eru erfiðleikar, nema maður hafi beinlínis aðgang að skjölum skattanefndar. Maður verður að vita nokkurn veginn um skatta þá, sem greiddir hafa verið á næsta skattári á undan.

Um það, sem að dómi hæstv. ráðh. þeirra, sem talað hafa í málinu, er aðalatriði frv., hvort það ætti að draga útsvör og skatta frá tekjunum við ákvörðun skattskyldra tekna, vil ég segja það, að mikið af þeim rökum, sem fyrir því voru færð, tel ég fullkomlega réttmæt, þó að ég vilji benda á hins vegar, að það dæmi, sem hæstv. viðskmrh. tók, er ekki nálægt því að vera það almenna. Því að ef fyrst koma tvö gróðaár í röð fyrir eitt fyrirtæki og svo aftur tvö tapsár í röð fyrir sama fyrirtæki, þá stenzt ekki hans dæmi.

Ástæðan til þess, að Alþfl. var á móti þessari breyt. á síðast þingi, var sú, að ef hún hefði verið gerð þá, þá hefði hún komið til með að vera stórkostleg ívilnun fyrir sum fyrirtæki.

Ég skal játa, að í þessu frv. felst veruleg breyt. á gildandi l., því að útsvör og skattar, sem greidd voru á síðasta ári, nema mjög stórum upphæðum. Hins vegar er mér ekki svo kunnugt um það enn, hverjar tekjur koma til skatts fyrir s. l. ár, og ég þori ekki að segja ákveðið um hlutföll þar á milli. Og hvert hlutfall er þar á milli, bæði að því er snertir stórútgerðarfyrirtæki annars vegar og hins vegar verzlunarfyrirtæki, sem hafa haft stórgróða árið 1941, tel ég rétt, að sé athugað betur í þeirri n., sem fær málið til athugunar, sem mér þykir eðlilegast, að sé fjhn. Og ég mun reyna að afla mér nánari upplýsinga, áður en málið fer lengra í þinginu, um það, hvernig þessi breyt. mundi verka, og geymi mér því frekari umr. um það að sinni.

fengizt fram, hefði verið alveg þýðingarlaust að vera með háa skattstiga, því að þeir kæmu alls ekki að tilætluðum notum. M. ö. o., ekki var hægt að skattleggja milljónagróðann nándarnærri eins og skyldi.

Eins og hæstv. fjmrh. sagði, er önnur aðalbreyt., sem frv. á þskj. 125 gerir ráð fyrir, að hætt verði að draga frá greiddan tekjuskatt og útsvar —, en skattstiginn hins vegar lækkaður til samræmingar við það, en hins vegar er stríðsgróðaskatturinn ekki lækkaður til samræmis, heldur þvert á móti hækkaður að hundraðshlutum (%), og kannske margfaldaður raunverulega. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á dæminu, sem sýnt er í grg. og sýnir áhrif þessara breyt. En áhrifin eru þau, að félag, sem borgar alls í útsvör og skatta að óbreyttri löggjöf tæpl. 74000 kr., greiðir nú, ef þessar breyt. ná fram að ganga, rúml 255000 kr., eða 3–4 földuð sú upphæð, er því ber nú að greiða. Hjá félögum, sem hafa hærri tekjur, er aukningin enn meiri. En ef haldið væri áfram frádráttarreglunni, mundi fyrirtæki, sem greiðir í ár mjög mikla skatta, þurfa lítið sem ekkert að greiða næsta ár. En skv. þessum nýju reglum er greiddur skattur af tekjum hvers árs án nokkurs frádráttar.

Niðurstaðan af þessum breyt. er sú, að félög verða nú að taka til greiðslu tekjuskatts og útsvars hluta af þeim sjóðum, er þau lögðu til hliðar á árinu 1940, og það, sem ekki fór í varasjóð 1941, fer nú til þess að greiða þá skatta, sem nú eru á lagðir. Þetta er aðalbreyt. og sú, sem við framsóknarmenn leggjum mest upp úr, meira heldur en breyt. á skattstiganum, sem hér er gerð, vegna þess að hér er bæði fengin heimild til þess að skattleggja stríðsgróðann 1941, og líka fundin skynsamleg regla til þess að fylgja í framtíðinni. Þegar menn fóru að athuga, hvernig þessar breyt. kæmu til með að verka, kom í ljós, að mjög örðugt mundi að hafa sömu reglurnar um varasjóði og áður giltu. Sérstaklega var það eitt atriði. Áður var reglan sú, að t. d. hlutafélög fengu að draga frá vissan hluta af varasjóðunum, en nú, þegar búið var að afnema frádráttinn, var ómögulegt að halda þessari reglu áfram, því að félögin fengu þá enga peninga til þess að leggja til hliðar. Það varð því að ráði að breyta þessari reglu, og nú er gert ráð fyrir, að félögin fái alveg skattfrjálst varasjóðstillag sitt, en það er lækkað að hundraðshluta (%). T. d. útgerðarfélög fá nú að leggja 33⅓ % skattskyldra tekna í varasjóð í stað 50% áður.

Hins vegar er ekki gott að segja, hvort það er hærri eða lægri upphæð. Fer það eftir ástæðum, hvaða hlutfall verður milli nýja og gamla fyrirkomulagsins. Hjá almennum hlutafélögum er skattfrjálsi hluti teknanna lækkaður úr 50% niður í 20%, vegna þess að það verður að líta svo á, að þau hafi ekki eins brýna þörf fyrir varasjóði og þau félög, sem reka áhætturekstur. Mér telst svo til, að ef þessi ákvæði, sem hér eru ráðgerð, verða samþ., verði stórgróðanum ráðstafað svo sem hér segir.

Ef um einstakling er að ræða, fær ríki og bær 90%. — Ef um einstaklingsútgerð er að ræða, fær

ríki og bær	72 %
til endurnýjunarsjóða	20 —
— frjálsra afnota	8 —
Samtals	100%

Ef um áhætturekstrarfyrirtæki er að ræða, þá fær

ríki og bær	60.0 %
til varasjóða	33.3 —
— frjálsra afnota	6.7 —
Samtals	100.0%

Ef um hlutafélög, sem ekki reka áhættustarfsemi, er að ræða, þá fær

ríki og bær	72 %
til varasjóða	20 —
— frjálsra afnota	8 —
Samtals	100%

Þannig er ráðstafað stærsta hluta gróðans skv. frv. því, sem hér liggur fyrir. Ef fyrri ákvæði hefðu verið látin standa, þá hefði þetta verið óframkvæmanlegt af ástæðum þeim, sem ég hef áður drepið á.

Enn er það hins vegar að segja um þessa sjóði, sem undanþegnir eru þessari skattgreiðslu og leyft er að leggja fé til hliðar, og þá reglu, sem ætti að hafa í skattaálagningu, að það er hægt að hugsa sér tvær meginstefnur í skattamálunum. Önnur er sú að leyfa engar sjóðmyndanir, en þá verður auðvitað að hafa skattstigann þannig, að menn almennt geti byggt upp slíka sjóði, ef þeir vilja, af því, sem eftir er skilið. Því að allir verða að geta komið fyrir sig fótum, þegar vel árar. Það er ljóst, að menn verða að geta á þessum tímum eignazt fjármagn, ef von á að vera til þess, að menn geti eignazt atvinnutæki, þegar aftur verður mögulegt að fá þau. Þetta er önnur reglan, að leyfa engar slíkar sjóðmyndanir og hafa skattstigann mun lægri. Hin stefnan er sú, sem hefur verið höfð og enginn ágreiningur hefur verið um (nema að vísu, hve hár skatturinn skuli vera) að hafa skattstigann háan, sem hefur farið upp í 90% af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. kr., en leyfa svo þeim, sem reka áhætturekstur, að leggja til hliðar vissar upphæðir. Þessi aðferð hefur þann kost, að það er hægt að hafa skattstigann hærri og ná meiru af gróða, sem ekki er sérstök ástæða til að leggja í varasjóði. Og þessi kostur hefur verið þess valdandi, að menn hafa yfirleitt heldur valið þessa leið í álagningu skatta. Þarna kemur til greina alveg sérstök ástæða, sem ég hef orðið var við, að þar sem hér má búast við svo miklum töpum annað veifið, og ef ekki væru leyfðir slíkir varasjóðir, þá mundu menn ekki þora að fara mjög hátt með skattstigann. En þá mundi falla undan skatti gróði þeirra, sem stöðugt græða.

Við þessa varasjóðsleið — þ. e. að hafa háan skattstiga og leyfa varasjóði — er það sérstaklega að varast, að varasjóðirnir og þessir sjóðir, sem leyft er þarna að setja á laggirnar, séu ekki notaðir til alls annars en til var ætlazt. M. ö. o., þeim sé ekki eytt í alls konar viðskipti og eyðslu, sem ekkert kemur atvinnurekstrinum við, og svo þegar til á að taka og á að fara að mæta erfiðleikunum og byggja upp ný atvinnutæki, þá séu þessir sjóðir ekki til. Úr þessu hefur verið reynt

eða sama og engan stríðsgróðaskatt fá. Ég veit t. d. ekki til, að mitt bæjarfélag fái neinn stríðsgróðaskatt, en hagur borgaranna er almennt góður, og bæjarfélagið bætir hag sinn með því að losa sig úr skuldum.

Ég skal að lokum taka það fram, að ég álít, að þau tvö mál, sem standa hér saman á dagskránni, frv. um stríðsgróðaskatt og frv. um tekju- og eignarskatt, séu svo samtvinnuð, að eiginlega sé um sama málið að ræða. Ekki geta skattan. farið að starfa fyrr en bæði frv. eru orðin að l. Ég tók það fram í nál. um þessi mál, að ég áskildi mér sama rétt og aðrir nm. til að bera fram brtt. við þau eða vera með brtt., ef á annað borð yrðu samþ. brtt. við 2. umr. Ég vil nú líka áskilja mér rétt til að vera með brtt. við tekju- og eignarskattsfrv., ef svo færi, að brtt. yrðu samþ. á þessu frv., því að þessi tvö frv. verða að fylgjast að.

Forseti (EÁrna): Ég vil taka það fram út af ummælum hv. frsm., að ég játa, að brtt. á þskj. 352 er óheppilega tengd við þá gr., sem hún er við. En ég verð að líta svo á, að við lestur till. og gr. sé augljóst, að till. eigi að koma inn í síðari málsl.

ATKVGR.
Brtt. 352 felld með 9:5 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 374).

26. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 125).

Á 28. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Meiri hl. hv. fjhn. hafði tekið að sér flutning þessa frv. að beiðni ríkisstj. Eftir venjunni átti því n. að hafa framsögu í málinu, en vegna forfalla í n. fylgi ég því úr hlaði með nokkrum orðum.

Eins og segir í grg., er þetta frv. flutt að tilhlutan ríkisstj. og samið af þar til kvöddum mönnum úr stjórnarflokkunum, og þó að þeir flokkar, sem að frv. standa, hefðu sjálfsagt, hvor um sig, kosið að hafa það nokkuð á annan veg en hægt er að koma við, þegar samvinna er um málið. Flm. áskilja sér rétt til að flytja till. til breyt. á einstökum atriðum frv., eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Eins og í grg. segir, eru aðalbreytingarnar frá gildandi lögum tvær:

1. Lagt er til, að fellt verði niður ákvæði gildandi l. um heimild til þess að draga frá tekjum einstaklinga og félaga greiddan tekjuskatt og útsvör, og skattstiginn lækkaður hlutfallslega við það. Fer ég ekki nánar út í það, en vísa að öðru leyti til grg.

2. Um varasjóðshlunnindi var svo áður fyrir mælt, að félög, er leggja í varasjóði, fengju vissan hluta þess tillags skattfrjálsan, t. d. útgerðarfélög 50%. Þessu er nú breytt þannig, að nú er sá hluti teknanna, sem lagður er í varasjóð, skattfrjáls. Hins vegar er sá skattfrjálsi hluti teknanna lækkaður úr 50% í 33⅓% og úr 40% í 20%.

Þetta eru þær tvær aðalbreytingar, sem frv. gerir ráð fyrir frá gildandi lögum.

Viðvíkjandi eignarskattinum er nú gert ráð fyrir, að eignarskattur verði eigi reiknaður öðrum en þeim, er eiga yfir 10 þús. króna skuldlausa eign í stað 5 þús. áður.

Ég orðlengi svo ekki frekar um þetta á þessu stigi málsins, enda ekki undir það búinn.

Legg ég svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil við þessa umr. segja nokkur orð og skýra viðhorf Framsfl. til þessa máls. Ég vil einnig um leið, ef hæstv. forseti hefur ekkert á móti því, minnast á frv. um stríðsgróðaskatt, sem hér liggur einnig fyrir til umræðu.

Rétt fyrir núverandi stríð var hér sett á laggirnar nefnd manna, er skyldi rannsaka skattamál landsins. Skoðanir manna um skattamál hafa löngum, svo sem að líkum lætur, verið mjög misjafnar. Nefndin starfaði lengi og rannsakaði þessi mál, og n. hafði ekki lokið störfum sínum, þegar stríðið, sem nú geisar, brauzt út, en þá urðu, sem kunnugt er, miklar breytingar á tekjum einstaklinga og félaga. Nefndin lauk síðan störfum og skilaði áliti. Var það haft til hliðsjónar við þær breyt. á skattalöggjöfinni, sem voru gerðar á þingi 1941, en ég rek ekki frekar hér.

Eitt atriði í skattalöggjöfinni, sem Framsfl. hafði strax mikinn áhuga fyrir, kom til rannsóknar í nefndinni. Undanfarið hefur verið leyft að draga frá tekjum greiddan tekjuskatt og útsvör greidd á árinu. Skattstiginn var tiltölulega mjög hár og sýndi hærri greiðslur en inntar voru af hendi. — Enda var það oft svo, að skattabyrðin reyndist helmingi minni en skattstiginn gaf til kynna. Það var því ljóst, ef þessum frádrætti var haldið áfram, að ekki var hægt að leggja á háa skatta. Bið ég menn að taka vel eftir því. Ef gróðinn er mikill aðeins eitt ár, má segja, að hægt hafi verið að skattleggja hann sem skyldi. En ef mörg gróðaár fara saman, var það allsendis ómögulegt. Framsfl. gerði það því að till. sinni í mþn., að skattur skyldi lagður á nettótekjur, en frádráttur ekki leyfður.

Á þingi 1941 fékkst ekki samkomulag um þetta ákvæði, en Framsfl. lýsti því þá yfir, að hann mundi halda áfram að vinna að þessu.

Á s. l. hausti lagði Framsfl. fram frv. til l. um breyt. á skattalögunum, og var þetta aðalatriðið, en frv. dagaði uppi. Þetta er því tekið upp aftur hér í frv. því, sem hér liggur fyrir, í samræmi við samkomulag, sem um það hefur orðið innan ríkisstj. Framsfl. lagði áherzlu á þetta atriði vegna þess, að ef þetta hefði ekki

arfélaga, með tilliti til þess, að þá er líka nokkuð skertur réttur þeirra til útsvarsálagningar. Það er skoðun manna á þessu efni, sem sker úr við atkvgr., og munu því ekki langar umr. hafa þýðingu. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég gera fyrirspurn til hæstv. forseta, hvar till. eigi að koma inn í gr.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vildi ákaflega eindregið mælast til þess við hv. d., að hún afgr. þessi tvö mál á þessum fundi. Sannleikurinn er sá, að það er orðið svo áliðið, að hver dagurinn er dýr, þar sem skattanefndir um land allt bíða eftir afgr. þess, og hefur afgr. raunar dregizt of lengi. Ég verð þess vegna þegar af þeirri ástæðu að leggja á móti þessari brtt. hv. þm. Hafnf. Ég skal ekki deila við hann um það, hversu mikið sanngirnismál þetta kunni að vera, sérstaklega að því, er snertir Hafnarfjörð. Hins vegar vil ég benda honum á það, að þó að þetta yrði ekki sett inn í l. að svo stöddu, er ekki þar með loku skotið fyrir það, að leiðrétting fengist, ef reynslan sýndi, að þessi kaupstaður eða aðrir verða illa úti í sambandi við skipting stríðsgróðaskattsins. Hins vegar er vafasamt, hver trygging er í því, jafnvel þó að sett verði í l., því að vitanlega getur Alþ. alltaf breytt þeim l. aftur. Ég held líka, að ef farið er að senda málið nú á milli d., sé ekki aðeins um að ræða töfina, sem enginn veit, hvað mikil getur orðið, því að óvíst er, að hv. Nd. léti sér þá nægja þá einu breyt., svo að málið þyrfti kannske að koma aftur hingað, — heldur bætist við, að eins og frv. er, hygg ég, að meginhluti þingsins uni sæmilega afgreiðslu þess. Þegar þess er gætt, að ekki er loku fyrir það skotið, ef um einhverja sanngirniskröfu er að ræða af hálfu bæjarfélaga, að henni gæti fengizt framgengt síðar með sérstakri lagaheimild, vil ég mælast til, að hv. d. afgreiði málið, eins og það nú liggur fyrir.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég er sammála hv. frsm. um, að stríðsgróðskatturinn, sem hefur verið eins og hvert annað óverðskuldað happ í hinu sérstaka viðhorfi síðustu ára, eigi ekki að vera hlunnindi til neinna sérstakra bæjarfélaga, heldur alþjóðar. En það liggur í hlutarins eðli, að um leið og alþjóð verður þessa aðnjótandi, er sanngirniskrafa, að það sveitarfélag, sem hefur slíka gjaldþegna, sem hér um ræðir, geti haft aðstæður til að nota sér þetta árferði til að byggja upp til vondu áranna. Það er svo í þessum l., að af stríðsgróðaskattinum á ríkissjóður að fá óskertan um helming, og það fer auðvitað til alþjóðar. En hinn hlutinn á að fara til sveitarfélaganna, þar sem skatturinn er innheimtur, og nokkuð til annarra sveitarfélaga. Því er það ljóst, að þeir, sem hafa undirbúið frv., hafa ætlazt til, að töluverður hluti skattsins félli til þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli. Það er því ekki nema að nokkru leyti sannleikur, að ætlazt sé til, að skatturinn sé alþjóðareign. Svo kemur það atriði, að til eru sveitarfélög, sem ekki geta hagnýtt sér þetta. Hv. frsm. segir, að þau verði ekki frekar fyrir barðinu á kreppunni en hin. En það er mín skoðun eins og allra, sem vita, hvílík áhættufyrirtæki stórútgerðin er, að við verðum að gera okkur ljóst, hvernig fer fyrir slíku bæjarfélagi, sem hefur þá gjaldþegna að byggja á að mestu leyti. Eins og ríkissjóður safnar sér nú sjóði til að hafa til taks í vondu árferði, á það um leið að vera hans keppikefli, að sveitar- og bæjarsjóðir geti safnað sem mestu líka. Hv. frsm. minntist á, að þeir, sem gætu ekki orðið þessa aðnjótandi nú vegna þess, að þeir hefðu engan stríðsgróðaskatt hjá sér, yrðu þá að leggja ríflega á gjaldþegna aðra og gerðu það, þegar illa léti í ári. Það er dálitið annað mál, þar sem ólíku er saman að jafna, landbúnaði og sjávarútvegi.

Þetta álít ég, að nægi til skýringar minu máli, enda er ég hv. frsm. sammála um, að löng ræðuhöld eru óþörf, og skýrt tekið fram í brtt., hvað við er átt.

Hv. frsm. skaut því til forseta, hvort brtt. mundi eiga við fyrra eða síðara orðið innheimtur. Mér skilst, að ef breyt. er höfð á fyrri staðnum, verði gr. endileysa tóm, svo að hún hlýtur að eiga að vera á síðari staðnum. En ef skrifl. brtt. þyrfti við þetta, væri auðvelt að koma því í kring.

Út af ummælum hæstv. fjmrh. um, að ekki megi tefja málið, vil ég segja það, að það er mjög oft, sem slíkar mótbárur heyrast um sanngjörn mál, og á helzt ekki að eiga sér stað, þegar mál koma til d., að hvor d. fyrir sig eigi ekki fullan rétt á að gera þær breyt. á málunum, sem hún álítur réttar vera, hvað sem líður því, að þinglausnir þurfi að dragast í nokkra daga.

Varðandi það, að koma megi með brtt. á næsta þ. og þá sé hægt að sjá, hvort sveitarfélög verði svo illa úti, þá er heilu ári sleppt, en enginn veit, hvað framtíðin ber í skauti sér, en við vitum hins vegar, að þetta ár er veltiár, og eftir því eigum við að haga okkur í máli eins og þessu.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Hv. þm. Hafnf. sagði, að það væri sanngirniskrafa bæjarfélaganna, að þau gætu notað þennan tíma til að safna sér til vondu áranna, sem allir búast við, að komi eftir stríðið. Ég er honum sammála, og ég held, að það bæjarfélag, sem fær svo mikinn stríðsgróða, að það þykist tæplega geta lagt á borgara bæjarins eins og áskilið er í 2. gr. frv., til þess að það fái fyllilega sinn hluta af stríðsgróðaskattinum, sé svo vel sett, að það geti undir öllum kringumstæðum safnað í sjóði.

Það er rétt, að þeir, sem frv. sömdu, hafa ætlazt til, að nokkur hluti skattsins rynni til bæjarfélaga. En hv. þm. sagði, að sum þeirra gætu ekki hagnýtt sér það. Af hverju ekki? Af þeim ástæðum, að peningastraumurinn í sjóð þeirra er svo mikill, að þau telja ekki þörf að leggja útsvör á borgarana. Með því að hafa útsvörin rífleg fá þau þeim mun meiri stríðsgróðaskatt í sinn hlut, og eftir fregnum frá Hafnarfirði nú hefur það bæjarfélag samkv. þessum l. meiri möguleika en flest önnur bæjar- og sveitarfélög landsins til að safna til vondu áranna.

Í þessu sambandi talaði hv. þm. Hafnf. um, að bæjarútgerðin væri stopul og mætti ekki bera hana saman við landbúnaðinn. Það er að vísu rétt, en það eru til bæjarfélög hér, sem engan

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

*Haraldur Guðmundsson: Ég á hér brtt., sem lá fyrir við 2. umr., en mér vitanlega hefur ekkert gerzt í málinu síðan.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem ég flutti þá. Mér virðist, að með þessu sé eigendum þeirra bygginga, sem um ræðir í frv., veitt sérstök aðstaða, og í öðru lagi er ég ekki laus við að óttast, að slík ákvæði gætu orðið til að hvetja menn til að vanrækja að tryggja fasteignir sínar og lausafé nægilega hátt.

Ég er því sömu skoðunar og við 2. umr., að ekki sé rétt að taka þetta ákvæði inn í frv.

*Jón Pálmason: Út af þessari brtt. hv. þm. Seyðf. vil ég segja nokkur orð.

Það mun hafa verið upplýst af hv. frsm., 2. þm. Skagf., við 2. umr., hvers vegna við flm. höfum lagt þetta til og hvers vegna landbn. hefur mælt með því. Hér er ekki um það að ræða, sem hv. þm. Seyðf. vill vera láta, að þetta sé til að hvetja menn til að vanrækja að tryggja eignir sínar, heldur er það sprottið af því, að eins og l. um skyldutryggingu sveitabæja er háttað, þá er sú trygging svo lág, að það er ekki nema lítið brot af því, sem endurbygging kostar, ef bær brennur. Og það kom krafa frá hæstv. stj. til nýbýlastj., varðandi eitt tilfelli, um að veita hærri styrk en heimilt er í l. af þessari ástæðu, krafa, sem ekki var unnt að óbreyttum l. að sinna. Þess vegna er lagt til að fá slíka heimild inn í l. vegna þeirrar miklu nauðsynjar, sem í einstökum tilfellum getur verið um að ræða. Því miður er ástandið þannig, þar sem brennur á sveitabæjum, að það eru ekki eingöngu húsin, sem farast, heldur einnig verkfæri, matvæli, eldsneyti o. s. frv., og af því að það er, eins og sakir standa, almennast óvátryggt, þá er slíkt tjón svo mikið, að það er vissulega ekki neitt út í bláinn, þó að slík heimild sé sett í l. Hitt er svo annað mál, sem takandi er til athugunar, hvort ekki sé vert fyrir Alþ. að gera eitthvað til þess að skylda einstaklinga í þessu efni til þess að tryggja. En almennt horfir málið þannig við í sveitum nú, og þess vegna vil ég, og ég veit, að það er vilji meiri hl. landbn., alvarlega óska þess, að brtt. verði felld.

*Haraldur Guðmundsson: Ég held, að það sé rétt, að svo geti farið, að tryggingarfé verði ekki nægilegt til þess, að eigandi verði skaðlaus, ef bær brennur, en það eru þá ákvæði þeirra l. (brunabótal.), sem á að breyta, en ekki l. um byggingar- og landnámssjóð. Ég veit líka, að það er rétt, að ef eigandi byggingarinnar hefur ekki tryggt verkfæri, matvæli, eldsneyti eða annað slíkt, þá verður hann fyrir tjóni, ef brennur hjá honum, eins og hver annar borgari, sem missir sínar eigur. En það er fjarri öllum sanni, að ætla þessum sjóði að bæta það. Ég játa, að ég geri ekki ráð fyrir, að hér sé um stóra upphæð að ræða, en þetta er gersamlega óskylt verkefni sjóðsins, og enn fremur felst í þessu hætta á, að ýtt sé undir vanrækslu í að vátryggja nægilega hátt fasteignir og enn fremur að tryggja ekki lausamuni. Ég vil því mjög beina því til stuðningsmanna frv., hvort þeir vilja ekki taka til athugunar l. um brunabótafélagið, heldur en að láta byggingar- og landnámssjóð taka þetta á sig.

ATKVGR.
Brtt. 138 felld með 15:3 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., 16. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 297).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta, sem er hingað komið frá Nd., er um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, sem voru samþ. á þinginu í fyrra. Er þar í fyrsta lagi lagt til, að gerð verði sú breyting, að úr 9. gr. falli hámarksákvæði á láni úr byggingarsjóði til hvers býlis. Í öðru lagi er lagt til að breyta skilyrðunum fyrir, að endurbyggingarstyrk megi veita. Í núgildandi l. er svo ákveðið, að fasteignamat þeirra húsa, sem endurreisa á, megi ekki vera hærra en 1800 kr., en þetta er lagt til, að verði fært upp í 3000 kr. Í þriðja lagi er það, að ef ábúandi jarðar verður fyrir tjóni af húsbruna, þá megi nýbýlastjórn veita hærri styrk en ella með samþykki ráðherra. Í fjórða lagi, að hámarksstyrkur til nýbýlis hækki um 1500 kr., úr 4500 kr. í 6000 kr.

Landbn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með því, en leggur til, að gerðar verði við það nokkrar breyt. Við sendum frv. til stjórnar Búnaðarbanka Íslands til umsagnar, og taldi hún ekki rétt að hafa takmarkalausa heimild til lánveitinga úr sjóðnum, og féllst n. á það og leggur því til, að hámarksákvæðið verði ekki fellt niður, en verði hækkað úr 6000 kr. í 7500 kr. Stjórn bankans sýndi líka fram á, að ef lána mætti lítt takmarkað úr sjóðnum, mundi brátt þrjóta það fé, sem þar væri. En það er ekki mjög mikið, og sjóðurinn skuldar nú um 1 millj. kr., svo að þess vegna verður þar að spyrna fótum við.

Þá er brtt. við það ákvæði frv., sem er um tjón af völdum húsbruna. Það töldum við ekki vera nógu víðtækt og álitum, að tjón af völdum annarra náttúruafla mætti færa undir það sama, og viljum því láta þessa heimild einnig ná til þess, svo sem ofviðris, snjóflóða og jarðskjálfta. Ég vil benda á, að í þessari brtt. er prentvilla. Þar stendur „Aldrei þá þó“, en á að vera „Aldrei má þó“, og verður það að sjálfsögðu lagfært.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Við leggjum til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem við berum fram á þskj. 297.

ATKVGR.
Brtt. 297,1 (*ný 1. gr.*) samþ. með 10:2 atkv.
— 297,2.a tekin aftur til 3. umr.
— 297,2.b samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 306, 297,2.a, 308).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Landbn. gerði brtt. um, að síðari málsgr. 3. tölul. frv. félli niður, og er þessi brtt. hér til umr. sem síðari tölul. þskj. nr. 297. Þessi tölul. brtt. var tekinn aftur við 2. umr. til 3. umr. Við tökum nú þessa brtt. aftur að fullu (brtt. 297,2.a.). En í fyrri málsgr. 3. tölul. er svo til tekið, að skilyrði fyrir byggingarstyrk sé m. a. það, að fasteignamat bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þegar við í landbn. lögðum það til, þá var það af því, að okkur er ljóst, að ákaflega mikill hluti af jörðum er enn þá með svo fram úr skarandi lélegum byggingum, að þær eru ekki metnar nema á fá hundruð og það allt niður í 100 kr. Og við töldum, að þeir, sem eru á jörðum, sem svo er ástatt um, ættu að ganga fyrir um að fá endurbyggingarstyrk, og þess vegna væri ekki rétt að láta endurbyggingarstyrkinn, ef matsverðið á bæjarhúsunum væri þarna yfir. Hins vegar hefur verið upplýst, hvað fyrir nýbýlastj. vakir með flutningi frv., að til eru nokkrar jarðir, þar sem byrjað hefur verið að byggja, en ekki hefur verið hægt að ljúka við endurbyggingarnar vegna fátæktar hlutaðeigenda. Það hefur verið byrjað að byggja vönduð steinhús, en ekki hefur verið hægt að fullgera þau svo, af þeim ástæðum, sem ég nefndi, að þau væru í raun og veru íbúðarhæf, enda þótt búið hafi verið í þeim. En þau hafa þó verið metin yfir 3000 kr. Þess vegna er útilokað, að þessir menn geti fengið endurbyggingarstyrk til þess að ljúka við hús sín nema með því móti, að þeim sé rétt hjálparhönd. Og það er til þess að koma á móti þessum mönnum, að nýbýlastj. vill fá heimild til þess, þegar sérstaklega stendur á, að víkja frá þessu ákvæði um, að matið megi ekki vera yfir 3000 kr. á íbúðarhúsum á viðkomandi jörðum. Við látum nú þessa heimild halda sér í brtt. 308, og er hún því skilyrði bundin undantekningarlaust, samkv. þeirri brtt., að samþykki ráðh. þurfi til þess, í hvert skipti, að víkja frá ákvæðinu viðkomandi matinu, sem ég nefndi.

Nú er búið að fullnægja þeim beiðnum um endurbyggingarstyrki, sem fyrir hafa legið, vegna þess að nú um tíma hefur ekki verið byggt, svo að neinu nemi. En þegar raknar fram úr í þeim efnum, er mest þörfin á að byggja upp á þeim jörðum, sem verst eru hýstar.

Forseti (EÁrna): Brtt. á þskj. 297 er þá tekin aftur, samkv. yfirlýsingu hv. þm.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 306, 308, 331).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 331. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

*Forsrh. **(Hermann Jónasson):** Ég hef leyft mér að koma hér með brtt. við þetta frv., og liggur hún nú hér fyrir á þskj. 331, og er hún við síðasta hluta 3. málsl. 2. gr. frv., og segir svo í þessum 3. málsl. 2. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Aldrei má þó framlag samkv. þessari gr. vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins.“ En ég legg til, að þarna komi á eftir: „nema alveg sérstaklega standi á og ráðh. veiti samþykki sitt í hvert skipti, og þó ekki lengur en byggingarkostnaður er meira en þrefaldur, miðað við 1939.“

Ég hef athugað það, að þó að hæstv. Alþ. verði við því að greiða ⅓ af kostnaðarverði húsanna, þar sem verður að byggja upp á bæjum eftir bruna eða vegna þess, að hús hafa fallið, þá er það þannig, að það eru engar líkur til þess, að svo að segja nokkur bóndi geti byggt upp á jörð sinni, eins og nú standa sakir. Og get ég í því sambandi tekið einfalt dæmi:

Nú er byggingarkostnaður meira en þrefaldur og nærri ferfaldur á við það, sem var fyrir stríð. Sement er nú í ferföldu verði á við það, sem var fyrir stríð, og hygg ég, að ekki muni minna á timbri. Og svo er með annað byggingarefni. Ég er kunnugur því í einu tilfelli, þar sem hús brann á sveitabæ og líka útihús. Húsið var tryggt fyrir 2700 kr. Í þessu tilfelli er um það að ræða, hvort hjónin, sem þarna búa, flytji burt af jörðinni eða að reynt verði að hlaupa undir baggann með þeim um að byggja. Og það hefur verið athugað, að mjög lítið hús, sem væri byggt þarna þannig, að hægt væri að byggja við það síðar, mundi hafa kostað 5—6 þús. kr. fyrir stríð. En nú er ómögulegt að koma því upp fyrir minna en 18—20 þús. kr. Og ef um 18 þús. kr. kostnað við slíka byggingu er að ræða og bóndinn fær ⅓ hluta kostnaðarins greiddan sem styrk og um 3 þús. kr. sem brunabætur, þá þarf hann að borga sjálfur 9 þús. kr. til þess að byggja þó svona ófullnægjandi lítið með það fyrir augum að byggja við það síðar. Og það er algerlega útilokað, þó að þetta dæmi sé tekið, sem verður að telja fremur hagkvæmt eftir öðru, sem um væri að gera nú á tímum, að nokkur bóndi geti lagt út upp undir 10 þús. kr. til þess að byggja. Það væri ekkert vit í því að ofhlaða jörðina svo. Og það er gert allt of mikið að því í íslenzkum landbúnaði að ofhlaða jarðir með lánum. Landbúnaðurinn íslenzki er ekki arðbærari heldur en það, að á honum er aldrei neinn stórgróði. Og það er yfirleitt ómögulegt fyrir nokkurn mann að byggja nú nema fyrir stórkostlegan stríðsgróða, — alls ekki hægt. Þess vegna legg ég til, að undir einstökum kringumstæðum verði gefnar undanþágur frá þessu ákvæði, að framlagið skuli ekki nema meiru en ⅓ byggingarkostnaðar, samkv. því, sem ég hef tekið fram, sem mundi þó að sjálfsögðu vera framkvæmt þannig, að öll nýbýlastj., sem gerir till. um þessi mál, yrði sammála um þetta, vegna þess að undir öðrum kringumstæðum mundi ráðh. aldrei samþ., að vikið yrði frá meginreglunni, sem sett er í frv. um hámark þessara styrkja. En ef engin undanþága er gefin frá

þessari reglu, að ríkið greiði aldrei meira en ⅓ af kostnaðarverði húsa, sem reist eru eftir þessum l., þá er það í mörgum tilfellum útilokað, að þeim bændum, sem hafa orðið fyrir því, að brunnið hafa hús ofan af þeim eða þau hafa fallið fyrir það, hvað þau hafa verið orðin léleg, — þá er útilokað, að þeim bændum komi að haldi ákvæði þau, sem felast í þessu frv. um endurbyggingarstyrk. Þeir verða að yfirgefa jarðirnar, ef ekki verður hlaupið undir bagga með þeim.

Ég mun svo ekki eyða fleiri orðum um þessa brtt., nema sérstakt tilefni gefist til. Ég hygg, að allir hv. þdm. muni álíta þessa breyt. á frv. eðlilega og sanngjarna, eins og á stendur.

ATKVGR.
Brtt. 308 samþ. með 9:1 atkv.
— 331 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 342).
Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

*__Frsm. (Steingrímur Steinþórsson)__: Ég má til, fyrir hönd landbn., að biðja hæstv. forseta að taka þetta mál af dagskrá.
N. hefur enn ekki haft tíma til að taka til athugunar þær breyt., er hv. Ed. hefur gert við það.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 13. maí, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 342, 399).

*__Frsm. (Steingrímur Steinþórsson)__: Landbn. hefur borið fram brtt. á þskj. 399 við atriði, sem hv. Ed. hefur breytt, síðan frv. var á ferðinni hér, og n. getur ekki fallizt á. Í 9. gr. l. er ákveðið, að hámarkslán til endurbygginga sé 6 þús. kr. á býli. Landbn. þessarar d. lagði til að fella burt ákvæðið, því að verðlag byggingarefnis hefur breytzt svo mjög, að það stenzt með engu móti. En hv. Ed. hefur viljað setja hámarkið inn aftur og hefur það nú 7500 kr., eða aðeins 25% hærra en áður var. Þetta þykir okkur enn alltof lítið og leggjum til í brtt. 399,1, að hámarkið sé 9 þús. kr. Sumir hefðu viljað fara mun hærra, en n. vildi ekki hrekja frv. milli d. og vekja deilur nema sem minnst og bjóst við, að Nd. hlyti vegna fyrri afstöðu að fallast á hámark þetta og Ed. láta svo búið standa. Ég vil geta þess, að í brtt. 399,1 hefur misprentazt 7500 fyrir 9000, og leyfi ég mér að bera fram skriflega brtt. til að laga það.
Í síðari tölulið brtt. 399, sem leiðir í rauninni af hinum fyrri, leggjum við til, að fellt sé úr l. það hámark, að lán og styrkur saman megi ekki fara fram úr 10500 kr. á býli. Ef fyrri liðurinn væri samþ., þýddi það, að styrkur mætti ekki fara fram úr 1500 kr. En eftir frv. og l., eins og þau eru, er grundvallarstyrkur ákveðinn 1500 kr. og hækkar eftir sérstakri verðvísitölu húsabygginga, og fer hún eftir verðlagi á hverjum tíma. Þetta hámark virðist því með öllu óþarft, og leggur n. til, að það verði fellt burt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 411) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt 411 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 399,1, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 399,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv. svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 412).
Á 59. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

__Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson)__: Frv. þetta hefur tekið einni breyt. í Nd., en landbn. þessarar d. hefur ekki gefizt tími til þess að bera sig saman um þessa breyt.
Vil ég því mælast til þess, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá í dag, til næsta dags. En þá mun n. hafa gefizt kostur á að koma saman.

__Forseti (EÁrna)__: Ég vil verða við beiðni hv. 5. landsk. og taka málið af dagskrá, en vil benda á það um leið, að ef breyt. verða nú gerðar á frv., er líklegt, að það verði að fara í Sþ.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., 18. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

__Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson)__: Frv. þetta hefur verið endursent þessari d. frá Nd., og höfuðbreyt., sem á því var gerð þar, er sú, að í staðinn fyrir, að Ed. setti hámark lánanna 7500 kr., hefur Nd. fært það upp í 9000 kr. Að vísu er það eftir því, sem okkur nm. virðist, helzt til hátt, einkum þegar verðlag fer að lækka, en við viljum ekki hætta málinu út af þessu eina atriði. N. væntir, að allt verði í hófi haft um þessar lánveitingar, og að sú bankastj., sem á hverjum tíma fær þetta til meðferðar, kunni þau skil, að hún fari ekki í hámark nema sérstaklega standi á.
Ég vil að það sé athugað, að sú prentvilla hefur verið í frv., að í stað 6 í tölu og þús. (6 þús.) hefur staðið 6000. Mætti leiðrétta þetta til samræmis.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 450).

---

37. Húsaleiga.

Á 20. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu (þmfrv., A. 62).

Á 21. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Samkv. gildandi l. frá 8. sept. 1941 er svo ákveðið, að þeir menn, sem kaupa hús, hafa ekki heimild til þess að víkja leigjendum úr húsnæðinu. Með þessu frv. er farið fram á undanþágu á þessu ákvæði fyrir opinbera starfsmenn, þegar sérstaklega stendur á. Kemur fram í grg. ástæðan fyrir þessu. Allshn. hefur flutt þetta frv. eftir beiðni viðkomandi ráðherra, svo að ákveðnum embættismanni veitist möguleiki á því að komast í hús, sem hann hefur nýlega keypt. Ég vil svo bæta því við frá sjálfum mér, að þessi l. komu víða hart niður og voru illa liðin, eins og sjá má af þessari undanþágu, sem hér er farið fram á, að veitt verði. Ég vil þess vegna áskilja mér rétt til að flytja brtt. við þetta frv. og hygg, að hv. meðnm. mínir vilji það einnig.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 324, 325).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 325. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Gíslason): Herra forseti! Eins og hv. þm. er kunnugt, þá voru samþ. á aðalþinginu 1941 breyt. á l. um húsaleigu. Og þessi l. voru svo staðfest af hæstv. ríkisstj. 8. sept. s. á. En sama dag gaf hæstv. ríkisstj. út bráðabirgðal. um breyt. á þessum l., sem síðan voru samþ. á hæstv. Alþ. á s. l. hausti með nokkrum breyt. Og sú breyt., sem þá var gerð á l., sem skiptir máli í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir til umr., var í því fólgin, að ákveðið var, að húseiganda væri óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum væri nauðsynlegt að nota húsnæðið fyrir sjálfan sig og viss nánar tiltekin skyldmenni og hann hefði verið orðinn eigandi hússins áður en l. gengu í gildi. Um þetta ákvæði voru nokkuð skiptar skoðanir, þar sem mörgum fannst, að réttur húseigenda væri með þessu óeðlilega skertur. En álit þingsins var þá, að það þyrfti að setja þetta í l. En nú hefur það opinbera orðið fyrir barðinu á þessu ákvæði, þannig að það hefur komið fyrir það atvik, að embættismaður, sem skipaður var í embætti eftir að l. öðluðust gildi, hefur flutt sig úr öðrum landsfjórðungi, en hefur ekki getað fengið húsnæði á þeim stað, þar sem hann á að gegna embætti sínu, vegna þessara l. Hann keypti að vísu hús, sem hann bjóst við, að hann kæmist inn í 14. maí í vor, en það er útilokað með úrskurði fasteignamatsnefndar á staðnum samkv. ákvæðum l. Þess vegna er nú komið fram frv. frá allshn. Nd. um breyt. á þessu ákvæði, eftir beiðni hæstv. ríkisstj. Og frv. gengur í þá átt, að þegar sérstaklega standi á, geti húsaleigunefnd vikið frá þessu ákvæði, þegar um aðflutta opinbera starfsmenn er að ræða.

Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, en ekki orðið að öllu leyti sammála um afgr. þess, þannig að 2 nm. hafa lagt til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en hv. 2. þm. S.-M. hefur sérstaka afstöðu í málinu og ber fram brtt. á þskj. 325. Ástæðan fyrir því, að við þessir 2 nm. erum samþykkir frv., — og ég hygg, að hv. 2. þm. S.-M. sé samþykkur því, að nauðsyn beri til að víkja frá þessu ákvæði, þegar svo stendur á eins og getið er um í grg. frv. —, er sú, að það getur farið svo, að ekki fáist til að sækja um opinberar stöður og embætti menn, sem heima eiga utan viðkomandi héraðs eða bæjar, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir geti e. t. v. hvergi fengið húsnæði. Og það nær ekki nokkurri átt, að til séu í löggjöf ákvæði, sem hindri það, að ríkið geti komið því fram að skipa menn í embætti í landinu. Fyrir því hefur n. fallizt á, að þessi breyt. verði gerð á l.

Þessi l., sem samþ. voru um húsaleigu, þ. e. a. s. lagabreyt., átti ekki að gilda lengur en til 15. júní 1942. En á meðan n. hafði þetta mál til athugunar, barst henni erindi frá hlutaðeigandi ráðuneyti, þar sem farið var fram á það, að l. væru framlengd um eitt ár, þannig að þau verði látin gilda til 15. júní 1943. Og allshn. hefur fallizt á að verða við þessari beiðni. Ástæðurnar til þess, að bráðabirgðal. voru sett 8. sept. í fyrra, voru þær, eftir því sem stendur í grg. frv. til þeirra l., að þá hefði skömmu áður farið fram rannsókn á því, hve margir væru húsnæðislausir hér í Reykjavík. Og í grg. er þess getið, að það hafi komið í ljós, að mörg hundruð fjölskyldur mundu verði húsnæðislausar þá á komandi hausti og fjöldi einstaklinga. Eftir því sem ég bezt veit, hefur ekki farið fram rannsókn á því nú, hve mikil húsnæðisvandræðin eru í bænum. En viðkomandi ráðuneyti hefur fullyrt, að mjög mikil vandræði væru nú í þessu efni. Og eftir þeim upplýsingum, sem n. hefur fengið, bæði frá borgarstjóra og húsaleigunefnd, þá lítur út fyrir,

að ástandið í þessu efni hér í bænum hafi lítið batnað frá því í fyrrahaust. Það hafa að vísu verið teknar nokkrar nýjar íbúðir til notkunar síðan í haust. En það virðist ekki hafa verið fullnægt meiri þörfum með því heldur en sem því nemur, að ungt fólk hefur gifzt og stofnað heimili, og hef ég það eftir húsaleigunefnd. Af þessum ástæðum hefur allshn. fallizt á, að það væri óhjákvæmilegt, eins og ástatt er, að framlengja þessi l. enn um eitt ár.

Hvað viðvíkur brtt. á þskj. 325 frá hv. 2. þm. S.-M., þá höfum við tveir hinir nm. ekki getað fallizt á hana. En hún felur það í sér að setja ákvæði um það, að leigusala sé óheimilt að segja upp húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf fyrir sjálfan sig eða skyldmenni, svo sem til er tekið nánar í brtt., og í kaupstöðum með 2000 íbúa eða fleiri sé slík uppsögn því aðeins heimil, að leigusali hafi verið orðinn eigandi hússins áður en l. þessi öðluðust gildi. Í þessari brtt. liggur því það, að þetta ákvæði viðvíkjandi því, hvað húseigandi hafi átt húsið lengi í sambandi við uppsögn á leigusamningum, á ekki eftir brtt. að gilda um staði, þar sem íbúatalan er undir 2000. Allshn. er ekki kunnugt um annað en að á þessum stöðum séu sömu húsnæðisvandræði og í Reykjavík. A. m. k. er það vitað viðvíkjandi sumum kauptúnum við Faxaflóa og sums staðar annars staðar, að líkt muni ástatt um húsnæðisvandræði og í Reykjavík, a. m. k. á Austfjörðum. Allshn. hefur því ekki getað orðið þessum hv. nm. samferða í þessu efni. Og ég fyrir mitt leyti tel ekki, að það sé rétt að undanskilja hin minni kauptún frá því, að þessi ákvæði l. gildi um þau, eins og ástandið er.

*__Ingvar Pálmason:__ Það kom brátt í ljós, þegar brbl. þessi frá 8. sept. 1941 um húsaleigu fóru að verka, að þau vildu valda allmiklum árekstrum og stórkostlegum óþægindum. Og ég þarf ekki að rekja það neitt nánar, því að frv., sem hér liggur fyrir, er sönnun fyrir þeim árekstrum. Nú virðist svo sem þetta frv. hafi aðeins komið fram af því, að árekstur varð í sambandi við mann, sem er í þjónustu hins opinbera, og það var viðurkennt, bæði af hæstv. ríkisstj. og hv. Nd., að það næði ekki nokkurri átt, — og ég er sammála um það —, að ákvæðin um það gildi í þessum tilfellum, að þeir, sem eignazt hafa hús, eftir að l. þessi um húsaleigu öðluðust gildi, hafi allt annan rétt heldur en þeir, sem hafa átt húsin áður. En hér á að gera þann greinarmun, að menn í opinberum stöðum eða embættum hafi sérréttindi í þessum efnum. Og ég verð að segja, að þetta er heldur óvenjulegt í löggjöf, að ekki gildi sömu lög fyrir alla þegna þjóðfélagsins. Það getur þó komið fyrir í einstökum tilfellum, að það sé réttlætanlegt. En að setja þetta í almenna löggjöf, að eignarrétturinn sé annar, ef menn eignast hlutinn eftir visst dag, heldur en ef þeir hafa átt hann áður, það held ég, að sé mjög lítið þekkt í íslenzkri löggjöf. Og það sjá allir, að af þessu leiðir misrétti. Og misréttið verður enn þá meira, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ. Því að þá er, um leið og misréttið er viðurkennt, þetta misrétti aðeins lagfært, þegar opinber starfsmaður á í hlut. Ég get nefnt dæmi um það, hve óeðlilega þetta ákvæði verkar. Ég þekki dæmi, þar sem fjölskyldumaður stóð í samningum um húsakaup, þegar þessi l. voru gefin út. Og það stóð ekki á öðru heldur en greiðslum og afsali; en greiðslurnar og afsalið dróst fram yfir septembermánuð. Þessi fjölskyldumaður hefur fyrir að sjá 10 börnum og tveimur gamalmennum, og hann býr í húsnæði, sem er 5 og 7 metrar á kant, með litlu porti og risi. Og í þessu þarf hann að búa með 14 manns. Eignin, sem hann keypti, var dýr, en það kemur ekki málinu við. Í þeirri íbúð, sem hann keypti, eru 13 íbúðarherbergi. Hún var leigð manni, sem hefur 4 manns í heimili. Nú sjá allir, að húsaleigunefnd, sem ekki væri bundin á höndum og fótum af löggjöfinni, mundi tvímælalaust úrskurða þannig, að þessi húseigandi hefði svo knýjandi þörf fyrir það húsnæði, sem hann er eigandi að, að honum væri heimilt að segja upp húsnæðinu þeim, sem í því var fyrir með 4 manns í heimili. En þetta ákvæði l. um, að maður þurfi að vera orðinn eigandi hússins fyrir vissan dag til þess að fá að njóta eignarréttar síns í þessu efni, bindur húsaleigunefnd svo gersamlega á höndum og fótum, að hún getur ekki úrskurðað í þessu tilfelli á þann veg, að þessi húseigandi megi nota sitt eigið hús til sinna eigin afnota, enda þótt honum sé mjög brýn nauðsyn á því. Húsnæðisleysið hefur ekki verið meira en það á þessum stað, að húsaleigan eftir þetta hús, sem maður þessi keypti, var 1000 kr. á ári, og á síðasta ári var hún hækkuð í 1200 kr. á ári. Nú sjá allir, að það er ekki nóg með það, að þessum manni er gert rangt til í því efni, að hann getur ekki flúið úr húsi, sem hann getur ekki notað, og í sína eigin réttmætu eign, heldur getur hann ekki hækkað húsaleiguna, sem allir sjá þó, að er ekki fyrir helmingnum af vöxtunum af því fé, sem í eigninni stendur, nema um 14%. Ég nefni þetta vegna þess, að hér eru sett l. vegna embættismanns, sem á að flytja í nágrenni Reykjavíkur, og hæstv. Alþ. sá fulla ástæðu til að breyta l. vegna þess, að þar átti sér stað það, sem hv. frsm. hafði þau orð um, að næði ekki nokkurri átt.

Ég skal hins vegar viðurkenna það, að það getur vel verið, að það standi öðruvísi á í húsnæðismálunum hér í Reykjavík heldur en sums staðar úti á landi, og ég vil ekki blanda mér inn í þessi mál, að því er Reykjavík snertir, til þess hef ég of litla þekkingu. En hitt fullyrði ég, að þessi l. eru með öllu óréttlát í smærri kaupstöðum og kauptúnum og það að fleiru leyti en að því, er snertir opinbera starfsmenn. Ég verð því að segja það, að ég get ekki fylgt þessu frv. óbreyttu, sem er af því, að í frv. er það viðurkennt, að löggjöfin er ranglát, en það er ekki hætt úr ranglæti hennar nema að hálfu leyti, (__PZ:__ Ekki nema að einum þúsundasta.) aðeins þegar opinberir starfsmenn eiga í hlut. Og að hinu leytinu eru þessi l. ranglát, að með þeim er leiddur í lög tvenns konar réttur, sem húseigendur og leigjendur eiga að búa undir. Og þetta álít ég, að hæstv. Alþ. geti tæplega látið frá sér fara. Ég geri nú tilraun til að bæta úr þessu með því að flytja brtt. á þskj. 325, og þar geri eg ekki ráð fyrir, að þetta ákvæði, sem ég hef rætt um, verði numið burt úr l., en það hefði ég helzt kosið. En ég heyri, að fulltrúar Reykja-

víkur og fleiri halda því fram, að þetta ákvæði sé nauðsynlegt hér í Reykjavík og kannske vegna stærri kaupstaða annarra líka, og ég vil ekkert fullyrða um það. Þess vegna legg ég til, að ákvæðið standi áfram í l., en gildi aðeins fyrir þá bæi og kauptún, sem hafa 2000 íbúa eða fleiri. Hvers vegna eigum við að setja húsaleigulög gildandi fyrir þá staði, þar sem aldrei hefur verið beðið um slík l.? Orsökin til þess, að l. voru fyrst sett, var húsnæðisleysið hér í Rvík. (**MJ**: Það var mesta della, að þau voru sett.) Ég vil alls ekki dæma um það. Ég get búizt við því, að þau hafi kannske verið nauðsynleg í Reykjavík. En hitt finnst mér, að hæstv. Alþ. geti gengið inn á, að ástæðulaust sé að vera að setja l., sem valda jafnmiklum árekstrum og þessi l. hafa gert, þar á landinu, sem þeirra er ekki þörf. Ég þarf ekki að sanna neitt sérstaklega um það, að þau hafi valdið árekstrum, því að frv. það, sem hér liggur fyrir, og grg. þess og það, sem með frv. hefur verið mælt, sannar alveg minn málstað. Ég held því, að það sé full ástæða til þess fyrir hæstv. Alþ. að taka það vel til athugunar, hvort það er þess vert að láta þetta ranglæti ná alveg niður úr, hve smáa staði eftir fólksfjölda um er að ræða á landinu, og hvort ekki er fremur rétt að draga eitthvað úr því. En þó að brtt. mín verði samþ., sem snertir hina smærri staðina, þá er samt tilgangi frv., að því er hina stærri snertir, náð.

Ég hef gert ráð fyrir því, að 2. mgr. 1. gr. frv. falli niður, en hún hljóðar um, að l. geti verkað aftur fyrir sig. Hér á Alþ. hafa menn löngum haft ótrú á slíkum ákvæðum, enda er það þýðingarlaust. Ég ætlast til þess, að brtt. mín verði 1. gr., ef samþ. verður. Það getur verið, að hv. þd. fallist ekki á þessa brtt. Meðnm. mínir vildu ekki á hana fallast. — Hins vegar skil ég ekki afstöðu þeirra, ef þeir telja þessi l. óhafandi, að því er snertir embættismenn, en telja þau nauðsynleg, að því er snertir alla aðra.

Ég vænti því, að hv. þd. geti á þessa brtt. fallizt. Skal ég svo að sinni láta útrætt um málið. Um húsaleigul. almennt er það að segja, að þau hafa vafalaust gert gagn hér í Reykjavík. Engu að síður álít ég, að þörf sé á því að endurskoða þau rækilega. Sú aðferð að káka alltaf við l., er ekki heppileg. Það hefði verið betra að umskapa þau í betra horf en framlengja þau um eitt ár.

***Brynjólfur Bjarnason**: Það er vitanlega rétt hjá hv. 2. þm. S.-M., að mikið ranglæti felst í þessum l. og framkvæmd þeirra, þó að allir hljóti að skilja, að l. eru bráðnauðsynleg. Hitt er rétt, að ranglæti er mikið í framkvæmd þeirra. T. d. er fólk varnarlaust fyrir úrskurðum húsaleigunefndar, og fæst þar engin leiðrétting á. Hins vegar liggur það í augum uppi, að ef niður yrði fellt ákvæðið um, að húseigendum væri óheimilt að segja leigutaka upp húsnæðinu, ef hann hefði ekki eignazt húsið fyrir gildistöku l., að þá mundi ranglæti l. verða stórum meira. Annars finnst mér það nú ekki ofverk ríkisstj. að sjá opinberum starfsmönnum fyrir húsnæði, með því að reisa yfir þá hús, ef þess væri þörf, þar sem þeir starfa. En ef þetta á að verða að ráði, að starfsmenn hins opinbera geti keypt sér hús og rekið fólk út úr þeim, verður að velja opinbera starfsmenn með það fyrir augum, að þeir séu svo efnaðir, að þeir geti keypt sér hús.

Að öllu athuguðu finnst mér fráleitt, að þessar breyt. séu samþykktar.

***Frsm. (Magnús Gíslason)**: Hv. 2. þm. S.-M. virðist hafa misskilið framsöguræðu mína. Ég hélt því ekki fram, að ákvæði l. frá því í fyrrahaust væru niðurfelld. Ég tók það fram, að hagsmunir húseigenda yrðu í þessu tilfelli að víkja fyrir öðrum hagsmunum. Hins vegar álít ég, að það nái ekki nokkurri átt, að til séu ákvæði í l., sem hindra ríkið í að framkvæma lögboðnar ráðstafanir og framkvæmdir. Ef ekki fæst húsnæði handa embættismönnum ríkisins viðsvegar um land, verður það til þess, að enginn sækir um þessar viðkomandi stöður.

Ég hygg, að dæmi það, sem hv. 2. þm. S.-M. tók, sé tekið af þeim stað, sem hann býr, og sannar það nauðsyn þess, að brtt. meiri hl. verði samþ., því að í því tilfelli er að ræða um embættismann, sem algerlega er húsvilltur með stóra fjölskyldu, ef hann fær ekki að segja fóiki því, sem leigir í húsi hans, upp húsnæðinu. Hins vegar hygg ég, að l. skipti engu máli á þeim stöðum, þar sem húsnæði er nóg.

Hv. 1. landsk. hélt, að vandinn væri ekki annar en sá, að ríkið byggði yfir starfsmenn sína. En það er nú ekki hrist fram úr erminni á þessum tímum, — og mundi, þótt hægt væri, kosta of fjár.

Ég get ekki fallizt á, að brtt. hv. 2. þm. S.-M. verði samþ.

***Fjmrh. (Jakob Möller)**: Hv. frsm. tók ekki til athugunar allt, sem hv. 1. landsk. sagði um málið. Hann sagði, að aðeins væri séð um þá, er gætu keypt sér hús, en ekki um hina. En það er til ákvæði í l., er þá varðar. Húsaleiganefnd er heimilt að samþykkja, að utanbæjarmönnum sé leigt húsnæði, ef sérstaklega stendur á. Þetta ákvæði er því aðeins til samræmingar, að þeir, sem kaupa hús, njóti sama réttar og hinir. Þessi undanþága er gefin í l. frá 1941, um að leigja megi utanbæjarmönnum, ef sérstaklaga stendur á.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Ed., 8. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

***Ingvar Pálmason**: Ég verð að biðja hv. d. velvirðingar á því, að ég er mjög kvefaður nú, en hef þó ekki séð ástæðu til að sitja heima og falla frá orðinu.

Það fór eins og ég spáði, að erfitt yrði að hrekja þau rök, sem ég færði fram gegn því ákvæði þessara l., að þeir, sem hefðu eignazt hús eftir að l. frá 9. des. gengu í gildi, skyldu búa við önnur kjör um eignar- og afnotarétt af eignum sínum, enda viðurkenndi hv. 1. landsk. skilmálalaust, að l. væru ranglát.

Hv. 11. landsk. vildi sýna fram á, að brtt. mín væri ástæðulaus, og gerði tilraun til að sýna fram á með því dæmi, sem ég tilnefndi, að full þörf væri á þessu ákvæði, því að dæmið sannaði, að þegar svona væri ástatt, þá væru erfiðleikar

með húsnæði. Hann gat þess, að honum væri kunnugt um þetta dæmi og maðurinn, sem þrásetunni hefði beitt í skjóli þessara l., væri embættismaður ríkisins. Þetta er rétt, og að gefnu tilefni virðist mér rétt að viðurkenna þetta, ekki sízt þegar nota á þetta til að sanna, að á þessum stað sé skortur á húsnæði. Ég hygg, að það yrði þröng fyrir dyrum hjá sumum embættismönnum, þegar þeir væru búnir að setja fastar 55 þús. kr., sem þeir gætu engin not haft af, eins og þarna átti sér stað, og það er sönnun þess, að þessi l. koma svo hart niður á einstaklingunum, að nærri stappar að vera brot á stjórnarskránni. Stjórnarskráin er í gildi enn, a. m. k. að nafninu til, og þar er eignarrétturinn friðhelgur, og má ekki skerða hann nema með l. Nú skulum við segja, að l. séu hér fyrir hendi, en stjórnarskráin bætir við, að fullar bætur skuli koma fyrir. Og ég fullyrði, að í þessu tilfelli hafa ekki komið fullar bætur fyrir, heldur þvert á móti engar bætur. Ég held, að a. m. k. sé óhætt að segja, að þingið gangi nær þessu atriði stjórnarskrárinnar, en menn telja almennt, að sé sæmilegt.

Ég vil svo til þess að afsanna það, sem hv. 11. landsk. hélt fram um húsnæðisskortinn á þessum stað, benda á, að í marz—apríl hafa verið seld þrjú stórhýsi á þessum stað. Í tveimur af þeim hafa verið lausar íbúðir, og ég vil bæta því við, að stj. var alls ekki ókunnugt um þetta, því að liggja mun fyrir simskeyti frá viðkomandi embættismanni, þar sem hann fer fram á, að hann fái annað tveggja keypt annað af þessum húsum til bústaðar fyrir sig eða hann fái einhvern létti til að geta keypt það sjálfur, þannig að honum sé tryggt, að ef hann fer frá embætti, þurfi hann ekki að bíða fjárhagslegt tjón. Mér er kunnugt um, að þetta er tilfellið, því að eftir sögn hlutaðeiganda sjálfs, sem er farinn úr bænum fyrir tveimur dögum, þá hefur hann, að því er hann hefur sagt mér, leitað til stj. um þetta atriði, en fékk þau svör, að hann skyldi bara sitja. Ég verð að segja, að það er langt gengið, þegar stj. sjálf gengur svo langt, að hún notar þetta sjálf til að koma sér undan þeirri skyldu að sjá embættismönnum sínum fyrir bústað. Því er ekki til að dreifa, að þessum óviðkunnanlegu brögðum sé beitt við þegna þjóðfélagsins vegna húsnæðisneyðarinnar, heldur eru þessi l. látin ná þangað, sem engin þörf er fyrir þau, og svo eru þau notuð. Ég get bætt því við, sem mér er kunnugt um, að enn er hægt að fá á þessum stað mjög sæmilegt hús, sem virðist vera mjög hæfilegt til embættisbústaðar. Það er hægt að fá það keypt enn þá, og þannig er hægt að leysa vandann. Það stendur svo á, að ég er í fasteignamatsnefnd á þessum stað, og þetta mál kom fyrir n. í vetur, en hún gat ekki úrskurðað þvert ofan í l. Hún gat úrskurðað, að kaupanda væri hússins fyllsta þörf til eigin nota, en hún gat ekki brotið l. Hlutaðeigandi embættismaður virtist fús á að nota sér ekki þetta, ef hann gæti fengið ríkið til að styðja sig, svo að hann þyrfti ekki að bera aukakostnað. Allir sjá, að þegar embættismaður getur búið við þau húsaleigukjör, að þurfa ekki að borga nema 100 kr. á mánuði fyrir svona stórt hús, þá er eðlilegt, að hann vilji nota sér það, sérstaklega þegar frá húsbændum hans koma þau svör, að hann skuli bara sitja.

Hvernig sem á þetta mál er litið, þá verður því ekki neitað, að það hefur stórkostlega galla í för með sér að láta þessi l. a. m. k. ná til smæstu þorpa, og ég skal bæta því við frá eigin sjónarmiði, að það er líka talsvert ranglátt fyrir húseigendur í Reykjavík. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að eftir gömlu l. átti það að vera frumskilyrði, að leigjendur skyldu víkja, ef húsaleigunefnd væri ásátt um, að húseiganda væri brýn þörf á húsnæðinu til eigin íbúðar. Þetta hefur ekki náð tilgangi sínum í Reykjavík, því að hús ganga nú kaupum og sölum mánaðarlega, t. d. hús, sem selt var í haust fyrir 125 þús. kr., var selt aftur í vetur fyrir 250 þús. kr. Hið eina, sem mér virðist sanngjarnt, er, að eigendur húsanna geti sagt mönnum upp húsnæði, ef þeir þurfa nauðsynlega að nota það húsnæði sem sína eigin íbúð. — Þetta ætti líka að nægja.

Vel má vera, að brtt. mín verði ekki tekin til greina, en hitt er ljóst, og ég álít það sönnun þess, að l. þessi séu lítt viðunandi, að fyrst eru sett brbl. 8. sept. s. l., sem eru síðan samþ. á haustþinginu. Þegar Alþ. kemur svo saman í febrúar, eru gerðar breyt. á l. Þetta sýnir hvílíkt kák l. eru, og ef ekki verður úr þessu bætt, þá sé ég ekki annan kost vænni en að Alþ. nemi l. úr gildi. — L. áttu að vera útrunnin í júní í sumar, en nú hafa komið fram raddir um að framlengja þau. Ég tel bezt, úr því sem komið er, að fella þau úr gildi, og ef ríkisstj. þyrfti að setja brbl. um þetta, þá að undirbúa þau l. rækilega, ef nauðsyn er á útgáfu brbl. á annað borð.

Ef brtt mínar verða felldar, þá sé ég mér í fyrsta lagi ekki fært að greiða frv. þessu atkv. mitt, og í öðru lagi mun ég ekki greiða atkv. brtt. hv. allshn. um, að l. gildi eitt ár enn þá.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., 11. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Hv. 2. þm. S.-M. talaði hér síðast og var allbyrstur gegn ranglæti húsaleigul., og vil ég sízt af öllu deila við hann um það, því að það er sjálfsagt viðurkennt af öllum, að slík l. hljóta samkv. eðli sínu að koma allmisjafnlega niður, og það er erfitt við því að gera. En þá er á það annað að líta, hvort á að meta meira þá almenningsnauðsyn, sem talin er vera til þess, að slík l. hafa verið sett, eða hagsmuna þeirra einstaklinga, sem verða fyrir barðinu á löggjöfinni í ýmsum tilfellum og að vísu mismunandi tilfinnanlega. Þessi hv. þm. ber hér fram brtt., sem miðast fyrst og fremst við hagsmuni eins manns, og er ekkert að því að finna, þó að einstök dæmi komi fram. En ef þessari löggjöf verður breytt með tilliti til einstaklinga, þá eru það vitanlega fleiri en þessi maður, sem koma til með að njóta þeirra breyt. Og ef á að fara að miða við hagsmuni einstaklinganna hvers út af fyrir sig, þá er ákaflega hætt við, að ekki muni verða komizt hjá því að hrófla við þessari löggjöf, áður en langt um líður.

Hins vegar vil ég aðeins að þessu sinni vekja

athygli hv. þd. á því, sem hér er sérstaklega um að ræða, því atriði, að þetta frv., sem hér hefur verið borið fram, er flutt eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins, þ. e. a. s. sveitarstjórnarmálaráðuneytisins, í raun og veru aðeins til samræmingar á ákvæðum gildandi l. Það verður varla sagt, að það sé nokkuð nýtt, sem farið er fram á með þessu frv. L., eins og þau voru sett, eru þannig, að húsaleigunefnd er gefið leyfi til þess að samþykkja, að uppsögn á húsnæði megi eiga sér stað, þegar húseigandi vill leigja utanbæjarmanni, þegar sérstaklega stendur á, og þar er átt við það, ef utanbæjarmaður vegna starfa sinna, sem hann er skipaður til, verður að flytja til viðkomandi bæjar eða þorps, þar sem húsaleigul. gilda. M. ö. o., lögin, eins og þau voru, gera ráð fyrir, að það sé hægt að bjarga við nauðsyn aðfluttra manna, sem skipaðir eru í opinber störf og taka húsnæði á leigu, en hins vegar gera þau ekki ráð fyrir, að menn, sem hafa alveg sömu þörf til þess að flytja inn í sveitarfélagið, ef þeir kaupa húsið, fái sams konar rétt, þannig að l. í þeim tilfellum heimili uppsögn á leigusamningum vegna þarfa slíkra manna. Það er ekkert farið hér fram á annað en samræmingu á ákvæðum l. í þessu efni. Það, sem frv. fer fram á, er eingöngu það, að sá, sem undir slíkum kringumstæðum kaupir hús, geti komizt inn í húsið á sama hátt og maður, sem er utanbæjarmaður, í sömu kringumstæðum getur komizt inn í hús, sem hann leigir húsnæði í. En að vísu má segja, að það sé með tilliti til sérstaks tilfellis, að stofnað hefur verið til þessarar breyt. á l. En það eru þó ekki einstaklingsástæður, sem þetta verkar fyrir, heldur sú almenna nauðsyn, sem er á því, að opinberir starfsmenn geti komizt að starfi sínu þar, sem þeir eru skipaðir til starfs.

Um hitt, sem hv. 2. þm. S.-M. veik hér að og stefnir að með brtt. sinni, að takmarka verksvið húsaleigul. við bæi með ákveðna íbúatölu, þ. e. a. s. yfir 2000, þá náttúrlega mætti vel um þetta ræða. En ég hygg, að það verði varla sagt, að það atriði sé svo vel undirbúið sem æskilegt væri, til þess að fært geti talizt að gera þá almennu breyt. á l. Ég skal ekki segja, hvernig ástatt er í Neskaupstað í þessu efni, sem hv. þm. talaði sérstaklega um, hvort það kann að vera svo, að þar sé engin þörf vegna almennings á því að hafa þar í gildi slíka löggjöf. Það getur vel verið hugsanlegt, að þannig gæti verið ástatt í einhverju byggðarlagi, kauptúni eða kaupstað, að þessara l. sé ekki þörf. En ef svo er t. d. um Neskaupstað, þá lægi beinast við, að bæjarstjórnin þar sendi hæstv. Alþ. erindi um að undanþiggja kaupstaðinn því að verða að hlíta þessari löggjöf. Og án þess að slík tilmæli liggi fyrir, finnst mér nú ekki fært að gera þá breyt., sem hv. 2. þm. S.-M. fer fram á. Það gæti breytt málinu, ef það að undangenginn rannsókn teldist óeðlilegt, að l. giltu á þessum stað.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á því, að það getur valdið mjög verulegum óþægindum, ef ekki er greitt fyrir því, að opinberir starfsmenn, ekki sízt læknar, sem eiga að flytja inn í héruð, þar sem þeim hafa verið veitt embætti, geti fengið húsnæði, og þeir verða af þeim ástæðum e. t. v. að hrökklast í burt aftur.

***Brynjólfur Bjarnason:** Hæstv. fjmrh. sagði hér í ræðu sinni við þessar umr., að það væri misskilningur, sem ég hélt fram í ræðu minni, að hér væri í þessu frv. að ræða um nokkurt misrétti á milli opinberra starfsmanna, sem hefðu efni á því að kaupa sér hús á þeim stað, þar sem þeir taka við starfi sínu, og hinna, sem ekki hafa keypt sér hús. Hann sagði, að samkv. fyrirmælum 2. gr. l. nr. 126 frá 9. des. 1941, væri hægt að sjá svo um, að opinberir starfsmenn gætu fengið húsnæði, ef þeir flyttust til bæjar, þar sem l. gilda. Í þeirri gr. er bannað að leigja nema innanbæjarmönnum, en í 3. málsgr. segir, að þegar alveg sérstaklega stendur á, sé húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) „heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar". Ef þetta væri rétt hjá hæstv. ráðh., væri þessi lagasmíð algerlega óþörf; þá væri án hennar hægt að koma opinberum starfsmanni fyrir, og ekki yrði réttur hans minni, þótt hann eignaðist það hús, sem hann býr í. En undanþága „þessarar greinar" á eingöngu við ákvæði greinarinnar sjálfrar og leysir því ekki undan skilyrðinu síðast í 1. málsgr. 1. gr., að sá, er húsnæðið vill fá, hafi verið orðinn eigandi hússins áður en l. frá 9. des. 1941 öðluðust gildi. Það misrétti, sem ég benti á, að skapast mundi, ef frv. næði samþ., breytist á engan hátt við umræli hæstv. ráðh. Ég álít, að ekki nái nokkurri átt að samþ. frv. eins og það er, því að þeim starfsmönnum hins opinbera, sem geta keypt sér hús, er þar mjög mismunað, en að öðru leyti úr engum hlut bætt. Frv. er borið fram í tilefni af vandkvæðum eins manns, og ég sé ekki betur en ríkið ætti að hafa einhver önnur ráð til að sjá honum eða því fólki, sem rýma þarf fyrir honum, fyrir húsnæði. Út frá þessu sjónarmiði ber ég fram þá skrifl. brtt. vil brtt. allshn. á þskj. 324, að hún orðist á þá leið, að úr verði ný 1. gr. frv.: „Í stað orðanna „15. júní 1942" í 6. gr. l. komi: 15. júní 1943." Bið ég forseta að leita afbrigða fyrir till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 1. landsk. (verður þskj. 388) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Herra forseti! Ég tel ekki ástæðu til að fara að þrátta við hv. 2. þm. S.-M., enda hefur hæstv. fjmrh. tekið af mér ómakið að svara því helzta. Ég hef aldrei neitað því, að þessi l. gætu komið illa við marga húseigendur, en það kemur fyrir í mörgum öðrum tilfellum en þessum og ólíkum. Húsaleigunefnd gæti gefið mjög góðar upplýsingar um það. Í þessu dæmi fór salan ekki fram fyrr en l. voru gengin í gildi, svo að kaupandinn mátti vita, að hverju hann gekk og að hann gat ekki treyst því að losna við þá leigjendur sem í húsinu sátu. Hann hefur því ekki þá afsökun sem margir aðrir, sem í svipuðum vandræðum hafa lent. Ég get ekki séð, að rétt sé að samþ. brtt. hv. 2. þm. S.-M. Í mörgum smærri kaupstöðunum og þorpum eru húsnæðisvandræðin mjög mikil, að því er vitað verður. Engin leið er að gera víðtækar breyt. á l., að svo lítt athuguðu máli, og almenningsheill krefst þess, að þau séu í gildi enn um stund.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég get frætt hv. 1. landsk. um það, að þetta frv., sem ríkisstj. það allshn. Nd. að flytja, er samið í stjórnarráðinu af einhverjum bezta lögfræðingi, sem þar er á að skipa, og hann segir í grg. þess, að undanþáguákvæði 2. gr. l. nr. 126 frá 1941 um leigu á íbúðarhúsnæði til utanhéraðsmanna séu í fyllsta samræmi við undanþáguákvæðið, sem frv. fer fram á. Ég er sjálfur enginn lögfræðingur, og þótt ég hefði einhverja hvöt til þess að koma fram sem lögfræðingur, gerist þess nú ekki þörf, og deildin mundi ekki mikið á því græða, þótt við hv. 1. landsk. færum að deila um lagaskýringar.

Forseti (EÁrna): Ég tel, að hin skrifl. brtt. geti tæpast komið til atkv., eins og hún er orðuð, ef 1. gr. hefur áður verið samþ., því að brtt. er við brtt., sem kemur til atkv. næst á eftir 1. gr. (**BrB:** Það er rétt, — ef 1. gr. verður samþ., er brtt. þar með fallin.)

***Ingvar Pálmason:** Ég hef ekki heyrt allar umr., en ég heyrði, að hjá hæstv. fjmrh. gætti misskilnings á orðum mínum. Ég hef ekkert um það sagt í brtt. né annars staðar, að ekki geti verið um þau tilfelli að ræða, að almenningsheill krefjist, að gengið sé á rétt einstaklinga. En ég held því fram, að í smærri kaupstöðum sé gengið á rétt mikils fjölda einstaklinga að óþörfu, og það eigi ekki að haldast svo (**SÁÓ:** Ákvæðið var ómótmælt, þegar l. voru sett.). „Ómótmælt" segir hv. 2. landsk., en ég held, að l. hafi alls ekki verið borin undir aðila utan Rvíkur. Það er þjóðhættuleg stefna, sem mér virðist fylgt meir og meir á síðari árum, að miða alla löggjöf við ástand og þarfir Reykjavíkur og skella skolleyrum við sérþörfum annarra kaupstaða og annarra landshluta, nauðga upp á þá löggjöf, sem hæfir höfuðstaðnum einum. Mér er ekki kunnugt um, að húsnæðisvandræðin séu neitt nándar nærri slík í þeim kaupstöðum, sem brtt. mín nær til, eins og þau eru í Rvík, og í umræddum kaupstað, Nesi í Norðfirði, hafa þau ekki verið tilfinnanleg. Fólk hefur flutzt mikið milli húsa. Síðan þessi sala fór fram hafa verið seld ýmis hús þar, þar af tvö með tveimur gríðarstórum íbúðum og það lausum íbúðum, og þá hefði þessi maður getað keypt sér hús, ef hann hefði ekki áður verið búinn að festa fé sitt í hinu húsinu, sem hann treysti á að fá til íbúðar. Verzlunin um það hús fór í rauninni fram miklu fyrr en sagt er, var a. m. k. afráðin á s. l. vori, þótt afsalsbréfið sé ekki gert fyrr en í nóv., svo að biðtími mannsins er orðinn nægilega langur. Hv. frsm. segir, að hann geti kennt sjálfum sér um, hann hafi mátt vita um l. En geta menn gert sér í hugarlund, að l. verði sett, sem raska öllum áætlunum manna þannig og greinilega að óþörfu? Ég skil ekki, hvaða kapp það er að geta ekki litið með sanngirni á svona mál og halda í svona löggjafaratriði, sem allir verða að viðurkenna, að séu ákaflega vafasöm utan Reykjavíkur. Það er ekkert nema firra, að ekki megi gilda önnur ákvæði utan Reykjavíkur en innan hennar. Vel má vera, að brtt. mín falli, en allir sanngjarnir menn munu fallast á, að hún fer ekki í bág við almenningsheill.**

Alþt. 1942. B. (59. löggjafarþing).

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Hv. 2. þm. S.-M. hefur ekki heyrt ræðu mína alla. Ég neitaði því alls ekki, að til væru staðir, sem mundu ekki hafa þörf fyrir þessa löggjöf. En dæmið, sem hann talar mest um, frá Nesi í Norðfirði, sannar einmitt, að þar eru mikil húsnæðisvandræði og brýn þörf á l., — ekkert sýnir, að þar sé hún minni en í Reykjavík. En um allan þann fjölda staða, sem brtt. hans nær til, skortir upplýsingar, svo að ekki kemur til greina að samþ. hana að svo komnu máli. Upplýsingar, sem hann telur hafa skort frá þeim stöðum, þegar l. voru sett, liggja ekkert fremur fyrir nú. Hví var þessum hv. þm. það ekki ljóst þá þegar, að ekki var þörf á þessari löggjöf á stöðum með færri en 2 þús. íbúa? Hann segir e. t. v., að enginn þurfi að vera húsnæðislaus, ef honum stendur opið að byggja yfir sig. En þannig er það jafnt í Reykjavik sem kaupstöðunum, og málið er ekki leyst með því. Ég benti á í ræðu minni áðan, að ef kaupstaðirnir kringum land teldu sig ekki þurfa á þessari löggjöf að halda, mundu þeir láta heyra frá sér um það, og berist Alþingi raddir um það víða að, verður þetta undir eins tekið til athugunar.**

***Ingvar Pálmason:** Örstutt aths. Hæstv. fjmrh. telur sig mega ráða af dæminu, sem ég lýsti frá Norðfirði, að þar séu svo mikil húsnæðisvandræði, að ekki megi samþ. brtt. mína. Fleira færði hann ekki til sönnunar þeim vandræðum, og ætti mér þá að vera kunnugra en honum, hvað hæft er í þeim á þessum stað. Hv. andstæðingar mínir eiga eftir að gera hreint fyrir sínum dyrum með ljósum dæmum. Það er ágætt, ef nú á að fara eftir bendingum bæjarstjórna kringum land í stað þess, að við setningu þessara l. var ekki leitað til annarra en bæjarstj. í Reykjavík, samkv. hinni nýju reykvísku þingvenju. Ég veit, að það eru ekki þau rök, sem hæstv. fjmrh. væru eiginlegust, sem hann beitir nú gegn till. minni.**

ATKVGR.
Brtt. 325 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngP, PHerm, PZ, EÁrna.
nei: BSn, BrB, ErlÞ, MG, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ.
BSt. greiddi ekki atkv.
4 þm. (HermJ, JJós, JJ, MJ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 7:4 atkv.
Brtt. 388 úrskurðuð frá atkvgr.
— 324 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 8:2 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 392).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 15. mai, var frv. tekið til einnar umr.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi aðeins mælast til þess við hæstv. forseta, að frestað yrði til næsta fundar að taka þetta mál fyrir, svo að brtt., sem eru í undirbúningi, mættu koma fram, en tími hefur ekki unnizt til undirbúnings þeim enn.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., 18. mai, var frv. aftur tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 451).

38. Stimpilgjald.

Á 6. fundi í Ed., 27. febr. var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald (þmfrv., A. 20).

Á 9. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er óþarfi að fara mörgum orðum um þetta frv., sem hér liggur fyrir nú. Það lá fyrir síðasta þingi í þessari hv. d., en dagaði þá uppi, og má segja, að það sé flutt orðrétt frá því, sem það var þá. Þó skal geta þess, að bætt hefur verið inn í það ákvæði til áherzlu, um það, að þeir, sem hafa með höndum stimplun skjala, skuli gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð sé ætíð rétt tilgreind. Það þótti rétt að hafa það ákveðnara eins og hér er gert, og geri ég ráð fyrir því, að frekar muni verða haft eftirlit með þessu, þegar það er skýrt ákveðið í þessari gr. l. Og ég vænti þess líka, ef frv. verður samþ., að fjmrn. hafi eftirlit með því, að umboðsmenn þess gæti þess, að rétt sé tilgreint. Eins og nú standa sakir, er það mesta nauðsyn, að frv. þetta verði gert að l., því að ekki hefur ástandið í þessu efni, sem reynt er nú að bæta úr, batnað, síðan það lá fyrir síðasta þingi. Í staðinn fyrir tvöfalt og þrefalt verð fasteigna, sem þær hafa verið seldar fyrir, er það nú orðið margfalt. Ég hef vitað til þess, að nú er það allt að því sexfalt og jafnvel áttfalt, sem sumar eignir fara nú fyrir hér í bænum fram yfir fasteignamatsverð.
Ég held það hafi verið töluverður skaði fyrir ríkissjóð, að frv. náði ekki fram að ganga á síðasta þingi, því að tekjurnar af þessu mundu hafa numið tugum eða hundruðum þúsunda. Og þegar svo er komið málum og fjármálaráðuneytið hefur ekki hafizt handa, þykir mér rétt að láta þetta frv. koma hér aftur fram. Ég get búizt við, að ýmislegt sé í því, sem þurfi umbóta við, og treysti ég því, að hv. fjhn. ráði bót á því.
Ég vænti svo, að frv. fái hraða og góða afgr. hjá n., og að svo vöxnu máli vil ég ekki eyða fleiri orðum um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 18., 22. og 23. fundi í Ed., 18., 24. og 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 20, n. 56, 100).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** N. hefur nú athugað þetta mál, eins og sést á þskj. 56, og mælir með því, að frv. verði samþ. En nokkru síðar en nál. var afgr. af n., komu fram brtt. við þetta frv., sem eru á þskj. 100, og n. óskaði þá eftir því, að hún gæti tekið þessar till. til athugunar á fundi og talað við flm. þeirra, áður en þær kæmu til atkv. Nú hefur n. ekki getað komið saman, og mér er að nokkru leyti um það að kenna, því að ég var svo bundinn við önnur þingstörf. Þess vegna höfum við ekki enn getað tekið þessar till. fyrir. Vildi ég spyrja flm. þeirra að því, hvort hann mundi ekki tilleiðanlegur til að taka þær aftur til 3. umr. með því móti, að n. héldi svo fund um málið, þannig að hægt væri að spara umr. um málið nú við þessa umr., en hleypa því til 3. umr. Verði það gert, mun n. taka brtt. til athugunar fyrir 3. umr.

***Magnús Gíslason:** Það er rétt, að tími hefur ekki unnizt til að taka þessar brtt. til athugunar í n. En brtt. þær, sem ég hef borið fram, eru bornar fram eftir till. fjármálaráðuneytisins, og þær útiloka í raun og veru sjálft frv., ef þær verða samþ., að því leyti, að þær eru víðtækari en frv., og yrði því frv. óþarft, ef brtt. væru samþ.
Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessar brtt. nú á þessu stigi málsins, en vil hins vegar ganga inn á það, sem hv. frsm. fór fram á, að taka brtt. aftur til 3. umr., með það fyrir augum, að milli 2. og 3. umr. gefist kostur á að ræða brtt. við n.

ATKVGR.
Brtt 100 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 29. og 32. fundi í Ed., 9. og 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 20, 100).

***Magnús Gíslason:** Herra forseti! Í grg. fyrir því frv., sem hér liggur fyrir til umr., er þess getið, að gætt hafi nokkurs ósamræmis um ákvörðun stimpilgjalds við sölu fasteigna. Sömuleiðis, að fasteignir hafi verið seldar þannig, að við söluna hafi ekki verið tilgreint söluverð í kaupsamningi eða afsalsbréfi, og að þeir, sem annazt hafa stimplun á slíkum skjölum, hafi hallazt að því að stimpla þessi skjöl eftir fasteigna-

mati hinnar seldu eignar. Og enn fremur segir þar, að þar sem fasteignir séu nú seldar við tvöföldu eða þreföldu verði á við fasteignamat, og ríkissjóður tapi því verulegu fé með því, að kaup- og afsalsbréfin séu stimpluð eftir fasteignamati, þá hafi flm. borið þetta frv. fram til að ráða bót á þessu. Frv. gengur meðal annars í þá átt, að ef ekki sé tiltekið verð í afsali eða kaupsamningi, þá skuli aldrei áætla kaupverðið lægra en tvöfalt fasteignamatsverð hinnar seldu eignar.

Ég skil vel tilganginn með þessu frv., sem sé að koma meira samræmi á í þessu og fyrirbyggja, að sumir, sem hafa með höndum kaup og sölu á fasteignum, sleppi með að greiða lægra gjald en vera ber og aðrir greiða. Hve mikil brögð eru að því, að menn sleppi þannig við gjöld, veit ég ekki, en tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi voru síðasta ár miklu hærri en þær nokkurn tíma áður hafa verið. Stimpilgjaldið, sem inn kom, var helmingi hærra en það var áætlað á fjárl., eða um 1200000 kr. Þetta bendir ekki til þess, að mjög mikil brögð hafi verið að því, að afsöl fyrir fasteignum hafi verið stimpluð mjög miklu lægra heldur en vera bar eftir raunverulegu kaupverði. Það eru tvær meginstoðir, sem renna undir tekjurnar af stimpilgjaldinu, sala á víxlum og skuldabréfum annars vegar, sem bankarnir aðallega annast um innheimtu á stimpilgjaldi af, og hins vegar fasteignasala. Um stimpilgjald af víxlum veit maður það, að sala á víxlum hefur á síðasta ári verið minni heldur en almennt gerist, svo að af stimpilgjaldi af þeim geta ekki hafa komið auknar tekjur.

Hitt er líka víst, að fasteignamatsgjöld hafa hækkað í verði, en þó ekki svo, að það sé vegna aukins fjölda afsala og kaupsamninga, sem tekjurnar hafa orðið svo miklar, heldur fyrir það, að kaupgjald hefur almennt hækkað á fasteignum, og það kom fram á stimpilgjaldinu. Má segja, að frv. sé til bóta að því leyti, að vanræki menn að gefa upp rétt kaupverð, er gert ráð fyrir, að stimpilgjald sé tekið af tvöföldu fasteignamatsverði. Fjmrh. hafði frv. til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að rétt mundi vera að breyta þessu þannig, að miða skyldi stimpilgjald við fasteignamatsverð, en ekki við kaupverð, og hækka gjaldið í 2% af fasteignamatsverði. Þessi hækkun gjaldsins er þá miðuð við það ástand, sem nú er, að söluverð fasteigna sé yfirleitt hærra en fasteignamatsverð þeirra.

Þegar stimpilgjaldið var lögfest 1921, var þetta gjald ákveðið 1% á afsölum og kaupsamningum fyrir fasteignum, og það var þá töluvert hærra heldur en tíðkaðist í nágrannalöndunum. Hver ástæðan var fyrir þessu, veit ég ekki, en ég hygg, að tvær ástæður hafi valdið því, að gjaldið var ákveðið svo hátt. Í fyrsta lagi sú, að ríkissjóðinn skorti tekjur, eins og oft vill verða, og gjaldið því ákveðið svo hátt til að ná inn sem mestu fé. Í öðru lagi var skammt frá því, að styrjöldinni lauk, og verð á fasteignum mjög hátt. Gengu fasteignir meira kaupum og sölum, heldur en heppilegt þótti, og má vera, að þetta hafi verið gert til þess að draga meira úr þessu húsabraski og jarðabraski. Svo líða nokkur ár, og verðlagið er enn hækkað um 25%, og var sú hækkun þá nefnd gengishækkun. Enn var verðlagið hækkað um 12%, svo að samanlagt varð hækkunin 40%, og við það situr enn. Stimpilgjaldið er nú 1.4% af söluverði fasteigna. Með þessu frv. og brtt. er gert ráð fyrir að hækka þessi gjöld um helming. Það má deila um, hvort sú stefna er rétt, sem hér er farið inn á, að breyta grundvellinum fyrir stimpilgjaldi fasteigna og miða við fasteignamat í staðinn fyrir söluverð. En það vinnst þó með því, að gjaldið kemur réttlátar niður, og það verður engum kleift að skjóta sér undan í því efni, eins og vill verða, þegar miðað er við söluverð. Það virðist ekki heldur óeðlilegt, að stimpilgjald af fasteignum sé miðað við fasteignamatsverð, eins og gert er með aðra skatta til ríkis og bæja af fasteignum. T. d. er fasteignaskattur miðaður við fasteignamat, svo og eignarskattur til ríkis og fleiri slík gjöld. Þetta yrði líka einfalt og þægilegt í framkvæmdinni. Það, sem athugavert er við þessa breyt., má segja, að sé það, að gjöldin séu hækkuð miðað við núverandi ástand, en ef fasteignir lækkuðu í verði, yrði að lækka stimpilgjöldin eins og önnur gjöld. Ég ætlast líka til þess, að menn skilji þessa hluti og hækki eða lækki stimpilgjöldin eftir því verðlagi, sem er á hverjum tíma.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Mér skilst, að þetta frv. sé borið fram af hv. flm., vegna þess að honum finnst fullt tilefni til þess. Húseignir hér í Reykjavík og víðar hafa verið seldar miklu hærra verði en sem svarar fasteignamati, og hv. flm. hefur viljað koma í veg fyrir, að menn slyppu við að greiða lögmæt gjöld í ríkissjóðinn. Í fyrra, þegar mál þetta var til umr., var ég sammála meðnm. mínum um, að með þessum breyt. væri að vísu alls ekki girt fyrir það, að menn gæfu upp skakkt söluverð og kæmu sér þannig hjá því að greiða lögmætt stimpilgjald, en þó væri innheimtunni komið í betra horf. N. varð þá sammála um að vísa málinu til ríkisstj. með beiðni um, að hún athugaði það. En eins og hv. þdm. er kunnugt, var þessi tillaga felld, en málið dagaði uppi. Hefur hv. flm. nú flutt frv. á ný. N. mælir með, að það verði samþ., — þó að hún viti, að það sé engan veginn öruggur mælikvarði á rétt stimpilgjald, þá er það þó betra en áður var. Hins vegar lít ég svo á, að það hafi verið ætlun löggjafans, þegar þessi l. voru sett, að með ákvæðum 14. gr. væri innheimtumönnum ríkissjóðs gert að skyldu að fá upp rétt söluverð, og hygg ég, að þeirri reglu hafi verið fylgt nákvæmlega víða úti um land. Má vera, að betra hafi verið að fylgja þessari reglu þar, vegna þess að þar fer söluverð ekki langt frá fasteignamati að öllum jafnaði. Okkur nm. þótti rétt að herða ákvæðin um ákvörðun stimpilgjaldsins frá því, sem nú er, ef innheimtumenn ríkissjóðs teldu vafa á því, að þeir gætu fengið upp rétt söluverð. Annars virðist mér, að í flestum tilfellum hljóti innheimtumennirnir að geta fengið upp rétt söluverð.

Hv. 11. landsk. hefur flutt brtt. á þskj. 100, sem alveg gerbreytir þeim anda, sem virðist vera í stimpilgjaldslögunum frá 1921, þar sem brtt. gerir ráð fyrir, að stimpilgjald verði ekki miðað við söluverð, heldur við fasteignamatsfjárhæð. Ég geri ráð fyrir því, ef þessi brtt. verða samþ., mundu þær verða til mikils léttis fyrir þá, sem

eru í húsabraski hér í Reykjavík og sumum öðrum kaupstöðum landsins, en það getur þó tæplega verið meining löggjafans að ívilna þeim, sem eru í slíku braski. Mér finnst, að í fyrsta lagi sé hér vikið frá því, sem ætlazt er til í l. um stimpilgjald, á þann hátt, að þetta mundi koma harðast niður á þeim, sem ekki á að refsa. Í öðru lagi mundi þessi breyting koma harðast niður á þeim, sem selja eða kaupa eignir úti á landi. Enn sem komið er mun söluverð eigna ekki vera eins hátt víða úti um land eins og hér er gert ráð fyrir, eða tvöfalt fasteignamatsverð. Mér hefur skilizt það, að fasteignamat á húsum hér í Reykjavík sé allmiklu lægra miðað við kostnaðarverð heldur en er úti á landi, og þess vegna mundi þessi brtt., sem ætlazt er til, að nái helzt til húsabraskara í Reykjavík, alls ekki ná tilgangi sínum, heldur koma langharðast niður á efnalitlu fólki í hinum fámennari byggðarlögum, þar sem fasteignamat er tiltölulega hærra en í Rvík, og því nær kostnaðarverði og venjulegu söluverði. Vegna þessara ástæðna sé ég mér ekki fært að samþ. brtt hv. 11. landsk. og mun því greiða atkv. móti henni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Fyrst þegar brtt. hv. 11. landsk. þm. á þskj. 100 kom fram, var ég lengi að velta því fyrir mér, hvort hún mundi vera til bóta eða ekki. Við nána athugun sá ég, að þessar brtt. mundu algerlega raska þeim grundvelli, sem hefur verið í stimpilgjaldslögunum. Hér á ekki að fara eftir hinu raunverulega söluverði, heldur eftir fasteignamatinu án tillits til þess, hver salan hefur verið. Útkoman eftir þessum brtt. verður sú, að sá maður, sem selur fasteign sína fyrir virðingarverð, verður að borga tvöfalt hærra stimpilgjald heldur en áður. En sá, sem kaupir eða selur fasteign fyrir þrefalt fasteignamatsverð, þarf ekki að greiða nema ⅓ af því stimpilgjaldi, sem honum bæri að greiða eftir frv. óbreyttu. Brtt. hafa líka þann ókost, eins og hv. flm. tók fram, að þegar verðlagsbreytingar verða, þarf að endurskoða l. og breyta þeim, ef nokkur sanngirni á að vera í framkvæmd þeirra.

Hvað b-lið brtt. á þskj. 100 snertir, virðist mér hann vera fremur til skemmda en bóta. Ég gæti verið með þessum brtt. í fyrsta lagi, ef kaupendur væru líklegir til að segja rangt til um söluverð; í öðru lagi, ef innheimtumenn væru skeytingarlausir með innheimtuna og gengju ekki ríkt eftir að fá upp hið rétta söluverð, og í þriðja lagi, ef eftirlitið er lítið með innheimtumönnunum. Nú hygg ég, að þessu sé ekki til að dreifa, og því sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með brtt.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Brtt. frá hv. 11. landsk. kom fram eftir að n. hafði skilað áliti og svo nærri 2. umr., að n. vannst ekki tími til að líta á þær. Ég heyrði það á ræðu hv. meðnm. míns, að hann hafði komizt að sömu niðurstöðu og ég, hvað þessar brtt. snertir. Við nána athugun sá ég mér ekki fært að vera þeim fylgjandi. En ég sé vel bæði kosti þeirra og galla, en mér virðist kostirnir minni en gallarnir. Ég veit, að hv. flm. er þetta ljóst eftir ræðu hans að dæma. Megingallinn á þessum brtt. er sá, að hér er vikið út af þeim grundvelli, sem lagður var með stimpilgjaldslögunum. Í öðru lagi er þetta allt of stirt fyrirkomulag að gera engan greinarmun á mismunandi stöðum á landinu, og í þriðja lagi er hér miðað við óvenjulegt ástand, enda mun vera stirt í vöfunum að fá því breytt aftur í hlutfalli við verðlagið. Brtt. taka ekki heldur tillit til þess núverandi ástands, að fasteignir eru seldar sums staðar fyrir miklu hærra verð heldur en fasteignamatið er. Ef ríkissjóður á að ná í rétt stimpilgjald af þessum eignum, gefur frv. sjálft meiri möguleika til þess. Ég veit dæmi til þess, að borgað hefur verið miklu meira en tvöfalt stimpilgjald eftir þessari brtt. Ég er viss um, að margir gefa upp rétt söluverð og borga tilskilið stimpilgjald. Ef brtt. verða samþ., mundi ekki fást jafnmikið stimpilgjald inn í ríkissjóðinn, þar eð allir, sem kaupa fyrir margfalt fasteignamat og gefa upp rétt verð, þurfa ekki að greiða stimpilgjald nema af fateignamatsverðinu. Þetta tel ég megingallann á brtt. Frv. hefur aftur á móti ýmsa kosti til að bera. Þar er haldið grundvelli laganna og stimpilgjald miðað við kaupverð, en það er hins vegar miklu viðtækara og sveigjanlegra heldur en lögin. Ef fasteign selst lítið fram yfir fasteignamat, þá er goldið af því, en ef hún selst t. d. fyrir tífalt fasteignamatsverð, þá skal borga stimpilgjald af þeirri upphæð. Ég er viss um, að flestir innheimtumenn stimpilgjalda eru ekki þeir álfar út úr hól, að þeir viti ekki nokkurn veginn gangverð fasteigna hver á sínum stað, og það er hrein embættisvanræksla, ef ekki er borgað tvöfalt stimpilgjald, miðað við fasteignamatsverð, af hverri fasteign, sem seld er hér í Rvík.

Ég sé mér því ekki fært annað en að standa við fyrri afstöðu n. um það að fylgja þessu frv. eins og það er óbreytt.

***Magnús Gíslason:** Mér kom það ekki á óvart, þó að hv. n. vildi ekki aðhyllast þessar brtt., vegna þess, að hún var í raun og veru búin að binda sig við þetta frv. með nál. sínu á þskj. 56. Mér finnst samt sem áður, að það kenni dálítils misskilnings í þessu. Því að eins og kemur fram í grg. frv., þá er frv. beinlínis borið fram til þess að fá lagfæringu á því, sem hv. flm. telur fara í vöxt hér, að menn telji ekki fram kaupverð fasteigna, og þá sé venja hjá gjaldheimtumönnum að stimpla skjölin um söluna þannig, að miðað sé við fasteignamatsverð. Ég veit ekki, hve mikil brögð eru að þessu, en líklega ber talsvert á þessu. Og þó að hv. flm. vilji ekki halda því fram, að þetta sé skeytingarleysi innheimtumannanna að kenna, þá hlýtur það að vera meining hans eftir því sem grg. frv. til segir.

Að öðru leyti finnst mér kenna misskilnings hjá nm., sérstaklega hv. 10. landsk., þar sem hann segir, að stimpilgjaldið sé refsiskattur, sem kæmi óeðlilega niður, ef brtt. væru samþ. En það er misskilningur. Þetta er viðskiptagjald, sem hjngað til hefur verið tekið eða átt að taka af raunverulegu söluverði fasteigna, en vegna þess hve söluverðið er orðið hátt, hefur borið á því, að menn hafi reynt að skjóta sér undan því að gefa upp hið háa söluverð og þannig sloppið með lægra gjald heldur en ætlazt var til samkv.

l. En eftir núgildandi l. er þessari reglu, að innheimta stimpilgjald eftir kaupverði, ekki fylgt út í æsar, því að ef kaupverð fasteignar er lægra en fasteignamatsverðið, þá skal taka stimpilgjaldið eftir fasteignamati. Með þessum brtt. er þetta gert að aðalreglu þannig, að þó að söluverð fari fram yfir fasteignamatsverð, þá gerist ekki krafa um hærra stimpilgjald en sem miðað er við fasteignamat. Að þessu leyti er þessi regla grófari en stimpill. núgildandi. En það er ekki svo, að ekkert fordæmi sé fyrir þessu í l., þar sem ákveðið er, að stimpilgjaldið sé tekið eftir fasteignamati, ef kaupverðið er lægra. En það er ekki réttara heldur en að taka það eftir fasteignamati, þó að það fari upp yfir fasteignamatsverð. Með þessu er stefnt að því að fyrirbyggja, að nokkur gjaldþegn greiði hærra eða lægra stimpilgjald en l. ákveða.

Fyrir mér er það ekki neitt sérlegt kappsmál, hvort þessi brtt. verður samþ. eða ekki. En ég tel, að ef samþ. verður breyt. á þessum l., þá eigi að gera það þannig, að þægilegt verði að framkvæma þau. Og ég hygg, að ríkissjóður muni fá með þessari hækkun, sem hér er lagt til, að gerð verði, meiri tekjur af stimpilgjaldinu heldur en hann fær nú.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Það er nú aðallega til þess að leiðrétta misskilning hjá hv. 11. landsk., að ég kvaddi mér hljóðs. Hann virðist hafa skilið orð mín svo, að ég teldi stimpilgjaldið lagt á sem refsiskatt, en það er langt frá því, að það væri meining mín. Mér er ljóst, að það er ein af tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs. En ég benti á það í ræðu minni, að hv. flm. hefði borið fram þetta frv. af því, að hann teldi nauðsyn á að ná stimpilgjaldi, sem nokkrir menn, er standa að fasteignasölum, hefðu ekki greitt, og að hann hefði gert ráð fyrir því, að með því að hækka þetta stimpilgjald væri hægt að ná þeim seku með því að taka stimpilgjald eftir fasteignamati og gera það eftir brtt. hans við l. Þannig ætlaði hann að refsa þeim seku. En ég býst við, að í staðinn fyrir að refsa þeim seku, þá kæmi þetta niður á þeim saklausu í þessum efnum úti um land. Ýmsar sölur úti á landi hafa enn ekki komizt í að verða það háar, að nemi tvöföldu fasteignamati, og þar af leiðandi væri verið að refsa þeim, sem að slíkum sölum standa, með því að leggja á þá þetta háa gjald, sem í brtt. hv. 11. landsk. er lagt til, að tekið verði. Jafnframt er vitað, að hér í Reykjavík eru eignir seldar með þreföldu og jafnvel ferföldu fasteignamatsverði. En undir þeim kringumstæðum mundi ekki nást það gjald, sem eftir l. á að greiða af slíkum sölum, ef brtt. hv. 11. landsk. væri samþ. Það þarf aukna árvekni og skyldurækni innheimtumannanna til þess að ná því rétta stimpilgjaldi eða komast sem næst því.

Hv. meðnm. minn hér í d. er mér og hv. flm. sammála um það, að ekki sé rétt að víkja frá meginanda stimpill. frá 1921, sem ætlast til þess, að stimpilgjaldið sé innheimt af raunverulegu söluverði eignanna á hverjum tíma.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mig langar til að fá upplýsingar frá þeim manni, sem stendur að þessu frv., og einnig frá flm. brtt. Ég skil það vel, að fyrir hv. flm. frv. vakir það, að innheimtumaður gjaldsins reyni að komast fyrir hið raunverulega kaupverð og innheimti svo stimpilgjaldið af því. En það eru dálítið farnar að fara í vöxt vissar tegundir fasteignasölu, þar sem mér er ekki ljóst, hvað á að kalla kaupverð ið og hvernig á að borga stimpilgjald af þeim, hvorki eftir frv. né brtt. Það er ekki orðið ótítt, að félög eigi fasteignir. Og það er ekki heldur ótítt, að fasteignin er seld þannig, að allt hlutafé er selt, en fasteignin er ekki formlega seld. Það er t. d. félag, sem á 100 þús. kr. í hlutafé, og svo selur það fyrir 600 þús. kr. hlutabréfin, en það er aldrei talað um, að fasteignin sé seld. Hvert er söluverð fasteignarinnar, sem þarna er um að ræða? Það er talað um, að fasteignir hafi svona lagað verið seldar fyrir meira en hundraðfalt verð, líklega nær hundrað og tvítugfalt verð, þegar miðað er við kostnað eða nafnverð hlutabréfanna. Mér er ekki kunnugt um, hvaða stimpilgjald hefur verið borgað af slíkri sölu. En þarna stendur fasteignin á bak við hlutabréfin. — Mig langar til að vita, hvort frv. eða brtt., hvort um sig, nær til þess konar sölu, sem er nú nýbyrjuð, en fer ört í vöxt.

***Magnús Gíslason:** Ég er nú ekki kominn hér til þess að gefa lagaskýringar, sem e. t. v. verður dómstólamál seinna að skera úr. En ég vil bara benda hv. 1. þm. N.-M. á það, að í brtt. minni, sem hér liggur fyrir, er orðalaginu breytt frá því, sem er í l. Þar er talað um afsal, kaupsamninga o. þ. h., en í brtt. minni er, eins og stendur í byrjun hennar, gert ráð fyrir því, að með 2% af fasteignamatsfjárhæð fasteigna skuli stimpla öll skjöl um eignayfirfærslu. Þetta er það víðtækasta, sem hægt er að tiltaka í þessum efnum. Og það gæti hugsazt, að t. d. samningur um kaup á hlutabréfum, sem fæli í sér yfirfærslu fasteigna, gæti komið undir þetta ákvæði, ég skal ekki segja um það. En þessi ákvæði eru víðtækari en ákvæði núgildandi l.

ATKVGR.
Brtt. 100,a felld með 8:2 atkv.
— 100,b kom ekki til atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 414).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það nái samþykki.

Efni frv. er að tryggja, að stimpilgjald sé framvegis greitt af raunverulegu söluverði fasteigna á hverjum tíma, en ekki af fasteignamatsverði þeirra.

Verð á fasteignum er nú gifurlegt. Flm. frv. í Ed. gat þess, að dæmi væru nú til þess hér, að fasteignir væru seldar fyrir allt að áttföldu fasteignamatsverði. Lét flm. þess jafnframt getið, að ef þetta frv. hefði orðið að l. í fyrra, væri ríkið nú hundruðum þúsunda ríkara en ella. Tveir nm., hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. Vestm., leggja til í n. að leggja sérstakt gjald á fasteignasölu, þegar fasteignir eru seldar fyrir mjög hátt verð. N. mun síðar gera grein fyrir afstöðu sinni í heild til þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 18. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 452).

---

39. Málflytjendur.

Á 6. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um málflytjendur (þmfrv., A. 15).

Á 11. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*__Flm. (Bergur Jónsson)__: Í fyrra dagaði uppi á þ. frv. til l. um breyt. á hæstaréttarl. Var þar m. a. sett fram hin gamla krafa, að I. einkunn á lögfræðiprófi sé ekki gerð að skilyrði fyrir leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti. Ég hef nú borið fram frv. um þetta og önnur atriði, er málflutning varða. Í frv. eru dregin saman þau ákvæði, sem ætlazt er til, að gildi um málflytjendur. Áður voru þessi ákvæði á þremur stöðum í l.

Mesta breyt. frá eldri l. er fólgin í því, að samkv. frv. er I. einkunn við embættispróf nú ekki lengur skilyrði fyrir því, að menn geti flutt mál fyrir hæstarétti. Það hefur nokkuð oft verið lagt fyrir Alþ. frv. um þessa breyt. Ég tel það mjög sanngjarnt að fella burt þetta skilyrði, því að það er engin vissa fyrir því, að maður sé hæfari til málflutnings, þó að hann hafi fengið I. einkunn. Það er margt, sem til greina kemur við próf, og það getur stafað af einskærri óheppni, að maður fær ekki I. einkunn, og væri hart að þurfa að ganga undir próf aftur, ef hann vill flytja mál fyrir hæstarétti.

Það hefur verið haldið ákvæðinu um málflutningspróf. Ég vil benda á, að slík próf eru fyrirskipuð í Englandi og Frakklandi, og í Frakklandi er auk þess heimtað meira málflutningspróf fyrir hæstaréttarlögmenn.

Aldurstakmark þeirra, sem flytja mega mál fyrir hæstarétti, er hækkað upp í 30 ár úr 25. Lögfræðingur sá, sem vill fá leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, verður og að hafa sýnt það með flutningi 4 mála, og sé að minnsta kosti eitt þeirra opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður, en undanþegnir þessu skilyrði eru menn, sem hafa verið hæstaréttardómarar, prófessorar í lögum eða dómsmálaráðherrar.

Þá eru í frv. fyllri ákvæði en áður voru til um félagsskap málflutningsmanna.

Að öðru leyti vil ég vísa til grg. og leggja til, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 106, 113).

*__Frsm. (Bergur Jónsson)__: Allshn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. með lítilfjörlegum breyt. á 23. gr. þess. Þar stendur: „Dómsmálaráðherra ákveður, hvort málflytjandastarf er samrýmanlegt öðru opinberu starfi“. N. leggur til, að á eftir orðunum „Dómsmálaráðherra ákveður“ komi: „að fengnum till. félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna“.

Hv. 7. landsk. hefur borið fram brtt. á þskj. 113, þar sem hann vill gera þá breyt. við 9. gr. 5, að á eftir „Háskóla Íslands“ komi: „með I. einkunn“. En meiri hl. n. leggur til, að þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 113 frestað til 3. umr.
9.—13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 106 samþ. með 18 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 130, 113).

*__Garðar Þorsteinsson__: Ég hef flutt brtt. á þskj. 113 við þetta frv., þar sem ég geri það að till. minni, að lögfræðikandidatar verði, til þess að þeir geti orðið hæstaréttarmálaflutningsmenn, að hafa fengið I. einkunn við próf frá Háskóla Íslands. Þetta skilyrði hefur alltaf verið í l., og ég veit ekki betur en að hæstiréttur og lagadeild hafi mælt með því eindregið, að þetta skilyrði yrði ekki fellt niður, þegar till. hafa komið fram

um það hér á þingi. Ég hygg líka, að það sé enginn vafi, að yfirleitt séu þeir lögfræðikandidatar eins og aðrir kandidatar betur að sér, sem fá 1. einkunn en hinir, sem fá ekki nema 2. einkunn, þó að það sé vitanlegt, að ýmsir, sem hafa fengið 2. einkunn, geti orðið góðir lögfræðingar. Ég vil benda á, að síðan þetta var sett sem skilyrði, hefur meginþorri allra lögfræðikandidata fengið 1. einkunn, af því að þeir vita, að hún gefur aukin réttindi í þjóðfélaginu, og hafa þeir því lagt að sér við námið til þess að hljóta hana. Þetta ákvæði hefur því orðið til þess, að menn hafa lesið betur, og hygg ég, að löggjafinn eigi ekki að draga úr, að menn lesi sem bezt undir embættispróf sín. Ég vil einnig benda á, að læknum er einnig sett það skilyrði, til þess að þeir geti öðlazt sérfræðiréttindi, að þeir hafi fengið 1. einkunn.

Ég hygg, að engin skynsamleg ástæða mæli með því að fella burt það lagaákvæði, sem heimtar, að kandidatar fái 1. einkunn eigi þeir að geta orðið hæstaréttarmálaflutningsmenn og draga þar með úr þeirri örvun, sem er því samfara að vita, að þessari skyldu fylgja aukin réttindi. Það er sama, frá hvaða skóla menn koma, þá er alltaf spurt um prófið, ef menn sækja um einhverja stöðu. Þetta skilyrði er því til að hvetja menn til að stunda nám sitt samvizkusemlega, og fer vel á því.

Ég vil því vona, að þessi till. verði samþ.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég minntist á þetta atriði, sem hv. 7. landsk. gerir nú brtt. um, við 1. og 2. umr., en hann var ekki við við 2. umr., og þess vegna varð bið um að greiða atkv. um þessa till.

Ég get vísað til þeirra ástæðna, sem ég gat um þá, að ég tel ekki rétt, — og um það erum við 4 nm. sammála —, að sett séu eins ströng skilyrði og brtt. gerir ráð fyrir. Það er að vísu rétt hjá hv. 7. landsk., að oft getur þetta orðið til þess, að ýmsir stúdentar leggi harðara að sér, þegar þeir vita, að 1. einkunn er skilyrði til að öðlast ákveðinn rétt, en mér finnst samt ekki mega taka svo mikið tillit til þess, þó að í einstökum tilfellum geti þetta haft áhrif, þegar hins er gætt, að í mörgum tilfellum getur það verið svo, þegar þess er gætt, að menn, sem gætu orðið góðir lögfræðingar, hafa misst af 1. einkunn við próf, en reynast síðar mjög dugandi og engu síður góðir málfærslumenn en þeir, sem með meiri og minni heppni geta komizt yfir markalínuna og fengið 1. einkunn. Ég legg því miklu meira upp úr reynslunni, sem fyrir því er, að 2. einkunnar menn geti reynzt góðir lögfræðingar, heldur en einkunn við próf. Segja má, að þeir, sem hljóta 2. einkunn, geti gengið undir próf á ný til þess að reyna að fá 1. einkunn, en það er kostnaðarsamt og erfitt að setjast við próflestur á nýjan leik, svo að fæstir munu sjá sér slíkt fært. Ég verð því að leggja á móti þessari till. Mér finnst þannig um búið í þessu frv., að nokkurn veginn sé öruggt, að ekki fái aðrir að flytja mál fyrir hæstarétti en þeir, sem hafa sýnt nokkuð berlega, að þeir séu til þess færir, og ég býst við, að flestir mundu heldur vilja losa meira um þetta heldur en að halda í þetta skilyrði.

***Garðar Þorsteinsson:** Mér virtist hv. þm. Barð. aðallega byggja ræðu sína á því, að svo margir lögfræðingar, sem hefðu gengið með 2. einkunn frá prófborði, hefðu sýnt sig að vera nýtir lögfræðingar. Ég skal ekki neita því, en það breytir engu um það, að það eru alltaf meiri líkur til að þeir reynist vel, sem taka góð próf. Alveg er það eins með læknana. Menn geta orðið góðir læknar, þó að þeir gangi með 2. einkunn frá prófborði, en samt er 1. einkunn gerð að skilyrði fyrir því, að þeir geti öðlazt sérréttindi, og er sú visindagrein ekki hvað ábyrgðarminnst. (**BJ**: Það er ekki í l.) Það er í reglugerð, sem er samin af landlækni og heilbrigðismálaráðuneytinu, og ég geri ráð fyrir, að þeir aðilar hafi eins vel vit á því eins og Alþ. á þessu atriði. Ég geri ráð fyrir, að landlæknir hafi ekki sett þetta atriði í reglugerð, sem fara á eftir, ef hann teldi það ekki réttlátt. Þetta er það, sem þeir hafa fengið út, að réttast væri að fara eftir, þó að til kunni að vera ýmsar þær undantekningar, að 2. einkunnar menn geti reynzt nýtir í starfi sínu, og ég hef alltaf haldið, að fara ætti eftir því, sem algengast er, en ekki undantekningum.

Hv. þm. Barð veit vel, að til þess að komast inn í háskólann er ekki sett neitt skilyrði nema að hafa tekið stúdentspróf. Stúdent með ágætiseinkunn hefur þar ekki meiri réttindi en sá, sem hefur 2. einkunn. Heldur hv. þm. Barð. ekki, að það mundi hafa áhrif, ef heimtuð væri einhver ákveðin einkunn við stúdentspróf til að mega komast inn í háskólann? Mundu menn þá ekki leggja að sér við námið til þess að reyna að fá þá einkunn, sem gæfi þessi auknu réttindi? Alveg það sama er með þá, sem ganga undir kandidatspróf. Ef þeir vita, að 1. einkunn veitir aukin réttindi, reyna þeir að lesa sem bezt til þess að fá 1. einkunn. Það getur verið, að í einstökum tilfellum sé það vegna óheppni, að menn ná ekki 1. einkunn, en slík atvik eru aðeins undantekningar, sem verða að víkja fyrir aðalreglunni. Hv. þm. veit, að við umsóknir er um það spurt, hvaða einkunnir menn hafi, frá hvaða skóla sem menn eru. Það eru alltaf meðmæli með manni, að hann hafi fengið 1. einkunn, og háskólinn hefur alltaf sett það fram sem sína skoðun, að kandidatar eigi að hafa 1. einkunn, eigi þeir að öðlast réttindi til að flytja mál fyrir hæstarétti, og ég er alveg sannfærður um, að þeir, sem fá háa einkunn frá háskólanum, eru yfirleitt færari í sínu fagi en þeir, sem fara þaðan með lélega einkunn. Prófessorarnir gefa ekki einkunnir einungis eftir frammistöðu í sjálfu prófinu, heldur og líka eftir því, sem þeir, eftir að hafa kynnzt nemendunum, vita, að þeir hafa þekkingu til. Það er í rauninni alveg óskiljanlegt, ef Alþingi á nú að slaka á kröfunni um 1. einkunn, eftir að hafa stutt og eflt sem bezta menntun á öllum sviðum. Það hefur stuðlað að því, að fjöldi skóla hefur verið reistur, það hefur styrkt íslenzka námsmenn til utanfara, til þess að þeir gætu aflað sér sem beztrar menntunar, og svo á Alþ. að fella niður þá kröfu, að nemendurnir stundi nám sitt vel og leggi rækt við það. Hitt er sönnu nær, að það er lægsta krafa, sem Alþ. getur gert, að nemendurnir stundi nám sitt svo vel, að þeir hljóti 1. einkunn, en það er aldrei hægt að ganga fram hjá því, að einkunn kandi-

datsins gefur gleggsta hugmynd um þekkingu hans á faginu.

*Frsm. (Bergur Jónsson): Hv. 7. landsk. var að benda á læknakandidata. Ég veit ekki til, að til séu í l. nein skilyrði fyrir embættaveitingum læknakandidata, að þeir hafi 1. einkunn. Það getur verið, að til séu einhver reglugerðarákvæði þar að lútandi. Hins vegar vil ég benda á, að því er snertir lögfræðinga, að þar eru til ákvæði, er gera mun á 1. og 2. einkunn. Það getur t. d. enginn orðið hæstaréttardómari, nema hann hafi hlotið 1. einkunn við embættispróf. Mjög litlar líkur eru líka á því, að prófessor í lögum geti orðið annar en sá, er 1. einkunn hefur hlotið. En ég er alveg sannfærður um, að stúdentar stunda nám sitt engu verr, þó að þetta ákvæði verði sett í l. Ég vil líka benda á það, að áður en þetta skilyrði um 1. einkunn var sett í lög, voru allir beztu málflytjendur hér einmitt 2. einkunnar menn. Ég hirði ekki að nefna nein nöfn, en ég veit, að mönnum er þetta kunnugt. En það sýnir, að þetta háði ekki mönnum á neinn hátt, þótt þeir hefðu útskrifazt með 2. einkunn. Svo er eitt enn í þessu sambandi. Það getur alltaf komið fyrir, að breytt sé um fyrirkomulag prófa. Aðstæður allar og þær kröfur, sem gerðar eru, geta breytzt svo, að um sambærilegt próf sé alls ekki að ræða. Það getur líka farið svo, að prófið verði ekki aðalatriðið, heldur verklegt nám á einhvern hátt.

*Jóhann G. Möller: Á s. l. þingi bar ég, ásamt þeim hv. þm. Ísaf. og hv. þm. V.-Húnv., fram frv., er gekk mjög í svipaða átt og frv. það, sem hér liggur fyrir.

Við umr. um það frv. og eins þetta frv. hefur komið í ljós, að aðallega deila menn um tvö atriði: 1. einkunnina og prófmálin.

Þetta frv. siglir nokkuð bil beggja. Það afnemur skilyrðið um 1. einkunn, en heldur prófunum, veitir þó þar nokkrar undantekningar. Ég hef ákveðið, að fylgja þessu frv., og hið sama hygg ég, að meðflm. mínir frá því í fyrra geri, vegna þess að þetta frv. gengur að ýmsu leyti til móts við skoðanir okkar.

Ég man eftir því, að hæstv. dómsmrh. lét þess getið í umr. um þetta mál í fyrra, að athuganir þyrftu að fara fram á því, hversu þessum málum skyldi hagað í framtíðinni. Mér skilst líka, að þetta frv. sé fram komið fyrir atbeina hans að vissu leyti og sé eins konar compromis.

Ég var mjög undrandi á andstöðu hv. 7. landsk. við þetta frv., þó að þetta frv. hljóti að vera miklu aðgengilegra í hans augum en frv. það, sem við fluttum í fyrra og vildi afnema prófin. En ástæðan til þess, að ég nú stend upp, er sú, að mér virðist, að ákvæðin um undanþágur frá prófunum séu ekki nógu tæmandi, og þess vegna höfum við, ég og hv. þm. N.-Þ., ákveðið að bera fram skriflega brtt., með leyfi hæstv. forseta. Við leggjum til, að niðurlag 9. gr. orðist svo:

„Maður, sem hefur verið hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómari í Reykjavík, bæjarfógeti eða dómsmálaráðherra, er undanþeginn ákvæðum 7. tölul. 1. málsgr.“

Eins og af þessu sést, viljum við bæta inn í, að menn, sem hafa sinnt dómaraembætti í Rvík, séu undanþegnir þessu prófi, og eftir atvikum þykir okkur líka rétt, að sama máli gegni um bæjarfógeta. Í rauninni ætti þetta að ná til allra héraðsdómara. Þeir dæma oft um líf og eignir manna og virðist svo sem þeir ættu að vera færir um að flytja mál fyrir hæstarétti, þar sem aðrir dæma. En praksis héraðsdómara er svo slitróttur og misjafn, að ekki þótti ástæða til að láta þetta ná til annarra en þeirra, er sitja stærstu embættin. Var þar farið bil beggja.

Það kann að virðast óeðlilegt, að undanþágan nái einnig til þeirra, er hafa verið dómsmálaráðherrar, því að út af fyrir sig þarf það ekki að skapa neina reynslu eða þekkingu til málflutnings að vera pólitískur ráðherra stuttan tíma. En þó verður að ganga út frá því, eftir að þessi l. eru komin í gildi, að engir aðrir verði dómsmálaráðherrar en þeir, er hafa staðgóða þekkingu á íslenzum lögum, og er það vel farið. Við getum fylgt þessu ákvæði, en leggjum til, eins og áður er sagt, að undanþágan verði rýmkuð nokkuð. Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 135) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 113 felld með 17:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, JakM, ÞBr.

nei: FJ, GG, GSv, HelgJ, JGM, JÍv, PHann, SEH, SK, StgrSt, SvbH, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EOl, JörB.

EmJ greiddi ekki atkv.

10 þm. (EE, EystJ, HG, HV, ÍslH, JPálm, ÓTh, PO, SkG, StSt) fjarstaddir.

Brtt. 135 samþ. með 12:5 atkv.

Frv. svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 136).

Á 30. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 395).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Gíslason): Herra forseti! Í þessu frv., sem hefur verið samþ. af Nd., eru dregin saman í eina heild þau l., sem nú gilda um málflytjendur, en það er 3. kaflinn í l. um hæstarétt, 5. kafli l. um meðferð einkamála og loks l. um breyt. á þeim l. Yfirleitt má segja, að uppistaðan í þessu frv. séu þau lagafyrirmæli, sem áður voru í gildi, en þó er hér nokkru við bætt, og skal ég geta um það helzta.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að héraðsdómarar og hæstaréttarmálaflutningsmenn skuli hafa með sér félagsskap, en til þess var ekki skylda áður. Í

félags skuli vera staðfest af dómsmrh., og enn fremur er bætt inn í 8. gr. nýju ákvæði um, að stjórn þessa félags skuli hafa úrskurðarvald í ýmsum málum, sem varða stéttina og hagsmuni hennar, en þessum úrskurðum má skjóta til hæstaréttar samkv. reglum um kæru og samkv. einkamálal.

Um hæstaréttarmálaflutningsmenn eru þau sérákvæði, að aldurstakmark þeirra er fært úr 25 árum upp í 30 ár.

Einnig er fellt niður það skilyrði fyrir að mega flytja mál fyrir hæstarétti, að menn hafi fengið 1. einkunn við próf. Um þetta hafa staðið allmiklar deilur að undanförnu.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir, að nokkrir menn, sem sérstaklega eru nefndir, þurfi ekki að ganga undir það próf, sem annars er tilskilið til þess þess að geta orðið hæstaréttarmálaflutningsmenn. Það eru hæstaréttardómarar, prófessorar í lögum, bæjarfógetar, dómarar í Reykjavík og dómsmrh. Slík undanþága var ekki til í l. áður.

Viðvíkjandi héraðsdómslögmönnum er sú breyt., að dómsmrh. veiti þeim leyfi til málflutnings, en áður var það hlutaðeigandi dómstóll, og er það í samræmi við ákvæði, sem gilda með öðrum þjóðum, t. d. Dönum. Um héraðsdómslögmenn er einnig sett inn það ákvæði, sem var fellt úr 1940, að þeir, sem hafa rétt til að verða skipaðir héraðsdómarar, skuli vera undanþegnir þeirri prófraun, sem sett er með l. um meðferð einkamála.

Þetta eru í stuttu máli þær breyt., sem ætlazt er til, að gerðar verði á núgildandi l., að því er snertir málflutning.

Allshn. hefur athugað frv. og hefur m. a. átt um það tal við hæstaréttardómarana og einnig leitað umsagnar Málflutningsmannafélags Íslands. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., en þó með nokkrum breyt., sem birtar eru í nál. á þskj. 395.

Áður en ég vík að þeim brtt., vil ég minnast á tvö atriði, sem n. hafði til athugunar, sem henni þótti orka tvímælis, enda þótt hún bæri þar ekki fram neinar brtt. Fyrra atriðið er breyt. á heiti málflytjenda. Þeir hafa verið nefndir hæstaréttarmálflutningsmenn og héraðsdómsmálflutningsmenn, en eiga nú að heita hæstaréttarlögmenn og héraðsdómslögmenn. Þetta er í samræmi við það, sem gilti, áður en hæstiréttur kom inn í landið, því að þá voru málflytjendur við yfirdóminn kallaðir yfirdómslögmenn. Er ekkert athugavert við það annað en það, að ef til vill er óviðfelldið að taka upp þessa breyt. vegna þess, að héraðsdómarinn í Reykjavík heitir lögmaður, og er það embættisheiti hans. Má segja, að ekki sé viðkunnanlegt, að bæði dómarar og þeir, sem mál flytja fyrir dómi, hafi sama heiti. N. hefur þó ekki lagt til að breyta þessu. Stafar það af því, að þetta heiti er nokkru styttra, og þar að auki mun hitt varla teljast góð íslenzka. En þetta lögmannsheiti er í sjálfu sér ekki fremur hægt að kalla nafn á þeim, sem fara með dómsvald, en þeim, sem flytja mál. Heitið þýðir upphaflega sama og lögfróður maður, þó að það væri notað sem heiti á sérstökum embættismönnum, eftir að Ísland komst undir Noregskonung. Þyki ekki viðfelldið að hafa þessi heiti þannig áfram í l., þá má vel breyta þessu, t. d. þannig, að dómarinn í Reykjavík héti borgardómari, en dómarar í öðrum bæjum hétu bæjardómarar. N. hefur þó ekki gert till. um þetta, en vill aðeins benda á þetta til athugunar.

Annað, sem n. velti dálítið fyrir sér, var ákvæði í 8. gr., þar sem heimilað er að leggja undir úrskurð stj. málflutningsmannafélagsins ýmis mál, sem snerta hagsmuni félagsins og þeirra, sem við málflutningsmennina skipta, og skjóta megi úrskurði hennar til hæstaréttar. Með þessu er í raun og veru verið að lögfesta sérstakan dómstól að því er snertir það takmarkaða vald, sem hann hefur, því að eftir þessu ákvæði þarf ekki að bera slíkan ágreining undir undirdóm, heldur má skjóta honum beint til hæstaréttar, en þetta mun vera tekið upp úr danskri löggjöf, og hefur þá sennilega ekkert þótt við það að athuga þar. Ég hygg, að hér muni verða um svo fá mál að ræða, að þetta megi standa í l., og hefur n. því ekki gert brtt. við þetta atriði.

Af brtt., sem n. hefur borið fram, er í fyrsta lagi brtt. við 7. gr., sem gengur í þá átt, að fellt sé niður úr gr. ákvæðið um það, að gjaldskrá félagsins skuli staðfest af dómsmrh. Eins og tekið er fram í grg., þá er ástæðan sú, að með þessu gætu dómstólarnir verið bundnir of mikið í þeim ágreiningsmálum, sem snerta kröfur málflutningsmanna á hendur umbjóðendum sínum fyrir flutning mála. Í sjálfu sér er það þannig, að dómstólarnir eru eftir sem áður óbundnir um að láta málskostnað falla niður eða taka málskostnaðarkröfuna ekki til greina nema að nokkru leyti, en í málum, sem rísa kynnu út af ágreiningi milli málflutningsmanns og umbjóðanda hans um þá þóknun, sem umbjóðandinn ætti að greiða honum, mundu dómstólarnir sennilega líta svo á, að þeir væru bundnir af gjaldskránni, en hún m. a. ákveður, að upphæð þóknunar skuli miðuð við þá kröfu, sem er gerð án tillits til þess, hvað endanlega verður tildæmt af þeirri kröfu. Ef það ætti að vera reglan, að dómstólar ættu að vera bundnir við þetta eins og t. d. við gjaldskrá héraðslækna, þá gæti þetta verið varhugavert ákvæði að því leyti, að hagsmunir almennings væru ekki eins vel tryggðir og skyldi. Þess vegna hefur n. lagt til, að þetta ákvæði verði fellt niður.

Eins og frv. kom frá Nd., þá var í 9. gr. ákvæði um, að hæstaréttardómarar, prófessorar í lögum, bæjarfógetar og dómsmrh. þyrftu ekki að ganga undir þetta próf, sem um ræðir í gr. Nú er tvímælalaust ekki ástæða til, að maður, sem hefur verið hæstaréttardómari eða kennari í lögfræði, þurfi að ganga undir próf til að sýna, að hann sé fær um að flytja mál fyrir hæstarétti. Er því ekkert að athuga við þá undanþágu, sem gerð er um þá, en sama verður ekki sagt um aðra, sem nefndir eru í frv., t. d. bæjarfógeta í sumum kaupstöðum, þar sem lítið er um dómsmál og þeir fá því litla æfingu í að fást við dómsstörf. Ef þeir eru teknir, þá má alveg eins taka aðra, sem ekki hefðu síður rétt til að fá þessa undanþágu, t. d. þá, sem lengi hafa gegnt fulltrúastörfum hjá dómurum í Reykjavík og sumum kaupstöðum landsins, sem margir hafa mikla æfingu í öllu, sem lýtur að meðferð dómsmála. Til þess að reyna að ráða bót á þessu, hefur n.

orðið sammála um að leggja til, að það sé lagt á vald hæstaréttar, hvort hann í hverju tilfelli geri kröfu til, að þeir aðilar, sem hér um ræðir, sem æskja að verða hæstaréttarmálflutningsmenn, þurfi að taka þetta próf, þannig að ef hæstarétti þykir ástæðulaust að krefjast þessarar prófraunar, þá megi hann fækka þeim málum eða fella þau alveg niður, sem flytja þarf til að öðlast þennan rétt. Í ákvæðum um héraðsdómslögmenn er sett sama skilyrði, að þeir skuli hafa flutt fjögur mál fyrir dómstóli, áður en þeir fá rétt til að flytja mál fyrir héraðsdómi, en í núverandi l. eru þeir, sem hafa verið dómarar eða hafa verið skipaðir í fasta dómarastöðu, undanþegnir. Þetta er fellt niður. Það er ekki einu sinni gert ráð fyrir, að þeir sömu menn, sem þurfa ekki að taka próf til að verða hæstaréttarmálflutningsmenn, þurfi ekki að taka próf til að verða héraðsdómslögmenn, en sennilega má með lagajöfnuði sanna, að þeim sé einnig veitt heimild til að flytja mál fyrir undirrétti án þess að taka til þess nokkurt próf, en það sýnist í sjálfu sér ekki vera nein ástæða til að hafa strangari kröfur um héraðsdómslögmenn en hæstaréttarlögmenn. N. hefur því ekki séð ástæðu til að fella niður þau ákvæði, sem gilda um þetta samkv. l. frá 1940, og hefur því lagt til, að þau ákvæði verði tekin upp. Einnig eiga þeir að fá undanþágu, sem hafa verið fulltrúar í þrjú ár hjá dómara, t. d. héraðsdómara, en eftir að nál. kom út, hefur n. fengið tilmæli um að endurskoða þetta atriði. Í tilefni af því vil ég fyrir hönd n. taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

Ég hef nú skýrt frá þeim breyt., sem ætlazt er til, að gerðar verði, og breyt., sem n. leggur til, að verði gerðar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þetta mál hefur gengið með miklum hraða, og hef ég því ekki getað borið nál. saman við frv. sjálft. En það er eitt atriði, sem mér kemur einkennilega fyrir sjónir hjá allshn. Hún treystir sér ekki til að leyfa hæstarétti að gera ályktanir um, að sýslumenn sleppi hjá prófi til þess að verða hæstaréttarlögmenn. Aftur á móti er fulltrúum hjá fógetum heimilað að fá undanþágu frá þessu prófi. Ég tel t. d. ekki efa, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hefði meiri reynslu í dómarastörfum eftir 20 ára starf heldur en fulltrúi hjá bæjarfógetanum á Norðfirði, og finnst mér hin mesta fjarstæða að skilja þarna á milli. Þá er og gerður greinarmunur á bæjarfógeta og sýslumanni, sem er að vísu ekki eins fráleitt, enda þótt ég efist um, að reynslan sé víða meiri hjá honum heldur en sýslumanni í stórri sýslu. Ég er ekki með þessu að mæla fyrir minn munn, því að ég ætla mér ekki að sækja um að komast að sem hæstaréttarlögmaður, heldur lít ég á málið út frá sjónarmiði stéttarbræðra minna. Ég óska þess, að hv. n. fresti málinu til 3. umr. og athugi þetta atriði meðal annarra.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Ég get vel skilið, að hv. 5. landsk. skuli taka upp þykkjuna fyrir sýslumenn, og hefur hann kannske mikið til síns máls. N. hefur alltaf verið mótfallin öllum undanþágum, en þar eð þetta atriði var komið inn í frv. samkv. meðmælum dómara í Reykjavík, þá lét n. tilleiðast að taka þetta með, en vildi ekki gera undanþágurnar viðtækari. Mjög misjafnt er um æfingar sýslumanna í þessum efnum, og er mjög líklegt, að hæstiréttur gerði kröfu til prófs til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 395,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 395,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 395,3 tekin aftur til 3. umr.
14.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 418, 395,3, 421).

Of skammt var liðið frá úthýtingu brtt. 421. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hef fátt um þetta að segja nú, því að ég gerði grein fyrir brtt. minni við 2. umr., en ég get ítrekað það, að ef fulltrúar fá undanþágu frá prófraun upp í hæstarétt, þá beri sýslumönnum eigi síður að njóta þeirra þæginda. Ég hef heyrt á hv. nm., að þeir séu fremur samþykkir brtt. minni, og vona, að hinir hv. dm. samþ. hana.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Við 2. umr. var brtt. á þskj. 395, 3. tölul., tekin aftur til 3. umr. N. hefur athugað þessa brtt. nú og komið sér saman um, að hún verði borin upp til atkvgr. og að felld séu niður orðin: „eða skipa má í þessar stöður.“ Þetta snertir lögfræðinga, sem ekki hafa verið skipaðir dómarar. Ástæðan fyrir því, að n. vill fella þessi orð niður, er sú, að ákvæði, sem sett hafa verið í l., eru óljós, þannig að lögfræðingur, sem er settur fulltrúi, en hefur þó ekki dómaraæfingu í 3 ár, getur orðið samkv. orðalagi l. skipaður í dómarastöðu. Hér er líklega um óaðgætni að ræða.

Hvað viðvíkur brtt. hv. 5. landsk. um, að sýslumenn fái undanþágu, líkt og aðrir, sem undanþágu eiga að fá, þá get ég ekki lagt á móti till., því að sýslumenn geta haft eins mikla æfingu og margir þeirra, er hér um ræðir, en ég óttast, að þegar þessu verður bætt við, þá fái þetta ákvæði litla þýðingu, því að hæstiréttur krefjist þá þessarar prófraunar. Ég sem sagt mun ekki beinlínis leggja á móti brtt.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefði líklega ekki kvatt mér hljóðs, ef hv. 5. landsk. hefði ekki lýst yfir því hér áðan, að hann hafi talað við alla nm. um brtt. sína og þeir hafi allir fallizt á hana. Ég minnist þess ekki, að hann hafi talað um þetta við mig, svo að ég er þar undan-

skilinn. Ég játa, að úr því að þessi upptalning er á annað borð, þá sé erfitt að ganga fram hjá sýslumönnum, en mér finnst upptalningin vera orðin nógu löng. Í upptalningunni eru ekki menn, sem hugsanlega gætu komið til greina, t. d. saksóknarar í málum, svo að illt er að vita, hvenær upptalningin tæki enda, ef alltaf kæmu nýir og nýir. Þetta er að vísu lagt á vald hæstaréttar, og hann mun vafalaust oft komast í mikinn vanda. En eins og hv. frsm. hefur skýrt frá, þá sá n. ekki ástæðu til þess að leggja þetta á hans vald. Ég verð að segja það, þó að ég hafi kannske ekki mikla reynslu eða þekkingu á þessu máli, að hér eru þó í upptalningunni menn, sem gera má ráð fyrir, að mest fáist við dómsstörf í landinu og meðferð mála á ýmsan hátt. En reynslan hefur sýnt, að margir héraðsdómarar hafa, — ég vil segja sem betur fer —, litla reynslu af dómsmálum. Það munu vera dæmi þess, að héraðsdómarar hafi ár eftir ár sloppið við það að þurfa að kveða upp einn einasta dóm. Það má því segja, að reynsla þeirra sé ákaflega lítil í þessu efni. Ég sé því ekki, að það sé rétt að setja þessa menn á bekk með þeim mönnum, sem langmesta reynslu hafa í þessum efnum. Það má geta þess, að eins og l. hafa verið, frá því að þetta var sett í l., að menn þyrftu að taka þessi próf, þá hefur samkv. þessum l. tekið þetta próf maður eins og Magnús Guðmundsson, sem var sýslumaður, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu og dómsmálaráðherra, áður en hann tók þetta próf, en honum var gert að skyldu að taka þetta próf. En af því nú, að hv. þm. Nd. hafa gengið inn á þessa braut um að veita undanþágur og við hér í allshn. í þessari hv. d. viljum ganga til móts við þá um samkomulag, þá virðist mér liggja nærri að óska þess, að þessu verði breytt á þann veg, að allar þessar upptalningar hverfi úr sögunni og það verði látið á vald hæstaréttar, hverjum skuli undanþágur veittar án þess að tilgreina í l., að menn úr vissum stéttum eða störfum skuli fá undanþágur, og á þann hátt hygg ég, að við gætum mætt till. hv. 5. landsk. Má þá vel vera, ef hv. d. vill gefa eitthvað gaum þessari till., að þá væri rétt að fresta málinu að sinni og leita samkomulags um umorðun á þeirri gr. frv., sem um er að ræða, svo að allir mættu við una.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Ed., 16. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

*__Hermann Jónasson:__ Það hefur orðið nokkur ágreiningur í d. um þetta mál, og það er óneitanlega erfitt að ganga svo frá ákvæðum 9. gr., að ekki brjóti í bág við almennt réttlæti, ef farið er að telja upp ýmsa embættismenn, svo að sanngirni ríki í þeirri upptalningu. Ég hef því orðað skrifl. brtt. við síðasta málslið og vænti þess, að hún falli d. í geð. Sú aðfinnsla, sem sérstaklega kom fram hér síðast, var sú, að sýslumenn voru ekki teknir með í þessari upptalningu, en þó að þeir væru nú teknir með, þá er engan veginn fyrir það girt, að ekki séu einhverjir enn ótaldir, sem öll sanngirni mælir með, að nytu sömu friðinda. Mér dettur t. d. í hug doktorar í lögum. Ég fann því strax, að hér var hængur á og aðfinnslur þær, sem hér hafa komið fram, eru á rökum reistar. Nú hefur formaður málflytjendafélagsins rætt um þetta mál við mig, og í samráði við hann legg ég til, að niðurlag 9. gr. orðist svo:

„Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framan greindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.“

Með þessu er komizt hjá allri upptalningu, en það lagt á vald hæstaréttar að meta, hvenær hann álíti mann þess færan, að honum verði undanþága veitt frá prófrauninni.

Legg ég svo þessa till. fram og afhendi hana hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um 2 skrifl. brtt. (sjá þskj. 433 og 434) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

__Frsm. (Magnús Gíslason):__ Þetta mál var tekið af dagskrá í gær út af umr., sem spunnust út af till. hv. 5. landsk., er miðaði í þá átt, að sýslumenn landsins skyldu teknir upp í upptalningu 9. gr. Var málið tekið af dagskrá með það fyrir augum að finna heppilega lausn.

N. sá ekki ástæðu til að fella upptalninguna niður, vegna þess að hún vissi ekki, hvernig hv. Nd. mundi líta á það mál, en hins vegar benti ég á það við fyrri umr. þessa máls, að gagnslítið mundi vera að auka þessa upptalningu, vegna þess að þá mundi hæstiréttur beita prófraun sem áður. En mér fannst skynsamlegt að sleppa allri upptalningu, eins og nú er komið fram í till. hv. þm. Str. Sýnist mér sú lausn heppileg. Fyrir mitt leyti er ég ekkert á móti till. hv. 5. landsk., þó að ég telji, að hún sé gagnslítil, eins og ég hef áður bent á.

Viðvíkjandi þeirri skriflegu brtt., sem n. hefur afhent forseta, þá rakti ég það mál á síðasta fundi, og vísa ég til þess.

__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Þegar ég flutti þessa brtt., var það vegna þess, að ég vildi, að enginn flokkur þessara manna hefði meiri rétt en aðrir. Það má deila um það, hve heimildin á að ná langt. Hún var þegar orðin svo víðtæk, að ekki var við bætandi.

Ég hef þegar gert grein fyrir till. minni, en mér finnst till. hv. þm. Str. stefna í sömu átt, og mun ég greiða henni atkvæði.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég hjó eftir því hjá hv. frsm. allshn., að n. hefði ekki viljað gera þessa breyt. Það er rétt. En ég minntist í gær á þá lausn, sem nú kom fram í brtt. hv. þm. Str. Hafði ég gert uppkast að slíkri till., og er þar aðeins vikið við orðalagi. Ég tel þessa lausn málsins miklu skynsamlegri, sérstaklega þar sem till. hefur nú komið fram um að bæta enn einum flokki við, og mun ég því greiða atkv. með brtt. hv. þm. Str.

ATKVGR.

Brtt. 434 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 433 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 395,3, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 421 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 60. fundi í Nd., 18. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 435).

Á 61. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 464).

---

40. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 35. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (þmfrv., A. 173).

Á 37. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta frv. Það er flutt fyrir tilmæli Samábyrgðar Íslands af sjútvn. þessarar hv. d. N. athugaði frv. vel og komst að þeirri niðurstöðu, er í nál. segir.

Það hefur oft, sem eðlilegt er, þurft að breyta þessum lögum. Þegar l. voru sett, var engin reynsla fyrir hendi í þessu efni, og því ekki eðlilegt, að þau næðu yfir öll þau atvik, er æskilegt er. Það hefur líka orðið svo, að l. hafa í framkvæmdinni hvorki reynzt nógu greinileg né náð yfir öll þau atriði, sem þörf hefur verið á. Breytingarnar, sem þurfti að gera á l., voru svo miklar, að heppilegra þótti að mynda alveg ný l., þó að meginþáttur þeirra sé úr gömlu l. Málið er svo vel undirbúið, að óhætt er að mæla með því.

Frv. er samið af stjórn samábyrgðarinnar, með aðstoð sérfræðinga hennar í lögfræði og tryggingafræði, og athugað vel af sjútvn. Það er mjög nauðsynlegt, að málið fái afgreiðslu á þessu þingi. Sum ákvæði l. eru svo þýðingarmikil, að ekki yrði hjá því komizt að fá um þau brbl., ef frv. næði ekki fram að ganga nú. Vil ég því beina þeirri ósk til hæstv. forseta og hv. þm., að málinu verði flýtt svo sem verða má.

Þar sem málið er komið frá n., hygg ég ekki þörf á að vísa því til n. aftur, en mælist til, að því verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

6.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

13.—26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

27.—29. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

30.—38. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Foresti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 173, n. 356).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta var flutt í hv. Nd. af sjútvn. þeirrar d.

Breyt. frá eldri l. eru ekki eins miklar og þær virðast vera, því að eldri l. eru upp tekin í heild, aðeins með nokkrum nauðsynlegum breyt. Ég tel rétt að geta þess, að sjútvn. Nd. mun hafa flutt þetta frv. að beiðni forstjóra samábyrgðarinnar. Það lætur að líkum, að þessi l. hafi þarfnazt endurskoðunar. Þegar l. um skyldutryggingu vélbáta voru sett fyrir nokkrum árum, var hér um óþekkta starfsemi að ræða og engin reynsla fyrir hendi. Ég tel það því gott, að l. hafa verið tekin til endurskoðunar. Sá galli er þó á, að ekki nema annar aðili þessa máls hefur þar höndum um farið, þ. e. a. s. samábyrgðin. Ég tel þó sjálfsagt, að flestar þær breyt., sem fyrir liggja, verði samþykktar. Tel ég ekki óliklegt, að vélbátaútvegurinn muni í náinni framtíð óska eftir meiri breyt. og lagfæringum á þessum l. Sjútvn. leggur því til, að frv. verði samþ. Hefur hún þó flutt nokkrar brtt. við frv., og skal ég nú víkja að þeim.

Fyrsta brtt. n. er við 5. gr., að þar verði sett 50 þús. kr. í stað 30 þús. kr. Þetta ákvæði er um það, hve félögin megi hafa mesta tryggingu í eigin skipi. Verðgildi skipanna hefur, svo sem kunnugt er, stórum aukizt. Hækkun tryggingarinnar er því alls ekki í samræmi við verðlagshækkun skipanna. N. lítur svo á, að það sé ekki til þess að bæta hag félaganna að hafa þetta svo lágt. Hins vegar geta svo félögin að sjálfsögðu endurtryggt eins mikið og þau vilja, og fer það eftir því, um hve áhættusamar siglingar er að

ræða. N. taldi því rétt að hækka þessa upphæð upp í 50 þús. kr.

Önnur brtt. n. er um það, að í stað orðsins „mál“ komi forði. — Þó að það orð sé ekki fallegt, hefur það þann kost, að það verður ekki misskilið. Hins vegar hefur orðið mál margar merkingar.

Þriðja brtt. er við 29. gr. Þar er um nýmæli að ræða, að bæði félögin og samábyrgðin geti neitað skipstjóra um skipstjórn, hafi hann gert 3 bótakröfur til félaganna. Það kann að vera, að nauðsynlegt sé, að setja varúðarreglur, ef álíta má, að tjón hafi orðið vegna trassaskapar skipstjórans, en þetta þykir okkur þó of langt gengið. Hugsum okkur, að skipstjóri hafi stýrt skipi í 25 ár. Það þarf ekkert að vera athugavert við það, þó að skip hans hafi orðið fyrir tjóni 6.—8. hvert ár. N. vill því bæta við, að miðað sé við eitt ár. Um þetta má deila, en n. vill fara varlega og ekki beita þessu ákvæði, nema mikil brögð séu að því, að skip sama skipstjóra verði fyrir bótaskyldu tjóni.

Fjórða brtt. snertir svo Vélbátaábyrgðarfélag Vestmannaeyinga. Eins og menn muna, er það félag undanþegið þessum l., og hefur svo verið frá setningu þeirra. Hniga að því veigamikil rök. Þetta félag er um flesta hluti öðrum félögum fremra og á allan hátt fyrirmyndarfélag. Hefur þinginu því virzt sanngjarnt, að það væri undanþegið þessum l. um 2 ár enn þá. Í þessum l. er svo ákveðið, að samábyrgðin geti ákveðið, hvenær þetta félag skuli hætta að njóta þessarar undanþágu. N. kann ekki við að ráðstafa frá Alþingi því, sem það hefur ákveðið. N. er líka kunnugt um, að deilur hafa staðið á milli þessa félags og samábyrgðarinnar. N. vill ekki blanda sér í þær deilur á nokkurn hátt, né leggja nokkurn dóm á þær. En það er alveg auðséð, að ef þetta bráðabirgðaákvæði, eins og það er í frv., verður samþ., þá hefur samábyrgðin það alveg í hendi sér, og þá getur hún boðið bátaábyrgðafélögunum byrginn og sagt: Það er ekki lengur en mér sýnist, sem þú hefur undanþágu. Og ég tel það alls ekki rétt af hæstv. Alþ. að kippa nú til baka þeim rétti, sem þessu félagi hefur verið veittur. Þess vegna leggjum við til, að það standi í bráðabirgðaákvæðinu óbreytt, sem í l. er, og að þetta undanþáguákvæði gildi til ársloka 1944.

Fleira er ekki í brtt. n. Og eins og ég hef lýst, þá eru þær ekki veigamiklar. Það eru tvær brtt., sem n. telur að máli skipti, sem er í fyrsta lagi 1. brtt. við 5. gr., því að n. telur, að það skipti nokkru máli, að ekki sé þrengdur kostur bátaábyrgðarfélaganna um það, hvað heimilt sé að taka ábyrgð á í einu skipi, sem litil áhætta fylgir. Skilst mér, að það verði til þess að bæta hag þeirra, en ekki rýra. Í öðru lagi telur n., að nokkru máli skipti síðasta brtt. viðvíkjandi bátaábyrgðarfélaginu í Vestmannaeyjum, og n. leggur nokkra áherzlu á þá brtt. Hinar brtt. eru smávægilegar, en þó má segja um 3. brtt., að hún skipti nokkru máli; þar eru sett viðurlög, ef slys á skipum eða bátum verða óeðlilega tíð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 356,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

6.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 356,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

13.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

27.—28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 356,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

29. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

30.—38. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 356,4 samþ. með 10 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 386).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 386, 427).

*Jón Ívarsson: Þetta frv., sem hér liggur fyrir um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, er upphaflega borið fram hér í þessari hv. d. og var afgr. til Ed. fyrir nokkru. Sú d. gerði síðan nokkrar breyt. á frv., og er það nú komið hingað í þeirri mynd, sem Ed. gekk frá því. Sjútvn. þessarar d. hefur leitað samkomulags við sjútvn. Ed., og hefur það orðið að samkomulagi að bera fram tvær brtt. á þskj. 427. Sú fyrri er um að lækka þá upphæð, sem félögunum sjálfum er heimilt að taka ábyrgð á, úr 50000 kr. í 40000, en samkv. till. sjútvn. var gert ráð fyrir 30000 kr., og er þetta samkomulagstill.

Hin breyt. er við 29. gr., um að bæta inn í orðunum „vegna ógætni eða vanrækslu“, þ. e. þegar neita má skipstjóra um skipstjórn. Þetta er sett inn í greinina til skýringar og til þess að fyrirbyggja, að gengið sé of langt í þessu efni, ef bótaskylt tjón verður.

Sjútvn. mælir með því, að frv. verði samþ., eins og það kom frá Ed., þegar þessar breyt. hafa verið gerðar á því, þar sem aðrar breyt. hafa ekki valdið ágreiningi milli d., og væntir n. þess, að hv. Ed. geri frv. að l. með þessum breyt., sem ég hef hér minnzt á.

ATKVGR.

Brtt. 427,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 427,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 60. fundi í Ed., 18. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 431).

Á 61. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Sjútvn. deildanna hefur borið nokkuð á milli um 2 atriði í þessu frv. Fyrra atriðið er ákvæði 5. gr. um hámark þeirrar tryggingar, sem félögin mega hafa í eigin ábyrgð, og hitt atriðið er ákvæði í 29. gr. um það, að félögunum sé óheimilt að nota skipstjóra, sem hafi þrisvar orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipi.

Um þessi atriði var mjög róttækur ágreiningur, en það varð að samkomulagi, að n. gengu saman á samkomulagsfund, og má heita svo, að þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði við þessa einu umr., séu samkomulagstill., a. m. k. hámarkið, og að nokkru leyti breyt. við 29. gr. líka. Hins vegar eru nm. úr báðum d., sem eru óánnægðir með þessar till., en það hefur orðið úr, að meiri hl. þessara n. deildanna (einn nm. var þó veikur) leggur til, að frv. sé samþ. Það sé ekki gerandi að hætta því til Sþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 465).

41. Ógilding gamalla veðbréfa.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (þmfrv., A. 329).

Á 53. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Eins og sést á grg., er þetta frv. flutt að ósk dómsmrn.

Árið 1933 voru sett l. um heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum eftir sérstökum reglum, og mun það hafa náð til allra veðskuldbindinga, sem voru dagsettar fyrir 1. jan. 1905. Nú er gert ráð fyrir að breyta þessum l. þannig, að þau nái til allra veðskuldbindinga, sem út hafa verið gefnar fyrir 1. jan. 1926. Það hefur, sem sé, komið í ljós, að víða skortir allmikið á, að nægilega hreint sé í veðmálabókunum til þess, að hægt sé að gefa veðbókarvottorð, því að eins og kunnugt er, er það mjög algengt, þegar menn hafa fengið greiddar veðskuldbindingar sínar, að láta ekki aflýsa þeim, svo að stundum er jafnvel ómögulegt að fá veðbókarvottorð nema að undangengnum dómi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 329, n. 445).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Gíslason): Herra forseti! Þetta frv. er flutt af allshn. hv. Nd. eftir ósk dómsmálarn. En frv. hafði verið samið að tilhlutun héraðsdómara og þess óskað af þeim, að stjórnin flytti það. Og frv. fer fram á að veita héraðsdómurum sérstaka heimild til þess að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum. Reynslan hefur sýnt, að það kemur ekki sjaldan fyrir, að þeir, sem greiða upp veðskuldir, sem hvílt hafa á fasteignum og öðrum eignum og þinglýst er, láta undir höfuð leggjast að fá þau bréf afmáð úr veðmálabókum. Og þegar lengri tímar líða, þá verða veðmálabækurnar ekki í samræmi við raunveruleikann, að því er þetta snertir. Áður en l. um þetta efni voru sett árið 1933, þá voru afgamlar veðskuldir, sem skráðar voru í veðmálabókunum, að hvíldu á fasteignunum, sem vitanlega voru löngu greiddar, en enginn vissi, hvar bréfin voru niður komin, til þess að geta afmáð þau úr bókunum. Til þess að ráða bót á þessu, voru l. um þetta efni sett 1933, og héraðsdómurum og bæjarfógetum veitt heimild til þess að gefa út, undir vissum kringumstæðum, stefnu til ógildingar á þeim bréfum, sem höfðu verið gefin út fyrir 1. jan. 1905. Og þetta hafði þau áhrif, að mikið var hreinsað til og skýrðist mikið um eignahlutföll í fasteignum, sem áður var nokkuð á huldu. En nú hefur komið í ljós, að þetta hefur ekki verið nægileg hreinsun, því að það eru mörg bréf, sem gefin hafa verið út eftir 1. jan.

1905, sem enginn hefur framvísað til þess að afmá úr veðskuldabókum, enda þótt vitað sé, að það er ekki greitt af þeim. Þess vegna er þetta frv. borið fram. Og það er svo að segja orðrétt eins og l., sem samþ. voru 1933 á Alþ. Og þar sem reynslan hefur sýnt, að ekki hefur verið neitt athugavert við framkvæmd þessara l. um þetta efni frá 1933, þykir ekki ástæða til annars en að leggja til, að þessi heimild verði veitt á ný. En henni er ætlað að ná til allra bréfa, sem út eru gefin fyrir 1. jan. 1920, en að öðru leyti verður fylgt þeim reglum, sem eldri l. segja til um viðvíkjandi framkvæmd þessa máls. Hefur allshn. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Zóphóníasson: Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til allshn., hvort hún sjái sér ekki fært að koma inn í þessi l. heimild fyrir dómsmrh. til þess að afmá bréf eftir sömu reglum, þótt yngri séu en ákvæði þessa frv. taka til. Ég spyr um þetta af þeim ástæðum, að mér er kunnugt um tvær fasteignir, sem svo stendur á um, að þær eru báðar veðsettar eftir þennan tíma, en búið er að borga upp lán, sem á þeim hvíldu. En eigendur skuldabréfanna eru annar í Danmörku, en hinn í Þýzkalandi. Nú er það svo um eiganda annars þeirra, að honum liggur á að taka lán, en getur það ekki, af því að það er ekki aflýst skuld, sem þó er greidd, sem hefur verið gefið út bréf um 1921 eða 1922. Mín fyrirspurn er þá um það, hvernig er hægt að aflýsa slíkum skuldum.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Ég hygg, að það þurfi ekki að setja nein sérstök ákvæði um þetta efni, því að það er til í l. heimild til þess, að maður geti undir vissum kringumstæðum fengið ógildingardóm á slíkum skuldabréfum. En hann verður þá að kosta málareksturinn. Ég hygg, að það sé varhugavert að fela héraðsdómurum almennt að gefa út slíkar stefnur. Því að það þarf að færa viss rök fyrir því, áður en slíkur dómur er gefinn út, að skuldabréf sé glatað og að það sé greitt. Ég trúi ekki öðru en að þessi l. muni nægja, sem ég gat um, fyrir þetta tímabil, sem hv. 1. þm. N.-M. nefndi, og því virðist mér ekki vera ástæða til þess að setja almenna heimild inn í þessi l. um þetta efni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 491).

---

42. Brunabótafélag Íslands.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um brunabótafélag Íslands (þmfrv., A. 70).

Á 24. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 26., 28., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 25. og 31. marz, 9., 10., 13. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af allshn. Það var sent n. af ríkisstj. og undirbúið af henni, og flytur n. það nú, eins og henni var sent það. N. hefur þó ekki að fullu lokið athugun þessa máls, en sér ekki ástæðu til að gera við það neinar breyt. að svo stöddu, en vill áskilja sér rétt til nánari athugunar.

Vegna þess að engar umr. voru um málið við 1. umr., vil ég aðeins rifja upp þau aðalatriði, sem felast í frv.

Ég geri þetta aðeins lauslega. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að niður falli ákvæði þau um ríkisábyrgð, er áður giltu. Hún þótti nauðsynleg, meðan félagið var að koma fótunum undir sig. En nú horfir þetta allt öðruvísi við. Nú á félagið hátt á 5. millj kr. í áhættusjóði, og er því lagt til, að ábyrgð ríkisins sé alveg lögð niður.

Annað nýmæli, sem er allmikilsvert, er það, að gert er ráð fyrir, að félagið leiti endurtryggingar hjá öðrum félögum, og þá helzt innlendum, og að niður falli hámarkstryggingarupphæð húsa, er var 20 þús. kr. í kaupstöðum, en 12 þús. kr. í sveitum.

Þriðja aðalatriðið í frv. er, að gert er ráð fyrir að taka upp, að félagið megi greiða ágóðahluta.

Fjórða atriðið er heimild fyrir félagið til að stofna eftirlaunasjóð fyrir starfsmenn sína.

Eins og ég gat um áðan, hefur allshn. ekki fyllilega lokið athugun á öllum liðum frv. og geymir sér það til 3. umr. Ég legg til, að frv. verði vísað til 3. umr., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Ég vildi fara fram á, að málinu yrði frestað að þessu sinni vegna brtt., sem væntanleg er við frv.

Forseti (JörB): Málið verður þá tekið út af dagskrá vegna beiðni allshn. En ég vona, að því verði flýtt, því að það er búið að taka langan tíma.

Á 57. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 70, 400).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 400. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Við frv. þetta er komin fram brtt., sem við 3 nm. úr allshn. flytjum. Þar er lagt til, að ákvæðum 6. gr. þessa frv. verði breytt ofurlítið, en 6. gr. er um að fella niður nokkur ákvæði um skyldur brunabótafélagsins. Nú er það í l., að brunabótafélagið má ekki hafa í eigin ábyrgð nema ákveðna upphæð, sem er hæst 20 þús. kr. Þessi gr. frv. gerir ráð fyrir að fella þetta ákvæði niður. Okkur þótti hér heldur óvarlega farið og lögðum því til, að upphæð þessi væri hækkuð um helming, þannig að félagið hefði í eigin ábyrgð 40 þús. kr. af steinhúsum og tilsvarandi lægra af timburhúsum. Það náðist til allra allshnm., þegar brtt. var ákveðin, en þeir verða allir fylgjandi till., og vænti ég þess, að hún fái samþ. hv. þdm.

ATKVGR.

Brtt. 400 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 413).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 444).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. um breyting á l. um Brunabótafélag Íslands er samið af forstjóra félagsins og flutt af allshn. Nd. eftir tilmælum hans. Frv. gerir ráð fyrir nokkrum breyt. á núgildandi l., og auk þess eru færðar inn í frv. breyt., sem gerðar hafa verið á l. frá 1932 og 1938. Helztu breyt., sem máli skipta, í þessu frv. eru þær, að ríkisábyrgð sú, sem verið hefur í l. til tryggingar skuldbindingum félagsins, er felld úr l., og eru færð rök fyrir því í grg. frv. Það mun mega teljast algerlega óþarft að hafa þetta ákvæði lengur í lögum. Á s. l. hausti var varasjóður félagsins orðinn 4.7 millj. kr.

Þá er einnig breytt greinunum, sem eru um tilgang og starfsvið félagsins, og er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur á starfsemi félagsins. T. d. hefur verið í l. hingað til, að starfsvið félagsins hefur ekki náð til Reykjavíkur. En nú er svo komið, samkv. þessari breyt., að félagið er þátttakandi í tryggingum allra húsa í Reykjavík. Og þá er um leið gert ráð fyrir, að félagið öðlist rétt til þess að taka einnig í eldsvoðaábyrgð lausafé. Þá er flokkaskiptingu innan félagsins breytt þannig, að hún er nú nokkuð á annan hátt en eftir núgildandi l., og er það vegna hins aukna starfsviðs félagsins. Þetta er nú sett í samræmi við það, hvernig félagið nú starfar.

Þá er einnig breytt ákvæðunum um það hámark, sem félagið má hafa í eigin tryggingu án endurtryggingar, og var það svo upphaflega í frv., að um það voru ekki neinar ákveðnar takmarkanir, heldur var það á valdi stjórnar félagsins, hve mikið félagið mátti hafa í eigin ábyrgð án endurtryggingar. En hv. Nd. hefur breytt þessu ákvæði þannig lagað, að hún hefur tiltekið hámarkið á þeim tryggingum, sem félagið megi taka ábyrgð á mest, án endurtryggingar, og er það nánar ákveðið í 6. gr. frv. Og mér er óhætt að fullyrða, að forstjóri tryggingana sætti sig við þau ákvæði eins og þau nú eru í 6. gr.

Þá er hér um að ræða það nýmæli, að í frv. er gert ráð fyrir, að félagið öðlist sama rétt og t. d. Landsbanki Íslands um það, þegar fullnægja þarf kröfum félagsins í byggingum, þannig að ekki þurfi að fara fram lögtak í byggingunni, heldur megi ganga að veðinu. Lögtak þarf því ekki að fara fram. Í grg. frá forstjóra félagsins segir, að í reyndinni muni aldrei hafa til þess komið, að nauðungarsala færi fram vegna brunabótagjalda einna. En hafi gjaldþrot orðið og fjárnám verið gert í eign, hefur brunabótafélagið vitanlega gert sínar kröfur gildandi.

Nú er í l. heimilað að taka dráttarvexti af iðgjöldum, ef ekki eru greidd á réttum tíma. Það var eina atriðið, sem allshn. þótti orka mikils tvímælis um, hvort ekki gengi of langt, því að í 11. gr. l. eru vextirnir ákveðnir ½% á mánuði, og það getur komið þungt niður á ýmsum, er illa stendur á. Að vísu má segja, að þetta sé ekki óeðlilegt aðhald, — má deila um, hversu nauðsynlegt sé, — og n. vill alls ekki raska við ákvæðinu nú, því að hún telur það mikilsvert, að tryggt sé, að frv. verði að l. á þinginu.

Þá er nýtt ákvæði um, að félaginu sé heimilt að úthluta ágóðahlut. Það byggist á því, að hagur félagsins hefur farið síbatnandi. Geta menn séð það sjálfir, að vextir af nær 5 millj. kr. muni veita ólíkt betri fjárráð en félagið hafði í fyrstu með iðgjöldunum einum, meðan það var að vinna sig fram. Það er gert ráð fyrir, að ágóðinn sé greiddur í deildum. Hvert bæjar- eða sveitarfélag telst sérstök deild í félaginu, og skal ágóðahlutinn greiddur deildunum til ráðstöfunar, en ekki einstökum vátryggjendum. Ákveða má, að deildirnar séu í tveim flokkum, sveitir í öðrum, kaupstaðir í hinum, og verður misjöfn úthlutun í flokkunum og deildum innan þeirra eftir því, hve tjónin hafa orðið mikil móts við iðgjöld þeirra. Ekki er gert ráð fyrir arðsúthlutun af lausafjártryggingum, heldur megi, að fenginni reynslu, lækka iðgjöld þeirra.

Þá ber loks að nefna heimild í frv. til sjóðstofnunar, eftirlaunasjóðs þeirra, er vinna við fyrirtækið. Í sjálfu sér er það ekki óeðlilegt og er altítt í hálfgerðum ríkisstofnunum, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. — Ég hef nú lýst þeim viðbótum, sem í frv. felast. N. mælir með að samþ. frv. óbreytt, þótt hún hefði haft tilhneigingu til að gera brtt. um ýmis smærri atriði þess, ef hættulaust hefði verið fyrir afgreiðslu þess nú í þinglokin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 492).

---

43. Hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp (þmfrv., A. 383).

Á 58. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Ólafsfjarðar. Þar er farið fram á, að ríkið ábyrgist allt að 200 þús. kr. lán til hitaveitu í Ólafsfirði.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál, en vísa um það til kostnaðaráætlunar, sem gerð hefur verið og fylgir frv. Í síðara hluta hennar er þess getið, að líkur séu til, að mest efnisins fáist hér heima, en hins sé von á næstunni, er á vanti.

Af þessu má sjá, að framkvæmdir eru þegar undirbúnar. Vegalengdin, sem leiða þarf heita vatnið, er um 4 km og kostnaður verksins áætlaður mest 200 þús. kr., eins og áður er sagt, og það er fullyrt af þeim, er áætlunina hafa samið, að alla verkamenn sé hægt að fá þar á staðnum, því að engir verkamenn hafi flutzt þaðan brott. Það mætti teljast réttmætt að styðja að framkvæmdum í þeim sveitum, er þannig er um, og það gerir hv. þd. með því að samþ. þetta frv. Það er flutt af n., og því tel ég heppilegast, að því sé þegar vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 469).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Frsm. (Bernharð Stefánsson):__ Þetta frv. var flutt af fjhn. Nd. Það fer fram á, að ríkisstj. sé heimilað að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 200 þús. kr. hitaveitulán handa Ólafsfjarðarhreppi, þó aldrei meira en 80% kostnaðar. Með grg. frv. er prentuð allýtarleg skýrsla og áætlun um stofnkostnað og rekstur hinnar fyrirhuguðu hitaveitu, samin af Höskuldi Baldvinssyni og Sveinbirni Jónssyni. Mér finnst ég geta alveg sparað mér ómakið að fara að lýsa þessu fyrirtæki eða ræða það nánar, heldur læt nægja að vísa til grg. En eins og sjá má á fylgiskjalinu, er gert ráð fyrir og færð að því rök, að fyrirtækið muni geta borgað sig og endurgreitt lánið á hæfilegum tíma. Fjhn. Ed. hafði málið til meðferðar í gær eftir þingfund og leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt. Vonast ég til, að hv. þd. geti fallizt á það, m. a. sökum þess, að ákveðið er, að fyrir láninu skuli setja þær tryggingar, er ríkisstj. metur gildar. Ég vil aðeins minna á það, að Reykjavík hefur nú fengið allriflega ábyrgð á hitaveituláni, og það er vitanlega sanngirnismál, að ekki verði aðeins höfuðstaðurinn aðnjótandi slíkra hlunninda, heldur líka þorp og bæir kringum land, þar sem fært þykir aðstöðu vegna að ráðast í þau fyrirtæki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 439).

---

44. Framkvæmdasjóður ríkisins.

Á 11. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins (þmfrv., A. 23).

Á 13. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

*__Flm. (Steingrímur Steinþórsson)__: Þetta frv. var flutt á aukaþinginu s. l. haust af nokkrum hv. þm. úr Framsfl. N., sem hafði málið þá til meðferðar, hafði ekki skilað áliti, þegar því þingi lauk. Við töldum því rétt að flytja frv. á ný. Á haustþinginu fylgdi frv. allýtarleg grg., sem við flm. höfum nú leyft okkur að vísa til um efni frv. Í raun og veru eru í þeirri grg. færð fram í öllum atriðum rökin, sem liggja að flutningi þessa máls, og má jafnvel segja, að sá tími, sem liðinn er síðan frv. var flutt í haust, hafi sýnt það enn betur en það var séð áður, hve mikil þörf er á aðgerðum í þessa átt.

Tilgangurinn með þessu frv. er að skapa ríkissjóði nokkurs konar varasjóð, sem hægt sé að grípa til til stuðnings atvinnuvegunum og til verklegra framkvæmda í landinu, þegar brýnust þörf verður til. Saga síðustu ára hefur sannað það greinilega, hve mikil þörf er á slíku. Síðustu árin fyrir styrjöldina var að vísu varið verulegum upphæðum til verklegra framkvæmda og stuðnings atvinnuvegunum og það óvenjulega háum upphæðum. En hitt er víst, að þá hefði verið þörf á enn frekari aðgerðum í þeim efnum. Ef ríkissjóður hefði þá þegar haft rýmri fjárhag, þá hefði áreiðanlega verið svo séð um atvinnuvegina og verklegar framkvæmdir í landinu, að ekkert atvinnuleysi hefði orðið hér á landi, sem þá var þó allmikið áberandi, a. m. k. vissa tíma ársins. Það er kannske enginn svo bjartsýnn að álíta, að það peningaflóð, sem nú flæðir yfir landið og borgararnir yfirleitt hafa talsvert af að segja og ríkissjóður að einhverju leyti, muni vara til lengdar. Það er víst, að það kreppir að fyrr en varir. Og þegar svo er komið, er þörf á, að til sé einhver varasjóður, sem hægt sé að grípa til í þessu skyni, sem ég hef tekið fram. Það er þetta, sem fyrst og fremst liggur til grundvallar því, að þetta frv. er flutt hér nú. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að tekjur til þessara hluta fáist á þann hátt, að ⅝ hlutar af tekjuafgangi á rekstrarreikningi ríkissjóðs verði lagðir til hliðar í þennan sjóð, sem við nefnum framkvæmdasjóð ríkisins. Hve stór þessi upphæð verður, er enn ekki sýnt. Það er enn ekki búið að leggja fram skýrslu um afkomu ríkissjóðs fyrir síðasta ár. En við flm. frv. um þetta efni á haustþinginu síðasta höfðum gert ráð fyrir, að þessir ⅝ hlutar af tekjuafganginum, sem við þá lögðum til að yrði varið eins og í þessu frv. getur, mundu sennilega ekki verða minna en 6 millj. kr., og ég hef fulla ástæðu til að ætla, að sú áætlun muni ekki bresta, en að það séu fremur líkur til, að þessi upphæð verði heldur meiri en við þá gerðum ráð fyrir, þó að ég vilji ekki fullyrða það. Og viðvíkjandi tekjuafgangi ríkissjóðs á yfirstandandi ári er í þessu frv. gert ráð fyrir, að sömu aðferð verði beitt. Á þennan hátt ætti á þessum tveimur árum að vera hægt í þessu skyni, sem í frv. getur, að leggja fram um 12 millj. kr. Vitanlega er öllum hulið, hver rekstrarafkoma ríkissjóðs verður á yfirstandandi ári. En vonir standa þó til þess, að afkoman ætti að vera tiltölulega sæmileg þetta ár.

Ég vil geta þess, að það gæti komið til álita, hvort ekki væri rétt, að ákvæði um tekjur í þennan framkvæmdasjóð nái lengra en til yfirstandandi árs, t. d. til ársins 1943, þó að vitanlega sé enn þá í langmestri óvissu, hvernig fjárhagsafkoma ríkissjóðs verður það ár. Og við flm. frv. sáum ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að fara að setja inn í frv. ákvæði um tekjuöflun á þeim grundvelli. En við álítum, að það sé ástæða fyrir n., sem málið fer til, að athuga þetta atriði og e. t. v. að setja einhver ákvæði varðandi árið 1943 um tekjuöflun í þessu skyni. Það skal að vísu viðurkennt, að eins og nú er háttað með peningaeign í landinu og þegar gengi okkar myntar er lágt eins og nú, þá er ekki um tiltölulega mjög stóra upphæð að ræða, þó að nefndar séu 12 millj. kr. og jafnvel þó að það væri nokkru stærri fjárhæð, en það er þó skildingur, sem áreiðanlega væri gott að geta gripið til til ýmiss konar framkvæmda, þegar harðara verður í ári, bæði fyrir vinnuveitendum í landinu og verkafólki, heldur en nú er sem stendur.

Um verkefni þessa framkvæmdasjóðs í einstökum atriðum er mjög lítið tekið fram hér í þessu frv., enda er ekki ástæða til þess, þar sem svo er frá gengið, að ætlazt er til, að Alþ. sjálft hafi fjárveitingarvald yfir þessum sjóði, eins og ríkissjóði sjálfum, þó að hins vegar sé gert ráð fyrir, að sérstök n. geri till. um, hverjar þessu fé skuli varið. Í grg. fyrir frv. um þetta efni frá í haust var lítilsháttar minnzt á þau verkefni, sem fyrir lægju til framkvæmda með þessum sjóði, án þess þó að um nokkra tæmandi upptalningu væri þar að ræða, enda ekki eðlilegt, að svo væri. En þar voru nefnd ýmis verkefni, eins og myndanir nýrra heimila, bæði í sveit og við sjó, eins ýmsar stærri framkvæmdir, svo sem verksmiðjubyggingar í þarfir landbúnaðarins og sjávarútvegsins og fleiri atvinnuvega. Sömuleiðis hafnargerðir, vegagerðir og fleira. Ég vil aðeins bæta við einu verkefni, sem við flm. frv. teljum, að sé kannske aðkallandi fremur en margt annað, að verði leyst á viðunandi hátt, og það er að koma rafmagninu

með einhverjum ráðum út um dreifbýli landsins, þannig að sem flest fólk í landinu og mögulegt er, verði aðnjótandi þæginda þess og hagnaðar. Það kemur æ betur og betur í ljós, hve rafmagnið er nauðsynlegt afl, hvar sem er og við hvaða atvinnurekstur og hvaða aðstæður sem eru, að fram hjá því verður ekki gengið, að leitast verður við að koma því til sem allra flestra landsmanna á tiltölulega stuttum tíma. Og hlutverk sjóðs eins og þessa hlyti því að verða meðal annars það, að vinna að framkvæmdum í þá átt. Ég nefni þetta atriði nú sérstaklega af því, að á það var ekkert minnzt, þegar frv. þetta var flutt í haust, sem eingöngu stafaði af gleymsku.

Að svo stöddu sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. á því stigi, sem málið er. Bæði er það, að sú grg., sem fylgdi frv. á haustþinginu í haust, liggur fyrir, þótt ekki hafi hún verið prentuð upp nú, og hafa allir hv. alþm. aðgang að því að kynna sér hana, og að hinu leytinu lít ég svo á, að heppilegast sé, að þetta frv. fái gaumgæfilega athugun í n. Og við flm. frv. erum mjög fúsir til að taka til athugunar till. um breyt. á frv.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til fjhn.

Pétur Ottesen: Ég býst við, að hv. þdm. og aðrir hafi veitt því athygli, að hæstv. ríkisstjóri gat þess í þeim boðskap, sem hann flutti frá ríkisstj. við setningu Alþ., að ríkisstj. hygðist að leggja fyrir fé í sjóð af tekjum ríkisins, til þess sérstaklega að hamla með því fé upp á móti þeim örðugleikum, sem gera mætti ráð fyrir, að mættu okkur að ófriðnum loknum, og þá vitanlega með þeim hætti að gera ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að ekki verði allt of mikil röskun í þjóðfélaginu. Ég geri ráð fyrir því, að þessi sjóðmyndun, sem hæstv. ríkisstjóri talaði um í sínum boðskap, sem hann flutti fyrir ríkisstj., hafi verið hugsuð þannig, að ráðstafa skyldi í þessu skyni einhverjum hluta þess fjár, sem afgangs yrði af tekjum ríkissjóðs á s. l. ári, og auk þess tekjuafgangi yfirstandandi árs, miðað við núverandi fjárl., auk þess fjár, sem kynni að verða aflað í þessu skyni með nýjum sköttum, er lagðir yrðu á á þessu þingi. Og í framhaldi af því hef ég búizt við, eftir þessari yfirlýsingu og því, sem vitað er, að ríkisstj. hefur haft á prjónunum, þá kæmu fram sameiginlegar till. frá ríkisstj. snertandi ráðstöfun og fyrirkomulag á þessum sjóði, sem þannig yrði byggður upp. Mér þykir þetta því horfa dálítið einkennilega við, að menn úr öðrum stuðningsflokki stjórnarinnar skuli nú hafa hlaupið þannig fram fyrir skjöldu og tekið mál þetta upp og borið það fram án þess að hafa haft um það nokkur samráð við hinn aðilann. Og því undarlegra virðist mér þetta vera, þar sem aðeins einn af fjórum hæstv. ráðh., sem að þessum boðskap ríkisstjóra standa, er á þessu frv. sem flm. Það er að vísu rétt, að frv. svipað þessu kom fram á síðasta aukaþingi, sem haldið var, en þá hafði ríkisstj. ekki heldur tekið neina sameiginlega afstöðu, eins og hún hefur nú gert um það að stofna til slíkrar sjóðmyndunar sem þessarar. Á aukaþinginu komu fram, í sambandi við umr. um dýrtíðarmálið, ýmsar ráðagerðir í þessa átt, bæði frá þeim, sem að þessu frv. standa nú, og öðrum. Og m. a. benti ég þá á í umr. um dýrtíðarmálið, að ég teldi miklu hyggilegar ráðið að leggja fé til hliðar, sem hægt væri að grípa til að stríðinu loknu, heldur en að verja stórum fjárhæðum úr ríkissjóði í þeim hæpna tilgangi að ætla með þeim hætti að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Ég vildi láta þessa getið hér, og að mér þykir dálítið undarlegt, að einmitt till. um þetta samkvæmt þeim boðskap, sem hæstv. ríkisstjóri flutti í nafni ríkisstj., skuli ekki hafa komið fram frá hæstv. ríkisstj. sjálfri. Mér hefði fundizt það miklu eðlilegra, því að vitanlega verður þetta í framkvæmdinni að koma með aðstoð beggja þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa. Og ég geri ekki heldur ráð fyrir, að ríkisstj. mætti neinni andstöðu í flokkum þeim, sem að henni standa, gegn þeirri hugmynd sinni að stofna slíkan sjóð, heldur verði alls staðar litið á sjóðmyndun þessa sem mjög skynsamlega og hyggilega ráðstöfun. Þó að þetta frv. sé nú komið fram í nokkru ósamræmi við boðskap ríkisstjóra, þann sem hann flutti fyrir ríkisstj. hönd, þá vitanlega kemur ekki til mála, að það verði þröskuldur í vegi fyrir því, að þetta mál verði, samkvæmt þessum tilkynnta boðskap ríkisstjóra, framkvæmt og samstarf verði um það innan stjórnarflokkanna, því að það er að mínum dómi sú ráðstöfun, sem í þessu efni er langsamlega líklegust til góðs árangurs og heppilegrar úrlausnar.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, en vildi aðeins láta þetta koma hér fram í sambandi við framkomu þessa frv. og boðskap hæstv. ríkisstjóra fyrir hönd ríkisstjórnar.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Út af ummælum hv. þm. Borgf. verð ég aðeins að staðfesta það, að það er rétt, eins og hann gerði ráð fyrir, að áður en þingið kom saman, var innan ríkisstj. talað um, að ríkisstj. legði fram fyrir hæstv. Alþ. till. um að draga saman fé til þess að mæta þeim örðugleikum, sem öllum er ljóst, að fram undan bíða okkar, þegar útfallið byrjar, eftir þá öldu atvinnu og peninga, sem nú ríður yfir. Hins vegar hefur ríkisstj. ekki enn þá gengið endanlega frá því og ekki tekið endanlega afstöðu um það, hvort þetta fé eigi að leggjast í sérstakan sjóð eða það eigi að vera handbært fé í ríkissjóði sjálfum, og skiptir það kannske ekki mestu máli. Aðalmálið er, að ríkisstj. er öll sammála um, að nauður reki til þess, að dregin sé saman veruleg fjárfúlga til þess að vera því viðbúinn, að ríkissjóði kunni að verða um megn að standa undir kostnaði af framkvæmdum verkefna sinna, þegar það fer saman, sem sýnt þykir að verða muni, að tekjur hans, sem nú eru, munu dragast saman, en nýjar kvaðir einnig lagðar honum á herðar. Í þessu skyni hefur ríkisstj. ákveðið að leggja fyrir Alþ. till. um að þyngja mjög skatt, fyrst og fremst á stríðsgróða. Það verða fyrst og fremst þær tekjur, sem miðað er við. Það fé, sem inn kemur, á ekki að vera eyðslueyrir, heldur á að leggja það til hliðar vegna kreppunnar, sem framundan er.

*Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég er þakklátur hv. þm. Borgf. og hæstv. ráðh. fyrir ummæli þeirra, og er gleðilegt fyrir okkur flm. að heyra, að þeir sýna svona mikinn áhuga fyrir þessu máli. En út af þeim ummælum hv. þm. Borgf., að það sé einkennilegt, að við skulum flytja þetta frv. nú, þar sem því hafi verið lýst yfir af hæstv. ríkisstjóra, að ríkisstj. væri með till. í þessa átt á prjónunum, vil ég taka það fram, að nú eru 2½ vika, síðan þ. kom saman, og enn liggja ekki fyrir till. frá ríkisstj. Þarf því engum að koma á óvart, þótt við viljum hfreyfa málinu aftur. Enda getur það ekki orðið till. ríkissstj. til hnekkis, þó að frv. eins og þetta komi fram, þegar þess er líka gætt, að meðal flm. er einn ráðh. Eftir undirtektum bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Borgf. að dæma, sé ég, að vera muni enn meiri trygging fyrir því en áður, að till. Framsfl. frá aukaþ. í haust fái nú að sigla hraðbyri gegnum þingið.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Eins og hæstv. utanrmh. hefur tekið fram, er það ekki í neinu ósamræmi við yfirlýsingu hæstv. ríkisstjóra af hálfu ríkisstj. um, að safna yrði í sjóði til að mæta væntanlegri kreppu, að þetta frv. er fram komið.

Það, sem mestu máli skiptir um alla sjóðstofnun, er, að einhverjir peningar séu til til þess að leggja í þá. Þess vegna hefur fyrst og fremst verið unnið að því af hálfu ríkisstj. að koma sér saman um skattamálin og á hvern hátt yrði hægt að ná verulegum hluta stríðsgróðans til að leggja í sjóð. Um þetta hefur verið samið í aðalatriðum, og er nú verið að ganga frá þeim samningum þessa dagana, svo að þeir geti komið fram í frumvformi innan skamms. Það, sem hæstv. ríkisstjóri átti við, er, að ríkisstj. hefur vissu fyrir því, að samkv. lagafrv. um tekjuskatt muni verulegar upphæðir safnast í ríkissjóð, en það hefur ekki verið ákveðið, hvernig þeir fjármunir skuli geymdir, hvort þeir skuli geymdir sem tekjuafgangur í ríkissjóði og notaðir til framkvæmda eftir stríð, eða hvort féð skuli tekið frá í sérstakan sjóð, eins og gert er ráð fyrir í frv., sem fyrir liggur. Um þetta hefur lítilsháttar verið rætt í ríkisstj., og hún er ef til vill ekki alveg sammála um, hvor leiðin skuli farin. En það er áreiðanlega skoðun hæstv. viðskmrh., að það eigi að taka allverulegan hluta af tekjuafgangi s. l. árs og áfram og leggja í sérstakan framkvæmdasjóð. Aftur á móti hygg ég, að sumir aðrir í ríkisstj. hafi meiri tilhneigingu til að skipta ekki þessu fé. Það er rétt, að þetta komi hér fram til athugunar fyrir n. þá, sem fær málið til meðferðar. Frá minu sjónarmiði hygg ég, að það sé öllu skynsamlegra að leggja féð fyrir í sérstakan sjóð. Með því móti höfum við gleggri tilfinningu fyrir því, til hvers á að nota féð eftir stríð. Við þurfum að fara að hefja rannsókn á því, hvað þarf að gera og hverju liggur mest á. Því meiri ástæða held ég sé til þess fyrir þá sök, að það ber mikið á því á þessu þ., að till. koma fram um stóreflis fjárframlög, án þess að sé nógu skipulega undirbúið, hvað á að sitja í fyrirrúmi að styrjöldinni lokinni. En það gæti bægt frá einhverju af því tillagnaflóði, ef fullkomin trygging væri fyrir því, að fé yrði til í sérstökum sjóði til framkvæmda eftir stríðið.

Ég hygg, að það sé tímabært að benda á það vegna tillagna, sem hér hafa komið fram, að það er í fyrsta lagi vafasamt, hvort skynsamlegt er að ráðast í jafnmiklar framkvæmdir og hugur þm. stendur til nú, þegar allt er svo dýrt og vinnukraft vantar. En í annan stað er rétt, að það komi fram, að það eru litlar líkur til þess, eins og nú horfir, að mögulegt verði að fá efni til ýmissa framkvæmda, sem hv. alþm. virðast gera ráð fyrir, að hægt se að ráðast í. Hv. alþm. hafa eflaust veitt því athygli, að erfiðleikar um flutninga á Atlantshafi hafa farið vaxandi 2—3 síðustu mánuði, og því hefur verið lýst yfir í brezka útvarpinu, að vegna skipatapa síðustu mánuðina verði að minnka matarskammt í Bretlandi, þar eð skipakostinn verði að nota svo sem unnt er til að flytja vopn. Þegar þessa er gætt, er ekki undarlegt, þó að tregara gangi fyrir okkur að fá skipakost til að flytja vistir, hvað þá til að fá efnivið, svo að við getum haldið áfram nýbyggingum. Það, sem skiptir mestu máli nú, er, að við gerum okkur ljóst, hvar við stöndum. Við verðum að reyna að halda uppi sem óskertustu atvinnulífi því, sem fyrir er, og reyna svo að leggja fjárhagslegan grundvöll til að byggja á, þegar kreppan kemur og hugsa leiðir til framkvæmda eftir stríð.

*Haraldur Guðmundsson: Ég er samþ. meginhugsun þessa frv. Við Alþýðumenn fluttum á mörgum þ. frv. í þessa átt, um jöfnunarsjóð, og lögðum til, að tekjuafgangur væri lagður til hliðar. Ég er því að sjálfsögðu samþ., að sú hugsun verði framkvæmd, en þó með því fororði, að ekki verði vanræktar þarfir líðandi stundar.

Ég skal ekki blanda mér í innanheimilismál stjórnarfl., hvort það er ósæmilegt háttarlag að flytja nú sérstakt frv. um þetta efni, þar sem hæstv. ríkisstjóri hefur gefið yfirlýsingu sína af hálfu ríkisstj. En það er lærdómsríkt að bera saman ummæli hæstv. forsrh. og hv. þm. Borgf. Ég tel eins og hæstv. ráðh., að full ástæða sé til að binda þann tekjuafgang, sem allir eru vissir um, að hljóti að safnast, við ákveðnar framkvæmdir. Hitt er annað mál, hvað á að sitja í fyrirrúmi.

Í sambandi við gefin fyrirheit um ráðstafanir til tekjuauka með háum sköttum, vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvenær kemur unginn úr egginu? Fjárlfrv. var lagt fram í dag, og er skylt að þakka, að það er þó komið. Skattafrv. það, sem boðað er, væri æskilegt, að þm. fengju að sjá hið fyrsta. Ég vil ekki trúa því, að það sé ætlunin að geyma það framyfir bæjarstjórnarkosningarnar. Vænti ég, að hæstv. ríkisstj. svari þessu.

Í sambandi við ummæli hæstv. forsrh. í lok síðustu ræðu sinnar um vaxandi erfiðleika á aðflutningum, vil ég spyrja, þó að hæstv. viðskmrh. sé ekki við, hvort það sé rétt, að birgðir af helztu nauðsynjavörum séu afarlitlar. Ég minnist þess, að hæstv. viðskmrh. gaf yfirlýsingu um það á aukaþ. í nóv., að til væru 6 mán. birgðir af öllum skömmtunarvörum, og væri það

áform ríkisstj., að þær heldur ykjust en hitt, og mátti skilja það á hæstv. ráðh., að vonir væru til, að það mætti takast. En ef það er rétt, sem blöðin segja, þá hefur þetta ekki lánazt. Hér er um mikið alvöruefni að ræða. Það verður ekki annað séð en að alltof miklu skiprúmi sé varið undir óþarft skran. Búðir hér eru fullar af einskisverðu glingri og skrani. Þessu máli þarf að gefa nákvæmar gætur.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hef ekki séð þessi ummæli í blöðunum, sem hv. þm. Seyðf. talar um. En ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að birgðir hafi ekki dregizt saman. Ég vil þó ekki gefa neina skýrslu um það án þess að ræða við hæstv. viðskmrh. Ég geri ráð fyrir, að ef hv. d. vill fá nákvæmar upplýsingar um þetta mál, sé hægt að gefa þær innan skamms.

Um skattamálin er það að segja, að flokkarnir hafa í aðalatriðum komið sér saman, og er verið að semja um ýmis atriði og undirbúa það, að lagafrv. verði lagt fram. Eins og hv. þm. veit, tekur það sinn tíma að ganga frá málum í öllum atriðum.

Pétur Ottesen: Ég sé ekki ástæðu til að ræða almennt um frv., þó að það hafi verið gert af hæstv. ráðh., auk þess sem hv. flm. reifði málið.

Ég verð að segja, að ég er ekki sammála hæstv. forsrh. um, að það sé í fullu samræmi við yfirlýsingu þá, sem hæstv. ríkisstjóri gaf, að einhverjir þm. innan stjórnarfl. fari að hlaupa til og flytja frv. um þetta sameiginlega stefnumál stjórnarfl. Það er heilbrigðara, að sameiginleg áhugamál stjórnarfl. og ríkisstj. komi beint frá stj., eða að þm. úr báðum flokkum flytji þau sameiginlega.

Það er alveg rétt af hv. þm. Seyðf. að vera ekkert að blanda sér inn í okkar mál, sjálfstæðismanna. Við kunnum áreiðanlega betur að orða okkar hugsun en hann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 295).

***Forseti (JörB):** Það er ekki enn komið fram álit frá minni hl. n. og hefur hv. minni hl. óskað eftir, að málið væri ekki tekið fyrir í dag, en það mun koma á dagskrá á morgun.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 23, n. 295 og 319).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Ég get að mestu látið nægja að vísa til nál. frá meiri hl. fjhn. á þskj. 295. Eins og þar kemur fram, hefur ekki orðið samkomulag um málið í n. Hv. þm. A.-Húnv. hefur skilað sérstöku áliti á þskj. 319 og leggur til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. En hv. þm. Seyðf. kvaðst ekki viðbúinn að taka ákvörðun um málið, þegar það var afgr. í n.

Eftir þeim undirtektum, sem þetta mál fékk við 1. umr. hér í d. frá hæstv. ráðherrum og ýmsum öðrum þdm., hefði þó mátt vænta þess, að samkomulag gæti orðið um slíka sjóðstofnun. Í þeim boðskap, sem fluttur var af hálfu hæstv. stj. við setningu þessa þings, var því einmitt yfir lýst, að eitt af aðalverkefnum þessa þings væri að safna fé til að mæta þeim erfiðleikum, sem búast mætti við eftir styrjöldina. Það er kunnugt, að vegna stríðsins hefur dregið mjög úr nauðsynlegum verklegum framkvæmdum, bæði vegna erfiðleika við útvegun á efni og vegna vöntunar á vinnuafli. Af sömu ástæðum er viðhaldi margra mannvirkja ábótavant á þessum tímum. Þörfin fyrir nýjar framkvæmdir verður af þessum sökum enn meiri, þegar stríðinu lýkur, til þess að styðja framleiðslustarf í landinu og afstýra atvinnuleysi, sem að öðrum kosti má búast við, að verði tilfinnanlegt, þegar sú stundaratvinna, sem skapazt hefur í sambandi við hernám landsins, hverfur úr sögunni.

Ég vil í sambandi við þetta mál vekja athygli á því, að til eru l. frá 1932 um jöfnunarsjóð, þar sem ákveðið er, að þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikn. fara fram úr lögboðnum og óhjákvæmilegum greiðslum, og handbært fé ríkissj. samkv. sjóðsyfirliti nemur meira en 4 millj. kr., skuli leggja það, sem umfram er, í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður. Sjóð þennan á að ávaxta í banka, og er óheimilt að veita lán úr honum. Þennan sjóð á síðan að nota samkv. l. til þess að jafna greiðsluhalla á ríkisreikningi að svo miklu leyti sem handbært fé ríkissjóðs umfram 4 millj. kr. nægir ekki til að jafna hann. Samkv. þessum l. hefði því átt að leggja að minnsta kosti 11 milljónir af tekjuafgangi síðasta árs í þennan jöfnunarsjóð, því að það var upplýst af hæstv. fjmrh., að handbært fé ríkissjóðs hafi verið eitthvað rúmar 15 millj., ef ég man rétt. Ég minnist þess ekki, að fjmrh. léti þess getið, þegar hann skýrði frá afkomu rkisins á næstliðnu ári, hvort búið er að leggja þetta fé í jöfnunarsjóð samkv. l., en um það væri æskilegt að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh.

En þrátt fyrir það að þessi l. um jöfnunarsjóð séu í gildi, tel ég eigi að síður réttmætt, vegna þess að um svo miklar og óvenjulegar umframtekjur er að ræða, að stofna þennan framkvæmdasjóð.

Ég vil benda á, að þótt þetta frv. **verði samþ.** með þeim breyt., sem meiri hl. n. gerir till. um, þá mundi samt eiga að leggja nokkra upphæð í þennan jöfnunarsjóð samkv. l. frá 1932. ef miðað er við þær upplýsingar um fjárhagsafkomu á s. l. ári, sem hæstv. fjmrh. gaf við fjárlagaumr.

Meiri hl. fjhn. flytur nokkrar brtt. við þetta frv. á sama þskj., 295. Fyrsta till. er við 2. gr. N. telur réttast að ákveða nákvæmlega þá upphæð, sem eigi að leggja til sjóðsins af tekjuafgangi s. l. árs, þar sem það liggur fyrir, hvernig afkoman var á því ári. Er það till. n., að það verði 10 milljónir, og enn fremur greiddir til sjóðsins þrír fimmtu hlutar tekjuafgangs, sem verða kann á árinu 1942, en ekki bundið við lágmarksupphæð, eins og í frv. nú. Þá komst meiri hl. n. að þeirri niðurstöðu, að hægt væri að komast hjá því að kjósa sérstaka n. til þess að

hafa umsjón með sjóðnum og gera till. um fjárveitingar úr honum. Í brtt. um það er tekið fram, að fé sjóðsins megi einungis verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis. Þetta töldum við, að nægja ætti.

Þriðja brtt. á þskj. 295 skýrir sig sjálf. Minni hl. gerir nokkuð úr því í nál. sínu, að hér eigi að kjósa sérstaka n. til að hafa umsjá með sjóðnum, en um það er óþarft að deila, þar sem meiri hl. n. komst að þeirri niðurstöðu, eins og ég áðan sagði, að hægt væri að komast hjá því. Verður því væntanlega enginn ágreiningur um þetta.

Tekjur ríkisins árið 1941 voru alveg óvenjulegar. Þær voru um það bil þrisvar sinnum meiri en meðaltekjur nokkurra undanfarinna ára. Allar líkur benda til þess, að tekjur yfirstandandi árs fari einnig mjög fram úr áætlun fjárlaga. Meiri hl. n. telur alveg sjálfsagt, að ráðstafanir séu gerðar til þess, að þessar óvenjulegu umframtekjur ríkisins verði að nokkru leyti notaðar til þess að tryggja nauðsynlegar framkvæmdir og framfarir í landinu eftir stríðið. Ef til vill halda sumir menn því fram, að sjóðstofnun í þessu skyni sé óþörf; peningana megi eins geyma í ríkissjóði. Kemur þetta fram í nál. hv. minni hl. En ég vil benda á það, að allur sá fjöldi af útgjaldatill., sem komið hefur fram á þessu þingi, færir okkur heim sanninn um það, að menn verða kröfuharðari um fjárframlög úr ríkissjóði, þegar þeir hafa hugmynd um, að þar sé fé fyrir hendi. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur verið stöðugt að rigna yfir Alþingi till. um alls konar útgjöld úr ríkissjóði, og munu þær nema geysimikilli fjárhæð, ef saman væru dregnar. Sjálfsagt eiga margar þessar till. rétt á sér, en ég vil fullyrða, að margar eru þær framkvæmdir, sem engar till. eru gerðar um, jafnnauðsynlegar og ef til vill nauðsynlegri en þær, sem till. eru nú gerðar um á þingi. Með því að leggja fé til hliðar, eins og hér er lagt til, sem ekki sé ráðstafað nema eftir sérstökum fyrirmælum þingsins, ætti það að vera betur tryggt, að því verði varið til þeirra framkvæmda fyrst og fremst, sem Alþingi telur, að sitja eigi í fyrirrúmi, að vel athuguðu máli. Og það jafnt, hvort sem hægt er að hrinda framkvæmdunum áleiðis bráðlega eða ekki fyrr en síðar. Sé ekkert fé lagt til hliðar í þessu skyni, en hver einstaklingur komi með kröfur um framlag til þess, sem honum er sérstaklega hugleikið í svipinn, þá er meiri hætta á, að hending ein ráði um ráðstöfun fjárins, en athugun á því, hvað þjóðinni í heild er fyrir beztu, komi síður til greina.

Út af því, sem hv. minni hl. vikur að í sínu nál., að skynsamlegast muni að nota umframtekjur frá 1940 til að greiða ríkisskuldir, ef unnt væri að ná samningum um greiðslu á lánum í Bretlandi, þá vil ég benda á það, sem einnig er vikið að í nál. meiri hl., að meiri hl. leggur sem fyrr á það hina fyllstu áherzlu, að reynt sé að ná samningum um að borga skuldir og færa þær inn í landið á þann hátt að bjóða út innanlandslán, þetta telur meiri hl. heppilegra, og ber margt til þess. Má nefna það, að það er af öðrum ástæðum æskilegt, að tekinn sé úr umferð verulegur hluti af þeim peningum, sem nú eru í umferð, og mönnum gefinn kostur á að ávaxta fé sitt á þann hátt að kaupa ríkisskuldabréf. Og ég vil benda á annað atriði. Ef tekjuafgangur þessara ára verður notaður til þess að greiða ríkisskuldir, en ekkert skeytt um það að taka innanlandslán nú, þá er afar hætt við, að það verði örðugt að fá lán, hvort heldur utanlands eða innan, til að hrinda fram nauðsynlegum framkvæmdum eftir stríð. Getur þá svo farið, að nauðsynlegar framkvæmdir verði ekki unnt að hefja eftir styrjöldina vegna þess, að fé verði ekki fáanlegt til þeirra hluta.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að hafa um þetta fleiri orð, en vil leggja á móti því, að dagskrártill. minni hl. verði samþ. Ég vil mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem meiri hl. n. gerir till. um á þskj. 295.

*__Frsm. minni hl. (Jón Pálmason)__: Ég þarf ekki mörgum orðum um þetta frv. að fara, því að ég hef lagt til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. En í tilefni af því, að nokkrar aths. hafa komið fram hjá hv. frsm. meiri hl., þykir mér rétt að bæta við fáeinum orðum, enda þótt þær röksemdir, sem hv. þm. færði fyrir málinu, hafi ekki sannfært mig um það, að það sé sérstök endurbót í því að samþ. þetta frv. Það var í rauninni ekki neinn ágreiningur um það innan fjhn., að þörf sé á því að auka framkvæmdir í ýmsum myndum og halda við þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, en ég lít svo á, að það sé ekki til neins að skipta fé ríkisins í tvennt og kalla annan hlutann framkvæmdasjóð og hinn ríkissjóð, því að það er ekkert annað, sem verið er að fara fram á með þessu frv. Nú kom það fram hjá hv. frsm. meiri hl., að það eru til l. um jöfnunarsjóð frá 1932 og að eftir þeim l. hefði átt að leggja eitthvað til hliðar af umframtekjum rkissjóðs á s. l. ári, en þetta hefur ekki verið gert. Því sýnist mér engin ástæða til þess að fara að setja ný l., sem gengju alveg í sömu átt eins og þessi jöfnunarsjóðsl. Það er miklu nær sanni, ef menn vilja skipta því fé, sem ríkissjóður hefur yfir að ráða í fleiri staði, að gera till. um það, að l. um jöfnunarsjóð verði framkvæmd.

Ég hafði ekki lesið nál. meiri hl., þegar ég skrifaði nál. minni hl., og í n. var ekki sérstaklega um það rætt að gera breyt. á þessu atriði. En nú sé ég, að meiri hl. leggur til að fella niður gr. um þessa nýju n., sem þarna á að skipa, og er það sönnun þess, að það sé rétt, sem ég hef tekið fram í mínu nál., að þetta sé óþörf nefndarskipun. Annars er það aukaatriði, hvort sú n. verður skipuð eða ekki. En höfuðrökin, sem fram komu hjá hv. frsm. meiri hl. með því, að það væri til umbóta að stofna slíkan sjóð, voru á þá leið, að það væri meiri trygging fyrir því, að því fé væri ekki eytt, sem ríkissjóður hefði umfram sínar þarfir. En ég fæ ekki séð, að þessi rök séu að neinu leyti handbær, vegna þess að þetta hefur þau áhrif, að þetta verður bara meira og minna óhagkvæmt fyrir ríkissjóð, þess vegna eru þessi rök, sem eru í rauninni einu rökin, sem hægt er að tala um í þessu sambandi, ekki handbær. Varðandi skuldagreiðslurnar vil ég segja það, að ég tel það al-

veg ósæmandi fyrir hæstv. Alþ. að gera ekki allt, sem unnt er, til þess að borga af skuldum ríkisins, a. m. k. það, sem mögulegt er að borga vegna gerðra samninga. Þess vegna tel ég, að því fé, sem ríkissjóður fær umfram nauðsynleg gjöld, sé betur verið á þessum tímum til þess að borga skuldir heldur en til þess að leggja féð í sjóð, sem er vaxtalaus, og fara svo aftur að taka lán til skuldagreiðslna. Ég tel þetta óhagkvæma fjármálapólitík og get ekki fallizt á hana. Hv. frsm. vék að því, að það væru miklar líkur til þess, að eftir stríðið yrði ekki hægt að fá lán til nauðsynlegra framkvæmda og þess vegna væri nauðsynlegt að leggja fé til hliðar og taka svo lán til skuldagreiðslna. Ég fæ ekki séð, ef ekki koma einhver sérstök óhöpp fyrir í okkar fjármálalífi, að það séu líkur til þess, að örðugleikar verði á því að fá lán eftir stríðið. En komi slík óhöpp fyrir, svo sem það, að gildi krónunnar hrapi niður, þá er einnig þessi sjóður, sem hér er talað um, lítils virði, því að þá þarf að nota hann til þess að standa straum af þeim lánum, sem meiri hl. n. vill láta taka til þess að borga erlendar skuldir með. Ég held þess vegna, að það sé betra að borga erlendar skuldir hreinlega með tekjum ríkissjóðs, og ég held, að það sé eitt af því, sem hæstv. Alþ. þarf að ganga að með alvöru að borga upp skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana, en að gera það með því að taka ný lán, það er ekkert annað en tilfærslur. Það má segja það, að ef hrunið kemur á þann hátt, að gildi krónunnar fellur, þá séu um leið líka fallin þau lán, sem innanlands eru tekin, því að minni hætta stafi þá af þeim erlendu. Þetta er út af fyrir sig atriði, sem taka þarf til greina, hvort það er af ríkisins hálfu heppilegt að borga upp þær skuldir, sem hægt er, og hvort það er nokkur ástæða til þess að skipta tekjum ríkissjóðs í marga hluti og kalla þá hinum og þessum nöfnum. Hæstv. Alþ. mun hafa yfirráð yfir því, hvernig fé ríkissjóðs er varið, og er engin breyt. á því gerð samkv. frv. Ef örðugleikar koma fyrir ríkið og það þarf á meiri peningum að halda en það aflar, þá má nærri geta, hvort þetta fé, sem kalla á framkvæmdasjóð, yrði ekki tekið til þeirra þarfa, sem nauðsynlega þarf að sjá fyrir. Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta. Ég veit að menn geta gert sér það ljóst, hvort þeir telja aukna tryggingu í því að skipta fé ríkissjóðs, eins og farið er fram á með þessu frv.

*__Haraldur Guðmundsson:__ Í nál. meiri hl. er þess getið, að þm. Seyðf. hafi að svo stöddu ekki verið viðbúinn að taka ákvörðun um málið. Þess er reyndar nokkuð getið, hver ástæðan sé, en hún er sú, að óafgreitt er í n. frv. um breyt. á gengisl. Ég vil auk þess geta þess, að ég hefði talið mikið fyllra að taka upp l. um jöfnunarsjóð frá 1932 og gera á þeim þær breytingar, sem teljast nauðsynlegar. Ég benti einnig á það í n., að ef 2. gr. frv. yrði samþ. eins og hún væri, þá mundi það binda 6 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs á árinu 1942, án tillits til betra ársins, og nú hefur meiri hl. fallizt á, að þessu verði breytt þannig, að miðað verði við tekjuafgang ársins, hver sem hann verður. Ég er, eins og ég gat um við 1. umr., í höfuðatriðum sammála þeirri meginhugsun, sem í frv. felst, að fari tekjur ríkissjóðs svo stórkostlega fram úr áætlun sem reynslan hefur sýnt á s. l. ári, þá sé eðlilegt, að hæstv. Alþ. hafi meiri íhlutunarrétt um þetta fé heldur en verið hefur til þessa að öðru en því, sem segir í l. um jöfnunarsjóð. Ég hygg, að þegar slíkan hvalreka ber að höndum fyrir ríkissjóð, sem hér er um að ræða, þá sé eðlilegt, að hæstv. Alþ. taki ákvörðun um það, hvernig því yrði ráðstafað, en að það sé ekki í höndum stj. á sama hátt og verið hefur til þessa. Ég er sammála þeim þm., sem á það hafa drepið, að einmitt vegna styrjaldarinnar er það bersýnilegt, að opinberum framkvæmdum er ekki unnt að halda í sama horfi og verið hefur undanfarin ár. Það er ekki heldur heppilegt að ráðstafa vinnuaflinu í landinu á þann hátt, þegar nóg er annað að gera. Því álít ég, að allan tekjuafgang, sem af stríðinu hlýzt, beri að leggja til hliðar, til þess að hægt verði að auka framkvæmdir, þegar verr lætur í ári. Í þessu sambandi vil ég bera fram þá fyrirspurn til hv. flm., hvort þeir leggi ekki þann skilning í 1. gr., þar sem segir: „Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna að styrjöldinni lokinni“, að þessu fé verði eingöngu varið til verklegra framkvæmda.

Að því er snertir það álit, sem fram hefur komið í umr., að það beri að nota tekjuafgang ríkissjóðs til þess að greiða upp erlendar skuldir, þá er ég ekki sammála þessu. Ég hygg, að ensku lánin 2 sem ógreidd eru og hægt væri að greiða eftir samningum, nemi 44—45 millj. kr.

Ég álít sjálfsagt, og flutti um það till. á síðasta þingi, að reynt sé að leysa þessi lán inn, en ég vil ekki slá því föstu, að það eigi að nota tekjuafgang landsins til þess að borga þau upp. Ég er sammála hv. þm. A.-Húnv. um það, að þegar þessari styrjöld lýkur, þá verði til nægilegt lánsfé innanlands, og þess vegna vil ég ekki leggja svo mikla áherzlu á það að borga upp erlendar skuldir, í stað þess vil ég láta verja því fé til nauðsynlegra framkvæmda fyrst eftir styrjöldina, og tel ég því eðlilegt, að stofnaður verði sérstakur sjóður í því skyni.

Ég mun greiða brtt. 295 atkv. mitt, og skal ég geta þess, að þessi upphæð, 10 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1941, er miðuð við það, að það sýni sig, að þetta Alþ. geri ráðstafanir, sem binda verulegan hluta af tekjuafgangi ársins 1942.

Eins og komið hefur fram í umr. um málið, þá mun það fara að sýna sig, hvort nota þarf tekjuafgang ársins 1941 til annarra ráðstafana, sem Alþ. teldi svo nauðsynlegar, að ekki yrði hægt að láta þær falla niður.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Út af þeirri fyrirspurn, sem fram kom um jöfnunarsjóð, þá skal ég láta þess getið, að í yfirlitinu um afkomu ársins 1941 lét ég þess getið, að í þessum sjóði væru 15 millj. kr., en ekki er svo að skilja, að það væri allt komið í sjóð, því að eins og hv. þm. vita, er þetta yfirlit að meira eða minna leyti byggt á áætlunum og þar með á áætlunum um það, hvað muni innheimtast í ríkissjóð af slíku fé.

Viðvíkjandi frv. sjálfu vil ég segja það, að ég álít það ekki skipta miklu máli, hvort það verður samþ. eða ekki, því að það, sem gert er með þessu frv., er ekkert annað en það, að Alþ. bindur sínar eigin hendur um það, hvernig skuli verja handbæru fé ríkissjóðs. Það er ekki einu sinni svo, að Alþ. sé með þessu að binda hendur stj., því að ég veit ekki betur en að hæstv. Alþ. hafi haft full umráð yfir fé ríkissjóðs hingað til.

Ég skal taka það fram, að ég er ekki eins sannfærður um það eins og hv. þm. A.-Húnv., að það beri að borga skuldir með tekjum ríkissjóðs, en það er hins vegar athugandi, hvort ekki er hægt að greiða erlendar skuldir með innanlandslánum. Hins vegar vil ég taka undir það með honum, að þegar mjög þröngt er um tekjur hjá ríkissjóði, þá mundi það hafa áhrif á það, hvað hægt væri að gera í þeim efnum.

__Einar Olgeirsson__: Ég hef áður sagt það, að mér fyndist þetta frv. bera vott um skilningsleysi hjá mörgum þm. á því, hvað þarf að framkvæma. Nú, þegar 17 millj. kr. tekjuafgangur er hjá ríkissjóði, eins og var s. l. ár, þá dettur þessum þm. í hug, að nú sé einmitt tækifæri til þess að stofna framkvæmdasjóð. Það virðist svo sem fyrst og fremst þurfi peninga til þess að ráðast í slíkt fyrirtæki, peningarnir séu fyrst og fremst það, sem til þess þarf, sem gera skuli. Hins vegar höfum við hér á Íslandi, síðustu 12 árin, haft nægilegt vinnuafl til þess að ráðast í verklegar framkvæmdir. Vinnuaflið í landinu er óhagnýtt rétt eins og afl fossanna. Alþingi hefur ekki viljað hagnýta þetta afl. Í áratug hafa þúsundir verkamanna gengið atvinnulausir, en engu að síður hefur Alþingi ekki viljað gefa þeim tækifæri til þess að neyta orku sinnar, sjálfum sér og þjóðinni til hagsældar.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu hér. Ég held, að meiri hl. þingsins þurfi að venja sig af þeim hugsunarhætti, sem hann er nú haldinn af, ef einhverju raunhæfu á að koma til vegar í atvinnulífi landsins.

Við þm. Sósfl. lögðum til hér á Alþingi 1939, að gerðar væru ráðstafanir til þess að hefja nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar, — hrinda af stað framkvæmdum, svo að vinnuaflið hagnýttist, reyna eftir megni að útvega erlend efni, sem til þess þyrftu, reyna heldur að spara eitthvað annað. Við bentum á, að þjóðin yrði að keppa að því að verða sjálfri sér nóg og óháð, þegar stríð skylli á, sem við bentum líka á, að væri óumflýjanlegt. Þessum till. var þá ekki sinnt. Nú fyrst, þegar vinnuaflið í landinu er ekki til, er farið að hugsa um þetta. Ég vildi segja þetta *fyrst í sambandi* við þetta frv. um framkvæmdasjóðinn. Skal ég svo koma að honum sjálfum.

Það má margt um það segja, hvað gera skuli við það fé, sem ríkissjóður hefur afgangs. En mér finnst grg. meiri hl. fjárhn. um tilgang og verkefni sjóðsins fram úr hófi losaraleg, og fer fjarri því, að hún afmarki þá stefnu, er fylgja á í þessum efnum. Í þessu nál. segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Viðfangsefnin, sem þarf að leysa, eru mörg. Ný heimili þarf að reisa í sveitum og við sjó og auka ræktun landsins í stórum stíl. Víða í sveitum vantar símalínur, rafstöðvar, vegi og brýr. Nýjar verksmiðjur þarf að byggja, svo sem áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju, verksmiðjur til fullkomnari hagnýtingar á sjávarafurðum o. s. frv. Skólahús vantar í sveitum og kaupstöðum. Enn má nefna hafnarmannvirki og vitabyggingar.“ Og enn fremur í sama nál. segir svo, þegar rætt er um afkomuna eftir stríðið: „Þá verður hins vegar brýn þörf að stofna til framkvæmda til stuðnings atvinnuvegum landsmanna í þeim erfiðleikum, sem vafalaust sigla í kjölfar styrjaldarinnar.“

Ef á að fullnægja öllum þeim atriðum, sem þarna eru talin upp, er enginn munur á þessum sjóði og sjálfum ríkissjóði. Hann á að gera allt mögulegt, leggja símalínur, reisa rafstöðvar, leggja vegi, reisa brýr o. m. fl. Ríkissjóður ver árlega stórfé t. d. til vega og brúargerða í landinu. Á hverjum einustu fjárlögum eru áætlaðar fjárupphæðir í þessu skyni. Það er því alveg auðsætt mál, að ekki á að taka fé til slíkra framkvæmda úr framkvæmdasjóði. — Þessi sjóður á ekki að vera til þess að hlaupa undir bagga með gjaldendunum í landinu í framtíðinni, svo að þeir þurfi minna að greiða til ríkisins, til þess á ekki að fara sá tekjuafgangur, sem nú er, heldur á þessi sjóður að fara til nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar og til þess að lyfta stórum átökum, t. d. reisa áburðarverksmiðju, annaðhvort sem eign ríkisins eða sem blandað hlutafélag, þannig að borgararnir eigi allt að helming í henni, reisa sementsverksmiðju, ef fært þykir, skipasmíðastöð o. fl., yfirleitt stuðla að því, að hér geti risið upp blómlegur atvinnurekstur, er reistur sé á heppilegum grundvelli með þörf þjóðarinnar fyrir augum. Sjóðurinn á að takmarkast við hin stóru átök, en ekki vera til þess að létta skattabyrðinni af borgurunum. Að öðru leyti er ég og þm. Sósfl. þessu máli fylgjandi, en ég mun bera fram brtt. við 3. umr. um, að tilgangur sjóðsins verði skýrt afmarkaður við það, er ég hef nú lýst. Afstaða okkar til málsins mun svo fara eftir því, hvernig þeim till. reiðir af.

Viðvíkjandi 3. gr., um 5 manna nefndina, verð ég að segja það, að ég er nú orðinn langþreyttur á þessum nefndum. A. m. k. hef ég enga trú á því, að nefnd, sem Alþingi kýs, sé neitt betri heldur en t. d. fjvn. hér í þinginu. Ef tillögur þessarar nefndar eiga að vera vel undirbyggðar, væri miklu nær að velja hana utan þings. En sem sagt, ég mun greiða frv. atkv. við þessa umr., en afstaða mín við 3. umr. fer eftir því, hvernig brtt. þeim, er ég ætla að bera fram við frv., reiðir af.

__Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson)__: Ég vil taka það fram út af ræðu hæstv. fjmrh., að meiri hl. n. er það að sjálfsögðu ljóst, að hér er ekki um neina nýja fjáröflun að ræða, heldur er þetta frv. til þess að tryggja betur en ella, að fé verði til, þegar á þarf að halda. Það er auðvitað rétt, að *Alþingi hefur ráð yfir fénu* og því þess vegna aðeins ráðstafað með samþykki Alþingis, annaðhvort fyrir fram eða eftir á.

Hv. þm. A.-Húnv. sagðist ekkert sjá unnið við það að skipta ríkissjóðnum. Ég minnist þess þó, að hann hefur stundum gert athugasemdir við,

að fé úr ríkissjóði væri varið umfram það, er fjárlög heimila. Bjóst ég því við, að hann væri ekki á móti því að gera ráðstafanir til þess, að tekjuafgangi ríkissjóðs væri nú ekki eytt á þann hátt. En hann telur kannske minni hættu á því nú en fyrr. Ég minnist þess einnig, að einn þm. Sjálfstfl. flutti í fyrra tillögu þess efnis, að ríkisstjórnin léti fara fram rannsókn á því, hvort tiltækilegt væri að taka hér upp skyldusparnað. Ríkisstjórnin hefur nú látið framkvæma slíka athugun. En það hefur komið í ljós við umr. um það mál í fjhn., að fulltrúi Sjálfstfl. þar virðist hafa lítinn áhuga fyrir málinu, þegar til á að taka.

Út af fyrirspurn hv. þm. Seyðf. um það, hvernig meiri hl. n. telji, að ráðstafa beri fé úr þessum sjóði, vil ég benda á nál. meiri hl. Þar er að vísu aðeins um bendingar að ræða.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 319 felld með 12:7 atkv.
1. gr. samþ. með 13:4 atkv.
Brtt. 295,1 (ný 2. gr.) samþ. með 17:2 atkv.
— 295,2 (ný 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 295,3 (ný 4. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 54. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 332, 341).

Einar Olgeirsson: Ég hef áður gert grein fyrir brtt. minni, og mun ég ekki endurtaka það, sem ég sagði um málið við 2. umr.

ATKVGR.
Brtt. 341 felld með 11:6 atkv.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 53. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 332, n. 409 og 415, 420).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Eins og sjá má í nál. minni hl. fjhn., hefur n. klofnað. Tvö nál. hafa því verið gefin út, enda þótt mikið beri ekki á milli. Hv. form. n., núverandi hæstv. atvmrh., leggur til, að málinu sé vísað til ríkisstj., en hv. 10. landsk. og ég viljum mæla með því, að frv. verði samþ. Við lítum svo á, að rétt sé að nota þetta tækifæri til þess að koma upp varasjóði, sem hægt sé að grípa til, þegar að kreppir á ný. Fyrir hreina tilviljun og af utanaðkomandi áhrifum hefur ríkissjóður fengið ógrynni fjár í tekjuafgang á s. l. ári. En ekki má búast við, að þessi gullöld eigi sér langan aldur, heldur er það víst, að framtíðin ber í skauti sér óteljandi erfiðleika okkur til handa. Er þá gott að eiga varasjóð til þess að grípa til. Höfuðtilgangur sjóðsins á að vera að styðja atvinnuvegi þjóðarinnar, þegar að kreppir. Þetta, að stofna slíkan varasjóð, er ekki nýtt fyrirbrigði. Á dögum Hilmars Finsens landshöfðingja var stofnaður slíkur sjóður, er kom sér vel síðar, sem sé Viðlagasjóðurinn gamli.

Ég þarf ekki að kynna efni frv., en lagt er til, að stofnaður verði sjóður, er beri nafnið framkvæmdasjóður ríkisins. Gert er ráð fyrir, að 10 milljónir króna af tekjuafgangi ársins 1941 renni í sjóðinn, auk þess ⅝ af tekjuafgangi þessa árs. Fé á svo að vera geymt í Landsbankanum. Það er talið, að tekjuafgangur ríkissjóðs árið 1941 hafi verið um 17 millj. kr. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að leggja til hliðar 10 millj. kr. af þessum tekjuafgangi í því augnamiði, sem ég hef nú getið um.

Í 1. frá síðasta reglulegu Alþ. um heimild fyrir ríkissjóð til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna er gert ráð fyrir því, að verja megi allt að 5 millj. kr. af tekjum ársins 1941 til þeirra ráðstafana, sem þessi l. fjalla um. Enn fremur er það, að fram er komin till. til þál. um fjárframlag vegna sauðfjársjúkdóma, þar sem farið er fram á það, að 3 millj. kr. af tekjum ársins 1941 verði lagðar fyrir, eins og það er orðað, til þess að standast útgjöld vegna sauðfjársjúkdóma þeirra, sem nú herja landið, m. a. til þess að koma upp nýjum, ósýktum fjárstofni. Þannig er það, að við meirihlutamennirnir, eða a. m. k. ég, gerum ráð fyrir því, að líklegra sé, að þessi þáltill. verði samþ. Ef þetta er þá lagt saman, það, sem þetta frv. fer fram á, og það, sem dýrtíðarl. frá því í fyrra heimila að taka af tekjum ársins í fyrra, og það, sem þessi þáltill., sem ég nefndi, fer fram á, þá eru þar komnar 18 millj. kr. eða líklega rúmlega það, sem tekjuafgangur ársins 1941 var. Með tilliti til þessa ber meiri hluti n. fram brtt. við frv., 2. gr. þess, um það, að í staðinn fyrir 10 millj. kr., sem lagt sé í framkvæmdasjóð af tekjum ársins 1941, komi 8 millj. kr. Þessi brtt. er ekki fram borin sökum þess, að við álítum, að þessar 10 millj. kr. séu í sjálfu sér of hátt framlag, sem farið er fram á í frv. Það væri náttúrlega mjög æskilegt, ef hægt hefði verið að halda sér við ákvæði frv. í þessu efni. En ef farið er að samþ. ávísanir í þennan tekjuafgang frá 1941, sem eru hærri heldur en hann raunverulega er, þá sýnist það vera tilgangslaust. Og það er eingöngu með tilliti til þess, að við berum þessa brtt. fram.

Það er hér komin fram brtt. frá hv. meðnm. mínum, 10. landsk., sem skrifaði reyndar undir nál. með fyrirvara. Skal ég ekki ræða um hana fyrr en hann hefur gert grein fyrir henni sjálfur.

***Atvmrh. (Magnús Jónsson):** Eins og hv. frsm. meiri hluta n. minntist á, þá var fjhn.

ekki sammála um þetta frv. Og þó að ekki séu nú nema tvö nál., þá er samt sem áður sitt álitið frá hverjum nefndarmanni. Mætti því segja, að n. sé í raun og veru þríklofin um þetta stóra mál. Og það hefur verið sagt í gamni, og ekki að ástæðulausu, að það færi bráðum að skyggja á stjórnarskrármálið þetta mikla ágreiningsmál hér um þennan sjóð.

Eins og stendur í þessu stutta nál., sem ég hef skrifað um þetta mál, þá er ég alveg sammála þeim aðalröksemdum, sem færðar eru fyrir þessu frv., að ríkissjóður muni þurfa á ákaflega miklu fé að halda að stríðinu loknu eða kannske fyrr. Sú hugsun er því jöfn hjá okkur öllum, að það þurfi að halda vel á þessu fé, sem nú hefur safnazt í ríkissjóðinn. En það, sem okkur greinir á um, er, að ég sé ekki, að þessa hugsun verði á neinn hátt náð að framkvæma með þessu frv. Frv. er frekar bollaleggingar um að leggja þetta fé til hliðar. En það yrði þó ekki lagt til hliðar eftir frv. öðruvísi heldur en fé ríkissjóðs er lagt til hliðar, þannig að það er geymt í banka, hvort sem partur af því er kallaður framkvæmdasjóður eða ekki eða það er bara allt kallað ríkissjóður. Og þegar sagt er, að því verði ráðstafað af Alþ., þá er slíku fé aldrei öðruvísi ráðstafað en af Alþ. Og þó að það þing, sem situr á þessu ári, sé með bollaleggingar um það, að þessu fé skuli varið að stríðinu loknu í þessu eða hinu skyni, þá er a. m. k. hætt við því, að það verði haft að litlu, ef einhver af síðari þingum vilja breyta þessari ákvörðun. Mér finnst það galli á þessu frv., að það er til tekið í því, að það skuli „að styrjöldinni lokinni", svo sem þar að öðru leyti greinir, verja fé þessa sjóðs. Það er augljóst, að það vakir fyrir hv. flm. frv., að það geti alls ekki komið kreppa fyrr en að styrjöldinni lokinni. En það er opinn möguleiki til þess, að kreppa geti komið fyrr heldur en að styrjöldinni lokinni, þannig að einnig fyrir þann tíma þurfi að taka til þessa fjár. Ef t. d. lokast siglingaleiðir, þá hefst þegar í stað kreppa. Og margt getur komið annað til þess, að blómatíminn í fjármálunum verði úti fyrr en að stríðinu loknu. Það er því ekki tiltækilegt að setja þetta ákvæði inn í löggjöf, að þessu fé skuli ekki varið til þess, sem þar er til tekið, fyrr en að styrjöldinni lokinni.

Ég held, að þetta frv., þó að að l. yrði, sé alveg þýðingarlaust. Alþ. mun, hvort sem er, verða að taka til sinna ráða um að taka til þessa fjár, ef nauðsyn ber að dyrum. Og það getur það alveg jafnt, þó að þessi l. séu sett, því að hæstv. Alþ. getur breytt þessum l. og mun gera það, ef þörf krefur. Ég hef út af fyrir sig ekki viljað leggja það til, að þetta frv. verði fellt, því að ég fellst alveg á hugsun þá, sem liggur á bak við það. Það, sem má segja, að kannske helzt hefði getað orðið til þess að halda utan að þessu fé, var sú n., sem upphaflega var í frv. lagt til, að kosin yrði af sameinuðu Alþ. til þess að hafa umsjón með þessum sjóði. En það er þó ekki sagt, að þessi n. mundi gera það eða vilja það, ef á annað borð ætti að taka þetta fé til einhverra neyðarráðstafana. En þar hefði þó verið skipað eitthvert landvarnarráð fyrir þennan hluta af ríkissjóði, þar sem þessi n. hefði verið. En ég kann illa við að skipa n. yfir hluta af ríkissjóði.

Ég sé, sem sagt, enga ástæðu til að leggja til, að frv. verði fellt, því að hugsun þess er ég í raun og veru sammála. Hins vegar tel ég, af því, sem ég hef tekið fram, þýðingarlítið að samþ. það, og hef ég því lagt til í mínu nál., að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Mér virðist nú eiginlega, að eftir ræðu hæstv. atvmrh. mætti álykta, að n. hefði verið sammála, en ekki klofin um þetta mál. Hún viðurkenndi meginhugsun frv., en um ágreiningsatriði málsins var n. klofin. Reyndar má líka segja, að það sé rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að n. væri þríklofin, vegna þess að ég hef líka ákveðna hugmynd um það, hvernig ég vildi, að þessu máli yrði ráðið til lykta. En mér er ekki kunnugt um þá afstöðu, sem meðnm. mínir hafa til þeirrar brtt., sem ég hef borið fram við frv.

Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að ekki væri rétt að breyta frv. eða samþ. það, því að þó að sett væru ákvæði í l. um meðferð þessa sjóðs, væri það þó alveg á valdi þingsins að ráða yfir honum fyrir því, þá má segja, að þetta sé rétt, og er svo um hvaða l., sem eru sett á hæstv. Alþ., að Alþ. hefur vald til þess að breyta þeim l. Þetta út af fyrir sig eru því engin rök gegn því að samþ. eitthvert frv. eða lagaákvæði, þó að síðari þing geti breytt þeim. Það hefur sýnt sig, sérstaklega þegar um fjárhagsmál hefur verið að ræða, að l. hefur verið breytt af Alþ., t. d. l. um skemmanaskatt, þar sem skemmtanaskattinum átti að verja til byggingar þjóðleikhússins, en hæstv. Alþ. taldi rétt að taka til ríkissjóðs vegna fjárhagsvandræða hans. Þar af leiðandi gæti það orðið eins með þetta fé, ef þeir tímar kæmu, að það þyrfti að taka það til ríkissjóðs. Það yrði þá metið af hæstv. Alþ., hvort nauðsyn væri á þeirri ráðstöfun eða ekki. Vegna þessa finnst mér, að hv. d. geti verið sammála um það að samþ. þetta frv. og það verði þá rök með því að samþ. það, en ekki á móti því, að hæstv. Alþ. geti breytt ákvæðunum um tilhögun á þessu fé, ef nauðsynlega þyrfti á að halda.

Við í meiri hluta n. teljum rétt, að það komi í ljós, hvort ekki sé til staðar ákveðinn vilji þingsins um það, að því fé, sem safnazt hefur í ríkissjóðinn í undanfarandi góðæri — frá sjónarmiði ríkissjóðsins — að setja einhverjar hömlur á um meðferð þess, þannig að nokkuð af því sé lagt til hliðar til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem menn búast við, að mæti þjóðinni í næstu framtíð, eða a. m. k., þegar styrjöldinni er lokið. En það, sem okkur, hv. frsm. meiri hluta n. og mig, greinir á um, er, að ég vil setja nánari ákvæði um það, hvernig þessu fé skuli varið, og vil ég, að það sé tekið fram í 1. gr. þessara l. Ég vil að þessu fé verði sérstaklega varið til þess að stofna nýjar framleiðslugreinar, sem upp eru taldar í brtt. minni, sem ég tel nauðsynlegar til þess að auka atvinnulífið, og á þann hátt að fullnægja þörfum landsmanna að stríðinu loknu. Mætti vitanlega segja um þetta langt mál. En það sjá allir, sem hugsa málið, að þegar hin mikla setuliðsvinna,

sem nú er, hverfur, þá reynir á dug landsmanna til þess að finna nýjar leiðir til atvinnu fyrir þann fjölda manna, sem þá missir atvinnu sína. Nú er mikill hluti framleiðslutækja þjóðarinnar í vinnu hjá þessu setuliði, sem losnar, þegar setuliðið hverfur héðan, sem væntanlega verður bá hægt að beina inn á þær brautir að auka framleiðslu landsmanna sjálfra. En þeir er ljóst, sem til þekktu, áður en styrjöldin brauzt út, að hér var hópur atvinnuleysingja, sem þurfti og þarf, þegar hætt er við, að hann myndist aftur, að sjá farborða. Hætt er við, að þessi atvinnuleysingjahópur verði ekki minni hér að styrjöldinni lokinni heldur en fyrir hana, vegna þess að hér hafa myndazt ýmsar atvinnugreinir í landinu og aðrar vaxið stórkostlega, sem eru algerlega tímabundnar við dvöl setuliðsins hér á landi og hljóta því að falla niður eða minnka, þegar setuliðið hverfur héðan. Þess vegna er nauðsynlegt, að fé verði fyrir hendi á þeim tíma til þess að mæta afleiðingunum af þessu. Það kemur fram í nál. meiri hlutans, að þetta sé líka vilji Framsfl. Hann leggur til, að varið verði 3 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1941 í ákveðnu augnamiði, sem sé til þess að koma upp nýjum fjárstofni, en sem gæti heyrt undir ákvæði þessa frv. um framkvæmdasjóð, samkv. 1. gr. þess, eins og hún er nú, þar sem tekið er fram, að hlutverk þessa sjóðs sé að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni. Um það blandast engum hugur, að það er í þarfir atvinnuveganna að koma upp nýjum búfjárstofni, ósýktum og heilbrigðum. Hv. þm. hafa séð nauðsyn á því að taka þetta út úr og ákveða nánar um það, til hvers þessu fé skuli varið. Þeir eru þar alveg á sömu línu sem ég í brtt. minni, nema að því leyti, að hér er um tvenns konar ólík verkefni að ræða. Mér virðist því, að það gæti orðið samkomulag um að samþ. brtt. mína og einnig um að afgr. þetta frv. sem l. frá hæstv. Alþ.

*__Magnús Gíslason:__ Herra forseti! Ég get fallizt á þá hugsun, sem mér virðist liggja á bak við þetta frv., að það sé rétt að leggja til hliðar þann tekjuafgang, sem varð á síðasta ári, til þess að verja honum til stuðnings atvinnuvegunum að stríðinu loknu. En ég skil bara ekki vel eftir orðalagi frv., hve mikil trygging er í því fólgin, að þetta takist, þó að frv. verði samþ., því að það fer eingöngu eftir því, hvernig afkoma ríkissjóðs verður á þeim árum, sem stríðið kann að standa enn þá. Ég þykist vita, að með þessu sé á engan hátt verið að binda hendur hæstv. Alþ. í framtíðinni um það, hvernig það búi út fjárl. Og það getur farið svo, að fjárl. verði svo úr garði gerð, að þau standist ekki í framkvæmdinni, þannig að þegar búið er að taka svo og svo mikið af tekjuafgangi undanfarinna ára frá, þá geti kannske orðið tekjuhalli. Á þá að taka lán, eða á þá að grípa til þessa fjár, sem fyrir hendi er? Það er ekki nema tiltölulega stutt síðan ríkissjóður var í 5 millj. kr. skuld við Landsbankann. Og aðaltekjur ríkisins eru tollarnir. Og ef eitthvað það kemur fyrir, sem dregur úr innflutningnum til landsins, þá minnka tekjur ríkissjóðs að sama skapi. Og það er ekki víst, þó að það hafi gengið vel á síðasta ári að afla tekna fyrir ríkissjóð og útlitið um það á þessu ári sé líka sæmilegt, að það haldist lengi. Tímarnir eru svo óvissir, að maður veit aldrei, hve miklar þessar tekjur ríkissjóðs verða, hvort þær verða lengur eða skemur eins og þær hafa verið að undanförnu. Svo má í öðru lagi á það minnast, að við skuldum enn þá allmikið fé erlendis, rúmlega 20 millj. kr. í Bretlandi, sem ekki hefur verið hægt að greiða enn þá sökum þess, að það er ekki hægt vegna samninga um lánin. En ef það tækist að fá því til vegar komið með samningum, að við mættum greiða þau lán, þá er það spurningin, hvort það eigi að taka til þess lán innanlands eða nota til þess eitthvað af þeim tekjuafgangi, sem er í ríkissjóði. Mér finnst þetta ekki vera svo vel athugað sem skyldi, og vildi ég því vekja athygli hv. þd. á því, að þessi möguleiki getur komið fyrir, kannske áður en varir, að hægt verði að fá að greiða upp eitthvað af þessum lánum. Og ef það fengist, þá yrði til þessara greiðslna að taka annaðhvort eitthvað af því fé, sem handbært er til í ríkissjóði, eða taka til þess nýtt lán.

__Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):__ Það er nú ekki vert að fara að hefja deilur um þetta mál, þar sem allir virðast eiginlega vera sammála um kjarna þess, þann, að það sé rétt að leggja fyrir fé af þeim óvenjulega stóra sjóði, sem ríkissjóður hefur nú að geyma, sem er tekjuafgangur frá árinu 1941, þangað til versnar í ári. En það er aðeins þetta, sem hæstv. atvmrh. hefur ekki trú á eða finnst óþarft að vera að setja nokkrar sérstakar reglur um það, hvernig eigi að leggja þetta fé til hliðar, heldur segir hann, að það megi bara geyma það í þeim venjulega ríkissjóði og svo megi grípa til þess, ef þörf gerist á því. En ég vildi þá spyrja þennan hæstv. ráðh. að því, hvort honum finnist það hafa verið tóm vitleysa hjá okkar forfeðrum, án þess þó að nokkurt slíkt happ bærist þeim í hendur eins og nú í hendur ríkissjóðs, þegar þeir stofnuðu viðlagasjóðinn gamla. Man hæstv. atvmrh. ekki til þess að hafa lesið um það, að fé viðlagasjóðs hafi komið að góðu gagni? Og hefur hæstv. ráðh. trú á því, að það fé hefði verið jafnlengi fyrir hendi, ef sjóðurinn hefði ekki verið stofnaður. Ég held, að reynslan um viðlagasjóðinn gamla skeri alveg úr um það, að það er þó ofurlítil trygging í því, þegar mikill tekjuafgangur er, að taka fé til hliðar og eyða því ekki fyrr en í fulla hnefana. Hæstv. atvmrh. segir, að hæstv. Alþ. hafi sviptaðan ráðstöfunarrétt á þessu fé framkvæmdasjóðsins, ef frv. verður samþ., eins og þó að það lægi í ríkissjóði og milli þess og ríkissjóðs að öðru leyti væri ekki aðskilinn fjárhagur. Mér finnst þetta ekki vera rétt. Því að ég sé ekki annað en að það hlyti að vera hemill á fjárkröfur hv. þm. og annarra á hendur ríkissjóði, að þetta fé væri beinlínis ekki nú á næstu árum ætlað til að eyðast, heldur til að geymast. Og ég sé ekki, að samkvæmt l. væri það í sjálfu sér heimilt að ráðstafa þessu fé með einföldu lagaákvæði. Þetta finnst mér vera töluverður munur frá því að geyma fé þetta á þann hátt, sem hæstv. atvmrh. vill. En það er náttúrlega

eðlilegt, eins og nú er komið, að þessi hæstv. ráðh. treysti hæstv. ríkisstjórn bezt til þess að geyma þessa peninga með því að hafa þá undir sinni hendi, án þess að ríkisstjórnin sé bundin í því efni með l. Ég ætla nú ekki að bera hér fram neitt vantraust til þessarar nýju stjórnar. En ég verð að segja það, að ég álít það óruggara að hafa þá skipun á, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að taka þetta fé til hliðar á þennan hátt.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að kreppa getur skollið á fyrr en stríðinu er lokið, og það geta orðið hér vandræði fyrr en stríðinu er lokið. En það er bara þetta, að frv. miðar við stríðslok vegna þess, að þó að hér komi alls konar vandræði áður en stríðinu er lokið, þá er ekki í fljótu bragði hægt að sjá, hvernig úr þeim vandræðum er hægt að bæta með peningum. Ég veit náttúrlega ekki, hvernig þá kreppu mundi bera að höndum, sem kynni að koma, meðan stríðið stendur. En kæmi slík kreppa, eru langmestar líkur til, að hún kæmi þá vegna siglingaerfiðleika, þannig að vörur og alls konar efni fengist ekki flutt hingað til landsins. Og þá væri í raun og veru lítið hægt að bjarga því ástandi við með þessum sjóði. Þess vegna er það, að það er einmitt miðað við það í frv. að reyna að endurreisa atvinnuvegi þjóðarinnar að stríðinu loknu, *því að það sjá allir menn*, að hverju muni bera hér, þegar stríðið hættir. Þó er ég ekki með þessu að segja, að ég mundi ekki taka til velviljaðrar athugunar breyt. á frv., sem gengju í þá átt, að grípa mætti til þessa fjár til þess að afstýra alveg sérstökum vandræðum, meðan á stríðinu stendur, ef það þá væri hægt með því móti.

Annars er það undarlegt, að það á að vera eitthvað alveg sérstakt með ríkistekjurnar og ríkissjóðinn. Það er varla til það hlutafélag eða samvinnufélag eða yfirleitt fyrirtæki, að það komi sér ekki upp varasjóði. Meðferð sumra slíkra varasjóða er að vísu bundin dálitið með landslögum, svo sem t. d. samvinnufélögin. En það eru líka félög og fyrirtæki í landinu, sem ekki eru bundin neinum ákvæðum um varasjóði, sem samt hafa varasjóði. Þau hafa því *ráðstöfunarrétt yfir varsjóðum sínum*, alveg eins og hæstv. Alþ. mundi hafa yfir þessu fé, sem hér í frv. er gert ráð fyrir að leggja til hliðar. En samt telja þau tryggara að hafa þessa varasjóði, þannig að þau taka fé til þeirra úr atvinnurekstrinum til þess að tryggja framtíð sína. Það er einkennilegt, ef þetta er af öllum talið rétt um „privat"-fyrirtæki og félög, að þá skuli það vera tóm vitleysa, ef ríkissjóður fer eins að, þegar hann á kost á því.

Hv. 11. landsk. hefur borið hér fram brtt. á þskj. 420, *og hann sagði, að það væri um hana*, sem hann greindi á við mig. Þetta er nú ekki alls kostar rétt. Ég hef ekki látið í ljós neina andstöðu vegna þessarar brtt. hans. Hann sýndi mér hana, áður en hann sendi hana í prentun, og það er að vísu rétt, að ég vildi ekki gerast meðflm. að henni, af ástæðum, sem ég kem síðar að. En hvað till. sjálfa snertir, er langt frá því, að ég hafi nokkuð á móti henni efnislega. Ég álít einmitt, að fé framkvæmdasjóðs eigi að verja m. a. til þeirra framkvæmda, sem till. hans greinir. Hitt er aftur annað mál, að ég tel ekki nauðsynlegt að breyta frv. á þennan veg, og er það m. a. vegna þess, að það var svo greinilega tekið fram í grg. frv., þegar það var fyrst borið fram, á haustþinginu, og líka, að ég ætla, í ræðum hv. flm. þess í hv. Nd., að ætlazt væri til, að fé sjóðsins, þegar til kæmi, yrði varið til slíkra framkvæmda, sem talað er um í brtt. Þessu var ekki mótmælt, og mér finnst maður mega treysta því, að svo verði gert. Ég *mun ekki greiða atkv. gegn þessari till., og ég* mundi greiða atkv. með henni og meira að segja bera fram viðaukatill. við hana, ef ekki stæði svo á, að þessu mjög svo þýðingarlitla þingi er að verða lokið. Ef farið yrði að breyta frv., mundi það náttúrlega tefja framgang þess og tefla því í nokkra tvísýnu sökum tímaskorts.

(**Erlþ**: Hv. frsm. hefur breytt því sjálfur.) Rétt er það. En það er um svo sjálfsagt atriði, eins og komið er, að telja má alveg víst, að hv. Nd. fallist á þá breyt. Aftur á móti gæti þessi till. valdið ágreiningi. Af þeirri ástæðu, og með því líka, að ég tel till. þessa í raun og veru ekki nauðsynlega, þá hefði ég talið réttara, að hún kæmi hér ekki fram. Þó mun ég ekki greiða atkv. gegn henni, en verði hún samþ., þá mun ég við 3. umr. málsins að öllum líkindum bera fram viðaukatill. við hana, um nokkur fleiri atriði, *sem mér finnst*, að alveg eins megi nefna eins og þau, sem till. greinir.

Hv. 10. landsk. var að tala um það, að það væri engin trygging fyrir því, að afkoma ríkissjóðs yrði svo góð til stríðsloka, að ekki gæti verið nauðsynlegt að grípa til þessa fjár fyrr. Það, sem er tilgangur hv. flm. og annarra, sem að þessu frv. standa, er, að þeir álíta, að þörf ríkissjóðs fyrir fé að stríðinu loknu verði svo rík til þess að rétta við atvinnuvegi þjóðarinnar, að það sé þinganna, sem haldin verða til stríðsloka, *að sjá ríkissjóði fyrir nægilegum* árlegum tekjum. Ég veit það, að einmitt af því, að þetta fé er nú fyrir hendi, þá mun, ef peningaflóðið inn í ríkissjóð minnkar, verða miklu auðveldara að grípa til þess árlega til venjulegra þarfa ríkisins, ef það er haft í ríkissjóði, heldur en ef það er geymt í slíkum varasjóði, eins og með þessu frv. er lagt til. Svo að þetta finnst mér því vera stuðningur við minn málstað og okkar, sem í meiri hlutanum erum.

Hv. 10. landsk. minntist líka á skuldir, sem enn væru í Bretlandi. Það er náttúrlega rétt og sjálfsagt að greiða þær, þegar það er leyfilegt og hægt, en ég hygg, án þess að ég ætli að fara út í það mál, að af öðrum ástæðum muni verða fullt eins hentugt að taka lán til þess að greiða þær skuldir. Íslenzkir bankar og einstaklingar eiga ekki einasta svo mikið fé úti í Englandi sem *ríkisskuldunum* nemur, heldur mörgum sinnum meira, og ég fæ í fljótu bragði ekki betur séð en að það yrði öllum aðilum haganlegast, að lán yrðu tekin af þessu fé til þess að greiða skuldir ríkissjóðs í Englandi og færa þær með því í hendur innlendra manna eða stofnana. Ég býst við, að það sé hægt að breyta lánunum þannig, þó að ríkissjóður eigi að vísu sjálfur fé til þess að breyta því í enska mynt á sama hátt. En það þýðir bara það, að taka verður ný lán að stríðinu loknu til þess að

reisa við það, sem ætlazt var til, að framkvæmdasjóður ríkisins reisti við í atvinnulífi þjóðarinnar. Og ég veit þá ekki, hvort það munar svo miklu, þó að skuldirnar lækki raunverulega á stuttu árabili. Og á allan hátt finnst mér vera töluverð trygging í þessum ráðstöfunum, þó að ég játi það með hæstv. atvmrh. og hv. 10. landsk., að Alþingi hafi náttúrlega vald yfir þessu á hverjum tíma. Það getur farið illa með þessar ráðstafanir, sem nú eru gerðar, ef frv. verður að lögum, en þannig er það með allt, sem við samþ. hér og ákveðum, að næsta þing getur gert það allt að engu.

*Atvmrh. (Magnús Jónsson): Umr. um þetta mál hafa þegar orðið öllu lengri en búast mátti við, sérstaklega af því, að öllum virðist bera tiltölulega lítið á milli, þó að fjhn. tæki upp á því að klofna um málið. Ég verð þó að svara nokkrum orðum því, sem komið hefur fram.

Hv. 10. landsk. sagði út af orðum mínum, að það væru engin rök frá mér gegn þessu máli, að Alþingi gæti breytt lögum, og hv. frsm. meiri hl. tók undir það. Ég vil samt segja, að talsverð rök séu í þessu máli, því að það er tvennt ólíkt, hvort sett eru lög, sem þegar eiga að koma til framkvæmda, eða hvort það eru lög eins og þessi eða áætlanir um, að eitthvað skuli gert einhvern tíma í framtíðinni. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þetta er að vissu leyti einkennileg löggjöf, af því að það er til löggjöf um þetta atriði. Það eru 10 ára gömul lög, frá 1932, um svo kallaðan jöfnunarsjóð ríkisins. Þar er svo ákveðið, að þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögboðnum og óhjákvæmilegum greiðslum og handbært fé ríkissjóðs samkvæmt sjóðsyfirliti nemur meiru en 4 milljónum króna, þá skuli leggja það, sem umfram er, í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður. Og skal ávaxta fé hans í banka. Þarna er heimild fyrir þessari ráðstöfun. Þ. e. a. s., ef ríkissjóður eignast svo og svo mikið handbært fé, þá rennur það, sem er fram yfir 4 millj. kr., samkvæmt fyrstu grein þessara laga, í jöfnunarsjóð. Það hlýtur því, eftir þeim lögum, eitthvað að vera komið í jöfnunarsjóð, ef svo mætti að orði komast. Svo kemur grein, sem segir, hvernig eigi að verja þessum jöfnunarsjóði. Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, ber að greiða af handbæru fé ríkissjóðs það, sem til er umfram 4 milljónir, en það, sem á vantar, greiðist úr jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til. Svo kemur nánara ákvæði um þetta. Og að lokum kemur ákvæði um það, að verja megi honum til greiðslu á erlendum skuldum. Þessu er öllu ráðstafað með þessum lögum. En nú er ekkert orð um það í þessum lögum, að þau lög verði úr gildi numin, en þau eru það sjálfsagt að einhverju leyti, ef þessi lög verða sett. Þetta er ágætt dæmi um það, hvað það þýðir að setja þess konar löggjöf. Nú kemur Alþingi 1942 og setur lög eins og því sýnist og skeytir ekkert um vilja Alþingis 1932. Og það mun sýna sig, að það mun í hvert skipti setja lög eins og því sýnist í þessu efni, og það er eðlilegt.

Ég minntist ekkert á brtt. hv. 10. landsk. áðan, en ég vil út af henni segja það, að mér þykir engin furða, þótt menn vilji segja til um það, hvernig eigi að verja þessu fé. En sams konar till. kom fram í hv. Nd. og var felld þar. Nú kemur hv. 1. þm. Eyf. og ætlar strax að fara að bæta við hana. Ætli það komi ekki þarna gangur málanna. Nú vilja menn þetta eða hitt, á næsta þingi vilja menn ekki þetta, heldur eitthvað annað. Svona verða menn alltaf að breyta þessu, og svo þegar að því kemur, að það á að ráðstafa þessu, þá verður málið tekið upp til alveg nýrrar athugunar. Og það verður farið með þetta fé eins og ríkissjóður væri.

Ég hef ekki getað náð í ákvæðin um viðlagasjóðinn gamla, sem hv. þm. sagði, að verið hefði skynsamlega ráðstafað. Þessi sjóður myndaðist við það, að þá kvað alltaf við, að enginn hefði peninga nema landssjóður. En ég held, að hann hafi verið allt öðruvísi. Hann var einshvers konar lánsstofnun, og honum var ekki svo glatt eytt, af því að hann stóð úti í lánum til húsa, jarða og ýmislegs annars. Það er því engan veginn hægt að jafna þessu saman.

Hv. frv. meiri hl. sagði, að hann skildi ekki í því, að ríkissjóður gæti ekki safnað varasjóði eins og einstök félög, t. d. hlutafélög. Það getur vel verið, að þetta sé skrýtið, en svona er það nú samt. Og það er kannske nokkuð ólíku saman að jafna. Það er búið um varasjóðina miklu betur af félögunum, og svo er með skattalögunum búið að gera þá þannig úr garði, að það er lítt mögulegt að hagga við þeim. Og svo má búast við, að varasjóðir félaga haldist betur við, af því að þar eru eigendurnir alltaf þeir sömu. Ég gæti trúað, að þeim væri mismunandi varið, ef skipta ætti oft um þá, sem með þá fara. Aftur á móti er það þannig með sjóði ríkisins, að það er alltaf verið að gera kröfur um að fá fé úr þeim. Og reynslan hefur sýnt, að það er ekki eins auðvelt fyrir sjálft löggjafarvaldið að koma sér upp varasjóði og það er í einstökum félögum, nema því yrði komið inn í stjórnarskrána. Það mætti kannske setja það inn í hina endanlegu nýju stjórnarskrá, svo að maður tali nú um þetta í gamni og alvöru.

Ég vil beina þeirri spurningu til hv. frsm. á móti spurningu, sem hann beindi til mín: Hvað heldur hann, að gert yrði, ef miklir vandræðatímar rynnu upp og tekjur ríkissjóðs rýrnuðu og ákaflega mikil þörf væri á því, að hið opinbera hefðist handa um framkvæmdir? Heldur hann virkilega, að þessi ákvæði um framkvæmdasjóð ríkisins mundu þá nokkuð mega sín fyrir þeirri þörf? Ég hef ekki nokkra trú á því. Ég held, að það gerði ekkert til, þó að þetta fé væri í þessum framkvæmdasjóði, því yrði þá bara veitt úr honum. En hvað það væri betra heldur en að ráðstafa því úr ríkissjóði, það fæ ég ekki séð.

Ég vil ekki ganga á móti þeirri hugsun, sem er í þessu frv., en tel hins vegar, að það komi ekki að verulegu gagni. Ég legg svo að lokum til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Ég held, að það hafi verið misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf., að ég hafi sagt, að hann hefði beinlínis verið andvígur brtt. þeirri, sem ég ber fram á þskj. 420. En ég held, að ég hafi orðað það svo,

að mér virtist vera ágreiningur um 1. gr. Og ég benti á það í því tilefni, að flokksmenn hans bera fram till. þá, sem vitnað er til í nál. meiri hlutans, þar sem lagt er til að leggja fyrir 3 milljónir kr. af tekjum ársins 1941, sem á að verja til alveg sérstakra ráðstafana að stríðinu loknu. Þetta er vitanlega ekkert annað en það, sem í minni brtt. er. Ég vil, að þessu fé sé varið til sérstakra ráðstafana, eftir því sem unnt er.

Hv. 1. þm. Eyf. tók þessari brtt. minni vinsamlega, en kvaðst þó ekki greiða atkv. með henni, m. a. vegna þess, að hann sagðist treysta því, að það yrði haft eins og brtt. segir, þótt það standi ekki í frv., og þó sérstaklega vegna þess, að í grg. frv., eins og það var lagt fram á haustþinginu, hafi þetta verið tekið upp. Og í öðru lagi hefði þetta komið fram í framsöguræðu hv. flm. í hv. Nd. En það, sem sagt er um mál, er alls ekki sama og það, sem ákveðið er með lögum. Og það hlýtur hann að viðurkenna, að það er öruggara að hafa lagaákvæði um þær framkvæmdir, sem honum er ætlað að gera. Út frá þessari röksemdafærslu hv. þm. virðist mér, þar sem hæstv. atvmrh. hefur ekki lagt til, að frv. verði felllt, heldur vísað til stj., að ég gæti, ef till. mín yrði felld, með sömu röksemd, — að í hv. Nd. væri búið að tala um, að svona ætti að ráðstafa fénu —, greitt atkv. með því, að frv. yrði vísað til hæstv. ríkisstj., af því að hún mundi ráðstafa fénu svona, þó að það stæði ekki í lögum. Það virðist mér a. m. k. rökrétt ályktun af því, sem þessi hv. þm. sagði. Ég mun því, ef min till. verður felld, taka til athugunar, hvort ég álít rök hans svo mikils virði, að rétt sé að fylgja till. hv. minni hluta.

Út af því, sem hæstv. atvmrh. talaði um, að þessi lög væru annars eðlis en þau lög, sem kæmu strax til framkvæmda, vil ég segja það, að það er ekki rétt. Þegar þessi lög öðlast gildi, þá koma þau strax til framkvæmda að því leyti, sem til sjóðsmyndunarinnar kemur, en að öðru leyti koma þau ekki til framkvæmda, fyrr en fé sjóðsins er ráðstafað.

Um jöfnunarsjóð gegnir allt öðru máli. Þar er gert ráð fyrir varasjóði, sem varið yrði eingöngu til þess að greiða tekjuhalla, sem kæmi fram á fjárlögum. En hér er um að ræða fé, sem fengið er á óvenjulegan hátt, og við leggjum til að verði fest, eftir því sem unnt er, þó að okkur sé vitanlega ljóst, að komandi þing geta breytt þessu, ef viðhorfin breytast að einhverju leyti. Og ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, hvort ekki muni vera heppilegra fyrir hæstv. ríkisstj. og þau þing, sem afgreiða fjárlög, að hafa sem allra mest af árlegum tekjum ríkissjóðs bundið, og hvort það er ekki alveg rökrétt ályktun af því, að fjárkröfur ýmissa hv. þm. eða kjördæma á hendur ríkisstj. og Alþingi mundu verða nokkru minni, ef fyrirfram væri vitað, að svo og svo mikið af tekjuafgangi hvers árs væri bundinn, og ekki ráðstafað nema í sérstöku augnamiði á vissum tímum. Og út af þeirri líkingu, sem hæstv. atvmrh. dró í þessu máli, um horn á húsi, sem byggt hefði verið og gerði gagn, meðan það stæði, vildi ég beina til hans og hv. dm., hvort við getum ekki orðið sammála um að bíða þetta ár, svo að það geri sitt gagn, meðan það stendur, enda færi bezt á því.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs, ef hæstv. atvmrh. hefði ekki beint til mín beinni spurningu. Hann spurði, hvað ég héldi, að gert yrði, ef ríkissjóð skorti fé og hér bæri einhver stórvandræði að höndum, áður en stríðinu lyki. Ég vil benda honum á, að þetta fé fer ekki á fjöll, jafnvel þó að þetta frv. verði samþ., ef fé gæti þá bætt úr þeim vandræðum, sem kynnu að höndum að bera. Gæti þá ríkissjóður sjálfsagt tekið þetta fé að láni. En annars hef ég ekki trú á því, að meðan stríðið stendur, beri þannig löguð vandræði að höndum, að peningar geti mikið úr bætt. Hæstv. ráðh. vildi gera mun á venjulegum l., sem hann kallaði, og þessum l., vegna þess að venjuleg l. væru framkvæmd þegar í stað, en þessi l. ekki. En þetta er misskilningur. Það á að framkvæma þessi l. þegar í stað, að því leyti að leggja þetta fé til hliðar. Hann minntist á l. um jöfnunarsjóð ríkisins, sem sett voru að ég ætla árið 1932. Það er alveg rétt hjá honum, að þessu frv. svipar að nokkru til þeirra l., en þó eru þau algerlega miðuð við venjulegt ástand, þegar gengur upp og niður fyrir ríkissjóði, en alls ekki miðuð við hið óvenjulega ástand, sem nú hefur skapazt. Þess vegna er það, að það, sem átti vel við 1932, á ekki við öllu lengur. Í frv. er gefin alveg sérstök heimild til þess að nota þetta fé í ákveðnu augnamiði, til þess að rétta við atvinnulíf þjóðarinnar að stríðinu loknu, en jöfnunarsjóður var alveg sérstaklega miðaður við þarfir ríkissjóðs, ef þær yrðu stundum meiri en á öðrum tíma. Ég held því, að ekki sé beinlínis þörf að nema l. um jöfnunarsjóð úr gildi, þó að þetta frv. verði samþ.

Þá vék hv. þm. að viðlagasjóðnum gamla og virtist halda, að hann hefði verið stofnaður til þess að útvega landsmönnum veltufé, — vera eins konar lánsstofnun. Þetta er misskilningur. Hann var stofnaður til þess að tryggja ríkissjóð, — hann var varasjóður ríkissjóðs. Hitt er annað mál, að hann var ávaxtaður með því að lána úr honum oft og tíðum einstökum mönnum og stofnunum. Því að þegar viðlagasjóðurinn var stofnaður, var engin lánsstofnun til í landinu, sem gæti tekið við slíku fé til ávöxtunar. Voru þá slegnar tvær flugur í einu höggi, að tryggja ríkissjóð og veita fé út til atvinnulífsins. En það kemur ekki þessu máli við, þó að það, sem eftir var af viðlagasjóði, hafi verið afhent Búnaðarbankanum. Það var ekki gert vegna þess, að það væri sérstaklega í samræmi við fyrra starf viðlagasjóðsins, heldur af því, að þarna voru til peningar til að láta Búnaðarbankann hafa. Og hann var látinn hafa það sem eins konar stofnfé til þess að koma honum á laggirnar í fyrstu.

Þá taldi hv. ráðh. það meginmun á þessu og varasjóðum félaga, að sömu menn hefðu umráð yfir þeim ár frá ári, en hins vegar breytilegt, hverjir sætu á þingi, skildist mér. En í sumum félögum, sem hafa varasjóði, er það svo, að þeim málum er ráðið til lykta á fulltrúafundum, þar sem fulltrúarnir eru kosnir árlega, en ekki til 4 ára eins og alþm. Svo að ég held, að þessi rökfærsla nái ekki langt.

Hv. 10. landsk. skal ég ekki svara miklu. Hann kvað einhverja framsóknarmenn hafa borið fram till. um að taka 3 millj. til væntanlegra ráðstafana út af sauðfjárpestunum. Ég sé ekki, að sú till. komi þessu máli neitt við. Hv. þm. sagði, að þar eð ég teldi ekki þörf á að samþ. till. hans, af því að heimild til sömu framkvæmda og till. fjallar um fælist í frv., mætti mér standa á sama, þótt frv. væri vísað til stj., enda kærði ég mig ekki um að telja upp það, sem ætti að gera með þetta fé. Kvað hann þá stj. mundu ráðstafa fénu í sama tilgangi sem búið var að tala um. En hér er tvennu ólíku saman að jafna. Frv. hefur inni að halda heimild til alls þess sama sem till. hv. þm. fjallar um, þó að það sé ekki eins greinilega orðað í frv. En þó að frv. verði vísað til stj., þá hefur stj. enga heimild til að nota þetta fé öðruvísi en með frekari ákvörðun Alþingis, í fjárl., eða með þál. o. s. frv. Því að þótt umframgreiðslur hjá stj. séu samþ. eftir á, þá veit hv. þm., að samkv. stjórnarskránni hefur stj. ekki heimild til að greiða fé ríkissjóðs, nema með því móti, að Alþ. hafi á einhvern hátt veitt heimild til þess.

*__Magnús Gíslason:__ Hv. frsm. meiri hl. hefur svarað þeirri aths., sem ég gerði út af þessu frv., hvernig ráðstafa mætti þessu fé á næstu árum, áður en þetta kæmi til framkvæmda, á þá leið, að það væri tilgangur með þessu frv. að taka þetta fé og leggja til hliðar, og það alveg án tillits til þess, hvernig afkoma ríkissjóðs verður á næsta ári, jafnvel þótt um halla verði að ræða. Ég verð nú að telja það ákaflega lítil búhyggindi að taka 8 millj. kr. eða hvað, sem það verður, og leggja í Landsbankann og láta það liggja vaxtalaust þar á sama tíma sem ríkið þyrfti að reka sinn búskap með dýru lánsfé. Ég efast ekki um, að í reyndinni yrði fyrst gripið til þessa fjár, ef slíkt bæri að höndum. Mér virtist líka hv. frsm. inna að þessu í sinni síðustu ræðu, þar sem hann reiknar með þeim möguleika, að ríkissjóði yrði lánað fé úr þessum framkvæmdasjóði til nauðsynlegra framkvæmda. Hann taldi einnig geta komið til mála að taka lán úr þessum sjóði, ef greiða þyrfti skuldir ríkisins erlendis. Gat hann þess jafnframt, að ef ekki verður handbært fé að stríðinu loknu til þeirra framkvæmda, sem ætlazt er til með lögum, þá gæti komið til mála að taka ný lán til þeirra hluta. En er þá ekki mergur málsins, hvað það er, sem framtíðin ber í skauti sínu? Verður nokkur fullnaðarráðstöfun gerð um þetta fé, fyrr en maður sér fram á, hvernig afkoman verður á næsta ári? Það hygg ég ekki. Ég held þess vegna, að þetta sé meinlaus till. í sjálfu sér, en geti því miður ekki náð þeim tilgangi, sem ætlazt er til.

ATKVGR.

Till. á þskj. 409, frá minni hl. fjhn., um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 8:5 atkv.

Brtt. 420 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 415 samþ. með 12:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 436, 441).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 441. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

__Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):__ Eins og menn muna, var þessu frv. breytt við 2. umr. svo, að við 1. gr. frv. var bætt nokkurri upptalningu um það, til hvers ætti að verja fé framkvæmdasjóðs ríkisins, í stað þess, að áður var ætlazt til, að ákvörðun um það yrði tekin af Alþ., þegar þar að kæmi. Ég lét þess þá getið, að ég teldi ekki þörf að samþ. þessa till., þó að ég legðist ekki á móti því, því að í frv. væri heimild til alls þess, sem brtt. fjallaði um. Ég gat þess enn fremur, að ef breytt væri á annað borð, teldi ég rétt að hafa upptalninguna nokkuð fyllri, og að ég mundi bera fram brtt. í þá átt. Ég hef nú gert það, á þskj. 441, um, að inn í upptalninguna sé bætt, að fé framkvæmdasjóðs skuli og varið til ræktunar og býlafjölgunar í sveitum. Úr því að farið var að telja upp verkefni sjóðsins, má þetta ekki niður falla, því að ég álít, að það verði eitt allranauðsynlegasta viðreisnarstarfið. Fólkið hefur streymt úr sveitunum þangað, sem setuliðin hafa bækistöðvar, og það er fjöldi fólks, sem nú byggir afkomu sína á vinnu hjá setuliðunum. Veitingastöðum í Reykjavík hefur fjölgað um tugi o. s. frv. Hvað verður um þetta fólk, þegar sú atvinna hverfur? Hér í Reykjavík eru íbúarnir orðnir yfir 40 þús. Að vísu er togaraútgerðin hér, og svo hefur Reykjavík þá sérstöðu að skattleggja verzlunina yfir allt landið, en samt virðist atvinnuleysi óhjákvæmilega vera framundan. Reynslan er sú, að þeir, sem eru einu sinni komnir til bæjarins, taka sig ógjarna upp aftur, en ég tel ekki óhugsandi, að þeir, sem eru nýfluttir hingað í setuliðsvinnu og kunna enn öll vinnubrögð í sveitum, vildu flytja til sveitanna aftur, ef þar væru lífsmöguleikar fyrir þá. Þess vegna er till. mín fram borin. En hvað sem um þetta er, er þó það víst, að fólkinu fjölgar. Það er eðlileg fjölgun í sveitinni, ef fólkið ekki flytti til sjávarsíðunnar, og það verður áreiðanlega það ástand eftir stríðið, að bæirnir geta ekki bætt við sig fólki ofan úr sveit.

Úr því að farið er að telja upp verkefni framkvæmdasjóðs ríkisins, þá finnst mér ekki mega vanta þetta atriði, og ég set það efst. Ég veit, að í núgildandi l. hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að auka ræktun og fjölga býlum, og þær ráðstafanir eru góðar, en ég er sannfærður um, að það ástand skapast hér síðar, að þessar ráðstafanir verða ekki nægjanlegar, og þess vegna tel ég þurfa meira fé í þessu skyni en gert er ráð fyrir í l. — Ég hygg þess vegna, að brtt. mín hafi fullan rétt á sér.

*__Atvmrh. (Magnús Jónsson):__ Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni. Mér finnst brtt. hv. 1. þm. Eyf. eiga fullan rétt á sér, úr því að byrjað er á því á annað borð að telja upp verkefni þessa sjóðs, en ég tel það formgalla á frv.,

að upptalningin skuli ekki vera í 3. gr. þess, því að þar átti hún í raun og veru betur heima, en þetta gerir ef til vill ekki svo mikið til, enda þótt það hefði verið heppilegra.

Annars sýnist mér þessi brtt. benda til þess sama og ég hreyfði við 2. umr. málsins, að hér verði aðeins um bollaleggingar að ræða, sem byggjast á tilviljunum. Það er eðlilegt, að hér komi til greina að undirbúa þá tíma, er taka verður við fólki, sem verður atvinnulaust eftir stríðið, og búa í haginn fyrir það á ýmsan hátt. Margt þarf að gera, og ég tel rétt, að skipuð verð n. hæfustu manna til þess að undirbúa þetta verkefni. Það er að vísu ágætt að hafa nóg býli í sveitum landsins, en ég óttast, að fólk fáist ekki til að flytja út í sveitirnar. Mörg eru dæmi þess, hvað menn eru tregir til að fara úr bæjunum út í dreifbýlið. Ég get nefnt eitt dæmi héðan úr Reykjavík. Embættismaður einn hér í bæ var beðinn að útvega ráðsmann á góðan sveitabæ, en það reyndist ókleift. — En þeir, sem eru atvinnulausir, það má vel vera, að marga þeirra megi fá út í sveitirnar, þegar skorturinn tekur að sverfa að þeim.

Svo er annað ekki veigaminna atriði, sem verður að taka til greina í þessu sambandi, en það er, hvort markaður fæst fyrir landbúnaðarafurðir, ef landbúnaðurinn eykst. Það hefur oft reynzt erfitt hingað til, og þess vegna verður einnig að spyrja um hlutfallið milli neytenda og framleiðenda. Ég segi þetta sem frsm. minni hluta fjhn. og get að endingu sagt, að vel verður til alls þessa að vanda, ef framkvæmdasjóður ríkisins á ekki að verða annað en formið tómt.

Erlendur Þorsteinsson: Þessi brtt. hv. 1. þm. Eyf. er nýlega fram komin, og n. hefur ekki getað tekið afstöðu til hennar vegna þess. Það er rétt hjá þessum hv. þm., að nauðsyn sé á að auka býlafjölda í sveitunum, en til þess hafa þegar verið gerðar ráðstafanir. Ég álít, að framkvæmdasjóður ríkisins eigi að hafa það að marki að stofna til nýrra framkvæmda og framkvæmdagreina, enda er það tekið fram í 1. gr. frv., og þess vegna væri nær að skjóta inn í ákvæði t. d. um nýja framleiðslugrein á sviði landbúnaðarins. Annars er langt frá því, að landbúnaðinum sé með þessu frv. gert lægra undir höfði heldur en öðrum atvinnuvegum, því að þar er ákveðið um framleiðslu tilbúins áburðar, sem er landbúnaðinum til mikils stuðnings. Ef inn í upptalninguna á að koma bygging sveitabýla, þá mætti líka koma bygging verkamannabústaða, því að það tvennt er mjög sambærilegt.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að þeir tímar koma, að vandræði verða með fólk, sem flutt hefur til Reykjavíkur í þá atvinnu, sem skapazt hefur af völdum setuliðsins, en ég er sammála hæstv. atvmrh. um það, að til lítils yrði að fjölga býlum, ef fólkið fæst ekki til að fara þangað, Fyrstu þrír liðirnir, sem nefndir eru í frv., eru: áburðarverksmiðja, sementsverksmiðja, og skipasmíðastöð. Hér er um að ræða alveg nýjar atvinnugreinir, sem stofnaðar verða í landinu. — Áður fluttum við inn bæði tilbúinn áburð og sement, en samkvæmt þessu ætti að búa þessi efni til hér, og yrði það áreiðanlega til mikils ávinnings fyrir þjóðina. Hins vegar er ekki hægt að búast við, að þessar vörur verði til útflutnings, né heldur, að við verðum samkeppnisfærir við þær þjóðir, sem framleiða þessar vörur í stórum stíl. Slík framleiðsla verður dýrari hér, en gagnvart okkar eigin notkun horfir þetta öðruvísi við, því að til viðbótar koma farmgjöldin til greina, sem bætast við verð vörunnar, þegar hún er flutt inn.

Öðru máli er að gegna um aukningu á framleiðslu landbúnaðarafurða, þar sem fyrir þær er mjög takmarkaður markaður bæði á heimsmarkaðinum og eins hér innanlands.

Nýlega voru lagðar fyrir Alþ. till., þar sem ætlazt er til, að ríkissjóður verðbæti landbúnaðarafurðir ársins 1941, vegna þess að þær eru ekki seljanlegar. Ég tel þess vegna, að með því að auka framleiðslu landbúnaðarafurða, eins og nú er, sé farið úr öskunni í eldinn. Það væri fjarstæða að fara að veita stóra upphæð peninga til þess að framleiða vöru, sem ríkissjóður þyrfti svo að verðbæta sökum markaðsörðugleika.

Það mætti ef til vill koma upp verksmiðjum, sem ynnu úr ófullgerðum landbúnaðarafurðum, sem út eru fluttar, t. d. skinnavöru. Nú þegar hefur verið séð fyrir aukningu býla og bygginga í núgildandi l. um þau efni, og ég tel, að fé framkvæmdasjóðs beri að verja öðruvísi en hv. 1. þm. Eyf. leggur til með sinni brtt.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Ég er sammála hæstv. atvmrh. um ýmislegt af því, sem hann sagði, enda þótt ég sé honum ekki sammála um niðurstöðuna. Ég er honum sammála um, að mikið vandamál verði að sjá því fólki fyrir bjargræði síðar meir, sem framfleytir sér nú á óeðlilegan hátt. Ég játa, að skynsamlegra hefði verið að sleppa þessum upptalningum, og í þess stað hefði Alþ. gert ráðstafanir til, að þetta vandamál yrði athugað, svo að síðar meir, þegar á þarf að halda, liggi fyrir nákvæmlega rannsakaðar till., en þessi hv. d. féllst ekki á að afgr. frv. á þann hátt, heldur breytti hún því í það form, sem það hefur nú. Enn fremur er ég á þeirri skoðun, eins og hæstv. ráðh., að upptalningarnar hefðu farið betur við 3. gr., enda þótt þær geti fallið við 1. gr. Hæstv. atvmrh. vék og að því, að líklega mundi lítið þýða að fjölga býlum í sveitum landsins, af því að fólk fengist ekki til að fara þangað. Fólk streymir nú til Reykjavíkur af alveg sérstökum ástæðum, sem allir þekkja, og ég trúi ekki öðru en að fólk, sem flutzt hefur til kaupstaðanna nú, vilji gjarnan hverfa aftur heim í sveitirnar, þegar það sér atvinnuleysið blasa við. Ég veit t. d. um bændur, sem hafa brugðið búi nú, ekki sökum þess, að þeir hefðu löngun til þess að flytja til bæjanna, heldur vegna fólkseklu.

Hv. 10. landsk. fannst till. min brjóta í bág við frv. sjálft eða tilgang þess. Ég held, að tilgangur frv. sé einkum sá, eins og einnig stendur í grg. þess, að reyna að afstýra vandræðum að stríðinu loknu, og ég gerði grein fyrir minni brtt. út frá þeirri hugsun, og mér finnst vera hægt að kalla það nýja framleiðslugrein, þegar nýbýli eru stofnuð. Ég get þess vegna hvorki

séð, að brtt. mín komi í bág við orðalag frv. né heldur við anda þess.

Þessi hv. þm. sagði, að landbúnaðinum hefði í frv. ekki verið gert lægra undir höfði heldur en öðrum atvinnuvegum, þar sem í því væri bent á áburðarverksmiðju. Við þessu get ég sagt það, að mín till. er ekki borin fram af neinum metnaði vegna landbúnaðarins, heldur til þess að sjá því fólki farborða, sem missir lífsmöguleika sína að stríðinu loknu. Enn fremur sagði þessi hv. þm., að mjög væri nú takmarkaður markaður fyrir landbúnaðarafurðir, og það er rétt, en það stafar að nokkru leyti af siglingaerfiðleikum vegna stríðsins. Þýzkaland, svo að ég nefni eitt dæmi, var bezti kaupandi okkar að gærum og skinnum, en sá markaður er nú alveg lokaður. — Ég verð þó að segja, að það er þjóðhagslega betra fyrir fólk, sem þarf að lifa á atvinnubótavinnu, að það geti framleitt mat ofan í sjálft sig. Hér í þessu frv. er ekki farið fram á neinar ákveðnar upphæðir. Ég skil þessar upptalningar sem ábendingar, en ekki sem ákvarðanir, og þess vegna á brtt. mín rétt á sér í sambandi við meginhugsun frv.

Hann minntist einnig á verkamannabústaði, og vel má vera, að til þeirra þurfi meira fé, en ég sé ekki, að bygging þeirra komi nokkuð í veg fyrir straum fólks í kaupstaðina, nema ef vera skyldi hið gagnstæða. Ég vona, að enginn taki þessi orð mín svo, að ég sé á móti byggingu verkamannabústaða, en ég sé ekki, að það séu nokkur rök gegn till. minni, sem hv. 10. landsk. sagði, er hann vildi bera byggingar þeirra saman við nýbýlabyggingar í sveit.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 19. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 436, 441, 448).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 448. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Herra forseti! Í gær lá fyrir brtt. á þskj. 441 frá hv. 1. þm. Eyf. um að bæta inn í 1. gr., eins og þar hermir. Hann gerði grein fyrir till. sinni á þann veg, að hann teldi mikla nauðsyn að binda í l., að framkvæmdasjóðnum yrði varið til ræktunar og býlafjölgunar. Ég get verið honum sammála að vissu marki, en ég tel rétt, að það standi í l., eftir hvaða reglum slíkt er framkvæmt, og því hef ég borið fram varatill. mína á þskj. 448, þar sem stungið er upp á, að ef horfið verður að því að verja hluta af framkvæmdasjóðnum til þessara hluta, sé farið eftir reglum IV. kafla l. um byggingar- og landnámssjóð, en hann fjallar um nýbýli og samvinnubyggðir. Ég hygg, að þá sé tryggt, að fénu verði ekki varið á þann veg, að um verði deilt. En um leið og ég vil bæta þessu skilyrði við, vil ég einnig bæta því við, að einhver hluti megi líka fara til verkamannabústaða. Það þarf líka að leggja mikla áherzlu á að auka húsakynni verkamanna í bæjum og kaupstöðum, því að reynslan er búin að sýna, að á yfirstandandi tíma er ekki hægt að reisa nýbyggingar, svo sem þörf krefur. Þó að ekki sé um neitt aðstreymi að ræða, er eðlileg mannfjölgun í bæjum svo mikil. Það er þá farið bil beggja um hagsmuni þeirra, sem í sveitum búa, og hinna, sem bæina byggja. Ég vænti, að hv. d. geti fallizt á þessa varatill.

__Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson):__ Þegar till. mín kom fram í gær, mátti þegar heyra á hv. 10. landsk. þm., að hann vildi fara í meting um það, hvort bæjarbúar eða sveitamenn skyldu njóta meira, og taldi sig hafa séð vel fyrir landbúnaðinum með till. sinni til áburðarverksmiðju í 1. gr. Fyrir mér vakti enginn metingur, enda álít ég, að þó að fé sé varið til fjölgunar býlum í sveitum landsins, geti það komið verkamönnum í kaupstöðum að eins miklu liði, heldur vakti það fyrir mér, að afstýrt yrði mestu vandræðunum, sem fyrirsjáanleg eru. Hann nefndi það, að ef till. mín yrði samþ., vildi hann fá í upptalninguna framlag til verkamannabústaða. Ég gat þess, að ég hefði ekkert á móti því. Að vísu finnst mér slíkt ákvæði koma meira í bág við fyrri hluta gr. en mín till., en hv. 10. landsk. var að tala um, að mín till. ætti ekki heima þar.

Hv. 2. landsk. þm. þykir ekki nóg að koma inn ákvæði um verkamannabústaði, heldur vill hann gera efni minnar till. að engu með því að ákveða, að um framkvæmd hennar skuli fara eftir IV. kafla l. um byggingar- og landnámssjóð. Það má leggja þann skilning í þetta, að með því sé framlaginu til byggingar- og landnámssjóðs létt af ríkissjóði og fært yfir á framkvæmdasjóð ríkisins. Því að ef á að framkvæma þetta samkv. þeim l., skilst mér, að þá eigi að öllu leyti að fara eftir þeim l. En um framlagið til verkamannabústaða á aftur á móti ekki að fara eftir l. um verkamannabústaði.

Samkv. þessu mun ég bera fram skriflega brtt. við varatill. hans um, að ákvæðið um IV. kafla l. um byggingar- og landnámssjóð falli niður, en ákvæðið um framlag til verkamannabústaða haldist.

Ég vil benda á, að ég taldi enga nauðsyn að hafa neina upptalningu í frv. Ég óttaðist einmitt, að þegar málið kæmi til Nd., færi svipað og þegar vegal. eru á ferðinni, svo að ég ber enga ábyrgð á upptalningunni í frv. Og þar sem ég er fús til að samþ. till. hv. 2. landsk. þm. um verkamannabústaðina, finnst mér óþarft af honum að brjála hugsun till. minnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. við varatill. 448 (sjá þskj. 467) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

__Erlendur Þorsteinsson:__ Hv. 1. þm. Eyf. hélt því fram, að ég hefði í gær viljað fara í meting út af till hans. Það er ekki rétt. Ég benti á, að í l. um byggingar- og landnámssjóð væri ætlað fé til býlafjölgunar í sveitum og því ekki rétt að setja þetta í l. um framkvæmdasjóð. Hins vegar tel ég eðlilegt, úr því að hv. 1. þm. Eyf. heldur fast við að vilja auka framlag til sams konar býla og er gert ráð fyrir í l. um byggingar- og landnámssjóð, að ákvæði komi líka inn um verkamannabústaði. Ég er sömu skoðunar og í gær, að fé framkvæmdasjóðs eigi sérstaklega að verja til stofnunar nýrra framleiðslugreina, og það er rökvilla hjá hv. 1. þm. Eyf., að býlafjölgun í sveitum sé ný framleiðslugrein.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil svara því, sem hv. 1. þm. Eyf. heldur fram, að mín varatill. geri hans till. að engu. Ef ákvæðum till. okkar er fylgt, þýðir það aukin framlög til þeirra framkvæmda, sem um er að ræða, úr framkvæmdasjóði. Sem því nemur eykst framlag í fjárl. hvers árs eftir stríð. Ég vil því mótmæla skilningi hv. 1. þm. Eyf.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Samkv. skilningi hv. 2. landsk. þm. er till. hans meinlaus, en það er engin trygging fyrir því, að svo yrði farið að sem hann gerir ráð fyrir. Ég skil frv. um framkvæmdasjóð svo, að greiðslur úr honum þurfi ekki að koma í fjárl. Ég tel því engar sannanir og tæplega líkur fyrir því, að það, sem úr framkvæmdasjóði yrði tekið í þessu skyni, yrði aukið framlag við það, sem ella mundi. Hvers vegna ber hv. þm. þá ekki fram till. um, að um framlag til byggingar verkamannabústaða skuli fara eftir l. um verkamannabústaði?

Hv. 10. landsk. þarf ég litlu að svara, enda sannaði ræða hans, að það var af metingi fyrir hönd kaupstaðanna, að hann vill setja inn ákvæðið um verkamannabústaði, enda var ekki till. hans við 2. umr. um verkamannabústaði.

Ég hélt nú, að búskapur í sveit væri atvinnuvegur, en það getur ekki talizt atvinnuvegur að reisa verkamannabústaði. Hins vegar get ég fallizt á, eins og ég er margbúinn að taka fram, að heimilað sé að verja fé úr framkvæmdasjóði til verkamannabústaða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég skil vel afstöðu Sjálfstfl. til þessa máls, þegar á það er litið, að hann er að svíkjast aftan að þjóðinni til að ná meiri hl. Og þá hugsar hann sér gott til glóðarinnar að hafa nóg í ríkissjóði, óbundið, þegar hann fær þann meiri hl., því að þá er hægara í bili að lækka skatta o. fl., sem flokkurinn hefur lofað að gera, en veit, að erfitt er að uppfylla. En ég skil ekki afstöðu Alþfl., sem er að reyna að hjálpa Sjálfstfl. til að ná þessari aðstöðu, en vill þó ekki lofa honum að hafa allt og þakka sér allt.

Í sambandi við þetta mál kemur fram skrýtin kenning, sem sé, að það þýði ekki að auka landbúnaðinn, því að ríkissjóður þurfi alltaf að borga með honum. Og þetta er sagt af manni, sem er í broddi fylkingar um að heimta, að fyrir fram sé borgað svo og svo mikið fyrir útflutninginn á sjávarafurðum, — og hefur fengið því framgengt, t. d. með síld, og hótað að hætta veiðum ella. Svo kemur þessi grímuklædda till. Hv. þm. vill látast vera með till. hv. 1. þm. Eyf., en er það ekki. Af hverju má ekki binda till. um verkamannabústaði við l. um verkamannabústaði? Af því að hér á að vera um viðbót að ræða. Þetta er grímuklædd tilraun til þess að fela viðbótarframlag til verkamannabústaða, en það sjá bara allir, og því verður hún ekki samþ. Þess vegna finnst mér sjálfsagt að samþ. þessa brtt., því að með því verður báðum aðilum gert jafnhátt undir höfði.

Hv. 10. landsk. er að bera saman byggingu verkamannabústaða og býla í sveit. Mér finnst það alls ekki sambærilegt, því að það er misjöfnu saman að jafna að styrkja atvinnuleysingja, sem lifa af engu í kaupstöðunum, eða þá, sem lifa úti í sveit af eigin framleiðslu.

Erlendur Þorsteinsson: Það er varla hægt að komast hjá því að svara fyrir sig, þegar hv. 1. þm. N.-M. rýkur hér upp í ofsa. Ég lét þau orð falla við 2. umr., að fremur bæri að stofna nýjar framleiðslugreinir fyrir landbúnaðarafurðir en auka þær, sem fyrir eru, með þeim afleiðingum, að ríkissjóður þarf svo að verðbæta meginhluta framleiðslunnar. Ég veit ekki, hvað hv. 1. þm. N.-M. átti við, er hann var að tala um fyrirframábyrgð. Ef til vill á hann við það, þegar ábyrgzt var fyrir fram, að greiða sjómönnum og útgerðarmönnum 12 kr. fyrir málið af síldinni 1940. Ekki varð ríkissjóður fyrir neinum halla þess vegna, síður en svo. Þegar gert var upp, kom í ljós, að hægt var að greiða kr. 13.60 fyrir hvert mál síldar. Það var ekki sótt um neina fyrirframábyrgð það ár fyrir landbúnaðarvörurnar, en það fengust síðar á árinu 4½ millj. kr. verðbætur á landbúnaðarafurðir, að vísu ekki beinlínis úr ríkissjóði, en svo gott sem. Og nú stendur þessi hv. þm. að till. um að óska eftir nokkrum milljónum úr ríkissjóði til verðuppbóta á landbúnaðarvörur 1941. Eftirágreiðslan til landbúnaðarins virðist því nærgöngulli ríkissjóði en fyrirframábyrgð hans til sjávarútvegsins. Það er hættulegt fyrir þennan hv. þm. að fara út á þessa braut í umr., því að allir vita, hvor þessara tveggja atvinnugreina hefur fengið meira fé úr ríkissjóði. Annars situr sízt á þessum hv. þm. eða hans flokksbræðrum að veitast að okkur Alþflmönnum fyrir afstöðu okkar til landbúnaðarins, því að við höfum stutt á allan hátt þær till., sem til bóta hafa verið fyrir þennan atvinnuveg.

ATKVGR.
Brtt. 467 samþ. með 9:1 atkv.
— 448, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 441, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 62. fundi í Nd., 20. mai, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 468).

Á 63. fundi í Nd., 21. mai, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Ed. hefur gert á þessu frv. nokkra breyt. Er hún á þá leið, að tekin er upp í 1. gr. frv. upptalning á nokkrum verkefnum, sem ætlazt er til, að fé framkvæmdasjóðs verði notað til, þegar þar að kemur. Ég tel, að þetta hafi verið óþarft í sjálfu sér, en vil þó mæla með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, heldur en að farið verði að hrekja það á milli d., þar sem mér virðist eins og 1. gr. er orðuð, að þessi upptalning sé nánast ábending, að það geti komið til athugunar, sem þar er til greint, en einnig sé hægt að verja fé sjóðsins til fleiri framkvæmda en þar eru taldar upp, enda er fram tekið í 3. gr. frv., sem Ed. hefur enga breyt. gert á, að Alþ.

skuli sérstaklega taka ákvarðanir um, hvernig fé sjóðsins skuli varið. Ég tel því rétt fyrir d. að samþ. frv. eins og það liggur fyrir, en þar sem nokkur ágreiningur var um frv., þá vil ég skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann geti ekki fallizt á að fresta atkvgr. þar til síðar, er fleiri hv. þm. væru í d.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

45. Lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir (þmfrv. A. 88).

Á 25. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Við hv. þm. Barð. höfum leyft okkur að flytja hér frv. um breyt. á l. um lestrarfélög og kennslukvikmyndir frá 1937. Við leggjum til, að gerð verði ein breyt. á 6. gr. þeirra l., en þar segir svo, að það megi ekki greiða neinu lestrarfélagi meiri styrk en 2 kr. á hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt. Það mun mega segja, að þetta ákvæði sé nú orðið úrelt, m. a. vegna verðlagsbreyt., sem orðið hafa síðan l. voru sett, og einnig af öðrum ástæðum virðist okkur, að þetta ætti að vera á annan veg. Við höfum lagt til, að þetta ákvæði um hámarksstyrkinn á félagsmann verði felt niður. Og ef það verður samþ., væri þá tekjum þeim, sem innheimtar eru af skemmtanaskatti í þessu skyni, skipt á milli lestrarfélaga í réttu hlutfalli við innborguð félagsmannagjöld þeirra á árinu.
Ég vil leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 5. maí, utan dagskrár, mælti

Gísli Guðmundsson: Þann 20. marz var útbýtt hér í d. frv. til l. um breyt á l. um lestrarfélög, flutt af okkur hv. þm. Barð. Þetta mál var til umr. hér í d. 24. marz og var vísað til hv. menntmn. Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar nú um 6 vikna skeið, og vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort álit hennar sé ekki væntanlegt mjög bráðlega, þannig að hægt verði að taka málið til umr.

Gísli Sveinsson: Með því að hv. form. menntmn. er ekki hér viðstaddur, vildi ég leyfa mér að gefa þær upplýsingar, að þetta mál var sent til fræðslumálastjóra, og er hans umsögn á þessum dögum alveg nýkomin, og án þess að ég geti ákveðið, hvenær n. heldur fund, býst ég við, að það verði mjög bráðlega og að hún skili þá áliti í málinu.

Forseti (JörB): Þessu samkvæmt býst ég við, að málið komi mjög bráðlega frá menntmn., og mun það þá verða tekið strax á dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 354).

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Menntmn. sendi þetta frv. fræðslumálastjóra til umsagnar, og hefur n. sniðið till. sínar eftir áliti hans, eins og sjá má á nál. á þskj. 354.
1. brtt. er um það, að heimilt sé að greiða styrk lestrarfélögum í kauptúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bókakost, en samkvæmt núgildandi l. er ekki heimilt að greiða slíkum lestrarfélögum styrk, vegna þess að svo var litið á, að menn gætu alveg eins notað sýslubókasafnið, ef það væri þar starfandi. Hins vegar mun það hafa sýnt sig, að þessi sýslu- eða amtsbókasöfn hafa annars konar bókakost en hentar fyrir almenning, og þess vegna koma þau ekki að þeim notum, sem til er ætlazt, og þá er rétt, að lestrarfélög á þessum stöðum geti orðið aðnjótandi þess styrks, sem til er ætlazt í l. um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.
B-liður 1. brtt. þarf engrar skýringar við. Í l. er ákveðinn tími ætlaður til að úthluta styrknum, en hér er lagt til, að það sé gert svo fljótt sem auðið er.
2. brtt. n. er við 1. gr. frv., sem sé sú, að í staðinn fyrir það, að í l. er talað um félagsmannagjöld, er hér talað um félagsmanna- og afnotagjöld og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Afnotagjöld eru gjöld þeirra manna, sem nota bókasöfnin og borga fyrir, en eru ekki félagsmenn. Enn fremur er hugmyndin, að hreppsfélög og sýslufélög styrki lestrarfélögin, og er gert ráð fyrir, að tillagið úr sjóðnum geti orðið eins og helmingur af þessum tekjum samanlögðum. Þó megi ekki greiða neinu félagi hærri fjárhæð en svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða 4 kr. á heimili. Ástæðan til, að óskað er eftir þessari breyt., er sú, að það sýndi sig, að það, sem lagt var fram úr ríkissjóði, gekk ekki alveg upp eftir þeim reglum, sem fylgt var við úthlutunina. Fari svo, að styrkurinn gangi ekki upp samkvæmt þeim reglum, sem hér á að samþ., þá er lagt til, að veita megi lestrarfélagi aukastyrk, miðað við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.
3. brtt. þarf ekki skýringar við.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti, að till. verði samþ.

***Gísli Guðmundsson:** Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir, að hún hefur afgr. þetta frv., og vænti þess, að það fái greiðan gang gegnum þingið. Ég hygg, að brtt. n. séu fremur til bóta,

og get ég fellt mig við, að þær verði samþ., þó vil ég skjóta því til n. til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki væri rétt að athuga orðalagið í upphafi 2. brtt. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði.“ Mér skilst, að eins og þetta er orðað, þá gæti komið til mála, að sum félögin fengju engan styrk, en það mun ekki vera tilgangurinn. Þess vegna vil ég skjóta því til n., hvort hún teldi ekki réttara að orða þetta á þann veg, að fénu sé úthlutað milli lestrarfélaga hlutfallslega eftir tekjum þeirra.

ATKVGR.
Brtt. 354,1.a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 354,1.b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 354,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 354,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 389, 390).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 390. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég hafði ekki óskað eftir að taka til máls, þar sem annar þm. er flm. að brtt. En ég vil geta þess, að ég tel brtt. til bóta og vil mæla með því, að hún verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 390 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. með 3. umr. í Nd. (A. 398).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 398, n. 470).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er komið frá Nd. og var borið þar fram af hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Barð. Það gekk í fyrstu aðeins út á að afnema hámark það, sem var í l. um lestrarfélög og kennslukvikmyndir varðandi styrk til þeirra, er eigi skyldi verða meiri en tvær kr. á ári á hvern félagsmann. Frv. tók nokkrum breytingum í Nd., m. a. þeim, að aðalefnið upphaflega var fellt niður, 2 kr. hámarkið sett inn aftur, en í staðinn var svo ákveðið í niðurlagi 3. gr., að auk þess megi veita lestrarfélögum aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og eigi þá að miða við bókaeign félaga, útlán bóka og aðrar aðstæður. Þá var tekið upp það nýmæli í Nd. að veita styrk lestrarfélögum í kauptúnum, þótt þar séu sýslubókasöfn. Menntmn. þessarar deildar hefur athugað frv., — að vísu skemur en æskilegt hefði verið. Eins og sést á þskj. 470, leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt. Ég get ekki sagt fyrir víst um ástæður hv. meðnm. minna til að mæla með frv., en fyrir mitt leyti tel ég samþ. þess betri en ekki, og tel ég það sérstaklega til bóta, að veita megi lestrarfélögum viðbótarstyrk, þegar ástæður eru til og fé fyrir hendi. Fylgi mitt við frv. ber ekki að skilja svo, að ég hefði ekki kosið að gera nokkrar breytingar á því, ef mér hefði ekki virzt of naumur tími til að láta það ganga milli deilda.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 513).

---

46. Styrkur til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum hér.

Á 36. fundi í Nd., 16. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands (þmfrv., A. 188).

Á 38. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er flutt, eru í grg. þess, svo að ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Ég skal aðeins endurtaka það, að það er tvenns konar hlutverk, sem fyrir mér vakir með flutningi þessa frv. Annað er það, að árlega sé veittur styrkur til Íslendings, sem búsettur er í Kan-

ada eða Bandaríkjunum, til náms í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands. En hitt er það, að veittur sé beinn stuðningur frá hinu íslenzka ríki til landa okkar vestan hafs til þeirrar baráttu, er þeir hafa þar háð til þess að viðhalda tungu sinni, máli, sögu og menningu, og það hefur þeim tekizt með mestu prýði fram á þennan dag.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að flestallir Íslendingar, sem fluttu vestur um haf, fóru þangað félausir, mállausir og algerlega ókunnugir staðháttum og atvinnuháttum þeirra þjóða, sem þeir settust að hjá. Það gefur því að skilja, að það hefur verið ákaflega miklum erfiðleikum bundið fyrir þá að ryðja sér braut þar vestra, í hinum nýju heimkynnum. En þrátt fyrir þessa erfiðleika hafa þeir getað varið tíma og fyrirhöfn til margs konar þjóðlegrar menningarstarfsemi, sem hefur þrifizt hjá þeim frá því fyrsta og gerir enn í dag. Og það er ekki um það að deila, að sú menningarstarfsemi, sem liggur eftir landa okkar vestra, er mjög þróttmikil og fögur grein á menningu okkar Íslendinga. Allt þetta ber þjóðinni að þakka og viðurkenna. En það gefur að skilja, að erfiðleikarnir á að halda þessu menningarsambandi við heimaþjóðina verða því meiri sem lengra líður. Því fleiri sem fæðast og alast upp vestra undir áhrifum þeirrar menningar, sem þar ræður mestu, þeim mun örðugra verður fyrir þá, sem vilja viðhalda máli sínu og lifandi menningarsambandi við heimaþjóðina, að taka upp brautryðjendastarf þar. En með þessu frv. er gert ráð fyrir, að við leggjum þeim lið í þessari baráttu. Og það er ætlazt til, að það verði gert með því, að árlega verði manni af íslenzkum ættum veitt aðstoð til þess að stunda nám í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands, svo að Íslendingar vestan hafs geti alltaf haft á að skipa nokkrum völdum mönnum með fullkomna vísindalega þekkingu á tungu, sögu og menningu íslenzku þjóðarinnar og fullkominn skilning á gildi þess, bæði í fortíð og nútíð.

Eins og ég sagði áðan, tel ég, að þessi menningarstarfsemi Íslendinga vestan hafs sé mjög gleðileg og hafi stórkostlegt gildi fyrir okkur heima. Það er vitanlegt, að eins og nú standa sakir, hafa þurrkazt að miklu leyti í burtu bær fjarlægðir, sem á milli okkar hafa verið. Og hvernig sem framtíðin verður, er enginn vafi á því, að viðskipti okkar við þær þjóðir, sem búa vestan hafs, einkum Bandaríkin og Kanada, verða á allan hátt miklu meiri en verið hefur á undanförnum árum, hvernig sem þeim átökum, sem nú standa yfir í heiminum, lýkur. Við Íslendingar munum um langa framtíð hafa margt til þessara þjóða að sækja, og þá er okkur ekki lítils virði að hafa til vina og kunningja að leita um þau mál, sem við þurfum að leysa úr. En undirstaðan undir því, að slíkt samband geti haldizt, byggist á sameiginlegu máli og þeim tengslum og kunningsskap við þetta þjóðarbrot, sem af því hlýtur að leiða. Og það þarf ekki mörgum orðum um það að fara, hve mikla þýðingu það hefur fyrir okkur að geta leitað til vina og kunningja í vandamálum, sem upp kunna að koma í viðskiptum okkar við þessar þjóðir.

Reynslan hefur sýnt, að sumar stærstu og voldugustu þjóðir veraldarinnar hafa á undanförnum árum lagt mikið kapp á að eignast vini, samherja og átrúnaðargoð meðal annarra þjóða. Og það er enginn vafi á því, að í þeim hildarleik, sem nú er háður, hefur það orðið sumum þessara þjóða ákaflega mikils virði. Hvers virði væri þá ekki okkur að eignast slíka félaga hjá þeim þjóðum, sem við þurfum svo margt til að sækja? En menning, sem byggð er á sameiginlegri tungu, er einmitt undirstaðan undir því, að sambandið við landa okkar vestan hafs geti haldizt. Það er mikið gleðiefni, að einkennilega há hundraðstala landa okkar vestra hefur notið samdóma álits erlendis og komizt til margs konar áhrifa í ýmsum greinum í því þjóðfélagi, sem þeir eru búsettir í. Þeim mun meiri styrkur er okkur í að leita til þeirra en ella.

Nú er ætlazt til þess, að þeir menn, er njóta þess náms, sem með þessu frv. er ætlað að styrkja, geti orðið frömuðir í þeirri baráttu, sem þar er háð til þess að halda uppi íslenzkri tungu og þekkingu á sögu þjóðarinnar og menningu. Þeir flytja með sér þekkingu á þessum hlutum og geta gerzt leiðtogar í þessum málum vestra. Með þessu er verið að leitast við að skapa skilyrði fyrir áframhaldandi starfi einstaklinga af íslenzkum ættum til að afla sér þekkingar, sem er undirstaðan að því, að áframhaldandi starfsemi í þjóðlegum fræðum geti haldið áfram þar vestra.

Nú heyri ég marga segja, og ég skal ekki bera brigður á það, að það horfi nú þannig vestra, að þessi barátta verði vonlaus og það geti varla hjá því farið, að áður en langt um líður leysist íslenzka þjóðarbrotið upp og renni inn í haf þeirra þjóða, sem þar eru. Ég sé engin rök til þess, að við getum vænzt þess, að það geti haldið áfram um aldur og ævi, en samt er það svo mikils virði fyrir ísl. þjóðina, að þetta menningarsamband haldist, að við eigum að sjálfsögðu að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að viðhalda því eins lengi og unnt er, á sama hátt og það er öllum heilbrigðum mönnum áskapað að reyna að halda við lífi sínu, þó að ekki sé hægt að umflýja dauðann.

Fyrir vestan er haldið uppi kennslu í ísl. fræðum við marga háskóla. Ég tel sjálfsagt, að ísl. þjóðin geri sitt til þess, að sú kennsla verði eins fullkomin og unnt er með því, að þangað fáist kennarar, sem hafa fengið eins fullkomna menntun í ísl. fræðum og völ er á; menn af ísl. bergi brotnir og menntaðir hér við okkar háskóla. Með samþ. þessa frv. er tvennt unnið: að styrkja landa okkar vestra, sem hafa sýnt okkur svo dæmalausa tryggð, og stuðla að því að breiða út þekkingu á sögu okkar og tungu. Ég vænti, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 345).

*Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar

og er ásátt um að æskja þess, að það nái samþykki hv. d., þó með lítils háttar breyt. við þrjár gr. þess.

Í fyrstu gr. er gert ráð fyrir því sem skyldu að styrkja menn að vestan til náms hér heima.

N. óskar eftir, að samkomulag geti orðið um það, að þetta yrði ekki bein skylda, heldur heimild fyrir kennslumálaráðh. N. telur þetta heppilegra, því að engin ástæða væri til að fullnægja þessu sem skyldu, ef t. d. enginn sækti um styrkinn. Hins vegar álít ég og n., að heimildin geri hér sama gagn og skyldan, því að ef umsókn um námsstyrk við háskólann kemur fram, yrði talin sjálfsögð skylda að verða við henni. Í gr. komi svo orðið kennslumálaráðherra í stað menntamálaráðherra.

Í annan stað vill n. gera þá breyt. við 2. gr., að þar standi, að námsmenn fái greiddan hæfilegan kostnað í stað fulls kostnaðar, þar eð á einum tíma gæti það talizt óhæfilegt, er á venjulegum tímum væri hæfilegt.

T. d. eins og sakir hafa nú staðið í vetur, hefði vart verið hægt að koma manni fyrir til húsa annars staðar en á gistihúsi, en ég teldi ekki rétt að greiða þar allan kostnað, sem gæti orðið fleiri tugir króna á dag. Því er þessi varnagli settur um hæfilegan kostnað, sem væri í rauninni fullur kostnaður, borinn saman við það, sem aðrir þyrftu að sætta sig við á hverjum tíma.

Ég vil bera fram í þessu sambandi, hvort ekki væri heppilegt, að stjórnin sæi um, að eitt herbergi á nýja stúdentagarðinum yrði ánafnað Vestur-Íslendingum til þessara nota.

Ég vil aðeins láta þessa getið hér, því að n. sýndist þetta þjóðráð, þótt það væri ekki tekið upp í nál.

Þá er sú breyt. við 3. gr., að 4 ár komi í staðinn fyrir 5 ár, svo að ekki sé miðað við lengra árabil en tíðkast um líkar styrkveitingar.

Mér þykir sómasamlegt að byrja með þessa gömlu, góðu reglu, að veita styrkinn í 4 ár.

Ég hef þá, held ég, ekki fleira að taka fram f. h. n., en vænti þess aðeins, að frv. verði samþ.

*__Bjarni Ásgeirsson__: Ég þakka menntmn. afgreiðslu þessa máls, þótt hún hafi gengið fremur seint. Ég sé ekkert beinlínis á móti þeim breyt., er hún vill gera. Um breyt. á 1. gr. sé ég ekki, að það skipti miklu máli, þótt hér sé aðeins um heimild, en ekki skyldu að ræða. Einnig get ég fallizt á breyt. við 2. gr., því að vitanlega er það ekki meiningin, að styrkveitingin yrði svo teygjanleg sem möguleikar væru annars fyrir.

Brtt. við 3. gr. tel ég hæpnasta, því að 5 ár geta talizt venjulegur námstími, og auk þess kemur hér til greina, að eitthvað kynni það að geta tafið fyrir námsmönnum, að þeir væru ekki jafnleiknir í íslenzkunni eins og þeir landar, er hér eru bornir og barnfæddir. Ég geri þetta þó ekki að kappsmáli.

ATKVGR.
Brtt. 345,1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 345,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 345,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 384).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 384, n. 471).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Frsm. (Jónas Jónsson)__: Þetta frv. er um það að styrkja árlega einn Íslending, fæddan vestan hafs, til náms í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands, og skal sá, er styrks nýtur, njóta hans, meðan nám hans þar stendur yfir, eða allt að 4 árum, ef þarf. Vestur-Íslendingar hafa á iðari árum sýnt allmikla og vaxandi viðleitni til að viðhalda og efla tungu sína og samband við heimaþjóðina, — að því er virðist —, með verulegum árangri. Aðstaða þeirra til þess verður þó því verri sem lengra líður frá því, að vesturferðir stöðvuðust. Þeir hafa lagt mikið kapp á að koma upp stórum sjóði til þess að standast kostnað við að hafa háskólakennara í íslenzkum fræðum í Winnipeg, og hefði ekki striðið skollið yfir, væru þeir nú búnir að fá þann sjóð. Og ekki er þeim um að kenna, að á því hlýtur nú að verða bið. Með þessu frv. er hægt með furðulitlum kostnaði að verða þessum frændum okkar að verulegu gagni. Þetta yrði aðeins einn maður á ári. Sumir yrðu kannske 4 ár og tækju fullt háskólanám, en flestir kæmu hingað að afloknu háskólaprófi vestra og yrðu 1—2 ár. Ég vil ekki orðlengja um þetta, held mér sé óhætt að mæla með f. h. n., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 514).

47. Eftirlit með opinberum rekstri.

Á 39. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri (þmfrv., A. 225).

Á 40. og 41. fundi í Nd., 22. og 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:3 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, n. 487).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason): Herra forseti! Þetta frv. er flutt af meiri hl. allshn. í Nd. eftir beiðni atvmrh. og fer fram á afnám l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri. Þessi l. voru framkvæmd nokkur ár. En á Alþingi 1939 var tekið inn ákvæði um frestun þeirra í l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga. Atvinnumálaráðuneytið hefur talið, að eins og hægt var að fresta þessum l. árið 1940, muni fært að leggja þau með öllu niður. Enda mun hafa komið í ljós, að lítið gagn var að eftirlitinu, og jafnvel flm. löggjafar þessarar játuðu, að ekki riði á að fara nú að framkvæma hana að nýju óbreytta. Tveir af nm., við hv. 2. bm. S.-M., leggja til, að frv. þetta verði samþ., en 3. nm., hv. 2. landsk., telur sig ekki geta tekið afstöðu að svo stöddu. Samkvæmt l. þessum átti að skipa sérstök rekstrarráð, sem hafa áttu nokkurs konar eftirlit með starfrækslu þeirra ríkisstofnana, sem settar höfðu verið á stofn, þegar lögin voru samþ., og skiptust þær í 3 flokka, og voru sérákvæði miðuð við hvern þeirra, en af mörgum ástæðum er nú mikið af því úrelt. Ein þöfuðþýðing ráðanna var, að forstjórum var skylt að ráðgast við þau um allar meiri háttar framkvæmdir. Þó að árangur þessa skipulags yrði víst aldrei merkilegur, verð ég að segja, að nauðsyn væri að hafa meira eftirlit með sumum ríkisstofnunum en er, svo sem einkasölum og öðrum sölufyrirtækjum. Forstjórar mega heita þar einvaldir um reksturinn, og þótt stofnanirnar heyri beint undir ráðuneytið, hefur það lítil skilyrði til eftirlits, skortir bæði mannafla til þess og sérþekkingu. Ég vildi beina því til hæstv. atvmrh. (MJ), sem hér er staddur, hvort ekki væri rétt að taka upp aðra skipun á þessum málum, hvort ekki sé tilefni til betra eftirlits með ýmsum ríkisstofnunum framvegis. Ef svo stór fyrirtæki væru í einkarekstri, dytti engum annað í hug en hafa við hlið forstjórans einhverja yfirstjórn, sem réði með honum fram úr stærstu vandamálunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

48. Sala Hólms í Seltjarnarneshreppi.

Á 22. fundi í Ed., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hólms (þmfrv., A. 93).

Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Ég leyfi mér að skírskota aðeins til grg. frv., þó að hún sé ekki löng, og óska eftir því, að málið fari til 2. umr. og allshn.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki mæla á móti þessu frv. út af fyrir sig. En ég vil biðja hv. allshn. að athuga í þessu sambandi tvö atriði. Annars vegar það, að eins og hæstv. forsrh. gat um hér áðan undir umr., þá á ríkið Keldur. Og hvort sem það gengur fljótt eða seint að koma upp þeirri stofnun, sem þar á að koma upp, þá er útlit á því, að hún komist á fót. Nú hagar svo til, að Keldnaland og Gufunesland liggja saman, en Reykjavíkurbær á Gufunes. Keldnalandið er of lítið, og þarf ríkið að fá keypt land frá Gufunesi af bæjarstjórninni til þess að fullnægja landþörfinni á rannsóknarstöðinni á Keldum. Nú vil ég biðja hv. n. að athuga það, hvort ekki mundi heppilegt, að hér kæmu til greina landaskipti, Reykjavíkurbær léti í staðinn fyrir það land, sem hann fengi með Hólmi, land af Gufuneslandi.
Í öðru lagi vil ég biðja n. að athuga það, að Hólmsland liggur nú í tveim hreppum, Seltjarnarneshreppi og Mosfellssveitarhreppi. Og landið í Mosfellssveitarhreppi, sem Hólmur á, er fjallllendi, sem aðeins verður notað fyrir sumarbeit handa saufé, og Mosfellssveitarhreppur vill fá það keypt sjálfur, og vil ég því biðja n. að athuga, hvort Reykjavíkurbær þarf það land, og ef bærinn þarf ekki að fá það keypt, hvort ekki væri rétt að selja Mosfellssveitarhreppi það af Hólmslandi, sem er innan hreppsmarka Mosfellssveitarhrepps. Ef af sölu verður á Hólmi, tel ég sanngirni í því, að sá hreppur fengi að kaupa það land.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 93, n. 271).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál hefur legið um nokkurt skeið hjá allshn., og er rétt að geta þess, að sú töf, sem varð á afgreiðslu þess, stafaði af því, að n. vildi fá nokkrar frekari upplýsingar og kallaði á sinn fund borgarstjóra og bæjarverkfræðing og ræddi við þá. En við nánari athugun töldum við ekki þörf á breyt. N. taldi nauðsynlegt að fá lýsingu jarðarinnar úr veðmálabókum, en á því varð dráttur, og þegar nál. á þskj. 271 var gefið út, hafði henni ekki borizt sú lýsing. Nú hafa þær upplýsingar borizt n., en henni virðist ekkert sérstakt á þeim að græða.
Eins og sjá má af grg., er það kappsmál fyrir Reykjavík og nauðsynlegt að fá til eignar land það, sem um er að ræða, sérstaklega það svæði, sem vatnsuppspretta bæjarins er í, við Gvendarbrunna. Um það er n. sammála, að eðlilegt sé, að bærinn eigi það land. Landrými er allmikið, þó að mest sé óræktað land, og fylgir nokkurt beitiland, sem nágrannahreppurinn hefur not af, og gera má ráð fyrir, að það verði samkomulagsatriði milli bæjarins og ríkisstj.
Eftir því, sem upplýsingar liggja fyrir um þessa jörð í fasteignamatsbókinni 1932, er ekki um sérstaklega stóra ábýlisjörð að ræða. Á þeim tíma er túnið talið 4 ha. og töðufengur 250 hestar, en úthey um 100 hestar. Þarna er lítill matjurtagarður, en önnur hlunnindi skógarhögg og silungsveiði. Varðandi skógarhöggið er það almenn skoðun, að þar sem skógarleifar eru enn í landi, beri að friða skóginn til að skapa skilyrði til nýrrar skógræktar. Einnig það er samkomulagsatriði milli ríkis og bæjar, þegar um sölu væri að ræða.
Því var hreyft í n., hvort gætu komið til greina skipti á landi milli ríkis og bæjar og því máli hreyft hér af hv. 1. þm. N.-M. Hæstv. forsrh. tjáði mér, að hann legði mikið upp úr slíkum skiptum.
Að athuguðu máli er n. öll á eitt sátt um, að Reykjavíkurbær þurfi að fá þetta, og mælir því með, að sú heimild verði veitt, sem í frv. felst.

Páll Zóphóníasson: Þegar mál þetta var hér fyrst til umr., benti ég n. á ýmis atriði, sem bar að taka til athugunar, en hún hefur ekki komizt að þeirri niðurstöðu, sem ég óskaði eftir. Ég er með því, að Rvík fá Hólm keyptan, en ekki alvel skilyrðislaust. Ríkið þarf að fá land, sem liggur að Keldum. Það er tregða á þessu og strandaði á því, að bæjarfél. keypti Korpúlfsstaði. Eigandi þeirra keypti á sínum tíma spildu úr Keldnalandi. Það hefur verið leitað hófanna að fá þessa spildu, en eigandi Korpúlfsstaða sagði, að meðan ekki væri vitað, hvort bærinn keypti, kæmi ekki til mála að ákveða það. Ég vil því hafa í 1. gr. frv., að ríkisstj. sé heimilað að selja Hólmsland til Rvíkur, en fá í staðinn landið kringum Keldur, sem bærinn hefur umráðarétt yfir. Þó að það sé tryggt, á meðan núverandi landbúnaðarráðh. situr, að Hólmsland verði ekki látið og ekkert komi í staðinn, verður hann ekki ráðh. til eilífðar.
Ég vildi óska, að hæstv. ráðh. væri við, þegar þetta mál er afgreitt, og ég óskaði eftir því í gær, að það væri ekki rætt fyrr en hann kæmi. Ég vil því biðja hæstv. forseta að fresta umr. til mánudags.
Ég benti líka á það við 1. umr., að land, sem tilheyrir Hólmi, liggur í tveim hreppum, og að komin væri ósk um, að Mosfellssveitarhreppur fengi heiðarlandið fyrir upprekstrarland. Ég heyrði ekki hv. frsm. minnast á þetta. Það er ákveðinn vilji hreppsn. Mosfellssveitarhrepps að

fá þetta land, en til þess hefur n. ekki tekið neitt tillit. Ég tel víst, að þegar málið kemur til Nd., komi fram brtt., hvað þetta snertir.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég vil fyrst beina því til hæstv. forseta, að hann léti ljúka þessari umr. á þessum fundi. 3. umr. er eftir, og þá er hægt að koma fram með brtt., ef hv. þdm. sýnist svo. Það er nú áliðið þings, en á hinn bóginn nauðsynlegt, að málið fái afgreiðslu á þessu þingi.

En fyrst ég er staðinn upp á annað borð, vil ég segja örfá orð og vík þá einkum máli mínu til hv. 1. þm. N.-M. Allt það, sem hann drap a, eru aðeins samkomulagsatriði milli bæjarins annars vegar og ríkisins hins vegar. Hann bar mikinn kvíðboga fyrir því, að nýr ráðherra tæki við stjórn þessara mála. Réttmæti þess ótta fæ ég nú ekki séð. — En það er mikil nauðsyn að fá viðbót við þetta land handa bænum.

Nefndin ræddi ekki um þá hlið þessa máls, er snýr að Mosfellingum, en það er líka aðeins samkomulagsatriði.

Hins vegar er það náttúrlega rétt, að þeir þurfa að hafa beitarland handa fé sínu. Hins vegar mun þeim hreppum, er hér eiga hlut að máli, ekki vera eins brýn nauðsyn á upprekstrarlandi og hv. 1. þm. N.-M. vill vera láta. — Skv. skýrslum frá 1932 voru um 2000 kindur í þessum hreppum. Síðan hefur þessi tala lækkað, bæði vegna breyttra búskaparhátta og sauðfjársjúkdóma. Annars er þessi hlið málsins, svo sem aðrar, aðeins samkomulagsatriði. Fjölyrði ég svo ekki frekar um þetta mál að sinni.

Forseti (EÁrna): Ég vil á engan hátt tefja málið, og skv. ósk hv. frsm. lýk ég umræðunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 93, 288).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 288. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég er áður búinn að mæla fyrir brtt., sem fyrir liggur, svo að ég skal ekki vera langorður. Ég benti á, að ég teldi ekki nema eðlilegt, þar sem ríkið á Hólm og þarf að halda á landi, sem bærinn á upp að Keldnalandi, að þessu tvennu væri skeytt saman. Það kynni samt að verða samkomulag um sölu á þessum skika, en ef það ekki næst, hefur ríkissjóður ekki aðstöðu til þess að selja Hólm, því að það er svo mikil þörf á beitilandi fyrir sauðfé á Keldum, að einhvern hluta af Hólmslandi verður að taka undir það, ef ekki fæst land að Keldnalandi frá Gufunesi. Ég vil tengja þetta saman. Ég teldi mjög misráðið, ef ríkissjóður færi að selja bænum þetta litla heiðarland, sem liggur í Mosfellssveit, og skapa Rvík aðstöðu til að hafa þarna beitarland, sem hún ræki á sitt fé til trafala fyrir aðra, því að féð mundi ganga á Mosfellssveitunga.

Einhvern tíma á 14. öld voru gerðir samningar um, að bóndinn á Hólmi mætti beita sínu fé á ákveðin svæði, ef hann léti skógarhögg á móti. Beitin hefur haldizt, þó að skógarhöggið sé úr sögunni fyrir 100 eða 200 árum, en ekki veit ég, hvernig lögfræðingar mundu líta á þetta nú. Ég vil láta Mosfellssveitarhrepp fá forgangsrétt til að kaupa þetta land, en nú má víst ríkissjóður ekki láta það til hreppsins nema með sérstakri heimild.

Ég bar till. mína undir hæstv. forsrh., og hann hafði ekkert við hana að athuga og taldi sig samþ. henni.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þessi brtt. hefur ekki komið fyrir allshn. og nefndin því ekki getað rætt hana. Hins vegar verð ég að segja það, að þar sem hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, verður að leggja það á vald ríkisstjórnarinnar að fylgja öllum formsatriðum, sem lög og venjur krefja.

Hins vegar liggur ekkert fyrir um það, að Mosfellingar hafi sömu skoðun á þessum málum og hv. 1. þm. N.-M., því að hann virðist hafa gengið í málið alveg óbeðinn.

Ég álít, að það sé allt of mikil tortryggni í garð bæjarstjórnar Rvíkur, að hún taki ekki tillit til þarfa nágranna sinna.

Nú hefur það verið upplýst hér í umr., að sauðfjáreign bænda í Mosfellssveit hefur minnkað hin síðari ár. Mun nú sauðfjáreign þeirra vera svipuð og Reykvíkinga. Hér er svo skotið inn nýju atriði, að hið nýreista rannsóknarbú ríkisins að Keldum þurfi á svo og svo miklu upprekstrarlandi að halda. — Sennilega verður þó land Rvíkur nægilegt handa þessu búi, ef það vill heldur hafa féð innan girðingar. Þessi hv. þm. gat þess svo að lokum, að hann hefði sýnt hæstv. landbrh. þessa till. og að honum hefði ekkert fundizt athugavert við hana.

Ég trúi því vel, að hann vilji gera flokksbróður sínum greiða, en hins vegar hefur hann sagt í viðtali við mig, að frv., eins og það er, sé algerlega fullnægjandi. Fjölyrði ég ekki frekar um þetta, en vildi gjarnan heyra hv. 1. þm. Reykv., sem er 1. flm. frv.

*Magnús Jónsson: Mér finnst ekkert undarlegt, þó að hv. 1. þm. N.-M. hreyfi andmælum og athugasemdum, en hitt er mér alveg óskiljanlegt, það kapp, sem hann leggur á að breyta frv. Meira hefur nú verið lagt á vald stjórnarinnar en að selja eitt lítið kot. Það er hins vegar alkunna, að hér í nánd við Reykjavík eru góðar sauðfjárjarðir, en á seinni árum hefur fjáreign bænda minnkað vegna aukinnar mjólkurframleiðslu, svo að sennilega skortir þá allt fremur en upprekstrarland. En þetta er algengt, að bæir tryggi sér skákir í upprekstrarlöndum handa sínum búpeningi. — Að öðru leyti er þetta smáatriði og alveg óhætt að trúa ríkisstjórninni fyrir því.

En viðvíkjandi því að setja skilyrði um að bærinn selji ríkinu annað land í staðinn, finnst mér, að það komi þessu máli ekkert við.

Það á að flytja um það sérstakt frv., ef menn vilja láta ríkið fá heimild til þess að kaupa það land. Þetta er því alveg meiningarlaust, enda

alls ekki sanngjarnt að reyna að pressa út úr einhverjum það, sem hann kannske ekki vill selja.

Það er nauðsynlegt fyrir bæinn að eignast þetta land, og vil ég óska, að hv. flm. falli frá þessari till. Beri þá heldur fram annað frv. eða a. m. k. till. til þál. Annars skil ég aldrei, þegar þm. eru að hlaupa fram fyrir skjöldu alveg óbeðið, af eintómri landsföðurlegri umhyggju. *Hvaða afskiptasemi er þetta?* Hefur þm. verið beðinn þess?

En ég legg áherzlu á, að þessar brtt. séu felldar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Síðasti ræðumaður skildi ekki, að þm. gætu fylgt málum, nema þeir hefðu verið beðnir um það. Hans sjóndeildarhringur *nær* ekki lengra en hann er beðinn fyrir. Í þessu tilfelli hefur ríkið sett upp rannsóknarstöð, sem getur varðað landbúnaðinn í landinu meira en allt annað og sparað milljónir. Því að það er fullt útlit fyrir, að Guðm. Gíslasyni lækni takist að búa til lyf til að sannprófa, hvort kind hefur garnaveiki, ef hann fær aðstöðu til þess á Keldum. Það barf *enginn* að biðja *mig um* það að reyna að stuðla að því, að Keldnabúið fái þá aðstöðu, sem nauðsynlegt er. Það er svo sjálfsagt mál, að hver maður, sem skyn ber á búskap, sér það.

Það getur verið, að mennirnir, sem hér hafa talað mest og kalla sig þingmenn Reykjavíkur, skilji það ekki. Þeir sjá ekki annað en verkalýðsmál og guðfræði, — og þarf þó að biðja þá fyrir þau. En það *þarf enginn* að biðja mig um að standa á verði í þessu máli og tryggja framtíð og árangur rannsóknarbúsins.

Hins vegar hefur og oddviti sveitarinnar talað við mig og skýrt mér frá því, að það væri alveg til niðurdreps fyrir sveitina, ef Reykjavík fengi þessa aðstöðu. — En viðvíkjandi till., þá tel ég, að það skilyrði eigi að vera af ríkisins hálfu, ef það selur þetta land, að það fái keypt annað land í staðinn handa sjúka fénu á Keldum. Það er því langt frá því, að ég taki till. mína aftur.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Ingvar Pálmason: Ég kvaddi mér hljóðs á síðasta fundi aðallega til að óska eftir, að málið yrði tekið af dagskrá, en hæstv. forseti ákvað þá, að svo skyldi gert, áður en ég tók til máls. Ástæðan til þess, að ég vildi, að málið væri tekið af dagskrá, var sú, að ég vildi, að allshn. gæti sameiginlega athugað brtt., sem fyrir lágu. Samt hefur farið svo, að n. hefur ekki gert þá athugun. Aftur á móti hef ég átt tal við hv. form. n., og tjáði hann mér, að hann vildi ekki ljá þessum brtt. lið. Ég aftur á móti gæti fylgt 1. liðnum með því móti, að við hann sé bætt því, sem sleppt er úr 1. gr. frv., sem sé, að námuréttindi séu undanskilin. Ég byggi þessa skoðun á því, að það hefur komið fram, að Mosfellshreppur vill neyta forkaupsréttar síns á því landi Hólms, sem er í Mosfellssveit. Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. N.-M., og mér er líka kunnugt um það annars staðar frá. Mér virðist því ástæðulítið að gera ekki strax þessa leiðréttingu, vegna þess að ég vil ganga út frá, að minn skilningur sé réttur á því, að forkaupsréttur sveitarfélags og ábúanda sé ekki afnuminn með þessari heimild. Það gæti líka torveldað fyrir Reykjavík að fá þessi kaup afgerð, ef gengið væri þannig frá málinu, að fyrirfram væri víst, að það gæti ekki gengið fram án ágreinings. Ég held því, að rétt sé að samþ. þessa brtt. hv. 1. þm. N.-M., þó með þeirri breyt., að námuréttindi séu undanskilin. Vil ég því leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. um það.

Um hinar brtt. vil ég segja það, að ég get ekki *léð* þeim atkv. Ég tel, að þar sé að sumu leyti um það að ræða, sem d. hefur áður tekið afstöðu til þannig lagað, að hún vilji ekki samþ. sölu mismunandi eigna í einu og sama frv., þar sem af því gæti leitt nokkurt ósamræmi, því að ekki er alltaf víst, að það sama eigi við um það, sem á þennan hátt kynni að verða skeytt saman. Einnig eru sett þarna inn skilyrði, sem *mér finnst ekki geta samrýmzt.* Ég vil ganga út frá að ríkinu sé þörf að eignast land til viðbótar við Keldnaland, en ég geri ráð fyrir, að um það náist samningar, en náist þeir ekki, álít ég, að koma verði til eignar- eða leigunámsheimild á því landi. Mér finnst, að þótt það sé hugsanlegur möguleiki, að nota megi land Hólms í sambandi við það starf, sem á að verða á Keldum, þá sé það *miklum* erfiðleikum bundið, og vil því meina, að það spursmál yrði leyst á annan hátt heppilegar. Auk þess virðist mér bráð þörf á, að Reykjavíkurbær fái það landsvæði, sem vatnsból bæjarins á upptök sín á.

Læt ég svo þetta nægja, en vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (EÁrna): Mér hefur verið afhent skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. S.-M., sem hann hefur nú lýst. Þarf tvenns konar afbrigði, til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 307) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson):__ Ég hef aldrei fengið tækifæri til að skýra frá því í sambandi við þetta mál, að nokkru áður en þetta frv. kom fram, hafði ég látið skrifa bréf til núverandi bæjarstjórnar, vegna þess að mér er kunnugt um, að bænum leikur hugur á að eignast Hólm, þess efnis, að ég vildi gjarnan, að upp væru teknir samningar þegar um það, að bærinn fengi keypt þetta land, sem hann hefði mikla þörf fyrir, en í staðinn fengi ríkissjóður keypta landspildu af Gufunesi, Knútskot, sem það raunverulega heitir og liggur á milli Gufuness og Keldna, og síðan, ef samningar næðust, sem ég vænti, að mundi verða, þá leitaði stj. heimildar Alþ. um, að hún mætti skrifa undir slíka samninga, en svo kemur þetta frv. fram rétt á eftir, og hef ég að sjálfsögðu ekkert við það að athuga. Mér finnst eðlilegt, að bæjarsjóður fái að kaupa þessa jörð, fyrst og fremst vegna þess, að vatnsból bæjarins er í þessari landareign, og hefur hann þurft að fá stöðugt stærra land í

kringum það, og jörðin liggur að mikilli eign, sem bærinn á, Elliðavatni og umhverfi þess. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að mikið af þessu landi yrði látið af hendi með einhverju móti undir svokallaða Heiðmörk, en það er nokkur hluti af Hólmslandi, sem tekinn hefur verið og á að friða og rækta þar skóg, og á þetta að verða skemmtistaður fyrir Reykvíkinga. Af þessum ástæðum er búið að rýra svo Hólm, að hann er orðinn lítil ábýlisjörð, en landið, sem hann hefur enn til umráða, er mjög hentugt fyrir Reykjavík.

Síðan ég kom í stj., hefur aldrei orðið ágreiningur milli ríkis og bæjar út af landi, sem hvor aðilinn um sig hefur þurft á að halda. Því hefur verið heitið í sambandi við þennan fyrirhugaða skemmtistað að láta suðurhluta Vífilsstaðalands, þannig að Reykjavík gæti komið sér upp þessum skemmtistað. Sá hluti landsins, sem Hólmur á fyrir austan Elliðavatn, er mjög vel fallinn til skógræktar og er eini staðurinn í nágrenni Reykjavíkur, þar sem dálítil björk er, og þegar ég gekk þar um fyrir nokkrum árum oftar en einu sinni, þá var þar talsvert stór björk, enda eru sannanir fyrir því, að þar var einn sá allra bezti skógur, sem til var á þessum slóðum, enda var sóttur þangað eldiviður langar leiðir frá. Suðurhluti Vífilsstaðalands, svonefndir Hjallar, er ákaflega fallegt land, og hefur verið hugsað til þeirra í þessu sambandi. Það er því eðlilegt, að Reykjavík vilji fá þetta land. En þannig er málum háttað, að ríkið hefur keypt Keldur í Mosfellssveit. Hún liggur við innanverðan Grafarnesvog og á land út með vognum. Af þessu hefur verið selt talsvert land. Þess vegna er landrými of lítið þarna fyrir þessa stofnun, en við, sem nú erum í stj., getum ekki séð fram á, að þessi rannsóknarstöð, sem þarna á að koma upp smátt og smátt, geti verið á öðrum stað í nágrenni Reykjavíkur, sem hentugur er.

Þessi tilraunastofnun verður að vera í nágrenni Reykjavíkur, því að þeir menn, sem vinna við stofnunina, eru vísindamenn, sem einnig hafa störfum að gegna í Reykjavík.

Stofnun þessi kemur ekki að fullum notum, nema hún fái meira landrými en hún hefur nú, og öll sanngirni mælir með, að ríkið fái þennan umrædda jarðarpart keyptan. Þess vegna skrifaði ég bréf til Alþ., þar sem ég kvaðst fús til, að samningar færu fram um sölu Hólms til handa Reykjavíkurbæ, en ríkið keypti aftur annað land af bænum til handa Keldum.

Nú liggur hér fyrir brtt. viðvíkjandi þessu. Ég er henni í rauninni samþ., þó að ég viðurkenni, að hægt sé að koma með ýmis rök gegn henni. Ég treysti mér ekki til að vera á móti henni, því að sá ráðherra, sem fær málið til meðferðar, gæti sagt sem svo: Till. lá fyrir Alþ. um þetta efni, en hún var felld, þar af leiðandi vill Alþ. selja Hólm án þess að setja nokkur skilyrði fyrir þeirri sölu. — Það er ætlazt til, að sá ráðh., sem fái þetta til meðferðar, geti sagt, að skilyrði hafi legið fyrir um að selja ríkinu aðra jörð í staðinn, en ef þessi brtt. er felld, þá er það skilyrði ekki lengur fyrir hendi. Ég vænti þess, að Reykjavíkurbær verði því samþ., að ríkið fái land fyrir þessa tilraunastofnun hér í nágrenninu.

Viðvíkjandi því, sem rætt var um hér áðan, hvort forkaupsréttur ábúanda jarðarinnar eða hreppsins falli niður með þessum l., þá lít ég svo á, að hann standi jafnt óhaggaður eftir sem áður. Því að eignarrétti verður ekki raskað nema með eignarnámi. En ég geri ráð fyrir, að þessi jörð verði svo hátt metin, að óaðgengilegt verði bæði fyrir ábúanda og hreppinn að festa kaup á henni, því að verð á jörðum hér í nágrenni Reykjavíkur er svo hátt nú orðið, að þær eru varla kaupandi til þess að stunda á þeim búskap. Þess vegna get ég lýst því yfir, að ég er því samþ., að ríkið selji bænum Hólm, með því skilyrði, að bærinn láti af hendi annað land fyrir ríkið.

*__Magnús Gíslason__: Með þessum brtt., sem fram eru komnar á þskj. 288, virðist mér vaka fyrir hv. flm., að með frv. sé ekki gætt hagsmuna tveggja aðila, hreppsins og ríkissjóðs, og virðist mér sem hann ætlist til, að brtt. eigi að bæta úr þessu. Viðvíkjandi því ákvæði í brtt., að ríkisstjórninni heimilist að selja Mosfellssveit hluta af Hólmslandi, þá veit ég ekki til þess, að n. hafi borizt óskir frá hreppnum, þar sem hann fer fram á að kaupa þennan landshluta.

Nú hefur hv. 2. þm. S.-M. lýst því yfir, að hreppurinn vilji fá þetta land keypt, og ég hef átt tal við borgarstjóra um málið, og hann segir, að bæjarstjórnin sé reiðubúin að semja um þetta atriði. Eins og hæstv. forsrh. tók fram, og er ég honum þar alveg sammála, að þótt frv. sé samþ. óbreytt, þá hefur hreppurinn samt sem áður forkaupsrétt að jörðinni, og er ekki hægt að svipta hann þeim rétti nema með eignarnámi. Brtt. hv. 2. þm. S.-M. þýðir í rauninni það, að ef hreppurinn vill ekki kaupa þennan skika, þá má ríkisstj. ekki selja Reykjavíkurbæ hann. Þess vegna legg ég til, að brtt. verði felld. Sama máli finnst mér og gegna með hina brtt., og er ég henni því ósamþykkur. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að ríkið vildi fá keyptan hluta af Knútskotslandi. Ég hef enn fremur minnzt á þetta atriði við borgarstjóra, og hann er fús til þess að leita samkomulags við ríkisstj. um það atriði.

__Páll Zóphóníasson__: Ég vil benda á, að ég tel óheimilt að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir, og það mun bannað með l. Þess vegna tel ég óheimilt að selja Mosfellssveitarhreppi þessa umræddu jörð, þótt hann vildi kaupa, nema með sérstakri heimild í l.

Það er alveg rétt, að bæjarstjórn tekur með velvilja að selja þetta land, en þar við situr. Aðeins velvilji, en engar framkvæmdir. Það væri æskilegt, ef bæjarstjórn vildi sýna dálítið meira en velvilja, svo að eitthvað væri hægt að gera. Ég legg svo til, að bærinn fái ekki Hólmsland nema með hinum umræddu skilyrðum.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Það er alveg rétt, að dálítill dráttur hefur orðið á framkvæmdum í þessum efnum, og mun það fyrst og fremst stafa af því, að málið er hér til umr. á Alþ., en þetta ætti nú að lagast.

Ég fyrir mitt leyti er ekkert hræddur um, að

bæjarstjórnin fáist ekki til að selja ríkinu hluta af Knútskotslandi fyrir tilraunastofnunina á Keldum, því að Knútskot er grýtt land og mikill munur á því og Hólmslandi, sem er prýðisvel fallið til ræktunar og enn fremur einhver fegursti staðurinn í nágrenni Reykjavíkur. — En aðalatriðið er, að ríkið fái land hér í nágrenninu fyrir þessa stofnun á Keldum.

*Jónas Jónsson: Ég álít mjög eðlilegt, að Reykjavíkurbær vilji fá Hólm, en það er mikil nauðsyn fyrir ríkið að fá land út frá Keldum, og það lítur út fyrir, að Keldur þurfi land á tvo vegu. Annað er hið umrædda land frá Knútskoti, og hitt er land, sem Keldur áttu áður fyrr, en Thor Jensen keypti síðar. Nú fara fram samningar um, að bærinn kaupi flestar jarðeignir Thors Jensens, en um það er ekki ákveðið enn þá. Thor Jensen er fáanlegur til að selja ríkinu þetta stykki, ef bærinn kaupir það ekki, en þar sem mikið útlit er fyrir, að bærinn kaupi það, þá þarf ríkið að eiga gott við bæinn í þeim sökum, því að Keldum er fullnægt, ef þær fá sitt gamla land að viðbættum þessum skika frá Knútskoti.

Ég vil skjóta því til hv. 1. þm. Reykv., hv. 11. landsk. og hv. 2. landsk., hvort þeir væru því ekki samþ. að taka málið út af dagskrá í dag og fá yfirlýsingu borgarstjóra um, að Reykjavíkurbær léti af hendi þetta land.

*Magnús Jónsson: Mér finnst málinu vera stefnt í mikið óefni með þessum brtt., sem fram hafa komið, og ég vildi gera það að till. minni, að 1. brtt. á þskj. 288 verði borin upp í tvennu lagi.

Ég get ekki séð, að það komi að sök, þó að málið verði tekið af dagskrá í dag til þess að athuga þetta, sem hv. þm. S.-Þ. minntist á, enda þótt ég efist ekki um, að bærinn láti þetta land af hendi. En mér finnst óviðkunnanlegt að hafa í sama frv. heimild um sölu Hólms og líka kaup á annarri jörð, því að þetta tvennt er óskylt.

Ég get svo fyrir mitt leyti fallizt á, að málið verði tekið af dagskrá í dag, ef það kemur á dagskrá á morgun.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Í raun og veru hefur mjög lítið nýtt komið fram í málinu, nema hæstv. forsrh. undirstrikaði það, að frv. væri nægileg heimild fyrir þann ráðh., er fær málið til meðferðar. Ef ég hef skilið ræðu hæstv. ráðh. rétt, þá taldi hann brtt. óþarfar, fannst þó ekki rétt að fella þær, en æskilegast, að þær yrðu teknar aftur. Mér finnst það líka vera einfaldasta lausnin.

Það hafa komið fram tilmæli um, að málið yrði tekið af dagskrá í dag. Ég veit ekki, hvort n. tekst að fá skriflega yfirlýsingu frá borgarstjóra um þetta atriði. Hann hefur á fundi n. lýst yfir, að enginn ágreiningur þurfi að vera um þetta, en ég veit satt að segja ekki, hvort borgarstjóra þykir hlýða að koma með skriflega yfirlýsingu. Ég tel engan efa á, að ef Mosfellssveitarhreppur óskar eftir forkaupsrétti, þá sé hann ekki rýrður með frv. og viðkomandi ráðh. muni taka óskir hreppsins til greina.

Mér skilst nú, úr því sem komið er, að ekki sé önnur leið fyrir hendi heldur en að reyna að framkalla þessar skriflegu yfirlýsingar frá borgarstjóra eða bæjarráði. Hvort það tekst, veit ég ekki. Hins vegar býst ég ekki við, að það verði talið viðeigandi, að hæstv. ráðh. gefi hér skrifl. yfirlýsingar umfram það, sem hann getur sjálfur skýrt frá hér í hv. d., sem mér skilst, að hann sé búinn að gera um það, að hann muni fara samningaleið við bæinn í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 93, 288, 307).

*Magnús Jónsson: Þessu máli var frestað í gær til þess að fá upplýsingar um frá bæjarins hálfu, hvort bærinn vildi selja ríkinu landspildu af Knútskoti. Ég hef í millitíðinni átt tal við borgarstjóra um þetta, og hann taldi fyrir sitt leyti eðlilegt, að þessi sala færi fram. Það var aðeins eitt atriði, sem borgarstjóri var í vafa um, sem sé, að ef til vill mundi bærinn áskilja sér rétt til að halda strandlengjunni, sem er í þessu landi. Enda ætti það ekki að rekast neitt á, því að tilraunastofnunin á Keldum ætti ekki að þurfa á strandlengjunni að halda. — Ég vona svo, að ekkert sé nú til fyrirstöðu því, að þetta smáfrv. verði samþ. breytingalaust.

Forseti (EÁrna): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Verður nú gengið til atkv.

Magnús Jónsson: Vill ekki hv. flm. brtt. taka þær aftur?

Páll Zóphóníasson: Ég sé enga ástæðu til þess að taka brtt. aftur, því að enda þótt þetta land fáist, þá er þó ekki samþ., að bærinn fái allan Hólm. Ef til vill gerir hreppurinn kröfu til forkaupsréttar síns, en af því að ég hygg, að ekki megi selja þessa jörð hreppnum, nema sérstök heimild sé fyrir því í l., þá tek ég brtt. ekki aftur, nema yfirlýsing komi frá hæstv. ráðh. um, að hann telji, að Mosfellssveit eigi forkaupsrétt sinn og hann muni selja henni það land af Hólmslandi, sem sé innan hreppstakmarka Mosfellssveitar.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég greiði atkv. móti þessum brtt., vegna þess að þessar yfirlýsingar liggja fyrir frá borgarstjóranum í Reykjavík, sem ég tek alveg gildar. Og í annan stað, viðkomandi fyrri hluta brtt., vegna þess að í heimildinni til þess að selja Reykjavíkurbæ þetta land felst það að mínu áliti jafnframt, að þar af leiðir, að Mosfellshreppur geti gengið inn í kaupin með sínum forkaupsrétti. Því að það leiðir af hlutarins eðli, að ríkisstjórnin lítur þannig á. (PZ: Þá tek ég aftur brtt. á þskj. 288.)

ATKVGR.

Brtt. 307 felld með 8:5 atkv.

— 288 tekin aftur.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 52. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16:1 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 458).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Jóhann G. Möller):** Þetta frv. er hingað komið frá Ed. Ed. féllst svo að segja einróma á það, og um það munu engar deilur hafa staðið. Allshn. þessarar d. leggur til, að það verði samþ., þó með þeirri breyt., að 2. gr. falli niður, því að n. sér enga nauðsyn til, að hún standi í l. Býst ég þó við, að n. standi ekki fast á henni, því að ef hún verður samþ., þá þarf málið að fara aftur til Ed. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hraði málinu sem mest í þessari d., ef það þarf að fara aftur til Ed.

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég vil aðeins vekja athygli á því, að nokkur hluti af landi Hólms, lítill að vísu, er í Mosfellshreppi, og ég veit, að það er ósk þess hrepps að fá þann hluta keyptan, sem liggur innan þeirrar sveitar. Í Ed. var borin fram brtt. um að heimila Mosfellssveit að fá þennan hluta keyptan. Hún mun ekki hafa verið samþ., en því var lýst yfir af þáverandi hæstv. forsrh., að hann teldi Mosfellshrepp hafa forkaupsrétt á þessu landi. Ég vil lýsa því yfir, að ég tek þann skilning gildan og geri ráð fyrir, að Mosfellshreppur geri kröfu til að fá keyptan þennan hluta af Hólmslandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 458 (2. gr. falli burt) samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, BJ, BÁ, FJ, GG, HG, JPálm, ÓTh, SEH, JörB.

nei: BjB, EE, JakM, JGM,[1]) PO.

SvbH, EOl, GSv, SK, SkG greiddu ekki atkv.

Ellefu þm. (StSt, ÞBr, ÁÁ, EmJ, EystJ, GÞ, HelgJ, HV, ÍslH, JÍv, PHann) fjarstaddir.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 17. shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 484).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

1) **JGM:** Þar sem samþykkt þessarar brtt. gæti tafið málið svo, að það næði ekki fram að ganga, segi ég nei.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 516).

---

49. Eignarnámsheimild á heitu vatni og landi í Siglufirði.

Á 24. fundi í Ed., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði (þmfrv., A. 120).

Á 29. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Eins og sú stutta grg., sem fylgir þessu frv., ber með sér, þá er þetta ekki nýtt mál hér í hv. d., heldur var þetta borið fram á aðalþinginu 1941, og fylgdi því þá allýtarleg grg., eða 7 fylgiskjöl samtals, og er þau að finna á þingskjali nr. 81 frá aðalþinginu 1941. Þetta frv. var þá afgr. til n., en nál. kom ekki. Mér þykir rétt að benda með nokkrum orðum á ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. kom fram á aðalþinginu 1941 og er komið fram aftur nú.

Í svo kölluðum Skútudal í Siglufirði, stuttan spöl frá bænum, eru nokkrar heitar uppsprettur. Þetta vatn er þó ekki mjög heitt og er mjög lítið að magni til. En órannsakað er, hvort hægt er að auka vatnsmagnið eða hitann með greftri eða borun.

Það var a. m. k. um tíma lítill áhugi fyrir því á Siglufirði, að bærinn keypti þetta land. Því að það mun hafa verið gerð tilraun til þess af núverandi landeiganda, að bærinn sem slíkur keypti landið. En á þeim tíma var það þó ekki samþ. í bæjarstjórninni. En nú, eftir að farið hefur verið að bora eftir heitu vatni og komið hefur í ljós, að hægt hefur verið með því að fá heitara vatn og meira magn, hefur vaknað áhugi fyrir því á Siglufirði að rannsaka, hvort nóg vatnsmagn er á þessum stað til þess að hita upp bæinn eða nokkurn hluta hans. Má geta þess, að á 500. fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar þ. 20. maí 1938 var samþ. í bæjarstjórninni að beita sér fyrir því, að framkvæmdur yrði gröftur til þess að rannsaka, hve mikið af heitu vatni mætti fá þarna í Skútudal. Úr þessum

framkvæmdum hefur ekki orðið, og hefur strandað aðallega á því, að heitu laugarnar eru í eign einstaklings og bærinn hefur ekki viljað kosta til þess að láta leita að vatninu, því að hann hefur talið, að það mundi auka verðmæti landsins svo mikið, að bænum yrði illkleift að kaupa það, ef nægilegt vatn fyndist þar, til þess að hægt væri að hafa þess not. Bæjarstjórnin telur óeðlilegt, að einstaklingur, sem ekkert hefur lagt fram til þess að eignast þetta vatn sérstaklega, nyti arðsins af því, en ekki bærinn fyrst og fremst sem slíkur. Fyrrverandi bæjarstjórn á Siglufirði var með því, eins og ég hef tekið fram, og einnig er hin nýkosna bæjarstjórn með því, að bærinn fái þessi vatnsréttindi og nauðsynlegt land keypt. Það, að þessar bæjarstjórnir, hvor fyrir sig, eru báðar sammála um þetta mál, sést bezt á því, að núverandi bæjarstjórn hefur ítrekað beiðni fyrrverandi bæjarstjórnar til þingmanna Eyjafjarðarsýslu og þeirra uppbótarþingmanna, sem voru í kjöri þarna í kjördæminu við síðustu kosningar, um að beita sér fyrir framgangi þessa máls.

Ágreiningurinn milli bæjarstjórnar á Siglufirði annars vegar og bæjarfógetans hins vegar, sem á þetta land, er sá, að bæjarfógetinn vill ekki láta bæinn fá þetta land fyrr en búið er að leita að vatninu. En jafnframt býðst hann til þess, ef vatn finnst ekki nægilegt, að bærinn þurfi ekki að kaupa landið, heldur aðeins bæta fyrir það jarðrask, sem búið væri að gera á því. En bæjarstjórn vill f. h. bæjarins kaupa landið, áður en leitað er að vatninu, og taka á sig áhættuna um, að þarna finnist e. t. v. ekki nóg vatn, en vill hafa vatnsréttindin og hæfilegt land til afnota fyrir bæjarbúa, ef nægilegt vatn kynni að fyrirfinnast.

Það virðist sýnt, þar sem við síðustu bæjarstjórnarkosningar á Siglufirði skiptist um pólitískan meiri hluta í bæjarstjórninni, og bæjarstjórnin er samt jafneinhuga um þetta mál nú sem hin fyrrverandi bæjarstjórn var, að þá geti ekki orðið samkomulag milli bæjarstjórnarinnar og landeiganda um kaup á þessu landi. Því er ekki um annað fyrir bæjarstjórnina að gera en að leita samþykkis hæstv. Alþ. fyrir eignarnámi á þessu landi sem allra fyrst, svo að hægt verði að gera framkvæmdir í því skyni að skera úr því, hvort þarna sé hægt að ná í nægilegt vatn til þess að hita upp Siglufjarðarbæ og til annarra hluta.

Ég vil svo leyfa mér að óska eftir því, að þessu máli verði vísað til hv. allshn. að lokinni umr., og vil leyfa mér jafnframt fyrir hönd flm. frv. að óska þess, að n. afgr. málið frá sér sem allra fyrst og líti á þá nauðsyn, sem er fyrir Siglufjarðarkaupstað að fá þessa eignarnámsheimild samþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 323).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. um þetta sama efni var flutt á síðasta þingi og er nú aftur flutt af sömu aðilum. Er í grg. vísað til þeirra ástæðna, sem færðar voru fyrir frv. á aðalþinginu í fyrra. Allshn. hefur haft frv. til athugunar og er efni þess samþykk, en vegna þess að fyrsti flm. frv. benti n. á, að heppilegra væri að orða frvgr. og fyrirsögnina nokkuð á annan veg en gert er, og n. féllst á, að sú ábending væri á rökum byggð, leggur hún til, að frvgr. verði breytt að orðalagi. Að efninu til verður engin breyt. Sama er að segja um fyrirsögn frv. Við leggjum til, að henni verði breytt, svo að hún verði meira í samræmi við orðalag gr.

Þetta mál hefur verið ágreiningsmál á milli eiganda landsins og bæjarstj. Siglufjarðar, en sá ágreiningur er að hverfa, og hv. fyrsti flm. hefur fullyrt, að landeigandinn mundi geta sætt sig við það orðalag, sem n. leggur til.

Málið er ofureinfalt og þarfnast ekki lengri framsögu.

Bernharð Stefánsson: Ég vil þakka hv. allshn. fyrir, að hún hefur afgreitt þetta mál, þó að mér sýnist nú, að ef þessu þingi lýkur á skaplegum tíma, þá sé nú komið svo, að nokkur hætta sé á, að það geti þá ekki orðið að l. sökum tímaskorts.

Hvað snertir brtt. þá, sem hv. n. ber fram, þá vil ég taka það fram, að hv. frsm. gerði fullmikið úr minni þátttöku í henni. Það, sem ég gerði í því sambandi, var það, að ég flutti skilaboð um það, að ef þessi tilhögun væri tekin, sem í till. greinir, þá mundi ekki verða ágreiningur um þetta mál milli eiganda landsins og a. m. k. meiri hlutans í bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. En það var ekki beinlínis, að ég bæri fram neinar persónulegar óskir í því efni. En á hinn bóginn vil ég segja það um þessa brtt., að með, tilliti til grg. þeirrar, sem fylgdi frv. í fyrra, og bréfa, sem prentuð voru þar sem fylgiskjöl, frá bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, þá sýnist mér, að öllum þeim óskum, sem þar er getið um, sé fullnægt með þessari brtt., eins og hún liggur fyrir. Því að tilgangurinn með frv. og ástæðan til þess, að bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar óskaði eftir, að það væri borið fram, var að fá aðstöðu til þess að hagnýta þetta heita vatn, sem er þarna í Skútudal. Og sé ég ekki annað en að þó að brtt. sé samþ., þá sé öllum óskum í þessu sambandi fullnægt. Ég hef um þetta ekki borið mig neitt saman við meðflm. mína að frv. og get þess vegna ekki sagt um það, hvort hinir flm. fallast á þessa brtt. En ég fellst algerlega á hana.

Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Út af síðustu ummælum hv. 1. þm. Eyf. vil ég aðeins taka það fram, að hv. frsm. skýrði mér frá þessari brtt., sem n. hefur gert við frv., og ég sé ekki neitt við hana að athuga. Sé ég ekki annað en að hún hafi sömu heimild í sér fólgna eins og frv. gerir ráð fyrir, en mætti kannske segja, að með samþ. hennar væri nokkuð fyllra orðalag á frv.

En út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. talaði um það, að ef þetta orðalag væri við haft, þá væri ekki ágreiningur milli landeigandans og a. m. k.

meiri hluta bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, þá get ég ekki um það sagt að vísu, en mér dettur ekki í hug, að bæjarstjórnin á Siglufirði geri ágreining sín á milli út af slíku. Hitt er svo algert aukaatriði, hvort það er gert til þægðar einhverjum manni eða mönnum að taka til greina einhverjar till. um orðalagsbreyt. á frv. Aðalatriðið fyrir mér er að fá þessa heimild, sem frv. er um.

ATKVGR.
Brtt. 323,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 323,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

Á 52. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 353).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 353, n. 459).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Mál þetta er hingað komið frá Ed. Allshn. hefur athugað það og leggur til, að það verði samþ. með þeirri breyt., að á eftir 1. gr. komi ný gr. um, að framkvæmd eignarnámsins skuli fara fram eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um eignarnám.
Ég vil hafa sama formála fyrir þessu frv. og hafður var fyrir frv., sem var hér á dagskrá næst á undan, frv. um sölu þjóðjarðarinnar Hólms, að hæstv. forseti hraði þessu máli, svo að það geti komizt fram á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 459 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 16:2 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 486).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri sér endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta mál hefur tekið þeirri einu breyt. í Nd., að eignarnámið skuli nú framkvæmt eftir gildandi l. um eignarnám. Ég álít, að breyt. skipti ekki miklu máli, og allshn. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 517).

---

50. Eignarnám landa á hverasvæðinu í Ölfusi.

Á 42. fundi í Ed., 29. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi (þmfrv., A. 272).

Á 43. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 272, n. 397).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. hefur verið hjá allshn. lengur en hún ætlaðist til. Er það af því, að n. fannst ástæða til að senda málið til bæjarráðs Reykjavíkur til umsagnar. Sú umsögn barst ekki fyrr en í gærmorgun, og þá tók n. málið strax fyrir og hefur afgr. það, eins og sjá má á þskj. 397.
N. féllst á, að brýn nauðsyn væri, eins og byggingum er nú komið í Hveragerði, að þar verði komið á skipulagi um flestar þær almennu nauðsynjar, sem þorpið þarf að hafa, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, frárennsli og annað slíkt.

Skortir mjög á, að nokkurt skipulag sé á þessu, svo að til stórvandræða horfir, ef ekki er úr bætt. N. féllst á, að eina trygga ráðið til úrbóta væri, að ríkið ætti landið, sem þorpið stendur á. Frekari rök fyrir frv. þarf ekki, þar sem það er tekið fram í grg.

Um leið og n. féllst á þetta, þótti henni rétt að taka til athugunar, hvernig þarna stendur á. Það er sem sé þannig, að nauðsynlegt er að taka nokkurt land af Vorsabæ. Hins vegar sér n. ekki ástæðu til, að tekinn sé leiguréttur af ábúanda fram yfir það, sem brýn nauðsyn þorpsins krefur. Þess vegna leggur n. til, að 2. gr. sé orðuð nokkuð um, og í þeirri brtt. kemur nokkuð skýrt fram, hvað hún ætlast til, að miðað verði við, þegar ná þarf samningum við ábúandann í Vorsabæ. Ég hygg, að það sé til nokkurra bóta að orða gr. þannig, því að þar kemur skýrt fram, að n. telur sjálfsagt, að byrjað sé á þessu, þegar ríkið hefur fengið eignarréttinn, og þá sé komið á fullkomnu skipulagi eftir till. skipulagsn. ríkisins, og verði þá ekki komnir á samningar við ábúandann í Vorsabæ, þá verður tekinn eignarnámi sá hluti landsins, sem þorpinu er nauðsynlegur. Virðist n., að þetta sama hafi vakað fyrir hv. flm., en n. telur, að orðalagið sé skýrara og ákveðnara í brtt. en í gr. Mér skildist á hv. flm., sem kom til viðtals við n., að hann væri ekki mótfallinn, að brtt. gengi fram, og þá leiðir af sjálfu sér, að ef 2. gr. er orðuð eins og n. leggur til, að óþarft er, að í fyrirsögninni sé nefnt leigunám, því að n. gat ekki fundið annað en að þar yrði að vera um eignarnám að ræða. Þess vegna leggur n. til, að fyrirsögnin sé orðuð lítið eitt á annan veg, til fyllra samræmis við efni frv.

Ég hygg, að málið liggi svo ljóst fyrir, að ekki þurfi að skýra það frekar. N. leggur til, að frv. gangi fram með þessum breyt.

Jónas Jónsson: Ég vil aðeins þakka n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Hún gat ekki lokið því fyrr en hún hefur gert, því að nauðsynlegt var að bera málið undir bæjarráð Reykjavíkur. Byggingarnar þarna eru nálega allar eign Reykvíkinga. Það er búið að byggja á sjálfu hverasvæðinu, og er farið út á svæði, sem er kalt, og fæst jarðhiti þar ekki nema með dýrum borunum. Verður þarna skortur á hreinlætisaðstæðum, ef ekki verður komið á skipulagi. Eigendurnir eru margir, svo að óhugsandi er, að leigjendur og eigendur geti gert það átak, sem þarna þarf að gera. Ef frv. nær fram að ganga, hlýtur þarna að verða stórt þorp. Mér dettur í hug, að eftir nokkur ár verði þarna nærri því eins margir menn og eru í Hafnarfirði nú, og það er vegna þess fólks, sem þarna vill vera, að þetta frv. er borið fram, til þess að tryggja, að sú aðstaða, sem þarna er, geti orðið notuð sem skynsamlegast.

Ég þykist vita, að málinu verði vel tekið í d., fyrst n. tekur því svona vel. Ég vil beina því til hæstv. forseta, ef málið verður samþ. við þessa umr., hvort hann sjái sér ekki fært að taka það til 3. umr. síðar í dag. Það er stutt eftir af þingtímanum, en miklar annir, og gæti það því haft þýðingu, ef málið yrði afgr. frá þessari d. í dag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 397,1 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 397,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 410).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., 15. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til **2. umr.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 21. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 410, n. 456).

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. er um heimild fyrir stj. til að taka eignarnámi nokkur lönd í Ölfusi, þ. e. á hverasvæðinu í Hveragerði og í nágrenni þess, eftir því sem tilgreint er í frv. Þetta mál er hingað komið frá Ed. og var samþ. þar án ágreinings. Allshn. þessarar d. hefur haft málið til meðferðar og athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

***Eiríkur Einarsson:** Ég vil aðeins að svo vöxnu máli leita skýringa, væntanlega hjá hv. n., sem fór höndum um þetta mál, um sérstakt atriði.

Þetta mál hefur tekið nokkrum formbreyt. Fyrst var það flutt sem þáltill. af hv. þm. S.-Þ., en þeirri till. var breytt í frv. Í upphaflegu till. var tiltekið, hvaða lönd það væru, sem átti að heimila stj. að kaupa. Þau ákvæði hafa verið tekin upp í frv. nema land það, sem Kaupfél. Árnesinga á á þessum stað, sem er það land, sem Mjólkurbú Ölfusinga átti. Nú veit ég ekki, hvort það er meiningin, að eignarnámsheimild frv. eigi að ná til þessa lands. Það er vitað mál, að þetta land, sem upphaflega var selt úr Vorsabæjarlandi, er á því svæði Vorsabæjarlands, sem hér á að heimila ríkinu að eignast, en á hinn bóginn er það fallið undan jörðinni fyrir alllöngu síðan, svo að það er alls ekki skýlaust, hvort heimildin á að ná til þess. Þess má enn fremur geta, að á þessu svæði eru margar af byggingarlóðum kauptúnsbúa, en þeim er mikið

áhugamál, að ríkið verði þarna eigandi. Ég vil því spyrja hv. n., hvort það sé meiningin, að sú heimild, sem felst í frv., eigi einnig að ná til þessa landsvæðis. Ég vil, að allur vafi sé tekinn af um þetta atriði, svo að þessi lagasetning verði ekki misskilin.

*Jóhann G. Möller: Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, og vil ég nú gera stutta grein fyrir honum.

Fyrirvari minn felst ekki í því, að ég sé mótfallinn þeirri hugsun, sem er í þessu frv., að ríkið eigi þetta land, sem hverahitinn er á eða líklegt, að megi ná hverahita á. Ég tel það eðlilegt. Mér virðist sú hugsun liggja hér á bak við, að það eigi að hindra, að stórfelld „spekulation“ með þetta jarðhitasvæði geti átt sér stað, og á þá væntanlega að gefa þeim, sem óska eftir að fá þarna lönd, kost á að fá þau ódýrt. En ég tel, að ekki sé vel farið með slíka auðlegð sem jarðhitann á Íslandi, ef aðallega á að nota jarðhitasvæðin til þess að byggja þar sumarbústaði og hús, sem eru aðeins til lítilfjörlegra nota fyrir einstaka menn, og þá sérstaklega þá, sem hafa ráð á því að búa á tveimur stöðum. Ég tel eðlilegt, að ríkið eigi sem allra flest hverasvæði á landinu og heitar uppsprettur og skipuleggi notkun þeirra á þann hátt, að sem mestur hagnaður verði af fyrir landið í heild, og sérstaklega vil ég, að ríkið tryggi, með því að eiga sem flest hverasvæði á landinu, að sú ræktun fari þar fram, sem bæði heilbrigðilega séð og af öðrum ástæðum er nauðsynleg. Ég tel það hreint skipulagsleysi, að heitar uppsprettur og hverasvæði skuli vera í höndum einstakra manna, sem hafa ótakmörkuð yfirráð um notkun þessara hlunninda, sem þeir á þennan hátt hafa eignazt, og tel ég eðlilegt, að ríkið hafi þar hönd í bagga. Ég vil beina því til hæstv. stj., þegar hún fær þessa heimild, að nota hana ekki til að selja þessa skika, til þess að þarna verði byggðir sumarbústaðir eða annað slíkt, fyrr en fram hefur farið rannsókn á, hvort ekki sé hægt að skipuleggja það afl, sem þarna blundar, helzt sem víðast, og helzt að nota það þannig, að það verði til sem mestra heilla fyrir þjóðina í heild. Til þess að skýra hugsun mína enn frekar vil ég taka fram, að ég tel misráðið, að hér í Reykjavík sé yfirfullur markaður af rándýrum blómum, sem ræktuð eru í vermihúsum manna, sem hafa þau sér til einkahagnaðar, þegar stundum er ekki hægt að rækta á sama tíma nytsamlega ávexti til verndar heilsu landsmanna, sem ekki fást fluttir inn í landið, en hægt að tryggja með ræktun þeirra, að hagnaður sé fyrir hendi, að vísu ekki jafnmikill og af blómarækt inni, en þó sómasamlegur. Þessu vil ég skjóta til hæstv. stj., sem fær þessa heimild, en það er ekki það, að ég sé á móti því, að ríkið eignist þetta land þarna, ég er því þvert á móti fylgjandi.

*Frsm. (Gísli Guðmundsson): Það mun vera rétt, sem hv. 8. landsk. segir um efni þáltill., sem flutt var um þetta efni í Ed., en var dregin til baka og þetta frv. flutt. Frv. var flutt í staðinn fyrir till. vegna þess, að í till. var aðeins gert ráð fyrir, að heimila kaup, — meira var ekki hægt þar, — en í frv. er gert ráð fyrir eignarnámsheimild.

Allshn. hefur ekki athugað sérstaklega þennan stað, og þess vegna get ég ekki gefið upplýsingar um einstaka lóðabletti þar, en mér er tjáð, að sú lóð, sem hv. þm. minntist á, sem sé sú lóð, sem Kaupfélag Árnesinga á þarna, sé innan þess svæðis, sem heimila á að taka eignarnámi. Mér hefur enn fremur verið tjáð, að kaupfélagið muni vera reiðubúið að selja ríkinu þetta land. Ég hygg þess vegna, að hv. þm. hafi ekkert við málið að athuga út frá því sjónarmiði. Þetta frv. er undirbúið af Pálma Einarssyni ráðunaut, og munu takmarkanir þess landssvæðis, sem tilgreint er í frv., að taka megi eignarnámi, settar í samráði við hann.

Eiríkur Einarsson: Ég þakka hv. frsm. fyrir hófsamlegar skýringar hans um þetta mál. Það horfir þá líkt við og ég bjóst við, en ég vil taka til athugunar, hvort mér finnst hér tryggilega um búið eða hvort ég vil bera fram brtt. við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 410, 500).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 500. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Eiríkur Einarsson: Ég get verið fáorður um þessa brtt., sem ég ber hér fram, því að ég gerði að nokkru leyti grein fyrir henni við 2. umr.

Ég vil taka sérstaklega fram, að með brtt. þessari vil ég á engan veg verða til þess að tefja þetta mál. Ég vænti þess, að það þurfi ekki að koma til, því að ef brtt. verður samþ. nú, þá þarf hún aðeins að fara til einnar umr. í Ed., en þar mun enginn ágreiningur vera um það.

Brtt. er borin fram til öryggis því, hvert stefnt er með þessu frv. Hún er í raun og veru til fyllra samræmis við málefnið, eins og það lá hér fyrir upphaflega í þeirri þáltill., sem hv. þm. S.-Þ. bar fyrst fram, sem snerist svo til þessa lagafrv. Það er tekið fram, að eignarnámsheimildin nái einnig til lands Kaupfélags Árnesinga í Hveragerði. Þar sem það var fellt úr í frv., þótti mér réttara að taka þetta fram, af því að ég veit, að það er meining málsins. Mér er tjáð, að kaupfélagið vilji selja þetta land, og hlutaðeigandi íbúar í Hveragerði vilja, að ríkið eignist það. Til þess að greiða fyrir málinu og til aukins öryggis um, að lagaheimild nái til þessa landsvæðis, hef ég flutt hér þessa brtt.

Ég hef borið þetta mál undir færustu lögfræðinga, og eru þeir á einu máli um það, að heppilegt væri, að brtt. mín yrði samþykkt. Ég álít þetta nú næga skilgreiningu fyrir því, sem ég flyt hér.

Mér hefur enn fremur dottið í hug, hvort ekki

væri rétt að flytja aðra brtt., en ég hef nú ekki gert það. Það er hvergi tekið fram í l., að eigi eða megi reyna fyrst til hlítar samkomulagsleiðina um kaup og sölu þessara lóða. — En mér hefði þótt það miklu viðkunnanlegra. Ég hef nú ekki borið fram till. í þessa átt. En hitt hef ég skýrt, og vænti ég þess, að hv. deild finnist það eðlilegt og réttmætt að greiða þeirri till. minni atkvæði.

*__Frsm. (Gísli Guðmundsson)__: Hv. 8. landsk. kvaðst ekki vilja tefja framgang þessa máls. Nú er orðið áliðið þings, og tel ég því vissara að gera engar breytingar á frv. nú. Af þeirri ástæðu vildi ég mega vænta þess, að hv. 8. landsk. dragi till. sína til baka. Ég hef þar að auki síðan við 2. umr. aflað mér frekari upplýsinga um málið, m. a. rætt við nákunnuga menn, og af þeim upplýsingum dreg ég þá ályktun, að það land, sem um er rætt á þskj. 500, sé innan landamæra þess svæðis, er lögin ná yfir. Enn fremur tel ég enga ástæðu til bera að nafngreina eitt land framar öðrum, því að hér er um 8 lóðabletti alls að ræða.

Hygg ég því, að brtt. hv. 8. landsk. sé óþörf, en málinu hins vegar stefnt í nokkra hættu með henni. — Vil ég því, eins og ég áður sagði, mælast til þess, að hv. flm. taki tillöguna aftur.

*__Bjarni Bjarnason__: Ég skal ekki vera langorður.

Ég hélt, að hv. 8. landsk. væri svo kunnugur þarna eystra, að hann hefði ekki þurft að finna sér upp ástæðu til þess að flytja þessa brtt., en mér skilst, að hún sé eingöngu flutt í þeim tilgangi að hrekja málið milli deilda, svo að það dagi uppi.

Ég vil endurtaka það, sem hér hefur komið fram, að Egill Thorarensen kaupfélagsstjóri vill láta hafa það eftir sér hér, að hann vefengi ekki, að land Kaupfélags Árnesinga heyri hér undir, þó að aðrir vefengi það. Enn fremur er það kunnugt, að land Kaupfélags Árnesinga hefur lengi staðið ríkinu til boða, en engum öðrum. — Er því brtt. hv. 8. landsk. með öllu óþörf.

*__Eiríkur Einarsson__: Ég get fallizt á hófsamleg rök hv. þm. N.-Þ., og ég vil taka það skýrt fram, að ég vil á engan hátt tefja þetta mál. Ef ég tek brtt. mína aftur, þá er það eingöngu með tilliti til þess, að ég vil ekki stofna málinu í þá hættu, að það fái ekki afgreiðslu í Ed. á þessu þingi. Hins vegar skil ég ekki þann ofsa, sem greip hv. 2. þm. Árn. Fannst mér öll ræða hans óljós og þokukennd og ekki laus við mótsagnir, en annars ekki þm. sæmandi. Hirði ég ekki um að svara henni. En til þess að málið verði ekki fyrir töfum, og þar sem fyrir liggur yfirlýsing Egils Thorarensens, sem ég ekki vefengi, tel enda, að till. mín hafi orkað þar nokkru um, þá tek ég till. mína aftur.

ATKVGR.
Brtt. 500 tekin aftur.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 518).

51. Mjólkursala og rjóma.

Á 31. fundi í Ed., 13. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. des. 1937, um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og mjólkurafurða (þmfrv., A. 154).

Á 33. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*__Flm. (Magnús Jónsson)__: Ég hef nú ekki flutt þetta litla frv. hér til þess að fara að vekja upp neinar deilur eða ýfingar um þetta ákveðna mál, mjólkurmálið, heldur hef ég gert það til þess að sýna hinu háa Alþ. í frumvarpsformi nokkuð af óskum mjólkurframleiðenda nokkurra, sem getið er um hér í grg. frv. Þeir telja hag sínum nokkuð þröngvað, eins og nú er ákveðið um framkvæmd á mjólkurl. Því að í raun og veru er hér um framkvæmd að ræða, og hefði í raun og veru ekki þurft frv. um þetta í sjálfu sér til þess að kippa þessu í lag, sem hér í frv. er farið fram á að lagfæra, heldur hefði mátt gera það með þál. og stjórnarráðstöfunum. En þau tvö atriði, sem ég hef tekið í þetta frv., virðist mér vera aðalkröfur bændanna, og eru þau, sem ég nú skal greina.

Fyrri breyt. felst í 1. gr. frv., sem er lítil og meinlaus, og ég hygg, að ekki verði mikil mótstaða á móti henni. Þar er gert ráð fyrir, að þegar lagt er verðjöfnunargjald á mjólk, sem ekki er afhent í samsöluna, þá skuli miða við 2500 lítra ársnyt úr kú í stað 3000 lítra í l. Það má að vísu kannske segja það, að það sé dálítið skrýtið að hagga þessu ákvæði. Upphaflega í l. var þessi útreikningur miðaður við undanþágu frá gjaldi, og það var ekki nema mannlegt, að þeir, sem áttu hlut að máli í þessu efni, vildu *ýta á eftir því*, að ársnytin væri *metin ríflega*, því að það var þeim hagur. En gjaldið er ákveðið þannig, að það er ekki nema eðlilegt, að þessir menn vilji nú, að heldur sé teppt á hinn hlunninn og ársnytin ekki metin svona há. Þessi ósk er alveg samkvæm l., því að í síðasta málsl. fyrri málsgr. 3. gr. l. frá 1937 (nr. 66) segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hafi hins vegar meðalársnyt í öðrum þeim lögsagnarumdæmum, þar sem sölusvæði er ákveðið, reynzt lægri samkvæmt skýrslum nautgriparæktarfélaga þar, skal gjaldið miðað við það.“ Og án þess að ég hafi þar um nákvæmar skýrslur, hef ég þar af sögur kunnugra manna, að það muni vera miklu nær 2500 lítrum meðalársnytin heldur en 3000 lítrum. Það er því ekki nema í anda þessarar gr. óbreyttrar í l., að þessi till. kemur hér fram. En með þessari gr., ef samþ. verður, yrði skorið upp úr um það atriði. Þetta er bara smáatriði, og getur það ekki verið ágreiningsmál.

Hitt ákvæði frv. er um að fella fyrst um sinn niður verðjöfnunargjaldið. Það er öðruvísi ástatt um það atriði, og munu um það að sjálfsögðu vera skiptar skoðanir. En það er ekki hægt að neita því, að það er dálítið einkennilegt, að það skuli þurfa að hafa slíkar ráðstafanir um vöru, sem jafngreiðlega gengur út og hægt er að selja

við jafnriflegu verði eins og mjólk og mjólkurafurðir nú. Þegar l. voru sett, þá var þetta gagnólíkt. Þá mátti segja, að það væri hægt að fá nokkurn veginn verð fyrir mjólkina, sem hægt var að selja sem neyzlumjólk. En vinnsluvörur úr mjólk voru hálfgerðir vandræðagripir. Og um osta var það þá eitt sinn sagt í gamni, að svo mikið væri til af ostum í búum austanfjalls, að þeir væru að hugsa um það þar að fara að byggja vegi úr þeim. Það var á þeim tíma ákaflega erfitt að koma þeirri söluvöru mjólkurafurðanna í verð, sem ekki var hægt að selja sem neyzlumjólk. Misræmið milli neyzlumjólkurinnar og annarra mjólkurafurða, sem þá var viðkomandi sölumöguleikunum, er ekki til nú, þó að hins vegar geti orkað tvímælis um verðið á þessum vörum. En það orkar ekki tvímælis, að nú er yfirfljótanlegur markaður fyrir þessar vörur allar.

Það þyrfti í raun og veru ekki heldur um þetta atriði neina löggjöf, því að í 2. málsgr. 1. gr. l. nr. 66 frá 1937 er ákveðið, að gjaldið ákveðist fyrirfram af mjólkursölunefnd, og að það megi breyta því svo oft sem þurfa þykir. Það hefði því í raun og veru verið nóg að samþ. þál. um þetta efni, þar sem skorað væri á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að þetta gjald yrði annaðhvort fellt niður eða lækkað. En l. um þetta efni eru þó miklu öruggari, ef hæstv. Alþ. vill láta vilja sinn í ljós og taka af skarið um þetta. En það er ekki meiningin með þessu að víkja frá stefnu l. almennt.

Það eru nú tekin 10% af útsöluverði mjólkur, sem til greina kemur í þessu sambandi, í verðjöfnunargjald, og er það ákaflega hátt gjald. Þegar l. voru sett upphaflega, þorðu menn ekki að fara hærra en í 5% með þetta gjald, með heimild um, að það mætti hækka það, þó aldrei meira en í 8%, og það var á tíma, þegar geysilegt ósamræmi var á milli neyzlumjólkurverðs og verðs fyrir vinnsluafurðir mjólkur. Það sýnist því ákaflega frekt í sakirnar farið að ákveða þetta gjald tvöfalt hærra en l. upphaflega ákváðu 1935 og miklu hærra en það hámark, sem þá var leyft allra mest.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að svo komnu, en vil aðeins óska þess, að hv. d. vildi senda þetta frv. áfram til 2. umr. og hv. landbn. En það hefur komizt einkennileg villa inn í fyrirsögn frv., sem ég veit ekki, hvort komizt hefur inn í handriti eða í prentun. Frv. er látið heita: „Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. des. 1937, um breyting á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og mjólkurafurða“, í staðinn fyrir „að l. þessi frá 1935 heita „Lög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.“ Ég vil skjóta því til hv. n., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, að ég býst við, að hægt sé að leiðrétta þetta í prentun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 262).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Nefndin hefur haft mál þetta alllengi til meðferðar og átt um það tal við marga menn. Hún hefur orðið sammála um að leggja til, að höfuðbreytingar þær, sem farið er fram á, verði samþykktar, en auk þess breytingin, sem sjá má á þskj. 262. Það voru tvö atriði, sem breyta átti eftir frv. og þó nokkuð óljóst um annað þeirra. Fyrra atriðið var það að lækka úr 3000 lítrum á ári í 2500 þá ársnyt, sem reiknuð er eftir hverja kú hér við Reykjavík til að miða verðjöfnunargjald við, þegar mjólkin fer ekki um hendur samsölunnar. Upphaflega þótti mér 3000 lítra áætlunin of há, en hún komst í lög fyrir tilstuðlun þm. Reykv., sem töldu meðalnytina þetta. Ég álít 2700 lítra næst sanni, en í n. varð að samkomulagi að leggja til, að hún yrði ákveðin 2600 lítrar. Þá höfum við tekið upp breytingu, sem ekki var í frv., um að hækka úr ½ lítra í 1 lítra á dag það mjólkurmagn á heimilismann, sem frádráttarbært er við álagningu gjaldsins. Þegar þetta var ákveðið í fyrstu, var neyzlan ekki nærri orðin ½ lítri á mann í Reykjavík, svo að ekki þótti rétt að fara hærra. Nú er hún orðin rúmlega það, og það er allra manna álit, að það sé ákaflega mikils virði, að menn noti sér sem mest mjólkina til fæðis. Í samræmi við það leggjum við til að hækka þetta.

Önnur breyting frv. átti að vera að fella niður verðjöfnunargjaldið, svo sem um ræðir í 2. gr. þess. Sú breyting var þó alls ekki útfærð, og ég skal ekki leggja dóm á, hvernig hv. flm. hefur hugsað sér hana útfærða. Það er algerlega á valdi mjólkursölunefndar, hve hátt gjaldið er hverju sinni. Það fer eftir ýmsum aðstæðum. Mjólkurmagn verðjöfnunarsvæðisins, það sem á markað kemur, er um 15 millj. lítra á ári, og ákaflega breytilegt, hve mikill hluti þess fer til neyzlu og hve mikill þarf að fara til vinnslu, eða hve mikið fæst fyrir það, sem í vinnslu fer. Þess vegna þarf á mjög mismiklu fjármagni að halda til uppbótar, svo að verðmunur sé sem minnstur á hinum ýmsu stöðum. Mjólkursölunefnd er sá aðili, sem fylgist langbezt með því á hverjum tíma, hvert gjaldið þarf að vera. Hún reynir að stilla því í hóf. Þess vegna sér n. enga ástæðu til að hrófla við verðjöfnunargjaldinu, heldur leggur til, að 2. gr. frv. falli niður.

Loks hefur n. breytt fyrirsögn frv., sem af einhverjum ástæðum hefur raskazt úr réttu formi. Ég veit ekki betur en n. standi óskipt að brtt. og sammála, nema þá helzt, að það væri ég, sem þykir 2600 lítra ársnytin sett of lágt. Sé ég ekki ástæðu til að segja fleira um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 262,1.a samþ. með 8:2 atkv.

— 262,1.b samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 262,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, ErlÞ, IngP.

nei: MG, ÁJ, BSn.

MJ greiddi ekki atkv.

6 þm. (EÁrna, BrB, HermJ, JJós, JJ, SÁÓ) fjarstaddir.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 262,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. des. 1937, um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Á 44. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 282).

*__Magnús Jónsson__: Ég skal ekki ræða efnishlið málsins. Ég var bundinn í forsetastóli, þegar það var til 2. umr., en vil nú aðeins þakka landbn. afgreiðslu þess, þó að hún sæi sér ekki fært að verða að öllu leyti við þeim tveimur óskum, sem fram komu í frv.

Þó að ég setti fram þá till., að miðað væri við 2500 lítra kýrnyt, var það ekki byggt á rannsókn. En um verðjöfnunargjaldið, sem ég tiltók líka almennt, vil ég segja, að mér þykir vænt um ummælin í nál., þar sem vakin er athygli á þessu.

*__Sigurjón Á. Ólafsson__: Herra forseti! Fulltrúi Alþfl. í n. samþ. þær breyt., sem fyrir liggja. En ég kvaddi mér hljóðs m. a. til þess að beina þeirri fyrirspurn til frsm. n., hvort ekki sé ástæða til að gera nokkrar breyt. við þessi l. umfram það, sem í frv. greinir, sérstaklega hvort ekki þurfi að íhuga það atriði, sem almennt fylgir l. um stofnanir sem þessa, að gert sé ráð fyrir sérstökum aðila, er endurskoði reikninga. Hv. frsm. getur e. t. v. upplýst, hvernig endurskoðun hefur verið framkvæmd, en ef það er rétt, að samsölustjórnin sjálf tilnefni endurskoðendur, er það í hæsta máta óviðeigandi. Væri ekki nauðsynlegt, að jafnvel nú væri sett inn ákvæði um, hvernig endurskoðendur skuli skipaðir?

__Frsm. (Páll Zóphóníasson)__: Herra forseti! Ég skal ekki um segja, hvernig endurskoðendurnir hafa verið settir upphaflega, en ég hygg, að ráðuneytið hafi gert það. En Björn Árnason og skattstjóri Halldór Sigfússon hafa endurskoðað þá frá byrjun. Björn Árnason er kunnur endurskoðandi hér. Hann hefur endurskoðað reikninga samsölunnar og allra mjólkurbúanna og er, að ég hygg, valinn af ráðuneytinu. Þegar komið hefur til einhvers ágreinings, hefur stjórnarráðið ævinlega um það fjallað. Auk þess eru reikningar hinna ýmsu búa endurskoðaðir af mönnum heima fyrir, og gera þeir sínar athugasemdir, ef þeim þykir ástæða til.

N. hefur ekki haft til athugunar, hvort rétt sé að setja hér ákvæði inn. En ég vil benda á tilsvarandi fyrirkomulag í kjötlögunum. Þar er ekkert ákvæði um endurskoðendur. Ég sneri mér til ríkisstj. og bað um endurskoðun, og Jón Guðmundsson hefur séð um hana síðan. Svipað mun vera um samsöluna.

*__Sigurjón Á. Ólafsson__: Ég þakka hv. frsm. fyrir þessar upplýsingar og rengi hann að sjálfsögðu ekki. Hins vegar er ljóst, að þarna er fyrst og fremst um tölulega endurskoðun að ræða, þannig að ekki sé um gagnrýni að ræða, ef reikningarnir eru reikningslega réttir. En endurskoðendur, sem eru kjörnir samkv. l., hafa ekki aðeins á hendi tölulega endurskoðun, heldur líka gagnrýni um gang fyrirtækisins, sem um er að ræða.

Mér skildist hv. frsm. ekki fráhverfur því, að í l. væri ákvæði um kosningu endurskoðenda. Honum er kunnugt um, að í seinni tíð hafa komið fram óánægjuraddir um alla ráðsmennsku mjólkursölunn. Ef þær eru óréttmætar, er hægt að kveða þær niður með því að hafa kritíska endurskoðendur. Ég vil mælast til, að það komi í ljós vilji þm. um það, hvort ekki sé rétt að fresta málinu og setja inn þetta ákvæði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 282, n. 474).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*__Frsm. (Jón Pálmason)__: Þetta frv. um breytingar á mjólkursölulögunum er komið frá hv. Ed. Það er um að ræða 2 breytingar frá eldri lögum, í fyrsta lagi, að verðjöfnunargjaldið skuli nú miðað við 2600 lítra meðalnyt í stað 3000 áður, og að nú skuli 1 lítri á mann vera frjáls til heimilisnotkunar og undanþeginn verðjöfnunargjaldi í stað ½ lítra áður. Landbn. þessarar deildar er einhuga um málið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 519).

52. Ríkisborgararéttur.

Á 42. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 255).

Á 44. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Nd., 30. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 49. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 446).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Herra forseti! Þetta frv. hefur legið fyrir hv. Nd. og verið samþykkt þar og hefur verið vísað til allshn. þessarar hv. d. eftir 1. umr. þess hér í d. En meðan n. hafði málið til meðferðar, barst n. umsókn um að bæta við einum manni inn í frv., sem er norskur maður að nafni Jostein Sölvberg, sem á heima á Hjalteyri, en er fæddur í Noregi.

Eftir að allshn. hafði athugað þau gögn, sem umsókn þessari fylgdu, komst hún að raun um, að þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra manna, sem sækja um ríkisborgararétt, var hjá þessum manni fullnægt. Leggur n. til, að honum verði bætt inn í frv. og það samþ. með þeirri breyt.

En sá galli er á skilríkjum, sem fylgja öllum þessum umsóknum um ríkisborgararétt, sem frv. er um, nema frá þessum Sölvberg, að það vantar alls staðar vottorð um það, hvort þeir hafi orðið sekir við landslög í föðurlandi sínu. En það er eitt af þeim skilyrðum, sem l. um ríkisborgararétt setja, að þeir, sem um hann sæki, færi sönnur á það, að þeir hafi ekki gerzt sekir við lögin í sínu eigin landi. En ástæðan til þess er, að ekki hefur verið hægt að láta þessi vottorð fylgja umsóknum þessum. En dómsmálaráðuneytið hefur lagt til, að vikið verði frá þessari kröfu í þetta skipti, þar sem vitað er, að vegna samgönguleysis við Norðurlönd er ekki hægt að fá þessi gögn. Og allshn. hv. Nd. hefur lagt til, að vikið væri frá þessu skilyrði. Allshn. þessarar d. hefur ekki viljað leggjast á móti því, að þessum mönnum verði veittur ríkisborgararéttur, enda þótt þessu sé þannig áfátt, eins og ég hef nú lýst.

ATKVGR.
Brtt. 446 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 483).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

---

53. Verðlagsuppbót embættis- og starfsmanna ríkisins.

Á 50. fundi í Ed., 6. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (þmfrv., A. 316).

Á 51. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Þegar fyrir fjhn. lá beiðni frá hæstv. fjmrh. um, að n. flytti þetta frv., og það var vitanlega samþ., þá hreyfði ég því í n., hvort ekki gæti orðið samkomulag um það, að n. tæki upp í þetta frv. heimild handa stj. til að greiða ákveðna uppbót á útborguð laun starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, og jafnframt hvort ekki mundi unnt að gefa bæjarfélögunum heimild til að gera slíkt hið sama fyrir sína menn.

Ástæðan til þess, að ég hreyfði þessu, er m. a. sú, að eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefur borizt til Alþ. beiðni frá starfsmönnum ríkis og bæja, þar sem þeir óska eftir, að þeim verði greiddur ákveðinn hundraðshluti á laun sín, og færa gildar ástæður fyrir, að sú beiðni er fram komin. Hv. meðnm. mínir töldu ekki rétt að gera breyt. við frv., áður en það væri lagt fram, þar sem það væri samið af stj. og engar óskir lægju fyrir frá henni í þessa átt. Hins vegar var frv. til 1. umr. í gær. Mér hefur ekki gefizt kostur á að ræða um það við hv. meðnm. mína, hvort þeir gætu fallizt á að flytja slíka breyt. Þegar málið kemur nú til 3. umr., mun ég og hv. 2. landsk. flytja brtt. þess efnis, sem ég hef rætt um. Hins vegar vildi ég gjarnan leita samvinnu við aðra hv. dm. til þess að tryggja till. framgang.

Ég ætla ekki nánar að rekja, hversu mikil þörf er á þessu. Það getur ekki gengið fyrir ríkið og stofnanir þess að hafa starfsmennina mjög óánægða með laun sín og láta þá hafa lægri laun en lítt lærðir iðnaðarmenn hafa nú á tímum og vilja ekki gera þar á neina leiðréttingu, því að skilyrðið fyrir, að þeir vilji vera áfram, er, að þeir fái sómasamleg laun fyrir störf sín.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 316, 367).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 367. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Ég gat þess á fundi þessarar hv. d. í gær, að ég ásamt hv. 2. landsk. þm. mundi flytja brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, og er sú till. á þskj. 367. Ég gat um það þá, hverjar væru helztu ástæðurnar fyrir því, að við flytjum þessa brtt., og þarf ekki að endurtaka það hér nú. En eins og hv. þdm. sjá, þá er ætlazt til þess með þessari brtt., að ríkisstj. fái heimild til að greiða ákveðna uppbót, 10—20%, á útborguð laun starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana. Þá er jafnframt ætlazt til þess, að launauppbótinni verði hagað þannig, að þeir, sem hafa lægst laun, fái hærri uppbót, en þeir, sem hafa hæst laun, fái lægstu uppbætur, sem hér er gert ráð fyrir. Þetta mundi þá vitanlega verða til þess að bæta sérstaklega hag hinna lægst launuðu starfsmanna ríkisins. En eins og hv. þdm. er kunnugt, eru margir þeirra svo illa launaðir, að þeir hafa ekki einu sinni laun til jafns við venjulega verkamenn, ef vinna þeirra er á annað borð stöðug. Þá er einnig gert ráð fyrir, að bæjarfélögum og stofnunum sé veitt sams konar heimild til greiðslu launauppbótar til starfsmanna, sem hjá þessum stofnunum vinna. Það er alveg sama um þetta að segja, þar sem hér er aðeins um heimild að ræða, að það er á valdi bæjarstjórnanna sjálfra, hvort þær sjá sér fært að greiða þessa uppbót eða ekki.

*__Frsm. (Magnús Jónsson):__ Eins og hæstv. forseti veit, þá var þessari brtt. útbýtt nú á fundinum. Ég vildi því bara fyrir hönd fjhn., sem flytur þetta mál, geta þess, að n. hefur ekki tekið neina afstöðu til þessarar till., og tók ekki heldur afstöðu til þess, þegar minnzt var á það á fundi, eins og hv. 1. flm. gat hér um við 1. umr. málsins, og ég skal játa, að ég man ekki eftir, hvort minnzt var nokkurn tíma á það, en vefengi það þó ekki.

Mér sýnist á hinn bóginn ekki alveg ljóst, hvað átt er við með till., og tók ekki heldur eftir því hjá hv. flm., hvernig á að skilja till., hvort það ber að taka hana eins og hún liggur fyrir, að heimildin sé um það að greiða 10—20% á laun og dýrtíðaruppbót. Einnig langar mig að vita, hvort þetta nær til þeirra, sem nú hafa hærri laun en kr. 650.00 á mánuði, en það er það hámark, sem verðlagsuppbót er greidd af.

Það er aðeins þetta, sem ég vildi fá að vita, en tek annars ekki afstöðu til þessa máls nema með atkv. mínu.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. vil ég geta þess, að fyrir okkur vakir, að uppbót verði greidd á laun með dýrtíðaruppbót. Og það er að vísu alveg rétt, að þá fá þeir líka uppbót, sem hafa hærri laun en kr. 650.00 á mánuði. Hins vegar getur það komið til álita, hvort ekki sé rétt að hækka þetta hámark eða afnema það. En við teljum rétt, ef þessi heimild yrði notuð, að þá fengju allir starfsmenn þessa uppbót, og þá vitanlega háa eða lága eftir því, sem ákveðið er af ríkisstjórninni.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Ég vil aðeins vekja athygli hv. þdm., og þá ekki síst þeirra hv. þm., sem telja sig fyrst og fremst málsvara launamanna, að það kynni að reynast nokkuð tvíeggjað fyrir launamennina að gera slíkar lagfæringar á launakjörum þeirra, sem hér er farið fram á.

Eins og menn vita, þá er það eilíft deilumál innan þings og utan, hvernig eigi að launa starfsmenn ríkisins eða opinbera starfsmenn yfirleitt. Og þeir, sem lifa mest á handafla sínum, eftir því sem guð og lukkan gefur, telja, að það séu mikil hlunnindi fyrir opinbera starfs-

menn að eiga þó alltaf sín laun vís, þar sem þeir hins vegar eiga undir högg að sækja um sína afkomu á mismunandi tímum. Þessi rök komu mjög fram í sambandi við dýrtíðaruppbótina á laun opinberra starfsmanna, eins og allir hv. þm. kannast vel við. Því er af hálfu ýmissa haldið fram, að þó að nokkur dýrtíð verði í landinu, samfara verðbólgu og auknum tekjum til ýmissa landsmanna, þá sé það ekki endilega sjálfsagt, að opinberir starfsmenn fái það allt bætt upp, af því að þeirra staða sé alltaf trygg á erfiðu tímunum, þegar atvinnuleysi er og atvinnurekstrinn er rekinn með tapi. Nú er því ekki að neita, að opinberir starfsmenn margir hverjir, og kannske yfirleitt, eru lakar settir heldur en mikill fjöldi manna, sem stundar aðra atvinnu, og þess vegna eru líka slík tilmæli sem þessi á miklum rökum reist, enda ákaflega vafasamt, hvort hjá því verður komizt að verða að einhverju leyti við þeim. En ég fyrir mitt leyti er í mjög miklum vafa um, hve mikill greiði launastéttunum er gerður með þessu, með tilliti til þess, hvernig þeirra málum kunni þá að verða borgið, þegar verr árar. Við skulum segja, að þegar þrengdi í búi hjá ríkissjóði, þá kæmu fram kröfur um lækkun á launum opinberra starfsmanna, sem byggðust á því, að úr því að menn hefðu fengið sérstakar uppbætur vegna góðæris, þá sé líka eðlilegt, að skorið sé af launum þeirra, þegar harðnar í ári. Það hefur nú einu sinni verið gripið til þessa og mælzt misjafnlega fyrir, og ef menn athuguðu þetta frá báðum hliðum, þá efast ég ákaflega mikið um, að launamenn mundu telja hag sínum betur borgið með því að fara inn á þá braut, sem hér yrði stofnað til.

Það er ætlazt til, að með verðlagsuppbót fái launamenn, að undanskildum hálaunamönnum, sem hafa yfir kr. 650.00 í mánaðarlaun, laun sín bætt í hlutfalli við verðlagshækkun í landinu. Svo framarlega sem talið er, að stofnlaun séu hæfileg á venjulegum tímum, þá má segja, að starfsmenn hafi ekki yfir neinu að kvarta. Enda er þessi till., að mér skilst, ekki borin fram vegna þess, að það sé álitið, að menn komist ekki af með laun sín, eins og þau nú eru með verðlagsuppbót, heldur af hinu, sem ég get viðurkennt að vissu leyti, að það árar vel og ríkissjóður fær miklar tekjur og allur almenningur í landinu hefur miklu meiri tekjur en venjulega, og af þessu er ekki nema ákaflega eðlilegt, að slíkar kröfur sem þessi komi fram frá fast launuðum mönnum.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Ég vænti þess, að bæði hæstv. ráðh. og hv. þdm. hafi tekið eftir því, að þessi till. okkar er alveg tímabundin. Það er aðeins fyrir árið 1942, sem hún talar um þessar uppbætur. Líka vænti ég þess, að hv. þdm. sjái það, að hér er alls ekki verið að raska launakerfinu, heldur er hér einungis um að ræða ákveðnar uppbætur til allra starfsmanna ríkisins. Ef raska ætti launakerfinu, þá þyrfti að sjálfsögðu miklu víðtækari aðgerða við en þessi brtt. gerir ráð fyrir.

Ég er alveg viss um, að hvorki verkamenn né aðrir muni sjá neitt eftir því, þó þessir menn, sem eru í föstum stöðum, fengju einhverja uppbót, og ég hygg, að þeir hafi ekki komið fram með þær kröfur að lækka laun starfsmanna ríkisins, jafnvel þó að illa áraði.

Það má vel vera, að einhverjir af starfsmönnum ríkisins komist af án þess að fá þessar uppbætur, en ég hygg, að mikill meiri hluti starfsmanna ríkis og bæja sé það lágt launaður, með 300—400 kr. í grunnkaup, að þeir geti tæplega komizt af í þeirri dýrtíð, sem nú er í landinu og að flestra dómi er miklu hærri en vísitalan gefur hugmynd um. En það er vitanlega vegna þeirra lægst launuðu aðallega, sem við leggjum fram þessa till.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að starfsmenn ríkis og bæja eru yfirleitt í fastri og tryggri atvinnu, en það, sem þar kemur á móti, er, að þegar illa árar, þá eru það venjulega þessir menn, sem verða að bera mikinn hluta af skattabyrðunum til ríkis og bæja, a. m. k. var það svo á síðustu krepputímum, þegar skattstiginn var hækkaður, að þá kom það þyngst niður á þessum mönnum, sem höfðu lægstu tekjurnar. Þannig er það bæði hér í Reykjavík og úti á landi, að þessir menn verða töluvert hart úti. Það er þess vegna ekki óeðlilegt, að þeir óski eftir að fá einhverjar uppbætur nú til jafns við aðra, a. m. k., þegar árferðið er jafngott og nú er. Með þessari till. okkar er líka til þess ætlazt, að þær verði hærri til þeirra, sem eru í lægri launaflokkunum.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af ræðu hæstv. fjmrh.

Hann taldi vafa bundið, hvort heppilegt væri fyrir starfsmenn ríkisins að fá slíka hækkun sem hér um ræðir. Þessu hefur hv. 10. landsk. svarað að nokkru, þar sem hann réttilega hefur bent á, hversu mikill mismunur er á launum opinberra starfsmanna og launum yfirleitt fyrir öll önnur störf, sem unnin eru í þjóðfélaginu. Og hins vegar hefur hann bent á það, að þegar krepputímar eru, þá eru byrðarnar náttúrlega lagðar á þá, sem hafa föstu tekjurnar.

En það er ein hlið á þessu máli, sem ekki hefur verið minnzt á og kom fram í ávarpi starfsmanna ríkisins til Alþ., og hún er sú, að það vofir nokkur hætta yfir stofnúnum ríkisins, að fólkið, sem þar vinnur, a. m. k. í lægri launaflokkunum, fari út í atvinnulífið, þar sem betur er greitt, og að ríkið komi til með að standa uppi með færra starfsfólk eða óvanara eða fólk, sem kannske er ekki eins mikilli starfshæfni búið og það, sem nú er til. Það er vissulega hætta á ferðum í þessu efni. Og út frá þessu sjónarmiði væri það kannske skynsamleg ráðstöfun af Alþ., til þess að tryggja, að ríkið missi ekki þessa starfskrafta í mörgum greinum, að gera þessa launabreyt. Ég veit, að þeir, sem búa í Reykjavík, þekkja það, að í verzlun, iðnaði og við alls konar kaupmennsku er ekki verið að spyrja um laun. Mönnum er bara borgað það, sem þeir geta sætt sig við, og eftir því, hvað menn hafa mikla starfshæfni fram að leggja, og eftir því, hvað mikið er eftir þeim sótt. Og þegar slík keppni er komin í atvinnulífið í landinu, þá er ekki nema eðlilegt, að yfir bæjum og ríki vofi sú hætta, að þau standi uppi starfsfólkslítil.

Ég vildi draga fram þessa hlið málsins, því að hún er fyllilega þess verð, að henni sé gaumur gefinn. Ég hygg, að það verði svo um laun þeirra, sem vinna hjá ríki og bæ, að ef á annað borð kreppir eitthvað að í okkar þjóðfélagi að þessu stríði loknu, þá verði að taka launakerfið til athugunar yfirleitt, án tillits til þess, hvernig það var á stríðstímanum, og án tillits til þess, að kostir launastéttanna hafa verið þrengdir. Ég álít því ekki nema sanngjarnt að láta hina opinberu starfsmenn njóta nokkurs af því, sem kallað er góðæri í landinu.

Það hefur réttilega verið bent á, að fjöldinn af opinberum starfsmönnum hefur 300 kr. grunnlaun og aðrir á 4. hundrað á mánuði. Þetta er ekki meira en það, að tæplega verður komizt af með það í þessari miklu dýrtíð. Það er því ekki nema ósköp eðlilegt, að þetta fólk snúi sér nú til þessa aðila, sem á að ráða fram úr málum þess, og reyni að fá hlut sinn að einhverju bættan.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég skal játa, að ég hafði ekki tekið eftir því, að þessar uppbætur eru miðaðar við árið 1942 aðeins. Till. var útbýtt á þessum fundi, og hún var ekki með dagskrárskjölunum, sem ég fékk, svo að ég veitti þessu ekki athygli. En ég skal játa, að það breytir náttúrlega málinu nokkuð. Og mér finnst þá, að komið gæti til athugunar, hvort ekki væri réttara að greiða slíka uppbót á annan hátt heldur en að blanda henni saman við regluleg mánaðarlaun, t. d. að greiða hana í einu lagi um áramót. Ég held, að reynslan yrði sú, ef greiða ætti þetta með mánaðarlaunum, að mönnum yrði það á að auka sínar þarfir í hlutfalli við þær mánaðarlegu greiðslur, sem þeir fá. Og ef svo ætti að svipta þá þessum aukatekjum á áramótum, þá yrði það miklu tilfinnanlegra en ella. Hins vegar mundi uppbót, sem greidd yrði á áramótum, verða ákaflega kærkomin og ef til vill hagfelldari þeim, sem fengju hana, heldur en bein hækkun á mánaðarlaun.

Það var ekki mín meining að leggja beinlínis á móti því, að eitthvað slíkt yrði gert, sem hér er farið fram á. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, sem ég sagði áðan, um aðstöðu opinberra starfsmanna yfirleitt gagnvart öðrum borgurum, að þeirra kjör eru að því leyti betri, að þeir hafa trygga afkomu, það sem það nær, í stað þess að aðrir eiga allt sitt undir árferði. Og ég veit það, að ef þeir verða látnir fylgja með á þennan hátt, sem hér er fitjað upp á, að fá auknar tekjur vegna góðæris, þá styrkir það líka kröfuna um, að þeir verði látnir bera byrðarnar, þegar verr árar.

Hv. 2. landsk. vék að því, að opinberar stofnanir væru í nokkurri hættu með að missa starfskrafta í samkeppninni, sem nú á sér stað við atvinnulífið. Ég geri ráð fyrir, að ákaflega margir opinberir starfsmenn skoði huga sinn um það, hvort þeir eigi að sleppa því, sem þeir eiga nokkurn veginn víst, fyrir augnabliksgróða, sem kannske á ekki fyrir sér að standa yfir nema skamma stund. Þess vegna er ég ekki svo ákaflega hræddur um, að opinberar stofnanir muni líða mikið við þessa samkeppni á þann hátt.

ATKVGR.
Brtt. 367 felld með 6:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, BrB, ErlÞ.
nei: ÞÞ, ÁJ, BSt, IngP, PZ, EÁrna.
BSn, MG, MJ, PHerm greiddu ekki atkv.
3 þm. (HermJ, JJós, JJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Magnús Jónsson: Ég viðurkenni fullkomlega þörf margra þeirra, sem hér eiga hlut að máli, á nokkurri launaviðbót. En mér sýnist þessi till. þannig fram komin, að ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til hennar. Það gæti orðið málinu að fótakefli, þar sem svo er áliðið þings, og ágreiningur er um það í hinni d. Það vantar áætlun um það, hvað þetta mundi nema miklu, og auk þess liggja ekki fyrir skýrslur frá stofnunum um það, hvort þeim er veruleg hætta búin, ef þetta gengur ekki í gegn. Ég vil því bíða átekta og sjá, hvort málið kemur fram aftur og fær byr í hinni d., áður en ég tek afstöðu til þess, og greiði því ekki atkv.

Páll Hermannsson: Mér finnst svo óvanalegt, að gengið sé til atkv. um svona stórt mál og athyglisvert, án þess að maður hafi fengið álit nefndar um það, að ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til þess, og greiði því ekki atkv.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 11. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 480, 382, 417).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Haraldur Guðmundsson:** Brtt. sú, er ég hef leyft mér að flytja hér við frv., er þess efnis, að ríkisstj. heimilist að greiða 10—20% verðlagsuppbætur á laun opinberra starfsmanna fyrir árið 1942. Skuli greiðslunni hagað svo, að þeir, sem hafa lægstu launin, fá hæsta uppbótina. Uppbót þessa skal þó ekki greiða á laun, sem fara fram úr 9000 kr. í grunnlaun á ári.

Ástæðan fyrir þessari till. er sú, að á þessu ári hefur flestum launastéttunum auðnazt að fá kjör sín bætt að einhverju leyti. Ég minnist þess t. d., að spítalarnir greiða nú 30% launauppbætur til starfsfólksins, og hygg ég, að gerðardómurinn hafi á það fallizt. Reykjavíkurbær hefur svo nýverið hækkað laun starfsmanna sinna allverulega. Hefur hann gert það með því t. d. að greiða eftirvinnukaup og áhættuþóknun, sem eigi var áður gert.

Það hefur borið talsvert á því, að fólk leitaði frá opinberum stofnunum og til einkafyrirtækja.

Þau hafa meira rými til þess að greiða hærra kaup í ýmsum myndum heldur en opinber fyrirtæki. Hefur það þá um leið verið svo, að það er einkum hæfasta starfsfólkið, sem leitar á brott, og ef slíkt heldur áfram, er mikil hætta á því, að opinberar stofnanir verði rúnar bezta hlutanum af starfsfólki sínu. — Það er ekki heldur hægt að loka augunum fyrir því, að laun opinberra starfsmanna eru mjög lág.

Mér þykir eðlilegt, ef till. þessi verður samþ., að ríkisstj. hafi samvinnu við stjórn Bandalags opinberra starfsmanna um framkvæmdir í þessu máli. Stjórn bandalagsins kom til viðræðu til fjhn. og gaf ýmsar fróðlegar upplýsingar, en þær mun ég ekki rekja hér að svo stöddu. En ég vildi mælast til þess við hv. deild, að hún sjái sér fært að samþ. þessa till.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Frv. þetta er flutt af hæstv. ríkisstj., og felast í því tvö atriði til breyt. á gildandi lögum:

1. Gert er ráð fyrir, að verðlagsuppbót sé greidd á skrifstofu- og embættiskostnað.
2. Tekið er hér inn í frv. ákvæði laga nr. 60 1941 um, að verðlagsuppbætur skuli greiddar á styrki til héraðs-, húsmæðra- og gagnfræðaskóla.

Fjhn. hefur athugað frv., og mælir meiri hl. hennar með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. þm. Seyðf., skrifar undir með fyrirvara, að því er snertir brtt. hans um að hækka laun opinberra starfsmanna um 10—20%. — Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallizt á þá ráðstöfun. Það skal að vísu játað, að ýmsir opinberir starfsmenn hafa lægri laun en kostur er á að fá í almennri vinnu, en á hinn bóginn er vinna þeirra stöðugri og veitir meira öryggi. Það er rétt, að Bandalag opinberra starfsmanna kom á fund fjhn. og flutti rök fyrir máli sínu, en meiri hl. n. gat ekki á þau rök fallizt. Á hinn bóginn er frekar hægt að mæla með öðrum aðferðum, þ. e. a. s. að verðlagsuppbótin yrði greidd starfsmönnum eftir ómagafjölda, en ekki öllum greitt jafnt, eins og nú er. En eins og ég hef áður sagt, óskar meiri hl. n. eftir því, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Einar Olgeirsson:** Ég hef hér, ásamt hv. 4. landsk., leyft mér að flytja brtt. á þskj. 382, þess efnis, að greidd sé uppbót á laun opinberra starfsmanna og þannig, að þeir, sem hafa lægstu launin, fái hæstu uppbótina. Tilgangurinn er sá að bæta úr því misrétti, sem starfsmenn ríkis og bæja verða fyrir.

Flest sterkustu verklýðsfélögin hafa getað knúð fram grunnkaupshækkanir, annaðhvort á bak við gerðardóminn eða með samþykki hans. Þeir, sem verða harðast fyrir barðinu á gerðardómnum, eru því opinberir starfsmenn, sem engar launahækkanir hafa fengið. Ofan á þetta bætist, að sumar stéttir opinberra starfsmanna hafa sérstaklega lág laun. Því hefur alltaf verið borið við, að ríkið hefði ekki efni á því að launa þessa menn betur, en nú er ekki lengur hægt að bera því við. Á s. l. ári var tekjuafgangur ríkissjóðs 17 millj. króna, og ekkert bendir í þá átt, að hann verði lægri nú. Mælir því allt með því, að till. okkar verði samþ., og ríkið ætti að sjá sóma sinn í því að vera ekki lakari atvinnurekandi en aðrir.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég hygg, að því verði ekki til að dreifa, að þetta leiði til frekari kauphækkunar annars staðar. Ég hygg, að þær launahækkanir, sem hér er farið fram á, séu svo almennar, — og nokkurn veginn megi telja víst, að einmitt þessi stétt manna sé á eftir um að fá sín laun hækkuð, samanborið við aðrar stéttir —, að jafnvel þó að þessi hækkun verði veitt af þinginu, mundi það á engan hátt gefa till. annarra stétta um kauphækkun byr í seglin.

Ég býst við, að nú, þegar búið er að hækka kaupgjald í vegavinnu verulega á ýmsum stöðum, og að því er ég bezt veit, einnig kaup hjá verkafólki, sem ræðst í vinnu í sveit, þá sé ekki hin minnsta ástæða til þess að ætla, að það orki almennt á kaupgjaldið í landinu, þó að þessi hækkun verði gerð.

ATKVGR.
Brtt. 417 og 382 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 316, 382, 417).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti málinu um stund. Fjhn. er að ganga frá brtt., en hún er, því miður, ekki alveg tilbúin. — Nokkurra mínútna frestur nægir.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt ósk af hálfu fjhn. um að fresta umr. um stund. Vil ég verða við þeirri ósk og ákveð 10 mínútna fundarhlé.

Að loknu fundarhléi var umr. fram haldið.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. við frv. frá fjhn., svo hljóðandi:

„Aftan við 1. gr. frv. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstj. heimilast enn fremur að greiða sérstaka uppbót til þeirra embættis- og starfsmanna, sem hafa undir 650 kr. grunnkaup á mánuði og hafa börn innan 14 ára aldurs á framfæri sínu. Uppbót þessi nemi kr. 300.00 án verðlagsuppbótar fyrir hvert barn á ári og greiðist eftir á missirislega, þó þannig, að samanlögð grunnlaun og uppbót þessi fari eigi fram úr upphæð, sem svarar til 650 kr. grunnlauna á mánuði. Sams konar heimild veitist einnig ríkisstofnunum, sveitar- og bæjarfélögum og stofnunum þeirra."

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 510) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Haraldur Guðmundsson:** Það hefur orðið samkomulag um þessa brtt., sem hæstv. forseti

hefur nú lýst. Þar hafa mætzt á miðri leið mismunandi skoðanir í fjhn. Þessi uppbót er hugsuð þannig hjá n., samkv. því, sem hv. þdm. hafa heyrt, að þessar 300 kr., sem uppbótarupphæðin á að nema á ári fyrir hvert barn, skoðist sem hvort tveggja í senn, viðbót við grunnlaun og verðlagsuppbót á þá viðbót, svo að launin samsvari núverandi dýrtíð, þannig að þetta mundi samsvara h. u. b. 165 kr. grunnkaupshækkun yfir allt árið fyrir hvert barn innan 14 ára aldurs, sem viðkomandi launþegi hefur á framfæri sínu.

Ég hefði óskað þess sjálfur, að lengra hefði verið gengið í þessu efni, en um þetta náðist samkomulag. Og fyrir þá, sem lægst eru launaðir í þessu landi, er þetta nokkur leiðrétting á þeirra kjörum, sem ég fyrir mitt leyti vil stuðla að, að nái fram að ganga. Ég mun því taka aftur brtt. mína á þskj. 417, ef það mætti verða til þess, að þessi brtt. yrði samþ.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi með örfáum orðum gera grein fyrir minni afstöðu til þessa máls.

Ég býst við, að það sé rétt, sem haldið hefur verið fram, að það séu erfiðleikar hjá ýmsum opinberum starfsmönnum, sem eru meðal hinna lægst launuðu og hafa mörg börn á framfæri sínu, og að þeir því hafi fulla þörf fyrir slíka uppbót. Hins vegar vil ég benda á það tvennt, að ef ríkið og ríkisstofnanir greiða þannig lagaða sérstaka uppbót, sem miðuð er við ómagafjölda hjá starfsmönnum, þá má gera ráð fyrir, að önnur fyrirtæki í landinu, sum a. m. k., verði að fara einnig inn á þá braut. Í öðru lagi vil ég benda á það, að þessu fylgir sá galli, að það er nokkur hætta á, að við starfsmannaráðningar verði frekar gengið fram hjá fjölskyldumönnum heldur en einhleypum, ef á þennan hátt verður að greiða fjölskyldumönnum í raun og veru meiri laun, þegar tillit er tekið til þessarar uppbótar. Á þetta vil ég benda. Einnig hitt, að ef farið er inn á þá braut yfirleitt að greiða nokkurs konar barnauppeldisstyrk til þeirra, sem eru í þjónustu þess opinbera, þá er spurning, hvort ekki er sanngjarnt að láta það ná til fleiri manna í landinu, og jafnvel þó að þeir séu ekki í annarra þjónustu. Mér finnst, ef inn á þessa braut væri farið yfirleitt, að greiða þessa uppbót til þeirra, sem eru í annarra þjónustu, gæti hitt komið til athugunar, hvort ekki væri sanngjarnt að breyta þessu í það að greiða öllum, sem hafa ómaga á sínu framfæri, eitthvert slíkt framlag.

Þrátt fyrir þessa agnúa, sem ég tel vera á þessu fyrirkomulagi, sem brtt. er um, þá gerði ég ekki ágreining út af þessu í n. við mína samnefndarmenn, þannig að ég greiddi ekki atkv., á móti þessari breyt., en áskildi mér hins vegar rétt til þess að sitja hjá við atkvgr. og mun gera það.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég ætla bara að taka það fram, að brtt., sem ég tók aftur við 2. umr., mun nú verða til atkvgr. við þessa 3. umr. Ég hygg, að ég þurfi ekki að mæla neitt fyrir henni nú. Þó að hv. fjhn. flytji þessa brtt., sem nú er fram komin hér á fundinum, sem bætir nokkuð úr, þá nær hún skammt, og ég vil, að þingið geri betur. Vildi ég því mælast til þess, að brtt. okkar hv. 4. landsk. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 417 tekin aftur.

— 510 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 382 felld með 13:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 511).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 523).

54. Húsmæðrafræðsla í sveitum.

Á 60. fundi í Nd., 18. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum (þmfrv., A. 437).

Á 61. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta frv. er fram borið vegna óska húsmæðra og kvenfélaga í Borgarfirði. Það er mjög almenn skoðun þar efra, að ekki muni heppilegt að hafa þennan væntanlega skóla að Reykholti, heldur verði valinn staður út af fyrir sig, og hefur verið kosin n. til þess að velja staðinn. Það hafa komið fram ýmis tilboð um skólastað, og hefur meiri hl. þessarar n. fallizt á að mæla með þeim stað, sem í frv. er nefndur, Stafholtsveggjalaug. Þarna er heitur hver, og hefur Stafholtstungnahreppur tryggt skólanum nægilegt heitt vatn og býðst til að gefa honum það, ef skólinn verði settur á þennan stað.

Ég held, að ég megi fullyrða, að það sé skoðun þeirra manna, sem að málinu standa, að heppilegra sé að hafa skólann annars staðar en í Reykholti, en til þess að það sé hægt að framkvæma það, þarf að breyta ákvæðum l. um húsmæðrafræðslu, og það er nauðsynlegt að fá þessa breyt. í gegn, til þess að hægt sé að hefjast handa um að laga til í kringum þennan væntanlega skóla, leggja vegi o. s. frv. Það þarf því að slá því föstu, að skólinn geti fengið þennan stað.

Ég vil svo mælast til þess, að málinu verði vísað til landbn., vegna þess að hún hafði þessi l. til meðferðar, þegar þau voru afgr. í þinginu fyrir nokkrum árum.

***Bjarni Bjarnason:** Ég get að vísu viðurkennt rétt þeirra, sem að þessum skólum standa, til

þess að ráða mestu um það, hvernig fyrirkomulag þar er haft, en þó hafði mér á sínum tíma, þegar ég beitti mér fyrir því að fá l. um húsmæðrafræðslu í sveitum, ekki dottið í hug, að andúð kæmi á móti því að hafa skóla fyrir æsku landsins hvern nálægt öðrum. Við, sem vorum hvatamenn að þessu máli á þeim tíma, lögðum það til, að húsmæðraskólarnir yrðu reistir nálægt héraðsskólunum eða á sama stað, og hv. landbn., sem þá fjallaði um þetta mál, var einnig þeirrar skoðunar. En mér var hins vegar kunnugt um það, að úr þessu héraði, Borgarfirði, höfðu komið fram óskir um það, að skólinn yrði ekki reistur í Reykholti, eins og gert var ráð fyrir í l., heldur annars staðar. og mér var einnig kunnugt um það, að þessi skoðun byggðist á því, að það væri óhollt fyrir nemendur þessara skóla að hafa mikinn samgang hver við annan. Auk þess, sem ég tel þetta barnalegt sjónarmið, þá finnst mér sú reynsla, sem ég hef í þessum efnum, að piltar og stúlkur nemi saman, benda til þess, að það geti haft marga kosti, svo að mér finnst ekki koma til greina að fjarlægjast það form. Að vísu má segja það, að það sé að sumu leyti erfitt að stjórna þessum skólum, ef ekki er hugsað um að hafa góða og fullkomna reglu, því að það leiðir af sjálfu sér, að aldursskeiðið frá 16—20 ára hefur oft óróa í för með sér hjá mörgum einstaklingum. En ég veit ekki, hvar slíkar kenndir eru undir öruggari aga heldur en einmitt undir handleiðslu góðra skóla. Ég er sannfærður um það, að þau óþægindi, sem stafa af því að láta pilta og stúlkur nema saman, eru hverfandi lítil í samanburði við það, sem vinnst með því. Af þessum ástæðum er ég andvígur þessari breyt., sem hér er farið fram á. Í öðru lagi hefur það stórkostlega fjárhagslega þýðingu að reisa skólana á sama stað, aðalskólahúsin verða að sjálfsögðu hin sömu, en sameiginlega má nota leikfimishús, sundlaug og að allverulegu leyti kennslukrafta. Það gefur augaleið, að tveir eða fleiri skólar á sama stað geta miðlað kennslukröftum á milli sín þannig, að skólarnir verði miklu fullkomnari heldur en ef þeir eru einangraðir hver frá öðrum. Af þessum tveim ástæðum, sem ég hef nú greint, tel ég þessa breyt. á l. óþarfa. Hins vegar skal ég ekki fara að beita mér á móti þessu máli, ef þetta hérað hefur svo mikla ótrú á því að leyfa unga fólkinu að menntast saman. Hins vegar hef ég bent á þá kosti, sem því fylgja í fátæku þjóðfélagi, þar sem flestir skólar eru óreistir, að skólarnir standi sem flestir saman, svo að hægt sé að nota sem flest sameiginlega, svo sem leikfimishús, sundlaugar og kennslukrafta.

*__Flm. (Bjarni Ásgeirsson):__ Ég ætla ekki að fara að deila við hv. 2. þm. Árn. um kosti og gildi samskóla og skal viðurkenna, að hann hefur mesta reynslu í því, hversu farsælt það muni vera að hafa slíkt fyrirkomulag. En hins vegar get ég sagt honum, að almenningur í Borgarfirði hefur litla trú á samskólum og óskar ekki eftir því að breyta um frá því, sem nú er, og eins og ég sagði áðan, er það sameiginlegt álit allra kvenfélaga í Borgarfirði, sem stendur á bak við þetta mál, og fyrir það er málið flutt. Það verður að telja, að meiri hl. þeirra manna, sem að skólanum standa, eigi rétt til þess að fá einhverju um það að ráða, hvar skólinn skuli standa. Það má vel vera, að þar, sem margir skólar eru, sé hægt að nota kennslukrafta að einhverju leyti sameiginlega, en þó yrðu kennarar við húsmæðraskólann að einhverju leyti að vera fastir kennarar. Annars skal ég geta þess, út af því, að hv. þm. talaði um sparnað í þessu sambandi við að byggja leikfimishús og sundlaug, að sundlaug er nú þegar fyrir hendi á þessum stað og er tilbúin til notkunar, svo að það er enginn aukakostnaður við hana, en hins vegar vantar þarna leikfimishús. Í þessu sambandi skal ég geta þess, að á þessum sama stað stendur til, að komi heimavistarbarnaskóli fyrir mikinn hluta héraðsins, og verður þá væntanlega hægt að nota sundlaug og leikfimishús sameiginlega fyrir báða skólana. Ég vil svo vænta þess, að málinu verði vísað til hv. landbn. að lokinni umr.

*__Bjarni Bjarnason:__ Þetta verða aðeins örfá orð. — Það er satt, að það hefur nokkra kosti, að þarna er sundlaug. En ég vil þá spyrja: Til hvers á að nota hana? Hún á ekki að vera fyrir pilta. Ég hélt, að þetta væri ungmennafélagslaug og hefði verið gerð til þess, að ungir menn stunduðu þar sundnám, en ekki hefði verið meiningin, að þessi laug yrði aðeins til afnota fyrir kvennaskólastúlkur. Það má vel vera, að sumir telji það nauðsynlegt að halda stúlkunum einangruðum, en ég er hræddur um, að það gangi illa, auk þess sem ég tel það hreinan barnaskap. Það er þvert á móti nauðsynlegt, að ungar stúlkur og piltar læri að umgangast hvert annað kurteislega, og það á að stuðla að því að kenna þeim það í þessum skólum. Mín skoðun á þessum málum er því eins andstæð hinni skoðuninni og frekast er unnt.

__Bjarni Ásgeirsson:__ Út af þessu sundlaugarmáli vil ég geta þess, að þessi sundlaug hefur aðeins verið notuð til kennslu á sumrin og aðallega fyrir skólabörn, og það er skoðun manna í Borgarfirði, að þessa sundlaug ætti að nota fyrir skólabörn og kvennaskólameyjar á vetrum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 15:2 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 437, n. 473).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

__Frsm. (Pétur Ottesen):__ Við 1. umr. var gerð grein fyrir frv., og hef ég í rauninni engu þar við að bæta. Landbn. mælir með framgangi málsins. Hafa þó 2 nefndarmenn skrifað undir með fyrirvara. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sjái sér fært að afgreiða málið úr deildinni í dag, því að þá mun kostur á að fá afgreiðslu á því í Ed. En í sambandi við undirbúning að stofnun húsmæðraskóla í Borgarfirði er það mikilsvert að fá það ákveðið í l., að skól-

inn skuli reistur á þeim stað, sem undirbúningsnefndin kýs helzt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 525).

---

55. Eyri við Ingólfsfjörð.

Á 61. fundi í Nd., 19. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð (þmfrv., A. 454).

Á 62. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég get verið fáorður um þetta frv. Það stendur svo á, að ríkið hefur selt Eyrarhreppi landspildu í þeim tilgangi, að hreppurinn gæti komið því til leiðar, að þarna yrði reist síldarvinnslustöð. En svo reyndist við athugun landið ófullnægjandi, svo að þess vegna hefur hreppurinn farið fram á, að þeir, sem ætla að reisa þessa verksmiðju, fái þarna nokkurn viðauka, svo að verksmiðjan geti orðið reist.

Málið er seint á ferðinni, en því liggur mikið á. Það er vilji hreppsins að geta öðlazt þessi fríðindi, sem hann telur sér í, að verksmiðjan komist upp. Ég hef einnig leitazt við að kynna mér, hvort þetta væri nokkurt ágreiningsmál, en ekki orðið var við annað en að allir væru því meðmæltir. Ríkið hefur áður sýnt hug sinn með því að selja hreppnum þessa landspildu. Ég hef einnig talað við þm. kjördæmisins og fleiri þm., og fullyrði ég, að enginn ágreiningur er um málið. Ég vil af þessum ástæðum fara fram á það við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða um, að málið mætti komast úr d. í dag.

Steingrímur Steinþórsson: Ég legg til, að málinu verði vísað til n. Ég er ekki tilbúinn að taka afstöðu til málsins athugunarlaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 atkv. og til allshn. með 16:1 atkv.

Á 65. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 504).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Ég verð að segja það, að mig langar til að fá meiri upplýsingar um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Hér er lagt til, að ríkið selji hluta úr landi, sem það á. Og ég get ekki séð, eftir því, sem hér fylgir með, að það séu nein sérstök rök, sem mæli með því, að ríkið sé að selja þetta. Hér er um það að ræða að selja í hendur einstakra manna ríkiseign. En nýlega, þegar verið var að ræða um það hér á hæstv. Alþ. að selja Siglufjarðarkaupstað lóðina, sem bærinn er byggður á, eða Hvanneyrarland, þá var það sérstaklega sett í l., að Siglufjarðarkaupstaður mætti ekki selja aftur neitt af þessum lóðum, sem var gert til þess að tryggja, að það opinbera ætti þó lóðirnar. Þar var þá þessi regla innleidd. Siglufjarðarbæ er bannað með l. að selja lóðir undir síldarverksmiðjur t. d. og annað slíkt. Ég sé nú ekki, að hæstv. Alþ., sem hefur sett þessa reglu, sem að mörgu leyti er réttlát, geti farið strax á eftir að samþ. að selja lóðir, sem ríkið sjálft á, þó að undir síldarverksmiðjur sé. Ég get ekki séð, hvaða ástæða eða ástæður mæla með því, að það sleppi þarna sinni eign í hendur einstakra manna. Ég álít, að allt öðru máli væri að gegna, ef ætti að selja þessar lóðir einhverju sveitarfélagi. Ég álít því, að það þurfi að færa einhver meiri rök fyrir þessu máli heldur en gert hefur verið, til þess að það megi teljast rétt að samþ. það. Það, sem kann að vera helztu rök fyrir því að selja þetta land, er það, að þarna eigi að byggja síldarverksmiðju. En ég man það, að farið var fram á það af Siglufjarðarbæ, áður en

stríðið byrjaði, að fá að reisa nýtízku síldarverksmiðju á lóð, sem bærinn átti sjálfur, í staðinn fyrir gamla, úrelta verksmiðju, sem þar er. Þetta var bókstaflega hindrað af ríkisstjórninni, og með því var útveginum á Íslandi bakað stórtjón, og þó sérstaklega Siglufjarðarbæ. Þá þurfti ekki annað að gera af hálfu ríkisstjórnarinnar heldur en að segja eitt já til þess að bærinn mætti byggja þessa síldarverksmiðju. Það var hægt að fá lán til þess, og það var til lóðin undir hana, þannig að ekki þurfti að fá hana. Það var allt til reiðu.

Hvers konar réttlæti er það, ef ríkið fer hér að selja part úr þjóðjörð einstökum mönnum til þess að reisa síldarverksmiðju á, en bæ eins og Siglufirði er neitað um það fyrir nokkrum árum að fá leyfi til að reisa fullkomna síldarverksmiðju á sinni eigin lóð? Ég sé ekkert samræmi í svona aðgerðum. Og ég veit ekki, hvers konar aðfarir það væru að fara að gefa þannig einstaklingum slík sérstök kjör að selja þeim þjóðjarðir til þess að koma upp síldarverksmiðjum hér og þar, en neita því opinbera um að fá að koma upp síldarverksmiðjum á sínum eigin lóðum. Mér þykir þetta þess vegna mjög einkennilegt. Ég get a. m. k. alls ekki séð, að það sé nokkur ástæða til að samþ. svona frv., án þess að nefnd einu sinni leggi fram um það nokkurt prentað álit. Það hefur engu áliti um þetta mál enn verið útbýtt. Og ég vil algerlega mótmæla slíkri afgreiðslu.

*__Gísli Guðmundsson:__ Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 504 með fyrirvara og vil hér með gera grein fyrir minni afstöðu.

Því hefur verið haldið fram, að sala á þessu landi sé skilyrði þess, að þessi verksmiðja geti orðið byggð. Ég verð hins vegar að álíta hagkvæmt, af ástæðum, sem ekki þarf að fara nánar út í, að síldarverksmiðja verði reist á þessum stað. Og má segja, að það væri slæmt verk að koma í veg fyrir, að það gæti orðið, og ætti það opinbera ekki að koma í veg fyrir það. Þess vegna hef ég fyrir mitt leyti ekki viljað mæla gegn því, að þessi heimild yrði veitt. En ég vildi taka það fram við þessa umr., að ég hef ekki af þeim upplýsingum, sem fyrir hafa legið, sannfærzt um það, að þessi sala sé nauðsynleg til þess, að þessi síldarverksmiðja geti orðið reist á á þessum stað, heldur álít ég, að því mætti koma fyrir með öðrum hætti, með leigu á landinu, þ. e. a. s. með því að tryggja þeim mönnum land, sem vilja reisa verksmiðjuna. Það hefur verið ákaflega lítill tími til þess að athuga þetta mál, og því hefur ekki verið hægt að athuga þetta nákvæmlega. En ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., sem væntanlega fær þessa heimild með frv., að hún verði ekki notuð, — og greiði ég atkv. með frv. með því fororði —, nema það sé nauðsynlegt til þess, að verksmiðjan geti orðið reist.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Ég get fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fullkomlega fallizt á þessi tilmæli, sem hv. þm. N.-Þ. kom með sem nefndarmaður, að þessi heimild verði ekki notuð, nema það sé nauðsynlegt til þess, að verksmiðjan, sem um er að ræða, geti orðið reist.

Ég þekki þetta mál ekki neitt enn þá. Ég hef aðeins lesið þingskjalið og meira ekki og veit ekki enn, hvort þessi aðferð verður við höfð, sem frv. fer fram á að heimila ríkisstjórninni að hafa um þetta. En ef svo skyldi fara, að það væri nauðsynlegt, til þess að verksmiðjan geti komizt upp, tel ég rétt, að heimildin, sem frv. er um, sé fyrir hendi.

*__Einar Olgeirsson:__ Ég sé á þeim fylgiskjölum, sem fylgja þessu frv., að þar er rætt um land, sem þessir tveir umræddu útgerðarmenn hafa keypt áður af Árneshreppi, land, sem ríkisstjórnin hefur selt þessum hreppi. Og þessir útgerðarmenn fara nú fram á að fá meira land í viðbót og fara fram á það við ríkið, að það selji þeim beint þetta land.

Nú vil ég biðja hv. þm. að athuga, hvaða samræmi er á milli þess, sem verið er að gera á þessu háa Alþ. Það var verið að samþ. það fyrir nokkrum dögum að selja Siglufjarðarbæ Hvanneyrareignina, og því voru látin fylgja þau skilyrði, að bærinn mætti ekki selja aftur neitt af þessu landi. Hér liggur fyrir, að með l. nr. 18 frá 13. janúar 1938 var ríkisstjórninni heimilað að selja Árneshreppi part úr jörðinni Eyri við Ingólfsfjörð. Þá var ríkissjóði heimilað að selja einum hreppi ákveðið land, sem ríkið átti. Hreppurinn hefur svo selt einstökum mönnum þetta land. Þetta er í ósamræmi við þá reglu, sem Alþ. hefur verið að innleiða nú með l. um heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað Hvanneyrareignina. Þessum tveimur mönnum hefur hins vegar ekki þótt nóg þetta land, sem þeir fengu keypt af fyrrverandi eign ríkisins þarna. Þeir fara því fram á að fá land í viðbót og vilja nú fá það þannig, að ríkið selji þeim það beint. Er það í samræmi við það „princip“, sem fylgt var við samþykkt heimildarinnar til að selja Siglufjarðarbæ Hvanneyrareignina, að ríkið selji þessum mönnum þetta land, sem þeir vilja fá? Ég álít, að það sé ekki í samræmi hvort við annað. Og ég get ekki séð, hver nauðsyn er fyrir þessa útgerðarmenn að fá eignarhald á þessu landi. Eru þeir of góðir til að gera samning um leigu á þessu landi um svo eða svo langan tíma? Þeir hóta, að mér skilst, að byggja ekki síldarverksmiðju, ef þeir fá ekki þetta land. Látum þá um það. Ég býst við, að það verði hægt að fá menn til þess að byggja síldarverksmiðju. Það hefur ekki staðið á því undanfarin ár að fá menn til þess, heldur á ríkisstj. um að veita heimild til þess. Ég get ekki heldur annað séð en að ríkið sjálft geti ráðizt í eitthvað þess háttar. Ég get ekki séð, að ríkið þurfi að láta einstaka menn setja sér stólinn fyrir dyrnar um slík mál sem þetta, þannig að þeir segi: „Ef við ekki fáum þetta, byggjum við ekki.“ Ég held, að það sé alveg eins hægt að semja við þessa menn um leigu á þessu landi Eyrar, án þess að selja af jörðinni, eins og að selja hluta úr landi þessarar jarðar.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Ég ætlaði alls ekki að taka til máls nú, þó að ég sé flm. þessa máls. Vegna þess að hæstv. forseti hefur haft alveg sérstakan fund um þetta mál, ætlaði ég ekki að hafa neinar óþarfa umr. um það. Ég vissi ekki, að til væri neinn ágreiningur um málið.

Ég er þessu máli líðið kunnugur, þó að ég sé flm. þess, sem er af því, að það er alveg nýtt hér í hæstv. Alþ., sem aftur stafar af því, sem í grg. kemur fram, að það kom alveg á síðustu stundu í ljós, að lóðin, sem átti að byggja síldarverksmiðjuna á, var ekki nothæf. En ég tók þetta mál fúslega til flutnings, af því að ég taldi mér skylt að stuðla að því, að atvinnurekstur, sem mörg hundruð manna á landi og sjó byggja atvinnu sína á í framtíðinni, gæti verið rekinn, og þess vegna taldi ég, að ríkinu væri skylt að greiða fyrir því, að þetta fyrirtæki gæti komizt á fót. Mig undrar, að hv. 4. þm. Reykv. skuli ekki koma auga á þessa hlið málsins.

Ég er því alveg samþykkur, sem kom fram í ræðu hv. þm. N.-Þ. og hæstv. fjmrh. tók undir, að það er sjálfsagt, af því að þetta mál er svo snögglega tekið fyrir í þinginu, en hér er aðeins um heimild að ræða, að eiga það undir hæstv. ríkisstjórn, að hún athugi málið gaumgæfilega, áður en það er framkvæmt. Og ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til að efast um, að hæstv. ríkisstjórn geri það.

En viðvíkjandi andmælum hv. 4. þm. Reykv. gegn þessu máli vil ég segja það, að hann veit vel, að þessi lóð þarna er ekkert sambærileg við þær lóðir, sem Siglufjarðarbær fær keyptar í Hvanneyrarlandi. Hér er um að ræða eins konar eyðistað í samanburði við Siglufjörð, sem er við aðalsíldveiðisvæðið. Þarna er varla hægt að fá menn til þess að byggja síldarverksmiðju. Og menn hafa ekki viljað eiga síldarverksmiðjur austast og vestast við síldveiðisvæðið, nema með því móti að eiga síldarverksmiðjur á öðrum stöðum einnig. Að áliti hv. 4. þm. Reykv. er ákaflega lítill vandi að fá fé til byggingar síldarverksmiðja. Þó hygg ég, að það sé ekki á allra færi að fá tveggja millj. kr. lán til þess. Og ef á að byggja síldarverksmiðju á svona stöðum, þeim sízt með tilliti til síldveiðisvæðisins, þá verður að tryggja það, að hagur þess fyrirtækis sé á nokkuð traustum og góðum grundvelli eftir því sem unnt er, þar sem það er vitanlega dálítið óálitlegra að reisa síldarverksmiðju á jaðri síldveiðisvæðisins heldur en um miðbik þess, eins og í nánd við Eyjafjörð.

Ég hef ekki fram að taka um þetta mál neitt fram yfir það, sem er í nál. Þar er alveg skýrt frá því, hvernig á því stendur, að þessir menn þurfa nú að fá viðauka við land sitt, það er nefnilega af því, að landspilda sú, sem þessir menn hafa keypt, hefur ekki reynzt nothæf til að byggja á henni síldarverksmiðju. En hreppurinn hefur fyrrum keypt lóð þá, er þeir ætluðu að nota til þessa, í þeim tilgangi að tryggja sér það, að þarna yrði sett síldarverksmiðja. Og það er mjög skiljanlegt, að stór, en fátækur hreppur telji sér ákaflega mikils virði, að settur verði slíkur rekstur á stofn innan sveitarfélagsins; það er bæði trygging fyrir atvinnulíf hreppsbúa og fyrir gjöldum til hreppsins. Hreppurinn hefur þess vegna að sjálfsögðu aldrei ætlað í sjálfu sér að nota þetta land beinlínis sjálfur, heldur frá upphafi ætlað að nota það til þess að geta fengið menn til að setja verksmiðju niður á þessum stað.

Að væntanlegir eigendur verksmiðju þarna geta ekki leigt það land, sem um er hér að ræða að veita heimild til að selja, stafar af því, að þetta land er áður leigt öðrum, og það eru ekki nema 13—15 ár eftir af leigutímanum. Og með þeim skilyrðum að fá landið leigt þannig, að þeir hafi ekki vissu um það lengur en þetta tímabil, geta þeir ekki grundvallað það fyrirtæki, sem hefur slíkan kostnað í för með sér sem bygging síldarverksmiðju hefur, er mundi kosta um 2 millj. kr. Út úr þessu er ekki önnur leið en sú að treysta á hæstv. ríkisstjórn um, að hún athugi málið, áður en hún gerir sölusamning. En ég álít það hins vegar ákaflega mikils virði fyrir hæstv. Alþ., að það kæmi ekki að ástæðulausu í veg fyrir, að slíkt stórt fyrirtæki kæmist upp. Og það væri ákaflega athyglisvert fyrir þann fjölda manna, sem í framtíðinni á afkomu sína m. a. undir síldveiðunum, ef staðið væri í vegi fyrir því hér á hæstv. Alþ., að reistar gætu orðið síldarverksmiðjur á þessum jaðarsvæðum síldveiðanna. Því að það er ákaflega mikið skilyrði fyrir því, að síldveiðarnar notist vel, að síldarverksmiðjur verði reistar á jöðrum síldveiðisvæðisins.

ATKVGR.
Brtt. 504 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:6 atkv.

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 454, 504).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 504 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 512).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*__Ingvar Pálmason:__ Ég tók eftir því við 1. umr., að þessu máli var ekki vísað til n. Vera kann, að ekki sé ástæða til þess, þar sem störfum þings er það langt komið, að n. munu ekki geta sinnt mikið málum, sem til þeirra kynni að vera vísað, en ég verð að segja, að þetta er mjög óvenjuleg aðferð, og ég efast um, að þingið hafi nokkurn tíma heimilað sölu á eignum ríkisins, án þess að n. ætti kost á að kynna sér málið. Má vel vera, að engin ástæða sé til annars en

að leyfa þessa sölu, en ég er þessu máli alveg ókunnugur, og af þeim gögnum, sem fyrir liggja, get ég ekki séð, að brýn nauðsyn sé á, að þetta mál gangi í gegnum þingið, án þess að það sé athugað af n., a. m. k. í annarri d., en ég hygg, að frv. hafi verið lítið athugað í Nd., og í þessari d. hefur athugunin verið engin. Byggi ég þetta á því, að þeir, sem fara fram á að fá kauparétt á þessari landspildu, hafa leigurétt á henni nú. Að vísu er það svo, að leiguréttur þeirra er ekki frá ríkisstj., heldur sitja þeir í leigu frá leigjanda. Þetta kann að vera að einhverju leyti bagalegt, en mér finnst samt, að með þessu sé alveg vikið frá þeim venjum, sem fylgt hefur verið hér á þingi, og án þess að ég ætli að setja fótinn fyrir þetta frv., þá verð ég að segja, að mér finnst aðferðin svo óviðeigandi, að ég mun alls ekki greiða atkv. um þetta frv. Ég kunni ekki við annað, af því að málið ber svo óvenjulega að, en að benda á, að þessi aðferð er mjög óvanaleg.

*__Árni Jónsson:__ Ég er alveg sammála hv. 2. þm. S.-M. um, að það er óheppilegt og óviðeigandi, að mál skuli bera að eins og þetta mál, en við vitum vel og hv. 2. þm. S.-M. manna bezt, sem hefur setið á þingi upp undir aldarfjórðung, að það er ekkert einsdæmi, að mál séu afgr. á þennan hátt. Hins vegar finnst mér þetta mál liggja svo óvenjulega ljóst fyrir, að ekki sé vandi að greiða atkv. um það. Ég vil þó ekki vera að telja fram hagsmuni þeirra manna, sem vilja kaupa þetta land, heldur þeirra, sem vilja selja. Hér liggur fyrir fundargerð hreppsn. Eyrarhrepps, þar sem samþ. er að selja þessa eign, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég held því, að ekki sé frekar ástæða að vera óánægður yfir, að þetta mál ber svona að hjá okkur en svo mörg önnur mál, sem við verðum að afgr. á svipaðan hátt, og ég get vel greitt atkv. með því hiklaust.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Ég ætla ekki að fara að karpa um þetta mál, en út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, þá finnst mér, eins og hv. 9. landsk., að það væri eðlilegt og þinglegt, að málið færi til n. En ég er jafnviss um, að þótt málið væri afgr. í n., þá mundi það enga frekari athugun færa inn í d., því að það er sennilegt, þar sem nú er svo stuttur tími eftir af þinginu, að n. mundi ekkert gera nema lesa yfir þá grg., sem fylgir frv., og kannske ræða við þá menn, sem hafa lagt málið fyrir, og býst ég ekki við, að þeir geti gefið frekari upplýsingar en gert er í grg. frv. Allshn. Nd. fékk málið til meðferðar og mælti með því, og hv. þm. þeirrar d. hafa séð nauðsyn á því, að ekki verði komið í veg fyrir, að reist verði þarna nýtízku verksmiðja. Eins og tekið er fram í frv., hefur Eyrarhreppur á sínum tíma fengið af þessari jörð ákveðna spildu, sem nota átti undir verksmiðju, en þegar það hefur verið gert, hefur verið búizt við, að verksmiðjan yrði minni en raun sýnir nú, að hún verður, eins og eðlilegt er, því að síldarverksmiðjur hafa farið hraðstækkandi á síðustu árum, og þegar vitað er, að þessi nýja verksmiðja kemst ekki fyrir á þessari nýju lóð, þá er eðlilegt, að þessi hreppur mæli með, að nægilega stórt viðbótarland fáist. Nd. hefur tekið út úr l., að þetta land skuli vera selt til einstakra manna, og tel ég það rétt, og hefði það verið það eina, sem ég hefði haft að athuga við frv., ef beinlínis hefði verið tekið fram í l., að selja skyldi einstökum mönnum þetta. Ég tel eðlilegt, að hreppsn. sé selt landið og hún leigi eða selji þeim, sem það þurfa að nota. Það liggur fyrir, hvað á að gera við þetta land. Það er skylda ríkisins að flýta fyrir, að síldarverksmiðjur komist upp. Um nauðsyn þess ætla ég ekki að ræða, en það gleður mig stórum, að nú skuli hafa verið fallið frá þeirri firru, sem var fyrir nokkrum árum, að koma í veg fyrir, að síldarverksmiðjur væru reistar. Mér þykir vænt um, að menn skuli koma hér fram, sem telja sig hafa tíma og tækifæri til og hagnað af að reisa þessa verksmiðju, og að um það verði nú ekki synjað, þó að það hafi verið gert áður.

*__Ingvar Pálmason:__ Mér finnst þetta mál ekki vera sambærilegt við neitt annað mál, sem við höfum afgr. hér í d. nú með mikilli fljótaskrift. Það kann vel að vera, að hv. 9. og 10. landsk. hafi þarna kunnugleika, en hitt er alveg víst, að það hefur þótt full ástæða til, að hliðstæð mál væru athuguð allnákvæmlega í n. í báðum d., enda hefur einatt komið í ljós, að þótt málið hafi verið athugað í annarri d., þá hefur þurft að breyta því í hinni d., og mér finnst engin goðgá, þó að ég bendi á, að afgreiðsla þessa máls er með óvenjulegum hætti, sérstaklega þegar það er upplýst í grg. frv., að hlutaðeigendur hafi þetta land nú á leigu, og ég legg ekkert upp úr, þó að Nd. hafi tekið þessi mannanöfn út úr frv., því að ef þarna verður byggð síldarverksmiðja, þá verða það þessir menn, sem gera það.

Sem sagt, þó að hv. dm. fleiri eða færri séu þessu svo kunnugir, að þeir geti tekið að sér að afgr. málið, þá breytir það á engan hátt afstöðu minni, að ég tel mig bresta allan kunnugleika til að mynda mér fullnaðarskoðun á þessu máli. Þess vegna er það, að ég greiði ekki atkv. um þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 526).

---

56. Tollskrá o. fl.

Á 58. fundi í Nd., 15. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (þmfrv., A. 408).

Á 59. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., 19. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurjón Á. Ólafsson: *Herra forseti!* Um leið og þetta mál fer væntanlega til hv. fjhn., vildi ég leyfa mér að spyrja, hvað liði í n. afgreiðslu frv., sem við 10. landsk. (ErlÞ) bárum fram um svipað efni og þó fyllra og var vísað til n. 7. apríl s. l. Mér þykir það hafa tafizt þar nokkuð lengi.

Erlendur Þorsteinsson: Ég var fyrri flm. að frv. því á þskj. 124, sem hv. 2. landsk. spurði um. Ég vil taka það fram, að frv. var tekið fyrir á fundi n. 13. apríl, og óskaði ég, að það yrði þá tekið til afgreiðslu. En aðrir óskuðu, að frv. yrði sent tollstjóra til umsagnar, og virtust mér þeir vera frv. mótfallnir að einhverju leyti. Umsögn tollstjóra hefur ekki borizt enn. Ég geri ráð fyrir, að það frv. og annað tollskrárfrv., sem vísað var til n. nýlega, verði tekin fyrir í n., þegar frv., sem fyrir liggur, kemur þangað, og fáist þá úr því skorið, hverja afgreiðslu n. ætlar þeim.

Bernharð Stefánsson: Hv. 10. landsk. nefndi *fund í fjhn. 13. apríl og gat þess í því sambandi*, að meðnm. sínir hefðu ekki viljað afgreiða frv. á þskj. 124 þá.— En þann dag var ég ekki í bænum, svo að þetta getur ekki átt við mig. Nefndin samþ. þó að leita umsagnar tollstjóra um málið, og þar sem ég var ekki viðstaddur eg í n. eiga aðeins sæti, auk mín, hv. 10. landsk. *og hv. 1. þm. Reykv., hlýtur hv. 10. landsk.* að hafa samþ. þetta sjálfur. Ætti því ekki að kenna öðrum um.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 408, n. 499, 501).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason)**: Þetta mál kemur hér á elleftu stundu, en málð er þannig vaxið, að það þyrfti að vissu leyti nokkurrar skýringar við.

Ég skal reyna í eins fáum dráttum og hægt er að lýsa fyrir hv. þd., hvað hér er farið fram á og hver rök liggja að því, að frv. er borið fram. Fyrir hv. Alþ. hafa legið nú 3 frv. um breyt. á tollskránni. Það frv., sem hér er um að ræða, er flutt af fjhn. Nd. eftir beiðni fjmrh. En jafnframt hefur komið fram frv. frá hv. 2. landsk. og 10. landsk. um breyt. á tollskránni. Fjhn. fékk frv., sem hér er til umr., til meðferðar í gær, en hafði áður fengið hin frv. til athugunar. Ég vil taka það strax fram, að eitt frv., það sem iðnn. Nd. flutti, var um breyt. á tollaákvæðum um vélar til iðnaðar. En þetta frv. er nákvæmlega shlj. ákvæði, sem stendur í því frv., sem nú er til umr., sem Nd. samþ. líka. Það hefur því atvikazt þannig, að Nd. hefur samþ. tvö frv., sem eru um nákvæmlega sama efni og nákvæmlega eins í orðalagi. Mér finnst þetta ákaflega óvanaleg og óviðfelldin vinnubrögð, og getur slíkt ekki bent á annað en að málið hafi ekki fengið *næga athugun í þeirri d.* Það *mun sjaldgæft*, að frá sömu d. komi á sama þingi og svo að segja á sama tíma til hinnar d. tvö frv., sem eru nákvæmlega shlj. að efni og orðalagi. Vitanlega er ekki svo að skilja, að þetta geri neitt til viðvíkjandi gildi l., það er aldrei góð vísa of oft kveðin, skulum við segja, en ég vil átelja það, að hér virðist ekki hafa verið vandað til athugunar á þessu máli eins og skyldi.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, er sú, að í fyrsta lagi hefur komið í ljós við framkvæmd tollskrárinnar á s. l. ári, að ýmis ákvæði hennar eru þannig vaxin, að þau þurfa lagfæringar við. Sérstaklega er það, að ýmsar vörutegundir, sem ekki eru tilgreindar sérstaklega á tollskránni, en falla undir áður ótaldar vörur, eru tollaðar svo hátt, en aðrar vörur, sem notaðar eru í sama tilgangi, eru tollaðar miklu lægra, og á þetta sérstaklega við um vissar iðnaðarvörur.

Önnur ástæða til þess, að frv. er borið fram, er sú, að rn. hafa borizt kvartanir hingað og þangað að af landinu um nauðsyn á því að breyta ýmsum tollaákvæðum í lögunum.

Og loks er þriðja ástæðan, sem gerir það að

verkum, að þetta frv. þarf að ganga fram í einhverri mynd á þessu þingi, að ríkisstj. hefur nú í síðasta mánuði gert þá samninga við ríkisstj. Stóra-Bretlands, að fresta skuli framkvæmd þess tollsamnings, sem gerður var árið 1933 milli Íslands og Stóra-Bretlands og hefur verið í gildi til þessa. En til þess að þetta samkomulag geti orðið í framkvæmd, er þörf á því, til þess að ekki leiði af verulega verðhækkun á ýmsum vörum, að breyta tollaákvæðum þeim, sem nú gilda í tollskránni. Og með þetta fyrir augum hafa verið sett inn í þetta frv. ákvæði um lækkun á tolli á ýmsum nauðsynjavörum, einkanlega vefnaðarvöru.

Þetta eru nú ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er borið fram. Á hinn bóginn sé ég ekki ástæðu til þess, — sérstaklega vegna þess, að svo fáir eru í d. —, að rekja í einstökum dráttum þær breyt., sem farið er fram á, en aðeins geta þess, að þær miða yfirleitt allar til lækkunar. Það er aðeins eitt ákvæði um hækkun, að verðtollur af fernisolíu hækki úr 8% í 10%. Er það sökum þess, að réttara þykir að tolla efnið í fernisolíuna jafnhátt og olíuna sjálfa. En eins og við vitum, er fernisolía búin til í landinu, aðeins efnið flutt inn.

Að lokum er farið fram á, að þær breyt., sem kunna að verða gerðar á tollskránni, komi til framkvæmda um leið og hver vörutegund, sem til landsins kemur eftir þennan tíma, verður tekin til tollskoðunar. Þetta þótti nauðsynlegt, vegna þess að í tollskránni var aðeins miðað við það, þegar tollskráin sjálf gekk í gildi.

Ég skal taka fram, að n. hefur gert brtt. viðvíkjandi járnplötum. Bárujárn hefur verið tollfrjálst hingað til, en svo eru aðrar járnplötur, sem notaðar eru í líkum tilgangi, ýmist til bygginga eða til iðnaðar, en tollast með 8%. Þannig er einnig um möskvanet, sem notað er utan á hús og sementshúðað. Þetta teljum við svo skyit, að rétt sé að fella niður verðtoll af öllum þessum tegundum, enda mun hafa verið hér um misgáning að ræða.

Það er bráðnauðsynlegt, að þetta frv. verði samþ. á þessu þingi, vegna þessa samnings, sem gerður hefur verið um frestun á framkvæmd viðskiptasamningsins frá 1933. Og ef málið ætlaði nú að stranda á því, að þessar brtt. yrðu samþ., vil ég leggja til, að þær yrðu teknar aftur. En ef hæstv. forseti getur upplýst það, að þetta frv. geti gengið gegnum 2. og 3. umr. í kvöld og þannig komizt til Nd. á morgun, þá hefur forseti Nd. lofað að taka málið á dagskrá á morgun, þannig að það geti hlotið fullnaðarafgreiðslu.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég vil leyfa mér að undirstrika fyrirspurn hv. frsm. og vænti þess, að hægt sé að verða við þessari ósk, vegna þess, sem hv. frsm. tók fram, að settur var 8% tollur á vöru, sem var verðtollfrjáls áður. Hefur nefnd iðnaðarmanna upplýst þetta fyrir fjhn. þessarar d. Vænti ég, að hv. dm. geti fallizt á að samþ. þessar brtt. n. og hæstv. forseti sjái sér fært að afgr. málið gegnum þessa deild.

Út af frv. sjálfu vil ég taka fram, að það er langt frá því, að ég sé ánægður með þær breyt., sem í því felast, þó að ég hins vegar vilji vera með í að samþ. þær, af því að hér er um verulega lækkun að ræða frá því, sem verða mundi, ef ákvæði 18. gr. tollal. hyrfi úr gildi. En eins og þm. sjálfsagt muna, eru þau þess efnis, að vissar tegundir vefnaðarvöru og annarra enskra vara eru í sértolli. En óánægja mín með þetta frv. er út af því, að þessi tollur á hinum ensku vörum er hækkaður að mun frá því, sem er í 18. gr. En ég hafði búizt við, að ríkisstj. gæti séð sér fært að lækka, en ekki hækka, tolla á þessum mjög nauðsynlegu vefnaðarvörum.

Eins og hv. þm. muna, flutti ég ásamt hv. 2. landsk. frv. til l. um breyt. á tollskránni, þar sem við lögðum til, að nokkrar vörur, sérstaklega byggingarvörur, skófatnaður og lyfjavörur, væru gerðar tollfrjálsar. Þegar mál þetta kom til fjhn., var það samkomulag milli mín og þáverandi formanns n., núverandi hæstv. atvmrh. (MJ), að frv. yrði sent til tollstjóra til umsagnar. En sú umsögn hefur ekki borizt fjhn. enn þá.

Þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var til umr. og athugunar á fundi fjhn. í gær, tók n. einnig til athugunar frv. mitt og hv. 2. landsk., ásamt öðru litlu frv., sem komið var frá Nd. og flutt af iðnn. þeirrar d. Um það frv. hefur frsm. n. þegar upplýst, að það er innifalið í þessu 136. máli, þannig að það þyrfti enga afgreiðslu hjá n. og mætti falla niður. En um frv. mitt og hv. 2. landsk. var rætt nokkuð í n., og frsm. taldi sig ekki geta fallizt á okkar till. En meðnm. okkar, hv. 1. þm. Eyf., lýsti yfir, að hann gæti fallizt á nokkuð af því, sem er í frv., en vildi þó ekki taka nánar til, hverjar till. það væru. Tjáði hann sig þess vegna ekki reiðubúinn til þess ásamt mér að gefa út álit um málið. Ég tók það því til bragðs að taka meginatriði þessa frv. upp í brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 501, við frv. á þskj. 408, og geta þá hv. þdm. tekið með atkv. sínu afstöðu til þeirra. Þegar það frv., sem þessar brtt. eru samdar upp úr, voru til 1. umr. í þessari d., þá skýrði ég að nokkru, hverjar breyt. í því væru. En þar sem alllangt er liðið um, þykir mér rétt að rifja þetta upp að nokkru. Fyrsta brtt. er þess efnis, að verðtollur af nýjum og þurrkuðum ávöxtum verði lækkaður úr 30 og 50%, eins og nú er, niður í 8%. Þarf ég ekki að rökræða lengi, hversu sjálfsögð sú breyt. er. Aðrar breyt. eru almennt þess efnis að gera svo að segja allt byggingarefni tollfrjálst. Ekki þarf heldur langt mál sem rök fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt. Það hefur verið upplýst bæði hér í d. og annars staðar, að byggingarkostnaður hefur aukizt um 200—300%, og er þá auðvitað, að yrði efnið tollfrjálst, mundi draga allverulega úr þeirri verðhækkun. Ég þarf ekki að tína upp hvern lið, hv. þm. sjá, um hvað þeir fjalla, um leið og þeir athuga þessar brtt. Nú er nýbúið að samþ. hér í d. l. um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og ef þm. er nokkur alvara að framfylgja þeirri stefnu að stöðva verðbólguna, hamla móti dýrtíðinni, hljóta þeir að fallast á þessar till. Vitað er, að ofan á tollana bætist álagning sú, sem millilliðir taka, og stóreykur það kostnaðinn, sem neytendur verða að greiða í auknu söluverði.

Þriðja aðalatriði brtt. er að afnema toll af

skófatnaði og efni í skó. Vitað er, að mikill þorri landsmanna verður nú að nota skó úr erlendu efni, gagnstætt því, sem var í fyrra stríði, þegar mikill hluti manna gekk á íslenzku skinni, óunnu. Verð á skóm hefur hækkað úr hófi fram, um 30—50%, og má sjá, hvað almenning munar þar um tollinn.

Fjórða atriðið er að afnema toll af nauðsynlegustu lyfjum. Eins og ég hef getið um áður, mundi sú lækkun koma sjúkrasamlögum að gagni og einstaklingum utan kaupstaða, sem samlög eru í. En hagur samlaganna er orðinn erfiður, og þau þurfa að hækka iðgjöldin mjög, nema þessi lækkun fáist.

Fimmta aðalatriðið er að fella niður toll af vörum til vélasmíða og annarra skipaaðgerða, vörum eins og kopar, nikkeli, zinki, tini o. þ. h. Nú fara flestar skipaaðgerðir fram innan lands, og nær engri átt að tolla þær, meðan þær skipaaðgerðir, sem unnt er að fá erlendis, eru tollfrjálsar.

Loks er í II. hluta brtt. á sama þskj. lagt til að hætta að innheimta toll af farmgjöldum, eins og gert er og mikið er búið að ræða hér í d. Ákvæðið nær til allra vara í 1. gr. tollskrárinnar, og mundi því lækkunin verða almenningi til mjög mikilla hagsbóta. Það hefur komið í ljós, síðan tollskráin var samþ. hér á sínum tíma, að hún hefur gefið miklu meiri tolltekjur en nokkurn óraði fyrir. Ég hélt því þá fram, að tollur væri yfirleitt ákveðinn óþarflega hár vegna þess, að miðað væri við minnsta innflutning, sem verið hefur, en á eðlilegum tímum hlyti hann að verða miklu meiri. Það hefur sannazt. Þm., sem ætluðu ekki að hækka tolla, þótt þeir samþ. þá tollskrá, hljóta nú að geta fallizt á þessar brtt. mínar, a. m. k. í verulegum atriðum.

Bernharð Stefánsson: Þetta frv. var borið fram seint á þinginu, kom þaðan af seinna til Ed. og var vísað til fjhn. Nokkru áður höfðu þm. Alþfl. í d. borið fram frv. um breyt. á tollskrá, og á fundi fjhn. Ed. 13. apríl s. l. munu þeir, sem þá mættu í n., hv. 1. þm. Reykv. (MJ) og annar flm., hv. 10. landsk. (ErlÞ), hafa samþ. að senda frv. til tollstjóra. Það var ranghermi hjá hinum síðar nefnda í ræðu hér um daginn, að við samnm. hans hefðum ráðið því, heldur var það ráðstöfun hans sjálfs. Ég var ekki í bænum. Tollstjóri er ekki enn farinn að senda álit sitt á málinu. Nú á þessum fundi er varpað fram af hv. 10. landsk. brtt. á þskj. 501, og er í þeim fólgið þetta frv. hans og hv. 2. landsk.

Þar sem málið hefur um langan tíma verið tekið út úr fjhn. og þinginu og skotið undir dóm annars aðila að nokkru leyti, svo að það hefur gleymzt í þingönnum, og engin sérstök ástæða verið gefin til að setja sig inn í það, treysti ég mér ekki að svo komnu máli til að greiða atkv. um sum atriði þessara brtt. Ég mun greiða atkv. með sumum þeirra, en um flestar verð ég að telja, að þær hafi fengið ónóga athugun. Ég verð í sambandi við þetta mál að vita það harðlega, að á seinustu dögum þings er hrúgað inn í þessa d. mikilsverðum málum frá Nd. og ætlazt til, að hún gjaldi þeim jávyrði sitt breytingalaust eða taki á sig ábyrgðina af að stöðva þau algerlega. Ef það er meiningin á annað borð að halda áfram þeirri tviskipting þingsins, sem verið hefur frá upphafi, tel ég þessi vinnubrögð, sem höfð hafa verið a. m. k. 3 síðustu árin, alveg óverjandi og skýt því til hæstv. ríkisstj., að henni ber að sjá til þess, að sami háttur verði ekki framvegis. Þegar ég neita að greiða atkv. um þær till. á þskj. 501, sem mér hefur bókstaflega ekki unnizt tími til að athuga, hver áhrif hefðu, ef þær væru samþ., er ég hvorki með því að láta í ljós fylgi við þær né andstöðu.

Um frv. sjálft vil ég segja, að það miðar yfirleitt að lækkun tolla á nauðsynjum og fer í rétta átt. Ég hef því skrifað undir nál., þar sem mælt er með frv.

ATKVGR.

Brtt. 501,I.a felld með 8:3 atkv.
— 501,I.b felld með 8:4 atkv.
— 501,I.c felld með 8:4 atkv.
— 501,I.d felld með 8:3 atkv.
— 501,I.e felld með 8:3 atkv.
— 501,I.f felld með 8:3 atkv.
— 499 samþ. með 10:1 atkv.
— 501,I.g felld með 8:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 501,II felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJós, JJ, BrB, ErlÞ, SÁÓ.

nei: MG, MJ, PHerm, ÞÞ, ÁJ, BSt.[1])

BSn greiddi ekki atkv.
3 þm. (PZ, EÁrna, HermJ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 524).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er í tollskrárl., sem nú eru í gildi, í ákvæðum um stundarsakir heimild fyrir ríkisstj. til þess að innheimta ekki tolla af þeim hluta farmgjalda, sem er hækkun vegna stríðsástandsins, þ. e. a. s. að innheimta eingöngu toll af farmgjöldum með eðlilegri fragt. Nú ber ég fram brtt. við 2. umr. um, að enginn verðtollur skyldi innheimtur af fragt og vátryggingargjöldum, en hún féll með jöfnum atkv. Einn hv. þm., 1. þm. Eyf., sem greiddi atkv. á móti till., gerði þá grein fyrir atkv. sínu, að hann vildi, að þessi heimild tollskrárl. væri notuð, en honum virtist þessi till. ganga of langt. Mér virðist því liggja ljóst fyrir, að ef borin er fram skrifl. brtt. í þá átt, að í staðinn fyrir að heimila þetta í l., skyldi það vera

1) **Bernharð Stefánsson:** Ég vildi mjög gjarnan samþ., að skilyrðislaust yrði ákveðið, að ekki mætti heimta toll af stríðsfarmgjöldum, eins há og þau eru. En þessi till. þykir mér ganga of langt, því að tollskráin var samin með það fyrir augum, að normal-farmgjöld væru reiknuð með til tolls. Segi ég því nei.

ákveðið, þá mundi hún hafa verið samþ. Nú mundi slíkt eingöngu hafa orðið til að tefja málið, og vil ég því leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort hann muni ekki sjá sér fært f. h. stj. að lofa d. því, að þessi heimild verði notuð, því að ef hann sér sér það fært, tel ég óþarft að bera fram brtt. við þetta ákvæði.

*Atvmrh. (Magnús Jónsson): Ég get því miður ekki orðið við þessum tilmælum hv. þm., vegna þess að ég hef ekki borið mig saman við hæstv. fjmrh., en það er hann að sjálfsögðu, sem mun ákveða, hvort þessi heimild verður notuð. Ég veit ekki hins vegar, hvort hv. 11. landsk., sem er honum nákominn í embættisfærslu, mundi nokkru geta um það svarað. En ég vil aðeins segja það um þetta ákvæði, að eins og till. var upphaflega, þá fannst mér hún óheppileg, og þótti mér því vænt um, að hún var ekki samþ., einmitt af þeim rökum, sem hv. 1. þm. Eyf. greindi, að tollskráin er reiknuð út með fragt, sem á að innheimta toll af. Það eru til um þetta tvær mismunandi reglur, að reikna tollinn af verði vörunnar, kominnar um borð, eða á ákvörðunarstað. Fyrri reglan var notuð, þangað til tollskráin var leidd í lög, en hin reglan var tekin upp með þessari tollskrá. Það hefur verið talað um, að það raskaði þessum grundvelli allmikið að reikna tollinn af þessum stríðsfarmgjöldum. Út frá því hefur þetta mál verið athugað, og hefur þá upplýstst, að það munar ótrúlega litlu. Það var reiknað út í fyrri mþn. með 50% —100% hækkun, og kom þá í ljós, að hækkun á vöruverði af þessari ástæðu væri svo lítil, að óhugsandi væri, að það kæmi fram á verðlagi vörunnar nema á örfáum vörutegundum, eins og sementi.

Ég vildi aðeins benda hv. þm. á þetta, áður en till. kæmi til atkvæða. Ég vildi mælast til þess, að hv. þm. létu frv. fara óbreytt í gegnum d., og ég óska eftir því, að komi einhverjar brtt. fram, þá verði fleiri þm. staddir í d. heldur en nú. En ég hef ekkert vald eða umboð til að svara fyrirspurn hv. þm.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég get skilið, að það sé erfitt fyrir hæstv. atvmrh. að svara fyrirspurn minni, þar sem þetta mál heyrir ekki undir hans ráðuneyti. En hæstv. ráðh. hefur samt lofað að koma skilaboðum mínum til ríkisstj. um, að hún notfæri sér þessa heimild nú, því að betra er seint en aldrei. Mun ég því ekki bera fram skrifl. brtt. við frv., í þeirri von, að þess gerist ekki þörf.

*Atvmrh. (Magnús Jónsson): Ég vil þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir, að hann skuli ekki vilja tefja málið að sinni, og mun ég stuðla að því, að ríksstj. taki málið til athugunar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., 23. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði verið endursent frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 527).

---

57. Sveitarstjórnarkosningar.

Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar (þmfrv., A. 503).

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., 23. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

---

58. Stjórnarskrárbreyting.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum, nr. 22 24. marz 1934 (þmfrv., A. 55).

Á 21. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

*Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og kunnugt er, var stjórnarskránni síðast breytt árið 1933. En með þeirri breyt. var viðurkennd sú meginregla, að þingflokkarnir ættu að hafa þingsæti í sem fyllsta samræmi við atkvæðamagn við kosningar. Þetta var stórt spor, sem þarna var stigið, að viðurkenna þessa meginreglu. Þegar þessi regla var viðurkennd, urðu menn samt að þola vissa frávikningu frá henni. En ég hygg, að til lengdar verði ekki þolaðar miklar frávikningar frá þessari reglu. Tilgangurinn með breyt., sem gerð var 1933 í þessu, hefur ekki náðst að fullu. Það kom strax fram við kosningarnar 1934, að það þurfti miklu fleiri uppbótarþingsæti til þess að skapa fullan jöfnuð á milli flokka heldur en ákveðið er í stjskr. Og við kosningarnar 1937 kom fram enn meiri munur í þessu efni heldur en við kosningarnar næstu á undan. Við kosningarnar 1937 munaði við kjördæmakjör svo miklu, að flestir þingflokkar fengu þrefalda eða fjórfalda atkvæðatölu á þingmann, miðað við flokkinn, sem fæst hafði atkvæði á þm. En þegar búið var að úthluta uppbótarþingsætum, var munurinn minni, en munaði þó helmingi á atkv. á hvern þm. milli þess flokks, sem fæst atkv. hafði á þm., og hinna fjögurra þingflokka. Það er ekki óeðlilegt, að oftar en einu sinni þurfi að breyta l. til þess að ná tilgangi þeim að gera samræmið sem mest milli atkvæða á þm. og þingsæta hvers flokks. Fjölgun fólks í landinu og tilflutningur til sjóþorpa og kaupstaða er svo mikill, að það er ekki undarlegt, þó að það þurfi að breyta reglum um kjördæmaskipun oftar en einu sinni. Með breyt. á stjskr. 1933 er þessi meginregla viðurkennd sem regla, er eigi að gilda. Og ég hygg, að sú regla hafi a. m. k. verið teoretiskt rétt, að þingmannatala flokka ætti að vera í sem bezta samræmi við atkvæðamagn við kosningar.

Þegar svona misrétti kemur fram, er ekki nema um tvær leiðir að ræða til þess að bæta úr því. Önnur er sú að fjölga uppbótarþingsætum. Hin er að auka hlutfallskosningar. Miðað við kosningarnar 1934, mundu uppbótarþingsætin þurfa að vera 26 eða 28, til þess að fullkominn jöfnuður næðist. En miðað við kosningarnar 1937, hefði tala uppbótarþingsæta þurft að vera 38, til þess að fullkominn jöfnuður hefði náðst. En það munu flestir sammála um það, að þessi þingmannafjöldi sé óþarflega mikill. En af því leiðir þá það, að það var farið inn á þá leið í þessu frv. að auka hlutfallskosningar í kjördæmunum til þess að skapa þann jöfnuð, sem ég hef talað um. Hér í þessu frv. er stungið upp á því, að það séu viðhafðar hlutfallskosningar í þeim kjördæmum, sem kjósa fleiri en einn þm. Og það mun láta nærri, að ef þessi regla hefði gilt við síðustu kosningar, þá hefði þingmannafjöldi orðið hlutfallslegur við atkvæðamagn hvers flokks. Hitt skal ég játa, að þessi breyt. tryggir það ekki, að þessum tilgangi verði náð. Þess vegna m. a. hafa flm. þessa frv. lagt til, að þm. verði fjölgað í kaupstöðunum. Við leggjum til, að þm. verði fjölgað um 2 í Reykjavík og um 3 alls í öðrum kaupstöðum, með því að tekin verði upp ný kjördæmi, sem sé Akranes, Siglufjörður og Norðfjörður. 2 þessi nýju kjördæmi yrðu sæmilega stór; en þriðja kjördæmið yrði nokkuð lítið. Þó er það ekki lítilsverðara heldur en sum smærri kjördæmin eftir núverandi kjördæmaskipun. Og ef hlutfallskosningar aukast, t. d. eins og hér er gert ráð fyrir, þá eru hér tvenns konar tryggingar fyrir því, að meiri hl. ráði meir en áður við kosningaúrslit og þar með á þingi, og eins hitt, að minni hl. fái aðstöðu til að gera sig gildandi. En þetta hvort tveggja þarf að tryggja í lýðræðislandi, bæði rétt meiri hl. og eins rétt minni hl. En það verður ekki gert með annarri reglu en þeirri, að sem réttast hlutfall eigi sér stað í úthlutun þingsæta, miðað við atkvæðafjölda.

Till. þessa frv. eru miðaðar við þróun þá, sem átt hefur sér stað í okkar landi. Við höldum okkur við að halda við hinum gömlu kjördæmum. En þó að kosningareglurnar yrðu nokkuð öðruvísi heldur en áður í tvímenningskjördæmunum, þá geymist sami réttur þessara kjördæma til fulltrúa á þingi. En þeir, sem voru á móti breyt. á kjördæmaskipuninni, síðast þegar það mál var til umr. á Alþ., voru það vegna þess, að þeir vildu láta gömlu kjördæmin halda sínum rétti til fulltrúa á þingi. En ég vil benda á, að eftir þessu frv. eru engir þm. teknir af sveitunum, því að þm. fyrir þau kjördæmi eru alveg eins sveitarþm., þó að kosningarnar séu hlutfallskosningar, rétt eins og þeir eru sveitarþm., sem kosnir eru nú án hlutfallskosninga. Okkar till., sem varða skiptingu atkv. milli kaupstaða og sveita, eru till. um viðbótarþm. í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum. Og því verður ekki haldið fram, að við förum þarna of langt fyrir hönd kaupstaðanna, því að Reykjavík, sem hefur ⅓ hluta af íbúafjölda landsins, hefur eftir frv. 8 þm., en fær þó ekki nema ⅓ hluta þingmanna. Það verður því ekki sagt, að hér sé of langt gengið. Og eftir okkar till. mundu Reykjavík og hinir kaupstaðirnir sam-

tals fá um ⅓ hluta þm., en í þessum kaupstöðum öllum er um helmingur landsmanna. Það verður því ekki sagt, að hér sé gengið á rétt sveitanna. Í kjördæmakjörinu sjálfu hafa kaupstaðirnir minni rétt en sveitirnar. En þar sem 11 uppbótarþingsæti eru til útdeilingar, þá eru góðar vonir um, að slíkt muni jafnast að kosningu lokinni.

Ég hygg, að flestir gefist upp við að fara þá leið til jöfnunar að jafna kjördæmin að mannfjölda og hafa allt einmenningskjördæmi. Auk þess er hvergi nærri víst, að með því fengist jöfnuður á milli flokka. Það verður að fara þessa leið: hlutfallskosningar og uppbótarsæti. Í raun og veru var það ákveðið 1915, þegar konungskjörið var lagt niður og landskjörið sett, að þessi leið mundi verða farin, — hlutfallskosningar til þess að auka jafnrétti í kjördæmaskipuninni og jafnrétti kjósendanna, og það var haldið áfram á þessari braut árið 1920, þegar þm. Reykv. var fjölgað í fjóra. En stærsta sporið var stigið 1933, þegar uppbótarsætin 11 voru tekin upp, því að það er grundvöllur okkar þjóðskipulags, að réttur þegnanna eigi að vera jafn. Það er svo langt, síðan kröfur komu fram um þetta, að árið 1900 skrifaði Páll Briem grein um, að það sé ekki nóg til að jafna atkvæðisréttinn, að menn hafi jafnan rétt til að kjósa einn þm., heldur verði menn líka að hafa jafnan rétt gagnvart flokknum, sem þeir fylgja, og gagnvart öðrum flokkum, og þetta, að jafna atkvæðisréttinn, má segja, að sé það gamalt í þjóðskipulaginu, að það eigi rætur sínar að rekja aftur til þess, að fjórðungaskipti og þing hér á landi voru tekin upp. Í þá daga höfðu einstakir þingmenn, sem þá voru kallaðir, en nú eru kallaðir kjósendur, rétt til að segja sig úr þingi goða, sem þeim líkaði ekki við, og í þing með goða, sem þeir vildu fylgja. Það eina, sem hér er farið fram á og var gert 1933, er það, að minni hl. á hverjum stað er leyft að segja sig í þing með flokksmönnum sínum á öðrum stöðum og mynda með því móti fulltrúa. Við Íslendingar, sem erum ekki fjölmennir, ættum að geta sætt okkur við þetta, að viðurkenna jafnan rétt hver annars, hvar sem menn búa. Það ætti að vera krafa okkar litla þjóðfélags, að þessi réttur sé jafn. Síðan verður fylgið að ráða úrslitum, en það mun í hverju „demókratisku" þjóðfélagi fara mjög eftir málavöxtum og manndómi. En þessa lýðræðisreglu ættu allir að viðurkenna, og ættu ekki að vera deilur um það, að réttur þegnanna á að vera jafn. Og þó að einhverjar deilur rísi upp í sambandi við þetta mál, þá eru það ekki sjúkdómseinkenni, heldur vaxtarverkir heilbrigðs þjóðfélags, sem vill ekki sætta sig við misrétti þegnanna.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég býst ekki við, að ég fari langt inn á umr. um þetta mál á þessu stigi, en ég er einn af þeim, sem viðurkenna rétt þegnanna. Að réttur þeirra eigi að vera jafn, ætla ég, að ekki þurfi að deila um. En við vitum, að um það hefur verið deilt í þessu máli, hvort réttur þegnanna til áhrifa á stjórn landsins væri jafn með þeim hætti, að jafnmargir kjósendur stæðu á bak við hvern þm. um land allt, og hafa þar verið færð fram rök svo oft, að ekki er nauðsynlegt að endurtaka þau nú, að þéttbýlið hefur á margan hátt miklu betri aðstöðu til þess að hafa áhrif margvíslega heldur en dreifbýlið, bæði í þessu landi og annars staðar, ekki síst hér, þar sem dreifbýlið er svo mikið, og margir kjósendur búa á svo afskekktum stöðum, að þeir hafa engin tækifæri til að hafa áhrif eins og þeir, sem í þéttbýlinu eru og hafa sín flokkssamtök, tæki og tækni til þess að hafa þessi áhrif. Það er þetta, hversu mikils á að meta þetta, þegar talað er um hinn jafna rétt þegnanna, sem stöðugt hefur valdið verulegum ágreiningi og er líklegt, að muni valda honum enn þá. En um jafnan rétt þegnanna til þess að hafa áhrif á stjórn landsins er ekki deilt.

Það er tvímælalaust hægt að færa fram ýmsar tölur frá kosningum, sem, þegar litið er á þær einar, sýna, að því er virðist, að rök þeirra, sem fylgja þessu frv., séu á sterkum grundvelli reist. En það er einu sinni þannig, ef við lítum til þeirra landa, sem nú berjast fyrir lýðræðinu fyrst og fremst, Bandaríkjanna og Englands, þá er þar ekki talið nauðsynlegt til þess að varðveita og viðhalda lýðræðinu, hvorki á þessum tímum né öðrum, að koma á höfðatölureglunni, því að ef nokkuð er, þá er enn fjær, að svo sé í þessum tveimur höfuðlöndum lýðræðisins, heldur en hér á landi. En við Íslendingar erum svo „moderne" þjóð, að við þurfum að skera allt eftir reglustriku og reikna allt eftir tölum og höldum, að það sé bezta lýðræðið. En það eru vissulega mörg atriði í þessu máli, ef farið er að ræða það á víðtækum grundvelli, sem koma til athugunar, fleiri en tölurnar einar, og án þess að ganga langt inn á þær umr., sem áður hafa farið fram um þetta mál, sem ég tók ekki nema mjög lítinn þátt í, þá er það auðsætt mál, að ekki er til neins að færa það fram sem rök, að þær breyt., sem hér á að gera, raski ekki hlutföllunum milli sveita og kaupstaða. Það má með einhverjum rétti segja, að hlutfallskosningar geri það ekki, en það má færa jafnsterk rök fyrir, að þær geri það. En ef á að fara að fjölga þm., eins og hér er gert ráð fyrir, þá raskast hlutfallið vitanlega stórlega við það.

Þær breyt., sem hér er lagt til að gera, fara að vísu í sömu átt og þær breyt., sem áður voru gerðar á stjórnskipunarl. og stjskr., en ég hygg, að flestir séu sammála um, að sú stjskr., eins og frá henni var gengið, og sú stefna, sem þar var tekin upp, bæði að efni og öllu formi, sé þannig, að fæstir séu ánægðir með hana, og þjóðin er yfirleitt alls ekki ánægð með hana. Þetta fyrirkomulag með uppbótarþm. o. s. frv. hefur alls ekki reynzt vel. Það hefur reynzt illa. Og ég álít, að þegar við erum að lappa upp á það fyrirkomulag, sem við búum nú við, þá mundi sú stjskr., sem við þá mundum fá, verða enn þá meira óbermi, ef ég má nota það orð, heldur en sú, sem við höfum núna, eins og það að ætla sér að fjölga þm. upp í 54. Við getum verið þess fullvissir, hver einasti þm. í d., að það er alveg á móti skoðun þjóðarinnar, að rétt sé að fjölga þm. frá því, sem nú er. Það er vitað, að fjölgun þm., sem átt hefur sér stað, hefur sízt af öllu orðið til þess að gera starf þingsins betra, nema síður sé, og það er áreiðan-

lega ekki í samræmi við vilja þjóðarinnar eða til bóta á okkar stjórnarkerfi.

En það, sem ég tel, að skipti einna mestu máli í sambandi við þetta allt, eins og nú standa sakir, — og þótt ekki sé óeðlilegt, að þetta sé rætt, þá geng ég fyrir þá sök ekki langt í að ræða það, — að á slíkum tímum sem þessum á enginn að láta sér detta í hug að hreyfa við stjórnarskrá ríkisins. Ég býst við, að megi leita víða á þeim tímum, sem nú eru, til þess að finna dæmi þess, að þjóðþing sé að breyta stjórnarskrá sinni, og þó sérstaklega, ef það er breyt., sem veldur stórkostlegum flokkspólitískum deilum, og það þarfasta, sem þjóðþing hafi að vinna nú, það sé að breyta stjskr. ríkisins. Það er mikil breyt. og sýnist vera nokkuð ör, sem virðist hafa gerzt á hugsanagangi okkar þm. hér á Alþ. Það er ekki liðið enn þá ár, síðan við töluðum um, að útlitið væri svo iskyggilegt, að við værum sammála um, svo að segja sem einn maður, að fresta kosningum. Ég var einn af þeim, sem beittu sér fyrir, að það væri gert, og ég er sannfærður um, að það var efnislega rétt að gera það. Við vitum einnig, þó að við vitum lítið um þær hættur, sem yfir okkur kunna að vofa eða höfum ástæðu til að ætla, eftir því hvernig styrjöldin stendur, að hættan, sem yfir okkur vofir margvíslega sé, — til þess að taka ekki of djúpt í árinni —, a. m. k. ekki minni en hún var, þegar við vorum sammála um, svo að segja sem einn maður, að fresta kosningum til þess að komast hjá því að þurfa að deila. Ég var sammála um, að við áttum að fresta þessum kosningum. Ég er sannfærður um, að þeir, sem beittu sér fyrir því, höfðu efnislega rétt fyrir sér. En okkur yfirsást um eitt atriði, yfirsást um það, að flokkarnir mundu ekki bera gæfu til að hafa þann broska, sem til þess þurfti, að það samkomulag gæti staðið og yrði framkvæmt, eins og til var ætlazt. Og satt að segja verðum við að viðurkenna, — það er ekki hægt að komast hjá því —, að þessi frestun á kosningum hefur orðið okkur öllum saman, sem stóðum að því máli, á vissan hátt til minnkunar. Það var þörf á að fresta kosningum, bæði bæjarstjórnarkosningum þeim, sem nú hafa farið fram, og eins alþingiskosningum, sem eiga að fara fram í vor, en þrátt fyrir þessa þörf gátum við ekki haldið þessu samkomulagi, og það er það, sem er til minnkunar fyrir flokkana. Fyrir þetta er nú svo komið, að mikið er deilt í blöðum, eins mikið og nokkru sinni fyrr. Á Alþ. er ekki mikið deilt enn þá, en maður veit, að þar logar talsvert undir, og litur út fyrir, að við förum eftir allt saman út í alþingiskosningar í vor, þegar útlitið er, eins og ég sagði áðan, sízt af öllu betra en það var, þegar við töldum nauðsynlegt að fresta kosningunum. En ég tel, að ekki verði hjá því komizt, eins og nú er farið með þetta allt. Nú erum við komnir það langt frá þeim ákvörðunum, sem við tókum, þegar við frestuðum kosningum í fyrra, að við teljum okkur fært að innleiða deilur um, hvernig stjórnarskipunin eigi að vera. Það er ekki nóg, að við göngum út í kosningar, þegar ástandið er sízt af öllu betra en þegar við töldum nauðsynlegt að fresta kosningunum, heldur erum við komnir það langt, að við teljum okkur fært að innleiða deilur í sambandi við störf okkar hér á Alþ. og í sambandi við kosningar.

Eitt var það, sem borið var fram sem rök af mjög mörgum, þegar sjálfstæðismálið var rætt á síðasta reglulegu Alþ., en það var, að tæplega þætti fært að taka fullnaðarákvörðun í því máli m. a. vegna þess, að ekki væri hægt og ekki rétt, eins og nú standa sakir, að gera stjórnarskrárbreyt., sem ákvæði framtíðarskipulag ríkisins, m. a. vegna þess, að það gæti valdið deilum og mundi valda deilum einmitt af því, að líklegt væri, að þetta mál mundi dragast þar inn í, og í annan stað vegna þess, sem að sjálfsögðu kemur til athugunar í sambandi við þetta mál, að við eins og margir aðrir vitum svo örlitið um, hvernig það stjórnskipulag verður, sem við búum við eftir styrjöldina. Við vitum aðeins, að það verður stórkostleg breyt. frá því, sem nú er. En nú telja menn sér fært að taka upp stjórnarskrárbreyt., án þess að sjálfstæðismálið verði þar nefnt á nafn. Ég get satt að segja hugsað mér, að sumir af sjálfstæðismönnunum í þessu landi, — sumir af þeim, sem talið hafa nauðsynlegt að leysa þetta mál nú þegar, en breyt. á stjórnarskránni, sem iskyggilegt þótti að ráðast í nú, stöð þar í vegi, — geri ráð fyrir, að þær kröfur hljóti að koma fram í sambandi við þetta mál. Og ég geri ráð fyrir, að þeir flytji það fram sem rök, að þeim þyki ekki viðkunnanlegt, að stjórnarskránni sé breytt, án þess að minnzt sé á að breyta þeim gr., sem lægi beinast við að breyta, eins og nú er málum komið. Allar fremstu gr. í stjskr. eiga að standa óbreyttar. Ég býst við, að mörgum þyki þetta einkennilegt og óbein yfirlýsing út á við. Og það, sem mér finnst enn fremur, að geri ákaflega einkennilegt, til viðbótar öllu þessu, að taka upp þetta mál, er það, að það hefur áreiðanlega aldrei skipt minna máli en nú, hvað marga fulltrúa hver flokkur hefur hér á þingi, og það af þeirri einföldu ástæðu, að það eru engar minnstu líkur til, þótt stjskr. yrði breytt, að neinn flokkur mundi fá hér meirihlutavald, og enginn einn flokkur vill taka að sér að stjórna landinu, eins og ástandið er nú og verður næsta ár eða næstu árin. Ábyrgðin er allt of mikil til þess, að nokkur fl. mundi ráðast í að gera það. Og nú eru sterkar raddir um það, þó að nú fari tveir flokkar með völd, sem hafa yfirgnæfandi meiri hluta Alþ., að stofnað verði til víðtækari samvinnu, og það er vitað mál, að fyrst um sinn verður að stjórna af fleirum en einum flokki. Hver einasti þm. finnur og veit, að aldrei hefur verið gert eins lítið af því á Alþ. að telja saman, hvað marga fulltrúa hver flokkur hafi, og einmitt nú, og það á ekki að muna það nema sem minnst. Þess vegna er þessi deila, eins og nú standa sakir, ákaflega ófrjó deila og nánast sagt deila til þess að deila.

Sósialistar hafa bætt töluvert fylgi sitt í bæjarstjórnarkosningunum, en jafnaðarmenn aðeins staðið í stað. Svo er mælt, að einn af fulltrúum í öðrum þessara flokka hafi átt að segja: „Guði sé lof, að við fengum ekki meiri hluta.“ Þeir treystust ekki til að vinna saman, sem þeir hefðu mátt til með, ef þeir hefðu fengið meiri hl. í bæjarstj. Hvort þetta er satt eða ekki, er mér ekki kunnugt um. En sannleikurinn er

sá, að eins og útlitið er nú og eins og það virðist alltaf fara versnandi, hygg ég, að við höfum um annað þarfara að hugsa og tala heldur en að deila um það, hve marga fulltrúa hver flokkur eigi á Alþ. Má í þessu sambandi benda á, að verði þessar breyt. að l., munu þær ekki hafa ábrif á kosningarnar, er eiga að fara fram í vor að öllu sjálfráðu. En þær gera annað. Sá meiri hl., sem sitja mundi Alþ. eftir næstu kosningar, mundi gera þessar breyt. að l., að stjórnarskrá fyrir okkar þjóðfélag. En hitt er fullvíst, að þegar sú breyt. er komin á, yrðu kosningar aftur hitt vorið. Það er vitað mál, að um leið og þessi breyt. er orðin í landinu, þá reyna þeir fl., sem telja sig fá betri aðstöðu til kosninga fyrir þessa stjskr., að stuðla að því með vinnubrögðum sínum hér á Alþ., að kosningar fari fram að nýju næsta haust eða vorið 1943 til þess að njóta uppskerunnar af þeim breyt., sem þeim hefur tekizt að koma í gegn. Þá yrðu stærstu flokkar að starfa saman í sumar og meðan kosningar færu fram, hvort sem það yrði í haust eða vorið 1943. Ef ætti á annað borð að gera þessa breyt., yrði í sambandi við hana að koma á starfhæfri stj., meðan breyt. er að komast á og eftir að hún hefur verið gerð. Ég hef alltaf verið oánægður með þessa stjskr., og mér dettur ekki í hug að álíta, að ekki þurfi að endurskoða hana, bæði þetta atriði og mörg önnur. En tímarnir, sem við lifum nú á, eru þeir langverstu, sem hægt er að hugsa sér. En við vitum, að þjóðirnar eru byrjaðar á endurbótum, ekki með því að breyta stjskr. sínum, heldur fyrir tilstilli sinna stj., sem skipaðar eru beztu mönnum, og þær eru byrjaðar að rannsaka, hvers konar stjórnarkerfi þær eigi að hafa að þessari styrjöld lokinni. Og við hljótum að sjá, eftir þeirri reynslu, sem við höfum af styrjöldum og breyt. þeim, sem þær hafa valdið, og eftir því, sem sjá má af blöðum þeirra þjóða, sem berjast fyrir lýðræðinu, að stjórnarkerfi þjóðanna hlýtur að breytast upp úr þessari styrjöld. Það er því miklu nær fyrir okkur að byrja nú á því að velja okkur menn til að kynna sér og rannsaka þá strauma, sem nú eru uppi, og byrja á undirbúningi að þeirri stjskr., sem við ætlum að hafa eftir þessa styrjöld, heldur en að hefja deilur um breyt. þær, sem hér liggja fyrir. Við vitum reyndar lítið um, hvernig styrjöldin breytist. Við skyldum segja, að Rússar yrðu sérstaklega sterkir og kæmust alla leið vestur að Atlantshafi, og þá þætti mörgum trúlegt, að til átaka kæmi milli Englands og Rússlands. Hvor þessara þjóða yrði þá sterkari, vitum við lítið um. Svo er þriðji möguleikinn: Að Þjóðverjar sigri, og þá er eins víst, að aðrir en við ráði, hvaða stjórnarkerfi við eigum að hafa. Það er vitað mál, að hvernig sem þessi styrjöld fer, þá er hún barátta, og eins og flest barátta er, barátta milli tveggja öfga. Það getur aldrei öðruvísi farið en sú stefna, sem sigrar, drekki meira eða minna í sig af þeirri stefnu, sem undir verður í baráttunni. Það kann að vera, að sumum hv. þm. þyki þetta nokkuð losaralegir smátónar, en við erum nú búnir að sjá svo mikið, að við vitum vel, að lýðræðið í Þýzkalandi, Frakklandi, Spáni og Ítalíu er ekki liðið undir lok af því, að það hafi komið stjórnarkerfi svífandi niður úr geimnum og setzt niður á þessi lönd. Nei, lýðræði þessara landa leið undir lok af því, að það var ekki fært um að fara með völdin. Og tvímælalaust verður það eitt af aðalhlutverkum lýðræðisins eftir styrjöldina, án þess að beita hörku og takmarka einstaklingsfrelsið (sem nú tíðkast í einræðisríkjunum), að geta styrkt sjálft sig með því skipulagi og þeim aga (disciplin), sem einræðisríkin hafa nú yfir að ráða. Og við verðum eins og aðrir, þegar við endurskipuleggjum okkar stjórnarskrá, að losa okkur við þann glundroða (Kaos), sem er meira og meira áberandi í okkar störfum, eins og í öðrum lýðræðislöndum. Mér finnst, satt að segja, að okkur væri bezt að verða sammála um, að n. væri skipuð af Alþ. til þess að rannsaka, hvernig við eigum að breyta okkar stjórnskipulagi, og auk þess undirbúa þær breyt., sem gera þarf, þegar við tökum málin formlega í okkar hendur af Dönum; nefnd, sem undirbyggi þá stjskr., sem við gætum búið við að styrjöldinni lokinni. Það ætti frekar við heldur en halda uppi deilum um það, hvort við eigum að bæta við 5 þm., hafa 54 í staðinn fyrir 49, eins og það sé mest aðkallandi nú, þegar ekki eru nokkrar minnstu líkur til, að það verði betra, og mundi aðeins skapa meiri flokkadrátt á Alþ. Nú þyrftum við umfram allt að gleyma því, fyrir hvaða flokk við höfum umboð og draga sjálfa okkur í dilka samkvæmt því.

Ég vil gera það að till. minni, að umr. verði nú frestað, og að sjálfsögðu geri ég ráð fyrir því, að skipuð verði sérstök n. innan Alþ., sem fjalli um þetta mál. Það mun vera venja, þegar slík mál sem þetta koma fyrir. Ég hygg, að nú þegar sé hafinn undirbúningur að kosningu þessarar nefndar.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Það ber náttúrlega að taka þakksamlega öllum tilraunum, sem gerðar eru til þess að lagfæra stjórnskipunarl. þau, er við Íslendingar eigum nú við að búa. Ég hef því beðið þess með nokkurri eftirvæntingu, að horfið yrði að því ráði að semja ný heildarstjórnskipunarl. fyrir íslenzka ríkið í samræmi við þá stöðu, sem Ísland hefur nú hlotið meðal ríkja heimsins. En það er kunnugt, að stjórnskipunarl. okkar eru ekki í neinu samræmi, a. m. k. er svo um fyrri hluta stjskr., við þá stjórnskipun, sem við höfum í framkvæmd.

Við höfum verið í sambandi við Danmörku, eins og kunnugt er, um mikilsvarðandi mál. Danmörk hefur farið með utanríkismál okkar og að verulegu leyti lögreglumál á Íslandi, þar sem landhelgisgæzlan hefur að verulegu leyti verið í höndum Danmerkur. Bæði löndin hafa haft sama konung. Allt þetta hefur nú hrunið. Og eins og nú er komið, er kominn sá tími, sem við höfum rétt til að segja þessu sambandi upp. En 2 ár eru nú liðin síðan Danmörk hætti að geta uppfyllt þann samning, sem samband landanna byggðist á, og við höfum þegar lýst yfir, að samningurinn sé úr gildi fallinn. En það undarlega, a. m. k. frá mínu sjónarmiði, er, að

Alþ. Íslendinga hefur ekki getað fallizt á að viðurkenna þá staðreynd, að við erum losnaðir úr þessum tengslum við Danmörku. Það hefur ekki viljað viðurkenna þessa staðreynd til fullnustu með því að byggja upp ný stjórnskipunarl. í samræmi við þá stöðu, sem Ísland nú hefur.

Við höfum meira að segja ekki vaknað við, þegar stórveldi þau, sem við getum nú haft samband við, Bretland og Bandaríkin, hafa bæði lýst yfir því, að þau mundu viðurkenna fullveldi Íslands sem sjálfstæðs ríkis, og jafnvel hvatt okkur til þess með því að óska eftir, að sér yrðu sendir sendiherrar. Við höfum ekki vaknað við þetta. Og enn sitjum við með stjskr., sem miðar allt við konung, og byggjum enn þá fullum fetum á sambandinu við Danmörku.

Margir líta svo á, að þetta sé lítilfjörlegur hlutur, það geri okkur ekkert til. En ég er á allt annarri skoðun. Ég álít það blátt áfram hættulegt að sitja í þessu sambandi, að viðurkenna ekki staðreyndina og byggja upp stjórnskipun með stjórnskipunarl. alveg í samræmi við það, sem raunverulega er, að við erum óháð ríki. Ég tel það hættulegt vegna þess, að það má með nokkrum rétti benda á, þegar fram líða stundir, að Íslendingar hafi alls ekki sýnt neinn vilja í því að vera óháðir öðrum ríkjum. Þeir hafa átt kost á því, en sáu ekki ástæðu til að sinna því. Og hvernig verður þetta tómlæti skilið? Verður það ekki skilið þannig, að Íslendingar hafi ekki treyst sér til að ákveða hjá sér slíka stjórnskipun og verið að bíða eftir því, að einhver stór og voldug veldi legðu yfir sig sína verndarvængi. Ég held, að þó að slíkur skilningur yrði lagður í hik Íslendinga, þá yrði það rangur skilningur. Ég hygg, að sú eðlilega orsök, sem tómlætinu veldur, stafi af því, að þjóð, sem búin er að vera háð öðrum ríkjum um margar aldir og oft hefur verið hart leikin á ýmsan hátt, sé farin að sætta sig við hlutskipti sitt. Og þess vegna brestur hana kjark til að taka rétt sinn, þegar hann liggur fyrir fótum hennar. Þetta minnir á það, þegar hestur, sem búinn er að ganga lengi í hafti, hoppar lengi, eftir að búið er að taka af honum haftið. Íslendingar vilja hoppa enn þá, þrátt fyrir að þeir voru vissulega orðnir illa sárir.

Um þetta geri ég nú ráð fyrir, að ekki þýði að deila í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, til breyt. á stjskr. Ég geri ráð fyrir því, að það sé vonlaust mál, þó að einhver vildi bera fram hér á Alþ. gerbreytingu á stjórnskipunarl., að ljúka því á þessu þingi. En áreiðanlegt er, að það verður ekki látið liggja lengi í þagnargildi. Eðlilegast væri, að ríkisstj. bæri fram frv. um ný stjórnskipunarl. Ríkistj. á að vera oddviti fyrir þjóðinni. Hún á að vera á verði, ekki sízt í svona málum.

Hæstv. forsrh. talaði talsvert um það í gær, að þeir tímar, sem nú stæðu yfir, væru ekki þess háttar, að álitlegt væri að hefja deilur um mál eins og þetta. Það er líklegt, að í þessu liggi það, að ríkisstj. mundi ekki geta orðið sammála um að bera fram frv. til nýrra stjórnskipunarl. Og það sýnir miklu betur en nokkuð annað, hversu veika forstöðu við höfum fyrir okkar málum, þar sem ríkisstj. er, að hún mundi sennilega ekki geta orðið sammála um það að ryðja okkur braut og gera hreint fyrir okkar dyrum í því máli, sem er mesta mál þjóðarinnar, en þ. e. að öðlast stjórnskipunarl., sem eru í samræmi við vöxt þessarar þjóðar, eðli hennar og lunderni. Friður er að sjálfsögðu góður. En friður um órétt og vanrækslu er ekki góður. Friður er þess vegna stundum hættulegur, og ég fullyrði, að í þessu máli sé friðurinn háskalegur, og það sé sýnt og sannað, að forstaða íslenzka ríkisins sé sérlega veik og óhagsýn, fyrst hún getur ekki tekið skörulega forustu í þessu máli.

Ef Íslendingar bera nú gæfu til þess að öðlast ný stjórnskipunarl., þá ber þeim fyrst og fremst að gæta þess að tryggja með þeim frelsi og jafnrétti fólksins. En á það skortir mjög samkv. þeim stjórnskipunarl., sem við nú búum við. Og það er alveg víst, að Íslendingar munu þola allra manna verst ófrelsi og misrétti hver af öðrum. Nú sýnist mér, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé spor í þá átt að auka jafnréttið milli þegna þjóðfélagsins. Og þó að frv. gangi miklu skemmra en ég hefði óskað, þá mun ég hiklaust fylgja því sem spori í rétta átt. Það, sem ég á við, þegar ég tala um spor í rétta átt, er, að með þessu frv. er gert ráð fyrir að bæta nokkuð úr því mikla misrétti, sem er um kosningarrétt Íslendinga til Alþ. Það þarf ekki að rifja það upp, af því að öllum mönnum er það vel kunnugt, að kjördæmaskipun landsins veldur því, að á sumum stöðum á landinu hafa kjósendur ekki meira en ⅙ hluta kosningarréttar miðað við aðra. Þetta misrétti er alveg óviðunandi, og það er ákaflega mikil skammsýni, ef menn ætla að standa lengur gegn umbótum í þessu efni. Það er miklu betra að segja til í tíma við þann, sem sækir rétt sinn, heldur en að bíða þess, að hann verði tekinn með mikilli hörku.

Það er mikið talað um það í sambandi við þetta mál, að okkur sé það mikil nauðsyn að varðveita hina gömlu kjördæmaskipun í landinu. Ég veit nú ekki, hvaðan þessi mikla tryggð til þessarar kjördæmaskipunar er eiginlega komin. Hún hefur komizt á fyrir tilstilli erlends valds. Hún er gamall arfur frá okkar undirokunartímabili. Ég veit ekki, hvort það er það, sem veldur þessari ást á kjördæmaskipuninni. En hitt er víst, að ef menn skilja, á hverju lýðræðið á að byggja, þá hljóta menn að viðurkenna, að það byggist á almennum kosningarétti borgaranna. Það byggist ekki á því, að holt og hæðir úti um allt hafi þennan rétt, heldur fólkið, sem landið byggir. En ef menn eru haldnir þeim firrum, að það séu holt og hæðir, en ekki mannfólkið, þá þarf sá hugsunarháttur vissulega að breytast. Það geta orðið svo miklir fólksflutningar í landinu, að heil kjördæmi leggist gersamlega í eyði, en aðrir staðir byggist aftur upp. Það getur vel skeð hér á landi, að staður, sem byggður hefur verið upp fyrir 200—300 árum, leggist í eyði, en annar jafnstór eða stærri rísi upp. Væri þá mikil sanngirni í því, að eyðistaðurinn héldi réttinum til þess að vera kjördæmi og senda fulltrúa á löggjafarþing, en nýi staðurinn yrði svo að segja réttlaus í þessum sökum? Ég hygg, að enginn mundi svara þessu játandi. Ég hef einhvers staðar lesið það eða séð, að í Englandi hafi það átt sér stað alllengi, að kjördæmi var úti á sjó, og menn hafi

orðið að fara á bátum til að kjósa. Þetta er ein bezt menntaða þjóð heimsins, sem hefur látið sér þetta sæma. En það er nú einu sinni svo, að allir hafa sína galla, og jafnvel menntuðustu þjóðir geta haldið við ósiðum af fastheldni eða tómlæti.

Við Íslendingar, sem erum að rísa upp úr undirokun undir aðra þjóð, bláfátækt og lítilli menningu, eigum að reyna að átta okkur á þeim tímum, sem við lifum á, og sníða stakk okkur umfram allt eftir vexti nútímans.

Ég hef nokkuð hugsað um þetta mál og látið skoðun mína í ljós í blaðagreinum nokkrum sinnum og hef auðvitað komizt að þeirri niðurstöðu, að það ætti að vera fólkið, sem hefði kosningarréttinn og að kosningarrétturinn ætti að vera sem allra jafnastur. Ég sé ekki, að þetta geti orðið með öðru fremur en því, að landinu sé skipt á ný niður í kjördæmi, og að landsfólkið fái sem jafnastan kosningarétt. Ég hef lagt til, að landinu verði skipt í 6 kjördæmi, og það er trúa mín, að að því verði horfið að hafa hlutfallskosningu í öllum kjördæmum. Eftir þeirri till. mundi þm. sennilega frekar fækka. Ef kosnir væru 40 þm. hlutbundinni kosningu, þá þyrfti ekki nema fá sæti til uppbótar fyrir landsmálaflokkana. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir hins vegar ráð fyrir, að kjördæmunum verði fjölgað, og er það, út af fyrir sig, frá mínu sjónarmiði, galli á því. Sá kostur er þó, að mínu áliti, meira virði, að með þessu er kosningarrétturinn meira jafnaður á milli fólksins sjálfs og landsmálaflokkanna, og ég er ekki viss um, að með því mundi þm. fjölga, því að við þessa breyt. mundi að sjálfsögðu minnka þörfin fyrir uppbótarþm.

Ég vil í þessu sambandi benda á eina hættu, sem ég tel vofa yfir þessu þjóðfélagi, ef ekki verður horfið að því ráði að breyta stjórnskipunarl. landsins verulega, sérstaklega kjördæmaskipuninni. En sú hætta liggur í því, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að með öllum þessum smá-kjördæmum, sem nú er kosið í, hefur skapazt óeðlilegt kapphlaup á milli flokkanna um þessi kjördæmi. Og svo mikið er þetta kapphlaup, að kjördæmunum er beinlínis haldið með því að krafla saman sem mestum fjárhæðum frá ríkinu eða úr ríkissjóði þeim til handa. Ég er sannfærður um, að þetta kapphlaup er komið út á þá braut, að það fer að nálgast það að vera óheiðarlegt. Það stappar vissulega nærri því að misnota almannafé, þegar ríkissjóður er látinn borga svo og svo mikil fríðindi til kjördæmis, til þess að hægt sé að segja, að þm. hafi staðið sig vel. En í annan stað hlýtur það að vera fjárhag landsins ofvaxið, ef atkv. í kjördæmum eiga að verulegu leyti að fást með fjárframlögum úr ríkissjóði, þegar við höfum þennan mikla fjölda þingmanna.

Í annan stað hlýtur það að verða ofvaxið ríkissjóði að gjalda þess, ef kjörfylgi þm. á að fást með dugnaði þm. í að ná fé úr ríkissjóði kjördæmunum til handa. Þegar við höfum á þann hátt mikinn fjölda kjördæma og „duglegra“ þm., sem kallað er, þá getur þetta farið að velta á hundruðum þúsunda eða jafnvel millj. kr. til hvers kjördæmis. Við verðum því að hvika frá þessu ráði. Það er lífsnauðsyn. Þó að við veltum okkur nú í fé, þá koma þeir tímar, að ríkissjóður stenzt ekki slíkt uppboð, sem á þinginu mundi þá líklega fara fram um kjördæmin.

Það fóru engar umr. hér fram í gær um þetta mál nema framsöguræða flm. fyrir frv. og svo það, sem hæstv. forsrh. lagði til málsins, sem var frekar á móti frv. Að sönnu talaði hæstv. forsrh. hógværlega, en það varð ekki misskilið, að hann lagði á móti því, að við stjskr. yrði rótað. Hann sagði, að í raun og veru ætti að vera lítill munur á flokkum, þegar svona háskatímar eru yfirvofandi. Það er rétt, að slíkur háski, sem yfir okkur vofir, hefði átt að framkalla þá ábyrgðartilfinningu hjá hv. þm. og ríkisstj., að flokka-erjur hefðu verið lagðar til hliðar. En ég vil spyrja háttv. þingmenn og hæstv. ráðherra um það, hvort hægt sé að sjá, að flokkssjónarmið hafi lotið í lægra haldi fyrir ábyrgðartilfinningu einu sinni í ríkisstj. sjálfri. A. m. k. fannst mér ekki skrif hæstv. forsrh. í sambandi við bæjarstjórnarkosningarnar sýna, að hann væri ráðinn í að láta flokkssjónarmiðin lúta í lægra haldi fyrir hinni sameiginlegu nauðsyn í málefnum landsins. Og ég held, að það hafi verið vegna flokkssjónarmiða, þegar ráðh. Alþfl. veik úr ríkisstj. Ég held, að það hafi verið svo og sé, að í ríkisstj. hafi aðeins verið samið vopnahlé, og svo held ég, að það sé á hæstv. Alþ. Og því hefur verið lýst yfir af Framsfl., að hann sé eindregið með því að ganga til kosninga í vor eða sumar. Skal ég ekki lasta það. En ætlar sá flokkur að ganga til kosninganna sem friðarflokkur og leggja flokkssjónarmiðin á hilluna og láta eingöngu ráða hin sjónarmiðin, nauðsyn ríkisins á samheldni og samstarfi allra ábyrgra þjóðfélagsþegna? Ég leyfi mér að efast um, að þetta verði raunin á, sem ég síðar nefndi. Og ef við getum gengið til kosninga með þeim venjulegu kosningadeildum, sem verið hafa hjá okkur, og með þeim ráðum, sem höfð hafa verið til kjörfylgis við kosningar, þá skil ég ekki í því, að það spillti nokkru, þó að barizt væri um stjórnskipunarmálið. Ef við leggjum út í deilur á annað borð, þá hygg ég það skynsamlegra og skemmtilegra, að barizt væri um eitthvað, sem einhvers væri vert, en ekki hagsmunamál flokka, eins og hefur verið að verulegu leyti gert hér í kosningaorustum.

Ég skal endurtaka það, að ég mun fúslega greiða atkv. með þessu frv., sem hér liggur fyrir. En ég vil taka það líka skýrt og ákveðið fram, að með því vil ég alls ekki slá af kröfum um það, að stjskr. landsins verði öll endurskoðuð og byggð upp alveg ný stjórnarl. fyrir Ísland. Og ég vil í því sambandi enn koma að því, að það er alveg óviðeigandi og óforsvaranlegt, að við séum alltaf að undirstrika það og bera það í eyru þjóðarinnar, að við séum ekki frjálst og fullvalda land. Það er ákaflega leiðinlegt að sjá það í blöðum og heyra það á mannfundum, að alltaf er verið að tala um, að við megum ekki róta okkur og gera ráðstafanir um okkar eigin mál, vegna þess að við séu hernumin þjóð. Það er verið að reyna að koma þeim ósannindum inn hjá fólkinu, að við séum í raun og veru stríðsfangar. Það er vitað, að við vorum hernumdir af Bretum. Það er líka vitað, að því fylgdi sú yfirlýsing, að þeir skyldu ekki hlutast til um

okkar innanlandsmál (ég skal ekki segja, hverning það hefur verið efnt). Það er vitað, að við höfum fengið með frjálsum samningum vernd annars ríkis, sem þá var ekki stríðsaðili. Jafnframt gekk Bretaveldi inn á það að aflétta sínu hernámi. Það er því röng túlkun, að við séum ekki frjáls þjóð, heldur hernumin. Þetta er skapsýking frá okkar gamla undirokunartíma, þessi tilfinning að treysta sér ekki til að tala um, að við séum frjálsir, heldur telja sjálfum sér og öðrum trú um, að við *séum — og líklega eigum* að vera — undir aðra gefnir.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta meira. Ég vil taka undir þá ósk hæstv. forsrh., að það verði skipuð n. í þetta mál, og hefði þá verið æskilegt, að sú n. væri skipuð öllum þingflokkum, en ef það má ekki verða, — ef friðarhugurinn er ekki meiri innan þings, heldur flokkssjónarmiðin svo rík, að menn vilji neyta aflsmunar við flokka, sem ekki geta fengið mann í n. við venjulegar hlutfallskosningar, þá vil ég leggja til, að n. verði þó skipuð 7 mönum. En eðlilegast fyndist mér, að allir flokkar ættu fulltrúa í stjskrn., því að þetta *mál* verðskuldar gaumgæfilegustu athugun, og að önnur sjónarmið *en fólksins sjálfs* verði látin víkja.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Hv. 5. þm. Reykv., sem síðast talaði, gaf mér sérstakt tilefni, að mér fannst, til þess að taka til máls, með því að mér skildist hann vilja víta ríkisstj. fyrir það, að hún hefði ekki beitt sér fyrir endurskoðun stjskr. og flutningi frv. um breyt. á stjskr. Og hann talaði um í því sambandi, að forustan væri lin, og skal ég að vísu ekki mótmæla því. En það er nú sagt yfirleitt, að hver þjóð hafi þá þm., sem hún verðskuldi. Og það má þá sennilega halda áfram og segja, að hvert þing *hafi þá ríkisstj., sem það verðskuldar.* Að sjálfsögðu er það á valdi þingsins að skipta um ríkisstj. Og ef því finnst stj. í lélegra lagi, þá skellur skuldin á því, ef það aflar sér ekki betri forustu. En ég vil vísa til þess, að hið háa Alþ. getur ekki vænzt þess, eftir því, sem það skildi við málið á síðasta reglulegu Alþ., að ríkisstj. hafi beitt sér fyrir endurskoðun á stjórnarskránni og flutningi frv. til stjórnskipunarl., því að á síðasta reglulegu Alþ. var gerð samþykkt, þar sem beinlínis var ráðgert, að endurskoðun stjskr. yrði frestað til ófriðarloka. Og þar með var í raun og veru lagt fyrir ríkisstj. *að hafast ekkert að í því máli að sinni.* Þar við bætist, að hið háa Alþ. hefur gert samþykkt um að fresta alþingiskosningum, eiginlega að skilja má, þar til ófriðnum sé lokið. Og sú samþykkt er óbreytt í gildi enn. En það liggur hins vegar í augum uppi, að ef ríkisstj. hefði flutt frv. til breyt. á stjskr., þá hefði hún breytt alveg þvert ofan í fyrirmæli Alþ., sem fólust í ákvæðunum um frestun alþingiskosninga, því að breyt. á stjskr. getur ekki farið fram, nema kosningar fari jafnframt fram. Fyrst er hins háa Alþ. að taka aftur þá ákvörðun að fresta kosningunum, áður en ríkisstj., sem starfar í umboði þingsins, getur haft skyldu til þess að leggja fyrir þingið frv., sem beinlínis gengur út frá því, að kosningar eigi að fara fram. Nú má að vísu segja það, að það hefur heyrzt frá ríkistj., að hún telji, eða einhver hluti hennar, að kosningar eigi að fara fram á næstkomandi vori. Það er alveg rétt, að það hefur heyrzt. En hvorki hæstv. forsrh. né stjórnin í heild ræður neinu um þetta. Það er hið háa Alþ., sem verður að taka aftur sínar ákvarðanir um það, svo að það út af fyrir sig réttlætir ekki þá kröfu til ríkisstj. um, að hún beri fram frv. á Alþ., sem beinlínis byggist á því, að þingið sé horfið frá sínum fyrri ákvörðunum í þessu efni.

Að öðru leyti er ekki nema gott eitt um það að segja, að slíkt frv. komi fram eins og það, sem hér liggur fyrir, frá einstökum hv. þm., því að þeir eru ekki eins og ríkisstj. bundnir af fyrri ákvörðunum þingsins.

Það er ákaflega mikið um það talað og öðru hverju breytt eftir því, að við lifum á erfiðum tímum og að við þurfum að lifa í bróðerni og friði okkar á milli vegna þess ástands, sem nú er í heiminum. Þetta vill nú fara út um þúfur dálitið öðru hverju hjá okkur. Og við erum allir með því marki brenndir að vera ekki fullkomnir, og er ekkert við því að segja, þó að slettist upp á *vinskapinn öðru hverju.* En það má nokkuð á milli vera, hvort við lifum í þeim eindregna ásetningi að lifa í allsherjarfriði okkar á milli og hins, að stofna til eins hatrammra deilna eins og við höfum dæmi um út af kjördæmamálinu. Ég tel rétt að rifja það upp fyrir hv. þm., að árið 1931 var borið fram frv. um breyt. á stjskr. og kjördæmaskipuninni. Það leiddi til þess, að þingið var rofið, — ja, það töldu margir, að það hefði legið við byltingu í landinu út af því tilefni. Ég hygg nú, að menn hafi stillzt svo, síðan það var, að það þurfi ekki beint að óttast slíkar afleiðingar, og mönnum hafi lærzt að taka *með meira jafnaðargeði því, sem að höndum* ber, heldur en þá var raun á. En áframhaldið var þó ekki þannig, að við getum af því dregið þær ályktanir, að allt muni fara með friði og spekt fram, ef á að fara að skerða þann helga rétt vissra hluta landsins, sem menn telja, að felist í núverandi kjördæmaskipulagi landsins. Ég minnist þess, að á þinginu — 1932, hygg ég, að það hafi verið, — þá var fitjað upp á því á nýjan leik að breyta kjördæmaskipuninni. Þá stóð svo, að Sjálfstæðisflokksmenn og Alþýðuflokksmenn skipuðu helming þingsæta í Ed. og gátu þar að vísu ekki komið neinu máli fram, *þótt þeir væru einhuga um það.* Nd. var *hins* vegar þannig skipuð, að þessir flokkar tveir voru í algerum minni hluta, gátu hvorki komið málum fram né stöðvað þau. En í Ed. gátu þeir í sameiningu stöðvað hvert mál, sem þeir vildu. Þessir tveir flokkar höfðu tekið höndum saman um það að koma fram breyt. á kosningafyrirkomulaginu í landinu með hverjum ráðum, sem þeir hefðu til þess. Og sannleikurinn varð sá, að þeir þurftu að taka á öllu, sem þeir áttu til, til þess að koma því máli fram. Það var ekki fyrr en þm. þessara tveggja flokka höfðu fullkomlega sýnt forsrh., sem nú er flm. þessa frv. *hér í hv. d., fram á það, að ef ekki kæmist fram* breyt. á kjördæmaskipuninni, þá yrði stöðvað fyrir stjórninni hvert það mál, sem hún þyrfti að koma fram. Og það var ekki fyrr en ríkisstj. þáverandi, undir forustu hv. þm. V.-Ísf., flm. þessa máls nú, komst að raun um hina gallhörðu

alvöru þessara tveggja flokka, að ríkisstj. lét undan í þessu efni. Af þessu skilst mér, að menn geti ráðið það, að það fáist ekki alveg fyrirhafnarlaust sú breyt. á stjórnskipuninni, sem farið er fram á í þessu frv. Menn gera sér það þá væntanlega ljóst, að hæstv. Alþ. verður þá algerlega að hverfa frá þeim fögru ráðagerðum, sem það hefur haft á undanförnum þingum, um að lægja sem mest öldurótið í stjórnmálunum í landinu, ef til kosninga þyrfti að ganga, þó að það yrðu friðarkosningar, sem mest að orðið gæti. Það yrði sjálfsagt að gera ráð fyrir því, að það yrði tekið á öllu því, sem til væri, í slíkum kosningum af hálfu hvers flokks fyrir sig. Og það hafa náttúrlega þeir hv. þm. gert sér ljóst, sem nú beita sér fyrir þessu máli.

Ég vil ekkert um það segja, hversu gætilegt það er, en hv. síðasti ræðumaður tók mjög ákveðið til orða um það, að það væri tóm vitleysa, sem yfirleitt væri sagt um það, að við lifðum nú undir alvarlegum kringumstæðum. Ég skal ekkert um það deila. Um það getur hver sagt það, sem honum finnst rétt, eða eins og kerlingarnar forðum: „Klippt var það, skorið var það“ —, þangað til eitthvað sker úr um það. En frá sjónarmiði Sjálfstfl. út af fyrir sig, þá er ákaflega fjarri því, að hann geti amazt við því, að slíkt frv. sem þetta komi fram. Það hefur að sjálfsögðu verið mál Sjálfstfl. ekki síður en þess flokks, sem nú hefur komið þessu frv. áleiðis inn í þingið, að koma fram því fyllsta réttlæti, að því er snertir áhrif kjósenda almennt í landinu á meðferð þjóðmála. Og sannleikurinn er sá, að ég hygg, að ef Alþfl. hefði verið reiðubúinn til þess á undanförnum þingum, allt frá 1934 og þar til a. m. k. í ófriðarbyrjun, að koma þessu máli fram með samtökum við Sjálfstfl., þá hefði Sjálfstfl. alltaf verið reiðubúinn að gera það. En hitt veit ég líka jafnvel, að frá 1934 og til 1941 hefur Alþfl. verið gersamlega ófáanlegur til þess að koma þessu máli fram, ófáanlegur til þess að beita sér fyrir því með Sjálfstfl. og þeim öðrum mönnum í þinginu, sem því máli hefðu viljað fylgja, að koma fram breyt. á kjördæmaskipuninni, og ber því að fagna stefnubreytingu þessari.

Ég geri ráð fyrir því, eins og hæstv. forsrh. veik að, að það verði að ráði að skipa sérstaka n., ekki aðeins til þess að athuga þetta mál, sem hér liggur fyrir um breyt. á kjördæmaskipuninni og kosningafyrirkomulaginu, heldur einnig til að yfirvega, hvort ekki eigi að gera þá allsherjarbreyt. á stjórnskipun landsins, sem við allir að sjálfsögðu gerum ráð fyrir, að hljóti að koma til aðgerða þingsins á næstunni. Ég vil vekja athygli á því, að samkv. sambandslagasamningnum við Danmörku, sem við segjum að vísu, að sé fallinn úr gildi, þá var gert ráð fyrir því, að Íslendingar gætu tekið öll sín mál í sínar hendur 1943, skilst mér. Það er því áreiðanlega samkv. því tími til þess kominn, eins og hv. 5. þm. Reykv. veik að, að taka stjórnarskrármálið fyrir í heild til endurskoðunar og setja nýja stjskr. og skipa þeim málum endanlega. Stjskrfrv., sem nú yrði samþ. á þessu þingi, kæmi til endursamþykktar á Alþ. 1943 og væri þá alveg í samræmi við nýja ákvörðun um það, að Ísland lýsti yfir fullum sambandsslitum við Danmörku formlega, eins og þegar hefur verið gert í framkvæmdinni.

Mér er ekki ljóst, hvers vegna hv. flm. þessa frv., úr því að þeir fóru að bera fram till. um breyt. á stjskr., tóku ekki málið róttækt fyrir, þ. e. a. s. gerðu ekki till. um allsherjar breyt. á stjskr. í sambandi við það ástand, sem nú ríkir, ástand, sem við gerum ráð fyrir, að verði í framtíðinni, að Ísland verði alveg sjálfstætt og laust allra mála við fyrra sambandsríki sitt, Danmörku; þeir hefðu haft sínar ástæður til þess. Man ég þó ekki eftir, að hv. frsm. tæki neitt fram um það. En frá mínu sjónarmiði er það dálítið viðkvæmt að fara að hrófla við stjórnskipunarl. í grundvallaratriðum, þar sem um kosningafyrirkomulagið er að ræða, án þess að gera það frá rótum. Það gæti skilizt þannig, að einhverjar efasemdir væru uppi um það, að breyta ætti frá því, sem verið hefur um afstöðuna til okkar fyrra sambandsríkis, og gæti þannig valdið nokkrum misskilningi.

Ég tel sjálfsagt, að n. taki málið til athugunar, einnig frá þessari hlið, og svo að sjálfsögðu það, sem ekki þarf að taka fram, en er aðalatriði þó, sem sé, hvað hentugur tíminn sér til að gera þá breyt., sem þar væri um að ræða, eða yfirleitt breyt. á stjskr.

*Gísli Sveinsson: Það er eðlilegt, að svo mikilsvarðandi mál sem breyt. á stjskr. landsins er verði langvinnt í umr. á þingi. Það mundi vera það á skaplegri tímum, og þá ekki síður nú. Ég er einn þeirra þm., sem telja, að ekki sé fráleitt að ímynda sér, að einstaka þm. og flokkur hugsi til nokkurra breyt. á stjskr. eins og nú er komið. Það er ekki svo að skilja, að utanaðkomandi ástand sé svo, að auðveldara sé að fást við stór mál, heldur er það svo, að við höfum orðið varir við það, þm. og allur landslýður, að ríkisstj. hefur boðað upplausn á því ástandi friðarins, sem ráðh. hafa lagt áherzlu á, að ætti að haldast, þrátt fyrir einhverjar væringar í ríkisstjórninni.

Ég býst ekki við, að neinum þm. né flokki hefði komið til hugar að koma fram með frv. sem þetta, — sem að vísu fer ekki sérlega langt, — ef staðið hefði við það, sem samþ. var á síðasta reglulegu þ. og almenningur vildi sætta sig við, eins og á stóð, sem sé frestun alþingiskosninga, en nú kemur í ljós, að jafnvel þm. hafa ekki skilið það öðruvísi en svo, að nú yrði kosið almennum kosningum á komanda vori. Þegar svo er, hneykslast ég ekki á því, þó að fram komi breyt., sem eru þannig vaxnar, að upplagðast er, að komi fram fyrir kosningar.

Ég er ekki hrifinn af frestun alþingiskosninga og tel fyrir mitt leyti ekkert óeðlilegt, þó að fram færu kosningar nú, en það verður að vera eitthvað heilt í því. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort hann ætlast til, ef kosningar fara fram, að engin mál verði upp tekin, sem verði kosið um, nema ástandið. Það er komið svo, að menn verða að fara að átta sig á því, hvort á að kjósa eða ekki, og þeir, sem ætla að brjótast til kosninga, verða að fara að koma með sínar ályktanir, sem rifta ályktuninni frá síðasta þingi. Sú ályktun var gerð eingöngu í framhaldi af rökfærslu, sem greind er í upphafi

málsins og hljóðar svo: „Vegna þess að Ísland hefur verið hernumið af öðrum aðila styrjaldarinnar og lýst á hernaðarsvæði af hinum og vegna þess ástands, sem af þeim sökum hefur þegar skapazt í landinu, og fullkominnar óvissu um það, sem í vændum kann að vera, telur Alþingi, að almennar kosningar geti ekki að svo komnu farið fram með eðlilegum hætti eða í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar og anda lýðræðisins.

Alþingi ákveður því, að almennum kosningum til Alþingis skuli frestað fyrst um sinn, þar til ástæður breytast þannig, að fært þyki að láta kosningar fara fram, þó ekki lengur en 4 ár, og framlengist núverandi kjörtímabil í samræmi við það."

Það er ljóst, að sú ályktun, sem hrindir þessu, verður að byggjast á því, að það ástand, sem er undirstaðan þar, sé ekki lengur fyrir hendi. Nú sé komið annað ástand, sem auðveldi það að hafa kosningar. Ég bíð þess, að sú ályktun komi fram og að ég megi sjá, hver rök verði fyrir henni færð á Alþingi Íslendinga.

Ég get þessa til þess að andæfa því, að það sé óeðlilegt, að fram komi breyt. á stjórnskipunarl. landsins, sem nauðsynlegt sé, að komi til álita kjósenda.

Hitt er annað mál, hvernig eigi að fara með slík atriði, sem þm. vilja koma á framfæri. T. d. er sá tími, sem við nú lifum á, varhugaverður til stórbreyt. í þessu efni. Það er og rétt, sem fram hefur komið, að þegar við gengjum inn á þá braut að breyta stjórnarskránni, væri eðlilegast, að stjórnskipunarl. væru öll tekin upp. Hitt er líka rétt, að staða landsins er þegar ákvörðuð, og liggur ekki á eitt árið frekar en annað að hrófla við því. Íslendingar hafa tekið öll ráð og allt vald í eigin hendur. Aðeins er eftir að ganga að formi til frá sjálfum ákvæðum stjórnskipunarl. í samræmi við það. Ég hygg, að þm. geti rólegir beðið þess, að við fullnægjum því, sem eftir er. En ef Alþ. vildi beina því til ríkisstj., að hún bæri fram frv. til stjórnskipunarl., yrði ekkert við því sagt. Ég tel, að sjálfstæðismálið sé ekki lengur mál neins einstaks þm. eða flokks og að enginn stjórnmálaflokkur geti framar öðrum helgað sér fullveldismálið. Allur þingheimur er þar á einu máli.

Þá kemur að því, sem hér liggur fyrir, hvort beri að gera nokkrar breyt. á stjórnskipunarl. landsins, þó að ekki sé knýjandi ástæða til að endurskoða þau að fullu, en frv. það, sem fyrir liggur, áhrærir aðeins eina gr. stjórnarskrárinnar, sem sé þá, sem deilt hefur verið um árum saman. 26. gr. stjórnarskrárinnar var auðvitað ætlað að vera í anda lýðræðisins, en var takmörkuð, eins og eðlilegt var á þeim tíma, við að láta ekki höfðatöluregluna vera einráða eg taka tillit til hinna einstöku kjördæma. Það má deila um það, hvort eitthvert annað skipulag fullnægir út í æsar anda lýðræðisins, þannig að öllum kjósendum, hvar sem er á landinu, fyndist þeir hafa sama rétt. Alltaf hlýtur eitthvað að hindra, að algert jafnrétti náist eftir hagfræðilegum reglum. Það má því um það deila, hvort takmörkunin sé nú orðin úrelt og óhafandi. Ég vil taka það fram, að ég og margir fleiri teljum, að þessi takmörkun eigi enn við vegna staðhátta og meðferðar mála í þessu landi. Kjördæmin íslenzku eru ekki til orðin af neinni tilviljun, og er misskilningur að ætla, að þeim hafi verið kúgað upp á Íslendinga af erlendu valdi. Þetta fyrirkomulag er rótfast frá byrjun stjórnskipunar þessa lands og hefur haldizt ótrúlega vel. Það sýnir, að það hentar oss bezt.

Þá kemur mergurinn málsins og það, sem flestir eru sammála um, að breyta engu í þeirri höfuðskipan, sem gerð var 1933. Kjördæmin halda sér, en fyrirkomulagið um sjálft kjörið er með öðrum hætti en áður til þess að fullkomna lýðræðishugsjónina. Hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum eiga fullan rétt á sér. Þess vegna tel ég, að örðugt verði, jafnvel fyrir þm., sem eru andstæðir því að rifta kjördæmaskipuninni, að greiða atkv. undir öllum kringumstæðum á móti slíkum breyt. innan einstakra kjördæma. Hitt er annað mál, hvort menn vilja samtímis taka upp aðrar breyt., svo sem fjölgun þm. í kaupstöðum og í Rvík. Það er álitamál, sem menn verða að taka afstöðu til eftir beztu getu.

Ég er samþ. því, að sérstök stjskrn. verði skipuð í málið, og tel æskilegt, að slíkar n. verði skipaðar í báðum d., og í Ed., áður en málið kemur til d., svo að úr verð ein samvinnunefnd.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það hefur verið minnzt á það, og því verið svarað, af hv. 5. þm. Reykv., að það mætti kalla það lélega forustu, að ekki hefði komið frá stj. frv. til nýrra stjórnskipunarl., til þess að við tökum einnig að forminu til í okkar hendur þau mál, sem Danir hafa farið með. En það þarf ekki að endurtaka það, sem hæstv. fjmrh. hefur um það sagt, að Alþ. var sammála um að breyta ekki stjskr.

Þessi ummæli hv. 5. þm. Reykv. eru því á misskilningi byggð. En hitt er annað mál, sem jafnframt gat falizt í þessum orðum hv. þm., að Alþ. væri óánægt með þá forustu, sem það hefði í ríkisstj. Það er vitað mál, að á slíkum tímum sem þessum gætir mikillar óánægju bæði hjá Alþ., ríkisstj. og meðal þjóðarinnar yfirleitt. Mönnum hættir við að deila, því að þau viðfangsefni, sem við höfum við að stríða, eru allt önnur en á venjulegum tímum. Það er ekki hægt að koma af stað ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum vegna örðugleika, sem alltaf sigla í kjölfar styrjalda. Óneitanlega væri mjög æskilegt að geta byggt íbúðarhús í þessum bæ, en það er ómögulegt vegna þess, að allt byggingarefni vantar. Það þarf að gera við höfnina, en það vantar timbrið til þess. Sama máli gegnir um ræktunina. Nú fyrir 2 dögum kom sú frétt til landsins, að skipið, sem átti að koma með tilbúna áburðinn, hefði forfallazt, svo að vafi er á, hvort við getum haldið við þeirri túnrækt og garðrækt, sem við erum nú búnir að gera. Þó voru áburðarpantanir sendar í ár með þeim lengsta fyrirvara, sem hugsanlegt var, til þess að þær kæmu í tæka tíð. Þannig er það með flest þau viðfangsefni, sem við verðum að berjast við, og á þessum tímum er áríðandi, að reyna að komast sem slysaminnst í gegnum það neyðarástand, er við lifum nú við á þessu landi.

Ánægjan getur aldrei orðið mikil með störfin, hvorki fyrir þá, sem vinna þau, eða fyrir þá, sem unnið er fyrir. Og það eru einmitt þessar aðstæður allar, sem eiga að gera mönnum það fráleitt að koma fram með frv. eins og það, sem nú liggur fyrir, vegna þess að það er einna líklegast til að valda miklum deilum á Alþ., eins og ég drap á í gær. Það má lengi ræða um þessi mál, og mætti þá minnast á þann rétt kjósendanna, sem ýmsir sjá og telja, að sé misboðið með því að hafa það stjórnarkerfi, sem við nú höfum, vegna þess hve flokksvaldið ræður þar miklu. Ýmsir merkir menn þjóðarinnar hafa bent á það, að sumir þeir menn, sem nú sitja hér á Alþ., sitji þar ekki nema í skjóli flokksvaldsins, en ekki í umboði fólksins á vissan hátt. Hv. 4. þm. Reykv. hefur komið fram með till. um að skipta landinu í færri kjördæmi, og það fyrir þá sök, að hann telur, að með því að skipta landinu í svo mörg kjördæmi sem nú er, geti frambjóðendur notað peninga til að afla sér meira fylgis. Ég hygg, að þó að landinu væri skipt í 5 eða 7 kjördæmi, yrði nokkurn veginn það sama uppi á teningnum.

Viðvíkjandi uppbótarþingsætum er það að segja, að nokkuð hefur þótt bera á því, síðan uppbótarfyrirkomulagið var lögleitt, að þeir þm., sem kosnir voru sem uppbótarþm. almennt, hafa getað neytt þeirrar aðstöðu, eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, að yfirbjóða hina þm., sem hafa umboð fyrir kjördæmið. Þessi galli á kjördæmaskipuninni er einn sá iskyggilegasti fyrir okkar stjórnarkerfi. Með því að hafa hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum yrði jafnframt bætt við því kapphlaupi milli þeirra þm., sem eru í kjördæminu. Sennilega yrðu þeir sinn úr hverjum flokki. Vitanlega yrðu þeir í stöðugu kapphlaupi hvor við annan um að vinna sem mest fyrir héraðið. Ef nokkuð gæti orðið til þess að auka deilur á Alþ., þá mundi slík hlutfallskosning í kjördæmum gera það. Nú eru flestir þm. úr tvímenningskjördæmunum mjög samhentir um velferðarmál kjördæma sinna, og ágæt samvinna ríkir milli þeirra. Það þekkjum við af margra ára reynslu á Alþ. En ef hlutfallskosningu yrði komið á í þessum kjördæmum, væri samvinna þessi úti.

Ég vil ekki endurtaka það, sem ég sagði í gær, og það hefur ekkert komið nýtt fram, sem beint hefur verið til mín. Ég minntist sérstaklega á í sambandi við þetta mál, að yrði frv. þetta samþ., mættum við búast við kosningum aftur, og ekkert mál væri líklegra til að valda deilum og ófriði en kjördæmamálið. En hv. 5. þm. Reykv. minntist á ávarp, sem ég hefði gefið út nú fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, og var að fetta fingur út í það, sem ég ræddi þar um bæjarmál Reykjavíkur frá almennu sjónarmiði. Ég mun hér ekki ræða ýmsar blaðagreinar og ávörp, sem ég hef skrifað, en ég vil þó segja, að vitanlega getur mér yfirsézt um málefni Reykjavíkur eins og öðrum. En það hefur ekkert ávarp í þessum kosningum verið sett fram af meir sannfæringu heldur en það, sem ég sagði um atvinnuvegi Reykv. eftir styrjöldina og þær framkvæmdir, sem ég taldi nauðsynlegar nú þegar. Ég hef áður látið í ljós þá „kommúnistisku“ skoðun, að ég trúi ekki á einstaklingsframtakið. Nú upp á síðkastið sýnir atvinnuþróunin í bænum, að voði er fyrir dyrum, ef við treystum á einstaklingsframtakið, og það ekki eingöngu fyrir Rvík, heldur og fyrir landið allt. Það er fyrst og fremst Alþ., sem þarf að koma auga á og leysa vandamál atvinnuveganna, og við verðum að hafa skilning og víðsýni til að taka upp þau vinnubrögð í atvinnumálunum, sem hljóta að koma eftir þessa styrjöld. Og það verður ekki einstaklingsframtakið, sem þá kemur til greina, í þeirri mynd, sem við nú þekkjum það, þótt ekki taki við nazismi eða kommúnismi, heldur verða meiri samtök en áður milli einstaklinga, ríkis og bæjarfélaga, og einstaklingsframtakið verður beinlínis hagnýtt í þágu þess opinbera innan vissra takmarka. Ég ætla nú ekki lengra inn á þetta mál. En í tilefni af ummælum, sem fallið hafa hjá einu blaði bæjarins í dag, út af því, hvort rétt sé að gera þessi mál opinber, vil ég taka fram, að ég tel fulla þörf á, að við gerum okkur allar hliðar málsins ljósar. Það þarf ekki neinn flokkslegan fjandskap, þó að sett séu fram sjónarmið, sem nauðsynlega þurfa að koma fram. Þó að ekki sé samvinna um málin, má enginn láta undir höfuð leggjast að setja skoðanir sínar fram.

Í sambandi við kosningafrestunina féllu þau orð, bæði hjá hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Sk., að þeir, sem ætla að „brjótast út úr friðarhringnum“, eins og það var orðað, verða að gera grein fyrir því, hvers vegna þeir gera það, fyrir þá sök, að það væru sízt minni ástæður nú til þess að fresta kosningunum heldur en var, þegar kosningunum var frestað fyrir tæpu ári síðan. Í þessu máli hafa gerzt þeir atburðir, sem hv. þm. eru vel kunnir, að einn þm. sagði af sér þingmennsku s. l. sumar. Og þegar kom til athugunar, hver ætti að fylla það skarð, þá héldu Framsfl. og Alþfl. því fram, að þm. yrði úr þeim flokki, sem átt hefði sætið áður. Þetta gat Sjálfstfl. ekki fallizt á. Það var ef til vill sök ríkisstj., að ekki var skriflega gengið frá því, hvernig fara ætti, ef þm. segði af sér. Það var auðsætt mál, að hefðu kosningar farið fram í Norður-Ísafjarðarsýslu, þá hefðu allir þm., sem voru óánægðir með kosningafrestunina, sagt af sér og krafizt kosninga í sínum kjördæmum. Má nefna hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Vestm., og þannig var ástatt um fleiri þm., sem voru óánægðir með kosningafrestunina, þó að þeir létu tilleiðast að slíta ekki stjórnarsamvinnunni. Það er ekki enn búið að kjósa í N.-Ísafjarðarsýslu, vegna þess að ég sem forsrh. neitaði að láta kosningar fara fram. Ef ég hefði leyft þær þá, var ekki hægt að neita öðrum hv. þm. að láta kosningar fara fram í kjördæmum þeirra.

Þegar þessi krafa var uppi á teningnum, var því haldið fram af Sjálfstfl., að Alþfl. væri dauður flokkur. Alþfl. svaraði með því að krefjast almennra kosninga, þegar hann fékk ekki þingsæti sitt í N.-Ísafjarðarsýslu mótsagnarlaust. Eftir að þessi krafa Alþfl. kom fram, var hafin hatrammleg árás á mig fyrir að hafa ekki tafarlaust látið fara fram almennar kosningar. Það var talað um, að bæjarstjórnin mundi fresta bæjarstjórnarkosningum, en eftir að ágreiningurinn reis með N.-Ísafjarðarsýslu, náðist ekki samkomulag um þessa frestun, og þess vegna

voru þær látnar fara fram. Ég álít, að frestun bæjarstjórnarkosninganna væri nauðsynleg og þessi niðurstaða hafi verið hinn mesti pólitíski ósigur fyrir flokkana alla, vegna þess að það ber vott um vanþroska. Ég er sömu skoðunar eins og fyrir ári síðan, þegar ég áleit rétt að fresta kosningunum. En mér hefur stórlega yfirsézt, þegar ég trúði því, að flokkarnir hefðu þroska til að framkvæma þetta mál. Þegar deilan reis um eitt einasta þingsæti, var ómögulegt að koma í veg fyrir pólitíska baráttu, sem hlaut að hafa þessar afleiðingar. Ég sagði mínum flokki það í fyrra, að væri ekki einróma samþykkt hjá Alþfl. um að fresta kosningunum, tæki ég ekki á móti heimild til að framkvæma kosningar. Og ég er enn á sömu skoðun.

Það er vitað, að Alþfl. hefur birt opinberlega um þessi mál, að hann sé frestuninni mótfallinn. Ég og fleiri hér á Alþ. erum þeirrar skoðunar, að þó að samkomulag náist um kosningafrestunina, þá sé ekki fært að framkvæma hana, jafnvel þó að þörfin sé nú enn þá meiri heldur en s. l. ár. (GSv: Samþykktin er í gildi.). Um það eru nokkrar júridiskar deilur, hvort þurfi heimild til þess að láta kosningar fara fram eða ekki, og ég fer nú ekki inn á þetta atriði að svo komnu. En ég álít, að þótt þörf sé á að fresta kosningum, getum við það ekki, nema við sýnum þann þroska að standa saman um það. Það hlýtur að vera sprottið af óánægju hjá stjórnarandstæðingum með ríkisstj., og það getur verið varhugavert, þegar þeir halda því fram, að stjórnarflokkarnir hafi ekki þorað að láta kosningar fara fram. Það, sem ég var hræddur við í sambandi við kosningafrestunina, var, að mikið af mönnum kæmi fram á sjónarsviðið, sem segði, að stjórnarflokkarnir þyrðu ekki að láta kosningar fara fram af ótta við að fá ekki meiri hluta þjóðarinnar með sér. Þessu hefur daglega verið haldið fram. Ég álít, að svo mikil hætta stafi af þessum undirróðri, að það sé hættulegra fyrir stjórnarkerfi vort heldur en láta nú til skarar skríða og vera lausir við þennan undirróður næstu 4 ár. Þetta er afleiðingin af þeim vanþroska, sem ekki verður afstýrt. Hins vegar lít ég þannig á, að það sé ekki bætandi á þann eld, sem verður í kosningunum í vor, með því að innleiða í Alþ. nú það mesta deilumál, sem uppi hefur verið í landinu. Það er undarlegt, þegar flokkarnir hafa verið ófáanlegir til að breyta þessu ákvæði stjórnarskrárinnar síðustu 10 ár. Eftir því, sem hæstv. fjmrh. upplýsti, var Alþfl. ófáanlegur til að breyta þessu í samvinnu við Sjálfstfl. Nú, þegar ástandið í landinu hefur aldrei verið ískyggilegra, er allt í einu orðið nauðsynlegt að breyta stjskr. Hvað veldur þessu? Ef þetta mál, sem hefur mátt bíða í tíu ár, þarf að takast upp núna á þessum tímum, þegar kosningum var beinlínis frestað í fyrra til þess að hafa frið í landinu, þá finnst mér það í fyllsta máta undarlegt. Það er auðsætt mál, að þar að auki er ekki takandi í mál að breyta stjskr., þegar konungssambandinu er ekki slitið, því að þegar þessi breyt. yrði tilkynnt erlendum þjóðum, þá verður hún tilkynnt sem breyt. á stjskr. konungsríkisins Íslands. (GSv: Enn þá heitir hún stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.) Hún heitir það núna og kemur til með að heita það líka eftir breyt. En mér finnst það í hæsta máta undarlegt, að þessi breyt. skuli ekki mega bíða í eitt til þrjú ár, úr því sem komið er.

Hafa menn gert sér grein fyrir, hvaða afleiðingar það hefur að breyta þessu núna? Fyrst verða nú kosningar í vor. Síðan verður Alþ. að samþ. þetta, og þá er það fyrst orðið að l., — og þegar það er orðið að l., þá stendur svo í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.“

Kosningar eiga að fara fram í júní, svo kemur þingið saman í júlí, og samþ. þetta, og um leið, sama dag og það er samþ., er umboð þm. þurrkað út. — Þá þurfa að fara fram kosningar aftur seinni partinn í sumar eða fyrri partinn í vetur. Er nokkuð vit í þessu? Nei, ég held og er þess fullviss, að með þessari breyt. sé verið að leggja út í eins mikið ábyrgðarleysi og lengst er hægt að komast hér á landi.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 23. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

*Sveinbjörn Högnason: Þegar þetta frv. kom fram í d., kvaddi ég mér hljóðs, sökum þess að ég óskaði að gera aths. við það, eins og málið lá fyrir þá, en ég gat ekki verið á síðasta þingfundi, svo að ég er ekki kunnugur þeim umr., sem þá fóru fram, og bið ég menn að gæta þess, ef ég skyldi endurtaka eitthvað af því, sem sagt var hér á föstudaginn var.

Hv. 1. flm. bar fram ýmislegt í framsöguræðu sinni, sem vert er að gefa gaum nú þegar, vegna þess að í því, sem hann dró þar fram, var ýmislegt, sem er ekki sem bezt samræmi á milli, og er ekki heppilegt, að svo mikilsverðu máli sé hleypt til n., án þess að bent sé á það í upphafi. Því miður er hv. flm. ekki viðstaddur í d. Vildi ég gjarnan, að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til, að hann hlýddi á mál mitt, ef unnt væri. (Forseti JörB: Það er upplýst, að hann er ekki nærstaddur.) Hann mun telja annað nauðsynlegra en að sinna þessu máli, og mun það ekki vera rangur skilningur hjá honum, en ég vona þá, að hv. meðflm. hans heyri það, sem ég hef að athuga við þetta frv. og ræðu hans.

Hv. 1. flm., þm. V.-Ísf., fullyrti í upphafi ræðu sinnar, að með stjórnarskrárbreyt. 1933 hefði verið viðurkennd sú meginregla, að flokkarnir fengju þingsæti í sem nánustu samræmi við atkvæðamagn. Þessum manni ætti að vera kunnugt, hvað kosningal. hafa inni að halda, þar sem hann var skipaður forseti ráðuneytis, sem átti að leiða það mál til farsælla lykta árið 1933. Ég vil því beina til hans þeirri spurningu, hvar í þessum l. þessi regla er viðurkennd, og ef hún er viðurkennd, hvaða þörf er þá á að breyta þessum l., sem hann kom á. Þetta segir hann, að sé meginkrafan í því frv, sem hann flytur hér, að tryggja sem bezt, að atkvæðamagn flokkanna sé í sem nánustu samræmi við þingsætafjölda. Þá gat hann einnig þess, að ekki væri óeðlilegt, að oft þyrfti að breyta kjördæmaskipuninni til þess að ná þessu. Það var annað meginatriðið,

þar sem hann vildi afsaka, að þetta undraplagg, sem hann afrekaði að koma fram í sinu stjórnarstriði 1932, að ekki væri óeðlilegt, að þyrfti að breyta þessu fullkomna verki hans, sem hann taldi sig leysa fyrir flokk sinn og þjóðina í heild. Er það í allmiklu ósamræmi við þá fyrstu meginyfirlýsingu hans, að í þessum stjórnskipunarl. frá 1933 sé viðurkennd sú meginregla, að svo skuli vera, því að ef svo væri, þá væri ekki ástæða til að breyta l. fljótt aftur, og þá skyldi maður halda, að þetta réttlæti gæti haldið sér frá ári til árs, nema réttlætið sé eitthvað annað 1942 en það var 1933, og skal ég koma að því síðar, sem er ekki ósennilegt, að búi á bak við þetta frv. hv. flm. og þá sérstaklega hv. 1. flm., þm. V.-Ísf. Loks var þriðja atriðið, það, að hann taldi, að þessar till. væru miðaðar við þá þróun, sem orðið hefði síðan 1933. Ég bið menn að athuga það, að hér er ekki miðað við réttlæti, heldur þá þróun, sem orðið hefur í þessu efni.

Það er út frá þessum þremur sjónarmiðum, sem hv. þm. leggur þetta mikilsverða mál fyrir Alþ., og út frá þeim ber að líta á þessar merkilegu og frumlegu till., sem hér eru lagðar fram.

Er þá fyrst að spyrja að því, sem fyrst er nefnt. Hvað gera þessar till. til þess að tryggja flokkunum þingsæti í samræmi við atkvæðamagn? Til þess að tryggja þetta á að fjölga þm. í Reykjavík um tvo og taka upp hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum og búa til þrjú ný kjördæmi. Nú skulum við líta á þessar till. Geta þær orðið til þess að jafna á milli flokka og tryggja þá meginreglu, að flokkarnir á hverjum tíma fái þingsæti í samræmi við atkvæðamagn sitt? Ég segi nei. Það getur ekki orðið til að jafna milli flokka, þó að hlutfallskosning sé tekin upp í tvímenningskjördæmum, sem getur tryggt rösklega ¼ kjósenda áhrifavald til jafns við allt að ¾. Það getur jafnað milli flokkanna, eins og þeir eru nú, en veitir enga almenna tryggingu. Þetta sýnir, að frv. er miðað við, að flokkaskipunin eins og hún er nú, sé óbreytanleg.

Þá er það atriði, að Reykjavík fái tvo þm. í viðbót. Það gefur möguleika til, að þeir, sem hafa minnst atkvæðamagn bak við hvern þm., fái kosinn þm. í Reykjavík. Ekki bætir það úr skák um að jafna milli flokka, en þar er sama sagan, að það er gert ráð fyrir, að flokkaskipunin og flokkamagnið verði óbreytanlegt. M. ö. o., þessar till., sem hér liggja fyrir, eru yfirlýsing um, ef á að taka þær alvarlega, að sá flokkur, sem nú er í meiri hl. í tvímenningskjördæmunum öllum, geti ekki tapað, vegna þess að ef aðrir flokkar, sem nú hafa meira atkvæðamagn bak við hvern þm., fá meira en helming tvímenningskjördæmanna, þá jafnar það meira en ef hlutfallskosning er í þessum kjördæmum. Ef maður lítur á þau fyrirhuguðu nýju kjördæmi, Akranes, Siglufjörð og Norðfjörð, sér maður undir eins, að vel getur verið, að sá flokkur, sem minnst atkvæðamagn hefur á bak við hvern þm., fái kosna þm. þar.

Dettur þm. Alþfl. í hug, að þeir eigi um alla eilífð ákveðinn hóp kjósenda á vissum stöðum á landinu? Ég sé ekki neitt atriði í þessu frv. sem stuðlar að þeirri framtíðarlausn, sem hv. aðalflm. var að tala um. Allt frv. er miðað við núverandi flokkaskipun, eins og hún sé eilíf og óumbreytanleg.

Alþfl. hefur, sem sagt, gefið upp alla von um að vinna ný kjördæmi, en vill koma ár sinni þannig fyrir borð, að honum verði not að atkvæðum, sem greidd eru honum víðs vegar um landið, þó að ekkert kjördæmi vilji þá fyrir þm. En svo getur farið, að þótt ný kjördæmi séu stofnuð fyrir þá, að atkvæðin týnist og verði þeim ekki að tilætluðum notum. M. ö. o., frv. gengur allt út á það að segja við kjósendur: „Þó að þið viljið okkur ekki fyrir þm., skuluð þið samt hjálpa okkur til þess að koma mönnum á þing“.

Það má hlæja að þessu, en það er um leið grátlegt, að svona skuli farið með alvarlegasta mál þjóðarinnar, og það á þessum tímum.

Frv. er á allan hátt miðað við núverandi ástand, en ekki við framtíðina. Þeir flokkar, sem eru að tapa fylgi hjá þjóðinni, ætla að reyna að ráða eins miklu og þeim er unnt. — Auk þess þarf oft að breyta kjördæmaskipuninni, eins og hv. frsm. sagði, — og ef til vill vonast hann eftir að verða forsætisráðh. á ný, en engan mun samt langa til að hlíta hans forustu á nýjan leik. — Það er skoðun flestra hugsandi manna, að fyrsta ómyndin hafi komið inn í okkar kosningalög með uppbótarþingsætunum. Það var fyrsti veikleikinn í okkar stjórnskipun. En ef á að tala um réttlæti, og það er talið réttlæti, að allir flokkar hafa jafna atkvæðatölu á bak við hvern þm., þá næst það ekki nema með algerum hlutfallskosningum. Ef þetta er réttlæti, þá eiga allir kjósendur að hafa sama rétt. Það er heldur ekkert réttlæti, að flokkur þurfi að koma að manni í einhverju kjördæmi, til þess að hann fái rétt til uppbótarsæta. Það er t. d. nokkurn veginn fullvíst, að Bændafl. fær engan mann kosinn í kjördæmi við næstu kosningar, en hann gæti hins vegar fengið svo mörg atkvæði víðs vegar um landið, að nægði til þess að koma inn manni. — Hvaða réttlæti er það þá, að hann skuli engan rétt eiga til uppbótarsæta? — Nei, hann er þvert á móti beittur ranglæti, ef um það er að ræða. Hins vegar er það öllum ljóst, að ef um algera hlutfallskosningu er að ræða, þá fara atkv., sem á þann hátt safnast saman, ekki til gömlu flokkanna, heldur til nýrra.

Nú er mikil ólga hjá þjóðinni, eins og alltaf er á erfiðum tímum, þegar gera þarf miklar ráðstafanir. Mér kæmi ekki á óvart, þó að út úr kosningunum í sumar kæmu helmingi fleiri flokkar en nú eru, ef þessi aðferð er höfð á kosningunum. Ótal smáflokkar yrðu stofnaðir. Svona var það í Þýzkalandi á síðustu stundum lýðræðisins þar. Þar voru um 50 flokkar. Á Spáni voru þeir um 30. — Enda er það mjög auðvelt í eins litlu þjóðfélagi og hér að safna saman svo miklum atkvæðafjölda, að nægi til þess að stofna flokk. Ein stór fjölskylda, sem hefur sterka aðstöðu, getur nægt. Ef 2—3 hreppar í tvímenningskjördæmi taka sig saman, dugir það til þess að koma að manni og stofna flokk. En ótal margir flokkar leiða af sér upplausn í þjóðfélaginu og beina einræðinu brautina. Ég vil benda þeim hv. veiðimönnum á, sem flytja þetta frv., að það er öldungis óvíst, að þeir hreppi

atkvæði í þau net, sem þeir hyggjast nú að leggja. Þau geta alveg eins farið til nýrra flokka. En þessu fylgir augljós upplausn þingræðis og frelsis í landinu. Nei, það er alveg víst, að fyrir flm. þessa frv. vakir ekki það að bæta úr misrétti kjósendanna, heldur það, að þeir miða við þróun Alþfl. síðan 1933, og Sjálfstfl. líka, og þeir sjá, að betur þarf nú að smala, og nú segja þeir bara við kjósendur: „Þið skuluð kjósa okkur, þó að þið viljið ekkert af okkur vita.“ Það er þessi þróun niður á við, sem vakir fyrir flm. þessa frv., en ekki nein réttlætishugsjón. — Það er sérhyggjan og singirnin á hæsta stigi, sem fyrir þeim vakir. — En því er ekki talað um jafnrétti á fleiri sviðum en þessu? Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefur t. d. rétt til allra skóla hér í Rvík handa sínum börnum, langt fram yfir okkur, sem úti í dreifbýlinu búum og getum ekki notið þessara skóla nema þá að leggja í ærinn kostnað. Þeir, sem í bæjum búa, hafa yfirleitt miklu betri skilyrði til þess að lifa menningarlífi heldur en þeir, sem búa úti um sveitir landsins. — Er það ekki óréttlæti? Hvers eiga þeir að gjalda, sem búa í sveitunum? Nei, ég skal segja ykkur það, hv. flm., að það tekur enginn mark á því, sem kallað er réttlæti, þegar grætt á því, en annars gleymt. — Þegar svo fyrir þetta frv. er beitt sama manni og þeim, sem 1933 taldi lífsspursmál að hafa ekki nema 6 þm. í Rvík, en er nú óspar á að fjölga þeim. Heldur hann, að nokkur taki mark á þeim orðum hans, að hér sé um réttlætismál að ræða? Nei, þetta er vesalt verzlunarmál, flutt einungis í því skyni að verzla með rétt og réttindi fólksins. Hvernig stendur annars á því, ef réttindi sveitafólks eru mun meiri en þeirra, er í bæjunum búa, að fólkið leitar unnvörpum til bæjanna?

Þessi straumur úr sveitunum er eitt mesta áhyggjuefni þjóðarinnar, og vitað mál er það, að er þessu óvenjulega ástandi lýkur, sem nú er, fara þúsundir manna á vonarvöl í bæjunum. Það er líka öllum ljóst, að þing og stjórn verða að róa að því öllum árum að styðja og efla landbúnaðinn, ef framtíð þjóðarinnar á ekki að vera stefnt í beinan voða.

Þetta frv. er fyrsta kveðjan, sem sveitafólkið fær. Það á að afhenda þau réttindi, sem það hefur haft. Á hinn bóginn óttast ég ekkert að leggja þetta mál undir dóm kjósendanna í landinu Ég get ekki hugsað mér að hafa betra skjól upp á vasann út í kosningabaráttuna en þetta frv.

En það kostar geysilega baráttu í þjóðfélaginu, sundrung og klofningu, en um það skeytir Alþfl. lítið, sem hefur nú dregið út sinn ráðh. og varpað af sér allri yfirskinsábyrgðartilfinningu. En ég er sannfærður um það, að svar þjóðarinnar verður á einn veg, og trúað gæti ég því, að þeir, sem nú flytja þetta frv. í því skyni að sjá fylkingar sínar vaxa, sæju þær hverfa, og er það ekki annað en við má búast, er menn þjóða þjóðinni naglasúpu í stað réttlætis.

*__Jón Pálmason__: Ég geri ráð fyrir því, að fáum hafi dottið í hug, þegar stjskrbreyt. var afgr. 1933, að sú lausn, sem þá fékkst, yrði látin standa lengi. Af þeirri reynslu, sem síðan hefur fengizt, verð ég að segja það, að mig furðar á þeirri þolinmæði, sem sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn hafa sýnt í þessu máli, og að þeir skuli ekki fyrr hafa borið fram frv., er gengi í þá átt að auka jafnrétti kjósendanna. Ég vil svo lýsa ánægju minni á þeirri stefnubreyt., sem orðið hefur hjá Alþfl., frá því sem áður var, og tel ég það góðs vita. Aðalatriði frv. er fyrir mér ákvæðin um hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, og eins og tekið er fram í grg. og í framsögu, nægir sú breyting ein næstum því til að jafna atkvæðatölu flokkanna. — Ég held, að þessi umsögn grg. hafi við rök að styðjast. — Hins vegar er það hrein fjarstæða að halda því fram, eins og hér hefur verið gert, að hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum ýri vald sveitanna, og það er líka hreinasti misskilningur, að baráttan í þessu máli standi um vald bæja annars vegar og sveita hins vegar. Og óneitanlega skýtur skökku við allt tal þeirra framsóknarmanna hér um ranglæti hlutfallskosninganna, að þeir sjálfir hafa komið á hlutfallskosningu á fulltrúum til búnaðarþings. — Eins og úrslit síðustu kosninga sýna, þá getur það farið svo, að þeir fái minnstan réttinn, sem eru í minni hluta úti í sveitakjördæmunum. En þessi lög eru sett til þess að koma í veg fyrir það misrétti, af því að eins og útkoman varð í síðustu kosningum, eins og hún getur orðið aftur, hvort sem þær fara á sama veg eða annan, þá er augljós, að þeir menn í landinu, sem eru í minni hluta í dreifbýlinu úti um sveitakjördæmin, hafa minnstan rétt. Og það kom í ljós eftir síðustu kosningar, að þeir, sem fylgdu Sjálfstfl. í dreifbýlinu, höfðu miklu minni rétt en hinir, sem í kaupstöðum búa. Þess vegna er víst, að þessi breyt., að koma á hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum, yrði til þess að tryggja jafnari rétt flokksins í dreifbýlinu heldur en nú er. En hún yrði ekki til þess að rýra á nokkurn hátt þau réttindi, sem sveitirnar hafa í hlutfalli við kaupstaðina. Ég vil taka það fram, að mér þykir undarlegt, að framsóknarmenn, sem eru búnir að berjast fyrir því að fá komið á hlutfallskosningu til búnaðarþings, skuli telja það rangindi, að farið er fram á, að sömu reglu sé fylgt í nokkrum kjördæmum, þegar um alþingiskosningar er að ræða. Þar eru þessir menn búnir að koma sjálfum sér og sínum málstað í þá snöru, sem ég hygg, að þeir eigi erfitt með að komast úr.

Ég skal svo minnast á önnur atriði þessa frv., og verð ég þá að segja, að þar tel ég meiri vafa á ferðum. Ég álít, að eins og nú standa sakir, sé engin þörf á að fjölga þm. Ég tel, að í raun og veru sé ekki verjandi að taka upp sum þeirra nýju kjördæma, sem lagt er til í þessu frv., og á ég þar við Akranes og Norðfjörð.

Um síðustu kosningar voru í Borgarfjarðarsýslu, að meðtöldu Akranesi, 1751 maður á kjörskrá, en í Gullbringu- og Kjósarsýslu voru 2800 menn á kjörskrá. Af þessu er augljóst, að ef Borgarfjarðarsýsla, sem er miklu minna kjördæmi, ætti að fá 2 þm., þá er það aðeins til að auka misræmið, sem ekki kemur til mála að fallast á. Hvað Suður-Múlasýslu viðvíkur, en hún hefur um 200 fleiri á kjörskrá heldur en Gullbringu- og Kjósarsýsla, vil ég segja það, að ef bæta ætti þar við 3. þm., þá er það til að auka

ranglætið, en ekki minnka. Um Siglufjörð vil ég aftur á móti segja, að þar stendur öðruvísi á, af því að það kjördæmi er með allra fjölmennustu kjördæmum á landinu. En eins og nú standa sakir, þarf það ekki að kvarta, af því að nú eru 5 menn á þingi af þeim, sem í framboði voru í Eyjafjarðarsýslu síðast. Viðvíkjandi Rvík er það að segja, að ég álít, að það mundi ekki raska útkomunni að neinu leyti, þótt þm. í Reykjavík yrði fjölgað upp í 9 og ákveðið yrði, að uppbótarsætum fækkaði um 3 og ekkert uppbótarsæti í Reykjavík kæmi til greina. Varðandi það atriði, sem er 3. meginatriðið, að breyta aðferðinni við úthlutun uppbótarsæta þannig, að þar ráði listi í stað þess, að frambjóðendur komi inn eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, vil ég segja það, að ég tel, að sú breyt. sé ekki til bóta. Og það er vegna þess, að það er mjög undir hælinn lagt, hvernig þeirri röðun á listana er hagað, og eins hins, að það er á valdi flokksstjórnanna í hverjum flokki, hverjir koma þar til greina. En samkv. því fyrirkomulagi, sem nú er, fer þetta að nokkru leyti eftir fylgi og eftir því, hvernig kosning fór, hvaða menn koma inn sem uppbótarmenn fyrir hvern flokk. Að þessu athuguðu finnst mér, að ekki beri svo mikið á milli þeirrar skoðunar, sem ég er á í þessu máli, að þess vegna ættu að vera sérstök vandkvæði á, að um það gæti orðið samkomulag, ef sterk viðleitni í þá átt, að fá þetta frv. afgreitt á þessu þingi, væri á annað borð fyrir hendi.

Að öðru leyti vil ég segja það, að mér finnst að þau rök, sem fram hafa komið gegn því, að breyta skuli stjskr., að því er þetta snertir nú, séu frekar veigalítil. En þau ganga aðallega út á það, að það sé slíkt ástand núna, að ekki sé ástæða til að fara að rífast um slíkt mál sem þetta. Í því sambandi hlýt ég að víkja að nokkrum atriðum, sem fram hafa komið frá hæstv. forsrh., af því að það er hann, sem hefur verið aðalforsvarsmaður þessa máls. Hann hrærði saman við þetta í ræðu sinni umræðum um kosningafrestunina s. l. vor, kosningarnar næstu og bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík, og auk þess komst hann inn á að tala um það, hvort byggja ætti upp þjóðfélag okkar á einstaklingsframtaki eða ríkisrekstri. Ég skal nú ekki fara mikið út í að ræða þessi mál, en ég hef sérstaka ástæðu til þess að fara fáeinum orðum um sum þessara atriða, og þó fyrst og fremst kosningafrestunina s. l. vor. Ég tel, að það hafi verið einhver óheppilegasta og ógæfulegasta ráðstöfun, sem framkvæmd hefur verið á síðari tímum, og reynslan hefur orðið nokkur og mun verða meiri. Og hver er það, sem ber ábyrgðina á þessari kosningafrestun? Það má segja, að þau séu þeir 38 þm., sem að lokum greiddu atkv. með þeirri till. Ég var nú þeirrar skoðunar, að stj. hefði ekki heimild til að leggja slíkt mál fyrir Alþ. En ábyrgðina ber fyrst og fremst hæstv. forsrh., af því að undir hann heyra okkar stjórnskipunarl. og kosningal. Það er því frá mínu sjónarmiði embættisskylda hans að koma í veg fyrir, að slík ráðstöfun sé gerð, en í stað þess beitti hann sér fyrir henni. Ég álít, að til hennar sé að rekja flest þau slys, sem gerzt hafa á stjórnskipun okkar. Og það síðasta, sem gerzt hefur, er, að hæstv. ráðh. auglýsir það í útvarpi, að miðstj. flokks hans hafi samþ. það einróma, að nú skuli kosningar fara fram í vor. Ég geri ráð fyrir, að ekki þurfi um það að efast, þar sem um er að ræða annan stærsta flokkinn á Alþ., sem hefur samþ. það. En eins og hv. þm. V.-Sk. veik að, þá er það nokkurn veginn augljóst mál, að til þess að úr því geti orðið, þarf að afnema þá samþykkt, sem Alþ. gerði í vor. Og mér er það ljóst, að eina brúin, sem var í þessu máli, hékk á þeim þræði, að það væri svo mikil árásarhætta, að ekki þætti þess vegna fært að láta þær fara fram. En nú hefur þessi hætta ekki minnkað, heldur þvert á móti aukizt. Samþykkt Framsfl. er því í svipuðum stíl og Egilsstaðasamþykktin forna, þegar það var samþ. á fundi framsóknarmanna, að skuldir ríkisins hefðu ekki aukizt, þegar þær höfðu hækkað um 10 til 20 millj. króna.

Út af því, að hæstv. ráðh. var hér að draga afstöðu sína til bæjarstjórnarkosninganna í Rvík inn í þessar umræður, þykir mér rétt að víkja ofurlitið að framkomu hans að vissu leyti.

Þegar hæstv. ráðh. tók við forustu í þeirri ríkisstj., sem nú situr, var honum til þess treyst að gera sem minnst af því að auka á flokkadrætti í landinu. Það var því meiri skylda, sem lögð var á herðar hans, en nokkurs annars. Þá skyldu rækti fyrirrennari hans, hv. þm. V.-Ísf., þannig, að hann sneiddi mjög hjá flokkadeilum. Og ef til vill er það fyrir það, að hann hefur lent í því að verða utanflokka og síðan gengið í annan flokk, sem að sjálfsögðu má deila um, hvort orðið hefur honum til sóma eða ekki. En hæstv. forsrh. hefur rækt þessa skyldu þannig, að hann hefur ferðazt út um landið beinlínis til þess að vinna gegn samstarfsmönnum sínum og fyrrverandi stuðningsmönnum. Og hann hefur hvað eftir annað haldið áróðursræður, þar sem enginn var til andsvara. Hann hefur blátt áfram beitt sér á oddinn til þess að viðhalda flokkadráttum. Til dæmis um það er, að hann birtir ávarp í útvarpi til þjóðarinnar, sem er eitt af því furðulegasta, sem ég hef séð. Þetta ávarp var ekki nein deila á þá menn í þinginu, sem taldir eru stjórnarandstæðingar. Nei, það var allt ádeila á þá, sem kallaðir voru samstarfsmenn. Hvað hefur svo hæstv. ráðh upp úr því að setja sjálfan sig á oddinn í þessum kosningum? Hann hafði það upp úr því, að þeir, sem stóðu á lista hans flokks, fengu rúmlega 5% traust hjá kjósendum í bænum og tæplega 95% vantraust. Ég held, að það hefði verið betra af honum að láta það vera að setja sjálfan sig á oddinn í þessari kosningabaráttu. En með þessu vildi ég gefa honum kost á að ausa meiri hrósyrðum yfir sjálfan sig en hann gerði í ræðu sinni hér um daginn.

Að síðustu vil ég taka fram, þegar verið er að tala um það sem óhæfu að breyta kosningafyrirkomulaginu í landinu, eins og nú standa sakir, að það er þá ekki síður furðulegt, að nú skuli framsóknarmenn hafa á orði, að kosningar verði látnar fara fram í vor, þvert ofan í þeirra fyrri samþykktir. Ég sé ekkert undarlegt við það, þó að umræður fari fram um þá breyt. á stjskr. eins og önnur mál. Þess vegna er það, að ef kosningar eiga að fara fram í vor, þá hlýtur þetta mál að fylgja með í þeim bardaga. Og ég

held, að það sé misskilningur, að það verði til að rýra traust okkar, hvort ákveðið verður í stjskr. okkar, að kosning í 6 kjördæmum skuli vera hlutbundin eða óhlutbundin. En ég tel æskilegast, að engin önnur breyting verði gerð.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál. Ég held, að það, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, snerti ekki mikið mína skoðun. Hann beindi sínum orðum aðallega að Alþfl. í sambandi við þetta mál, og ég ætla ekki að skipta mér af deilum á milli þeirra gömlu félaga.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Það er ædilangt um liðið, síðan ég kvaddi mér hljóðs, og má því vel vera, að ég hafi gleymt einhverju, sem ég vildi segja. Þess vegna mun ég aðallega eða eingöngu minnast á þær aths., sem tveir hæstv. ráðh. gerðu hér við mína síðustu ræðu.

Hæstv. fjmrh. taldi, að það hefði verið órétt-mætt af mér að vita ríkisstj. fyrir það að hafa ekki haft forgöngu um að koma hér á nýjum stjórnskipunarl., sem væru í samræmi við þá stjórnskipun, er við hefðum orðið upp að taka. Hæstv. ráðh. taldi þessa aðfinnslu mína órétt-mæta af því, að Alþ. sjálft hefði samþ., að ekki skyldu samþ. ný stjórnskipunarl. fyrr en að stríðinu loknu. Enda þótt hæstv. ráðh. sé ekki við, hlýt ég að leiðrétta þennan misskilning, af því að það er mjög bagalegt, að það skuli ríkja misskilningur hjá ríkisstj. sjálfri um það, hvað Alþ. hefur lagt henni á herðar að gera. Það er þó fyrsta skilyrðið, að hún viti sjálf, hvað fyrir hana hefur verið lagt. Ég hef hér fyrir mér þál. frá 17. maí 1941 og vil með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp: „Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það telur Ísland hafa öðlazt rétt til fullra sambandsslita við Danmörku, þar sem Ísland hefur þegar orðið að taka í sínar hendur með-ferð allra sinna mála, enda hefur Danmörk ekki getað farið með þau mál, sem hún tók að sér að fara með í umboði Íslands með sambands-samningi Íslands og Danmerkur frá 1918; að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða endurnýj-un á sambandslagasáttmálanum við Danmörku, þótt ekki þyki að svo stöddu tímabært vegna ríkjandi ástands að ganga frá formlegum sam-bandsslitum og endanlegri stjórnskipun ríkis-ins, enda verði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka.“ Ég held nú, að það sé alveg ó-véfengjanlegt, að því séu engin takmörk sett, hve fljótt megi breyta stjórnarskipunarl., önnur en þau, að það megi ekki dragast lengur en til stríðsloka. Það má m. ö. o. gera þessa breyt., hvenær sem er. En fyrir þessari ályktun Alþ. er færð sú ástæða, sem ég las hérna upp, „vegna ríkjandi ástands“. Og hvert var það ástand? Það var það, sem oft hefur verið vitnað hér til og hefur verið notað sem grýla, að Englend-ingar hafi hernumið landið. Þetta er veik ástæða. Og það ástand er ekki lengur fyrir hendi. Það er vitað, að við höfum falið af frjálsum vilja öðru stórveldi hervernd landsins og að það hafi ekki verið af nauð gert, a. m. k. er formið alveg frjálst. Um leið hefur England gengið inn á að létta hernámi sínu af landinu. Ég verð þess vegna að halda því fram, að ríkisstj. hafi, þrátt fyrir þessa till., getað borið fram frv. um nýja stjórnskipun landsins. Það er ekkert í þessari samþykkt, sem bannar það né heldur torveldar á nokkurn hátt. Ef þetta þykir ekki hér full sannað, hvað orðin „ríkjandi ástand“ muni þýða, þá má kannske fá nokkra leiðbeiningu um það í annarri ályktun, sem gerð var um sama leyti, um frestun almennra alþingiskosninga. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Vegna þess að Ísland hefur verið hernumið af öðrum aðila styrjaldarinnar og lýst á hernaðarsvæði af hin-um og vegna þess ástands, sem af þeim sökum hefur þannig skapazt í landinu, og fullkominnar óvissu um það, sem í vændum kann að vera, tel-ur Alþingi, að almennar kosningar geti ekki að svo komnu farið fram með eðlilegum hætti eða í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar og anda lýðræðisins. Alþingi ákveður því, að al-mennum kosningum til Alþingis skuli frestað fyrst um sinn, þar til ástæður breytast þannig, að fært þyki að láta kosningar fara fram, þó ekki lengur en 4 ár, og framlengist núverandi kjörtímabil í samræmi við það.“ Með þessu orði „ástand“, er einmitt átt við það, sem þarna er sagt, að við séum hernumið land og ekki frjáls gerða okkar, og við munum ekki geta á lýðræðis-legan hátt látið fara fram alþingiskosningar. En nú vita menn, að það er alls ekki lengur fyrir hendi.

Ég skal láta þetta nægja sem svar til hæstv. fjmrh., og það er síður en svo, að ég finni á-stæðu til að draga úr þeim aðfinnslum, sem ég kom með til ríkisstj. Ég vil endurtaka það og undirstrika, að hún á að hafa forustu í okkar mikilverðustu málum, og stjórnskipun landsins er áreiðanlega mikilvægasta málið, sem fyrir hendi er.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að við gætum ekki ákveðið stjórnskipunarl. landsins, eða að það væri a. m. k. litt hugsanlegt, eins og sakir standa. Og hann viðhafði jafnvel þau orð, að hann skildi ekki, að nokkur gæti látið sér detta í hug að ganga frá stjórnskipunarl., meðan a styrjöldinni stæði, á meðan þessi heljarátök færu fram á milli einræðis og lýðræðis, og hann bætti við, að það væri ekkert líklegra en að þessum átökum héldi áfram. Þegar átökunum lyki milli Möndulveldanna annars vegar og lýð-ræðisríkjanna hins vegar, og ef þeim lyki á þann hátt, að lýðræðisríkin sigruðu, þá væri ekkert ó-líklegt, að þessi átök hæfust aftur milli Rúss-lands og Englands. Þótt hæstv. ráðh. hafi ekki beinlínis sagt þetta, þá virtist mér ekki mega á-lykta annað af því, sem hann sagði. Það er ekki hægt fyrir okkur að hafa aðra stjórnskipun en stjórnskipunarl. eru um. Við verðum að hafa stjórnskipunarl. í samræmi við þá stjórnskipun, sem er í framkvæmd. Og ég er sannfærður um það, að þetta, sem alltaf er verið að hræða okk-ur á um þetta „ástand“, það gerir það að verk-um, að við getum ekki hagað okkur á lýðræðis-legan hátt og að kosningar geta ekki farið fram í samræmi við tilgang stjskr. og í anda lýðræðis-ins. En hvað yrðum við að bíða lengi eftir eðli-legu lífi, ef við ættum alltaf að draga upp slíkar grýlur. Ég held, að engum manni, sem um það hugsar samvizkusamlega og í alvöru, geti dottið í hug, að Bandaríkin mundu fara að hlutast til um það, hvernig við mundum haga kosningum.

Það var tekið fram af hæstv. fjmrh., að ef

stj. hefði borið fram stjskrfrv., þá hefði í því falizt það, að kosningar hefðu orðið að fara fram. En ef stj. hefur litið svo á, að hún gæti ekki látið kosningar fara fram, nema sérstök ályktun kæmi fram um það, sem ég efast um, þá gat hún borið fram frv. til stjórnarl., því að í því fólst till. frá hennar hendi um, að kosningar skyldu fara fram. Mér skilst, að það sé ekki aðeins tilgangur, heldur og ákvörðun stj., að kosningar fari fram næsta sumar, því að um það liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. forsrh., svo að um það þarf ekki að efast.

Þó að hæstv. forsrh. talaði á móti þessu frv., sem hér liggur fyrir frá Alþfl., þá gerði hann það mjög hóflega, þegar þess er gætt, að frv., ef að l. yrði, mundi nokkuð skerða þau sérréttindi, sem flokkur hans hefur, og það er mannlegur breyzkleiki að vilja halda því, sem menn hafa höndum á komið, þó að það sé rangur fengur, og get ég því ekki ámælt Framsfl., þó að hann vilji halda í þennan rangfengna feng, að hafa miklu fleiri þingsæti en kjósendafylgi hans réttlætir. En hann segir í því sambandi, að það mundi vekja svo mikla athygli, ef við færum að samþ. breyt. á stjórnarl., sem héti „Breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.“ Þarna kemur það enn þá fram, að þessi hæstv. ráðh. heldur, að við séum þeir ógurlegir stórlaxar, að allur heimurinn standi á öndinni yfir því, hvort við breytum kosningafyrirkomulaginu í sex tvímenningskjördæmum. Hann heldur, að stríðið muni taka ákveðnar sveiflur eftir þessa óskaplegu atburði. Nei, það er fjarri öllu viti, að stórveldin séu að veita þessu nokkra athygli. En mundi því ekki vera veitt athygli, að við búum við stjskr. konungsríkis, sem á alls ekki við stjórnarskipun okkar nú? Mundi það ekki þykja undarlegt frá sjónarmiði stórveldanna, ef þau veittu þessu nokkra athygli?

Ég ætla ekki að blanda mér að neinu verulegu leyti inn í þann ágreining, sem komið hefur fram út af frestun alþingiskosninganna. Ég greiddi atkv. með frestuninni, en gerði það að sönnu mjög nauðugur. Ég gerði það ekki fyrir neinn mann, heldur fyrir það, að mér sýndust allar líkur benda til þess, að á þeim tíma, sem kosningar hefðu átt að fara fram, yrði barizt hér af fjandsamlegum herjum. Á því varð breyt., sem menn þá óraði ekki fyrir, að hernáminu var aflétt með samningi um, að við kæmumst undir hervernd annars stórveldis, sem stóð þá fyrir utan styrjöldina. Ef ég hefði vitað slíkt, hefði ég aldrei samþ. að fresta kosningunum.

Ég álít því sjálfsagt, að alþingiskosningar fari fram í vor. Það verður að skeika að sköpuðu, hvort hér hefjast þau hervirki, sem raska kosningunum. Ég held, að við verðum í okkar daglega lífi og áætlunum um framtíðina að fara eftir því, sem nauðsyn okkar krefur, en ekki eftir hræðslu við eitthvað, sem ekki er fram komið, eða það, sem ímyndunarafl okkar getur talið okkur trú um, að fram muni koma. Ég held, að það sé bezt að halda sig við jörðina og láta skeika að sköpuðu, hvort þau utanaðkomandi öfl raski áformum okkar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Það er tiltölulega fátt, sem ég þarf að svara, en mér þykir þó rétt að minnast örfáum orðum á nokkur atriði, sem fram hafa komið.

Hv. 5. þm. Reykv. hefur fundið að því, að ég skuli hafa lýst yfir, að kosningar færu fram í sumar. Ég hef sem forsrh. lýst yfir, að svo kunni að vera, en það hefur lítið verið um það rætt í stj. og engin samþ. verið gerð um það, en ég hef lýst þessu yfir, þar sem ég talaði um málið af hálfu míns flokks, því að eins og málum er nú komið, verður naumast hjá því komizt, að kosningar fari fram. Get ég komið nánar inn á það atriði í sambandi við ræðu hv. þm. A.-Húnv. Hann talaði um, að þessir 38 þm. bæru ábyrgð á kosningafrestuninni og ég bæri mesta ábyrgð á henni vegna þess, hvaða stöðu ég gegndi, þar sem ég ætti að sjá um kosningarnar. Ég mun fúslega taka á mig þá ábyrgð, sem því var samfara að fresta kosningunum. Ég þori hiklaust að fullyrða, að þegar um það verður dæmt, bæði nú og sérstaklega síðar, þá verður ábyrgðin vel bærileg fyrir þá, sem fresta vildu kosningunum vegna alþjóðarnauðsynjar. Það var tvímælalaust, að það átti að fresta kosningunum síðasta vor, og það átti líka að fresta bæjarstjórnarkosningunum nú, þangað til séð er fram úr því mikla myrkri, sem nú grúfir yfir þessu landi. En skömmin, sem yfir þessu hvílir, er af því, að við vorum ekki menn til að halda okkur við það, sem við höfðum ætlað okkur að framkvæma í þessu máli. Ég get gjarnan tekið á mig, að ég eigi engu síður en aðrir, og kannske meira en aðrir, sök á því, að ekki var gengið skriflega frá þessum samningum, nægilega og greinilega, eins og það var orðað í samtölum, að ef þm. félli frá, þá fengi hans flokkur að bjóða fram mótsóknarlaust. Ég ætla ekki að fara inn á, hvernig það fór. Það hefur verið nægilega mikið rætt. En það mun sýna sig, að vansæmdin er sú, að við vorum ekki færir um að standa við þá samninga, sem við gerðum og ætluðum að framkvæma. Það, að ég álít, að kosningar eigi að fara fram nú, er vegna þess, að það er nægilega mikið af þeirri tegund manna í landinu, sem er eins og hv. þm. A.-Húnv., sem af einskærri „spekúlation“, þegar þjóðinni ríður mest á, neitar að greiða atkv., sem aðrir þm. skorast ekki undan að gera. Það er vegna þessarar tegundar manna, að kosningar verða nú að fara fram, þó að þær ættu ekki að gera það. Við getum komið í einu og öðru fram með hóp manna, sem við álítum nauðsynlegt, en ef við rekum okkur á, að ómögulegt er að framkvæma það með þessum hóp, þá er ekki um annað að gera en að hætta við framkvæmdina, hversu nauðsynleg sem hún kann að vera, og með þeim hóp manna, sem nú situr á Alþ., er þetta ekki framkvæmanlegt, hversu nauðsynlegt sem það er. (**HG**: Það veitir ekki af að skipta um). Já, það er áreiðanlegt, að ekki veitir af að skipta um þá suma. Þegar byrjað er af þm. flokkanna á stöðugum undirróðri, í blöðum og meðal þjóðarinnar á fundum og í einkasamtölum, um, að stj. þori ekki að ganga út í kosningar, af því að hún sé hrædd um að tapa, þá er ekki hægt að fresta kosningum, vegna þess að af því stafar meiri ófriður og hætta en af því að fara út í kosningar. Ég vil segja það í sambandi við þau ummæli, sem féllu hér hjá hv. þm. A.-Húnv. um framkomu mína sem ráðh.

gagnvart þeim flokki, sem ég hef unnið með, og gagnvart þeim flokki, sem ég vinn með, að ég mun ekki taka upp umr. hér á þingi um það mál, en ég býst við, að ef farið er gegnum áróðurinn við bæjarstjórnarkosningarnar, — en þetta sýnir aðeins, hvað menn geta verið einstaklega blindir í sjálfs síns sök, — þar sem minn áróður á að vera illvígastur, þá býst ég við, að menn kæmust að annarri niðurstöðu en hv. þm. A.-Húnv. Það er vitað mál, að fylgi Framsfl. varð ekki meira en raun varð á, vegna samstillts undirróðurs, svo að ég noti ekki einhver önnur orð, fyrir það, að hann hafi staðið of vel í istaðinu fyrir bændur um sölu afurða í þessum bæ. Og svo hefur hv. þm. A.-Húnv. brjóstheilindi til þess að vera hróðugur og kankvís yfir, að Framsfl. skuli hafa tapað, og þó er hann fulltrúi fyrir bændakjördæmi og þykist bera hag bænda fyrir brjósti. Það, sem ég gerði, var, að ég talaði einu sinni í útvarp og gaf út ávarp. Framsfl. kippir sér ekki upp við það, þó að hann tapi 300 akvæðum einu sinni síðan 1934, þar sem hann hefur unnið flestar eða allar kosningar, sem farið hafa fram síðan, nema þessar einu kosningar í Rvík, svo að hann getur séð af þessum atkv. í bráðina. Bæjarstjórnarkosningarnar úti um land sýndu okkur það, sem við getum verið ánægðir með, og við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur um, hvernig hlutirnir standa hjá okkur við kosningar þar. Og án þess að ég fari nánar út í það, þá ætti þessi hv. þm. og hans flokkur sízt að láta svona, þó að Framsfl. tapaði þessum 300 atkv. í Rvík, ef hann lítur yfir úrslit kosninganna *í sínum eigin flokki*.

Alveg sama hugarfar kemur fram hjá þessum hv. þm., þegar hann er að tala um, að ég hafi farið að „setja mig á odd“, eins og hann orðaði það, fyrir minn flokk fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. *Honum þykir undarlegt, að Hermann* Jónasson skyldi fara að skrifa í blöð og tala í útvarp, þegar leit út fyrir, að flokkur hans mundi fara illa út úr kosningunum. Hann hefði átt að vera hinn hyggni maður að skrifa ekki og tala ekki. *En min vinnubrögð* hafa ekki verið þannig. En það er sama hneigðin hjá þessum hv. þm., að spara sitt eigið skinn, sem kom fram hjá honum í kosningafrestunarmálinu.

Ég ætla ekki að segja meira að svo stöddu við hann, en geri það ef til vill síðar. Hann er sá maður í þessari d. og á Alþ., sem ég af öllum þm., sem hér sitja, vildi sízt hafa sem stuðningsmann fyrir mig og stj. Þessi orð eru fullkomlega meint.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega efnishlið þessa frv., sem hér liggur fyrir, en ég vil þó benda á, áður en umr. fara lengra um þetta mál, og undirstrika það, sem hér hefur komið fram, að þetta frv. er eingöngu miðað við það ástand og þá afstöðu, sem flokkarnir hafa nú í þessu landi og í kjördæmunum. Á það má benda, hvernig færi, ef Framsfl. tapaði meiri hl. í tvímenningskjördæmunum og hefði aðeins fulltrúa í einmenningskjördæmunum og hefði fengið samtals 8—10 þm. kosna annars staðar en í þessum 6 tvímenningskjördæmum. Vilja hv. þm. líta á frv. og sjá, hvernig útkoman verður þá? Þá fær flokkurinn 6 þm. kjörna í þessum kjördæmum með ranglæti eftir þeim „réttlætisreglum“, sem þessir menn eru að prédika. Ef hann fengi 10 þm. kjörna og 10 þús. atkv. og ætti ekki að fá meira, þá fær hann samt 6 þm. að auki. Og svo er annað, sem ætti að sannfæra menn um, að það er ómögulegt að innleiða hlutfallskosningar nema hafa þær alls staðar, að ef stofnaður væri sérstakur flokkur, segjum að hann væri látinn heita Sameiningarflokkur sjálfstæðra bænda, og hann væri í þessum tvímenningskjördæmum, hvernig halda menn, að niðurstaðan yrði þá? Hann fengi þessa þm., og jafnaðarmenn fengju sömu samkeppnina við sjálfstæðismenn eftir sem áður. Ég vil benda sjálfstæðismönnum á, hvað það er, sem þeim er boðið upp á. Þeim er boðið upp á, að stofnaður verði þannig sérstakur flokkur. Hann fær 6 þm. með örfáum atkv., og svo situr Sjálfstfl. með atkvæðamagnið og keppir við Alþfl. um uppbótarsætin eftir sem áður.

En aðalatriðið í þessu máli er þó það, að með þessu hlutfallskosningafyrirkomulagi er verið að innleiða þá reglu í stjórnarskipun okkar, sem er dauði hennar, og við vitum, að sú byrjun, sem hér var á því gerð með uppbótarþm., hefur stórkostlega skemmt vinnubrögðin hér á þingi, og það hefur sannarlega verið athugað í löndunum, hvað þessi hlutfallskosning felur í sér og færir með sér. Það er eins og haft var eftir einum *stjórnmálamanni um hlutfallskosningarnar* í seinni tíð, að sem betur fer, sé krabbameinið ekki 100% visst með að drepa menn, en hlutfallskosningafyrirkomulagið í lýðræðislöndum sé svo að segja 100% visst með að drepa hvert lýðræði. *Sannleikurinn* er sá, að það eru hlutfallskosningarnar, sem hafa innleitt ógrynni smáflokka í löndunum og á þingunum og hafa drepið lýðræðið í löndunum. Það er þetta, sem er verið að stefna að hér.

Það, sem á að gera í þessu máli, — og ég lýsi yfir því, að ég tala þar ekki af hálfu míns flokks, og lýsi ekki yfir því á þessu stigi fyrir hans hönd, — er, að í þessu landi á að hafa færri þm., en hafa allt einmenningskjördæmi. Það er það, sem við eigum að taka upp í okkar stjórnarskipun. Í Englandi og Bandaríkjunum eru minnihlutafl. ekki eins sterkt „representeraðir“ eins og með hlutfallskosningum, en þó alltaf nægilega til þess, að þeir geti séð fyrir og varið sinn málstað með málflutningi svo sterkt, að það borgar sig ekki fyrir meirihlutaflokk að sýna minnihlutaflokki órétt, því að það leiddi til þess, að meiri hluti tapaði sínu meirihlutavaldi. Þetta er það fullkomna „kontrol“, sem er haldið uppi af lýðræðinu í Englandi og Bandaríkjunum. Þar, sem hlutfallskosningar hafa verið teknar upp, í Þýzkalandi, í Frakklandi og víðar, hefur alls staðar farið á sömu leið. Þingin voru óstarfhæf. Einræðisflokkar hafa komizt inn í þingsalina, sungið sína söngva, meðan þm. töluðu, sett allt á ringulreið og tekizt að lokum með skrumauglýsingum og yfirboðum að ná völdum í löndunum.

Ef við ætlum að vernda okkar stjórnskipun, þá er þetta frv. áreiðanlega ekki líklegt til þess, auk þess sem það er þannig úr garði gert, að ég álít, að það komi alls ekki til mála, að Alþ. samþ. það, vegna þess að það getur aukið óréttinn, sem flm. frv. þykjast vera að berjast gegn. Stefnan í

þessu máli á að vera sú, að það á að afnema uppbótarsætin, en hafa einmenningskjördæmi í landinu. Á þeim grundvelli er hægt að tala um hlutföll milli bæja og sveita.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 24. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Hv. 5. þm. Reykv. svaraði einhverju því, sem ég sagði hér út af fyrri ræðu hans um þetta mál. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur, svo að ég heyrði ekki alla þessa ræðu hv. þm. í gær. En mér skildist, að hann teldi sig vera í sínum fulla rétti, þegar hann var að ásaka ríkisstj. fyrir að hafa ekki beitt sér fyrir allsherjar endurskoðun stjskr. á þessu þingi, þrátt fyrir samþykktir þær, sem gerðar voru á reglulegu Alþ. 1941. Ef hann hefði sannað þetta, að þessar ásakanir hefðu verið réttmætar, var ekkert við þessu að segja. En mér fannst bresta mjög mikið á, að hann sannaði nokkuð í þá átt, því að samþykktir þingsins 1941 standa enn í fullu gildi. Og þó að þessi hv. þm. segi nú, að þessar samþykktir — eins og hann sagði í gær — væru bara tóm vitleysa, þá er ekki eingöngu ríkisstj. um það að saka. Að vísu er rétt, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þessar samþ. voru gerðar. En hæstv. Alþ. féllst á till. ríkisstj. í þessu efni, og þar á meðal þessi hv. þm., svo að það er þá a. m. k. sameiginleg vitleysa ríkisstj. og hins háa Alþ., sem þarna hefur verið gerð, ef um vitleysu hefur verið að ræða. Hins vegar, ef á að fara inn á þá braut að víta ríkisstj. fyrir það, að hún telur ekki rétt, að fótumtroða samþykktir Alþ., þá er ég hræddur um, að komið sé út á nokkuð hála braut. Og það er a. m. k. dálítið harkalegt að heyra slíkar raddir úr hópi þm., staðhæfingar um, að ríkisstj. eigi að hafa að engu það, sem þingið samþ. Það má vel vera, að menn sjái, að það sé órökstutt sumt, sem þingið gerir. En eigi að síður er ríkisstj. skyldug til þess að brjóta ekki í bága við þær samþykktir, sem það gerir, og yfirleitt að fara eftir þeim, þangað til þingið breytir þeim.

Rökstuðningur hv. 5. þm. Reykv. á því, að þessi ákvörðun þingsins hefði verið tóm vitleysa, var líka nokkuð hæpinn. Hann sagði, að ályktun Alþ. um það að fresta kosningunum væri studd við það, að það væri gert vegna þess ástands, sem skapazt hefði í landinu, og að allt tal um slíkt ástand væri tóm vitleysa, og það byggði hann á því, að þar sem talað væri um „ástand“ í samþykktinni, þá byggðist það á því, að tveir hernaðaraðilar berðust í landinu. En til þess var nú ekki komið, að þeir berðust „í landinu“, þegar þessi ályktun var gerð. Það getur því ekki verið ástæðan fyrir því. Nei, ástæðan var þá miklu fremur óttinn við það, að það gæti komið til. En tal hv. þm. um, að breyt. hafi orðið á þessu, vegna þess að Bandaríkin tóku við, **það** er tóm vitleysa, því að ástandið breyttist ekkert við það. Því að þótt Bandaríkin tækju við hervernd landsins af Bretum her, þá er þar aðeins einn aðili, sem tekur við af öðrum, og sama hættan á, að ráðist verði á seinni aðilann eins og hinn, sem var hér fyrr. Það breytir því engu í þessu efni. Þó að svo ætti að heita um nokkurn tíma, að Bandaríkin væru hlutlaus, eftir að þau tóku að sér hervernd landsins, þá vita allir, að því fór fjarri, að hinn ófriðaraðilinn teldi þau hlutlaus á þeim tíma, þó að formlega væri ekki komið til neins ófriðar milli þeirra ríkja. Nei, það er náttúrlega alveg tvímælalaust, að samþykkt Alþ. um frestun almennra alþingiskosninga frá 1941 styðst nákvæmlega við sömu rök nú eins og þá. Og úr því að Alþ. hafði verið búið að gera þessa samþykkt, þá er það mín skoðun, að ríkisstj. hafi orðið að haga sér eftir því, þangað til Alþ. breytti þeirri samþykkt. Hitt er svo annað mál, að þetta háa Alþ., sem nú er komið saman, endurskoðar að sjálfsögðu sitt álit á þessu og hagar sér gagnvart þessari samþykkt eftir þeirri niðurstöðu, sem það kemst að um það, hvort full rök hafi verið fyrir frestuninni í upphafi. En fyrir ríkisstj. var a. m. k. ekki ástæða til að ganga út frá því sem alveg sjálfsögðum hlut, að afstaða Alþ. í þessum hlut væri orðin breytt frá því, sem hún var.

Að því er við kemur slíkri breyt. á stjórnskipunarl., sem hefur verið lögð fyrir þetta hæstv. Alþ. af hv. Alþfl. og segja mætti, að ástæða hefði getað verið til að bera fram á þessu þingi, þó að ekki væri ráðizt í að endurskoða stjórnskipunarl. öll frá rótum, þá er aðeins þess að gæta, að þess var náttúrlega alls ekki að vænta, að sú ríkisstj., sem nú situr, eins og hún er skipuð og verkum er skipt í ríkisstj., að hún bæri fram frv. í þá átt. Að sjálfsögðu veit þessi hv. þm. það, að það er hæstvirts forsrh. að bera fram frv. um breyt. á stjórnskipunarl. af hálfu ríkisstj., ef ríkisstj. á annað borð ber slíkt frv. fram. Og þar sem það er vitað nú og raunar var vitað áður, að sá hæstv. ráðh. er algerlega andvígur þeirri breyt. á stjskr., sem þetta frv. fer fram á, þá var þessa auðvitað ekki að vænta. Þetta er því sagt alveg út í hött, að þingið hafi haft lélega forustu í þessu máli, þar sem ríkisstj. sé, því að þar var engrar forustu að vænta í þessu máli, og það hlaut hv. þm. að vita fyrirfram. Hitt er annað mál, hvort einstakir meðlimir ríkisstj. flytji frv. um slíkt mál sem þetta aðeins sem þm. En það átti hv. 5. þm. Reykv. ekki við. Annars held ég, að þessi hv. þm. hafi nú talað um þetta forustuleysi í málinu af ríkisstj. hálfu aðallega í sambandi við hitt, að endurskoða stjskr. með tilliti til þeirrar breyttu afstöðu, sem Ísland hefur nú til síns fyrra sambandslands. En þá er bara aftur því til að svara, að hið háa Alþ. hafði ákveðið að slá því máli á frest fyrst um sinn vegna ákvörðunar Alþ. um það, alveg eins og það ákvað að fresta kosningunum, þó að það væri ekki að öllu leyti byggt á sömu rökum. Ályktun Alþ. um sjálfstæðismálið frá 17. júní 1941 var á þá leið, að Alþ. teldi, hvað þetta snerti, ekki tímabært að svo stöddu vegna ríkjandi ástands að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnskipun ríkisins, enda yrði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka

Þarna hefur síðasta Alþ. gefið undir fótinn um, að það ætlaðist til, að slík endurskoðun færi ekki fram fyrr en að stríðslokum. Þess vegna er þess ekki að vænta, að stj. beiti sér fyrir endurskoðun stjskr. á þessu þingi. Ég verð

því í rauninni að snúa orðum þessa hv. þm. nokkuð við, þar sem hann staðhæfir, að hann hafi rétt fyrir sér í ásökunum í garð stj. í þessu sambandi, og slá því föstu, að það, sem ég segi, sé laukrétt. En ásakanir hans í garð stj. í þessu sambandi eru allar út í hött, vegna þess hvaða afstöðu þingið hefur áður tekið í málinu. En bitt geri ég ráð fyrir, að þingið vilji ekki fallast á að athuguðu máli, að það eigi að vera undir mati stj. komið á hverjum tíma, eftir hverju hún eigi að fara af því, sem þingið ákveður, heldur sé það þingið sjálft. Það er nógu mikið talað um einræðistilhneigingar ríkisstjórna, og eins þessarar stj. á þessum tímum, þó að ekki sé beint verið að ala á því, að hún gangi lengra í þessu sambandi heldur en hún finnur ástæðu til að gera.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Það hefur verið rætt margt í sambandi við þetta frv. um stjórnarfarið, sem ætti að vera eftir stríðið, um sjálfstæðismálið og hvort rétt sé að leggja út í eins harðvítugar deilur og breyt. á kjördæmaskipuninni mundu valda. Ég ætla ekki í svipinn að taka þátt í þeim umr., en ræða fyrst og fremst höfuðatriðin í því máli, sem hér liggur fyrir.

Það er þá í fyrsta lagi það, sem ég álít, að sé höfuðatriðið, hvort eigi að koma á meira jafnrétti meðal kjósenda í landinu, stefna ákveðnar í þá átt að jafna kosningarréttinn. Þetta er það, sem fyrst og fremst liggur fyrir. Síðan má, ef menn eru sammála um að skapa meira jafnrétti, deila um, hvaða aðferð sé heppilegust. Það er ekki víst, að þessar nýju till. séu endilega þær heppilegustu, og má kannske finna betri aðferð. En það væri þá mál, sem hægt væri að athuga í þeirri n., sem skipuð verður í þetta mál, og rannsaka nánar í einstökum atriðum, hvaða breyt. á kjördæmaskipuninni væru beztar til þess að ná þessu takmarki.

Ég skal í þessu sambandi skjóta því inn, út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði í ræðu sinni, að ekki lægi síður á að skapa jafnrétti í ýmsum öðrum málum, að ég er honum þar alveg sammála. En þar við er það að athuga, að með kosningaréttinum fær almenningur aðaltækifærið til þess að skapa slíkt jafnrétti. Það hefur farið svo, að um sama leyti, sem sá flokkur bregzt, sem hann mun telja sig til, sem er vinstri armurinn í Framsfl., þá koma fram nýjar kröfur um meira jafnrétti. Síðast þegar kosið var til Alþ., var skapaður 30 þm. vinstri meiri hl., sem hafði möguleika til að framkvæma stefnuskrá, sem Framsfl. og Alþfl. sögðust berjast fyrir. Kjósendurnir höfðu krafizt, að hún væri framkvæmd. En það voru þessir flokkar, ekki sízt Framsfl., sem brugðust þar. Það er því síður en svo tilviljun, að einmitt þegar Framsfl. fer til hægri og tekur upp samvinnu við auðmennina, að kjördæmamálið er borið fram af hálfu verkalýðsins til þess að knýja fram fullan rétt, sem verkalýðurinn á til þm. á Alþ. Vinstri þm. í Framsfl. mega því ekki hvað sízt sjálfum sér um kenna, að kjördæmamálið skuli nú koma upp. Tækifærið til að skapa jafnrétti í þjóðfélaginu hefur verið fyrir hendi allan þennan tíma, ef Framsfl. hefði viljað vinna að því, en þegar hann vill það ekki, heldur vill gera togaraeigendurna skattfrjálsa og svo milljónamæringana, sem eru nú að ná tökum á þjóðinni, þá er nauðsynlegt fyrir lýðræðið, að farið sé fram á breytta og réttlátari kjördæmaskipun.

Viðvíkjandi kjördæmamálinu sjálfu er það ekkert spursmál, að breytt kjördæmaskipun, sem tryggir öllum kjósendum landsins sem jafnastan rétt, er eitthvert helzta lýðræðismálið, sem uppi er í þjóðfélaginu. Við vitum, að það er ekki nóg með það, að núverandi kjördæmaskipun tryggi þetta ekki til fulls, heldur er beinlínis hætta á, eins og kjördæmaskipuninni er nú fyrir komið, að hún verði notuð til þess að stíga stórt skref aftur á bak frá því, sem stigið var 1933. Það hefur komið fram frá formanni Framsfl. og nú frá hæstv. forsrh., að það væri þeirra álit og, ég býst við, mests hluta Framsfl., að ekki eigi að una við núverandi kjördæmaskipun, heldur eigi þvert á móti að koma á eintómum einmenningskjördæmum og að Reykjavík verði líka skipt niður í einmenningskjördæmi. Hvað þýðir þessi skipun? Hún þýðir það, að gengið er eins langt og framast þykir viðeigandi fyrir þá flokka, sem telja sig þingræðisflokka, að afnema lýðræðið í landinu, afnema rétt meiri hl. til þess að ráða málum þjóðarinnar. Með núverandi kjördæmaskipun er vel mögulegt, að ⅓ þjóðarinnar geti haft meiri hl. á Alþ. Það er vel mögulegt, að með samvinnu milli milljónamæringanna í Sjálfstfl. og Framsfl. mætti takast fyrir þá að hafa 26—27 þm. á Alþ., þó að þeir hefðu ekki nema ⅓ af kjósendum á bak við sig. Með þeirri stjórnarsamvinnu, sem nú er milli Sjálfstfl. og form. Framsfl. og, að því er virðist, mestalls flokksins, fer hættan sívaxandi á, að þess háttar samkomulag verði gert til þess, að stórt spor verði stigið aftur á bak í kjördæmaskipuninni á Íslandi. Þetta mundi þýða það, að hægt væri að skapa stj., sem styddist við algert meirihlutavald á þingi, en hefði algerðan minni hl. þjóðarinnar á bak við sig, og gerði þannig Alþ. að skrípamynd af lýðræði og þingræði. Þessi hætta vofir yfir, meðan núverandi kjördæmaskipun helzt, sem getur gefið báðum þessum flokkspörtum nægilega mikið vald til þess að breyta kjördæmaskipuninni þannig. Form. Framsfl. gat þess í grein, sem hann skrifaði ekki alls fyrir löngu, að það, sem lægi fyrir að gera eftir stríð, væri að breyta öllum kjördæmum og einkanlega að skipta Reykjavík í einmenningskjördæmi. Væri fróðlegt að heyra undirtektir sem flestra undir þessa till. Staðfesti þeir hana, veit þjóðin, á hverju hún á von, þegar þessir flokkar vilja fara að endurskoða stjskr., og þá vita þeir flokkar, sem ekki vilja una slíku, fyrir hverju þeir hafa að berjast, meðan tími er til og afstaðan er þannig og hugsanlegt er, að unnt sé að vinna að réttlátri kjördæmaskipun.

Hæstv. forsrh. kom inn á hlutfallskosningarnar, sem erlendis hefðu drepið lýðræðið. Ég held, að þetta sé mjög mikill misskilningur hjá honum. Það, að lýðræðið hefur fallið, eins og raun ber vitni, víðast á meginlandi Evrópu, stafar ekki af neinu teknisku atriði eins og hlutfallskosningum, þar sem þær hafa verið framkvæmdar út í yztu æsar, eða neinu öðru teknisku atriði við þingræðislegt fyrirkomulag lýð-

ræðisins. Það stafar af meiri grundvallaratriðum í sambandi við þjóðfélagsbygginguna. Það stafaði af því, að stéttin, sem upphaflega skapaði lýðræðið, sem sé borgarastéttin, afturhaldssamasti hluti hennar, gat ekki lengur drottnað með þessu fyrirkomulagi, af því að kröfur meiri hl. þjóðarinnar til þess að drottna yfir auðvaldinu, eins og það kom fram eftir þingkosningar hvað eftir annað, voru það harðvítugar, að auðvaldið vildi ekki við það una. Þess vegna magnaði þetta auðvald vopnaða flokka eins og í Finnlandi 1918 eða flokka, sem tókst að „agitera" sig upp eins og í Þýzkalandi, af því að kröfur verkamanna og bænda gengu það langt, að það var farið að verða hættulegt fyrir auðvaldið.

Svo að ég víki að kjördæmamálinu og afstöðu einstakra flokka til þess, þá virðist mér sérstaklega upp á síðkastið vera stefnt meira og meira að því, að þetta nýja forríka auðvald, sem hefur skapazt í þessu landi með stríðsgróðanum með aðstoð núverandi stjórnarflokka, hugsi meira og meira til þess að styðjast við Framsfl. sem sína aðalmáttarstoð. Það er auðséð, að pólitík Sjálfstfl. upp á síðkastið hefur verið slík, að hann hefur beinlínis verið að sparka frá sér þeim flokksgrundvelli, sem hann var búinn að skapa sér áður. Með einu einasta máli, gerðardómsl., hefur hann lagt verkamannafylgi sitt svo í rústir, að vafasamt er, að hann fái það nokkurn tíma aftur. Og fylgi það, sem hann átti í millistéttunum, hefur einnig stórkostlega rénað við þessa pólitík. Þetta er varla gert út í bláinn af hálfu þeirra, sem raunverulega fara með völdin. Þessi útreikningur, að standa heldur með Framsfl. og gerðardómsl. í vetur heldur en að halda sömu afstöðu og flokkurinn tók í launaþvingunarmálinu á síðasta þingi og að hægt væri að treysta, að Framsfl. reyndist þeim trúr, ég veit, að sú vissa stafar af afstöðu form. Framsfl. En hvort kjósendurnir fylgja þeirri stefnu við kosningar, er annað mál. Fyrir þessa tvo aðila í landinu, embættismannastétt Framsfl. og milljónamæringa Sjálfstfl., er núverandi kjördæmaskipun í landinu tilvalið fyrirkomulag til þess að viðhalda sínum völdum, ég tala nú ekki um, ef þeir kæmu sér saman um að breyta eftir stríðið öllum kjördæmum í einmenningskjördæmi.

Þetta virðist mér vera það, sem nú blasir við í sambandi við þetta kjördæmamál. Framsfl. berst auðvitað á móti, og frá þröngu sjónarmiði þess flokks er það skiljanlegt, og ég þykist vita, að við kosningar muni hann beita öllu, sem hann á til, til þess að hindra, að þetta mál fái framgang. Það hafa ekki enn þá komið fram raddir frá hinum mismunandi sjónarmiðum, sem ætla má, að séu fyrir hendi í Sjálfstfl. til þessa máls. Þær koma kannske fram, áður en langt um líður. En af þeim mun nokkuð mega ráða, hvers stuðnings Framsfl. muni njóta í komandi kosningum til þess að reyna að hindra framgang kjördæmamálsins. Það er nauðsynlegt, að þeir, sem standa að þessu máli, geri sér ljóst, að það kemur til með að kosta einhverja þá hörðustu baráttu, sem hér hefur verið háð. Síðast kostaði sú barátta þrjú ár. Vil ég í því sambandi spyrja flm. þessa máls, hvernig þeir hafi hugsað sér að koma þessu máli í gegn eða tryggja sigur þeirra, sem með því standa við kosningar. Það væri æskilegt að fá að heyra hér á þingi, hvernig þeir hugsi sér við þær kosningar, sem fram fara, að tryggja, að þeir, sem fylgja frv. nú, skuldbindi sig til að framfylgja því á næsta þingi, ef þeirra flokkar sigra í kosningunum, án tillits til annars en að koma þessu máli fram. Það er vitanlegt, að því harðari sem ganga má út frá, að baráttan verði, — og þar verður kannske ekki að eiga við Framsfl. einan, heldur ef til vill líka einhvern part af Sjálfstfl., — því meir ríður á að ganga út í baráttuna án nokkurra tálvona og án nokkurra hleypidóma. Ég ætla að bíða með að ræða það frekar, þangað til ég hef fengið svör við þessu, en ég álít það fjarráð við þetta mál að leggja út í baráttu um það án þess að gera allt, sem hægt er, til að tryggja því sigur og án þess að þeir, sem standa með því nú, framfylgi því á næsta þingi, ef þeir sigra í kosningunum.

Það hefur verið gengið út frá því, að þetta mál fari í sérstaka n. Ég vil mælast til þess sérstaklega, að þm. Sósialistafl. fái að hafa fulltrúa í þeirri n. Ég geng út frá því, að að svo miklu leyti sem um það er að ræða hjá þeim, sem að frv. standa, að vilja koma á jafnrétti meðal kjósendanna í landinu, ætti það að vera meira eða minna fyrirkomulagsatriði, hvernig það verður tryggt, þar sem verður að telja, að hvorki sé rétt, að einstakir flokkar manna hafi nein sérréttindi, né að hlutur þeirra, sem fámennari eru, sé fyrir borð borinn eða vald miðstjórna flokkanna gert óhæfilega mikið. Ég geri því ráð fyrir, að þessi n. komi til með að ræða, hvernig bezt verður að tryggja sem frekast jafnréttið. Það er mikil spurning, hvort rétt er að fara út í fjölgun einmenningskjördæma, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég þykist líka vita, að Alþfl. muni ekki bera till. fram af því, að hann sé meira með þeim en öðrum aðferðum, heldur muni hann bera þær fram vegna þess, að hann álítur, að með því móti sé hægt að fá meira fylgi í þinginu. En það er atriði, sem mun verða rætt í þeirri n., sem fær málið til athugunar. Þetta álít ég, að sé aðalatriðið, að vilji menn standa að því að auka jafnrétti meðal kjósendanna í landinu, þá verði menn að bindast þeim samtökum, sem þarf til þess að knýja þetta mál fram.

***Flm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál í tilefni af þeim umr., sem fram hafa farið, en vil þó leiðrétta einstök atriði. Yfirleitt hefur málinu verið tekið vel, og einstök atriði frv. eru til samninga í þeirri n., sem væntanlega verður kosin.

Hæstv. fjmrh. skýrði frá því, að það hefði verið stöðvunarvald tveggja flokka, sem hefði komið kjördæmamálinu fram á þingi 1932. Það mætti misskilja hæstv. ráðh. svo, að þetta stöðvunarvald hefði verið notað til þess að þvinga þáverandi stj. til fylgis við málið, en það var ekki tilfellið. Sú stj., sem sett var á laggirnar 1932, hafði tekið þetta mál að sér og bar sjálf fram frv. um málið, sem byggðist á þeim sterkustu líkum, sem þá voru um að fá leiðréttingu á þessum málum, og því fylgdi stj. fram, án

þess að þyrfti nokkuð að þvinga hana. Að öðru leyti fer ég ekki út í sögu þessa máls.

Sumir hafa fundið að því, að sjálfstæðismálið skuli ekki vera tekið upp í þessar till., en flm. þessa frv. töldu réttara að tvískipta þessum breyt. Þingið hefur gert ályktanir, sem marka afstöðuna í sjálfstæðismálinu til ófriðarloka, og má vænta þess, að þingfl. verði sammála um þær breyt., en við hinu má búast, að þetta mál valdi talsverðum deilum. Því þótti okkur réttara að tvískipta þessu. Ef menn vilja koma á formlega þeirri breyt. æðstu stjórnar landsins, sem við það er tengd, að tími dansk-íslenzka samningsins er útrunninn á næsta ári, hvað sem líður skoðunum manna á því, að hann sé áður fallinn úr gildi, þá er það vel hægt, og þyrfti vitanlega að setja nú þegar sérstaka n. til að athuga það mál. Yrði að þeirri breyt. horfið 1943, kæmu tvennar kosningar á tveim árum. Ég sé ekki ástæðu til að blanda þessum málum saman. En það er eins og sumir menn vilji nota sjálfstæðismálið og fleiri óskyld mál til þess að tefja fyrir kjördæmaskipunarmálinu, og það ber vitni um, að litið sé um rök gegn því máli sjálfu.

Ég var kallaður á fund í viðskiptanefnd og gat því ekki hlustað á ræðu hv. 1. þm. Rang. (SvbH). En mér hafa verið sögð nokkur atriði úr henni. Hann spurði, hvar í stjskr. það væri viðurkennt, að réttur þingflokkanna til þingmannatölu ætti að miðast við atkvæðatölu við kosningar. Það er í þessum orðum 26. gr. c: „— þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar". Í þessu felst skýr ósk um það, að samræmi *náist milli atkvæðamagns og* þingmannatölu flokkanna.

Ég get ekki sagt, að það sé neitt sérlega seint, sem brtt. koma fram við þá kjördæmaskipun, sem gerð var fyrir tæpum áratug síðan. Aðeins tvennar kosningar hafa farið fram í millitíð og hafa sýnt ranglætið, sem enn er, þrátt fyrir uppbótarþingsætin, og þó meir hinar síðari, og nú er eðlilegt, að þessu sé hreyft, er þriðju kosningarnar *standa fyrir dyrum. Það er að vísu* rétt, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að þessar till. eru að töluverðu leyti miðaðar við það ástand, sem er, og möguleikana fyrir því, að nokkrar umbætur nái fram að ganga. Flm. halda því ekki fram, að hér sé um þær einu réttlátu till. að ræða, og þeir eru til viðtals um allar þær till., sem stefna að sama marki, auknu jafnrétti kjósendanna í landinu. Um það þarf ekki að deila, að till. okkar stefna að því marki, *og* það læt ég ekki segja mér, að mannréttindin séu hættuleg þingræðinu og frelsinu. Segja má, að með hlutfallskosningum aukist hætta á, að smáflokkar myndist. En með breyt. okkar yrði ekki mikla meiri hætta á því en er. Og móti hættunni mætti vinna með allt öðru en misjöfnum kosningarétti, svo sem með ákvæðum þess efnis, að hver flokkur þyrfti eins og nú að koma að einum manni kjördæmiskosnum — eða e. t. v. fleiri en einum — til þess að fá rétt til uppbótarþingsæta. Þá væri gengið beint til verks móti smáflokkum, en hitt verður aldrei varið, að beita til þess ranglátri kjördæmaskipun.

Hv. 1. þm. Rang. segir, að ég hafi talið það lífsnauðsyn 1932, að Reykjavík fengi ekki nema 6 þm., eins og Alþ. samþ. þá. Þetta veit hann, að er útúrsnúningur. Sú stjórn, sem ég sat þá í, varð að miðla málum og fylgja því fram, sem unnt var að fá samþ. Hún gekkst fyrir því, að uppbótarsætin yrðu ekki fleiri en 11, en þar af leiddi, að ekki þótti fært, að þm. Reykv. yrðu fleiri en 6. Nokkrir framsóknarflokksmenn lögðu á það mikla áherzlu, að þm. Reykv. yrðu alls ekki færri en 7, því að þá vonuðust þeir eftir að eignast þingmann fyrir Rvík. Þessi krafa var ekki miðuð við almennt réttlæti í landinu, heldur þingmanna-„spekulationir" einstakra flokka. Þannig hljóta þeir flokksmenn að hugsa, sem líta ekki á landið sem eina heild.

Ef frv. verður samþ. á þessu þingi, er ég ekki ákaflega hræddur um, að það nái ekki samþykki að kosningum loknum. — Núgildandi kjördæmaskipun er ekki afleitari en svo. Ég er viss um, að jafnvel í Rangárþingi hlýtur það að eiga mjög mikið fylgi, ekki aðeins í Sjálfstfl., heldur og hjá fjölda sanngjarnra framsóknarmanna, sem sjá, að ekki borgar sig að spyrna lengur móti broddunum í þessu réttlætismáli.

Í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. (JakM) sagði, vil ég taka fram, að í umr. um þetta mál 1932 og 1933 dró ég ekki dul á það, að aldrei mundi hægt að stöðva þetta mál, fyrr en sæmilegur jöfnuður væri kominn á milli flokkanna.

*__Bergur Jónsson__: Þau vinnubrögð hafa oft og eðlilega verið gagnrýnd, að Alþ. skuli láta sér sæma að gera smábreyt. á lögum á fárra ára fresti í stað þess að skapa löggjöfinni aukna festu og hreyfa ekki við meiri háttar l., nema þegar þau hafa verið tekin til gagngerrar endurskoðunar í heild. En sérstaklega er það höfuðnauðsyn um sjálfa stjskr., grundvöll stjórnskipulagsins. Kákbreytingar á þeim grundvelli eins og þær, sem nú eru bornar fram, virðast sprottnar af miklu meira alvöruleysi en svo, að alþm. sæmi.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talar um það sem lítilvægan hlut að breyta stjórnskipunarlögum landsins. *Það má að vísu teljast hégómaatriði nú.* hvort þessi flokkur eða hinn fær 1—2 þingsætum meira en áður. En þá höfum við líka annað brýnna að starfa á þessum hættutímum en breyta til þess kjördæmaskipuninni með öllum þeim átökum, sem því fylgja. Er okkur ekki brýnna að athuga, hvernig komið verði í veg fyrir dýrtíðaraukninguna? Skapast ekki nóg vandamál við það, að landið er hernumið af tveim styrjaldar-*stórveldum og yfir því vofir innrás frá* hinu þriðja? Sjálft landið er í hættu. Innflutningur til landsins hlýtur að minnka og getur stöðvazt. Ég gæti haldið lengi áfram að telja svo stór mál, að hvert þeirra um sig væri næg ástæða til að leggja ekki í deilumál sem þetta, beina ekki hugum landsmanna að þessu og burt frá því, sem þjóðinni er nauðsynlegast, svo að hún geti átt einhverja framtíð fyrir höndum. *Fyrir hégómlegar breyt. á að stefna í þennan* voða, og það er ótrúlegt og furðulegt tímanna tákn, að þeir, sem að þessum till. standa, skuli vera fyrrv. forsrh. og fyrrv. atvmrh., báðir fyrrv. forsetar Sþ., auk tveggja annarra heiðursmanna og hv. þm., sem með þeim eru.

Viðvíkjandi þeim aðalatriðum tveim, sem í frv. felast, þarf ekki miklar umr. Fjölgun þm. um 5 getur ekkert bætt úr vinnubrögðum Alþ. Ég hélt, að þeir, sem til þeirra þekkja, mundu telja, að þm. hefði fremur verið fjölgað um of. Hitt álít ég ekkert stórmál í sjálfu sér, hvernig eigi að raða niður þingsætum í einstökum atriðum, hvort vera skuli t. d. 6 eða 8 þm. fyrir Reykjavík. Slíkt er athugandi á sínum tíma, þótt Reykjavík hafi e. t. v. næga fulltrúa á þingi, þegar litið er á, hve margir þm. eru hér búsettir og hver áhrif hún hefur á þingið, sem þar er háð. Þá eru ráðgerð þrjú þingsæti handa kaupstöðum landsins. Ég held það væri nær að leggja niður fámennasta kjördæmið, Seyðisfjörð, og sameina það N.-Múlasýslu. Grg. telur þetta nauðsyn, til þess að gætt verði hagsmuna útvegsins á Alþ. Hvaða þm. vill gefa sig fram, sem ekki telur sig eiga að gæta hagsmuna þessa annars aðalatvinnuvegar landsmanna? — Ég vona enginn. Hvaða rök eru þetta þá í grg.? Ef skipta þyrfti eftir atvinnuvegum, væri meira vit í að skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvennt, þar sem verstöðvar eins og Keflavík, Sandgerði og Grindavík hefðu mestan kjósendafjöldann í öðru kjördæminu, en hitt yrði fyrst og fremst landbúnaðarhérað.

Eina stórfellda breyt. í frv. er að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Þegar kjördæmaskipunarnefndin starfaði hér á árunum, kynnti hún sér kosningafyrirkomulag í tvímenningskjördæmum í öllum löndum, sem til náðist, og komst að raun um, að hlutfallskosning er þar hvergi nokkurs staðar viðhöfð. Menn vilja kannske ekki taka mín orð gild, því að ég sé framsóknarmaður, en þá verða þeir að trúa hv. 1. þm. Reykv., sem hefur lýst réttilega yfir því, að hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum kæmi alls ekki til greina. Segjum t. d., að 5 flokkar, eins og hér eru nú, hefðu allir svipað fylgi í tvímenningskjördæmi. Tveir þeirra fengju svo fulltrúa sína kjörna með 201 atkv. hvorn, hinir 3 fengju aðeins 200 atkv. hver og engan fulltrúa. Þá væru nálega ⅝ kjósendanna án fulltrúa, en minni hlutinn, ⅜, fengi báða kjördæmisþingmennina. Sú samsvörun atkvæðamagns og þingsætatölu, sem á að vera tilgangur og helzta réttlæting þessa frv., næst þá ekki betur en þetta! Hvað er hégómamál, ef ekki vanhugsaðar kákbreytingar sem þessi á sjálfum stjórnskipunarl., meðan stórmál líðandi stundar eru vanrækt?

Það er rétt, að stjórnskipunarl. gera, eins og þau eru, ráð fyrir, að reynt sé að láta sem fyllst samræmi verða milli atkvæðamagns og þingmannatölu flokkanna. En sú regla er þannig löguð, að hún er í raun og veru alls ekki réttur grundvöllur. Það er fjöldi kjósenda í landinu, sem vill alls ekki láta binda sig við pólitíska flokka. Það kemur m. a. fram í því, að í tvímenningskjördæmum kjósa margir sinn manninn úr hvorum flokki, svo að oft hefur komið fyrir, að þm. tvímenningskjördæmis hafa verið úr sínum flokknum hvor. Það er ekkert vit að binda kjördæmaskipun við svo hverful og lítt afmörkuð fylgi sem flokkarnir geta verið. Að loknum hverjum kosningum er alvanalegt, að flokkar riðlist eða menn gangi úr þeim og í aðra, og engin leið að hindra það. Þegar flokksforinginn, MacDonald, gekk í þjóðstjórnina ensku um árið með nokkurn hluta af Labour party í fylgd með sér, varð meiri hluti þess flokks áfram í stjórnarandstöðu, og ætti hv. þm. Seyðf. að reka minni til þess. Næg dæmi hafa einnig gerzt hér á landi. Árið 1908 fékk Sjálfstfl. yfirgnæfandi meiri hluta í kosningum, en 1911 var orðið jafntefli við Heimastjfl. Á stríðsárunum skiptist Sjálfstfl. í „þversum"-menn og „langsum", og ætti hæstv. fjmrh. að muna það, því að hann var víst í síðarnefnda flokksbrotinu. Þá má minna á, að Framsfl. skiptist 1933, þegar úr honum gengu Tryggvi Þórhallsson, Jón úr Dal, Halldór Stefánsson, Hannes Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson o. fl., og mætti hv. þm. V.-Ísf. vel muna það. Árið 1934 kom Magnús Torfason á þing sem uppbótarmaður fyrir Bændafl., en hirti ekki um að telja sig til þess flokks, er á þingið kom. Þá var gerð hríð að honum til að reyna að hrekja hann af þingi fyrir slíka uppreisn gegn flokkseignarréttinum, en aðrir aðilar hindruðu það og tryggðu, að þm., sem þannig er kjörinn, fái eins og aðrir notið sannfæringarfrelsis stjskr. Þá varð ljóst, hve hæpin nýjung þessi skipun uppbótarsætanna var. Alþfl. hefur einnig klofnað. Héðinn Valdimarsson var sá þm. hans, sem kosinn var með langhæstum atkvæðafjölda 1937, en ekki leið löng stund, unz hann klauf sig og menn, er honum fylgdu, úr flokknum og fór í nýjan flokk með kommúnistum. Og svo leið eitthvað á annað ár, þá var hann farinn úr þeim flokki. Þannig má lengi telja. Það nær engri átt, að svo völt félög sem flokkarnir séu gerð aðalundirstaða kjördæmaskipunarl.

Það er ekki nóg að sjá um, að sem minnst misræmi sé milli atkvæðamagns flokkanna og tölu þm. þeirra. Ekki ríður minna á að taka tillit til aðstöðu manna til að neyta þingræðislegra mannréttinda sinna og þá sérstaklega til þess að nota kosningarrétt sinn. Það má bera saman kjörsókn í sveitum og í kaupstöðum, þar sem smalað er á bílum og dauðvona sjúklingar eða jafnvel geðbilaðir menn eru sóttir í sjúkrahúsin með svo frægum árangri stundum, að t. d. árið 1937 át einn sjúklingur bæði blýantinn og kjörseðilinn!, og veit ég ekki fyrir víst, hvaða flokkur átti þann kjósanda, en hann tekur þetta e. t. v. til sín. — Í því landi, sem lengst var gengið í víkkun og svonefndri jöfnun kosningarréttar, Nýzkalandi, varð afleiðingin mjög slæm og átti mikinn þátt í að steypa þar þingræðinu.

Hv. 5. þm. Reykv. (SK) þótti kjördæmaskipun okkar ekki í hávegum hafandi, því að hún væri dönsk. Veit þm., hve mikið í löggjöf okkar allri er í raun réttri danskt að uppruna? Þannig er t. d. hegningarlöggjöfin og mikill þorri annarrar helztu borgaralegrar löggjafar okkar, og veit ég vel, að þm. hefur margt af því í hávegum. Og stjórnarskráin! Var það ekki löggjöf Danakonungs 1874, „frelsisskrá í föðurhendi"? Alþing hið forna var íslenzkt að vísu, en með núverandi skipun var það endurreist af dönskum kóngi fyrir öld síðan, og kjör til þess getur ekki annað en farið fram að okkur nauðugum viljugum á þeim grundvelli, sem þingræði okkar var þá á reist. Það er einkennilegt, ef sjálfstæðisflokks-

menn gera það nú að höfuðsök kjördæmaskipunarinnar, að hún sé dönsk að ætt. Flokksformaður þeirra, hæstv. atvmrh. (ÓTh), er danskur í aðra ætt. Hinn ráðherra flokksins ber danskt nafn, og þó að hann sé kannske íslenzkari, ferst sjálfstæðismönnum svona tal ákaflega illa.

Mér finnst, að það sé alveg óverjandi að fara út í það nú að taka svona eina gr. út úr stjskr. og breyta henni eins og hér er farið fram á. Hitt er annað, að ef menn vilja fara út í almenna endurskoðun á stjskr., þá er ekkert á móti því að taka þetta með.

*__Finnur Jónsson:__ Það, sem einkennir umr. um þetta mál, er sá ofsi, sem andstæðingar þess sýna. Það er eins og eigi að pína úr þeim líftórunna með einhverjum hörðum aðferðum. Hæstv. forsrh. hefur þó látið svo um mælt, að það skipti aldrei minna máli en nú, hvernig menn skiptast í flokka hér á þingi, vegna þess að enginn einn flokkur mundi vilja taka að sér að stjórna landinu. Þá heldur hann einnig fram, að þetta mál muni vekja ófrið. En ef þetta skiptir litlu máli, eins og hæstv. forsrh. vill vera láta, hvers vegna er hann þá að vekja ófrið út af því, að færa á kjördæmaskipunina til réttari vegar? Það virðist enda upplýst af þessum mönnum, að ef hæstv. forsrh. og hans flokkur vekur ekki ófrið um þetta mál, þá gerir enginn það. Það er þess vegna fyrst og fremst á valdi hans og hans flokks, hvort þetta mál fær að ganga fram í friði eða ekki. Það er þess vegna óþarfi að halda fram, að það sé flutt til þess að vekja ófrið í þinginu.

Hæstv. fjmrh. lét svo um mælt, að Alþfl. hefði verið ófáanlegur til að tala um nokkra breyt. á kjördæmaskipuninni á undanförnum 10 árum. Mér skilst, að nú séu 9 ár, síðan núverandi kjördæmaskipun var sett með samkomulagi allra flokka, og ég veit ekki til, að síðan hafi komið fram neinar till. um breyt. á kjördæmaskipuninni hér á þingi, fyrr en þetta frv. er lagt fram. Í þessi 9 ár hefur því aldrei reynt á það, hvort Alþfl. væri fáanlegur til þess að gera breyt. á henni. Það eru því ekki nema staðlausu stafir, sem hæstv. fjmrh. fór með og hæstv. forsrh. tók upp tvívegis, að nokkurn tíma hefði komið í ljós, hvort flokkurinn væri fáanlegur til þess að gera nokkrar breyt. Nú hefur verið á það bent af öðrum en mér, að nú þurfi að fara að undirbúa framtíðarstjórnarskrá fyrir íslenzka lýðveldið. Jafnhliða hefur verið sagt af hv. þm. Barð., að ófært væri að taka þetta eina atriði út úr, áður en höfuðstjórnarskrárbreyt. væri samþ. Nú er það vitanlegt, að stjskr., sem lengi á að standa og vel á að vanda, þarf að vera þannig úr garði gerð, að hún sé í samræmi við almenningsviljann í landinu. Við flm. þessa frv. lítum svo á, að fyrir því sé ekki trygging, nema því aðeins, að kjördæmaskipuninni sé breytt í réttlátara horf en nú. Það sé frumskilyrðið til þess að tryggja, að væntanleg framtíðarstjórnarskrá ríkisins sé í samræmi við vilja og þarfir landsmanna. Þess vegna leggjum við til, að þessi breyt. verði gerð á stjskr. og jafnhliða því verði sett n. manna úr öllum flokkum til þess að undirbúa stjskr. íslenzka lýðveldisins. Í þessu er ekkert ósamræmi, heldur þvert á móti viðurkenning á þeirri grundvallarreglu, að það sé lýðræðið, sem á að ríkja og ráða hér á landi.

Það hefur verið farið ýmsum óstillingarorðum um þetta frv. M. a. kallaði hv. þm. Barð. þetta hégómlegar og vitlausar till., samhliða því, sem hann sagði, að þær væru lítilfjörlegar. Ég lít svo á, að sá, sem lætur sér slík orð um munn fara, að hann telji lýðræðisskipulagið hégóma og vitleysu, hann hafi ekkert með það að gera að sitja hér á þingi. Þeir, sem viðurkenna ekki, að lýðræðið eigi að njóta sín eins mikið og unnt er, eiga ekki að sitja á lýðræðissamkomu. Þeir eiga að sitja einhvers staðar annars staðar.

Hv. 1. þm. Rang. talaði hér af ákaflega miklum geðofsa í gær og sagði m. a., að þetta frv. væri sérgirni og sérhagsmunir á hæsta stigi. Með því gefur hann þá líka þá yfirlýsingu, að lýðræðisskipulagið og almennur kosningarréttur sé fyrst og fremst til þess að efla sérgirni og sérhagsmuni. Hann hélt því fram, að ef ætti þannig að innleiða almennan, jafnan kosningarrétt, ættu menn líka að gera kröfu til, að hver hreppur ætti sinn banka. Nú er það svo, að bönkunum á eins og öðrum stofnunum að stjórna eftir vilja kjósendanna, en það er því aðeins tryggt, að í landinu sé almennur kosningarréttur, og þannig lagaður kosningarréttur, að hver maður hafi jafnan atkvæðisrétt, hvar sem hann býr í landinu.

Þessi hv. þm. minntist líka á, að það þyrfti að vinna að ýmsum mannúðarmálum í landinu, og er ég honum sammála um það, en það er sá almenni kosningarréttur, sem fyrst og fremst tryggir, að hægt sé að vinna að almennum mannúðarmálum í landinu á þann hátt, sem meiri hl. þjóðarinnar óskar. Nú benti þessi hv. þm. á, að það væri mikill straumur úr sveitunum til kaupstaðanna, svo að það væri að eyðileggja sveitirnar, og nú ætti að taka kosningaréttinn af sveitunum. Þetta er mesti misskilningur. Með þessu frv. er ekki verið að taka neinn kosningarrétt af sveitunum. Það á að halda þeirri gömlu kjördæmaskipun, sem hér hefur verið um nokkuð langan aldur, en það eru gerðar nokkrar breyt. á henni í samræmi við þá fólksflutninga, sem orðið hafa í landinu. Það hefur verið mikið talað um ófrið í þessu sambandi. Það hefur verið talað um, að nauðsynlegt væri að halda friði í landinu. Ég verð að álíta, að bezta tryggingin fyrir því, að friður haldist í landinu, sé sú, að landinu sé stjórnað í samræmi við vilja meiri hl. kjósendanna.

Hv. 1. þm. Rang. vill bera brigður á, að þetta frv. nái tilgangi sínum, því að það væri hugsanlegt, að þm. kæmist að í kjördæmi, þó að hann hefði ekki nema rúman fjórða hluta af atkvæðamagni í tvímenningskjördæmi. Þetta er vitanlega alveg rétt, en þar er ekki nema hálfsögð sagan, því að eftir núverandi kosningafyrirkomulagi eru ýmsir fræðilegir möguleikar til, sem geta litið óálitlega út. Ef fjórir flokkar hafa menn í kjöri í tvímenningskjördæmi og hafa nokkuð jafna atkvæðatölu, þá þarf ekki nema rúmlega ¼ hluta kjósenda til að koma þar að tveimur þm. Við skulum hugsa okkur, að í tvímenningskjördæmi væru átta flokkar, sem hefðu menn í kjöri. Þá er sá fræðilegi möguleiki til, að ekki þurfi nema rúmlega ⅛ atkv. til

þess að koma þar að tveimur þm. Af þessu má sjá, að það er rangt hjá hv. þm., að hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum geti veitt möguleika fyrir einhverju ranglæti, sem ekki sé fyrir hendi nú. Það eru sömu fræðilegu möguleikarnir til, að menn geti náð kosningu með minni hl. atkv., en sá er þó munurinn, að með frv. yrði þó altaf annar þm. með nokkrum meiri hluta.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að svo stöddu. Ég hef reynt að haga máli mínu þannig, að það kynnti á engan hátt undir þann geðofsa og vanstillingu, sem hefur komið fram hjá andstæðingum þessa máls. Ég hef hagað orðum mínum svo, af því að ég er sammála hæstv. forsrh., að nauðsynlegt sé að halda sem mestum friði í landinu, og vildi ég þá samtímis mega ítreka þá beiðni mína til hans og hans flokksmanna, að þeir séu ekki að vekja úlfúð að ástæðulausu, en reyni að skilja það, sem er nauðsynlegra að skilja á ófriðartímum meira en nokkru sinni endranær, að fyrsta skilyrðið til þess, að friður haldist í landinu, er, að því sé stjórnað með réttlæti og í samræmi við vilja kjósendanna, og vilji þeir vinna að friði í landinu, eiga þeir að ganga með okkur og samþ. þetta frv., en ekki beita sér gegn því með slíkum fólskurökum og ofsa, sem þeir hafa gert sig seka um.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Hv. þm. Ísaf. var að bera sig upp undan því, að ég og aðrir þm., sem um þetta mál hafa talað, hafi verið með mikinn geðofsa. En ég hef ekki heyrt neinn mann varpa fram í þessum umr. slíkum hótunum, sem líkjast nærri því sjónarmiði bófans, heldur en þessum hv. þm. Hann segir: „Það þarf enga baráttu eða ósamkomulag um þetta mál. Það getur farið fram í friði. Það er ykkur að kenna, framsóknarmönnum, ef um það verður ósamkomulag. Þið eigið bara að ganga orðalaust inn á allt, sem við viljum, og það er ykkur að kenna, ef þið reisið ófrið með því að vera á móti því.“ Þessi hv. þm. er alveg eins og maður, sem kemur að öðrum með skammbyssu og segir: „Ég er ekki að vekja neinn ófrið, og ég ætla ekki að taka líf þitt, nei, nei. Komdu bara með peningana, þá fer allt friðsamlega fram, og það er þér að kenna, ef þú ferð að vekja ófrið með því að búast til varnar.“ Það er hægt að velja um það fyrir hvern mann, hvort hann vill gefast upp sem heigull við það, sem hann álítur vera rétt, eða vill verja sig, eins og sannfæringin segir honum. En það er alveg rétt reiknað hjá honum, að hann þekkir Framsfl. að því og hvern þm. hans, að honum er ekkert síður í hug en að gefast upp við fyrsta högg og þora ekki að verja það, sem hann álítur rétt vera. Meira held ég, að ég þurfi ekki að segja um þennan alveg sérstaka hugsunarhátt þessa þm., sem kom fram í þeim umr., sem hann talaði um, að væru með svo miklum friðarblæ og ró og spekt yfir sér.

Þá segir hann líka, og það hafa fleiri flm. þessa frv. sagt, að ekki sé verið að taka neinn rétt af sveitunum með þessu frv. Þær eigi að halda sínu, það eigi bara að jafna milli kjósendanna, flokkarnir eigi bara að fá þingmannafjölda eftir kjósendatölu. En ef ekki er verið að flytja til kosningaréttinn, til hvers er þá þetta frv.? Hvað eruð þið þá að fara fram á, flm. góðir? Eruð þið ekki enn þá búnir að gera ykkur ljóst, hvað þið eruð að fara fram á? Ef ekki er verið að skerða rétt dreifbýlisins, þá skiljið þið alls ekki, hvað þið eruð að bera hér fram. Það er farið fram á að fjölga þm. upp í 54. Hvar á sú fjölgun að koma niður? Á hún að koma niður á dreifbýlinu? Ekki skilst mér það eftir till. ykkar. Hér er því um 5 þingsæti að ræða og von um 6, eins og nú standa sakir, því að kaupstaðaflokkur, sem keppti þar um fylgið, mundi í flestum tilfellum láta sig engu skipta, hvort frambjóðendur hans væru þar búsettir eða ekki, heldur bjóða þar fram sína þægustu flokksmenn og setja þá þar í tryggustu sætin. Þetta er ekki að rýra áhrifavald sveitanna? Ætli þetta frv. sé ekki allt misskilningur frá upphafi til enda? A. m. k. virðast hv. flm. eftir málflutningnum ekkert skilja, hvað þeir eru að fara fram á.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði í gær, að ekki þyrfti miklu að breyta, allt væri gott, ef hlutfallskosning fengist í tvímenningskjördæmunum. Það fannst honum nægilegt. Ég get ekki séð, eins og ég sýndi fram á með rökum í gær, að það tryggi á neinn hátt þá reglu, sem talið er, að sé verið að berjast fyrir með þessu frv. Ég held, að engin leið væri vissari til þess að koma upp flokkum í landinu með örfá atkv. bak við þm. en að taka upp hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum, því að það er gefið, að hver sá flokkur, sem ætti von á að fá þm. í kjördæmi, þar sem hann væri í minni hl., mundi gera hann að sérstökum flokk, sem hefði áreiðanlega langminnsta magn á bak við þm. Sá flokkur, sem nú er í minni hl. í tvímenningskjördæmunum, mundi fara þessa leið. Hann er ekki heilsteyptari en það, eða a. m. k. hefur hann ekki sýnt sig í því, og sennilegt er, að færi fyrir honum eins og gamla Sjálfstfl., að hann mundi rifna þvers og langs. Það er sýnilegt, að ekki yrði hugsað um annað en það, sem væri hagsmunamál flokksins í svipinn. Þetta gerir því ekkert til þess að tryggja þá meginreglu, að þingflokkar hafi þm. í sem nánustu samræmi við atkvæðamagn, heldur getur orðið til þess, að ósamræmið verði meira en nokkru sinni fyrr.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það hefði verið rétt hjá mér, að til væru margs konar réttindi önnur en kosningarétturinn, en taldi, að kosningarétturinn væri undirstaða allra annarra mannlegra réttinda, og þá, að því er mér skildist, kosningarétturinn þannig út færður, að alltaf væri sama atkvæðamagn bak við hvern þm. En hvernig hefur það farið þar, sem átti að taka upp slíkt fyrirkomulag? Hvernig eru mannréttindin þar? Hvernig er það í Þýzkalandi, á Ítalíu, á Spáni? Við getum rakið endalaust. Þessi lönd fóru að ganga inn á þá réttlætisreglu, sem er á bak við þetta frv. Þeir héldu, að þeir væru að tryggja mannréttindin með því. En hvað er orðið af mannréttindum þessara þjóða? Þær hafa ekki aðeins glatað skoðanafrelsi, fundafrelsi og prentfrelsi, heldur líka kosningarréttinum. Og það er það, sem liggur bak við hjá þessum hv. þm. Við vitum, að kommúnistar og nazistar eru ekki að hugsa um að byggja upp

lýðræðið, heldur að koma á einræði. Hér er því um alvarlegan hlut að ræða fyrir alla, sem vilja hugsa frjálst og vinna frjálst, ef á að fara út á þá leið, sem menn sjá, hvernig hefur gefizt hjá þeim þjóðum, sem hafa gengið hana.

Sami hv. þm. talaði um, að samvinna væri milli okkar, sem hann kallaði frjálslyndari mennina í Framsfl., — *ég hygg, að við séum það allir jafnt*, — og íhaldsins um það að láta auðmennina og auðfélögin halda sem mestu af stríðsgróðanum. Ég veit ekki betur en fyrir löngu sé hafin barátta af okkur framsóknarmönnum gegn dýrtíðinni og fyrir því að láta stríðsgróðann koma þjóðinni að gagni, en hvar eru till. frá honum um að láta þetta koma þjóðinni til góða? Og hvar eru þær frá jafnaðarmönnum? Ég veit ekki til, að þeir hafi gert neitt til að kippa því í lag. Hitt er rétt hjá honum, að samvinna er, eins og nú standa sakir, milli Framsfl. og Sjálfstfl. um að leysa þessi mál. Við framsóknarmenn erum alltaf reiðubúnir *til að vinna að málum, sem miða að því* að byggja upp og halda við heilbrigðu lífi, en kommúnistar eru aftur á móti tilbúnir til að vinna með veikari helmingnum af þessum flokki, sem er talsvert stór, til þess að rífa niður, hvar sem því verður við komið. Sá er munur á samvinnu okkar og kommúnista við sjálfstæðismenn.

Þá sagði hv. þm., að það, sem við ynnum að, væri að koma kjördæmaskipuninni í það horf, að áhrif íhaldsins í landinu yrðu sem mest. En að *hverju miða* þessar breyt. fyrst og fremst? Ég held, að það ætti þó að vera hverjum manni ljóst, að enginn græðir á þessari breyt., sem hér er farið fram á, sem nokkru *máli skiptir, nema* Sjálfstfl. Hann fær annan manninn í flestum tvímenningskjördæmunum. Hver ætli fengi þm. á Akranesi t. d.? Og sennilegt er, að í hinum kaupstöðunum fengi Sjálfstfl. einnig þm. kosna. Ég get sagt hv. þm. það, að ég álít, að hér á Alþ. eigi ekki aðrir menn að eiga sæti en þeir, sem hafa meiri hluta atkv. þeirra kjósenda að baki sér, þar sem þeir buðu sig fram. Það á ekki að eiga sér stað, að maður, sem fær ekki nema sárafá atkv., þar sem hann er þekktur, geti komizt á *þing á atkv. þeirra manna, sem eru annars staðar* en þar, sem hann bauð sig fram, og þekkja hann ekki. Þetta álít ég óheilbrigt, og þess vegna segi ég það af fullri sannfæringu, að ég álít það hafa verið fyrsta veikleikamerkið í stjórnarfari okkar, þegar tekin voru upp þessi uppbótarþingsæti með stjskrbreyt. 1933.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði hér, að það væri alveg rétt hjá mér, að þessi till. væri miðuð við núverandi ástand. Þar með er full viðurkenning komin frá 1. flm. á því, að það sé ekki verið að hugsa um það, sem hann segir megintilgang frv., að tryggja flokkunum þingmannatölu í hlutfalli við atkvæðamagn. Hv. þm. sagði, að það mundi *vera meiri hl. kjósenda í Rangárþingi, sem væru* með þessu, allir sjálfstæðismenn og hinir samgjarnari framsóknarmenn, hvort sem hann telur þá nú sanngjarna, sem eru óákveðnir. En ég man nú það, og það er mér ekki sársaukalaust, að þessi hv. þm. mætti með mér á fundi í Rangárþingi, eftir að þing var rofið 1931. Og ég man ekki, að hann væri þá mjög deigur í því að berjast fyrir því, að hægt yrði að tryggja rétt sveitanna sem bezt í kjördæmamálinu. Hann taldi þá ekkert háskalegra en það, að áhrifavald sveitanna yrði rýrt í því máli. En hv. þm. er búinn að hafa bústaðaskipti í flokkslegu tilliti síðan. En ég hef jafnan haldið því fram, að eitthvað eimdi eftir af fyrri sannfæringu, þó að óviðráðanlegar orsakir yllu því, að menn færu á milli flokka, og þannig held ég, að því sé einnig farið með þennan hv. þm. Ég er alveg sannfærður um það, að *meiri hl. kjósenda hans mun ekkert* verða honum þakklátur fyrir það mál, sem hann hefur nú gerzt hér málsvari fyrir. Ég horfi öruggur fram á að sjá það, hvort meiri hl. kjósenda í Rangárþingi og V.-Ísafjarðarsýslu vill fremur þetta frv. hans en mína afstöðu í málinu, svo mjög sem hv. þm. er ginnkeyptur fyrir þessu máli, sem hann er 1. flm. að.

Þá sagði hv. þm. V.-Ísf. eitt, sem er ákaflega athyglisvert í þessu máli. Hann sagði, að það væri rétt hjá mér, að sumir hefðu viljað hafa 7 þm. í Rvík, en þeir hefðu orðið 6, þegar kjördæmaskipuninni var breytt 1933. En það, sem aðallega veldur því, að hann er með málinu, er það, að *hætta geti verið á því, að fleiri gætu* unnið á þennan hátt. Haldið þið ekki, jafnaðarmenn góðir, að það borgi sig að hafa slíkan flokksmann, ef það er meining hans, að þetta sé ástæðan?

Ef ekki á að fjölga þm. í Rvík, hvaða vit er þá í þessu frv.? Er hv. þm. V.-Ísf. líka orðinn klofinn í hugsun sinni langs og þvers, hvað þetta snertir?

Sannleikurinn er sá, að ef menn bera fram einhver þýðingarmikil mál, verða þeir, a. m. k. *í sömu ræðunni*, að vera *sjálfum sér samkvæmir*. Annars er ekki hægt fyrir nokkurn mann að álíta, að það sé annað en loddaraháttur, sem verið er að gera í alvarlegustu og þýðingarmestu málum þjóðarinnar. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira að þessu sinni, þó að það sé vitanlega af miklu að taka, ekki sízt, ef röksemdir hv. flm. halda áfram að breytast, eins og verið hefur hingað til.

***Jón Pálmason:** Það er ekki mikil ástæða til að ræða efnishlið þessa máls miklu meira á þessu stigi. Það verða að sjálfsögðu tækifæri til þess að minnast á einstök atriði við síðari umr. Það er víst, að ekki er hægt að gera neina leiðréttingu á kosningafyrirkomulaginu og kjördæmaskipun landsins, nema það gangi út yfir Framsfl. Það er því í rauninni eðlilegt, að framsóknarmenn reyni að halda þeirri aðstöðu, sem þeir hafa. En það, sem aðallega veldur því, að ég kvaddi mér hljóðs, er ræða hæstv. forsrh. hér í gær. Hann dró inn í þessar umr. nokkur þýðingarmikil atriði í stjórnmálum okkar, ekki sízt kosningafrestunina s. l. vor og kosningahorfur nú. Í öðru lagi veik hann í ræðu sinni áðan að því, *hvernig síðasti kosningabardagi hefði reynzt*. Hæstv. ráðh. endaði ræðu sína í gær með því að gefa mjög merkilega yfirlýsingu. Hann vildi mig sízt allra þm. sem stuðningsmann sinn og stjórnar sinnar. Ég ætla nú að lýsa yfir því, hæstv. ráðh. til ánægju, að mér er gleði að þessari yfirlýsingu, vegna þess að hún sannar mér það, að ég hef starfað á réttri braut. Viðvíkjandi því,

sem hæstv. ráðh. talaði um kosningafrestunina, þá tók hann hreinlega á sig ábyrgð þeirra ráðstafana, og þykir mér vænt um það. En það kemur mjög mikið í mótsögn við bréf, sem Framsfl. sendi út um landið, þar sem hann þakkar sér það herbragð að fá Sjálfstfl. til þess að koma kosningafrestuninni í gegn. En hér í höfuðstaðnum er þetta óvinsælasta ráðstöfun, sem gerð hefur verið hin síðari ár, og hún mun verða því óvinsælli sem lengra líður. Ég skal ekki tala mikið um þetta mál, en mér þykir eftirtektarvert, að hæstv. forsrh. skuli hvað eftir annað koma með firrur eins og þá, að kosningafrestun geti ekki haldið áfram vegna þess, að það hafi verið farið fram á, að aukakosning færi fram í einu útkjálkahéraði, af því að þm. sagði af sér. Það trúir því enginn, að breyta þurfi ákvörðun Alþ., þó að aukakosning færi fram í einu eða tveimur héruðum. Það er fjarri öllu lagi. Viðvíkjandi því, að flokkur ráðh. og hann sjálfur eru nú búnir að samþ., að kosningar skuli fara fram á næsta vori, þá er ekkert við því að segja úr því, sem komið er. Mér finnst sízt sitja á þessum ráðh. að vera að haltra á því hér, að það megi ekki samþ. nein mál vegna ófriðarástandsins, og af því þurfi ekki að kjósa um þau. Viðvíkjandi því, sem ráðh. var að tala um kosningaúrslitin hér í Reykjavík, þá er það alveg rangt, að ég hafi verið að hlakka yfir óförum Framsfl. En því er ekki að neita, að flokkurinn hafði þann mann efstan á lista, sem líklega hefur dregið til sín 1—200 atkv. í persónufylgi. En hæstv. forsrh. setti sig á oddinn í þessum kosningum, og það má telja víst, að óvinsældir hans hafi valdið því, að svo fór sem fór, að flokkurinn kom ekki inn manni. Á kosningadaginn birti hæstv. forsrh. ávarp til Reykvíkinga, þar sem hann skoraði á þá að mótmæla nú hækkuðu verði á landbúnaðarafurðum með því að fella Sjálfstfl. Ég og hv. 5. landsk. höfðum óskað eftir því í samstarfi við bændur landsins, að vörur þeirra yrðu hækkaðar í verði. Ég verð að segja það í sambandi við þetta mál, að ég hef ekki farið með neinar kröfur umfram það, sem fram hefur komið hjá þeim mönnum, sem hafa gleggstan skilning á þessum málum, og má þar til nefna búnaðarmálastjóra, hv. 2. þm. Skagf. Það þýðir því ekki fyrir hæstv. ráðh. að vera með neinar dylgjur í minn garð á þessu sviði.

Ég skal ekki lengja umr. mikið, en vil aðeins geta þess, að ég hef því miður fengið í hendur og á í fórum mínum dálítið myndasafn um það, hvernig framkvæmdastjórn þessa hæstv. ráðh. hefur verið í ýmsum málum hér hjá því opinbera, síðan hann tók við störfum. Ég ætla ekki að draga neitt fram úr myndasafninu nú, en mun kannske síðar draga fram í dagsljósið eitthvað af þeim dæmum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. þm. A.-Húnv. er nú búinn að tala 10 sinnum um þetta myndasafn, sem hann hafi í fórum sínum, en það kemur aldrei neitt fram úr þessu myndasafni. Að vísu reyndi hann einu sinni að draga fram mynd, en ég man ekki betur en hæstv. viðskmrh. hafi klínt þessari mynd svo rækilega bæði á bak og rass þessa hv. þm., að hann hafi ekki losnað við hana enn þá, því að svo eftirminnilegri minnkun hefur enginn þm. orðið fyrir hér á Alþ. sem hann í það skipti. En þetta var, þegar hann var að ræða um fjárl. og landsreikningana, en hann er yfirskoðunarmaður landsreikninganna á Alþ. Það er a. m. k. fint að vera það fyrir kjósendur í Austur-Húnavatnssýslu. — Ég skora nú á hv. þm. að koma með eitthvað úr þessu myndasafni sínu hér fram. Annars vil ég taka það fram, að ég vil ekki eiga orðastað við hann, nema ég sé til neyddur að svara árásum. Það fer vel á því, að við erum báðir ánægðir, hann yfir því að vera laus við að styðja ríkisstj. og ég yfir því að vera laus við hann sem stuðningsmann.

En viðvíkjandi málinu sjálfu vil ég segja það, að ég vil ekki, að þessi fundur gangi langt inn á það að ræða einstök atriði þessa máls, vegna þess hve áliðið er fundartímans, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég hef sagt áður. Ég hef minnzt á það, að þessir tímar eru of alvarlegir til þess að leiða inn á Alþ. jafnmikið deilumál og þetta er, og ég hef varað Alþ. við því að gera það. Í öðru lagi leiðir þetta af sér tvennar harðvítugar kosningar, og ekki er hægt að sjá, hvort lokið yrði neinum verulegum störfum, sem aðkallandi eru fyrir stjórn og þing, fyrr en eftir að þær kosningar hafa farið fram. Í þriðja lagi álít ég óviðeigandi að samþ. breyt. á stjskr. konungsríkisins Íslands. Að því er frv. snertir, stefnir það að því að koma á auknum hlutfallskosningum, og ég mun berjast gegn þeim, eftir því sem mér er unnt. Ég tel, að breyt. þær, sem gerðar voru með uppbótarsætunum, hafi nægilega leitt í ljós, að vinnubrögð þingsins hafa versnað. Yfirleitt vil ég með öllu mótmæla því, að innleiddar verði hlutfallskosningar meir en orðið er. Það mundi leiða af sér fjölgun litlu flokkanna í landinu, leiða af sér yfirboð eftir yfirboð um þm. í tvímenningskjördæmum, skrumauglýsingar og skrumflokka hér á Alþ. Það mundi leiða af sér aukinn vanda og aukið erfiði með stjórnarmyndanir, tíð stjórnarskipti og að lokum skapa upplausn í þingræði okkar og ekkert annað, eins og það hefur gert í stóru löndunum og hér hefur verið minnzt á. Ég er sannfærður um það, að í svona litlu landi, landi kunningsskaparins, mundu auknar hlutfallskosningar verða útfararsálmur þingræðisins. Þetta óska ég, að komi skýrt fram í umr. um þetta mál.

Ég hef lýst yfir því, að Framsfl. er reiðubúinn til þess, að endurskoðuð verði stjórnskipun ríkisins og undirbúin. Við viljum leggja áherzlu á það, með því að skipta öllu landinu niður í einmenningskjördæmi, en Rvík í fleiri kjördæmi, og í því sambandi mætti endurskoða hlutfallið milli sveita og kaupstaða. Það er ekki að ástæðulausu, að England, sem berst nú fyrir lýðræðinu, hefur haldið þessu skipulagi, en forðazt hlutfallskosningaskipulag. Hvernig stendur á því, að jafnaðarmannafl. í Bretlandi —, sem hafði við seinustu kosningar 5—6 millj. atkv. (en íhaldsflokkurinn 8 millj.) hefur ekki nema á milli 50 og 60 þm., en íhaldsflokkurinn, sem hefur ekki nema 2—3 millj. fleiri atkv., hefur 280—290 þm.? Hvernig stendur á því fyrirkomulagi? Hvernig stendur á því, að mestu lýðræðisþjóðir heimsins una við þetta skipulag, en forðast hlutfalls-

kosningar? Það er vitanlega vegna þess, að sporin í Þýzkalandi, á Spáni, Ítalíu og Frakklandi hræða. Í þessum löndum komu upp 30—40 flokkar, sem voru ábyrgðarlausir, og hundruð stjórnarskipta á örfáum árum eins og í Frakklandi fyrir fall þess, — kosningar eftir kosningar, einmitt vegna litlu flokkanna. Ég sagði í byrjun máls míns, að ég ætlaði að drepa lauslega á nokkur atriði í sambandi við þetta mál. Ég vil sérstaklega benda á það atriði, að þetta mál er bersýnilega vel til þess fallið að eyðileggja meira eða minna öll störf hér á Alþ., og harma ég það mjög, að skattafrv. skuli ekki enn vera komið fram hér í þinginu. Það eru fjölda mörg mál, viðvíkjandi samningum út á við, sem varða sölu á afurðum okkar, siglingar og fleiri stórmál, sem Alþ. þarf að ráða fram úr, en er auðsætt að tefjast mikið, ef þetta mál á að vera hér til umr. dag eftir dag. Ég skora því á hv. þd. að taka afstöðu til þessa máls og ráða því til lykta sem allra fyrst. Þessu máli verður að hraða. Fjölda mörg vandamál bíða úrlausnar þingsins. N. sú, er fær þetta mál til athugunar, verður að hraða afgreiðslu þess, því að eftir afgreiðslu þessa frv. fara störf þingsins. Ég vil því benda hv. flm. þessa frv. á, sem sjálfsagt hafa talað við aðra þingflokka um fylgi þessu máli til handa, að þeir verða að hraða þessu máli, ef öll störf innan þings og utan eiga ekki að eyðileggjast. Ef Alþ. telur það aðalnauðsynjamál þingsins að afgreiða þetta frv., verða þeir, sem að því standa, að taka einnig forustuna í öðrum málum. Ég beini því þeirri áskorun til Alþ., að það hraði afgreiðslu þessa máls. Mér telst svo til, að ef allir þm. taka til máls í þessu máli, standi umr. í 1—2 mánuði. Ég vona, að þessi áskorun mín sé svo greinileg, að þingflokkarnir geri sér það ljóst, hvernig hún er meint, og vænti ég þess, að hún verði tekin til greina.

Forseti (JörB): Venjulegur fundartími er nú liðinn, en eigi er hægt að koma við kvöldfundi sökum nefndastarfa. Á mælendaskrá eru tveir, en annar þeirra kveðst munu falla frá orðinu, ef það yrði til þess, að umr. mætti ljúka. Hv. þm. V.-Ísf. hefur kvatt sér hljóðs og hefur að sjálfsögðu fullan ræðutíma. (ÁÁ: Ég skal vera stuttorður).

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta og verða stuttorður, en það var a. m. k. eitt atriði hjá hv. fyrri þm. Rang., sem þarfnast leiðréttingar. Ég minnist þess, að við höfum staðið saman á fundi í Rangárvallasýslu í þessu máli. En hins vegar er það misminni hjá honum, að ég hafi sagt, að sveitirnar ættu að hafa meiri rétt en kaupstaðirnir. Við stóðum þá báðir saman á móti stórum kjördæmum og því, að öllu landinu væri dembt í eitt kjördæmi. — Eftir þingrofið, þegar ákveðið var, að við framsóknarþm. skyldum allir bjóða okkur fram aftur, var það með því ákveðna skilyrði af minni hendi, að ég mundi á þingi því, er kæmi saman eftir kosningarnar, fylgja leiðréttingum á kjördæmaskipuninni. Ég fer nú ekki meira út í þetta, þó að margt fleira þyrfti leiðréttingar við. — En ég held, að enginn þurfi að efast um einlægni mína í þessu máli, því að það var nú á sínum tíma ein ástæðan fyrir því, að ég fluttist á milli flokka. Ég er alveg undrandi yfir að heyra hv. þm. vera að tala um, að hlutfallskosningar eyðileggi lýðræðið í löndunum. — Það er eins og sumir hv. þm. hafi ekki áttað sig á því, að það voru ekki hlutfallskosningar í þeim löndum, sem lögðu á braut einræðis, sem varð lýðræðinu að falli, heldur efldust í löndunum öfgaflokkar, sem ekkert vildu af lýðræði vita. Í Þýzkalandi t. d. efldust flokkar kommúnista og nazista, og þeir komu lýðræðinu fyrir kattarnef, en hvorki einmenningskjördæmi né hlutfallskosningar voru þar að verki.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir jafnrétti kjósendanna í landinu. Á þann hátt, og þann hátt einan, er skapaður grundvöllur fyrir gifturíku samstarfi og samvinnu meðal þjóðarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 30. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:8 atkv.

Sigurður Kristjánsson: Ég hef lagt til, að sérstök n. yrði látin fjalla um þetta mál. Og hefði ég helzt óskað, að um þetta næðist samkomulag milli allra flokka. Nú veit ég ekki, hvort samkomulag um skipun n. hefur náðst, en ef svo er ekki, vildi ég leggja til, að n. yrði skipuð 9 mönnum.

Forseti (JörB): Ég veit ekki, hvað kann að líða umtali um nefndarskipun, en ég skoða þetta sem uppástungu hv. 5. þm. Reykv., að n. verði skipuð 9 mönnum, og komi engin mótmæli fram, skoða ég það samþ.

ATKVGR.

Skipun sérstakrar nefndar samþ. með 19 shlj. atkv.

NEFNDARKOSNING.

3 listar komu fram, með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosning fór því fram án atkvgr., og varð nefndin svo skipuð:

Af A-lista: Ásgeir Ásgeirsson,
Einar Olgeirsson.
Af B-lista: Bergur Jónsson,
Gísli Guðmundsson,
Sveinbjörn Högnason,
Jörundur Brynjólfsson.
Af C-lista: Gísli Sveinsson,
Sigurður Kristjánsson,
Garðar Þorsteinsson.

Á 57. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 368 og 369, 381).

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Eins og nál. ber með sér, þá hefur n. klofnað í þessu máli. Í n. var borin fram till. um það, hvort sjálfstæðismálið skyldi tekið upp í sambandi við þetta frv., en sú till. var felld. Aftur á móti gerði

minni hl. ráð fyrir því að bera fram sérstaka þáltill. um, að sjálfstæðismálið væri undirbúið til afgreiðslu á næsta þingi af sérstakri mþn. Hér er lagt til, að kjördæmamálið verði afgreitt á þessu þingi. Meiri hl. fannst, að það gæti verið æskilegt að taka sjálfstæðismálið fyrir sérstaklega, þar sem um er að ræða mál, sem allur þingheimur gat orðið sammála um, eins og kom í ljós á síðasta þingi. En það mál er ekki til þess að rugla saman við önnur mál, og þegar það verður afgreitt, er æskilegt, að það verði afgreitt í einu hljóði, ef þess er nokkur kostur. Aftur á móti er það svo með kjördæmamálið, að engin von er til annars en það verði deilumál, hvenær sem það yrði tekið til afgreiðslu. Með því að afgreiða það á þessu þingi og staðfesta svo stjórnarskrárbreyt. á næsta þingi og hafa síðan aðrar kosningar samkv. nýju kosningal., þá er tækifæri til að afgreiða sjálfstæðismálið á því þingi, sem staðfestir stjórnarskrárbreyt. þá, sem hér er um að ræða. Ef hins vegar væri farin sú leið, að kjósa nú, án þess að nokkur stjórnarskrárbreyt. yrði, eins og fulltrúar Framsfl. leggja til í sínu nál., þá mundi það að öllum líkindum kosta þrennar kosningar, en ekki tvennar, eins og lagt er til af meiri hl. Þær kosningar, sem fylgja eftir stjórnarskrárbreyt., sem felur í sér breyt. á kjördæmaskipun, verða að öllum líkindum tvennar, eins og var 1933 og 1934. Ef þær kosningar, sem nú standa fyrir, eru látnar ónotaðar í sambandi við þessa breyt., þá eru þrennar kosningar óhjákvæmilegar. Þeir, sem telja það ókost að hafa margar kosningar, ættu þess vegna heldur að kjósa þá leiðina, sem meiri hl. hefur hér lagt til, að farin verði. Þær till., sem hér liggja fyrir, eru samkomulagstill. allra flokka í n. nema Framsfl. Í n. var fallizt á af öllum flokkum nema Framsfl., til samkomulags, að fella niður till. um, að Akranes og Norðfjörður yrðu sjálfstæð kjördæmi, en þær till. samþ., að í tvímenningskjördæmunum verði hlutfallskosningar og verði bætt við 2 þm. í Rvík og einum á Siglufirði.

Þetta eru nú á engan hátt nýjar till. Allur sá undirbúningur, sem fram hefur farið í þessum málum á árunum 1931 til 1933, er í raun og veru undirbúningur að þessu frv. Hv. minni hl. n. leggur áherzlu á í sínu áliti, að sá undirbúningur hafi verið ákaflega ýtarlegur. Þá komu fram till. um hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum. Þetta er nú aðaltill. frv., því að þróunin í kjördæmamálinu hefur verið á einn veg sú að gera jöfnuð milli flokkanna. 1915 var tekin upp hlutfallskosning með landkjörinu, og 1920 var einnig hlutfallskosning tekin upp í Rvík. 1933 eru tekin upp uppbótarþingsæti, sem á þessu síðasta tímabili hefur haft þau áhrif, að mismunur á tölu kjósenda, sem standa bak við hvern þm., er ekki nærri eins mikill og ella hefði orðið. Á þessu kjörtímabili hafa sumir þingflokkar helmingi fleiri kjósendur bak við hvern þm. heldur en sá flokkur, sem hefur fæsta kjósendur. En væru engin uppbótarþingsæti, yrði mismunurinn 1:3 eða miklu meiri heldur en þó yfir þennan tíma. Síðan hefur þessi aðferð verið tekin upp í Búnaðarfélagi Íslands, — en þar eru 7 kjördæmi, — fyrir forgöngu Framsfl. í þeim félagsskap. Einnig hefur verið tekin upp hlutfallskosning við sveitarstjórnarkosningar, sé þess óskað af öllum þorra kjósenda. Þannig hefur þróunin verið í þá átt að gera öllum flokkum jafnhátt undir höfði með því að hafa hlutfallskosningar og með uppbótarsætum. Það er á þessari sömu línu, sem meiri hl. n. er, og ég geri ráð fyrir því, að margir hverfi að þessari aðferð. Þó er ef til vill hugsanlegt, að gömlu kjördæmin séu lifseig, enda eru allar venjur þar rótgrónar og sterkar, en þá ætti að vera einfalt að lagfæra það með uppbótarsætum, og í þá átt hefur þróunin gengið í nágrannalöndunum. Sú aðferð að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum er aðeins til þess að jafna hlutföllin í viðkomandi sveitum. En samt næst ekki fullur jöfnuður. Það kemur í ljós, ef litið er á úrslit síðustu kosninga. Ef þessi regla hefði gilt þá, að hafa hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum, hefði sá flokkur, sem var næststærstur, Framsfl., ekki fengið fullan jöfnuð, en vitanlega fengi hann uppbótarsæti í samræmi við atkvæðafjölda sinn. Í þessu frv. er þannig lagt til, að allir fái bót sinna mála.

Það má segja, að hér sé aðeins um að ræða að jafna aðstöðu manna í dreifbýlinu. En það eru engar röksemdir, að þeir einir séu sveitamenn, sem fylgja ákveðnum stjórnmálaflokki, en allir hinir væru taglhnýtingar þéttbýlisins, eins og framsóknarmenn halda fram. Þessi jöfnuður í dreifbýlinu mundi eftir tveimur síðustu kosningaúrslitum nægja til þess, að sæmilegur jöfnuður fengist um land allt. En þegar hafðar eru hlutfallskosningar í Rvík og tvímenningskjördæmunum, er ómögulegt að styðja fingri á eitthvert sérstakt kjördæmi og segja, að þarna og þarna séu kjósendur beittir órétti, enda er með þessari breyt. alveg útilokað, að ójöfnuður verði mikill milli kjósenda. Þessi regla, sem hér er sett við kosningar, gengur ekki út frá, að flokkarnir verði óbreyttir. Þessi regla er þannig, að þingmannafjöldinn breytist eftir því, sem flokkarnir og framboðið breytist. Þess vegna er sama aðhald fyrir flokkana að vanda framboð sitt, rétt eins og önnur kosningaaðferð væri höfð. Flokkarnir verða að sjálfsögðu ekki sterkari né einstaklingurinn veikari heldur en ella mundi. Með þessum breyt. er minni hl. gert mögulegt að starfa í félagsskap við meiri hl. Einnig er minni hl. heimilt að fylgja meiri hl. að málum, ef honum finnst það vera í meira samræmi við sínar skoðanir.

Þá var meiri hl. sammála um, að bæta við 2 þm. í Rvík, en þar býr nú ½ hluti allrar þjóðarinnar. Sannarlega er hér ekki of langt gengið, því að höfuðsiaður landsins hefur haft allt of fáa þm. Þó hafa uppbótarsætin jafnað þetta nokkuð, enda hefur orðið sú raunin á, að uppbótarþm. hafa eiginlega verið sem þm. fyrir Rvík.

Það er engin tilviljun, að allir þeir flokkar þingsins, sem ekki hafa hagnað af þeim sérréttindum, sem núverandi kosningafyrirkomulag veitir, hafa orðið sammála um þessar till. Þingflokkar eru ekki vanir að vera sammála að ástæðulausu, og hér er ástæðan sú, að þeir gera allir hina sömu kröfu um jafnrétti þegnanna. Krafa þessi byggist á því, að fólkið sé talið jafnrétthátt, hvar sem það býr í landinu. Þetta leiðir

að vísu af sér tvennar kosningar, en þá mætti jafnframt hafa það hugfast, að till. minni hl. í máli þessu mundu orsaka þrennar kosningar, ef þær yrðu samþ.

Það má ýmislegt segja um þá kosningafrestun, sem var afráðin s. l. ár, og má færa margt til málsbótar fyrir því, að sú frestun hafi verið réttlát. Þó hygg ég, að mörgum þm. komi saman um, að hún hafi ekki átt að ná lengra en til s. l. hausts. Flestir hv. þm. munu koma sér saman um, að valdi óviðráðanlegir atburðir kosningafrestun, eigi hún að vera sem allra stytzt, þar sem hún hefur óheppileg áhrif á þingið. Þó að tímar þessir séu alvarlegir, eigum við ekki að vorkenna sjálfum okkur um of, ekki verra heldur en ástandið er, samanborið við aðrar þjóðir, sem eiga um sárt að binda. Þó að við séum hertekin í vissum skilningi, þá megum við enn ræða og útkljá okkar mál sjálfstætt, og það eigum við að nota okkur, svo lengi sem tækifæri gefst. Ef óviðráðanlegir atburðir kynnu að steðja að, þá er að taka því, sem að höndum ber, en þeir mega undir öllum kringumstæðum ekki valda nema sem stytztum kosningafrestunum.

Það stóð til, að umr. þessari yrði útvarpað, en nú mun vera ákveðið, að 3. umr. verði útvarpað í byrjun næstu viku. Ég hygg því, að þessi umr. verði hvorki jafnlöng né ýtarleg og ella hefði orðið.

*__Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason):__ Herra forseti! Ég mun nú ekki í upphafi máls míns víkja að rökum þeim, sem hv. frsm. meiri hl. hefur nú borið hér fram, en ég mun geta þeirra síðar.

Eins og nál. ber með sér og þegar hefur verið tekið fram, hefur stjskrn. klofnað um þetta mál. Við afgreiðslu málsins í n. greiddu 4 þm. atkv. með samþykkt frv., og 4 þm. móti samþ. þess, en form. n., hv. þm. V.-Sk., sat hjá við atkvgr. Nú virðist sem hann hafi við nánari yfirvegun og eftir að málið er afgreitt úr n., fengið betri skilning á því, að því er honum virðist, og hefur hann skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Það kemur ekki í ljós, hver þessi fyrirvari er og á hverju hann byggist. Hv. þm. hafði greinilega afstöðu til málsins, þegar það var í n., og samkv. henni var atkvgr. hans þar. Ég vil strax taka fram, að nál. meiri hl. er gersamlega sneytt öllum rökum fyrir málinu. Það er ekki gerð nokkur minnsta tilraun til að færa rök að því, að nauðsyn sé á að samþ. stórmál það, sem hér er á ferðinni, og að það verði fremur en öll önnur mál að ná fram að ganga á þessu þingi. Þeir menn, sem skrifa nál. meiri hl. á þskj. 368, færa ekki fram nokkur rök fyrir sínu máli, þó að leitað væri með logandi ljósi á þeim tveim síðum, sem nál. tekur yfir, nema aðeins í einni setningu. Hún er svona, með leyfi hæstv. forseta: „Meiri hl. n. er á eitt sáttur með það, að jafna beri atkvæðisrétt þegnanna.“ Ég vil skora á hv. frsm. meiri hl. að sýna mér, hvar eru röksemdir í nál. þeirra, sem mæla með samþykkt frv. Ég mun svo síðar víkja að því, hvort frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að jafna rétt þegnanna í landinu. Ég sé enga aðra röksemdafærslu í nál., sem mælir með samþ. frv., og engir, sem hlustuðu á framsöguræðu hv. frsm. meiri hl., skilja, hvað veldur því, að nál. færir ekki nokkur rök fram fyrir sínu máli. Frá hinu upphaflega frv., sem samþ. var óbreytt í n., hefur meiri hl. hvikað og borið fram brtt. við það um að fella niður tvö ákvæði, en það var heimild til að stofna tvö ný kjördæmi, annað á Akranesi, en hitt á Norðfirði. Á þessar brtt. var ekki minnzt í n., þegar ég var þar á fundum, enda mun þetta ekki hafa verið ákveðið, fyrr en eftir að atkvgr. hafði farið fram. Það er augljóst, að bak við frv. þetta er ekki þjóðarnauðsyn, heldur flokksverzlun, enda aldrei komið frá þeim alger krafa um þetta mál, meðan þeir áttu nokkurn þm. í tvímenningskjördæmunum. Það mun vera rétt hjá þeim flokkum, er verzla með þetta mál, að þeir geti ekki fengið menn til þess að kjósa sig nema með lögum. Þetta er kjarni málsins, því að það að tala um rétt, er það, hvort þeir hafi réttinn í kjördæmunum. Þeir hafa vissulega sinn rétt, en þá vantar viljann til þess að gera rétt. Þeir halda, að þeir græði atkv. á þessari breyt., þótt meiri hl. sé á móti þeim. Og fyrir það er allt sett á annan endann, tvennar kosningar eða þrennar og þingrof.

Við framsóknarmenn erum þess fullvissir, að innan skamms tíma hafi þjóðin komizt að raun um, að fáa óhappamenn hafi hún átt meiri til þess að verja frelsi sitt á erfiðum tímum en þá, er bera nú fram breyt. á stjskr. Það, sem nú er ætlunin með þessari breyt., er, að þeir sterkustu í sveitakjördæmunum skuli verða gerðir áhrifalausir um sín eigin mál. Það er verið að hleypa inn eins konar Þorbirni rindli í þessum málum. Það er sjáanlegt, um hvað þessar kosningar snúast. Þær snúast um það, hvort á að eyðileggja höfuðvígi sveitanna eða ekki. Það er ekki kosið um annað. Og það er vitanlegt, að þeir, sem eiga meiri hl. í þeim kjördæmum, vilja stöðva þetta frv., því að það er ekki eingöngu barizt um þetta mál, heldur um önnur mál jafnframt, lífsstefnur og þjóðvenjur.

Allt okkar stjórnarfyrirkomulag frá fyrstu tíð, allt frá goðorðunum, hefur byggzt á sjálfstæðum heildum, þar sem meiri hl. hefur ráðið. Með breyt. 1933 rofnar fyrst skarð í þetta með uppbótarþingsætunum.

Hv. þm. hafa séð, að við þetta hefur stjórnarfarið í landinu og trúin á lýðræðið veikzt. Eigum við að halda áfram að senda minni hl. þm. inn á Alþ. og vita, hvort hægt sé að vinna því virðingu á þann hátt?

Hinir 11 uppbótarþingmenn, hafa orðið til þess að rýra virðingu þingsins, og nú á að bæta við 6—8 minnihlutaþingmönnum. Fyrir þetta mál á að fórna öllu samstarfi og friði, og um það sameinast hinar mestu andstæður, allt frá svartasta nazisma til rauðasta kommúnisma. Á þeim degi urðu Heródes og Pílatus vinir. En það væri rétt fyrir þjóðina að athuga, af hverju þeir urðu vinir og á hvaða tíma þeir urðu vinir.

Fyrir þetta á e. t. v. að fórna frelsi, gæfu og gengi þjóðarinnar um ókomin ár. Sé þjóðin ekki samhuga um mál sín, getur það sannarlega varðað hana fjörtjóni og frelsi. Hver dagur, sem líður, ber nú nýtt viðhorf í skauti sínu og viðurhlutamikil mál, sem verður að ráða fram úr með gætni, ró og óhlutdrægni. Ég held því, að það plagg, sem hér liggur fyrir, sé einhver

sú blygðunarlausasta flokkaverzlun, sem gerð hefur verið á Alþ. Íslendinga, ef þess er gætt, á hvaða tíma hún er gerð. Og það er stofnað til hennar af þeim flokkum, sem eru annars aldrei sammála um nokkurt mál. Og svo á að mynda stjórn á þessum tímum um þetta mál með stuðningi þessara flokka, þótt upplýst sé, að enginn flokkurinn styðji hana í rauninni, því að þeir hafa allir keppzt um að þvo hana af sér. Og Alþýðublaðið lýsti yfir því, að enginn flokkur ætlaði að styðja hina nýju stjórn. Það geta verið þeir tímar, er menn hafa ráð á að gamna sér og brosa í kampinn. En ég efast um, að þeir, sem nú brosa, verði eins, er þjóðin fer að dæma verk þeirra. Þeir sinna engu öðru en flokkaverzlun sinni. Hitt skiptir þá ekki neinu, hvernig þjóðinni reiðir af á næstu árum.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að ræðu hv. frsm. meiri hlutans.

Það áttu víst að heita rök, en reyndust það sízt, eins og það, sem kom fram í nál. þeirra. Hann sagði, að málið væri sérstaklega vel undirbúið, og svo er það fram borið af honum. Hann ætti að minnast þess 1932, er honum var treyst af flokki sínum til forustu í kjördæmamálinu, en mistókst svo og brást sínum flokki, að enginn vildi treysta honum til forustu, enda hefur hann séð það sjálfur.

Hann sagði, að þetta mál mundi verða deilumál og sjálfstæðismálinu ætti að halda fyrir utan það. En er það leiðin til þess að þyrla upp deilumálunum, áður en sjálfstæðismálið er tekið fyrir til afgreiðslu? Ætli hefði ekki verið happasælla fyrir þjóð og þing að leggja deilumálin á hilluna áður? Ég skil ekki svona hátterni, en það getur verið, að þeir, sem kenndir eru við frið, viti betur, hvernig á að varðveita hann.

Þá sagði hann, að ef farið væri að ráðum okkar framsóknarmanna og málið sett í mþn., yrðu sennilega að fara fram þrennar kosningar. Þetta er vitanlega herfilegur misskilningur, nema það sé alls ekki rétt, er hann sagði að sjálfstæðismálið ætluðu þeir að leysa á næsta þingi. En það er sennilegt, að þeir guggni á lýðræðishugmyndinni.

Við viljum engar breyt. á stjórnskipun landsins, nema þær séu vel undirbúnar, en það er vitanlega ekki svo um þetta mál.

Þá sagði hann, að samkomulag væri með öllum flokkum í n. — að Framsfl. vitanlega undanteknum — um framkvæmd þessa máls. Þetta er ekki rétt. Það liggja fyrir tvær skriflegar sannanir móti því, sem eru brtt. háttv. þm. Borgf. og háttv. þm. V.-Sk. Þetta er því ekki alveg rétt hermt, og ætti þó að sýnast hverjum manni ljóst.

Þá talaði hann um, að gömlu kjördæmin væru lífseig, og virtist harma það, að ekki skyldi vera hægt að ráða niðurlögum þeirra 1931. Já, þau eru lífseig, og kjósendunum er ekkert um þá, er hlaupa milli flokka, eða um það, að verzlað sé um rétt þeirra. Það var óheppilegt að velja þennan mann til forustu í þessu máli, er verður nú að segja, að ekki sé um of, þótt Rvík fái 8 þm. En er hún vildi fá 7 fyrir fáum árum, þótti honum það ófært, og það er fyrir hans tilstilli, að Rvík hefur ekki haft nema 6 þm. eftir breyt. 1933, sem ekki er þó rétt. Þó má segja, að uppbótarþingsætin eigi að jafna það. Það er rétt að geta þess til samanburðar í þessu máli, að Oslo hefur aðeins 7 þm., og þar eru hátt á 3. hundrað þúsund íbúar, og enga uppbótarþingmenn hefur hún. Í stjskr. Noregs er enn fremur tekið fram, ekki aðeins um Osló, heldur alla stórbæi í landinu, að þeir megi aldrei fá meira en ⅓ af tölu allra þingmanna landsins, til móts við dreifbýlið.

Við erum á upplausnarleið Þýzkalands eftir stjórnarskiptin og á leið Frakklands, eins og þar er nú, er hrundi vegna fjölda flokka og klíkna, er ollu sundurlyndi og glundroða, sem er nauðsynlegur undanfari tortímingarinnar. Það er því ekki að undra, þótt öfgarnar mætist í þessu máli, því að kommúnistar hafa sagt, að betra væri að styðja afturhaldið en miðflokkana. Enda hefur EOl. lýst því yfir fyrir skemmstu í blaði sínu, að réttlætismálið væri hér ekki aðalatriðið, heldur að rjúfa núverandi stjórnarsamvinnu. Þetta er skjalfest. Kommúnistar vilja upplausn í þjóðfélaginu á erfiðum tímum til undirbúnings byltingar.

Það var líka mjög réttilega til orða tekið hjá hv. frsm. meiri hl., þegar hann talaði um minni hl. í tvímenningskjördæmunum, að þessi breyt. væri ekki nema það að heimila mönnum að segja sig úr goðorði og í goðorð við aðra. Þetta er alveg rétt, og það er merkilegt, hvað þessi hv. þm. hefur á vitundinni um upplausn þá, sem þessu er samfara. Því að það, að mönnum var heimilt að segja sig úr goðorði og fara í goðorð til annarra, styrkti höfðingjana með því að safna til þeirra mannaforráðum á þann veg. Hið sama er verið að reyna að gera hér, að fá þá, sem úti um sveitirnar búa, til þess að segja sig úr lögum við þá, sem þeir lifa og vinna með, og í flokk með þeim, sem ríkastir eru og sterkastir í landinu, til þess að þeir geti orðið sem sterkastir andstæðingar hinna, sem í sveitunum búa. Það er verið að gera tilraun til þess, að skipulag stjórnarfyrirkomulagsins riðlist, með því að rjúfa þennan gamla grundvöll þess, kjördæmaskipun okkar. Og þessi tilraun hefur verið gerð af þeim mönnum, sem hafa hingað til verið að reyna að koma á þeim sama glundroða hér eins og hefur verið í öðrum löndum, þar sem lýðræðið hefur fallið.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. það enn fremur, að tímarnir væru að vísu alvarlegir, en þó væru þeir í raun og veru ágætir. Það væri hægt að gera margt á svona tímum. Þetta sýnir þá ábyrgðartilfinningu, sem er á bak við þennan málflutning hjá þessum mönnum, sem bera frv. þetta fram. Því miður heldur meiri hl. þjóðarinnar, að öllu sé óhætt, af því að það líður svona hver dagurinn, að ekkert kemur voveiflegt fyrir. En að hv. þm. láti sér til hugar koma, að það sé hægt á þessum tímum að leyfa sér hluti sem þessa, því hefði ég ekki trúað. Hvað hefðum við sagt um forfeður okkar á Sturlungaöld, sem deildu sín á milli, ef þeir hefðu verið eins harðdrægir eins og þeir voru, ef tvö herveldi hefðu verið með heri sína í landinu? Við erum ekki frjálsir ferða okkar hér í þessu landi. Við, sem ferðumst um þjóðvegina og þurfum að framkvæma ýmsa hluti, vitum, að við þurfum að eiga það undir náð þessara herja að kom-

ast leiðar okkar. Og við eigum það líka undir náð hins erlenda hers, hvort við getum rekið atvinnu okkar eða ekki. Og þó að peningaflóð sé nú í landinu, þá hygg ég, að það geti komið til, að fátt geti verið jafnhættulegt og það fyrir okkar menningarverðmæti. Sjálfstæði þjóðarinnar miðast við það að varðveita menningarleg verðmæti hennar, þjóðernið og tunguna, og að tryggja framtíð hennar. Sjálfstæði þjóðarinnar miðast ekki við það, hvort mér eða hv. þm. V.-Ísf. líður illa í dag eða á morgun, heldur við það, að við eigum þrótt og manndóm til þess að taka á þeim viðfangsefnum, eins og vera ber, sem nú steðja að okkur, og að við gerum það með tilliti til framtíðarinnar hiklaust og óttalaust, en látum það ekki snúast í þá átt, sem þjóðina skiptir engu máli nú á tímum. Það er þetta, *sem framtíð þjóðarinnar skiptir miklu, en* framtíð hennar er ekki komin undir öðru eins og því frv., sem hér hefur verið borið fram, og því óheillasambandi, sem um það hefur myndazt.

Ég ætla nú ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en aðeins segja hv. frsm. meiri hl. n., að það mun reynast rétt, sem hann sagði, að gömlu kjördæmin væru lífseig. Þeim var sköpuð eldraun árið 1931, en þau hrundu henni af sér að mestu, þrátt fyrir slæma framgöngu hv. þm. V.-Ísf. Og þau munu líka lifa af þessa eldraun.

Sigurður Kristjánsson: Ég skal ekki fara mikið út í efni þessa frv., sem hér er rætt um, eða meðferð hv. stjskrn. á því. Það hefur hv. frsm. meiri hl. gert, og sé ég því ekki ástæðu til að endurtaka það. Hann skýrði í stuttu máli frá meðferð málsins. Ekki skal ég heldur fara út í þá sálma að ræða um það, sem fram kann að hafa komið um þetta mál utan þings. Ég hef nú verið fjarverandi þinginu nú í nokkra daga vegna lasleika og þess vegna ekki lesið mikið af dagblöðunum, t. d. ekki dagblað minni hl., svo að ég er nokkuð ófróður um það, hvað þar hefur verið sagt um þetta mál að undanförnu. Ég gat ekki búizt við, að það væri neitt heilsusamlegt eða *sáluhjálplegt* að lesa slíkt á sjúkrabeði, svo að ég las það ekki einu sinni. En þetta framsóknarblað sýnist mér vera þess eðlis, að það megi leggja það til hliðar og láta það bíða síns dóms eða þá gleymskunnar.

En ég vil leyfa mér að rifja upp nokkur atriði málsins sjálfs frá byrjun, og skal ég þá leyfa mér að byrja á því, að strax þegar rofnaði samband Íslands við Danmörku, þá reis sú krafa upp, ég held frá einhverjum einstökum mönnum í flestum landsmálaflokkum, að taka ætti þeim afleiðingum á þann hátt að semja ný stjórnarl. fyrir Ísland, byggð á því, að Ísland væri orðið óháð öðrum ríkjum. Ég taldi þessa lausn málsins sjálfsagða og ætlaðist vitanlega til þess, eins og sjálfsagt þeir aðrir úr Sjálfstfl. og öðrum flokkum, sem þeirrar breyt. kröfðust, að þau stjórnarl. yrðu byggð upp með það fyrir augum, að þau stæðust fyllstu kröfur um lýðræðislegt stjórnarfyrirkomulag á Íslandi. Og það var í raun og veru ákaflega heppilegur tími til þess þá, sökum þess að þá var allur heimurinn að fara í blóðuga styrjöld einmitt út af ágreiningi um það, hvort þjóðirnar ættu að búa við lýðfrelsi eða einræði og kúgun. Það varð þó ekki úr þessu þá. Mótstaða reis strax gegn því. Og það er óhætt að segja það, að það, sem olli því fyrst og fremst, að ekki var hafizt handa um þetta hér hjá okkur, að taka fullkomlega á móti því frelsi, sem kom þannig fyrirhafnarlítið upp í hendur okkar, það var Framsfl. Þrátt fyrir það þótt hv. formaður þess flokks hefði gert margar ákveðnar till. í því máli um það, að Ísland lýsti fullu sjálfstæði sínu og hagaði sér að öðru leyti í samræmi við það, þá varð þó flokksþing Framsfl. til þess að berja þessa kröfu niður. Og þegar svo flokkarnir áttu um þetta að semja, þá var gerð *miðlun*, sem var *mér mjög* á móti skapi. Við höfum því búið við hálfgerðan óskapnað í stjórnskipuninni þessi síðustu 2—3 ár. En nú virðist svo komið, að meiri hl. hæstv. Alþ. a. m. k. hafi komizt á þá skoðun, að við *eigum* að stiga okkar sjálfstæðisspor að fullu. Og því hlýtur þá að fylgja það, að við byggjum upp stjskr. landsins með almennum stjórnskipunarl. Það, sem aðallega hefur staðið í vegi fyrir því, að hafizt hafði verið handa um það, var óvissan um það, hvort nokkrar kosningar mundu verða bráðlega, þ. e. a. s. hæstv. Alþ. mundi sitja áfram án nýrra kosninga eða nýjar kosningar mundu fram fara, eins og að sjálfsögðu á að vera.

Það hefur verið ákaflega mikið talað um, að okkur sé nauðsyn á friði í landinu milli pólitísku flokkanna. Engir menn hafa talað um þetta af jafnmikilli hrifningu eins og framsóknarmenn, og nú seinast hv. 1. þm. Rang. (SvbH). En í verkinu virðist ákaflega lítið benda til þess, að þessi flokkur meini nokkuð með þessu friðartali, því að hann vill enn sem fyrr eiga illt við allar stéttir þjóðfélagsins og alla flokka. Og það er vitað, að það er verk þessa flokks, að stjórnarsamvinnan, sem var, hefur brostið. *Þessi flokkur, sem er byggður þannig upp*, að hann telur sig eiga að beita bolmagni og ofbeldi, hvar sem því má við koma, hann vill sífellt leysa ágreiningsmálin með valdi. Þar af leiðandi er það mjög erfitt fyrir þá, sem vilja virða hag allra stétta, að eiga nokkra samvinnu við þennan flokk. Stjórnarsamvinnan, sem sagt, hefur rofnað fyrir einþykkni og kappgirni Framsfl., fyrir það, að hann vill beita valdi, en ekki leita samninga. Af þessu leiðir svo aftur það, að það er varla ástæða til annars heldur en kosningar fari fram.

Þegar ég sá hilla undir það, að kosningar mundu fara fram á næstunni, þá hreyfði ég því opinberlega, að sjálfsagt væri, að strax og kosningar færu fram, þá yrðu til undirbúin sérstök og fullkomin stjórnarl. fyrir landið. Ég hreyfði þessu, undir eins og hervernd Breta létti af landinu og Ísland fékk sér hervernd hlutlauss ríkis, Bandaríkjanna, og taldi ég þá, að kosningar ættu að fara fram og við ættum að ganga *frá stjórnskipunarmálinu*. Þetta varð þó ekki að framkvæmd í bráð og sú ástæða fyrir því færð, að það yrði að haldast innanlandsfriður og ekkert mætti gera, sem raskaði samvinnu þeirra stjórnmálaflokka, sem að ríkisstj. stóðu. Og þegar leið að þessu þingi, sem nú stendur yfir, þá var að sönnu búið að gefa yfirlýsingu um það af Framsfl., eða um það bil, að mig minnir, að kosningar skyldu fram fara á þessu ári. En eng-

an veginn var það talið víst, og má m. a. sjá það á þáltill. þeirri, sem hæstv. forseti Sþ. hefur borið fram, og einnig af þeim umr., sem fram hafa farið í þinginu um það, hvort kosningar gætu farið fram, nema ný þál. yrði samþ. Minni kröfu eða till. innan míns flokks um, að flutt yrði hér strax á öndverðu þingi frv. um ný stjórnskipunarl., þar sem kosningamálið væri tekið upp, gat ekki fengið afgr. að áliti míns flokks, fyrr en fullvíst væri um það, hvort kosningar yrðu látnar fara fram á þessu ári. Og þegar frv. það, sem sér liggur fyrir, kom fram og fór í n., þá var svo langt um liðið, að við 4 nefndarmenn, sem nú myndum meiri hl. n., töldum ekki, að tími gæti unnizt til þess að ganga frá fullkomnum stjórnskipunarl. nú, þar sem sjálfstæðismálið væri tekið fyrir fyrst og fremst, og töldum, að til þess yrði fyrst að vera sett nefnd, sem starfaði að því a. m. k. nokkurn tíma að undirbúa málið, áður en það yrði til lykta leitt. Hitt var álit okkar, sem oft hefur verið fram tekið, að þá töldu margir hv. þm., og sjálfsagt mikill meiri hluti hv. þm., að það væri alveg sjálfsagður hlutur, að ef kosningar færu fram í ár, þá bæri að nota það tækifæri til þess að gera breyt. á því helzta, sem breyta þyrfti í stjórnskipunarl., að því er kosningarréttinn eða kjördæmaskipunina snertir. Á móti þessu hefur það verið haft af Framsfl., að þetta vekti óróa og sundurþykki á hættulegum tímum. En ef á að ganga til kosninga á annað borð, þá veit það hver einasti maður, að kosningar geta ekki orðið á friðsamlegan hátt. Þá deila flokkarnir, eins og þeir geta, og deila þá um dauð mál, ef annað liggur ekki fyrir. Við sjálfstæðismenn álítum þá alveg eins gott að kjósa um eitthvert verulegt mál eins og að kjósa um ekki neitt eða þá kannske gamla drauga. Fyrst það á að deila á annað borð, þá er rétt, að barizt sé um ágreining þann, sem er til staðar á milli flokkanna um þessi lýðréttarmál.

Því hefur verið lýst yfir af hv. frsm. meiri hl. n., að við, sem flytjum þetta frv., munum leggja til, að sett verði n. til þess að undirbúa fullkomna stjórnskipunarlöggjöf fyrir næsta þing. Og það er vitað, að ef þetta stjskrfrv., sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá verður þess mjög skammt að bíða, að það þing verði háð.

Ég þarf ekki að endurtaka mótmælin gegn þeirri firru, að afgreiðsla breyt. á stjórnskipunarl. á næsta þingi fjölgi kosningum fram yfir það, sem vera þarf til samþykktar þessu frv., því að það er vitað, að ef stjórnskipunarl. verða samþ., hlýtur það að leiða af sér tvennar kosningar. Því að engum manni í þessu þjóðfélagi getur dottið til hugar nema framsóknarmönnum, að samþ. verði ný stjórnskipunarl. fyrir þetta land, nema með því móti, að breytt sé kjördæmaskipuninni.

Það er vert að athuga það, hver er grundvöllurinn undir stjórnskipunarl. einnar þjóðar. Ég hygg, að allir sanngjarnir menn séu sammála um það, að það eigi að vera frelsi og jafnrétti þegnanna. Ef við komum okkur saman um það, að ósæmilegt sé fyrir íslenzku þjóðina að setja stjórnarl., þar sem ekki er séð fyrir þessum grundvelli, þá verðum við einnig að viðurkenna, að kjördæmaskipun landsins verður að breytast stórkostlega. Því að það er ekki jafnrétti þegnanna, ef einn maður í þjóðfélaginu hefur kannske ekki nema ⅛ eða 1/10 hluta af rétti á við annan til þess að ráða málefnum þjóðarinnar. En svona er hlutfallið nú í ýmsum tilfellum, því að það mun sjálfsagt engum mönnum ofvaxið að skynja það, að það er fólkið í landinu, en ekki holt og hæðir, sem á að ráða. Það eru dæmi til þess í öðrum löndum, að heil kjördæmi hafa gertæmzt að fólki og horfið úr sögunni. En hitt er þó enn alþekktara fyrirbrigði, að þar, sem mannfá svæði hafa verið, hafa komið upp blómlegar byggðir, bæði landbúnaðarbyggðir, iðnaðarbæir og verzlunarborgir. Og öllum þykir sjálfsagt, að fólkið á þeim stöðum fái réttindi til kosninga í samræmi við aðra landsmenn, eins og það þykir rétt, að réttur til þátttöku í ráðstöfunum á málum þjóðarinnar hverfi þar, sem mannlaust er orðið. Kjördæmaskipuninni verður því að sjálfsögðu að breyta.

En ágreiningur um þetta mál er þó mjög eðlilegur. Hann stafar af þessari sívakandi eigingirni manna. Nú hagar því þannig til, að Framsfl. situr að fámennum kjördæmum víða um landið. Og af þeirri ástæðu hefur þessi flokkur fengið tækifæri til þess að hafa miklu meiri áhrif á löggjöf landsins heldur en honum ber eftir mannfjölda. Vitanlega vill ekki þessi flokkur sleppa þessum friðindum. En það er ekki hægt að veita þessum flokki þessi réttindi öllu lengur, og sízt af öllu af því, að það má sýna fram á það með rökum, að hann hefur farið miður vel með þessi sérréttindi sín, því að hans sérréttindi hafa ekki orðið mannfólkinu í landinu til hagsbóta, en flokknum sjálfum til lítils sóma. Það hefur nú staðið svo milli 10 og 20 ár, að löggjöf sú, sem afgreidd hefur verið hér frá hæstv. Alþ., hefur í mörgum tilfellum verið andstæð vilja meiri hl. þjóðarinnar, sem stafar af því, að hér hefur farið með völd í landinu flokkur, sem ekki studdist við meiri hluta þjóðarinnar. Þessi flokkur styðst við um það bil ¼ hluta þjóðarinnar, og hann hefur aldrei komizt hærra en að hafa ⅓ hluta þjóðarinnar á bak við kjörna þm. sína. Samt hefur hann stjórnað, og hefur mörgum verið það ráðgáta, hvernig það hefur mátt ske. En ástæðan fyrir því er sú, að hann er ekki landsmálaflokkur, heldur samtíningur af hópum manna með gerólíkar skoðanir, frá hinum ákveðnustu afturhaldsmönnum til fullkominna stjórnleysingja. Þessi samtíningur, sem hangið hefur saman á hagsmunabandi, hefur alls ekki verið landsmálaflokkur, heldur verzlunarflokkur. Og það er rétt fyrir okkur, þegar að því líður, að þessi lofsæli flokkur líður undir lok, að gera okkur grein fyrir því, hvað landinu hefur stafað mikill gróði af þessari verzlunarpólitík. Við vitum það, að þessi flokkur hefur hvað eftir annað komið til annarra flokka og beðið um aðstoð, þegar hann hefur verið um það bil að setja alla á hausinn í landinu. 1927 tók hann við fullu húsi fjár, ágætum efnahag hjá ríkissjóði og blómlegum atvinnuvegum. En hann hafði skamma stund stjórnað hér í landinu, þegar hann var búinn að setja allt á hausinn. Fjárhagur ríkisins varð svo í höndum þessa flokks, að ríkið varð ekki aðeins ómegnugt þess að halda uppi skuldum sínum gagnvart lánardrottnum sínum, heldur varð ís-

lenzka ríkið bókstaflega að betla. Það voru sendir menn til annarra landa til þess að knékrjúpa lánsstofnunum og biðja þær að hjálpa þessu vesala ríki um gjaldfrest fyrir skuldum sínum. Atvinnuvegirnir fóru undir stjórn þessa flokks algerlega í rústir. Þessi flokkur vildi ekki viðurkenna í landinu nema einn atvinnuveg og ekki nema eina stétt. Hann vildi ekki viðurkenna sjávarútveginn sem nytsaman atvinnuveg, þrátt fyrir það að landhagsskýrslurnar stóðu fyrir augum hans, sem báru vitni um það, að 90% af öllum útfluttum vörum frá landinu voru sjávarafurðir. Hann vildi alls ekki viðurkenna verkalýðsstétt landsins, heldur leiða til lykta öll mál verkalýðsins í landinu í óvild þessa fólks. Hann segir nú, þegar eitt vandamálið er skortur á vinnuafli í landinu, að hann vilji ekki tala um það mál við verkalýðsfélögin í landinu, heldur vill hann leysa þetta mál í fullum fjandskap við þau. Og þó segir hv. 1. þm. Rang., að nú séu hættulegir tímar. (**BJ**: Hvað segir Sjálfstfl. um það?) M. a. segir hann það, sem ég segi nú. Það er aðeins ein stétt þjóðfélagsins, sem Framsfl. þykist vilja halda frið við, sem ekki stafar af öðru en atkvæðaveiðum. En hvernig vill hann, að þessi stétt sé? Hann vill ekki, að þessir menn séu sjálfstæðir menn. Hann hefur byggt fyrir það með því að hneppa þessa menn í skuldafjötra. Hann hefur gengizt fyrir því að setja skuldaklafa á alla bændur með kaupfélagsskapnum. Og jafnframt hefur hann reynt að sölsa undir ríkið jarðir bænda og lagt kapp á að breyta sjálfseignarbændum í leiguliða. Það er framtíðarhugsjón þessa flokks að halda þannig í taumana á bændum, sem annars vegar séu skuldataumarnir um háls þeirra, en hins vegar leiguliðafjötur um fót þeirra.

Þessi stjskrbreyt., sem hér er á ferðinni, stefnir auðvitað að því að draga úr valdi þessa flokks. Mér er sama, hvað hv. 1. þm. Rang. segir um þetta, að það sé, eins og hann talaði um, til þess að búa til minnihlutaþm. því að það er rangt. Þetta er til þess að útrýma minnihlutaþm., draga úr valdi þeirra og gera það bara eðlilegt. Það þýðir ekkert fyrir Framsfl. að neita því, að hlutfallskosning, hvort sem hún er í stærri eða minni stíl, miðar að því að gera rétt þegnanna sem jafnastan. Ég skal taka það fram, að mín persónulega skoðun er, að sú hlutfallskosning, sem hér er stofnað til, gangi miklu skemmra en nauðsynlegt er til þess að tryggja fullkomlega jafnrétti kjósendanna. Og þó við sættum okkur við það nú, þá munu rísa upp kröfur um það síðar, að hlutfallskosningar verði miklu fullkomnari og réttur þegnanna öruggari og jafnari heldur en fyrirkomulag það, sem nú er stofnað til, getur tryggt. En það er víst, að Framsfl. sér nú sína sæng upp reidda, og hann getur ekki lengur haft meiri áhrif um hlutdrægni í löggjöf landsins en honum ber. Og það er líka mjög sennilegt, að þegar fer að halla undan fæti hjá þessum flokki, þá muni fækka allverulega atkv. hans. Það þarf ekki að efast um það, og það er mannlegt, að fjöldi fólks úti um land hefur kosið með Framsfl. vegna þess eins, að hann hefur verið í stjórn landsins. Það er ekki nema eðlilegur hlutur, að fjöldi manna vill sitja í stjórnarskjólinu, og þetta hefur auðvitað aukið fylgið. En það hefur ekki verið lítið eins á það, hvernig þetta vald hefur verið fengið eða með það farið. Það má því gera ráð fyrir því, að fljótt fari að halla undan fæti hjá Framsfl., þegar fara á að bæta ofurlítið hlutföllin milli flokkanna. En það þýðir ekkert fyrir þennan flokk að vera að spyrna á móti eðlilegum kröfum fólksins. Hann verður nú að sætta sig við það, að hann er ekki nema að litlu leyti rödd fólksins, að minna leyti en flestir aðrir flokkar landsins. Þar af leiðandi verður hann að beygja sig fyrir almennri nauðsyn og almennum kröfum. Ég held þess vegna, að flokkurinn geri rétt ast í því að leita samkomulags við aðra flokka um að breyta kjördæmaskipuninni hægt og hægt. Sjálfstfl. hefur alltaf sýnt, að hann er samkomulagsflokkur. Hann er hvorki uppstökkur né blóðþyrstur. Honum hefur verið fundið það til foráttu, að hann sé seinn að ganga eftir rétti sínum. Hann hefði þess vegna tekið því vel, ef Framsfl. hefði leitað samkomulags um að breyta kjördæmaskipuninni hægt og hægt, og með sem minnstu umróti. En þetta hefur Framsfl. ekki kosið að gera. Og afleiðingin af því hlýtur að vera sú, að aðrir flokkar hafa forgöngu í þessu máli og taka réttinn, fólkinu til handa, með nokkru meiri harðneskju en ella mundi hafa verið gert. En Framsfl. má þá sjálfum sér um kenna.

Þær breyt., sem gerðar eru á kjördæmamálinu með frv. því, sem hér liggur fyrir, ef brtt. okkar meirihlutamanna verða samþ., eru að sönnu ekki stórvægilegar. Það er, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, að tvímenningskjördæmin kjósa jafnmarga menn og áður, en sá munur er þó á, að meiri og minni hl. er báðum veittur nokkur réttur. En eins og nú er, er minni hl. alveg réttlaus.

Samkv. till. okkar, meiri hl. n., er bætt við einu kjördæmi, en það er Siglufjörður. Það hefur verið sýnt fram á það í nál. minni hl., að Siglufjörður hefur hér um bil jafnmarga kjósendur og koma á hvern þm. í tvímenningskjördæmunum.

Um Reykjavík er það eitt að segja, að hún er enn látin búa við skarðan hlut. Við þekkjum það, að Rvík er ekki kröfuhörð. Hér vex upp, eins og kunnugt er, kringum ⅓ hluti allra landsmanna, og eftir því ætti Rvík náttúrlega að hafa um ⅓ hluta allra þm. Eins og nú er ástatt, hefur Rvík þó ekki nema um ⅙ hluta af þm. og hefur samt ekki látið mjög ófriðlega út af því. Þó að þingmannatala hennar sé aukin um 2, þá verður ekki sagt, að hér sé ákaflega freklega í sakirnar farið né að verið sé að búa til nýtt kjördæmi með þessu. Þetta leiðréttir dálítið hlutföllin í kjördæmaskipuninni og er spor í rétta átt, og er það sannast að segja undarlegt, að Framsfl., sem stærir sig af því að setja nýtt andlit á Rvík, skuli vera á móti þessari stéttarbót.

Um aðrar breytingar en þessar er ekki að ræða og um verulega fyrirhöfn ekki heldur, því að þegar var búið að ákveða, að kosið yrði hvort sem væri, þá þarf engar nýjar kosningar til þess að samþ. þetta frv. En af því að svo er ákveðið í frv. sjálfu, að kosningar skuli þegar fara fram samkv. þeirri kjördæmaskipun, sem frv. felur í

sér, þá er einnig unnt að breyta stjórnskipunarl., að því er snertir sjálfstæðismálið, og láta það fá fullnaðarafgreiðslu með þeim kosningum, sem fara fram seinni partinn í sumar. Það er því ekki nema rangfærsla að segja, að hér sé stofnað til fleiri kosninga en annars mundi vera. Það hlýtur öllum Íslendingum að vera það ljóst, að stjórnskipunarl. verður að breyta. Það ástand, sem skapazt hefur hér í landinu, mun ekki verða bætt, nema við setjum okkur alveg nýja stjskr.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég mundi ekki fara út í annað en að lýsa minni afstöðu til málsins, og þá dálítið Sjálfstfl. í heild. Nú hafa hv. þm. séð það, að við höfum ekki alls kostar orðið sammála. Það eru til þeir menn í Sjálfstfl., sem telja, að taka eigi smá skref í þessu máli, að breyta kjördæmaskipun og kosningarrétti, og telja nægilegt, að sú breyt. verði gerð nú, að hlutfallskosningu verði komið á í tvímenningskjördæmum. Aðrir telja, að ekki megi við minna una en þessi 3 viðbótarþingsæti, sem einnig er stofnað til. Og enn eru til aðrir, sem telja, að þessu máli sé ekki sómasamlega til lykta ráðið, nema hlutfallskosningar verði teknar upp í öllum kjördæmum landsins.

Ég þarf ekki að tala fyrir hverju þessara atriða fyrir sig. Það er í góðu samræmi við vinnubrögð Sjálfstfl., að hann er hófsamur að breyta, en vill þó, að í rétta átt stefni. Ég geri ráð fyrir, að frv., eins og það er nú komið frá meiri hl. n., verði samþ. af flestum eða öllum sjálfstæðismönnum, af Alþfl. og einnig af Sósialistafl.

Það er ein breyt. þarna, sem ekki er beinlínis þörf á að skýra frá, en hún er um það, að landslisti skuli verða með sama hætti og áður. Ég geri ráð fyrir því, að Framsfl., sem er nú andstæður í þessu máli, muni ekki láta sig miklu skipta, hvort hún verður samþ. eða ekki. En það er þó alls ekki útilokað, að sá tími gæti komið, að sá flokkur fengi uppbótarsæti. Það gæti verið, að hann ætti eftir að lifa það upp að fá færri þingsæti en honum eftir atkvtölu bæri. Ég segi þetta ekki af því, að ég beinlínis geri ráð fyrir þessu, en það er fræðilegur möguleiki. Hitt er líklegra, að þessi flokkur, sem aldrei hefur verið landsmálaflokkur, skiptist upp, og margir af kjósendum hans og þeim mönnum, er honum hafa fylgt, sem margir eru nýtir menn, fylki sér með öðrum flokkum og lifi hreinlátara og betra pólitísku lífi en þeir hafa gert um stund.

Áður en ég lýk hér máli mínu, skal ég aðeins minnast hér á eitt atriði sérstaklega, sem hv. 1. þm. Rang. lagði út af. Hann lagði út af því, að um þessar breyt. sameinuðust andstæðustu öflin hér í þinginu, og fannst það vera óeðlilegt, og fyrir þetta ynnu menn svo mikið, að þeir fórnuðu friðnum við Framsfl. Ég vil nú segja þessum hv. þm. það, að í þjóðmálum er það eðlilegast, að hver maður fylgi því máli, sem hann álítur vera nauðsynjamál eða réttlætismál, alveg án tillits til þess, hvort aðrir fylgja því. Og hér sameinast menn eingöngu um málefni, sem er í raun og veru til fyrirmyndar, en ekki um persónur eða annað slíkt, sem síður er heppilegt í stjórnmálum. Ég hef t. d. margsinnis greitt hér atkv. með málefnum, sem bæði Alþfl. og Sósialistafl. hafa flutt, og einnig hafa mál, sem ég hef flutt, margoft fengið stuðning úr þessum flokkum. Þetta álít ég eðlilegt, því að menn eiga að fylgja málefnum eftir sannfæringu sinni. Og ef Framsfl. verður langlífur í landinu, þá verður hann það ekki fyrr en hann er kominn á það þróunarstig, að hann skilji, að menn eiga að hafa önnur málefni en persónuleg hagsmunamál og fylgja þeim.

Út af því, að friðnum hafi verið fórnað vegna þessa máls, sem mér skilst, að hv. 1. þm. Rang. leggi allmikla áherzlu á, þá vil ég benda honum á það, að friðnum er þegar spillt. Það er vitað, að sú stjórnarsamvinna, sem til var stofnað, hefur rofnað. Framsfl. hefur tekið málunum með svo mikilli frekju og einræðiskennd, að það er ekki hægt, ef maður vill vera réttsýnn gagnvart öllum stéttum þjóðfélagsins, að fylgja honum á þeirri braut. Og ég sem sjálfstæðismaður get ekki talið það óhapp, hvorki fyrir Sjálfstfl. né þjóðfélagið, þótt Sjálfstfl. hætti að vera á spyrðubandi með þessum flokki, því að hann virðist beita hörku og hlutdrægni við allar stéttir nema bændur. Það er sjálfsmorð fyrir hvern þann flokk, sem bindur trúss við hann. Hvað það snertir, að það sé háskasamlegt, að þessi flokkur yfirgefi stjórn landsins um stundarsakir, þá er ég á allt annarri skoðun. Ég verð að telja það mesta óhapp, að þessi flokkur skyldi nokkurn tíma hafa komizt í stjórn landsins, og álít, að okkur verði bezt borgið, ef áhrif hans færu sem mest dvínandi á löggjöf landsins.

Hv. 1. þm. Rang. sagði til áherzlu þessum varnaðarorðum sínum um að rjúfa friðinn, að við værum herteknir af 2 stórveldum. Ég er búinn að heyra þetta orðtæki nógu oft mér til mikillar skapraunar, og það er leitt, að við Íslendingar sjálfir skulum alltaf vera að tyggja þetta og telja okkur trú um, að við séum herteknir af öðrum þjóðum. Við fögnuðum því mikið, þegar Bretar léttu sínu hernámi af okkur, svo að við gætum sem frjálsir menn falið öðru ríki hervernd landsins. Það er því ósatt, að við séum herteknir. Og mér liggur næst að halda, þegar alltaf er verið að tönnlast á þessu, að í því felist einhver neisti af ósk um, að svo sé. Ég skil ekki, að menn séu alltaf að tyggja þetta, nema þeim sé einhver fróun í því. Það kann að vera, að þetta sé til komið fyrir áhrif frá gömlum ánauðartímabilum, þegar við vorum undirokaðir af öðrum þjóðum, en það er leitt, ef við getum ekki hafið okkur upp á það menningarstig, að við finnum, að við höfum slitið þetta haft af okkur.

Ég ætla nú ekki að hafa þessi orð fleiri. Það hefði verið ástæða til að svara fleiru af því, sem hv. 1. þm. Rang. fór með, en það yrði of langt mál. Að lokum vil ég svo benda honum á, af því að ég býst við, að smátt og smátt fari að draga úr áhrifum Framsfl., en hann hefur ríkt með nokkuð háum hanakambi og mun þess vegna ekki fá vægan dóm hjá sögunni, — að nokkuð gæti það bætt úr, að hann reyndi að verða sem bezt við dauða sínum.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að þeirri hlið þessa máls, sem snertir sérstaklega sjálfstæði okkar Íslendinga og það, hvernig eigi að ganga frá stjskr., hvað snerir þá breyt., sem sambandsslitin við

Dani gera eðlilega þar á. Mér finnst það liggja í augum uppi, að eðlilegasta aðferðin fyrir hæstv. Alþ. til þess að leysa það mál, sem er vitanlegt, að þarf ekki að vera a. m. k. neitt deilumál milli flokka, svo framarlega sem það er vel og hlutdrægnislaust undirbúið, — mér finnst liggja í augum uppi, að eðlilegasta aðferð Alþ. til að leysa það mál sé sú að afgreiða kjördæmamálið nú út af fyrir sig og taka svo stjórnarskrármálið fyrir að því er sjálfstæðismálið snertir, þannig að hafa það nægilega vel undirbúið, til þess að allir flokkar þingsins geti verið sammála um afgreiðslu þess á þinginu í sumar, láta svo kjósa út frá þeirri nýju kjördæmaskipun og um leið til þess að samþykkja breytingar á stjskr. okkar út af sjálfstæðismálinu. Mér finnst þetta liggja svo í augum uppi, að það þurfi í raun og veru ekki að ræða það mál sérstaklega. Ég hef alls ekki getað skilið þau mótrök, sem hv. frsm. minni hl. n. hefur verið að reyna að flækja þetta mál með. Mér virðist þetta liggja svo í augum uppi fyrir þá, sem virkilega vilja ganga að lausn sjálfstæðismálsins. Hvað svo kjördæmamálið sjálft snertir, þá er það vitanlegt, að hvenær sem það er tekið upp aftur, mundi það gefa tilefni til mjög harðvítugrar baráttu. Og það er ekki nema rétt, að það sé gerð ýtarleg grein fyrir því, hvers vegna nauðsyn er á því að heyja slíka baráttu, því að hún er um það, hvort í þessu þjóðfélagi eigi að vera lýðræðisskipulag, þannig að tryggður sé réttur meiri hl. þegnanna til áhrifa á stjórnarfarið á hverjum tíma, og hvort eigi að koma í veg fyrir það, að minni hl. þjóðfélagsþegnanna, og þá sérstaklega lítill minni hl. þeirra, eigi að geta algerlega drottnað yfir þjóðinni. Er þetta tryggt með núverandi kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi, að meiri hl. þjóðarinnar ráði í þessum efnum? Og er með núverandi skipun á þessum málum komið í veg fyrir það, að lítill minni hl. þjóðfélagsþegnanna geti ráðið ráðum þjóðarinnar? Hvernig er skipun þessi nú? Ef gengið er út frá því, sem kom fram við síðustu kosningar, þá er hægt fyrir flokka og flokkasamsteypur, sem hafa á bak við sig 18 þús. atkv. í 26 einmenningskjördæmum og tvímenningskjördæmum á landinu, að ná hreinum meiri hluta og hafa þar með 26 þingmenn kjörna, þó að allir aðrir kjósendur í landinu, sem ekki kysu þessa þingmenn, geti verið ¾ hlutar þjóðarinnar. Þó að þessir ¾ hlutar kjósendanna fengju alla þm. bæjanna kjörna og uppbótarþm. alla og eitthvað af kjördæmaþm., þá mundu þeir hafa 23 þm. kjörna, sem þó hefðu ¾ hluta þjóðarinnar á bak við sig.

Þessi ¼ hluti þjóðarinnar með 18 þús. atkv. á bak við sig gæti fengið 26 þm. og ráðið málum þjóðarinnar á þingræðislegan hátt. Og hann gæti gert meira. Hann gæti breytt kjördæmaskipuninni svo, að hún yrði færð í enn meira afturhalds- og einræðishorf, t. d. þannig, að alls staðar yrðu einmenningskjördæmi. Það er þetta, sem skapar hættu fyrir lýðræði þjóðarinnar. Með flokkasamsteypu, sem nær réttum meiri hl. í einmennings- og tvímenningskjördæmum, getur ¼ hluti þjóðarinnar náð meiri hl. þings. Þessi hætta felst í núverandi kjördæmaskipun, og það er sérstök ástæða til að reyna að afstýra henni, þegar farið er að bera á þeirri tilhneigingu, að vissir flokkar vilja nota sér þessar misfellur á kjördæmaskipuninni til þess að beita kúgun, sem mundi fylgja því valdi, sem vegna þeirra misfellna væri hægt að ná.

Formaður Framsfl. beitti sér fyrir því, að mynduð yrði flokkasamsteypa, sem hann gæti beitt gegn samtökum verkalýðsins og hagsmunum millistéttarinnar og menntamanna þjóðarinnar. Síðan hafa bæði hann og hæstv. forsrh. verið þess hvetjandi, að landinu væri skipt upp í eintóm einmenningskjördæmi. Það er einmitt þessi tilhneiging, að skapa þingræðismöguleika til þess að drottna með minni hl. þjóðarinnar á bak við sig, sem felur í sér svo stóra hættu fyrir lýðræðið. Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að afstýra þeirri hættu, þó að það gangi ekki nógu langt. Það er því ekki til neins fyrir hv. frsm. minni hl. að tala með þjósti um, að verið sé að gera það, sem lýðræðinu stafi hætta af. Hann snýr hlutunum alveg við. Enda hefur í krafti kosningal. verið stigið hvert sporið á fætur öðru á einræðisbrautinni hér. Það þarf ekkert að velta vöngum um það, að frv. miðar að því að afstýra hættunni á, að þingræðið verði notað sem gríma fyrir einræði. Grundvallar-„principið“ í frv. er hið sama og var að nokkru leyti viðurkennt við stjskrbreyt. 1933, þó að það fengist ekki framkvæmt, sem sé, að allir þegnar þjóðfélagsins hafi jafnan kosningarétt. Þetta frv. miðar að því, þó að tilgangurinn náist ekki fyllilega, að gefa öllum jafnan kosningarétt. Andstæðingar frv. hafa ekki þorað að taka upp deiluna um, hvort Íslendingar eigi að hafa jafnan kosningarétt. Þeir hafa reynt að haga rökum sínum svo, að þeir þyrftu ekkert að fara inn á það, heldur verið með alls konar vífilengjur. Það væri æskilegt, að það kæmi greinilega fram, hvað þeir í raun og veru vilja. Af hverju á að gera Íslendingum svona mishátt undir höfði? Hvernig dirfist það skipulag, sem kennir sig við mannréttindi, að standa að þessu?

Það væri æskilegt, að frv. gengi lengra í þá átt að tryggja Íslendingum jafnrétti. Ég minnist á það í nál., að bezt væri að hafa fá, en nokkuð stór kjördæmi, t. d. 6 að tölu, með hlutfallskosningum. En það er ekki til neins að bera það fram. Ég get þó þessa til þess að sýna, hvað ég álít réttast.

Hv. frsm. minni hl. talaði um viljann til að vinna fyrir einmenningskjördæmin. Í sambandi við það vil ég benda á, hvers konar áhrif það hefur á þingstörfin, að einmenningskjördæmin skuli yfirleitt vera til. Það leiðir af sér hreppapólitíkina, þetta erfiða vandamál, sem bindur þm. hvern á sinn bás. Hreppapólitíkin gengur svo langt, að það hefur aldrei mátt koma fram með till. um að taka veg upp í þjóðvegatölu, svo að þm. rísi ekki upp hver af öðrum og heimti vegarspotta í sinu kjördæmi í þjóðvegatölu. Fæstir hugsa um, hvar nauðsynin er mest og hvað þjóðarheildinni er fyrir bezt. Síðan verzla þeir sín á milli, kalla hver annan út í horn, áður en atkvgr. fer fram og segja: „Ég skal vera með þínum vegi, ef þú vilt vera með minum“. Þannig var þetta, þangað til flokkarnir settu handjárn á þm. og bönnuðu þeim að koma með brtt. við fjárl.

Þetta er enn þá hættulegra, þegar um stærri mál er að ræða, t. d. hvar eigi að setja niður síldarverksmiðjur. Hver og einn af þm. norðanlands heldur því fram, að síldarverksmiðju sé sjálfsagt að hafa í sínu kjördæmi. Hitt er aukaatriði, hvað sé heppilegast fyrir síldveiðiflotann. Halda menn, að þetta sé hollt fyrir lausn málanna? Svo er dritað niður smáverksmiðjum hér og þar, sem ekki borga sig, þar til öllu er skellt yfir á ríkið. Spillingin, sem af þessu leiðir, hefur valdið glundroða og axarsköftum, meira að segja líka, eftir að flokkarnir fóru að handjárna þm. Eitt smádæmi eru rafveiturnar. Ég held, að rafveituábyrgðirnar séu komnar upp í einar 9 milljónir. Það er með þessu verið að sundra þjóðinni í smáhreppa og eyðileggja vinnubrögð þingsins.

Þá er bezt að snúa sér að hinni pólitísku hlið málsins. Það er sérstaklega Framsfl., sem hefur grætt á ranglæti kjördæmaskipunarinnar og notað þá möguleika til einræðis. Því meira sem hann hefur unnið á, því meira hefur hann spillzt. Framsfl. hefur á síðustu 12—15 árum breytzt úr tiltölulega róttækum vinstri flokki, með hagsmuni sveitaalþýðunnar fyrir augum, í það að vera svartasti afturhaldsflokkur, sem hefur beitt sér fyrir harðvítugri samvinnu við auðvaldið á Íslandi en áður hefur þekkzt. Sérréttindi Framsfl. hafa spillt honum. Eitt af því, sem er nauðsynlegt til að skapa hér aftur heilbrigðan sveitaflokk, er að taka þessi sérréttindi af Framsóknarflokknum.

Hv. frsm. minni hl. talaði átakanlega um, hvert tjón það væri, að verið væri að stofna til ófriðar. En hvers konar frið hefur hann viljað og samherjar hans? Friðinn um það að mega skipta þjóðinni upp í stað þess að sameina hana? Friðinn um það að ofsækja verkalýðinn og menntafrömuði landsins? Friðinn um það að mega taka þá menn, sem hafa þurft að flýja á náðir sveitarinnar, flytja þá burt og ræna þá öllum mannréttindum? Friðinn um það að mega viðhalda harðvítugu auðvaldi í landinu? Það er hægt að kalla ástandið í kirkjugarðinum frið. Það er hægt að kalla það ástand í þjóðfélaginu, að smælingjarnir eru fjötraðir og réttindalausir, frið. Framsfl. vill þær kosningar, sem geta eflt þann frið. En alþýðumenn í þessu landi eru á öðru máli.. Þúsundir þeirra verða þeirri stundu fegnastar, þegar þjóðstj. er ekki lengur til. Þeir vilja sprengja þá fylkingu, sem hefur verið andstæð öllum þeirra hagsmunamálum, og tryggja sig gegn því, að nokkur flokkur geti náð meiri hl. á Íslandi, sem er í minni hl. á meðal þjóðarinnar. Svo talar hv. 1. þm. Rang., frsm. minni hl., um þjóðarnauðsyn og réttlætistilfinningu. Var það af þjóðarnauðsyn, að Kveldúlfur var gerður skattfrjáls? Er það réttlætistilfinning hv. 1. þm. Rang., sem segir honum, að verkalýðnum skuli bannað að bæta kjör sín, en auðkýfingarnir stórauka eignir sínar?

Hv. frsm. talaði um, að verið væri að rjúfa samstarfið og fórna því. Þessu líka þokkalega samstarfi! Hann talaði um það, að við ættum að verja frelsi okkar í framtíðinni. Er það frelsi verkalýðsins, sem sá flokkur er að verja, sem samþ. þrælalögin?

Þá segir hv. frsm., að það sé verið að reyna að gera sveitakjördæmin áhrifalaus. Ég er nú hræddur um, að það, sem Framsfl. talar um, að eigi að fara að vinna, hafi þegar verið unnið. Hvað gerði form. Framsfl., þegar hann hafði öll ráð í sinni hendi? Gerði hann nokkuð fyrir áhrifavald sveitanna? Nei, hann seldi áhrifavald sveitanna, seldi það í hendur Kveldúlfi. Það er því ekki verið að minnka áhrifavald sveitanna. Þegar sveitaalþýðan á Íslandi skipar svo sinni pólitísku forustu, að hún getur unnið með verkamannastétt bæjanna, verða möguleikar til, að hún geti komið fram sínum hagsmunamálum. Framsfl. hefur brugðizt henni.

Hv. 1. þm. Rang. minntist enn fremur á það, að það væri talað um kommúnista og þætti miklu betra að styðja öfgaflokka til alls konar framkvæmda. Það mætti kannske athuga það, hverjir það væru, sem kommúnistar hafa stutt til valda. Ég veit ekki betur en ýmsir af þm. Framsfl. sitji nú á þinginu fyrir atkv., sem þeir hafa fengið frá kommúnistum. Sannleikurinn er sá, að það hefur sýnt sig með kommúnistana, að þeir hafa verið til með að styðja hvert það mál, sem þeir halda, að leiði til meira frelsis fyrir þjóðina, og þess vegna hvatti ég fylgismenn mína 1937 til þess að kjósa framsóknarmenn. En hvernig hafa svo þessir menn farið með það traust, sem þeim var sýnt þá? Þeir hafa notað það til þess að koma á skattfrelsi útgerðarinnar og þar með losað milljónafyrirtæki eins og Kveldúlf undan öllum sköttum. En ég er hræddur um, að verkamenn komi til með að þakka þeim fyrir það við næstu kosningar, og er ég hræddur um, að engan undri, þó að verkalýð landsins finnist tími kominn til þess að skapa réttlæti í kjördæmamálinu og tryggja sér fullkominn kosningarétt.

Þá talaði hv. 1. þm. Rang. um, að hlutfallskosningar hefðu eyðilagt lýðræðið, en það fer fjarri því að svo sé. Það, sem hefur eyðilagt lýðræðið, er það, að flokkar, sem hafa kallað sig lýðræðisflokka, hafa ekki framkvæmt það, sem fólkið hefur falið þeim við kosningar, heldur hafa þeir, þegar til þingsins kom, byrjað að verzla um málin. Það er slík sár reynsla, sem fólkið hefur fengið ár eftir ár, t. d. af flokk eins og Framsfl. Það er því alger misskilningur hjá hv. 1. þm. Rang., að það hafi verið hlutfallskosningar, sem hafa eyðilagt lýðræðið í heiminum. Hann sagði enn fremur, að eftir að keisaradæmið þýzka hrundi til grunna 1918, hefðu kommúnistar og nazistar komið sér saman um stjskr., sem hefði síðan valdið því, að lýðræðið hrundi til grunna. En það var bara allt annað. Hvorki kommúnistar né nazistar máttu sín verulega á þeim tíma. Meiri hl. þingsins var skipaður þm. frá sósíaldemókrötum og öðrum slíkum flokkapörtum. En slíkir flokkar töldu sig lýðræðisflokka.

Ef menn fara að rannsaka þetta, þá munu þeir komast að raun um, að það voru auðmannastéttirnar í Þýzkalandi, sem ekki treystu sér til að láta fólkið hafa kosningarétt, og þá kom einræðið til sögunnar. Það skyldi nú ekki vera, að eitthvað svipað vekti fyrir mönnum þeim, sem hér berjast á móti því, að réttlátara kosningafyrirkomulag komist á, og vilja halda dauðahaldi í það fyrirkomulag, að ¼ hluti þjóðar-

innar geti fengið algert vald yfir hinum ¾ hlutum þjóðarinnar?

Þá talaði hv. þm. um það, hversu háskasamlegt það væri, að þjóðin væri nú leidd út í illvígari deilur en nokkru sinni fyrr á slíkum hættutímum, sem nú væru. Því skal ekki neitað, að nokkur hætta vofir yfir okkar þjóð, en má ég spyrja: Var það ekki hæstv. fyrrv. forsrh., sem lýsti yfir því, að það yrðu að vera kosningar í sumar? Var þá ekki gefið, að þjóðin færi út í kosningar? En svo kemur hin spurningin: *Hvers konar kosningar áttu þetta að vera?* Áttu það að vera kosningar, þar sem Framsfl. átti að halda áfram samvinnunni við Sjálfstfl., eða áttu það að vera kosningar til þess að ræða alla pólitík landsins? Það er alveg óhætt að fullyrða það, að *þegar þessir menn eru að tala um friðarkosningar og nauðsyn þess, að allir séu sammála*, þá er það ekkert annað en eintóm hræsni, því að einmitt þessir sömu menn eru árið út og árið inn að boða sífelldan ófrið með þessari þjóð, þar sem þeir vilja skipta þjóðinni í tvo hluta og kalla annan ófriðarvaldinn, af því að hann hefur verið útilokaður frá vinnu.

Þá sagði hv. þm., að hér hefðu komið fram verzlunarsamningar á milli flokka, rétt eins og það væri nokkuð, sem aldrei hefði þekkzt hér áður. Mér þætti annars mjög fróðlegt að heyra hv. þm. sýna fram á, að það hefði verið samið um þetta mál. Aftur á móti *mun flokkur* þessa hv. þm. hafa gert verzlunarsamninga um flest stórmál, sem verið hafa á döfinni undanfarin ár. Það, sem hér um ræðir, er einungis það, að þeir flokkar, sem að þessu máli standa, álíta, að *þetta stefni í lýðræðisátt og muni tryggja frelsi* og framtíð þjóðarinnar betur en núverandi kjördæmaskipun. Annars vil ég upplýsa það, að daginn eftir að ég stofnaði kommúnistaflokkinn, var okkur boðið upp á verzlun af Framsfl. um það að gera Siglufjörð að sérstöku kjördæmi gegn því, að við styddum frambjóðanda Framsfl. á Akureyri, en því tilboði var hafnað. Ég held því, að hv. 1. þm. Rang. megi tala varlega um verzlunarsamninga í sambandi við þetta mál og ýmis önnur fleiri.

Ég vil svo að lokum segja það, að með þeirri breyt., sem hér á að gera á kjördæmaskipuninni, á að tryggja *fólkinu í landinu meiri rétt* til þess að hafa áhrif á þingið heldur en verið hefur. Það á með þessu að koma í veg fyrir það, að ¼ hluti þjóðarinnar geti tryggt sér yfirráð yfir hinum ¾ hlutum þjóðarinnar og farið með öll völd *í landinu*.

***Bergur Jónsson:** Ég vildi beina því til ráðh. Sjálfstfl., hvort þeir vildu ekki láta álit sitt í ljós um þetta mál. Að vísu talaði hæstv. fjmrh. um frv. við 1. umr. málsins og lét þá þung orð falla í garð hv. 5. þm. Reykv., flokksbróður síns, fyrir þau ummæli, sem hann hafði látið falla í þá átt, að hann vildi fá þetta mál fram. Ég skildi hæstv. fjmrh. þannig, þegar hann hélt þá ræðu, að hann teldi stjskrbreyt. óheppilega á þessu þingi, og ég hygg, að allir, sem á hann hlustuðu, hafi haldið það. En þar sem nú er svo komið, að *fulltrúar Sjálfstfl. í stjskrn. hafa lýst yfir* því, að þeir væru sammála þeim annarra flokka mönnum í n., sem vildu, að þetta mál gengi fram, þá væri mjög fróðlegt að heyra álit hæstv. ráðh. Sjálfstfl., eins og nú er málum komið.

Eins og sjá má af nál., sem hér liggur fyrir, er það mjög mikið atriði í sambandi við þetta mál, að það mundi hafa í för með sér tvennar kosningar. En þó vil ég vekja athygli manna á öðru *enn stærra atriði í sambandi* við þetta mál, og það er það, eftir því sem komið hefur fram í ræðum hv. 4. og 5. þm. Reykv., að þeir ætla sér á næsta þingi, eftir næstu kosningar, að setja inn í stjskr. breyt. þær, sem nauðsynlegar *eru til* þess að ganga frá sjálfstæðismálum þjóðarinnar, með tilliti til þess, að Ísland verði lýðveldi. Þessir menn halda því fram, að þetta gangi deilulaust í gegn. Ég ætla mér ekki að fjölyrða um það, en varlegara mun að líta ekki of björtum augum á það, því að í því sambandi geta komið fram atriði um skipun þingræðis og lýðræðis í landinu. Ég vil spyrja þessa hv. þm., sem bera fyrir brjósti breyt. á stjskr. í sambandi við sjálfstæðismálið, hvort þeir hafi athugað, að með því stofna þeir ekki aðeins til tveggja, heldur þriggja kosninga, nema því að eins, að þeir geri breyt. á frv. eða, nánar tiltekið, ákvæðinu um stundarsakir. *Ég vildi gjarnan fá* skýringu á því, hvernig á þessu stendur. (**GÞ:** Það stendur, að þeir missi umboð sitt á kjördegi.) Ég var að biðja um skýringar á þessum leikaraskap. Nú er leikurinn byrjaður, og hver *veit, hvar hann endar*. (**ÓTh:** *Hann endar* með því hræðilega, að við verðum fullvalda.) Ég vona, að þessum hæstv. ráðh. verði að trú sinni. Það, sem er aðalatriðið í þessu máli, eru ekki þessar breyt. á kjördæmaskipuninni, heldur hvaða leiðir eru lagðar fyrir Alþ. til þess að leysa úr því. Frá meiri hl. stjskrn. er lagt til að gera breyt á stjskrn., en þær breyt. eru ekki í öðru fólgnar, eftir því sem hv. þm. V.-Sk. segir, en að koma á hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmunum. Hv. þm. Borgf. hefur og borið fram brtt. í þessa átt.

Það er ekki aðalatriðið, hvort fjölgað verður þm. um þessa 3, heldur hvort sæmilegt er að ganga að stjórnarskipun landsins, eins og hér er gert. Þess mun vitanlega skammt að bíða, að óhjákvæmilegt verði að breyta stjskr. á víðtækari grundvelli en hér er gert, en hingað til hefur Alþ. ekki séð sér fært að gera það. Í fyrra var það álit meiri hl. þingsins, að ekki væri ráðlegt að fara út í stjskrbreyt. að sinni. Nú er álit sumra þessara manna hið gagnstæða. Í hvers nafni gera þeir þetta? Í nafni réttlætisins, segja þeir. Ég sýndi fram á það við 1. umr. málsins, að með þessu fyrirkomulagi, sem hér er reynt að koma á, komi aðeins út öfugar og rangar niðurstöður, og á ég þar sérstaklega við hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Allir þeir, er með þessum málum fylgjast, hljóta að viðurkenna, að með þessu fyrirkomulagi verður ranglæti aðeins lækkað með öðru ranglæti. Fyrirkomulagið er óhæft, það *er misnotkun á* hlutfallskosningaaðferðinni, sem aðeins á að nota, þegar þrír eða fleiri eru í kjöri, en hér er aðeins um að ræða tvo menn.

Aðeins fyrir þetta eina atriði ætla menn að *stofna til breyt. á stjórnarskipun ríkisins*, sem jafnvel leiðir til stjórnarskipta, og það, sem er einkennilegast, setja á laggirnar stjórn, sem ekki

hefur að baki sér nema fylgi lítils hluta Alþ. og loforð annars hluta til þess að vera á móti vantrausti á ríkisstj., en samkomulag um mál, sem skipta miklu meiru fyrir þjóðina, eru ekki tryggð á neinn hátt.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði með fyrirlitningu um þann frið, er hér hefði ríkt, og minntist einnig á þá kúgun, sem ríkt hefði undanfarið, og þá átti hann ekki aðeins við framsóknarmenn, heldur og aðra. Ég vil nú spyrja þennan hv. þm. að því, hvort það sé leiðin til þess að komast hjá kúgun að setja á stofn nýja Kveldúlfsstjórn, eða leitar þessi hv. þm. friðar hjá Thorsurunum? Hann talaði um verzlun, er undanfarið hefði átt sér stað við Thorsarana um sveitakjördæmin. Ég veit ekki, hvað er hægt að kalla verzlun, ef ekki nú, þegar sjálfstæðismenn eru einir látnir fara með stjórn landsins til þess að breyta kosningafyrirkomulaginu og draga valdið úr höndum sveitakjördæma. Hann minntist enn fremur á þá spillingu, sem fylgdi einmenningskjördæmunum. Ég veit ekki, hvað þeir segja um það, sem standa að þessari breyt. með honum. — En hver var þessi spilling? Jú, spillingin var sú, sagði hann, að Alþ. lét leggja vegi, byggja brýr, reisa síldarverksmiðjur o. s. frv. — Sér er nú hver spillingin. Skyldu þessir menn ætla að tala svona í kosningunum í sumar? Þeir geta gert lítið úr vandamálum, sem leysa þarf, þegar þeir segjast berjast fyrir „réttlæti". Þeir segjast ætla að nema burtu sérréttindi Framsfl. Hver eru þessi sérréttindi? Þau eru fólgin í því, að kjósendurnir úti um landið vilja fremur fylgja þeim flokki en öðrum, vegna þess að þeim líkar betur við hann en aðra flokka, enda er engum öðrum flokk betur trúandi fyrir hagsmunum þeirra.

Ég hlustaði ekki á hv. frsm. meiri hl., en mér hefur skilizt af ræðum annarra hv. þm., að hann hafi mikið talað um það góðæri, sem hér ríki, að menn vaði nú í peningum. En ég vona, að þessi hv. þm. sjái, að framundan eru hættutímar, eða sér hann það e. t. v. ekki? Ef til vill er hann ánægður yfir því, að menn skuli setja svona mikið af peningum inn í bankann til hans. Ég get varla kallað þetta góðæri. Það er að vísu nóg til af pappírspeningum, en hvernig fer, ef siglingar teppast hingað til lands? Ísland er að vissu leyti orðið stríðsaðili, því að það hefur verið lýst á hættusvæði af öðrum styrjaldaraðilanum, og landið er nú undir hervernd hins aðilans. Ef tækist að stöðva siglingar hingað til landsins og sökkva, þó eigi væri nema hluta af skipastól okkar, á hverju á fólkið þá að lifa? Á það að lifa á peningaseðlum? (ÁÁ: Á það að lifa á tvímenningskjördæmum?) Þessi hv. þm., fyrrv. forsrh. Framsfl., leit einu sinni öðrum augum á hlutina en hann gerir nú, þegar hans eina áhugamál nú er að reyna að svipta Framsfl. þingsætum. Því hefur verið lýst yfir hér, að þetta sé aðeins bráðabirgðaáhlaup á hina ímynduðu hagsmuni Framsfl., því að önnur lausn á því máli bíði síðari tíma. Þessir hagsmunir Framsfl. voru ef til vill til staðar árið 1937, en það er alveg óvíst um þá nú. Hver veit, hvernig fer í tvímenningskjördæmunum í vor, eða halda þessir menn, að tvímenningskjördæmin eigi að standa að eilífu og að hlutfallið milli flokkanna breytist aldrei? Mörg eru dæmi þess í kjördæmunum, og get ég þar nefnt Rangárvallasýslu og Skagafjarðarsýslu.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að Framsfl. hefði undanfarin 10—15 ár ráðið einn löggjöf landsins og öll l. hefðu verið til ills eins. Framsfl. hefur ekki getað sett einn l. hér á landi, svo að þessi ummæli hv. þm. sýna aðeins, í hversu miklum vandræðum hann er með röksemdir. Þá sagði hann, að Framsfl. espaði alla upp á móti sér. Hann er skynsamur þessi flokkur, eða hitt þó heldur, að hrinda öllum frá sér nema bændunum. Ég veit ekki, um hvað þessi hv. þm. var að hugsa, þegar hann sagði þetta. Þessi hv. þm. minntist afar oft á verzlun í ræðu sinni, og það er ekkert óeðlilegt, þótt honum detti verzlun í hug, þegar hann er nú orðinn stuðningsmaður Kveldúlfs og Landsbankans og þeirra manna, sem hann hefur hingað til hatað öllum öðrum mönnum fremur.

Jæja, ég ætla nú ekki að teygja þessar umr. meir að sinni. Ég óska aðeins eftir hreinum svörum hjá þeim, sem að þessu frv. standa og ætla á næsta þingi að gera fleiri breyt. á stjskr. um, hvernig þeir ætla að komast hjá þrennum kosningum. Um hitt þýðir ekki að deila hér, ábyrgðarleysi þingmeirihl. Það verður gert á öðrum vettvangi.

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. frsm. minni hl. kvaðst hafa leitað í áliti meiri hl. að röksemdum fyrir því, að það þyrfti nú að taka upp þetta mál, og kvaðst ekki hafa fundið aðra röksemd heldur en þá einu, að meiri hl. væri sammála um það að jafna atkvæðisrétt manna í landinu. Það er nú svo, að meiri hl. finnst þetta vera ærin röksemd fyrir því að taka mál þetta upp. Í hverju lýðræðisþjóðfélagi á það tvennt að vera tryggt, að það sé meiri hl., sem ræður, og að réttur minni hl. sé um leið tryggður, svo sem vera ber. Og það er ekkert fyrirkomulag, sem tryggir þetta eins vel og hlutfallskosningar og uppbótarþingsæti. Og það er þess vegna, sem þessar aðferðir hafa verið teknar upp í flestum lýðræðislöndum. Ég skal ekki segja, hvort hv. 1. þm. Rang. telur þessar röksemdir vera nógar. En það gæti verið, að einhver samvinnumaður áliti það vera töluvert atriði, að menn hefðu jafnan atkvæðisrétt, þótt ekki væri nema í samvinnufélagsskap. Og það gæti verið, að einhver guðsmaður hefði haldið því fram, að mannssálirnar séu nokkuð réttháar í hlutum, sem varða kannske eins miklu og þetta mál um kosningar og tvímenningskjördæmi.

Þá vildi hv. 1. þm. Rang. halda því fram, að það væru felldar niður hjá meiri hl. stjskrn. till. um tvö sérstök kjördæmi, vegna þess að meiri hl. hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að nettógróðinn af því að taka upp þessi tvö nýju kjördæmi væri ekki nægilega mikill. En nú er það svo, að minni hl. n. telur sig í áliti sínu sýna fram á það, að það væri ranglátt að taka upp þessi kjördæmi. Jafnframt kemst minni hl. að þeirri niðurstöðu, að Framsfl. mundi græða á þessu ranglæti. Það er þar þannig í öðru orðinu fárast um þessar till., sem voru teknar aftur, en í hinu orðinu er kvartað um það, að þær séu ekki látnar standa óbreyttar. Þetta er nokkuð líkt og hitt, sem hv. frsm. minni hl. er alltaf að

áfellast mig fyrir. Hann kennir mér um það, að ekki séu fleiri þm. fyrir Rvík nú heldur en 6, og ástæðan til þess, að hann vill hafa fleiri þm. en 6 fyrir Rvík, er sú, að þá mundi Framsfl. kannske hafa eitt þingsæti hér í Rvík.

Hv. 1. þm. Rang. telur, að mér hafi verið falið það 1933 að koma því til vegar, að a. m. k. 7 þm. yrðu ákveðnir handa Rvík, en mér hafi ekki tekizt þetta. Ég vil minna þennan hv. þm. á það, að þegar verið er að jafna atkvæðisréttinn og þegar verið er að jafna það misrétti, sem er á milli flokkanna, þá getur sá flokkur, sem fæst hefur atkvæði á hvern þm., ekki búizt við því, að sérstaklega verði stofnað nýtt kjördæmi eða þingsæti hans vegna. Þegar um það er að ræða að jafna atkvæðisréttinn, þá verður að nota þau meðul, sem jafna réttinn en ójafna hann ekki. En ég sé ekki annað en þeir, sem kvarta mest yfir því, að ekki voru ákveðnir 7 þm. fyrir Rvík árið 1933, ættu að gera sig sæmilega ánægða með, að nú er lagt til að hafa 8 þm. fyrir Rvík. Þarna kemur fram það sama og áður, að í öðru orðinu er sagt, að Rvík hafi ekki nógu marga þm., en í hinu orðinu, að hún hafi of marga þm.

Í sambandi við þetta benti svo hv. 1. þm. Rang. á Oslo til samanburðar og sagði, að í bæ eins og Oslo væru ekki nema 7 þm. og 300000 íbúar. Og svo hneykslaðist hann á okkar till. um það, að Rvík hefði 8 þm. Hvað ættu að vera margir þm. fyrir Árnessýslu eða Rangárvallasýslu í samræmi við Oslo? Ekki nema lítið brot úr þm. Til þess að bera þetta saman, verður maður að taka hlutfallstölur. Í Oslo er 1/10 hluti Norðmanna, og Oslo hefur 1/20 hluta þingmannanna. En í Rvík býr 1/8 hluti Íslendinga — í þeim höfuðstað, og eftir sama hlutfalli og gildir í Oslo um tölu þm., þá ætti Rvík að hafa 1/6 hluta þm. á Alþ. Og samkvæmt okkar till. þá eiga þm. Reykv. að vera 8, en það er um það bil nákvæmlega 1/6 hluti af þingmannatölunni, sem gert er ráð fyrir. Þessi fyrirmynd, sem var sett okkur fyrir hugskotssjónir af hv. 1. þm. Rang., fellur þannig algerlega saman við okkar till. Og þegar hv. 1. þm. Rang. talar um það, að í Noregi sé svo rammbyggilega gengið frá þessum málum, að ekki megi nema viss hluti þm. þar vera frá hinum stærri kaustöðum, þá gleymir hann því, að til skamms tíma var talið, að kaupstaðirnir þar hefðu grætt á ákvæðunum um hlutfallskosningar. Það voru kvartanir um það þar í sveitunum, að kaupstaðirnir hefðu fleiri fulltrúa hlutfallslega heldur en sveitirnar samkv. þessu grundvallarákvæði. Ég vil nú ekki á neinn hátt segja, að þetta ákvæði sé til eftirbreytni. En ef vitnað er í kosningafyrirkomulagið hjá Norðmönnum, þá er rétt að geta þess, hvernig það hefur verkað, þar sem þetta fyrirkomulag hefur gilt.

Þá sagði hv. 1. þm. Rang., að tilgangurinn með þessu frv. væri sá að neyða kjósendur, sem ekki vilja líta við ákveðnum flokkum, til að fylgja þeim samt. Við skulum nú líta á kjördæmi eins og hans kjördæmi, Rangárvallasýslu. Þar munu um síðustu kosningar hafa verið um 940 framsóknarkjósendur, en af andstöðuflokkum Framsfl., aðallega sjálfstæðismönnum, munu hafa verið þar um 900 kjósendur. Það munar ekki mörgum hundraðshlutum þarna. Og að álíta réttlætið í kjördæma- og kosningafyrirkomulagi vera fólgið í því, að þessir 940 menn ráði 2 þm., en hinir ráði engu um val þm., heldur séu strikaðir út og það sagt um þá, að þeir séu aðeins taglhnýtingar kaupstaðanna og ekki annað, það finnst mér ekki fullkomin virðurkenning á því, að sveitamenn séu alltaf sveitamenn, þó að þeir séu ekki undir öllum kringumstæðum framsóknarmenn.

Við getum tekið annað dæmi, sem er Árnessýsla. Þar hygg ég, að kosið hafi við síðustu kosningar um 1280 framsóknarmenn, en með andstöðuflokkum Framsóknarfl. kusu þar um 1180. Það munar ekki öllu, þó að þar muni 100 atkv. í svona stóru tvímenningskjördæmi. Í Suður-Múlasýslu hafa andstöðuflokkar Framsóknarfl. fleiri atkv. heldur en þeir framsóknarkjósendur, sem ráða báðum þingsætunum fyrir það kjördæmi. Og ef við lítum á Eyjafjarðarsýslu, þá eru þar yfir 2000 kjósendur, sem kjósa önnur þingmannaefni heldur en Framsfl. bauð fram, en kringum 1600 kjósendur, sem kjósa framsóknarfulltrúana og fá báða þm. kjördæmisins kosna. Í Norður-Múlasýslu er hlutfallið eitthvað á þá leið, að 700 framsóknarmenn ráða þar 2 þingsætum, en um 580 kjósendur af öðrum flokkum ráða engum þm. Og ef maður leggur öll þessi tvímenningskjördæmi saman, þá verður það mjög áþekkt um kjósendafjölda Framsfl. annars vegar og hinna flokkanna allra samanlagt hins vegar, en munurinn er sá eini, að framsóknarmenn hafa fengið alla þm. þessara kjördæma kjörna og hinir flokkarnir engan.

Þetta er það mikla réttlæti, sem hv. 1. þm. Rang. vill ekki slaka til á í einu eða neinu, og það stóra réttlæti, og sé gengið á móti því, þá segir hann, að kippt sé fótunum undan þjóðfélaginu, allt komið í upplausn, friðurinn rofinn, sjálfstæði, tunga, þjóðerni og ég veit ekki hvað og hvað, allt á ferð og flugi.

Ef það skyldi koma til, að Framsfl. fengi færri þm. kosna í tvímenningskjördæmunum en einhver hinna flokkanna, þá eru uppbótarþingsætin trygging fyrir hann. Ef Framsfl. skyldi fá fleiri kjósendur á þm. en aðrir, þá eru uppbótarsætin hans bezta trygging. Ég efast ekki um, að ef Framsfl. hefði orðið fyrir barðinu á þessu réttlæti, mundi hafa látið hærra í fulltrúum hans en jafnvel hefur látið í flm. þessa frv., eins og það er fram borið. Samt er sagt, að með þessu eigi að gera tvímenningskjördæmin áhrifalaus, að það eigi að koma Þorbirni rindli þar að við hliðina á þeim ágætu framsóknarmönnum. En þótt hlutfallskosning sé viðhöfð í tvímenningskjördæmum, þá fær Framsfl. fleiri atkv. á hvern þm. utan kaupstaða en Sjálfstfl., og hver er það þá, sem á að beita Rindill? Sá, sem hefur 1000 atkv. bak við sig, eða hinn, sem hefur ekki nema 700 atkv. bak við sig?

Það er einföld röksemd í þessu máli, og hún er sú, sem ég gat um í upphafi, en hv. 1. þm. Rang. vill illa sætta sig við, að þegnarnir eigi að hafa jafnan rétt án tillits til, hversu högum er háttað eða hvar þeir búa. Þetta er svo einfalt mál, að óþarft er að halda um það langa ræðu, enda vilja ræðurnar hjá andstæðingum þessa máls mest ganga út á að tala um aðra hluti eins og það, að nú séu tímarnir slæmir, og bera

mér alvarlega á brýn, að ég hafi sagt, að nú séu góðir tímar. Hv. frsm. minni hl. segir, að nú séu ómögulegir tímar til að kjósa. Þetta minnir mig á ræður frá 1933. Ég býst við, að hv. 1. þm. Rang. haldi fram, að þá hafi verið sæmilega rólegir tímar til að kjósa um svona mál. Þá voru haldnar stórar ræður, a. m. k. af form. Framsfl., að þegar stæði á eins og þá, að þjóðin væri að berjast fyrir lífi sínu, þá væru ekki tímar til að koma með deilumál eins og stjórnarskrármálið. Þetta er sama sagan, sem við höfum heyrt svo oft áður.

Ég hef aldrei sagt, að það séu sérstaklega góðir tímar núna, heldur hef ég sagt, að við skyldum ekki vera að vorkenna okkur meira en öðrum þjóðum. Ýmsar þjóðir væru verr settar og í meiri hættu, en létu þó fara fram kosningar. Þessi tilraun, að þyrla upp moldryki út af ástandinu, en reyna að komast fram hjá máli, sem þeim er erfitt, er óviðunandi. Ef tímar eru til að kjósa um mál eins og það, hvort skuli binda kaup og laun allra stétta landsins, meðan gróði annarra er óbundinn, þá er ekki síður tími til að kjósa um, hvort hlutur og réttur þegnanna skuli vera jafn.

Hv. frsm. talaði fjálglega um, að við værum herteknir af tveimur stórþjóðum. Manni skildist á þessum hv. þm., að hans stj. eigi í baráttu við heri þessara stórþjóða, sem megi ekki trufla fyrir utan þá baráttu, sem hann var í við nazista og kommúnista, Heródes og Pílatus, hunda og ketti og fleira, sem hann nefndi í sinni stóru ræðu. Ég get trúað, að í þessari stóru baráttu megi varla bæta svona frv. ofan á. En okkur hinum finnst við alls ekki vera í baráttu við heri tveggja stórþjóða. Fyrst og fremst er okkur ljóst, að annar er að mestu farinn, en hinn er hér í samkomulagi við Íslendinga. Við lítum sumir svo á, að landið væri ekki eins öruggt á þessum tímum, ef hér væri ekki slíkur verndarher. Við teljum slíkt ekki aukna hættu, heldur aukna tryggingu gegn því, sem annars mundi vera. Mér virðist, að þessir þm., sem eru svona óttaslegnir, séu öruggari um sjálfa sig en kjósendur sína, því að þeir treysta sjálfum sér til að sitja á þingi og gefa út l., en kjósendunum treysta þeir ekki til að láta fara fram skikkanlegar, skipulegar og friðsamar kosningar, þar sem meiri hl. þm. verður aftur í framboði. Flokkurinn, sem hér er hræddur, hræðist aðalatriðið. Hann hræðist það tjón, sem hann hefur af kosningunum, svo að þessi hætta við kosningar er ekki annað en ótti við sjálfan sig. Ég vil gefa hv. 1. þm. Rang. það ráð, að fyrst hann lítur svo geysilega alvarlega á þessa tíma, að skrúfa betur niður í sjálfum sér, og þá fær hann friðsamlegar kosningar, enda ætti það betur við að flytja mál sitt ekki eins ófriðsamlega og hann gerir.

Hann talaði í þessu sambandi um blygðunarlausa flokksverzlun í sambandi við mál, sem svo er ástatt um, að nokkrir flokkar gera með sér samlag, án þess að fari fram nokkur verzlun í sambandi við það. Það er bara styrkur þess máls, sem sameinar þá um fylgi við það. Honum finnst þetta kannske ljótt orð, — verzlun, — og ég vil heldur ekki nota það orð, nema að svo miklu leyti sem samkomulag og samvinna er verzlun. Ég kalla þetta samvinnu, þegar nokkrir flokkar taka sig saman um að hrinda í framkvæmd, að réttur þegnanna verði jafn. Ég vil halda fram, að samvinnuandi og samvinnusnið hafi oft komið fram þannig hér á þingi, að framsóknarmenn hafa viljað rífa niður það, sem þeir hafa kallað sérréttindi annarra. Ég hef oft verið áhorfandi eða þátttakandi með þeim í slíkri baráttu, en ég hef aldrei séð neinn hér á þingi verja sérréttindi sín jafnhatrammlega og þeir gera í þessu máli.

Hv. 1. þm. Rang. reyndi að hreyta til mín persónulegum ónotum í sambandi við afskipti mína af þessu máli. Ég hirði ekki að svara því, og ég hef ekki oftar skipt um fylgi við flokka heldur en hann, þó að ég hafi áður verið framsóknarmaður, en hann kommúnisti, að því er talið er. Frá upphafi lét ég þess getið í Framsfl., að þetta mál væri mál vinstri flokkanna og þeir skyldu ekki sverta sig á að vera á móti því máli, sem hefði það mikinn kraft, að það hlyti að sigra, og svo skylt öllum viðfangsefnum þeirra. Ég vil ekki segja, að það, sem gert var árið 1933, hafi mistekizt, vegna þess að þær tvennar kosningar, sem verið hafa á þessu tímabili, hafa verið stórum bærilegri vegna uppbótarsætanna. Þar fyrir hefur sýnt sig, að það þarf að gera betur, og hér er stigið spor áfram í sömu átt. Ef svo skyldi fara, að framsóknarmenn fengju ekki alla þm. í tvímenningskjördæmunum, þá verður jöfnuðurinn meiri og gæti orðið fullur, án þess að nota þyrfti öll uppbótarsætin.

Hér er um að ræða samkomulag allra flokka nema Framsfl. Og þó að Framsfl. geti bent á menn, sem eru með ágreiningsatriði, þá er það jafnrétti, sem hér er um að ræða, samkomulag milli allra flokka.

Ég er ekki að afsaka það, sem ég sagði, að gömlu kjördæmin væru lífseig, því að það eru þau. Ég hef alltaf staðið á þeim grundvelli, að maður eigi að varðveita sem mest af því gamla, sem til er með þjóðinni, en gera endurbætur, sem jafna misrétti. Í því frv., sem sú stj., sem ég var í, lagði fram árið 1933, var þessu fylgt, og í þessu frv. er sömu reglum fylgt. Sá eini grundvöllur, sem Framsókn hefur lagt í þessu máli, er sá, sem lagður var af fulltrúum framsóknarmanna í kjördæman. árið 1932. Þá sögðust þeir vilja fylgja þeim breyt. á kosningafyrirkomulaginu, sem gengi ekki á rétt gömlu kjördæmanna, heldur bætti úr til jafnaðar með öðrum ráðum en þeim að afnema gömlu kjördæmin. Þetta er sú eina meginregla, sem fram hefur komið af hálfu framsóknarmanna, en hún hefur aldrei verið framkvæmd, en aðra meginreglu er ekki hægt að hafa fyrir þá, sem vilja varðveita gömlu kjördæmin.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svara öllu fleira, en mér þótti eftirtektarvert hjá hv. 1. þm. Rang., hvað hann var illorður í sinni ræðu án tilefnis, en ég get virt honum það til vorkunnar, að því leyti sem málstaðurinn er illur og erfitt er að verja hann.

***Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason)**: Hv. frsm. meiri hl. lauk máli sínu með því, að ég væri illorður. Ég man ekki eftir neinu orði, sem hægt væri að taka þannig upp, að öðru leyti en því, að ég tel, að orð mín hafi komið illa við

þennan hv. frsm. Þó að leitað sé í ræðu minni, sem ég flutti í dag, þá finnst þar ekkert, sem er hægt að kalla illyrði, en ég veit, að þar kom margt fram, sem, eins og ég sagði, hefur komið illa við hann, því að það hefur rumskað við samvizku hans, sem hefur verið óhappamaður í Framsfl.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál, því að það er þegar vitað, að Alþ. er þegar búið að kveða upp sinn dóm um afdrif þess. Má segja, að það sé ekki nema til að tefja þingið og skemmta okkur nú að flytja langar ræður um það, því að það er séð, að málið á að ganga sinn gang í gegnum þingið. En það er til annar dómstóll og annað dómsstig fyrir þetta mál. *Þjóðin á eftir að segja, hvað mikið* heillaspor hún telur, að hér sé verið að stíga, og þangað til sá dómur hefur verið upp kveðinn, skal ég bíða óruggur um afdrif þessa máls.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að þeim röksemdum, sem stuðningsmenn þessa frv. hafa reynt að koma fram með, en skal þar aðeins stikla á stóru.

Hv. frsm. *meiri hl. viðurkenndi í nál.*, að fyrir þessu frv. væri engin röksemd önnur en sú, að það ætti að vera til að jafna rétt þegnanna. Nú held ég, að ég hafi bæði í nál. og eins í ræðu minni í dag bent nægilega greinilega á, að jafnvel út frá því sjónarmiði, sem þeir telja, að þetta sé flutt, er engin trygging fyrir, að það megi verða til að jafna atkvæðamagn á bak við hvern kosinn þm. til Alþ. Við höfum bent á það með fullum rökum í nál. og ég í ræðu minni í dag, að þessar breyt. geta ekki orðið til að auka það misrétti, sem þeir telja, að nú sé. Þarf ekki að benda þar á annað en það, að nokkrir af flm. og stuðningsmönnum telja sig ekki vilja gera aðrar breyt. en þær að hafa hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum.

Forsvarsmenn þessa máls hafa ekki reynt að mæla á móti því, að svo framarlega sem það er ekki víst, að sá flokkur, sem hefur fæsta kjósendur bak við hvern þm., haldi eiliflega þessum kjördæmum, þá hlýtur þetta að verða til að auka misréttið, en ekki til að minnka það. Það hefur ekki verið reynt að hrekja þetta, og þetta er aðalbreyt., sem borin er fram. Það liggur í hlutarins eðli, að ef Alþfl. eða Sjálfstfl. gerðu sér nokkra von um að vinna meiri hl. í tvímenningskjördæmunum, þá er þetta spor frá því að jafna mismunandi tölu kjósenda á bak við hvern þm. Ég skora á stuðningsmenn frv. að hrekja þau rök, sem ég hér flyt.

Hv. flm. segja, að það sé höfuðáhugamál þeirra að jafna rétt þegnanna með þessu máli, en það, sem þeir eru að gera, er að koma á því skipulagi, að þótt ekki sé nema ⅓ hluti eða enn þá minna, þá skuli hann hafa jafnan rétt og ⅔ *hlutar*.

Þegar hv. þm. V.-Ísf. var að ræða um, hvernig kosningarnar hefðu farið í tvímenningskjördæmunum síðast, þá skildist mér hann telja þá niðurstöðu óbreytanlega í framtíðinni og að það væri með öllu vonlaust fyrir nokkurn flokk að etja kappi við Framsfl., þar sem hann hefði sigrað. Hann mun hafa reynsluna, og kann það að vera rétt.

Við skulum þá líta á kosningarnar frá 1937. Hv. þm. segir, að í Rangárvallasýslu hafi Framsfl. fengið 940 atkv. og tvo þm., en hinir hafi fengið 900 atkv. og engan þm., í Eyjafirði hafi Framsfl. fengið 1600 atkv. og tvo menn kjörna, en hinir 2000 atkv. og engan þm. Þetta er ósatt. Hann má kalla þetta illyrði, ef hann vill, en ég segi, að þetta er ósatt, og skal sanna það. Þessi 900 atkvæði í Rangárvallasýslu sendu þingmann á þing sem uppbótarþingmann, Jón Ólafsson, sem féll, en komst samt að á þessum 900 atkvæðum. Þessi 2000 atkv. í Eyjafirði, sem hann segir, að hafi engan þm. fengið, hafa 3 menn á þingi. Þeir féllu allir í Eyjafirði, Garðar Þorsteinsson, Erlendur Þorsteinsson og Stefán Stefánsson, en ég veit ekki betur en þeir sitji allir á þingi. Og á hvaða atkv.? Hvað á svona málflutningur að þýða, þar sem við höfum mennina ljóslifandi fyrir augum okkar hér í þinginu, og einn þeirra situr nú við hliðina á hv. frsm. meiri hl. (Hlátur). Ég skal segja það, að þá klígjar ekki við ýmsu þessa menn, sem halda slíku fram, og þeir halda, að það sé hægt að bjóða þjóðinni flest á þessum tímum, þegar þeir bjóða upp á það frv., sem hér liggur fyrir. Og það er ekki aðeins minni hl. í þessum kjördæmum, sem hefur sent menn á þing, heldur minni hl. í öllum tvímenningskjördæmunum. Og svo segja þeir, að réttur minni hl. sé fyrir borð borinn og taka verði upp hlutfallskosningar til að lagfæra það, þó að minni hl. flokkur hafi 3 menn á þingi, en sá flokkur, sem sigraði, aðeins tvo.

Þá var hv. þm. að bera saman þingmannatöluna í Rvík og í Osló, sem hefur 6 þm. Hann segir, að í Osló samsvari það, ef hún hefur 7 þm., en íbúatala 300 þús., þá hafi hún 1/20 af þm., og eftir því ætti Rvík að hafa ⅙ hlutann. Þetta er líka ósatt. Í Noregi eru stórþingsmennirnir 150, og 7 skilst mér, að sé ekki 1/20 hlutinn af því. Það getur hver maður reiknað, það þarf ekki þm. til þess, hvað þá maður, sem hefur verið forsrh. og bankastjóri. Hann segir, að þá eigi Rvík að hafa 8 þm. En hvað hefur hún marga þm. nú? Ekki nema 6? Ef hann vill halda því fram, þá er það líka ósatt. Við skulum athuga uppbótarsætin í Rvík. Reykjavík fékk síðast á þing 3 uppbótarþm., sem þar höfðu boðið sig fram, svo að þar er strax komin hærri tala en hv. þm. segir, að Rvík þurfi að fá, og þar að auki má fullyrða, að a. m. k. 4 hafi komizt á þing fyrir atkvæðamagn Reykjavíkur, svo að Rvík hefur nú raunverulega 10—14 þm., svo að það er tvöfalt við það, sem Osló hefur, þó að ekki sé farið að bæta þar tveimur við nú.

Ég verð að segja það alveg afdráttarlaust, að mig undrar það, ef til er nokkurt réttlæti í heiminum, sem þarf slíkan málflutning. Ég hef aldrei vanizt því, að réttlætið þyrfti annað en að rétt sé sagt og rétt sé skýrt frá málum. Ég hef aldrei vanizt því, að þyrfti að grípa til stórkostlegra ósanninda frammi fyrir alþjóð manna og Alþ., ef verið væri að flytja rétt og satt mál. En einmitt slíkur málflutningur sannar ljóslega, hvers eðlis mál þetta er. Mig undrar ekkert, þótt þm. sé nú að biðja um orðið, væntanlega til þess að snúa frá villu síns vegar og þeim málstað, sem hann hefur kosið sér. Þá reyndi hann að leita röksemda viðs vegar að, m. a. úr guðfræði, því að guðfræðingur er hann upphaf-

lega að menntun, og sagði, að einhvern tíma hefði verið uppi guðsmaður, sem sagt hefði, að allar sálir væru jafnréttháar. Hann vill gera sálirnar jafnréttháar með breyttri kjördæmaskipun og finnst vel fara á að líkja sér þá við guðsmanninn frá Nasareth. En sá guðsmaður deildi ekki um mál eins og kjördæmaskipun. „Mitt ríki er ekki af þessum heimi," sagði hann. Hann lét sér alveg á sama standa um frelsisbaráttu Gyðingaþjóðarinnar gegn Rómaveldi, neitaði að taka þátt í henni (ÁÁ: En í mjólkurmálinu?) Ef við hv. frsm. meiri hl. (ÁÁ) lítum á okkar guðfræði, gerum við áreiðanlega réttast í því samkv. kenningu Jesú frá Nasareth að blanda henni alls ekki saman við pólitík okkar. Ég ræð þessum hv. þm. til að grípa ekki oftar til slíkra röksemda.

Það skiptir miklu að skapa sem mest réttlæti í þjóðfélaginu. En það er glíma, sem okkur gengur illa við. Það er ekki búið að sanna mér, að rétt sé, að bóndi norður á Ströndum og embættismaður í Rvík hafi þá jafna aðstöðu til áhrifa á þjóðfélagsmál, ef jafnmörg atkvæði standa að baki hverjum þm. í Rvík og þar nyrðra. Ég fullyrði, að bankastjórinn (ÁÁ) hefur margfalt betri aðstöðu en bóndi í dreifbýli til áhrifa á landsmál. Og þessi samanburður gæti raunar átt við hvern menntaðan mann hér í Rvík. Þó að við tækjum þetta atriði réttlætisins út af fyrir sig, fullyrði ég, að hv. frsm. er ekki búinn að finna púðrið, þegar hann heldur, að það eitt sér réttlátt, að jafnt atkvæðamagn standi að baki hverjum þm. Ég er sannfærður um, að með því lagi mundi ríkja hið herfilegasta ranglæti um áhrifarétt manna á Alþ. Ég skal játa, að erfitt er að finna þar réttlæti, sem allir geta viðurkennt.

Ef nú liggur svo lífið á að breyta kjördæmaskipuninni, að þess vegna þurfi á tímum sem nú að setja landið á annan endann í tvennum kosningum, er þá ekki nauðsyn að jafna þetta misrétti sem mest, þar sem það er augljóst? Er það ekki svo augljóst misrétti, að menn með enga sérstaka verðleika eiga nú milljónir, en aðrir jafnduglegir menn ekkert, að þetta verði að laga tafarlaust? Er það jafnrétti, að sumir menn hafa t. d. bankastjóralaun og eitthvað í ofanálag, en sumir verkamenn eða bændur fá 2—3 þús. á ári? Nei, eina misréttið, sem hv. þm. V.-Ísf. kemur nú auga á, er kjördæmaskipunin og ranglætið, sem Rvík verði að þola í öllum málum á þingi. Eins og ég hef minnzt á fyrr í umr., veit ég ekki betur en reykvískir kjósendur hafi fengið alveg eins mikið uppfyllt af óskum sínum og aðrir landsmenn og meira og varla verið neitað um neitt hér á Alþ. Allt landið kostar skólana, sem haldið er uppi hér til þess með framlagi dreifbýlisins, að reykvískir borgarar hafi öðrum landsmönnum betri aðstöðu til hvers konar menntunar. Og núna, þegar farið er þess á leit, hvort ekki megi rannsaka skilyrðin til þess að flytja menntaskólann í Skálholt, þangað, sem hann var margar aldir, þangað, sem skóli hefur lengstum staðið síðan fyrir 900 árum, þá standa fulltrúar Reykjavíkur upp, hver af öðrum, og láta eins og heimurinn muni forganga, ef Skálholt fái aftur skóla sinn. — Reykjavík þarf að hafa einokun á stúdentsmenntun. Þeir leyfa ekki einu sinni, að þetta skólamál sé athugað. Þar er jafnréttisbaráttu þessara manna rétt lýst. Að öðru leyti fá réttlætið og jöfnuðurinn að hvílast rótt. Jú, einu réttlætismáli þeirra Alþflm. var ég að gleyma, till. þeirra í dýrtíðarmálunum, þar sem þeir vilja festa verðlag á öllu, sem bændur framleiða, en hitt, sem þeirra umbjóðendur hafa að selja, á að fá að vera óbundið. Þannig mun réttlæti þeirra vera allt á eina bókina lært.

Þá get ég ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir því, að hv. frsm. skyldi líkja saman árinu 1933 og árinu, sem er að líða. Þó er það ekkert nema eðlileg afleiðing þess ábyrgðarleysis, sem aðstandendur þessarar stjskrbreyt. eru áður búnir að sýna. Nú er eins og þeim finnist allt mega reka á reiðanum, þótt vitað sé, að landið er hernumið. Menn segja e. t. v., að við sitjum hér í skjóli hinna ágætu „verndara" okkar. En reyndin er, að við höfum orðið að verjast þessum „verndurum" og eigum eftir að verjast þeim. Hver er hagur okkar orðinn í raun og veru, þegar atvinnuvegirnir eru víða að hrynja, af því að vinnuaflið leitar annað? Ég efast um, að nokkur hernumin þjóð í víðri veröld eigi framtíð sína og sjálfstæði í meiri hættu en við, þó að hv. frsm. segði annað. Það þýðir ekki að ætla sér að telja þjóðinni trú um, að landið sé ekki hertekið, af því að við urðum að samþykkja komu Bandaríkjamanna hingað. Engin þjóð í heimi býr nú við tiltölulega jafnfjölmennt erlent setulið og við, og framtíðin ein veit, hvort það verður okkur ekki ofurefli. Á meðan geta menn verið að rífast og setja allt í háaloft út af kjördæmaskipun. Ég er ekki viss um, hve þakklát þjóðin verður fyrir það, þegar stundir líða og afleiðingarnar fara að sjást.

Hv. frsm. vildi gefa mér góð ráð. Ég vildi segja honum, að ráð hans í stjórnmálum hafa fáum gefizt vel. Það var ráðlegging hans, að við framsóknarmenn skyldum skrúfa niður í sjálfum okkur, því að þá færi allt fram með friði og spekt. Ég segi honum, að jafnvel þó að við þm. flokksins þegðum og brygðumst skyldu okkar, mundu einhverjir aðrir snúast til varnar og þjóðin öll rísa upp til mótmæla. Það er ágætt fyrir árásarmanninn að segja: „Hafðu þig bara hægan, meðan ég geng frá þér." — Þetta er ekki boðsskapur manssonarins frá Nasareth, þótt borinn sé fram undir réttlætisyfirskini. Þetta er bara aðferð bófans.

Hv. frsm. o. fl. er tíðrætt um, að þeir séu að afnema sérréttindi, sem Framsfl. hafi haft. Ég er víst ekki læs á stjskr., því að ég sé þar ekkert um sérréttindi neins sérstaks stjórnmálaflokks, og þar er enginn Framsfl. nefndur. Allir flokkar eru jafnréttháir í hvaða kjördæmi, sem er. Ef tilteknir stjórnmálaflokkar eru útilokaðir frá að vinna kjördæmi dreifbýlisins, er þeim það sjálfum að kenna. Þeir hafa vanrækt málefni þeirra og því ekki náð þar vinsældum. Ef þeir eru búnir að gefa upp von sína um sigur þar, en telja Framsfl. meiri hl. vísan í kjördæmunum, er það þeim flokki mikil traustsyfirlýsing, en kemur engum sérréttindum við. Stundum orða menn þetta svo, að það sé ekki Framsfl., heldur sveitakjördæmin, sem hafi of mikinn rétt. En hv. flm. frv. bæta því við í ákafa, að sín hugsun sé alls

ekki að rýra rétt sveitanna í neinu. — Ég er svo fáfróður, að ég skil þetta ekki. Tilætlunin er að auka rétt margmennisins í Rvík og víðar á kostnað dreifbýlisins. Þetta er ekki unnt að gera nema á kostnað þess. Hitt er blekking. Þó að þetta réttlæti kynni að láta vel í eyrum einhverra skrælingja, þýðir ekki svona málflutningur við gáfaða þjóð eins og Íslendinga.

Þá sagði hv. frsm., að hann hefði þegar 1933 viljað varðveita sem mest af því gamla í kjördæmaskipuninni. Ég hef bent á það áður, hversu vel hefur gefizt að setja nýja bót á gamalt fat. Ég held, að allir hugsandi menn séu sannfærðir um það nú, að sú bót, sem á var sett með uppbótarþingsætunum 1933, hafi reynzt illa, ekki bætt vinnubrögð Alþ. né pólitíska heilbrigði yfirleitt. Það er misvitur maður, sem hrósar sér af að hafa „varðveitt hið gamla“ á þann hátt.

Ég skal minnast ofurlítið á ræður annarra stuðningsmanna þessa frv. Hv. 5. þm. Reykv. (SK) vildi halda því fram, að það væri mest að kenna Framsfl., að stjórnarsamvinnan hefði brugðizt. Það má segja alla hluti. En ég held enginn sé búinn að gleyma því, að flokkur hans sjálfs samþ. aðeins með herkjubrögðum, með 9:8 atkv., að ganga í stjórnarsamvinnuna 1939. Það reyndist síðan svo, að sá hluti Sjálfstfl., sem á móti hafði verið, leit áfram á sig sem stjórnarandstæðinga. Í blöðum og hvarvetna rangfærðu þeir og rægðu stjórnarsamvinnuna. Það er einnig kunnugt, hvernig þessi flokkur þm. brást því algerlega s. l. sumar að halda uppi samþykktinni um kosningafrestunina, þegar von var um, að Sjálfstfl. gæti unnið þingsæti í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hefði verið látið undan kröfu um kosningar þar, var úti um það vopnahlé, sem samþykkt hafði verið með kosningafrestuninni. Þingmenn hefðu þá sagt af sér hver af öðrum og kosningar orðið að fara fram almennt. Þá heimtuðu þessir menn úr Sjálfstfl. Stefán Jóh. Stefánsson burt úr samsteypustjórninni og sögðu, að þm. Alþfl. væru gerviþingmenn. Hvernig er hægt að halda uppi stjórnarsamvinnu, ef ekki er sýndur meiri drengskapur en þetta? Það, sem stjórnarsamvinnan hefur strandað á, er fyrst og fremst drengskaparleysi þeirra manna, sem gengu í þá samvinnu, þótt þeir raunar væru á móti henni, og slepptu engu tækifæri síðan til að spilla henni. Þeir voru ekki menn til að standa við áform sín og gefin loforð. Það þarf að vera hægt að treysta drengskap og loforðum manna í stjórnarsamvinnu, — tilgangslaust annars. Sá flokkur, sem á aðalsökina á því, hvernig komið er, ætlar nú að mynda stjórn upplausnarinnar, stjórn, sem eiginlega enginn flokkur vill styðja og bera ábyrgð á. Þetta ætti hv. þm. að íhuga og leggja á minnið, áður en hann fer næst að kenna Framsfl. um að hafa rofið stjórnarsamvinnuna. Hinar almennu eldhúsumr. um Framsfl. ætla ég ekki að fást mikið um. En það vildi ég segja um hv. 5. þm. Reykv. (SK), að ég viðurkenni, að hann er einn af hreinskilnustu mönnum flokks síns. Í ræðu sinni var hann ekki með sama yfirklórið og hv. frsm. (ÁÁ) um réttlætið og hófsemdina, heldur játaði hann hispurslaust, að tilgangur frv. væri fyrst og fremst að leggja Framsfl. niður við sláturtrogið, ná úr honum gorgeirnum. Það er alltaf drengilegt að þora að kannast við það, sem maður meinar, og það gerði þessi þm. nú eins og oft endranær. Hann lýsti yfir því, að þessi breyt. á kjördæmaskipun væri aðeins spor í áttina, síðan mundu rísa nýjar kröfur, og því næst yrði gerð ný breyt. á kjördæmaskipun, sem gengi lengra. Það er einn af stjskrnm., sem lýsir yfir þessu, meðan flm. frv. þora ekki við það að kannast opinberlega. Slíkum mönnum er hægt að treysta vegna hreinskilni þeirra, og skal þess minnzt um leið og ég víti það drengskaparleysi margra flokksmanna hans, sem varð til þess, að stjórnarsamvinnan rofnaði.

Þá skal ég að lokum víkja örfáum orðum að hv. 4. þm. Reykv. (EOl), þó að ég hafi þar litlu að svara, því að hv. þm. Barð. hefur þegar gert það nægilega. Ræða hans var öll byggð á kvörtunum út af því, að viss kjördæmi úti um landið ættu málsvara á þingi, sem vildu koma fram umbótum, vegum og símum o. s. frv. Hann sagði, ef ég man rétt, að kjördæmakosnu þm. væru bundnir á sinn bás og þeir væru að koma með alls konar mál til umbóta fyrir kjördæmin, og ef einhver maður kæmi með till. um veg, þá kæmu menn úr öðrum kjördæmum og vildu líka fá veg hjá sér, og eins færi, ef fram væru bornar till. um ábyrgðir fyrir rafveitur. Þetta taldi hann aðalgallann á því, að þm. væru kjördæmakosnir, að skilningur væri á hverjum stað fyrir umbótum í héruðunum. Þennan hugsunarhátt get ég vel skilið hjá honum. Hann er sjálfsagt réttur frá hans sjónarmiði, en okkar sjónarmið eru gagnstæð og gerólík í þessu efni. Ég tel eðlilegast, að fulltrúar þjóðarinnar á Alþ. séu sem víðast að af landinu, þekki lífsskilyrðin og reyni að bæta þau á allan hátt, leggja vegi og síma, reisa rafveitur og byggja nýbýli, en um þetta talar hann eins og það sé mesta goðgá. Þarna eru gerólík sjónarmið. Þá vil ég spyrja hann: Hvar eiga þm. að vera búsettir, ef þeir mega ekki vera kosnir af héruðunum, þar sem þeir hafa kunnugleika? Ég veit, hvar hann vill, að þeir séu búsettir. Í Rússlandi fyrst og fremst til þess að gæta hagsmuna ráðstjórnarríkjanna, eins og hann og hans blað gerir. Þess vegna er það, að hann styður að upplausn þjóðar sinnar á þessum hættutímum, að hann heldur, að það muni koma Rússum að gagni. Þess vegna vill hann, að allur okkar vinnukraftur fari til landvarna fyrir Stalin og hans hjálparheri, sem hér sitji í landinu, en hitt geri minna, þótt atvinnulíf okkar fari í rústir. Ég er viss um, að hann vildi óska, að allir þm. sæktu umboð sitt til Moskva, þangað sem hann sækir sína línu. Ég get sagt, eins og einn mikill maður sagði út af deilu, þegar hann vildi ekki ræða við andstæðing sinn: „Þér eruð af öðrum anda en vér.“ Við erum ekki af sama anda. Lífsskoðun okkar og sjónarmið eru svo gerólík. Ég álít, að það eigi fyrst og fremst að hugsa um hinar ýmsu byggðir landsins og það fólk, sem þar býr, en stórþjóðirnar eigi að hugsa um sinn hag, og þeim er fullkomlega trúandi til að gera það. Og ef við hér úti á hjara veraldar hugsum ekki fyrst og fremst um okkar land, þá gera aðrir það ekki.

Þá var hv. þm. mjög gramur út af því, að við framsóknarmenn hefðum brugðizt stefnu okkar

í þýðingarmiklum málum með samstarfi okkar við auðvaldið, við Kveldúlf. Mér liggur við að segja eins og mörgum kemur til hugar: „Hvað heyri ég?“ Til hvers er hann sjálfur að stofna hér? Hann er að stofna til þess, að Kveldúlfsfjölskyldan geti einráð stofnað ríkisstj. hér á Íslandi, eins og hann segir oft, í fyrsta sinni í sögu þessa lands, þannig að hún geti orðið einráð. Mig undrar ekki, þó að hæstv. atvmrh. sé brosleitur yfir að vera búinn að vinna slíkan sigur yfir honum, enda sé ég, að hann er mjög brosleitur, sem mig furðar ekki. Það má segja um hann og hans fyrirtæki, að „víða koma Hallgerði bitlingar“, þegar hann ofan á allan stríðsgróðann hefur nú fengið forustumenn kommúnista til að gerast sínir stuðningsmenn og þjónar. En út af því, sem hann annars lét sér um munn fara, þegar hann var að deila á Framsfl. og sagði, að hann vildi fyrst og fremst níðast á öllum verkamönnum og þeim, sem verst eru settir, þá vil ég segja, að ómerk séu ómaga orð. Nú veit ég, að hann vill telja sig í þeim flokki, sem hann telur, að sérstaklega hafi verið ráðizt á, en ég veit ekki betur en þegar hann var fluttur af landi burt, þá reyndi sú stj., sem þá sat, og Alþ. að gera allt, sem í mannlegu valdi stóð, til að bæta fyrir það. Ég álít ósæmilegt af honum að koma með slíkar almennar ásakanir á stj. og menn, sem honum er persónulega kunnugt um, að létu sér annt um, að hlutur hans yrði sem beztur. Og enginn veit betur en hann persónulega, að hann hefur ofmælt með slíkum gífuryrðum.

Hann segir, að ekki sé verið að rýra rétt sveitakjördæmanna. Það sé mesti misskilningur. Það sé aðeins verið að taka af Framsfl. En er þá ekki fyrst og fremst verið að rýra áhrifavald þeirra kjördæma, sem treysta forustu Framsfl. bezt? Hann segir, að sveitamenn geti haft sinn rétt, ef þeir vilji vinna með verkalýðnum og bæjarbúum. Þetta er nákvæmlega sama röksemdafærslan og hjá Sjálfstfl., þegar hann er að mynda verkalýðsfélög í bæjunum eins og Óðin hér í Rvík. Þeir segja: „Við viljum láta ykkur hafa öll ykkar réttindi, ef þið viljið vinna með atvinnurekendunum og fara að þeirra vilja.“ Og það hafa margir blekkzt á þessu. Það sama er nú sagt við fólkið í dreifbýlinu: „Þið skuluð fá að halda ykkar rétti, þið skuluð fá að kjósa ykkar þm., og við skulum vera góðir við ykkur, ef þið viljið hlíta okkar ráðum og láta þéttbýlið ráða.“ Ég ætla að segja honum og öðrum fylgismönnum þessa frv., að bændur þessa lands vilja eiga sinn rétt einir, en hvorki eiga hann undir vilja eða óvilja hv. 4. þm. Reykv. eða annarra. Þeir vilja vera sjálfráðir, en ekki neitt undirfélag eins og Óðinn undir öðrum stjórnmálasamtökum. Þeir vilja vera sjálfráðir með sinn flokk, sitt starf og sín samtök, en ekki vera nein undirdeild annarra. Íslenzkir bændur hafa aldrei lært og munu aldrei læra að ganga undir neitt jarðarmen hjá þessum hv. þm. eða neinum af hans fylgifiskum.

*__Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)__: Hv. síðasti ræðumaður stóð í þeirri meiningu, að ég hefði verið að vitna til meistarans frá Nazareth. Ég gerði það aldrei í minni ræðu, en ég sagði, að viss guðsmaður, og þar átti ég við guðsmanninn frá Breiðabólsstað, hefði sagt, að mannssálirnar væru allar jafnar. Ég átti líka við það, að slík skoðun í trúmálum og kirkjumálum hlyti að hafa áhrif á framkomu manna í stjórnmálum, en hv. þm. svarar þessu með því að segja: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi!“ Við skulum láta hann um það, að hann hafi sinn kristindóm í einu hólfi og pólitíkina í öðru, og vatnsþétt sé á milli. En ég hef í minni framsöguræðu gert grein fyrir þessu, að þarna gæti verið eitthvert samband á milli og eitthvað af lýðræðisþroska Norðurálfuþjóðanna sé til orðið fyrir áhrif kristindómsins. Sumir vilja blanda þessu saman og láta það móta þessa tilveru, sem við lifum í, og þess vegna eru til þroskaðar lýðræðisþjóðir, þó að hér sé verið að reyna að spyrna fótum við, þegar verið er að reyna að stíga spor í rétta átt.

Hv. þm. talaði um, að það væri óskaplega ranglátt í tvímenningskjördæmunum, að 1/3 kjósenda skyldi hafa jafnan rétt á móti 2/3 í sama kjördæmi. Þarna heldur hv. þm., að þessi kjördæmi séu heild út af fyrir sig, alveg eins og kristindómurinn átti að vera í vatnsheldu hólfi og pólitíkin í öðrum brúsa við hliðina á honum. Ef í kjördæmi eins og t. d. Rangárvallasýslu væri verið að kjósa í sýslun., væri nokkuð til í þessu. En þegar kosið er um allt land, hvaða réttlæti er þá í, að 1/3 hafi jafnmikinn rétt og 2/3? Hans krafa fyrir hönd tvímenningskjördæmanna á eingöngu við, þegar hvert kjördæmi er skilið frá öllum öðrum, og hans kröfur verða honum sjálfum óþægilegastar, þegar talað er um landspólitíkina og kosningar til Alþ., því að þar fellur hann á eigin röksemdum. (__SvbH__: Hvernig?)

Hv. þm. vildi gera mig hlægilegan, af því að ég sagði, að Osló hefði 1/20 af stórþingsmönnunum norsku. Til þess að hrekja þetta upplýsir hann, að Osló hafi 7 þm., en stórþingsmennirnir séu 150. Menn brostu við, án þess að hann birti þennan útreikning. Ef hann vill birta sinn útreikning, skal ég birta minn, sem er þannig, að 7 sé um það bil 1/20 af 150. (__SvbH__: Er það 1/20?) Nei, það er 1 á móti 21 3/7, en þegar maður tekur svona samanburðartölur, þá reynir maður að hafa þær sem einfaldastar, og þessi munur, 1 3/7, er ekki meiri en það, sem skakkar í Rvík, sem hún ætti að fá fleiri en 8 þm., ef nákvæmlega væri reiknað, svo að þessi smáa ónákvæmni í tölum upphefur sjálfa sig, en hlutföllin voru rétt.

En þá þóttist hv. þm. fyrst slá Filisteann, þegar hann fór að benda á uppbótarþm. fyrir tvímenningskjördæmin. Hv. þm. lagði höfuðáherzluna á það í fyrri ræðu sinni, að einmennings- og tvímenningskjördæmin, eða yfirleitt lögsagnarumdæmin ein, ættu að hafa rétt til að velja þm., og honum væri eingöngu spillt með því að hafa uppbótarsætin. Í síðari ræðu sinni kom hann inn á sömu braut. Þá fór hann að tala um að setja nýja bót á gamalt fat, sem gæfist aldrei vel. Þetta var röksemd á móti því að hafa uppbótarsæti. Ég vil segja, að hann hugsar sér réttlætið þannig, að helmingur kjósenda í tvímenningskjördæmunum hafi engan þm., en hinn helmingurinn hafi þá alla. Þannig hugsar

hann sér réttlætið, og í þessu efni getur hann ekki farið að skjóta uppbótarþingsætunum sem skildi fyrir sig til að réttlæta sinn málstað, þegar hann er að sýna fram á, að höfuðgallar kosningafyrirkomulagsins séu uppbótarþingsætin. En svona fer það. Til þess að verja málstað, sem er ekki betri en þetta, verður að skjóta sér niður í jörðina og koma upp að baki manna. En við skulum samt gefa honum það eftir, að hann fái að reikna með uppbótarþm. í tvímenningskjördæmunum. Svo kemur hann að Rvík. Þá fyrst sannfærist hann um, að hún hafi fengið allt, sem hún eigi skilið. Þá ætlar hann sér að bæta þar við þessum 11 þingsætum til að bæta allt misréttið, sem var á landinu, og þó er vitað, að við síðustu kosningar hefði ekki þurft 11, heldur 38 þingsæti til þess að jafna mismuninn. (SvbH: Það er ekki rétt.) Nei, 28. (SvbH: Það munar nú ekki svo miklu.) Það munar varla eins miklu og þegar hv. 1. þm. Rang. vill reikna með sömu uppbótarþingsætunum hvað eftir annað. Mér finnst. að hv. þm. jafnist þar á við Hitler og hans fylgismenn, þegar þeir eru að segja, að þeir séu búnir að sökkva enska flotanum þrisvar sinnum.

Þá segir hann, að þeir, sem séu að heimta þennan jafna þegnrétt manna, ættu að snúa sér að öðru, að jafna kjörin meðal þegna þjóðfélagsins. Einn sé milljónamæringur, annar bankastjóri, sá þriðji í mjólkursölunefnd og ýmislegt fleira, og svo séu bændur og verkamenn, sem hafi úr litlu að spila. Þarna sé verkefnið. Hvað séu menn að tala um að jafna atkvæðisréttinn, þegar svona verkefni liggi fyrir höndum. Ég hélt, að þessum lærða þm. ætti að skiljast, að fyrsta skrefið í allri slíkri baráttu er að heimta mannréttindin, bæði þar, sem þarf að jafna þennan og annan mismun. Í pólitík hefur það verið algild regla og í trúarbrögðunum að leita fyrst guðsríkis, og svo muni allt hitt gefast þeim.

Hv. þm. kvartar geysilega yfir þeim yfirgangi þingsins, að það skyldi fella till. um að flytja menntaskólann frá Reykjavík og austur að Skálholti. Svona getur yfirgangurinn orðið, að Rvík, sem hefur 40 þús. íbúa, skuli vera á móti því að afhenda þennan litla menntaskóla og láta hann fara austur að Skálholti. Ekki er furða, þó að svona sveitaþm. kvarti, þegar yfirgangurinn er kominn á þetta stig. Það ætti að vera ljóst, að bæ eins og Rvík er ómögulegt að vera án menntaskóla. Þeir, sem vilja vera í sveit eða hvar sem er, eiga að hafa vit á að biðja um nýjan skóla, en ekki að taka af þeim, sem of lítið hefur í þessum mikla mannfjölda.

Hann leggur mikla áherzlu á, hvað góða aðstöðu Reykjavík hafi til að hafa áhrif á öll mál og bæta betur kjör sín en þeir, sem séu annars staðar. Ég vil segja, að meðan ég hef setið á þingi, hefur mér fundizt bera minnst á heimtufrekju Reykjavíkurþm. Ég hef stundum verið undrandi yfir, hvað Rvík hefur notið lítilla hlunninda hjá þinginu. Ég vil segja, að þetta er ekki áhættulaust, ekki aðeins fyrir Rvík, heldur fyrir alla þjóðina, því að hún á talsvert undir því, hvernig æskulýð þessa bæjar vegnar. Það er ekki nóg að rífast yfir skrílnum í Rvík og neita honum svo um framgang nauðsynjamála. (BjB: Hvaða mál eru það?) Rvík hefur þráfaldlega verið neitað um allt, sem hún hefur beðið um. Í fyrra báru nokkrir þm. fram till. um að stofna hér húsmæðraskóla 10—20 árum seinna en aðrir hafa fengið þá, og það kostaði mestu erfiðleika að koma þesu í gegnum þingið, vegna þess að Rvík mátti ekki í þessu litla atriði njóta neins jafnréttis við aðra staði á landinu. (BjB: Ég held, að þetta hafi verið samþ. með shlj. atkv.) Ég þekki ekki hér á þingi þessa gífurlegu ágengni af hálfu Reykjavíkur. Ég hygg, að það ráði miklu, hvernig þm. eru og fyrir hverja staði, og það á ekki alltaf að hafa Rvík afskipta og bera henni svo á brýn heimtufrekju, þegar hún hefur sjaldan sýnt hana.

Þá segir hann, að Alþfl. hafi alltaf viljað stöðva verð á afurðum bænda, en viljað hafa allt frjálst fyrir sig og sína menn. Ég er þessu ekki svo kunnugur, en ég man, að einu sinni, þegar ég var ekki í stj., var því haldið fram, að ómögulegt væri að skapa hæfilegt verð fyrir afurðir bænda nema í samstarfi við Alþfl. Það var svo áríðandi, að það urðu að fara fram stjórnarskipti út af því. Mér er kunnugt um, að síðan hefur Alþfl. litið á réttindi bænda í sambandi við afurðaverð a. m. k í eins ríkum mæli og Framsfl. hefur litið á nauðsyn verkamanna.

Til dæmis um það, hvernig þessi hv. þm. svarar, vil ég benda á, að hann segir, að ég hafi viljað líkja saman þessum tímum, sem nú eru, og árinu 1933, og þetta sýni bezt ábyrgðarleysi mitt. Ég skal endurtaka það, sem ég sagði. Ég sagði, að þegar kjördæmabreyt. var til umr. árið 1933, hafi sumir hans flokksmanna haldið sömu ræðurnar um, hvað tímarnir væru erfiðir, og svona mál væru ekki til að bera fram, þegar þjóðin berðist fyrir lífi sínu. Þetta sagði ég, en var alls ekki að bera saman þessi tvö ár.

Ég hneykslast á því, að menn skuli nota slíkar röksemdir, þegar ástandið er betra hér en sennilega hjá nokkurri annarri smáþjóð, þar sem við eigum sjálfstæði okkar undir því stórveldi komið, sem líklegast er til þess að vernda og virða rétt okkar. Þetta er afstaða, sem margar aðrar þjóðir mundu öfunda okkur af. En þrátt fyrir þetta erum við í mikilli hættu, og það geta komið loftárásir og ýmsar aðrar hörmungar, sem við sjáum nú ekki fyrirfram eða ráðum ekki við.

Við vitum ekki, hver áhrif slíkt hefur á samgöngurnar, og það er ekki nóg, að Framsfl. hafi báða þm. í tvímennigskjördæmunum, til þess að samgöngur stöðvist ekki. (BJ: Það er nóg, að hann hafi annan, til þess að hægt sé að afstýra þessu.) Ég held, að hvorugt nægi. Hv. frsm. minni hl. gefur hér það ráð, að til þess að bægja frá okkur hættunum sé engin leið betri en að fella frv. það, sem hér liggur fyrir. Ég hef ekki heyrt hann nefna aðra leið í þessu sambandi. Hv. þm. sagðist boða frið með stefnu Framsfl. í þessum málum og vildi ekki viðurkenna, að hann hefði notað illyrði í garð andstæðinga sinna, en rétt á eftir kallaði hann frv. gerræði og blygðunarlausan verzlunarsamning milli flokka. Sá ófriður, sem ríkir í þessu máli, honum er eingöngu haldið uppi af hv. frsm. minni hl., og það hafa ekki aðrir til hans stofnað. Ég skil ekki, hvers vegna hann er að halda uppi þessum ófriði, þar sem því er lýst yfir í niðurstöðu minni hl., að Framsfl. hafi engra hagsmuna að gæta í þessu sambandi. En meiri hl. telur, að

Framsfl. hafi mikilla sérréttinda að gæta og að nú standi flokkarnir mjög misjafnt að vígi. Þetta álítum við, að hægt sé að lagfæra með því að gera á kjördæmaskipuninni nokkrar breyt., sem nú liggja fyrir þinginu.

*Steingrímur Steinþórsson: Þeir, sem aðallega hafa leitt saman hesta sína hér, eru hv. frsm. minni hl. og hv. frsm. meiri hl., og ég vil ekki blanda mér inn í það einvígi, sem þar hefur átt sér stað, hvað helzt af því, að fulltrúi Framsfl. hefur fyllilega svarað fyrir sig og þarf engrar hjálpar við. Þegar um svo stórt mál er að ræða, virðist mér ekki undarlegt, þó að margir hv. þm. létu til sín heyra um það. En það undrar mig, hversu fáir hafa tekið hér til máls úr þeim flokkum, sem fylgja þessu stjskrfrv. Ég get ekki skilið það öðruvísi en vond samvizka þeirra, sem að frv. standa, geri það að verkum, að þeir kinoki sér við að mæla með frv. Mér var kennt, þegar ég var ungur, að virða stjskr. ríkisins, og mér var síðar kennt í skóla, að væru breytingar gerðar á stjskr. eins ríkis, þyrfti að gera það með svo mikilli vandvirkni og undirbúningi sem hæfði stjórnskipunarl. landsins, sem þingmenn vinna eið að. Mér var kennt að líta á stjskr. ríkisins svipuðum augum og trúfræðingar kenna okkur að líta á hin 10 boðorð, sem trúfræðin byggist á. Þannig hefur mér verið kennt, og þannig hefur stjskr. verið í minni meðvitund. Hvernig er svo undirbúningurinn að þessu frv.? Það er vitað, að allt frá 1931 hafa verið bornar fram kröfur af Sjálfstfl. og Alþfl. um gagngerðar breyt. á kjördæmaskipuninni. Það mun hafa verið krafa Alþfl. fyrir kosningarnar 1931, að landið yrði gert að einu kjördæmi, og sennilega hefur Sjálfstfl. þá viljað hafa nokkuð stór kjördæmi með hlutfallskosningum. En sá lærdómur, sem flokkar þessir fengu af kosningunum 1931, gerði það að verkum, að þeir sáu sér þann kost vænstan að hverfa frá þessari leið í bráðina. Þess vegna undrar mig ekkert á því, að hv. frsm. meiri hl. tali um seigluna í gömlu kjördæmaskipuninni. Þær kosningar sýndu, hvað þjóðin var mótfallin þessum till. Alþfl. og Sjálfstfl. Þá gat hvorugum þessara flokka dottið það snjallræði í hug að hafa hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum, sennilega af því að þá munu æðimörg þingsæti í tvímenningskjördæmunum hafa tilheyrt Sjálfstfl. Sú breyt., sem þá var gerð á kjördæmaskipuninni, með því að taka upp uppbótarþingsæti og jafna þannig milli flokka, hún átti að hindra það, að farið yrði að hrófla við hinni fornu kjördæmaskipun. Nú hefur Alþfl. verið í stjórn með Framsfl. frá 1934, og hann hefur aldrei hreyft þessu mikla máli, og hann hefur getað setið í stjórn allan þennan tíma með flokki, sem hindrar, að „allt lýðræði og þingræði geti ríkt í landinu", eftir því sem hv. frsm. meiri hl. komst að orði. Það má vera merkileg réttlætiskennd hjá Alþfl. að geta unað við slíka rangsleitni, sem hann telur, að átt hafi sér stað í þessum efnum.

Þetta stjskrfrv. hefur ekki fengið nokkurn undirbúning, og till. er kastað fram, án þess að Alþfl. detti í hug, að þær fái afgreiðslu á þinginu. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa ögrað hvor öðrum í þessum málum með því að gera breyt. á kjördæmaskipuninni. S. l. haust kom Sjálfstfl. með till., sem gengu svo nærri till. Alþfl., að það hlaut að eyðileggja hann í augum flokksmanna sinna. Til þess að borga í sömu mynt kemur Alþfl. með till., sem eiga að vera svo nærri því, sem Sjálfstfl. berst fyrir, að hann getur ekki annað gert en ganga að till. Alþfl. um breyt. á kjördæmaskipuninni. Svo auðvirðilegur er undirbúningurinn að frv. og tilgangurinn með samþ. þess. Meira ábyrgðarleysi, þegar um er að ræða breyt. á stjskr. ríkisins, er ekki hægt að hugsa sér. Það liggur í augum uppi, að Sjálfstfl. er ginnkeyptur fyrir því að fá teknar upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum nú, af því að hann er annars vonlaus um að vinna þar nokkurt sæti. Ef hann hefði nokkra von um það, þá væri ástæðulaust að vera með þessar breyt. út af fyrir sig. Þetta er því viðurkenning á því, að flokkurinn hefur ekki möguleika til að rétta hlut sinn. Að þessu leyti getur Framsfl. vel unað við þá viðurkenningu, að hann muni njóta mests trausts í tvímenningskjördæmunum og Sjálfstfl. geti aðeins með því að nota brögð fengið þar nokkur sæti. Hv. frsm. meiri hl. hélt því fram, að Framsfl. vildi engar breyt. gera og hann væri á móti öllum breyt. á kjördæmaskipuninni. Þetta er hið mesta öfugmæli. Framsfl. hefur borið fram þáltill. um, að mþn. endurskoði stjskr. og taki þetta mál líka til athugunar. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég gæti fylgt nokkrum breyt. á kjördæmaskipuninni, t. d. að tvímenningskjördæmunum yrði skipt í einmenningskjördæmi, sem er að mörgu leyti eðlilegast. Framsfl. mundi án efa gangast inn á slíka breyt., hvenær sem hún væri gerð, þó að hann hins vegar áliti, að frv. þetta sé svo ómerkilegt og fljótfærnislegt, að alls ekki sé sæmandi að afgreiða það sem lög. Þess vegna tel ég mjög hæpið að bera fram brtt. við það, og þyrfti að gerbreyta því, ef frv. ætti að hæfa stjskr. ríkisins.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þessar breyt. væru fram bornar til þess að varðveita gömlu kjördæmin. Mér þykir hinum gömlu samherjum úr stjskrn., hv. 5. þm. Reykv. og honum, bera hér svo mjög í milli um þetta atriði. Það er alveg nýtt viðhorf hjá Alþfl., ef hann fer að hafa áhuga fyrir að varðveita gömlu kjördæmin, og það er algerlega í mótsögn við hans fyrri stefnu, sem var í þá átt, að landið yrði eitt kjördæmi. Ég tek ummæli hv. frsm. meiri hl. svo, að hann sé ekki eins hreinskilinn og hv. 5. þm. Reykv. og hafi af þeim sökum ekki skýrt málið frá sjónarmiðum síns flokks. Hv. 5. þm. Reykv. skýrði málið í samræmi við yfirlýstan vilja hans flokks, en hv. frsm. meiri hl. hafði sennilega ekkert umboð frá Alþfl. til að lýsa yfir því hér á Alþ., að hann vildi vernda gömlu kjördæmin, en sé svo, er mjög skipt um frá því, sem áður var.

Nú er ár liðið frá þeim merkilega þingfundi, þegar rætt var um frestun almennra þingkosninga. Ég ætla hér ekki að rifja það upp, enda fór mest af þeim umr. fram fyrir luktum dyrum. En það virðist margt hafa breytzt síðan og ekkert eins mikið og skoðanir ýmissa hv. þm. Ég minnist þess, að hæstv. fyrrv. félmrh. (StJSt) lýsti með mjög fjálglegum orðum, hvað væri hlutverk Alþ., meðan kosningafrestunin stæði yfir. Hann lýsti yfir því, að á meðan friðsamleg kjördæma-

skipun kann að standa, sýndist rétt að gera engar stórar breyt. í íslenzkri löggjöf, ef hægt væri að komast hjá því, vegna þess ástands, sem nú ríkir. Þetta er formaður Alþfl., og nú vildi ég spyrja hv. þm. V.-Ísf., hvort hann vilji ómerkja þessi ummæli og telja þau markleysu eina. Ég man líka, að fulltrúar Sjálfstfl. létu orð falla á svipaðan hátt, og ég vil einnig beina þeim orðum til þeirra, hvort þeir telja þau ummæli sín ómagaorð ein, eða hvort þeir telji breyt. á stjskr. landsins lítilfjörlegt mál. Annaðhvort hafa þeir mælt af óheilindum í fyrra eða þeir ætla að standa við það, sem þeir þá sögðu, og knýja ekki fram mál eins og þetta. Allir þm. viðurkenna með sjálfum sér, að eina rétta afgreiðslan í þessu máli er að samþ. till. Framsfl. um skipun mþn. í því. Þeir vita vel, að allt annað er til minnkunar og getur ekki orðið öðruvísi en Alþ. til stórskammar. Ég verð að segja, að þó að ég hafi aldrei talið mig með þeim postulum, sem hæst gala um sjálfstæðismálið og sambandsslitin, þá lít ég svo á, að það sé óviðunandi og vansæmandi fyrir Alþ. að afgreiða þau mál nú, eins og afstaða okkar er til Danmerkur. Mig undrar það, að menn, sem hafa talið sig standa framarlega í sjálfstæðisbaráttunni undanfarið, skuli geta gert svo lítið úr sér að ætla að afgreiða breyt. á stjórnskipunarl. landsins án þess að taka þetta til meðferðar. Það er hinn dæmalausi undirbúningur að þessu frv., sem gerir það að verkum, að *það hlýtur að verða vansæmandi fyrir Alþ. að afgr.* frv. Ég veit, að ekki þýðir að tala mikið um þetta, því að örlög málsins eru þegar ráðin. Hitt er annað mál, að það er eðlilegt, þó að mikið sé um það talað, og ég vænti þess, að fleiri taki til máls af þeim, sem að frv. standa, til þess að lýsa afstöðu sinni til þess. Ég hefði t. d. óskað mjög eftir því, að hæstv. ráðh. Sjálfstfl., sem raunar eiga að mynda nýja stjórn vegna þessa máls, létu eitthvað til sín heyra við þessa umr. Mér skildist það á ræðu hæstv. fjmrh., að hann teldi, að frv. ætti ekki að ná fram að ganga á þessu þingi. Undirbúningurinn væri þannig, að ekki ætti að afgreiða málið, eins og sakir stæðu. Ég hefði álitið það vel til fallið, að hæstv. fjmrh. léti þingið vita, hvort hann hefði skipt um skoðun, frá því að 1. umr. fór fram, og hvort hann ætli að greiða atkv. móti frv. og með hinni rökstuddu dagskrá Framsfl. Mér mundi finnast hið síðarnefnda vera rökrétt afleiðing af þeirri afstöðu til málsins, sem hæstv. ráðh. lýsti yfir við 1. umr.

Ég gat ekki látið hjá líða að láta mínar skoðanir koma fram í þessu efni, þó einkum um undirbúning málsins og afstöðu þingsins til að gera út um það nú.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Það er afar gott, að menn tali af mikilli virðingu um stjskr. og áliti, að vanda beri mjög til allra breyt. á henni. Og nú tala þessir menn af miklum fjálgleik um, að það sé voðalegt að hugsa til þess að breyta kjördæmaskipuninni. En í fyrra, þegar þessir sömu menn voru að brjóta stjskr. með því að fresta kosningunum, þá var annað hljóð í strokknum. Hvað sögðu þeir þá? Ekki neitt. Það er sérstaklega óviðkunnanlegt að heyra þessa sömu menn, sem frestuðu kosningunum í fyrra, tala af miklum hita um, að ekki megi hreyfa við stjórnskipunarl. — Annars er miklu eðlilegra að fresta kosningum nú en í fyrra. Þessi rök þeirra *eru alveg út í bláinn.*

Það er vitanlegt, af hverju þetta mál er tekið fyrir nú. Það er af því, að það er harðvítugt deilumál á milli flokka. Hins vegar er sjálft sjálfstæðismálið, framtíðarfyrirkomulag þjóðskipulagsins, ekki deilumál á milli flokka. Það er ekki kunnugt um neinn flokk, sem hefur þær skoðanir á því máli, að aðrir flokkar geti ekki sætt sig við. Í því máli geta verið misjafnar skoðanir milli manna, en ekki heilla flokka. Má því búast við, að hægt sé að afgreiða það mál deilu- og hávaðalaust.

Ég ætla svo að víkja að hv. 1. þm. Rang. Hann reyndi ekki einu sinni að svara því með rökum, að kosningafrestun væri ólýðræðisleg. Hann reyndi ekki að afsanna, að nú væri mögulegt fyrir ¼ hluta þjóðarinnar að ná meiri hl. á Alþ. Ég skal viðurkenna, að hættunni er ekki að fullu afstýrt enn þá, en í stað 25% þarf nú a. m. k. 35—40% af þjóðinni til þess að ná meiri hl. á Alþ. Réttur meiri hl. er því betur tryggður nú en áður. En það er vitanlegt, að þessu marki er ekki hægt að ná að fullu, nema annaðhvort með því að fjölga uppbótarþingsætum, en flestum er nú illa við þau, eða ganga á einmennings- og tvímenningskjördæmin. Það eru auðvitað fleiri breyt., sem rétt væri að gera í sambandi við kjördæmaskipunina, en það er bara svo erfitt að koma fram slíkum breyt. hér í þinginu. Vald einmennings- og tvímenningskjördæmanna er svo mikið. Það er skiljanlegt, að menn, eins og hv. 1. þm. Rang., telji það ógurlegt, ef gengið er á rétt þessara kjördæma. Menn eins og hann, sem lýsa yfir því, að ef allir í landinu hefðu jafnan atkvæðisrétt, ríkti hið herfilegasta ranglæti í þjóðfélaginu. En má ég nú spyrja: Hvar er þetta úrval, sem á að hafa þessi forréttindi? Hvaða hugsunarháttur stendur á bak við þetta? Á að *ala hér upp í landinu einhvern pólitískan „raca“?* Hvaða hugmyndir eru þetta eiginlega? Þessi hv. þm. minntist líka á það, að það væri nær að jafna réttinn til lífsþægindanna heldur en að jafna kosningaréttinn. En hvernig stendur þá á því, að hann hefur aldrei flutt neina till. í þá átt? Hvernig stendur þá á því, að hann og hans flokkur hafa gert allra flokka mest að því að auka efnamismun stéttanna í þjóðfélaginu? Svo þegar verkalýðurinn vill fá jafnan kosningarétt við aðra þegna þjóðfélagsins, koma þessir menn og segja, að *nær sé að jafna auðnum í landinu.* Þetta er of ódýrt lýðskrum, til þess að nokkur taki það alvarlega. Þessi hv. þm. nefndi sem dæmi þess, að Alþ. væri á móti því að jafna aðstöðuna til lífsþægindanna, að það hefði ekki viljað flytja Menntaskólann í Reykjavík í sveit. En menntaskólinn er nú lokaður fyrir öllum almenningi þessa bæjar, og fyrir hvers aðverknað er það? Formanns Framsfl. öllum öðrum fremur.

Þessi sami hv. þm. sagðist hlakka til að leggja þetta mál fyrir dómstól kjósendanna í landinu. *Ég vil segja honum það, að þjóðin er farin að* þrá meir kosningar en þm. sjálfir. Auk þess er nú ekkert skemmtilegt fyrir framsóknarmenn að líta á feril flokks síns hér í Rvík síðustu 10 árin. Á þeim tíma hefur honum hrakað frá því

að hafa 2 bæjarfulltrúa og niður í það að hafa engan nú. Svo talar þessi þm. um, að ógurlegt sé að hafa kosningar á þessum tímum.

Verkalýðurinn í landinu hefur boðið ríkisstj. Sjálfst.- og Framsfl. upp á samvinnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Hverju hefur verið svarað? Engu. Verkalýðurinn hefur verið hundsaður alveg Auk þess hefur verkalýðnum í landinu verið rekið hnefahögg í andlitið með gerðardómi Íhalds- og Framsfl. Er þetta aðferðin til þess að sporna við því, að atvinnulífið leggist í rústir? Og svo er þessi hv. þm. fullur af fjálgleik yfir öllu saman.

En aðalhættan, sem yfir Íslandi vofir, er ofsóknaræði formanns Framsfl. Það verður að leita til hinna svörtustu einræðisríkja til þess að finna fyrirmynd að slíku, þegar form. menntamálaráðs ofsækir alla færustu og þekktustu lista- og vísindamenn þjóðarinnar. Skáld, málarar, myndhöggvarar, leikarar, yfirleitt allir færustu andlegir kraftar í landinu, eru af þessum manni ofsóttir með lygum, rógi, blekkingum og beinum hótunum um að afnema þá úr þjóðfélaginu. — Þarna er mesta hættan, sem yfir íslenzkri þjóð vofir. Svo segir þessi þm., að Reykvíkingum hafi aldrei verið neitað um neitt. Það fer víst eftir því, hverjir eiga hlut að máli. Sú var tíðin, að verkamenn í Rvík þurftu atvinnu og fóru fram á, að þeir fengju að vinna við að byggja yfir sig hús. Þá neitaði Framsfl. um innflutning á byggingarefni. Afleiðingarnar urðu svo vitanlega þær, að lítið var byggt. Og svo koma húsnæðisvandræðin í Rvík til sögunnar.

Hv. 1. þm. Rang. var að bregða sjálfstæðismönnum um drengskaparleysi, af því að þeir vildu rjúfa stjórnina. En það þurfti ekkert drengskaparleysi af framsóknarmönnum til þess að ganga í stjórn með Kveldúlfunum 1939.

Þessi hv. þm. talaði um, að ef þessar breyt. yrðu samþ., mundi ekki verða unnið eins mikið fyrir kjördæmin í landinu. Engin rök færði hann fyrir þessu. Ég held þó, að þetta verði alveg öfugt. Ef til vill verða ekki flutt eins mörg frv. til að sýnast og nú er gert. Hins vegar er nú grundvöllur undir heilbrigðara starfi fyrir kjördæmin, og frv. verða nú ef til vill flutt meira vegna nauðsynja málanna en sýndarhagsmuna þm.

Aðaltrompið hjá hv. 1. þm. Rang. átti að vera það, að ég vildi ekki, að fólkið byggi í dreifbýlinu, heldur vildi ég flytja það allt til Rvíkur eða helzt til Rússlands. Heldur þessi þm. kannske, að þm. Framsfl. séu búsettir í sveitum? Nei, onei, — ekki alveg. Helmingur þeirra býr í kaupstöðunum. Það eru skrýtnar röksemdir af hálfu þessa flokks.

Svo er það eitt, sem er bezta dæmið um rökbrot hjá þessum hv. þm., eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði. Það er, þegar hann kom að því, að við sósíalistar vildum, að allir þm. byggju í Rússlandi. Ég veit ekki, hvernig heilinn er gerður í þeim mönnum, sem ekki hafa annað að segja, þegar verið er að rökræða kjördæmaskipun hér á Íslandi, en að íslenzkir þm. þurfi að vera búsettir í Rússlandi. Það er sannast að segja lítið orðið eftir af rökum, þegar þeir þurfa að grípa til annars eins þvaðurs. Ég veit ekki, hvað þessum hv. þm. gengur til. Hann hefur búizt við, að ég væri að segja, að hann vildi helzt vera búsettur í Finnlandi og vildi helzt vera hjá Mannerheim marskálki. Ég veit ekki, hvort maður á að fara að rifja upp gamlar þingræður til þess að svara svona vitleysum. Það er nú svo komið, að flestir þm. fyrirverða sig fyrir að nota gömlu slagorðin, og er leiðinlegt til þess að vita, að einmitt einn af þeim fáu, gömlu kommúnistum, sem eru í Framsfl., skuli endilega vilja hanga í þessum Rússlandsslagorðum.

Þá kom þessi hv. þm. að því, að kommúnistar vildu gera Thors-fjölskylduna einráða á landinu. Það væri gaman, að spyrja þennan hv. þm. að því, hvað hann vildi gera til þess að minnka það einræði, sem Framsfl. hefur skapað til handa þessari fjölskyldu í landinu, og hvað hann hugsar sér að gera til þess að ná meiru af auðæfum Kveldúlfs handa fjöldanum. Ég vil beina einni fyrirspurn til hans og skora á hann að svara. Hún er þessi: Í Ed. liggur nú frv., sem hefur verið skýrt dómnefndarfrv. Það kemur frá Nd. Í þessu frv. felst að banna verkamönnum að hækka kaup sitt. Það er ljóst, að með þessum gerðardómi verður gengið á rétt launastétta og verkamanna í landinu, og það er líka ljóst, að ef verkamenn fengju að hækka laun sín, yrði hlutur milljónaeigendanna minni. Ég vildi spyrja þennan mann, sem er nú allt í einu farinn að tala fjandsamlega um Thors-fjölskylduna, hvort hans flokkur vilji, þegar þessi lög koma til 2. umr. í Ed., vera með að fella þau. Ég vil spyrja þennan þm. og flokk hans, hvort hann vilji vera með að fella gerðardómsl. í Ed. Hv. þm. er runninn af hólminum. Hann er svo gerður, að þegar hann hefur kastað fram illyrðum og þau eru tekin í gegn, þá rýkur hann burtu, flýr af hólminum til þess að geta afsakað sig með því, að hann hafi ekki heyrt, hvað sagt var.

Ég gerði við 1. umr. þessa máls grein fyrir því, hvað ég áliti, að verkalýðurinn ynni á þessu. Ég skal endurtaka það, að ég álít, að fyrir auðmannastétt landsins sé þetta pólitískt tap. Menn þurfa ekki annað en lesa neyðaróp í Tímanum núna til þess að sjá, að það er á hagsmuni efnamannanna, sem forustan í Framsfl. spilar núna, þegar á að reyna að bregða fæti fyrir þetta mál í þinginu.

Svo kom hv. þm. með það, að ég hefði verið að reyna að setja bændum einhver skilyrði, að ef þeir vildu fylgja verkalýðnum, gætu þeir fengið að stjórna. Ég skal endurtaka það, sem ég sagði og meinti, til þess að þm. fari þar ekki villir vegar. Verkalýðurinn er helmingur þessarar þjóðar, og svo framarlega sem kosningarétturinn er jafn og verkamannastéttin notar hann rétt, hefur hann tækifæri til þess að ráða yfir helmingnum af þingsætunum. Svo framarlega sem vinnandi stéttir sveitanna taka höndum saman við verkalýð bæjanna, hafa þeir möguleika til þess að ráða þessu þingi. Það er ekkert undarlegt, þótt því sé haldið fram, að verkamenn og bændur eigi að vinna saman og að það sé nauðsynlegt að tryggja, að verkamenn hafi jafnan kosningarétt við aðra þegna þjóðfélagsins, þar sem þetta er 85% af þjóðinni, og þessi vinnandi stétt ætti að hafa völdin í þjóðfélaginu, ef kosningarétturinn er jafn fyrir alla.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég koma að einu, sem ekki snertir þetta mál, og vil mælast til

þess, að hæstv. forseti kalli á hv. 1. þm. Rang., svo að hann megi heyra mál mitt. (**Forseti:** Hv. þm. er ekki staddur hér.) Þetta mál snertir mig persónulega. Þessi hv. þm. sagði, að mér bæri ekki að gagnrýna stjórnina, eins og ég hefði gert, sökum þess, sem stj. hefði gert fyrir mig og fjölskyldu mína í fyrra, þegar ég var sendur út. Ég ætla að lýsa yfir því, að ég álít, að hvorki hæstv. ráðh. né hæstv. forsetar hafi látið þá aðstoð og hjálp í té, sem þeir gerðu, af því, að þeir hafi ætlazt til þess, að ég léti af minni pólitísku skoðun. Ég hef aldrei orðið þess var, að þeir hafi ætlazt til þess eða álitið það mútur til mín. Það fyrsta, sem ég gerði, þegar ég kom heim aftur, var að þakka forsrh. og utanrh. fyrir mig, bæði í blöðum og munnlega, og það fyrsta, sem ég gerði hér á Alþ., var að láta þakklæti mitt í ljós. Ég hef aldrei skoðað það svo, að þeir hafi ætlazt til neins annars en þess þakklætis, sem hver maður lætur í té. Ég býst ekki við, ef maður réttir drukknandi manni hjálparhönd, að sá, sem hjálparinnar nýtur, þurfi að hætta að vera pólitískur andstæðingur hins fyrir það. Mér finnst hart, að þm. skuli segja þetta. Mér skilst, að ég eigi ekki að koma fram sem andstæðingur þeirrar stjórnar, sem hefur reynzt mér og mínum eins og þessi stjórn. Ég get ekki skilið þennan hugsunarhátt. Ég þarf ekki að æskja þess, að forsetar eða ríkisstj. láti í ljós, að þeir hafi ekki ætlazt til þessa. Hvaðan kemur þessi hugsunarháttur? Kemur hann frá mönnum, sem eru svo vanir að heyra frá formanni flokks síns: Ég gerði þetta fyrir þig, — þú verður að vera þægur? Er hugsunarháttur hv. 1 þm. Rang. orðinn svo kúgaður af handjárnunum, sem hann er beittur, að hann leyfir sér að koma fram með svona hugsanir? Ég gæti farið út í margt í þessu sambandi. Ég gæti líka lesið fyrir hv. 1. þm. Rang. það, sem skrifað var í Tímann af Jónasi Jónssyni, daginn eftir að ég fór út. Mér var send greinin út. Ég las hana í fangelsinu. Það var ekki þokkaleg kveðja. Ég held, að þessi hv. þm., sem er orðinn svona gegnsýrður af hugsunarhætti þess manns, sem skrifaði þá grein, ætti helzt ekki að opna sinn munn.

***Jón Pálmason:** Við 1. umr. þessa máls hér í d. gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu minni, og það atvikaðist svo, að frv. hefur tekið þeim breyt., sem ég fór fram á, þannig að tvö kjördæmin falla út. Þess vegna skal ég lýsa yfir því, að ég er sem sveitarfulltrúi ánægður, og skal ég nú skýra það, af hverju ég er ánægður. Andstæðingar frv., sem talað hafa, hafa bundið ræður sínar eingöngu við það aðalatriði að koma á hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmunum, og hafa þeir lýst andúð sinni á hlutfallskosningum yfirleitt. Það er ástæða til að víkja að afstöðu þessara manna til hlutfallskosninga í landinu. Þeir tala fyrst og fremst um hina og aðra ófriðarmenn, en eftir því, sem ég þekki til, er það hvarvetna svo, að það eru þessir friðarmenn, sem kalla sig svo, sem til ófriðar stofna. Ég skal víkja að nokkrum atriðum, sem sýna það.

Árið 1936 hagaði svo til, að Framsfl. var í minni hl. í búnaðarþingi, en Bændafl. og Sjálfstfl. í meiri hl. og kosningafyrirkomulagið með öðrum hætti en nú. Þá beittu framsóknarmenn sér fyrir því, að hlutfallskosningar yrðu teknar upp, og nú er það svo, að hlutfallskosningar eru til búnaðarþings í 7 tvímenningskjördæmum. Þeir beittu sér fyrir því árið 1935 að koma á hlutfallskosningum til bæjarstjórna og hreppsnefnda á landinu, og það varð til þess að gera allar kosningar pólitískar kosningar. Ég get bætt því við, að svo langt gekk þetta hlutfallskosningafyrirkomulag hjá framsóknarmönnum, að þeir komu því í gegn, að hafðar yrðu hlutfallskosningar, þegar tilnefningar fóru fram um hreppstjóraefni. Þetta var í Húnavatnssýslu og var vegna þess, að þeir þóttust hafa orðið undir við tilnefningar hreppstjóraefnis í sveitinni, og þá beittu þeir sér fyrir þessari hlutfallskosningu á þrem hreppstjóraefnum.

Ég skal þá víkja að því, hvernig útkoman var við síðustu alþingiskosningar, og víkja að því, hvernig aðstaðan var hjá þeim, sem studdu Sjálfstæðis- og Bændafl., og hins vegar hjá þeim, sem studdu Framsfl. Í sveitunum frá Hrútafirði, norður fyrir og austur um land til Hellisheiðar, var það svo, að á þessu svæði fengu framsóknarmenn við þessar kosningar 9709 atkv. og 16 þingmenn, en Sjálfstæðis- og Bændafl. 8121 og 2 þingmenn kosna. M. ö. o., í þessum 12 sveitakjördæmum komu 607 atkv. á hvern þm. Framsfl., en 4060 á hvern þm. Sjálfstæðis- og Bændafl., og hefði ekki þurft nema örfá atkvæði til þess, að þessir tveir þm., sem hér eru staddir, ég og hv. þm. V.-Sk., hefðu líka fallið og Sjálfstfl. hefði engan þm. haft, en Framsfl. 18. Þegar athuguð er aðstaðan um allt landið í sveitakjördæmunum, verður útkoman sú, að Framsfl. hefur 12 þús. atkv. og 19 þm., en Sjálfstfl. 10 þús. atkvæði og 6 þm. kosna. Framsfl. hefur 680 atkv. bak við hvern þm. og Sjálfstæðis- og Bændafl. 2316. Hér eru aðeins sveitakjördæmin tekin. Miðað við þessi atkvæði, er rétturinn hjá framsóknarmönnum 3½ sinnum meiri en hinna. Þá er spurningin, hvernig standi á þessari útkomu. Með hverju fengu framsóknarmenn þessa útkomu, þótt þeir væru svona miklu færri? Það er af tveim ástæðum. Framsfl. hefur á undanförnum árum komið sinni kosningavél í gott horf. Hann notar við sínar atkvæðaveiðar allt það, sem áhrifamest er, og í flestum þessum kjördæmum hefur hann komizt að með tiltölulega litlum atkvæðamun. Í öðru lagi var hann beint og óbeint í samvinnu við jafnaðarmenn og kommúnista, og hefur því verið lýst yfir af forráðamönnum flokksins, að ekki svo fáir af þm. Framsfl. ættu sitt fylgi að þakka því, að kommúnistar fylgdu þeim við þessar kosningar. Nú skulum við athuga útkomuna, ef hlutfallskosningar hefðu verið við þessar kosningar í tvímenningskjördæmunum. Þá hefði Framsfl. 13 þm., en Sjálfstæðis- og Bændafl. 12 þm. Þá hefði útkoman verið sú, að bak við hvern Framsflþm. hefðu verið 992 atkvæði, en hjá Sjálfstæðis- og Bændafl. 1150 atkv. bak við hvern þm. Vegna þess, sem frsm. minni hl. sagði í kvöld, er hann taldi fals í því að telja ekki uppbótarþingmennina með, vil ég skýra það, að ef þeir eru teknir með, stendur dæmið þannig, að Sjálfstæðis- og Bændafl. fengu 5 uppbótarþingmenn úr sveitakjördæmunum og fengu því raunverulegar 11 þm.

kosna, og á hvern þeirra þm., þegar þetta er tekið með, falla 1262 atkv., en á hvern þm. Framsfl., sem eru 19, 680 atkv. Ég vil taka það fram, að hér er aðeins um sveitakjördæmin að ræða. Kaupstaðirnir eru ekki með. Þess vegna er auðsætt, að Sjálfstæðis- og Bændaflokks-kjósendur í sveitunum hafa ekki jafnmikinn rétt og kjósendur Framsfl.

Það er verið að brýna okkur með því, að við sönnum með þessu, að við viðurkennum að hafa enga von um að sigra í þessum kjördæmum. Um það er ekki hægt að fullyrða, en í raun og veru væri það undarlegt. Ef tekið er tillit til áróðursstyrkleika, ætti Sjálfstfl. að tapa, en Framsfl. að vinna, vegna þess að Sjálfstfl. gerir mjög lítið til stuðnings sínum stjórnmálamönnum, en Framsfl. gerir allt hugsanlegt til þess að gera kosningavél sína sem fullkomnasta.

Það var verið að tala um það af einum þm. Framsfl., að það væri fjarstæða að láta fara fram stjskrbreyt., án þess að taka stjórnarskrármálið fyrir í heild. Framsfl. ferst illa að tala um þetta, því að það voru fulltrúar hans í stjskrn., sem urðu fyrstir til þess að drepa till. frá hv. þm. V.-Sk. um það mál. Nú er það líka svo, að ekki þarf neinar nýjar kosningar til þess að afgreiða það, því að það var ætlunin að skipa mþn. í það og skili hún áliti á sumarþingi, en málið fengi svo afgreiðslu á haustþinginu, eftir að aðrar kosningar hafa farið fram, og er það ekkert seinna en ella muni.

Það hefur verið talað um það, að flutningsmenn þessa frv. væru að stofna til óeðlilegs ófriðar með því að samþykkja þetta mál og væru að stofna til óeirða. Ég vil segja, að eins mikil ágreiningsmál hafa komið á þessu þingi og mál, sem hafa haft eins mikla þýðingu eins og þetta, og fulltrúar Sjálfsfl. hafa aldrei hótað að stökkva burtu, þótt ekki væri farið að eins og þeir vildu. En þegar átti að taka þetta ágreiningsmál fyrir, kom hótun frá forsrh. um, að hann segði af sér, ef það væri ekki gert fyrir hann að drepa þetta mál. Þessi frammistaða er þannig, að þessum mönnum ferst sízt að brigzla öðrum um, að þeir fari með ófrið. Þeir þurfa ekki að tala um það, að flm. þessa frv. séu með ófrið. Hér þarf sannarlega ekki að vera að tala um það, að það séu fylgismenn okkar frv., sem séu ófriðarmenn á þessu sviði. Þess ber enn fremur að geta, að það var hæstv. forsrh. (HermJ) og flokkur hans, sem kvað upp úr um það í vetur, að nú skyldu kosningar fara fram á þessu vori. Og út frá því var ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ágreiningsmál milli flokkanna mundu verða tekin fyrir, og þetta er eitt þeirra.

Mér þykir ákaflega undarlegt, þegar alltaf er verið að stagast á því, að vegna þess að það séu ýmsir erfiðleikar, sem þjóðin eigi við að búa, og vegna þess að hætta sé á því, að aðflutningar til landsins teppist og að loftárásahætta sé, þá megum við þess vegna ekki tala um mál eins og þetta. Mun það breyta nokkru í þessum efnum, hvort kjördæmamálið er samþ. eða ekki? Er líklegt, að allur hagur lands og þjóðar velti á því hvort fulltrúar Framsfl. eru í ríkisstj. eða einhverjir aðrir í þeirra stað? Ég held, að hagur þjóðarinnar hafi ekki blómgazt svo fyrir þeirra tilverknað, að almenningur í landinu þurfi að harma það svo mjög, þó að þeir fari úr ríkisstj. og aðrir komi í þeirra stað. Framsfl. er nú búinn að eiga fulltrúa í stjórn í 15 ár, og aðrir flokkar hafa á því tímabili orðið að vera stjórnarandstæðingar. Og bæði minn flokkur og aðrir hafa hagað fylgi sínu við mál eftir sannfæringu, þannig að þeir hafa fylgt Framsfl., þegar þeir hafa átt samleið við hann, og ekki, þegar þeir hafa ekki átt samleið við hann. Ég býst við, að það fari ekki allt á annan endann hér í þessu landi, þó að einhverjir aðrir en framsóknarmenn fari með völdin í nokkra mánuði.

Þá vil ég aðeins víkja að því, sem kom hér fram og sýnt hefur sig að vera skoðun Framsfl., að skipta beri tvímenningskjördæmunum í einmenningskjördæmi og skipta Rvík í einmenningskjördæmi, og hafa svo enga uppbótarþingmenn. Þetta fyrirkomulag gæti haft þær afleiðingar, að 25%—30% kæmi að yfirgnæfandi meiri hl. þm. hér á Alþ., en heilir flokkar fengju engan þingfulltrúa kjörinn. Þetta er hugsjón Framsfl. Og hann verður að fyrirgefa og hans fulltrúar, þó að við, sem erum með þessu frv., viljum ekki ganga inn á þessar brautir.

Varðandi það, að þessi breyt. sé sérstaklega til þess fallin að taka valdið af dreifbýlinu, eins og þessir menn hafa orðað það, þá hef ég með þeim tölum, sem ég hef lesið upp og eru teknar upp úr kosningaskýrslum frá síðustu kosningum, sýnt fram á, að það er hin mesta fjarstæða, því að það er aðaltilgangur frv. að jafna hlutföllin yfirleitt milli þeirra flokka, sem berjast í sveitakjördæmum landsins.

Annað vil ég svo minnast á. Það hefur varla verið haldinn svo stjórnmálafundur í kjördæmum landsins, a. m. k. síðan 1931, að þar hafi ekki verið einhverjir framsóknarmenn með brigzlyrði um Sjálfsfl. og Alþfl. um það, að ef þeir kæmust til valda í þjóðfélaginu, mundu þeir gera landið að einu kjördæmi eða skipta því í stór kjördæmi og hafa þá hlutfallskosningu alls staðar. Nú liggur fyrir að breyta kosningafyrirkomulaginu, og er þá rétt, að almenningur fái að kjósa um þetta. Og auðséð er á ýmsum greinum, sem um þetta hafa verið skrifaðar, að Framsfl. reynir að glepja fólkið með því að segja, að þessi breyt., sem hér liggur fyrir, sé ekki nema byrjun og svo eigi að gera landið allt að einu kjördæmi.

*__Bergur Jónsson__: Þetta var nú sköruleg ræða og góð, sem síðasti ræðumaður flutti, eins og hans var von og vísa(!). En ég vissi ekki, satt að segja, að þessi hv. þm. væri svo mikill eins og hann þykist vera. Mér skilst á ræðu hans, að það eiginlega sé hann, sem hafi komið með kjördæmamálið inn á þing. En ég hélt, að þetta mál væri þannig til komið, að það hefði verið borið fram af hálfgerðri rælni af Alþfl. í von um það, að Sjálfstfl. mundi ekki hoppa inn á það, því að það er enginn vafi á því, að Alþfl. er ekkert ánægður yfir þessu fóstri sínu nú. En hv. þm. A.-Húnv. verður að fyrirgefa mér það, að ég trúi ekki á hans stórmennsku í þessu máli. Ég veit ekki til þess, að þessi hv. þm. hafi valdið neinum straumhvörfum í málum hér á hæstv. Alþ., og ég býst ekki við, að það eigi eftir að

liggja fyrir hæstv. Alþ. eða honum. Hitt er annað mál, að við höfum vitað til þess, að hér hefur farið fram mjög alvarleg atkvgr. á Alþ. um stórmál, kannske einhver alvarlegasta atkvgr., sem fram hefur farið á hæstv. Alþ., um frestun alþingiskosninga, hvort við ættum af tilgreindum ástæðum að samþ. frestunina eða ekki. Hvernig var þá afstaða þessa stórmennis (!), sem vill, að mér skilst, telja sig föður þessa frv.? Þorði hann þá að segja já um, að hann vildi taka ábyrgð á því að sitja áfram sem alþm. og leggja til hliðar ákvæði stjskr.? Hann sagði ekki já. Sagði hann þá: „Nei, ég ætla að fara til kjósendanna og spyrja þá“? Hann sagði ekki heldur nei. Hann sagði: „Ég greiði ekki atkv.“ Hann var nefnilega skoðunarlaus í málinu. Hann hefur þó setið á þingi síðan og er mikill maður, eftir því sem hann lýsti í síðustu ræðu sinni. En hafði þessi hv. þm. þá ekki ástæðu til að sýna mikilmennsku sína í fyrra með því að taka afstöðu til einhverrar stórvægilegustu ákvörðunar, sem tekin hefur verið hér á hæstv. Alþ.? Hana gerði það a. m. k. ekki. En hann reynir að halda hér ræðu af vanefnum og vanþekkingu um þann frumvarps-óskapnað, sem hér liggur fyrir, og reynir að gefa mönnum í skyn, að hann hafi leikið eitthvert stórt hlutverk í þessu máli. Kannske þetta boði það, að þetta sé eitthvert ráðherraefni, sem hv. 4. þm. Reykv., kommúnistinn, ætlar að fá í þetta ráðuneyti sitt í þeim tilgangi að brjóta niður auðvaldið í landinu, þessi hv. þm., sem aldrei þorir að ganga skref frá því, sem „Kveldúlfsklíkan“, sem hv. 4. þm. Reykv. kallar svo, segir honum að gera. Kannske hann eigi að vera einn af ráðherrunum?

Hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, að verkalýðurinn krefðist þess að fá réttlæti og það væri það, sem lægi að baki þessu frv. Ég get fullvissað þennan hv. þm. um það, að það var ekki krafa verkalýðsins, sem hér er um að ræða. Ekki einn einasti Íslendingur, sem gerir sér grein fyrir alvöru tímanna og metur stjskr. landsins að nokkru, lítur á þær breyt., sem hér er verið að stofna til á stjskr., sem nokkurn hlut í réttlætisátt eða til hagræðis fyrir landið. En það eru áreiðanlega vissir menn, sem líta á þessa stjskrbreyt. sem hagræði fyrir sjálfa sig. Það gátum við heyrt á ræðu hv. þm. A.-Húnv., enda þótt hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. hafi látið þessa umr. ganga svo hér, að þeir hafa ekki gert grein fyrir skoðun sinni á málinu, síðan hæstv. fjmrh. talaði hér við 1. umr. um málið. En hinn ráðh. Sjálfstfl. hefur ekkert sagt enn í þessu máli.

Í ræðu hv. þm. A.-Húnv. var endurtekið það sama, sem hafði komið hér fram í dag í ræðum þriggja hv. þm., um það, að hægt væri á næsta þingi að setja þau nauðsynlegu ákvæði í fullveldismálinu inn í stjskr. Ég benti á það í kvöld í fyrri ræðu minni, að vegna ákvæðanna um stundar sakir, sem ætlazt er til, að verði í þeirri stjskrbreyt., sem nú er verið að reyna að fá samþ., þá er það í raun og veru ómögulegt að gera slíkt á næsta þingi. Ég skoraði á þá menn, sem voru að slá um sig með því hér í þinginu, að þeir ætluðu að fara að breyta fullveldismálinu á næsta þingi án þess að stofna til þrennra kosninga, að skýra frá, hvernig þeir gerðu sér grein fyrir framkvæmd á því. Ekkert svar hefur komið við þessari áskorun minni enn þá. En það hefur enginn af þessum hv. þm. gengið í gildruna aftur nema hv. þm. A.-Húnv., sem óð hér fram eins og blessað barn, það blessað barn, sem hann er. Hann hafði ekki veitt því nokkra athygli, að nein ljón væru á veginum í þessu efni.

Það lítur út fyrir, að það sé nú tízka hjá öllum flokkum, sem með þessu máli eru, að tala illa um Framsfl. Einn hv. þm. sagði það í dag, að öll löggjöf, sem sett hefði verið, síðan framsóknarmenn hefðu komið í stjórn, hefði verið gerð þvert á móti vilja þjóðarinnar. Það var einn af hv. þm. Sjálfstfl. (5. þm. Reykv., SK). Hv. 4. þm. Reykv. (EOl), sem er fyrir hinn svo kallaða Sósíalistafl., Sameiningarflokk alþýðu, hann fór illum orðum um Framsfl. í sambandi við Kveldúlf, Landsbankann o. s. frv. Og svo kom hv. þm. A.-Húnv., þessi mikli maður (!), sem hvorki sagði já né nei í fyrra, og sagði, að alls staðar væri nú þessi ófriður, þar sem þessir framsóknarmenn kæmu, og mér skildist, að það, sem mestur ófriður stafaði af, væru hlutfallskosningarnar í bæjar- og sveitarstjórnir. En það var Alþfl., sem fyrst kom fram með þær till., og Framsfl. samþ. þær. Og ég get bent á tvo mæta menn úr hans flokki, hv. 7. landsk. (GÞ) og hv. fyrrv. þm. Snæf. (Thor Thors), sem þá voru í allshn., sem báðir voru með þessu. Ég var ekki á þinginu þá, þegar þetta var samþ. En þessir hv. þm. voru með því að hafa hlutfallskosningar um bæjarstjórnir og sveitarstjórnir (GÞ: Hvenær var það, með leyfi?). Það var 1936. Þá var ég ekki á þingi, því að ég lá veikur. En ég hefði sennilega verið með því.

Annað var það, sem hv. þm. A.-Húnv. nefndi í sambandi við þann ófrið, sem alltaf skyldi fylgja þessum framsóknarmönnum, hvar sem þeir færu, að þeir hefðu komið á hlutfallskosningum til búnaðarþings. En hvernig er það nú annars? Mig minnir, að sumir hv. þm. Sjálfstfl. séu stundum að tala um það, og það í Morgunblaðinu, — og borgarstjóri hefur talað um það líka, — að Sjálfstfl. sé allmikill verkalýðsflokkur og sé verkalýðnum ákaflega vinveittur. En hvernig er það með kosningafyrirkomulagið í verkalýðsfélögunum? Hvernig eru menn kosnir þar? Veit hv. þm. A.-Húnv. það? Veit hann það, að það eru sams konar kosningar eins og í einmennings- og tvímenningskjördæmunum til Alþ., sem eru í öllum verkalýðsfélögum landsins og, ég held, svo að segja í öllum félagsskap í landinu, — veit hann það? Ég gekk nú í þeirri trú, að það hefðu verið jafnaðarmenn, sem búið hefðu til þetta frv. og lagt það fyrir þingið. En ef það hefur verið hv. þm. A.-Húnv., sem hefur gert það, hvernig stendur þá á því, að hann, þessi mikli maður og þessi mæti fulltrúi verkalýðsins, reynir ekki að koma því til vegar, að teknar verði upp hlutfallskosningar í verkalýðsfélögunum? Hvers vegna hafa þeir flokksmenn hans ekki barizt fyrir því?

Ég hefði nú, enda þótt ræða hv. þm. A.-Húnv. gæfi nokkurt tilefni til aths., líklega ekki staðið upp, ef ekki hefði komið fram hjá hv. frsm. meiri hl. stjskrn. (ÁÁ) það hér í kvöld, sem ekki má láta ósvarað. Hann sagðist lengi hafa furðað sig á því, hversu lengi Reykvíkingar

hefðu þolað það, að Alþ. hefði ekkert fyrir þá gert. Ég veit ekki, hvort hann hefur, þegar hann sagði þetta, hugsað þá um það tímabil, þegar hann var hæstv. forsrh., eða einhver önnur tímabil yfirleitt. Ég get vel sagt það fyrir mitt leyti, að síðan ég kom á þing, veit ég ekki til þess, að Alþ. hafi nokkurn tíma gengið á móti einu einasta hagsmunamáli fyrir Reykjavík, sem fyrir þingið hefur verið lagt. Ég veit ekki annað en hæstv. Alþ. hafi samþ., að ríkið gengi í ábyrgð fyrir stórkostlegum milljónalánum fyrir Rvík. svo sem til Sogsvirkjunarinnar, hitaveitunnar o. þ. l., og samþ. lög um happdrætti fyrir háskólann í Rvík. Hæstv. Alþ. hefur samþ. þetta, og þá framsóknarmenn líka. Þá hefur Alþ. samþ., að Skildinganes yrði innlimað Rvík, og það liggur fyrir þessu þingi frv. um að taka part af Vatnsendalandi og leggja það undir Rvík. Þessi mál hafa verið samþ. af framsóknarmönnum alveg eins og af öðrum hv. þm. Ég veit ekki, hvort það hefur verið meining hv. þm. V.-Ísf. að beina því að okkur framsóknarmönnum, að við hefðum staðið í vegi fyrir framfaramálum Rvíkur hér á þingi. En ef svo er, þá vil ég, af því að þessi hv. þm. er svo merkur maður, sem lengi hefur verið í ábyrgðarmiklum stöðum, ekki láta það ómótmælt, því að hæstv. Alþ. hefur alls ekki traðkað neitt á réttinda- eða framfaramálum Reykv. En hitt er áreiðanlegt, sem við vitum báðir, hv. þm. V.-Ísf. og ég, að áhugamál ýmissa annarra kjördæma á landinu hafa gersamlega verið fyrir borð borin hér á hæstv. Alþ. aftur og aftur. Ef hv. þm. V.-Ísf. finnst, að hagsmuna Rvíkur hafi ekki verið gætt hér á hæstv. Alþ., eins og átt hefði að vera, (sem ég þó efast um, að honum finnist, þegar hann fer að athuga það nánar), þá er eðlilegt, að hann vilji breyta kjördæmaskipuninni í þá átt, að flokksstjórnirnar, sem eru í Rvík, hafi sem mest völd við kosningar og geti ráðið sem mestu um val fulltrúa til Alþ. En í þá átt stefnir þessi litla kákbreyting, sem hér er um að ræða, að svo miklu leyti sem hún er fugl eða fiskur. Og það er viðvíkjandi þeim breyt., sem verið er að gera þarna í sambandi við 6 kjördæmi í landinu. Þar er, með því að taka upp hlutfallskosningar í þessum 6 kjördæmum, verið að reyna að koma því til vegar, að á ⅓ eða ⅕ eða ⅙ atkv. í þessum kjördæmum sé hægt að koma inn á þing mönnum, sem menn í þessum kjördæmum alls ekki treysta, en sem flokksstjórnir héðan úr Rvík hafa sent. Það er síður en svo, að ég hafi neitt við það að athuga, þó að Rvík hafi nægilega fulltrúatölu á þingi, og ég álít rangt að ganga á hennar málefni hér. En það hefur heldur ekki verið gert. Hún hefur því ekki undan neinu að kvarta. Og hv. þm. V.-Ísf. getur gengið á milli manna hér í Rvík og spurt íbúana sjálfa um það, og mun hann þá komast að raun um, að allir þeir Reykvíkingar, sem hafa haft opin augu og hafa réttlætistilfinningu, vita vel, að það er ekki gengið á rétt Rvíkur hér á hæstv. Alþ.

Hv. frsm. meiri hl. n. (ÁÁ) sagði í svari sínu til hv. 1. þm. Rang. (SvbH), sem mig minnir, að hann orðaði á þá leið, að hv. 1. þm. Rang. sæi ekkert, sem stæði í vegi fyrir því að vinna bug á erfiðleikunum, sem nú eru fyrir hendi eða geta komið, annað en þessa stjskrbreyt. En það er annað, sem kemur fram í ræðum hér og kom greinilega fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. og reyndar hlýtur að liggja til grundvallar hjá fjölda mörgum mönnum, sem standa bak við þetta frv. Það er það, að þeir virðast ekki sjá neitt annað ráð til þess að berjast við erfiðleikana nú heldur en að káka við breyt. á kjördæmaskipuninni, því að það er það eina, sem á að gera, að koma upp málamyndastj. bara til þess að koma fram smávægilegri breyt. á kjördæmaskipuninni, sem þessir menn vita vel, að verður aldrei til frambúðar og enginn vill hafa til frambúðar, en láta jafnframt alveg hjá líða að gera nokkra rannsókn á öðrum ákvæðum stjskr., sem þó verður að breyta, áður en langt líður. Þessi stjórnskipunarl. eru, hvað sem menn vilja gera lítið úr þeim hér, grundvöllurinn undir réttarskipun þjóðfélagsins. Og það er alveg ósæmilegt fyrir hæstv. Alþ. að leika sér með slík lög sem þessi, og algerlega ósæmilegt, þegar vitað er, að það verður að taka stjskr. til rækilegrar yfirvegunar í mjög mikilvægum atriðum, að vera að stofna til fleiri kosninga og baráttu um viðkvæmt deilumál, sem snertir aðeins eitt atriði stjskr., vitandi það, að önnur slík barátta hlýtur að koma rétt strax á eftir. En það er það, sem verið er að stofna til með þessu. En hin rétta stefna er sú, að mínu áliti, að reyna það, sem hægt er nú, til að snúa sér að þeim verkum, sem snerta lífræn vandamál yfirstandandi tíma, en stofna hins vegar til kyrrlátrar og vandaðrar vinnu að því að undirbúa rækilega þær breyt. á stjskr., sem þarf að gera áður en langt líður.

Það hefur gloprazt út úr mörgum þeim, sem fylgja þessu frv., að það, sem þurfi að heimta, sé réttlæti og jafnrétti milli flokka. Þarna liggur aðalatriðið í því, sem verið er að reyna að gera. Það er ekki á neinn hátt verið hér að reyna að jafna réttindi meðal kjósendanna í landinu, heldur að auka vald flokksstj. yfir kjósendunum í landinu, — gera kjósendurna helzt áhrifalausa hér á hæstv. Alþ., kjósendur, sem meira meta mannkosti og hæfileika til þingmennsku heldur en flokksfylgi og náð hjá stjórnmálaleiðtogum. Það er brask stjórnmálaleiðtoganna með kjósendur landsins, sem hér er verið að stofna til.

Ég hirði ekki um að fara að rekja nákvæmlega þau alvörumál, sem nú liggja fram undan. Ég veit, að hv. þm. V.-Ísf. er svo greindur maður og hefur það mikla þekkingu, að hann veit mjög vel, að það er ekki rétt að tala með neinni léttúð um tímana, eins og þeir eru nú, þó að við höfum mikið af peningum. Hann sagði í ræðu sinni, að nú værum við miklu öruggari, vegna þess að við værum undir hervernd stórs herveldis. Þetta er alveg rétt. Við erum sennilega miklu öruggari, að svo miklu leyti sem þeir geta varið okkur, ef á okkur verður ráðizt. Hitt er svo annað mál, að þótt við hefðum neitað að láta þessa þjóð taka að sér hervernd landsins, þá værum við af hinum aðilanum samt skoðaðir sem ófriðaraðili. Það yrði enginn greinarmunur gerður á okkar skipum og þeirra, eða á fólkinu og hermönnunum, ef landið yrði fyrir árás. Og þau eru svo óteljandi vandamálin í þessu sambandi, að það mætti æra óstöðugan að tala um það. Og ef menn vilja gera lítið úr alvöru tímanna

og í því sambandi afstöðu okkar vegna setuliðsins, þá vil ég spyrja: Minnast menn þess ekki, að 2 Íslendingar hafa verið drepnir og 1 særður, að því er við bezt vitum, saklausir? Og hverju megum við ekki búast við í framtíðinni?

*Garðar Þorsteinsson: Herra forseti! Ég skal reyna að tala ekki mjög lengi. Það hefur verið síður þeirra hv. þm., sem talað hafa í þessu máli, að þeir hafa talað frá 30 og upp í 180 mínútur. En ég veit, að þetta mál er nú þannig komið, að menn sannfærast yfirleitt ekki á einn veg eða annan.

Áður en ég sný mér að aðalefni þessa máls, vil ég segja það, að mér þótti ræða hv. síðasta þm., hv. þm. Barð., dálítið einkennileg. Þessi hv. þm. ætlaði í vissum hluta ræðu sinnar að slá sig til riddara með því að segja, að hv. þm. A.-Húnv. hafi einhvern tíma slegið af sinni fyrri afstöðu í máli, sem hv. þm. Barð. taldi eitthvert mesta mál síðustu þinga, sem sé kosningafrestunin. Hann sagði, að einhver straumhvörf hefðu orðið *hjá þessum hv. þm. Ég hygg, að ég hafi fylgzt* með afstöðu þessa hv. þm. til þess máls engu síður en hv. þm. Barð. Það er rétt, að hv. þm. A.-Húnv. greiddi ekki atkv. með því á síðasta þingi, að kosningum yrði frestað, af því að hann skoðaði hug sinn um það tvisvar, hvort ástæða væri til þess, að þingkosningar færu ekki fram, eins og stjórnskipunarlögin ákveða, en þau mæla svo fyrir, að almennar þingkosningar skuli fara fram a. m. k. fjórða hvert ár. Hann varð ekki sömu skoðunar og meiri hl. flokks hans á Alþingi um það, að fyrir lægju þær ástæður, sem réttlættu, að kosningum yrði frestað, og greiddi ekki atkv. En hv. þm. Barð. greiddi atkv. á þann veg, að þingkosningum skyldi frestað. Ég man ekki, hvort hann tók til máls, en hann hefur sjálfsagt gert það sem lögfræðingur Framsfl. Hitt er svo aftur annað mál, sem rétt er að athuga, hvor hefur gert sig sekan í straumhvörfum, hann eða hv. þm. A.-Húnv. Hv. þm. Barð. hefur fyrir nokkrum vikum samþ. á flokksþingi Framsfl., að kosningar skuli fara fram í vor, og ég hef ekki heyrt þennan hv. þm. koma með nein rök fyrir því, að frekar sé ástæða til að láta kosningar fara fram nú en í fyrra, og mér þætti gaman að vita það hjá þessum hv. þm., hvað það er, sem gerir það að verkum, að ekki er hægt að fresta kosningum nú eins og í fyrra. Ég skal taka það fram, að ég var með kosningafrestuninni í fyrra, og er það enn, af því að ég er þeirrar skoðunar, að eins og komið er með okkar þjóð, sem er í tveggja herja höndum, þá sé síður en svo minni ástæða til að ætla, að landið verði fyrir árásum nú en á s. l. ári. Ég vona, að ég sé ekki með neinar uppljóstranir, þó að ég segi frá því, að ræðismaður Bandaríkjanna í Rvík, Mr. Kuniholm, hefur sagt við mig, að þann dag, sem Bandaríkin færu í stríðið, mundu Þjóðverjar gera árás á Ísland. Það hefur, sem betur fer, ekki verið gerð nein árás, en samt var það hans persónulega skoðun, að hættan fyrir Ísland yrði því meiri sem stríðið nálgaðist Bandaríkin meir. Og það þarf enginn að segja mér það, að það sé minni hætta fyrir landið og þjóðina nú en í fyrra. Svo þætti mér gaman að heyra rök hv. þm. Barð. fyrir því, að það séu straumhvörf í huga hv. þm., þótt hann segi, að það sé minni ástæða til að ganga til kosninga nú en í fyrra. Og ég er enn þá þeirrar skoðunar, að það hafi verið mjög mikil ástæða til að fresta kosningum í fyrra, og að hún sé ekki minni nú. Hitt er annað mál, að ég mundi ekki greiða atkv. með frestun núna, úr því að meiri hl. Alþ. heimtar kosningar. Og sá flokkur, sem gengur þar fram fyrir skjöldu, er ekki Sjálfstfl., eða flokkur Jóns Pálmasonar, heldur er það Framsfl., flokkur Bergs Jónssonar, og það er hann, sem ber ábyrgðina, og hann skal sannarlega ekki skella henni á aðra. Ég verð þess vegna að segja, að þótt málin hafi nú snúizt á þann veg, að kosningar skuli fara fram í sumar, þá neita ég fyrir mitt leyti, að nokkur straumhvörf hafi orðið í huga mínum, því að það er að mínum *dómi ábyrgðarmeira nú en í fyrra að láta* kosningar fara fram. Ég hef aldrei dregið dul á það í mínum flokki og mun ekki heldur gera það hér.

Þegar þetta mál kom inn í Alþ. og var vísað til stjskrn., þá var það fyrsta atriðið, sem n. tók til athugunar, hvort hún ætti að afgreiða þetta mál sérstaklega eða hvort hún teldi rétt, að stjórnskipunarl. almennt yrðu afgreidd. Eins og tekið hefur verið fram í nál. meiri hl. og af hv. frsm., þm. V.-Ísf., þá var það form. n., hv. þm. V.-Sk., sem gerði það að till. sinni, að þetta mál yrði afgreitt í heild og komið yrði fram gagngerðum breyt. á stjórnskipunarl. Íslands. Þegar gengið var til atkv. um þetta með nafnakalli, þá lýstu fulltrúar Framsfl. yfir því, að þeir mundu ekki samþ. þetta, af því að þeir teldu, að engar breyt. á stjórnskipunarl. Íslands ættu yfirleitt að eiga sér stað á þessu þingi, hvorki sú breyt., sem farið er fram á í þessu frv., sem hér liggur fyrir, né önnur. Ég og hv. 5. þm. Reykv. greiddum atkv. á sama veg, ekki af því, að við álitum, að breyt. á stjórnskipunarl. mættu ekki eiga sér stað á þessu þingi, heldur af hinu, að við töldum, að sú breyt., sem hér er farið fram á, ætti fyrst og fremst að ná fram *og að það mundi tefja fyrir málinu*, ef gengið yrði lengra. Það voru þess vegna 6, sem greiddu atkv. á móti till. form., en 1 með. Hinir greiddu ekki atkv. Þegar menn þess vegna vilja leggja það niður fyrir sér, hvers vegna ekki var gerð gagngerð breyt. á stjórnskipunarl. Íslands, þá skulu menn ekki kenna neinum ákveðnum flokki það, heldur geta menn frekar sagt, að allir flokkar þingsins hafi verið sammála um það, að á þessu stigi málsins skyldi það ekki gert. Og það er áreiðanlegt, að Framsfl. getur sízt allra kennt sér eða þakkað, að svo var ekki gert, af þeirri ástæðu, að allir fulltrúar hans greiddu atkv. á þann veg, að engar breyt. skyldu gerðar á stjórnskipunarl.

Ég mun með þeim fáu orðum, sem ég ætla að segja hér í kvöld, taka nokkur atriði úr þeim ræðum, sem farið hafa fram í dag, sérstaklega úr ræðum hv. þm. Framsfl., og get ég þeirra, eftir því sem ég hef skrifað niður, en ekki eftir sérstakri röð. Ég hef minnzt á þessi atriði hér að *framan aðeins* til þess að benda á það, að Sjálfstfl. hefur síður en svo gengið þess dulinn, að það eigi að gera gagngerðar breyt. á stjórnskipunarl. Íslands, en hann ætlar hins vegar á

þessu stigi málsins ekki að gera það, vegna þess að hann telur, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé það atriði úr stjórnskipunarl., sem fyrst og fremst verður að breyta.

Hv. þm. Barð. minntist á það í dag, að sjálfstæðismenn mundu ekki hafa athugað, að það þyrftu að fara fram þrennar kosningar, til þess að stjskrfrv. næði fram að ganga. Hann virðist ekki hafa athugað það sjálfur, að það þarf aðeins tvennar kosningar af þeirri einföldu ástæðu, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ. óbreytt á næsta þingi, en jafnframt verður samþ. annað frv., sem ekki þarf tvennar kosningar, heldur einar, og það verður samþ. á síðara þinginu. Það er þess vegna misskilningur hjá þessum hv. þm., að þrennar kosningar þurfi að fara fram.

Ég fæ aldrei skilið þá afstöðu hv. þm. Framsfl., að það sé gengið á eitthvert réttlæti, sem nú á að ríkja í kosningafyrirkomulaginu, ef hlutfallskosningar verða teknar upp í tvímenningskjördæmum. Ég fæ ekki séð, að það sé meira réttlæti í því, að sá flokkur, sem hefur allt að ½ atkv. í tvímenningskjördæmunum, skuli ekki fá eitthvað um það að segja, hvernig málum þessara héraða skuli lokið, ef á annað borð má segja, að þeir, sem verða kosnir, hafi áhrif á þau málefni. Við skulum hugsa okkur tvímenningskjördæmi eins og Rangárvallasýslu, að þar mundu verða um 2500 atkv. Við skulum segja, að hv. 1. þm. Rang. hefði á 13. hundrað atkv., en mótparturinn hátt á 12. hundrað. Hvers vegna mætti nú andstæðingur hans ekki fá íhlutunarrétt um málefni kjördæmisins eins og hann, þótt hann hefði dálítið færri atkv.? Það fæ ég ekki skilið. Það getur vel verið, að eðli sínu samkvæmt væri réttara, að hlutfallskosning væri miðuð við fleiri en 2 frambjóðendur. Ég skal ekki neita því. En hitt er a. m. k. óeðlilegt, ef á að miða útkomuna skilyrðislaust við meiri hl., án þess að minni hl. hafi nokkuð að segja. Og það má minna á það, að til búnaðarþings er kosið með hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum. Líka má minna á það, að hv. 1. þm. Rang., sem situr hér á Alþ. sem skrifari Nd., er kosinn með hlutfallskosningu. Þó er ekki ætlazt til, að þeir séu nema 2. Það er því ekkert einsdæmi, að hlutfallskosning fari fram þar, sem 2 á að kjósa. Réttur meiri hl. í þessum kjördæmum er heldur ekki fyrir borð borinn, vegna þess að atkv. hans koma af eðlilegum ástæðum fram til uppbótar, þegar jafnað er niður uppbótarþingsætum, en þau eru hugsuð til þess að bæta það misrétti, sem kann að koma fram við atkvgr. í einmennings- og tvímenningskjördæmum, þegar ekki næst hlutfallsleg kosning milli kjördæma.

Hv. 1. þm. Rang. sagði um hv. þm. V.-Ísf., að hann hefði á sínum tíma verið mótfallinn því, að Rvík fengi 7 þm., en nú mundi hann vilja 8. Ég skal ekkert um það segja, en hann var á sínum tíma flokksmaður þeirra. En hitt vil ég fullyrða, að till. um 7 þm. fyrir Rvík var af framsóknarmönnum fram borin í fullu trausti þess, að Framsfl. fengi þingsætið. En röksemdafærsla þeirra hefur breytzt síðan. Ég veit, að Reykvíkingar muna það vel, að þá hafði Framsfl. 2 bæjarfulltrúa af 15 í Rvík og rúmlega það, þótt hann ekki næði þeim 3. Það, sem á bak við þessa till. þm. Framsfl. lá, var því ekkert annað en það að tryggja sér þm. í Rvík. Heilindin eða réttlætistilfinningin er nú samt ekki rótgrónari en það, að nú er þetta fyrirkomulag alveg „forkastanlegt". Það er ekki hægt að hugsa sér, að Rvík fái nú 8 þm., af því að nú fær Framsfl. ekki 1 mann kosinn af 15. Þegar réttlætiskennd þessara manna er skoðuð ofan í kjölinn, kemur í ljós, hvað fyrir þeim vakir. Þeir hafa aldrei hugsað sér að vaka yfir réttlæti eða lýðræði. Þeir hafa á hverjum tíma aldrei hugsað um annað en að vita, hvernig þeirra kaka væri sem bezt á eldinum komin. Og mér þætti gaman að spyrja, hvaða tilgangi reynt er að ná með afstöðu Framsfl. og hinna flokkanna. Er verið að tryggja eitthvert varanlegt réttlæti í þessu máli? Eða er verið að ná á kostnað Framsfl. einhverju ranglæti til framdráttar hinum flokkunum? Það er undarlegt, að Framsfl., sem alltaf er að tönnlast á lýðræði og þingræði, skuli halda því fram, að það sé réttmætt, að þeir hafi 700 atkv. á bak við hvern þm., þegar aðrir flokkar hafa 1400. Mér er ómögulegt að skilja það, og ég veit það er enginn, sem skilur það. Það eina, sem þessir þm. segja sem rök, er, að framsóknarmenn í sveit eigi að hafa sérstöðu. Að það sé í samræmi við nokkurt lýðræði eða þingræði, því verð ég algerlega að mótmæla. Hv. 1. þm. Rang. sagði, að það mætti alveg eins kjósa ríkisstj. með hlutfallskosningu. Ég vil skjóta því fram, þó að það sé ekki í anda okkar, sem fylgjum þessu máli, að það er ekkert einsdæmi, að þetta sé gert. A. m. k. í Sviss er ríkisstj. kosin hlutfallskosningu í svissneska þinginu af þeim flokkum, sem þannig eru kosnir, og hefur svo verið um mörg ár. Veit ég ekkert land í heimi, sem hefur staðið varanlegar á fótum lýðræðis og þingræðis í heiminum en Sviss.

Ég vil svo segja það, að ég hef ekki fundið það í afgreiðslu þessa máls, hvorki frá því í byrjun né heldur í áframhaldi, að þeir flokkar, sem standa að því, hafi rofið samstarfið um stj.

Það var varla hægt að taka orð hv. 2. þm. Rang. öðruvísi en svo, að hann teldi þessa hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum nokkra réttarbót, þegar hann var að tala um að stíga fyllra spor í þá átt. Vona ég því, að hann finni það skyldu sína að ganga með mér til atkv. um einhverja viðréttingu frá því ranglæti, sem nú er. Það getur a. m. k. enginn kjósandi haldið fram, hversu miklu flokksofstæki sem hann kann að vera haldinn, að núverandi fyrirkomulag til alþingiskosninga sé réttlátt. Hitt kann að vera, eins og hv. þm. orðaði það, að það séu mismunandi leiðir til að ná því marki að fá rétta niðurstöðu á þingræðislegan hátt. Og ég hef sagt, að ég teldi eiga að ná þessu marki fyrst og fremst með því, að allir kjósendur hafi jafnan rétt til þess að fá Alþ. skipað í réttum hlutföllum við flokksafstöðu landsins, hvort sem því takmarki verður náð með hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum eða svo og svo mörgum uppbótarþingsætum. Vera má einnig, að réttlátasta lausnin sé, að landið verði eitt kjördæmi, eða að kjördæmin séu mjög stór, um það skal ég ekki fella dóm. En aðalatriðið fyrir mér er að ná þessu takmarki á einhvern hátt. Ég hef

talið, að hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum mundu veita þessa lausn, en reynslan mun skera úr því betur en spádómur minn. Hitt er svo fjarstæða, sem á ekki skilið að jafngreindur maður eins og hv. 1. þm. Rang. skuli halda fram, að það að hafa hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum sé sama sem að fella niður öll áhrif þeirra kjördæma á þingmál yfirleitt. Hann reyndi nú að útfæra þetta með einhverjum dæmum, en það varð mér jafnóskiljanlegt. Það má vel vera, að það sé álit framsóknarflokksmanna, að þm. fyrir sveitirnar eigi að vera úr sveit. En staðreyndin er sú, að sumir þm. þeirra fyrir sveitakjördæmi eru alls ekki sveitamenn, en eru búsettir hér í Rvík. Og þetta á sér jafnt stað, hvort heldur eru einmenningseða tvímenningskjördæmi.

Það var á það bent í sambandi við rafveitu í Ólafsfirði, að ómögulegt hafi verið að standa á móti henni, af því að 4 þm. hafi verið búsettir þar, en þeir voru allir taldir þm. Eyf. Ég held það sé almenn skoðun, að þeir, sem kosnir eru í kjördæmum, hvort heldur er einmennings eða tvímennings, reyni að vaka yfir hagsmunum síns kjördæmis, hvar sem þeir eru búsettir, og að hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum sé engin niðurfelling á þessum hagsmunum. Það er a. m. k. víst, að ef búseta í kjördæminu á að vera skilyrði fyrir, að gætt sé hagsmuna kjördæmisins, þegar um tvímenningskjördæmi er að ræða, þá hlýtur það alveg eins að gilda um einmenningskjördæmi.

Ég skal svo ekki tefja þennan þingfund frekar, en segja það eitt í viðbót, að ef það er í raun og veru hugsun hæstv. Alþ. að vernda lýðræði og þingræði, hvers vegna þá ekki að hafa hlutfallskosningar á einn eða annan veg? Ég verð að segja, að þeir menn, sem halda því fram, að einmenningskjördæmi séu réttlátari en hlutfallskosning, verða þá líka að taka afleiðingunum af því, að einmenningskjördæmi geta veitt minni hl. kjósenda meiri hl. á Alþ. Alveg sama hefur verið í Bandaríkjunum og, að ég hygg, í Frakklandi. En þeir, sem hins vegar telja, að meiri hl. eigi að ráða og að það sé hinn lýðræðislegi grundvöllur, verða að semja stjórnskipunarl. í samræmi við það. Og ég tel, að sú breyt. á kosningal. og stjórnskipunarl., sem hér liggur fyrir, tryggi þetta að mestu eða öllu leyti, þó að það megi verða ágreiningur um það, hvort þessi leið eða önnur eigi að vera endanleg.

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 2. þm. Skagf. lét í ljós þá skoðun, að Alþfl. hefði ekki borið þetta frv. fram í fullri alvöru. Það má merkilegt vera, þegar frv. fær það góðar undirtektir, sem raun er á, ef það er ekki borið fram í fullri alvöru. Það var sannarlega ásetningur Alþfl. að bera ekki annað fram í þessu máli frekar en öðrum en það, sem flokkurinn væri ánægður með, að yrði samþ., ef þeir möguleikar sköpuðust. En það var annað, sem flokkurinn sá ekki fyrir, að mundi verða, það, að ráðh. mundu lýsa yfir því, að ef ætti að jafna atkvæðisrétt í landinu með þessum hætti, mundu þeir ekki gegna lengur stjórnarstörfum. Og þegar ástandið er líka jafnalvarlegt og því hefur verið lýst hér, þá finnst manni það nokkur áþyrgðarhluti af ráðh. að skorast undan að gegna stjórnarstörfum. En þegar það er nú orðið, þá er að taka því, og þeim vanda, sem ber að höndum, honum verður reynt að ljúka af þeirri stj., sem tekur við, og af þeim, sem veita henni hlutleysi þann tíma, sem þetta mál stendur yfir. Sami þm. las upp ummæli formanns Alþfl., Stefáns Jóh. Stefánssonar, frá í fyrra, er hann var félmrh. En þau ummæli féllu í þá átt, að þjóðstj. og þingfrestunin hefðu byggzt á því, að ekki yrðu tekin upp stærri deilumál, sem væru óviðkomandi núverandi ástandi. Þessi yfirlýsing, sem upp var lesin, byggist á kosningafrestuninni og þjóðstj., meðan sú stj. hélzt, en gengur að sjálfsögðu úr gildi, þegar ráðh. Alþfl. var vísað úr ríkisstj. um áramótin og enn frekar gengur úr gildi, þegar Framsfl. lýsir yfir kosningum nokkru eftir áramótin. Því þarf ekki meir að svara.

Þá beindi hv. þm. Barð. til mín nokkrum orðum. Hann heldur fram, að það þurfi þrennar kosningar til að koma fram kjördæmamálinu og síðar sjálfstæðismálinu. Ég hef mér til gamans borið þetta undir einn af helztu lögfræðingum landsins, sem skipar stöðu, sem veitir honum kannske góða aðstöðu til að segja um slíkt, og fengið staðfest, að þetta er á algerðum misskilningi byggt. Þegar búið er að samþ. þetta stjskrfrv. á næsta þingi, má flytja samstundis frv. um stjskrbreyt., því að umboð þm. samkv. brtt. fellur ekki niður fyrr en á næsta kjördegi eftir það þing. Þarna er enginn árekstur og ekkert í stjskr., sem segir, að ekki megi nota næstu kosningar á eftir til nýrrar stjskrbreyt.

Þá lagði hv. þm. nokkra áherzlu á, að með þessu frv. væri verið að efla vald flokksstj. Vald þeirra er ekki eflt frá því, sem nú er, nema síður sé. Flokksstj. hafa nú áhrif á landslista, og það hafa þær áfram, en frambjóðendur í kjördæmum verða eins háðir kjördæmunum sjálfum eftir sem áður, hvort sem er hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum eða ekki. Og þessi grýla um flokksstj. í Rvík lendir alveg eins á flokksstj. Framsfl., sem að mestu er skipuð Reykvíkingum og á sæti hér í Rvík. Skal ég þó ekki fordæma stj. Framsfl., en sá flokkur hefur fast skipulag í miðstj. í Rvík rétt eins og aðrir flokkar.

Ég minntist á það, að þm. Reykv. hefðu ekki verið ágengir í kröfum sínum, í sambandi við það, að talin var eftir þingmannafjölgun fyrir bæinn. Ég skal ekki fara nánar út í það, en get endurtekið, að þm. Reykv. hafa ekki þreytt þingið með kröfum sínum. Og það, að háskóli var byggður í Rvík, eða annað slíkt, er ekki hægt að segja, að sé sérstaklega með tilliti til þarfa Reykjavíkur eða að létta Reykvíkingum einhverjar byrðar.

Þá beindi hv. þm. því til mín, að ég talaði með nokkurri léttúð um hið alvarlega ástand. Ekki get ég fallizt á það. En hinu höfum við aldrei haldið fram, að við beinum neinum loftárásum frá landinu eða tryggjum samgöngur við önnur lönd með því að gera þessa breyt. Það eru þvert á móti andstæðingar þessa frv., sem hafa haldið því fram, að hættur þessar væru svo ríkar, að það sé ómögulegt að gera breyt. sem þessa. Og þá er eðlilegt, að við spyrjum, á hvern hátt landið er í minni hættu af ófriðar-

ástandinu, ef atkvæðisrétturinn er ójafn. Ég tel heldur betra að mæta hverju, sem ber að höndum, ef atkvæðisréttur er jafn meðal þegna þjóðfélagsins. Svona stjskrbreyt. mundi því búa í haginn fyrir að mæta þeim vanda, sem að höndum kann að bera. Ég er því mótfallinn að dreifa út rykskýjum og gera menn hræddari en þeir þurfa að vera. Stríðið getur orðið langt, og ég held, að mikið sé undir því komið að halda fullum sönsum og afgreiða okkar mál, jafnóðum og þau kalla að. Það verða fleiri vandamál en þetta, sem heimta, að við kveikjum ekki meiri ótta en ástandið gefur tilefni til. Við erum ekki hættar settir en aðrir. Og þó að hv. 1. þm. Rang. hafi verið stöðvaður í sínum bíl og ekki komizt leiðar sinnar, þá hygg ég, að það mótlæti geti ekki á nokkurn hátt jafnazt við kjör frændþjóða okkar og að menn geti komizt til kosninga á kjördegi.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meir, en undirstrika það, að það er ávallt bezt að mæta hverjum vanda á þann hátt, að þeir séu sem jafnastir, sem eiga að taka á sig vandann og þau óþægindi, sem framtíðin kann að bera í skauti sínu.

*__Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason)__: Ég get verið stuttorður um þau atriði, sem komu fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., því að þar var í rauninni ekkert nýtt, en að mörgu leyti upptugga á því, sem áður var rætt. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir því gáleysislega hjali, sem hv. þm. lætur sér um munn fara um hertöku landsins okkar og ástandið, sem í landinu ríkir. Ég hefði satt að segja ekki trúað, að nokkur landsmaður talaði á þann veg, hvað þá þm., sem hefur gegnt forsætisráðherrastarfi. Hann talar í fullum gáleysistón um það ástand, sem hefur leitt það af sér, að menn hafa verið skotnir í myrkrinu úti á vegum og hjá heimilum sínum. En slíkur hugsunarháttur er, sem betur fer, fjarri öllum sönnum Íslendingum, og þeir líta á slík ummæli, ekki sízt, þegar þau koma frá þm., með fullkominni fyrirlitningu.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði enn fremur, að hann gæti verið að öllu leyti ánægður og Alþfl. með það, sem skeð hefur, því að þeir hafi fengið fram óskir sínar, en það eitt, sem þeir hafi ekki gert ráð fyrir, sé, að ráðh. Framsfl. segðu af sér. Þessi hv. þm. telur m. ö. o., að ráðh. Framsfl. eigi að láta bjóða sér hvað, sem er. En þrátt fyrir þetta eru þeir nú ekki eins lausir að hlaupa út og inn eins og ráðh. Alþfl. hafa verið. Alþfl. er vanur að nota annað orð, að „draga út“ ráðh. sína, og mun það vera réttmæli, því að þeir fara venjulegast nauðugir. En engu slíku var til að dreifa með ráðh. Framsfl. Þeir töldu þetta sjálfsagt samkv. því, sem umbjóðendur hafa litið á málið og hversu gáleysislega er til þess stofnað á allan veg frá hendi þessa þm. og þeirra, sem honum fylgja nú. Þess vegna telja þeir skyldu sína að benda þjóðinni á, hvað er að gerast, og það verður ekki betur gert með öðrum hætti en að þeir frábiðji sér alla ábyrgð á því, sem verið er að hrinda þjóðinni út í með þessu frv., eins og Framsfl. gerir og allir kjósendur hans munu gera úti um landið.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði enn fremur, að ráðh. Alþfl. hefði verið vísað úr stj. um s. l. áramót. Hver gerði það? Það hafa þá verið flokksmenn hans, sem einu sinni enn hafa „dregið hann út“. Ekki veit ég til þess, að samstarfsmenn hans hafi vísað honum úr stj.

Þá er það náttúrlega alveg rangt með farið hjá hv. þm. V.-Ísf., þegar hann vill enn á ný halda fram, að ekki þurfi að fara fram nema tvennar alþingiskosningar. Og mér er alveg sama, undir hvaða lögfræðing hann hefur borið þetta, því að það stendur alveg skýrt í brtt. meiri hl. n., með leyfi hæstv. forseta: „Almennar kosningar til Alþ. skulu fara fram, þegar stjórnskipunarl. þessi hafa öðlazt gildi.“ Þegar búið er að rjúfa þing til kosninga, hvernig er þá hægt að samþ. nýja stjskrbreyt.? Það er mér fullkomin ráðgáta. Það er öllum augljóst mál, sem hafa heilbrigða skynsemi og nota hana, að það er ekki hægt fyrir sama Alþ. að samþ. brtt. á stjskr. og samþ. hana svo breytta og svo taka upp nýjar breyt., því að þá er verið að gera ónýta þá fyrri atkvgr. hjá því sama Alþ. Ef þannig á að koma fram breyt. á stjskr. og í það horf, sem hæfir nú um stjórnarfyrirkomulag í landinu, er bersýnilegt, að ef það er ekki gert á þessu þingi, þá þarf tvennar kosningar að auki. En hér munu þau reykský, sem hv. þm. V.-Ísf. talaði um, eiga að koma að haldi.

Hv. þm. V.-Ísf. minntist enn fremur á það, að ég virtist hafa kristindóminn í sérstöku hólfi og stjórnmálin annars staðar og væri skilrúm á milli. Veit ég ekki gerla, hvað hv. þm. á við, en get sagt honum það, að ég er ekki vanur að flika með kristindóm minn í sambandi við stjórnmál eða annað, sem ég fæst við, og ég hef fyrirlitningu á atferli þeirra manna, sem kappkosta að hafa á sér yfirskyn guðhræðslunnar í þeim efnum. Ég álít trúarbrögð hvers manns „privat“mál og eigi ekki að vera að reyna að draga fram kristindóminn til þess að styrkja mál, sem er allt annars eðlis eða fjallar ekki um þau mál.

Hv. þm. sagði, að Alþfl. virti rétt bænda, hvað afurðaverð snerti, ekki síður en Framsfl. Sannleikurinn er sá, að í hvert sinn, sem hefur þurft að breyta verði bændum í hag, hefur Alþfl. lagzt á móti því. Það þarf ekki annað en að líta á blað flokksins til að sanna það, að þeir hafa gert úlfaþyt í hvert sinn. Það var að vísu einu sinni, sem Alþfl. léði bændum stuðning í afurðasölumáli. Það var árið 1933. Hv. þm. var þá forsrh. Framsfl. og var boðið að mynda stj. með Alþfl. til þess að koma þessu áfram, en hv. þm. hafði þá ekki lyst á að koma svo nálægt Alþfl.

Hv. þm. spurði með nokkru yfirlæti í fyrri ræðu sinni, hvort ég héldi, að það væri nóg, að Framsfl. héldi báðum þingsætum í tvímenningskjördæmum, til þess að tryggja aðflutninga. Ég segi, að sú breyt., sem verið er að gera nú, stefni þessu öllu í hættu, sundri átökum þjóðarinnar og veiki stjórnarfarið. Engin breyt. á stjórnskipunarl. landsins getur bjargað þjóðinni út úr því.

Hv. þm. V.-Ísf. og hv. 4. þm. Reykv. vildu halda því fram, að málefni Rvíkur hefðu mætt andúð á Alþ. Þeir nefndu ekkert til nema húsmæðraskóla í Rvík. Þeir geta flett upp bókum þingsins og séð, að þetta mál er afgreitt með shlj. atkv. í þessari hv. þingd.

Hv. þm. V.-Ísf. spurði, af hverju Framsfl.

væri í andstöðu, ef hann hefði engra sérhagsmuna að gæta. Hugsar þm. sjálfur þannig? Eins og ég er búinn að taka fram, er ekki um nein sérréttindi Framsfl. að ræða nema réttindi dreifbýlisins. Nú segja andstæðingar okkar, að þeim detti ekki í hug að níðast á þeim hagsmunum. Hvar eru þá sérréttindin? Þeir segja, að það sé ekkert misrétti á milli flokka, þó að misskipt sé í kjördæmum um atkvmagn, því að allir flokkar séu jafnt á vegi staddir um að fá þar atkv. En fólkið treystir einum flokki betur en öðrum. Andstæðingar okkar vilja segja: „Kjósendur skulu styðja okkur, hvort sem þeir vilja eða ekki.“ Hv. þm. A.-Húnv. kvað hafa lýst yfir því, að hann væri ákaflega ánægður. Slíkir þm. eru þægir eins og rakkar, en fjöldi kjósenda úti um allt land vill bara ekki líta við þeim.

Ég vil segja hv. 7. landsk. þm., að þó að hann sé kominn hér á þing á atkv. Eyfirðinga, er honum líka veittur minni hl. úr Rangárvallasýslu. Þó get ég fullyrt, að þeir kjósendur hefðu fremur kosið mig eða samþm. minn en hann, ef hann hefði verið þar í kjöri. En hann fer með umboðið að nokkru leyti. Þessu fyrirkomulagi vilja menn koma á hér.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að nú gæti ¼ hluti kjósenda máð meiri hl. valdi. Ég veit ekki, hvort það er rétt, en ég veit, að ef það er hægt með ¼ hluta nú, er það hægt með ⅓ hluta, eftir að breyt. er orðin.

Hv. 4. þm. Reykv. lýsti yfir því, að hann hefði í kosningunum 1937 hvatt sína menn til að kjósa Framsfl. Ef ég ætti undir því, mundi ég biðja hann opinberlega um að leggja fyrir sína menn að kjósa mig ekki. Það mundi hjálpa mér bezt. Hver einasti framsóknarmaður hefur skömm á flokki hans.

Þá sagði hv. þm. A.-Húnv., að það gæti verið, að Sjálfstfl. hefði tapað atkv. í sveitakjördæmum upp á siðkastið, en það væri af því, að hann væri svo saklaus. Margt er hægt að bera fram á Alþ. Skyldi okkur þm. nokkru sinni hafa rekið harðvítugri áróður en hann? Í minu kjördæmi hef ég ekki þekkt öllu harðari áróður en af hendi Sjálfstfl., en það hefur bara verkað öfugt við tilganginn.

Hv. þm. A.-Húnv. neitaði því, að fylgismenn þessa máls hefðu í huga frekari breyt. á stjórnskipunarl. en hér liggur fyrir. Hvorum á að trúa betur, honum eða hv. 5. þm. Reykv.? Ég verð að segja það af reynslu, að ég trúi hv. 5. þm. Reykv. betur.

Það er svo margt, sem ástæða væri til að rekja, en það er orðið áliðið nætur. Ég öfunda ekki þá, sem að þessu máli standa. Ég hygg, að ánægja þeirra verði beiskju blandin, áður en lýkur. Hv. þm. A.-Húnv. hafði sagt, að það hefði munað 100 atkv., að þeir féllu báðir í síðustu kosningum, hann og hv. þm. V.-Sk. Samþykkt þessa máls mun afnema þau 100 atkv. og miklu fleiri. Þjóðin er vitrari en þessir hv. þm.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég vil segja hv. 1. þm. Rang., að hann er þess ekki umkominn að spá um það, hvort það verður 100 atkv. meira eða minna, sem munar á honum og hv. þm. V.-Sk., ef það er satt, að hv. þm. V.-Sk. muni bjóða sig fram á móti honum.

Hv. þm. hefur bæði í ræðum sínum í dag og í nál. gert lítið úr uppbótarþm. Það stendur mér ekki næst að taka málstað þeirra, en langt er til jafnað, ef þeir eru verri en sumir, sem náð hafa kosningu í kjördæmum.

Hv. þm. sagði, að ég væri lítill fulltrúi fyrir Rang., og það kann að vera rétt, en hann sagði líka, að kjósendur minni hl. í Rangárþingi mundu ekki vilja við mér líta. Það veit hv. þm. ekkert um, en hitt vitum við, að sá minni hl. vildi alls ekki við honum líta. Hvort þeir ekki vildu mig heldur, er óreynt mál. En ég er þakklátur fyrir að vera kominn á þing fyrir atbeina hinna smekkvísu og vitru manna, sem höfnuðu hv. 1. þm. Rang.

Hv. þm. sagði, að uppbótarsætin rýrðu lýðræðið. Ég er ekki fræðimaður á þessa hluti, en ég hef alltaf skilið lýðræðið svo, að allir kjósendur ættu að hafa jafna aðstöðu til þess að hafa áhrif á það, hvaða menn kæmust til vissra valda. Ef þetta er rangt hjá mér, bið ég um frekari skýringar.

Hv. þm. segir í lítilsvirðingartón í nál. sínu, að uppbótarþm. séu ekki til bóta á Alþ., því að þeir séu skoðaðir sem flokkseign, en ekki sem menn. sem samkv. 43. gr. stjskr. eigi að greiða atkv. samkv. sannfæringu sinni. Ég skal nefna eitt dæmi, sem hv. þm. var að tala um. Hann sagði, að Magnús Torfason hefði verið kosinn á þing sem uppbótarþm. fyrir Bændafl., en svo hefði orðið ágreiningur um málefni þess flokks og Magnús sagt sig úr flokknum. Sjálfstfl. hefði síðan viljað láta þennan mann víkja af þingi, af því að hann hefði ekki lengur rétt til þess að sitja þar í uppbótarsæti Bændafl. Þetta er ekki alveg rétt hjá hv. þm., af því að Magnús hafði ekki sagt sig úr flokknum, en hann sagðist bara vera betri bændaflokksmaður en hinir, og með því vildi hann færa rök að því, að það bjargaði honum frá því að verða rekinn úr flokknum. Ég vil aðeins benda á það, að hér er einmitt atriði, sem hv. þm. hefur tekið upp í nál. sínu, sem sé, þegar hann talar um, að uppbótarþm. séu eign flokksins. Það veit hver hv. þm., að stjskr. mælir svo fyrir, að þm. greiði atkv. eftir samvizku sinni, og ég vil spyrja hv. þm. að því, hvaða rök hann hefur fyrir því, að uppbótarþm. hafi ekki fylgt sannfæringu sinni alveg eins og aðrir. Hv. þm. sagðist mótmæla því, að framsóknarmenn sætu á þingi fyrir atbeina kommúnista. Ég veit ekki betur en að kommúnistar við síðustu kosningar beindu þeirri áskorun til fylgismanna sinna að kjósa framsóknarmenn þar, sem þeir (kommúnistar) hefðu ekki mann í kjöri. Svo vil ég að síðustu aðeins segja það, að þessi hv. þm. hefur síður en svo nokkra vissu fyrir því, hvernig atkv. muni falla í einstökum kjördæmum, en hitt er aftur á móti víst, að almenningur í kjördæmunum mun dæma um það, hvort hann vilji heldur Framsfl. eða Sjálfstfl., og ég er óhræddur við að bíða þeirra úrslita.

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. frsm. minni hl. endaði ræðu sína á því að lýsa því gálausa hugarfari, sem lýsti sér í ræðum mínum, og sagði, að slíkt mundi ekki vinna mikið á í minu kjördæmi.

Ég veit ekki, hvað það kemur kjördæmamál-

inu við, þó að tveir menn séu skotnir. Það er satt, að slíkir atburðir eru sorglegir, en að það megi ekki lagfæra kosningafyrirkomulagið fyrir því, er ekki nema fjarstæða. Hv. þm. ber höfðinu við steininn í öllum tilfellum. Ég gat um það, að afgreiðsla sjálfstæðismálsins mundi ekki kosta nema einar kosningar fyrir utan þær, sem í hönd fara, og þetta er staðreynd, og mun vera hægt að fá það staðfest af hæstarétti, ef minni hl. óskar eftir því. Ég gat líka um það, að ráðh. Alþfl. hefði verið vísað úr stj., og því mótmælti hv. þm. En sannleikurinn er, að þetta var gert með bráðabirgðal., sem út voru gefin, og með því að leyfa ekki, að Alþfl. fengi að verja sinn málstað í útvarpinu.

Þá var hv. þm. að upplýsa, að ég hefði brugðizt í verðlagsmálum 1933 og þar af leiðandi ekki stofnað stj. með alþýðuflokksmönnum, en þá stóðu kosningar fyrir dyrum. Það er alveg rétt, að stjórnarskipti áttu ekki að fara fram fyrr en eftir kosningar. Það var álit Alþfl., og gekk hann því inn á þessa breyt. En einmitt á þinginu 1933 lét þáverandi landbrh., Þorsteinn Briem, undirbúa afurðasölumálin rækilega. Mér er sagt af einum hv. þm. flokksins, hv. 1. þm. Rang., að hann hafi einmitt á þinginu 1933 verið tilbúinn að fallast á hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum.

***Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason):** Það er aðeins út af þessu síðasta í ræðu hv. þm. V.-Ísf., að ég ætla að segja fáein orð, af því að það sýnir ljóst þann málaflutning, sem hann notar hér. Ég átti alls ekki sæti á Alþ. 1933, þegar þessi breyt. var gerð, og sýnir það, hvað hv. þm. er vandur að virðingu sinni, að hann skuli grípa til þess ráðs að skrökva þessu upp, og er það þó í fullu samræmi við röksemdafærslur þeirra manna, sem að þessu frv. standa. Annaðhvort er um bein ósannindi að ræða hjá þessum mönnum eða þá að málafærsla þeirra er alveg út í loftið. Þá sagði hv. þm., að það kæmi ekki kosningunum við, þó að tveir menn væru drepnir. Ég sagði það í ræðu minni áðan og vil endurtaka það, að það er óforsvaranlegt af hv. þm. V.-Ísf. að tala gáleysislega um það, að fólk er drepið í kringum okkur á vegunum. Það eru daglegir viðburðir, að ráðizt er á fólk og því misþyrmt. En hv. þm. V.-Ísf. finnst nú, að allt sé í lagi. Menn megi leika sér og gera hvað, sem þeim sýnist á þessum tímum. Það sé ekkert við það að athuga. Þannig er málaflutningur þessa hv. þingmanns.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 15. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 369, frá minni hl. stjskrn. felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, SvbH, BJ, BÁ, BjB, EystJ, GG, HelgJ, JÍv, PHann, JörB.

nei: SEH, SK, StSt, ÁÁ, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh.

2 þm., (PO, ÞBr) fjarstaddir.

Brtt. 381 tekin aftur til 3. umr.

— 368,1.a—c samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, SEH, SK, StSt, ÁÁ, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm.

nei: StgrSt.

PHann, SkG, SvbH, BJ, BÁ, BjB, EystJ, GG, GSv, HelgJ, JÍv greiddu ekki atkv.

2 þm. (PO, ÞBr) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, SEH, SK, StSt, ÁÁ.

nei: BÁ, EystJ, GG, HelgJ, JÍv, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, BJ, JörB.

BjB, GSv greiddu ekki atkv.

2 þm. (PO, ÞBr) fjarstaddir.

Brtt. 368,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 16:1 atkv.

— 368,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÁÁ, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, SEH, SK.

nei: StgrSt, SvbH, BJ, BÁ, EystJ, HelgJ, JÍv, PHann, SkG, JörB.

BjB, GG, GSv greiddu ekki atkv.

2 þm. (PO, ÞBr) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÁÁ, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, SEH, SK.

nei: SkG, StgrSt, SvbH, BJ, BÁ, BjB, EystJ, GG, HelgJ, JÍv, PHann, JörB.

GSv greiddi ekki atkv.

2 þm. (PO, ÞBr) fjarstaddir.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Eins og ég hef lýst yfir, þá mun ég nú biðjast lausnar fyrir mig og ráðuneytið. Ég geri það vegna þess, að ég treysti mér ekki til að bera ábyrgð á þeim vinnubrögðum, sem til er stefnt, og mun ég gera grein fyrir því nánar á Alþ. Ég hef gert ráðstafanir til, að ríkisráðsfundur verði haldinn þegar í dag, og stjórnarskipti munu verða tilkynnt á Alþ., svo fljótt sem auðið er.

Á 60. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 425, 381, 438).

***Bergur Jónsson:** Minni hl. stjskrn. flytur 3 brtt. við stjskrfrv., og eru þær á þskj. 438. Fyrsta brtt. er um það að halda sömu tölu þm. og verið hefur, 49, í stað þess að frv. gerir ráð fyrir 52. 2. brtt. er í fyrsta lagi um það að fella niður ákvæðin um hlutbundnar kosningar í tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru ákveðin í stjskr., og jafnframt tekið upp það ákvæði, sem verið hefur í stjskr., að skipta megi tvímenningskjördæmum með lögum.

Það hefur verið talað mikið um það og mun aldrei verða hrakið, að hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum er fyrirkomulag, sem ekki getur staðizt til frambúðar, en ég geri ráð fyrir, að hv. þm. séu búnir að binda sig við þetta, og þess vegna höfum við borið fram varatill. um

það að fella ekki niður það ákvæði, sem nú er í stjskr., um það, að skipta megi tvímenningskjördæmunum með lögum. Það hafa aldrei í stjskr. verið bundnar þannig hendur þingsins, að ekki væri hægt að skipta kjördæmum. Þetta hefur verið gert hvað eftir annað, t. d. í Þingeyjarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu.

Þó að það sé enginn vafi á því, að meiri hl. þm. ætli sér að greiða atkv. með frv., þá get ég þó ekki skilið, að hv. dm. greiði atkv. á móti þessari varabrtt. En ég vil þó gjarnan fá það fram, hvort hv. þingmeirihluti ætlar sér að ganga svo langt í því að binda stjórnarl. landsins, að ekki verði hægt að breyta tvímenningskjördæmum í einmenningskjördæmi. Hér er um það að ræða, hvort þingmeirihlutinn ætlar að binda með stjskr., að ekki sé hægt að skipta tvímenningskjördæmunum í einmenningskjördæmi, ef þurfa þykir. Hér mun greina á um það, hvort hann ætlar að skella skollaeyrunum við allri sanngirni og réttlæti í þessu máli eða ekki.

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Afstaða meiri hl. er skýr í þessu máli og leiðir af sjálfri sér. Ef lögleiddar verða hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum, verður að sjálfsögðu ekki hægt að skipta þeim í einmennigskjördæmi með einföldum l. Það hefði eins mátt bera fram till. um, að Rvík yrði skipt í mörg einmenningskjördæmi. Að fækka uppbótarþingsætunum úr 11 niður í 8 er bókstaflega á móti anda þeirrar löggjafar, sem hér á að fara að setja. Þingmeirihlutinn mun því greiða atkv. gegn þessum till.

Pétur Ottesen: Ég var fjarverandi 2. umr. um þetta mál hér í hv. d., þar eð ég varð að taka sæti á sýslunefndarfundi heima í mínu héraði. Atkvgr. um brtt. mína var því frestað að ósk minni til 3. umr. Um till. sjálfa mun ég ekki þurfa að fara mörgum orðum. En áður en ég vík beint að henni, vildi ég segja hér nokkur orð almennt í sambandi við þetta mál.

Nú hefur það orðið ofan á hér á Alþ., að horfið hefur verið frá kosningafrestuninni, er samþ. var í fyrra og átti að ná út núverandi kjörtímabil, en þó ekki lengur en til loka stríðsins. En nú er til fulls horfið frá þessari ákvörðun, og var enda farið að örla á því á haustþinginu, að svo mundi fara.

Ég tel það misráðið, að horfið hefur verið frá þessari kosningafrestun, því að ástæður hafa að engu breytzt til batnaðar frá því, sem þá var í þessu efni. Ég verð að láta í ljós hryggð mína yfir því þrekleysi og úthaldsleysi við skynsamlegar ákvarðanir, að horfið skuli nú frá þessu ráði. En ekki tjáir að sakast um orðinn hlut, heldur ber oss nú að horfast í augu við erfiðleikana og mæta þeim með manndómi.

Fyrst horfið er nú frá þessu ráði og gengið til kosninga, tel ég það ekki höfuðatriði, þótt fara þurfi fram tvennar kosningar í stað einna. Fyrst til kosninga er gengið á annað borð, þurfa stjórnmálaflokkarnir að leiða til lykta þau mál, er kosningarnar snúast um.

Það má búast við, að kjördæmamálið verði mikið deilumál. En þótt talað sé um, að kosningar þurfi nú að fara fram með friðsamlegum hætti, hef ég ekki mikla trú á, að það mundi hafa tekizt, þótt þetta mál hefði ekki verið til þess að valda misklíð. Reynslan hefur sýnt það, að sí og æ er reynt að þyrla sem mestu ryki upp kringum kosningar, og skoðanir eru túlkaðar á ýmsa vegu frá ólíkum sjónarmiðum flokkanna. Þetta mál þarf því ekki að valda miklum ófriði í rauninni fram yfir venjulega kosningahríð. Hins vegar, eins og ég tók fram áðan, álít ég of mikið gert úr því, þótt fara þurfi fram tvennar kosningar, úr því að annars er kosið. Það leiðir líka af sjálfu sér, að kjósa þarf aftur, því að þegar gerð er breyt. á æðstu stjórn landsins, er ekki eðlilegt, að langt líði frá því og þar til hún yrði tekin upp í stjskr. En þótt þingflokkarnir hafi ekki komið sér saman um margt, hafa þeir orðið sammála um að ganga ekki frá sjálfstæðismálinu á þessu þingi. Virðist því einhlítt um, að það verði ekki afgreitt nú, og tel ég það miður farið. Það hefði að sjálfsögðu átt að taka þessa breyt. nú upp í stjskr. Hins vegar virðist ríkja eindreginn vilji um að ganga frá þessu máli á næsta þingi, og má segja, að það komi raunar nokkuð í sama stað niður, en mín skoðun hefur ávallt verið sú, að ekki beri, úr því sem komið er, að draga það að ganga frá endanlegri stjórnskipun landsins. Hef ég áður látið þá skoðun í ljós. Mér finnst eðlilegt og viðkunnanlegt, að kosið hefði verið til þjóðfundar til þess að afgreiða það mál. Ég er enn ekki horfinn frá þeirri skoðun. Ég tel það vera í samræmi við afgreiðslu slíkra mála hér á landi áður og fyrr. Vitanlega má ég ekki miklu orka hér um. En ég tel, að ekki geti komið til mála að fresta þessu lengur en til næsta þings.

Ég mun hér lítið ræða brtt. mína um skipan kjördæmanna, það yrði hætt við, að um endurtekningar yrði að ræða á því, sem búið er hér að segja um málið. Ég vil aðeins taka fram, að ljúfast væri mér að fylgja þeirri einni breyt. á kjördæmaskipuninni, að upp yrðu teknar hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum. Það má vera, að uppbótarþingsætafyrirkomulagið sé ekki sem æskilegast, en að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum virðist aðeins eðlilegt framhald af hlutfallskosningum í kaupstöðum og falla vel inn í ramma kosningafyrirkomulagsins hér. Með þeim yrði mikill jöfnuður milli flokkanna og gæti leitt til þess, að uppbótarþingsætunum fækkaði, og dregi um leið úr því, er menn telja áfátt við það skipulag. Þessi breyt. liggur og næst þannig, að gera þarf minnsta röskun á kjördæmaskipuninni sjálfri.

Að breyta landinu í eitt eða örfá kjördæmi með hlutfallskosningum, tel ég ófært hér og andstætt þeim skilyrðum, sem við eigum við að búa. Í brtt. minni er aðeins gert ráð fyrir hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmunum. Ég tel ekki í sjálfu sér heppilegt eða æskilegt að fjölga þingmönnum frá því, sem nú er. Með brtt. minni marka ég þær breyt., er ég vil vinna að, og er að þessu leyti sammála hv. þm. V.-Sk. (GSv).

Það mun varla fleira, sem ég þarf að segja að svo stöddu. Ég get búizt við eftir því, sem fram hefur komið, að brtt. mín muni ekki ná samþykki, en hvað sem því líður, hef ég með henni markað afstöðu mína til málsins. Þótt hún hins vegar nái ekki samþykki, mun ég engan

veginn snúast gegn málinu, því að ég tel það atriði, að teknar verði upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, svo mikilsvert atriði, og að með því sé ráðin nauðsynleg og sjálfsögð bót á núverandi kosningatilhögun, að ég hika ekki við að fylgja málinu, fyrst á annað borð var horfið frá kosningafrestuninni.

*__Bergur Jónsson:__ Ég ætla ekki að fara út í harmatölur þær, er síðasti ræðumaður flutti hér. Þær hefðu betur átt við innan hans flokks. Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að það leiddi af sjálfu sér, að ef hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum yrðu teknar upp í stjskr., þá væri ekki hægt að breyta þeim með einföldum lögum. Leiðir það af sjálfu sér, að binda þurfi vitlaust kosningafyrirkomulag í stjskr.? Hann spurði, hví við vildum þá ekki skipta Rvík niður í einmenningskjördæmi. Við höfum leitt rök að því, að hlutfallskosningar um 15 menn eru ekki sambærilegar við hlutfallskosningar um 2 menn, er munu hvergi eiga sér stað á byggðu bóli. Og það þarf ekki að reyna að vera með þær blekkingar, að nokkur af þm. viti ekki, að hér er verið að setja vitlaust fyrirkomulag inn í kosninga- og kjördæmaskipunina.

E. t. v. vill hv. þm. V.-Ísf. stefna að því að gera einmenningskjördæmi úr Rvík. Okkur hefur aldrei komið það til hugar.

Í Englandi eru aðeins einmenningskjördæmi, og kemur ekki fram neitt ósamræmi. Meiri hl. fær meiri hl. kjörinna fulltrúa, og minni hl. fær einnig sína fulltrúa, en með þessu fyrirkomulagi væri engin trygging fyrir því. Enda er það opinberlega viðurkennt af hv. 1. þm. Reykv. (MJ), að hlutfallskosningar um 2 menn séu vitleysa ein.

Sem sagt, ég fæ ekki skilið, ef viðhafðar verða hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum, að nokkuð sé að óttast, þótt löggjafanum sé heimilað að breyta tvímenningskjördæmunum í einmenningskjördæmi, ef sannara og réttara þykir reynast.

Hv. þm. Borgf. (PO) vildi gera lítið úr þeim glundroða, er tvennar kosningar hljóta að skapa. En þar veit ég, að hann talaði þvert um hug sér. Það er ekki sama, hvort fram fara einar kosningar um mikilsvert og aðkallandi mál eða tvennar kosningar um kákbreytingar einar.

*__Eysteinn Jónsson:__ Ég sé nú ekki ástæðu til að lengja þessar umr. meir, þar sem gert er ráð fyrir, að útvarpað verði þessari umr. um það og stjórnarmyndunina, og mun ég taka þátt í þeim umræðum. Ég get þó ekki látið þetta mál alveg afskiptalaust og þá breyt., sem meiri hl. stjskrn. vill gera.

Ég veit vel, að þm. hafa gert sér fulla grein fyrir því, að kosningaskipulag okkar er hreint ekki gallalaust. Hér er eiginlega um ferns konar skipulag að ræða. Í fyrsta lagi er 1 stórt kjördæmi (Rvík) með hlutfallskosningu. Í öðru lagi tvímenningskjördæmi, þar sem einfaldur meiri hl. ræður. Í þriðja lagi einmenningskjördæmi. Í fjórða lagi til viðbótar nokkur uppbótarþingsæti. Það er öllum ljóst, að þetta er mesta grautargerð, og ég veit, að það er enginn ágreiningur um það á Alþ., að þetta fyrirkomulag þurfi endurskoðunar við. Við höfum líka allir gert okkur grein fyrir því, að innan stundar ætlum við að breyta stjskr. ríkisins og stofna hér lýðveldi í staðinn fyrir konungsríki, sem við höfum haft. Og við vitum, að stjskr. þarf að ýmsu öðru leyti endurskoðunar við. Það eru ýmsar uppástungur, sem komið hafa fram í sambandi við þetta mál, sem þarf að rannsaka sérstaklega.

Fyrir einu ári síðan ákvað Alþ., að lýðveldisstofnun skyldi fara fram eigi síðar en í stríðslok, en þó mun hafa verið litið svo á, að henni yrði lokið 1944. Það eru því aðeins 2 reglulegþing, þangað til þessi meginbreyt. á að fara fram, samkv. því, sem Alþ. sjálft hefur sett sér áætlun um.

Það er geysimikið verkefni að framkvæma endurskoðun stjskr., svo að vel sé, og þá ekki hvað síst það ákvæði, er fjallar um kosningar til Alþ., sjálft undirstöðuatriði stjórnskipunarinnar. En í stað þess að viðhafa þá aðferð, að undirbúa þessi mál gaumgæfilega, hefur nú verið horfið að því ráði að slíta út úr eitt atriði og stofna til harðvítugra deilna um kjördæmamálið, sem allir vita, að hefur verið eitt viðkvæmasta mál þjóðarinnar, af því að það hafa alltaf verið skiptar skoðanir um það meðal landsmanna.

Það hefur allmikið verið um það rætt, hversu tímabært það sé að taka nú upp þessar deilur, og það mun verða gert nánar hér á Alþ., þótt ég ekki fari frekar út í það að þessu sinni. En hér er ástæða til að benda á, hvernig sú úrlausn er, sem er svo knýjandi að koma á framfæri, að meiri hl. Alþ. telur sér sæma að steypa þjóðinni út í meiri flokkadeilur en nokkru sinni hafa átt sér stað áður í landinu. Nú skyldi maður ætla, að sú lausn væri þannig, að ekki orkaði tvímælis, að hún væri til bóta á því fyrirkomulagi, sem áður hefur verið, og tvímælalaust í réttlætisátt, eins og svo mikið er talað um. En því fer svo fjarri, að hv. flm. hefur ekki tekizt að færa nokkur rök fyrir því, að þessi breyt. nái þeim tilgangi, sem fyrir þeim vakir, hvað þá heldur, að hún sé í réttlætisátt.

Aðalbreyt. er fólgin í því, að það á að koma á hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum. Það á að binda það í stjskr., að þessar hlutfallskosningar skuli eiga sér stað. En hafa hv. flm. gert sér það ljóst, að með þessu er verið að binda í stjskr., að minni hl. í kjördæmum skuli hafa sama rétt og meiri hl.? Hversu lítill sem minni hl. er, ef hann aðeins nær rúmum helmingi atkv. á móti meiri hl., þá skal hann hafa sama rétt og meiri hl. Þetta er réttlætismálið. Það er þetta, sem á að gera til þess að útrýma ranglátum stjórnskipunarl. Og það er sama, hvernig hv. þm. reyna að berja höfðinu við steininn, það er ekki hægt að telja nokkrum heilbrigðum manni trú um, að þetta sé ekki hróplegt ranglæti, sem verður ekki þolað. Og þó þessu verði komið í framkvæmd nú, mun það ekki standa í stjskr. stundinni lengur. Við fyrstu endurskoðun, sem fram fer á stjskr., ef þetta verður samþ., verður það fyrsta atriðið, sem breytt verður. Nú skyldi maður halda, að þeir, sem standa að þessu máli, hefðu reynt að leggja sig fram um það, þegar þeir tóku sig til að breyta kosningafyrirkomulaginu og töldu það

svo knýjandi, að það þyrfti að gera það núna, að reyna að gera það þannig, að það gerði stjórnskipunarl. landsins og kosningareglur einfaldari en verið hefur. — Ég benti á það áðan, hvað þær væru að mörgu leyti flóknar og grautarlegar. — En því fer svo fjarri, því að hér er bætt við einni kosningaaðferðinni enn til viðbótar þeim fjórum, sem eru fyrir, og hún er sú, að tryggja minni hl. sama rétt og meiri hl., ef hann fær ⅓ atkv. eða jafnvel minna, eins og hér hefur margsinnis verið bent á.

Nú veit ég ekki, hvort því hefur verið veitt nægileg athygli í sambandi við þetta mál, að það var til ákaflega einfalt úrræði, ef það vakti fyrir hv. flm. þess að koma í veg fyrir, að meiri hl. í tvímenningskjördæmunum hefði ráð á 2 þingsætum. Og það verð ég að játa, að tvímenningskjördæmafyrirkomulagið er í ósamræmi við það fyrirkomulag, sem er í flestum kjördæmum landsins. En ef það vakti fyrir þessum hv. þm. að koma á réttlæti, þá var til ákaflega einföld lausn á þessu máli, og hún var sú, að skipta tvímenningskjördæmunum í einmenningskjördæmi. Og þessi lausn var þannig, að það þurfti ekki stjskrbreyt. og ekki tvennar kosningar, til þess að það fyrirkomulag kæmist í framkvæmd, heldur einar kosningar. Þessi breyt. hafði líka þann kost, að hún gerði kosningafyrirkomulagið í landinu einfaldara en það áður var. Með því að afnema tvímenningskjördæmin voru þm. aðeins kosnir með tvennu móti, með hlutfallskosningu í einu stóru kjördæmi og mörgum smáum, sem hvert hefði einn þm. Þetta var ákaflega einföld lausn, og um hana hefði getað orðið samkomulag. Þessi lausn er réttlát vegna þess, að hún gefur kjósendunum í tvímenningskjördæmunum, sem nú eru, sama rétt og kjósendurnir í einmenningskjördæmunum hafa nú. En þessi lausn var ekki valin af formælendum réttlætisins, heldur hin, að setja það inn í stjskr., að minni hl. skuli hafa sama rétt og meiri hl.

Hvers vegna var ekki sú leið valin, sem hægt var að fara með einfaldri lagabreyt. og gerði kosningafyrirkomulagið eins í öllum kjördæmum utan Reykjavíkur? Það er á allra vitorði, af hverju þessi leið var ekki valin, þó að hún væri einfaldari og réttlátari. Hún var ekki valin vegna þess, að hún þjónaði ekki nægilega vel flokkssjónarmiðum þeirra manna, sem standa að þessari breyt. Sá slæmi galli var á þessari lausn, að hún tryggði ekki þeim þingflokkum, sem að þessu frv. standa, nógu mörg þingsæti í bili, og það réð hjá hv. formælendum þess. Ef breyt. átti að verða að pólitísku gagni fyrir Sjálfstfl. og Alþfl., þá dugði ekki minna en að tryggja þeim minnihlutaþm. úr dreifbýlinu.

Áður hefur verið heimilt með einfaldri lagabreyt. að skipta tvímenningskjördæmum, eins og ég hef drepið á, en til þess að tryggja minni hl. rétt til framdráttar þeim flokkum, sem ekki treysta sér til að lifa á fylgi meiri hl., þá var þetta ákvæði afnumið og tryggt með sjálfri stjskr., að þessir minnihlutaþm. skuli koma úr tvímenningskjördæmunum. Með einföldum l. átti ekki að breyta því aftur, það var ekki nægileg trygging fyrir þá flokka, sem hér eiga hlut að máli. Það, sem hér er verið að gera, er hreint ofbeldi gagnvart kjósendum í tvímenningskjördæmum landsins. Og það er svo fjarri því að vera réttlæti, að það er freklegasta ranglæti, sem nokkru sinni hefur verið sett í l. á Íslandi. Ef það vakti fyrir þeim, sem eru formælendur þessa máls hér, að ná því, sem þeir kalla meira réttlæti en verið hefur í kosningafyrirkomulaginu, þá voru til þess aðrar leiðir, sem áttu að vera réttlátari frá þeirra sjónarmiði en þessi leið. En þessi var valin af því, að hún tryggði þá bezt flokkslega skoðað. Hér við bætist svo það, að því fer alls fjarri, að þessir minni hlutar, sem menn tala mikið um og eru í tvímenningskjördæmum landsins, séu eins ákaflega áhrifalausir á málefni Alþ. og af er látið. Þeir fá fulltrúa inn á þing í gegnum uppbótarsæti, eins og allir vita, og það vita hv. þm. mjög vel, að sum þessara kjördæma eiga í raun og veru ekki 2 þm. hér á þingi, heldur eiga þau jafnvel 5 þm.

Þá er annað atriði, sem ég sé ástæðu til að minnast á í þessu sambandi, en það eru till. þær, sem hér hafa komið fram um það að fjölga þm. fyrir kaupstaði landsins, gera þá að sérstökum kjördæmum. Í þessu frv., þegar það kom fyrst fram, var gert ráð fyrir því, að Siglufjörður, Akranes og Neskaupstaður fengju sinn þm. hvert. Þar var sýnilega verið að reyna að taka upp einhverja ákveðna reglu, sem sé, að kaupstaðirnir skyldu allir hafa þm. eins og sýslurnar áður. Og þó að sú regla væri að ýmsu leyti gölluð, þá var það regla út af fyrir sig. En undir eins og farið er að semja um þetta mál milli flokkanna, kemur það upp úr dúrnum, að það passar ekki nógu vel við flokkshagsmuni þeirra, sem hér eiga hlut að máli, að láta alla kaupstaðina hafa þm. En það er til á því einföld lausn, og hún er sú, að skilja bara 2 kaupstaðina út undan, láta þá enga þm. hafa, hafa enga reglu í neinu, heldur láta það sjónarmið ráða að gera það eitt, sem mest getur orðið þessum flokkum til pólitísks framdráttar í bili. Það er samið um það, að Neskaupstaður og Akranes skuli engan þm. hafa, og því er borið við, að það sé vegna þess, að þar séu svo fáir íbúar. En hafi vakað fyrir þeim að finna eitthvert réttlæti með þessu, að láta Akranes og Neskaupstað ekki fá þm. vegna þess, hvað þeir eru fámennir, þá áttu þeir auðvitað að taka þm. af Seyðisfirði og reyna þá að skapa sér einhverja reglu. Það er vitað, að það er hætt við af þessum flokkum, sem sameinast um þetta, að samþ. þm. fyrir Akranes og Neskaupstað. Og það vita allir, af hverju það er gert. Það er gert eftir kröfu Sjálfstfl., af því að þeir vissu, að ef Akranes yrði tekið út úr og gert að sérstöku kjördæmi, þá mundi Framsfl. sennilega fá kosinn þm. í Borgarfjarðarsýslu. Þess vegna mátti ekki framkvæma þetta réttlæti. Það vita líka allir, hvers vegna var hætt við að láta Neskaupstað fá sérstakan þm. Það var vegna þess, að þá þóttu líkur fyrir, að Framsfl. fengi kosna 2 þm. í S.-Múl., þótt hlutfallskosning væri við höfð, en það skipti engu máli um reglur. Og það, sem eitt skiptir máli í þessu sambandi, er að tryggja pólitíska hagsmuni flokkanna sem bezt. Svo koma þessir menn og berja sér á brjóst, eru fjálglegir og tala um réttlæti. Vilja ekki þeir, sem standa að þessu máli, lofa okkur að heyra rökin fyrir því, hvers vegna þeir hættu við að láta Akranes og Neskaupstað fá sérstaka

þm.? Það þýðir ekkert að segja okkur, að það sé fyrir það, að þessir kaupstaðir séu fámennari en Siglufjörður, því að ef það væri nokkur vitglóra í þessu og farið eftir nokkurri reglu, þá átti að fella þm. fyrir Seyðisfjörð niður. Vilja þeir ekki líka lofa okkur að heyra rök fyrir því, hvaða réttlæti gagnvart kjósendum er í því að tryggja minni hl. í tvímenningskjördæmunum sama rétt í stjskr. landsins og meiri hl.? Ég er ekki að segja, að fullkomið réttlæti sé í því kosningafyrirkomulagi, sem nú á sér stað. Það þarf endurskoðunar við, og það eru allir sammála um. En vilja ekki allir þeir, sem að þessu máli standa, gera það fyrir okkur að hætta að tala um réttlæti í sambandi við þetta mál?

***Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Sú ósk hefur komið hér fram, að meiri hl. hætti að tala um réttlæti í sambandi við þetta mál, af því að hann skildi ekki, hvað réttlæti er, en mér er ómögulegt að verða við þeirri ósk.

Hv. 1. þm. S.-M. talaði um það hróplega ranglæti, að meiri hl. í tvímenningskjördæmunum fengi kannske ekki nema 1 þm., og það gæti jafnvel komið fyrir, að hann fengi engan þm. Ef hv. þm. leggur svona ríka áherzlu á þetta atriði, þá ætti hann að geta skilið það, að það er líka ranglæti, ef sterkur meiri hl. í landinu öllu fær minnihlutaþm. Og það er þetta, sem við köllum réttlæti, að það sé tryggt, svo sem verða má, að meiri hl. í landinu njóti sín, fái meiri hl. á þingi. Hitt köllum við líka réttlæti, að minni hl. fái einnig að njóta sín. Það er þetta, sem við köllum réttlæti, að þeir njóti sín báðir hlutfallslega. Á þessari meginreglu byggjast þær till., sem hér eru bornar fram. Þær byggjast ekki á þeim hugsunarhætti, að hin einstöku kjördæmi séu sjálfstæð ríki, sem komi bókstaflega ekkert við, hvað gerist í hinum kjördæmunum. Þær byggjast á því, að þessi einstöku kjördæmi séu partar af heildinni, og að það eigi að vera samræmi á milli útkomunnar í kjördæmunum yfirleitt og þingsetu hér á Alþ. Það er þetta, sem við köllum réttlæti.

Nú er kvartað stórlega yfir því, að það geti komið fyrir, að minnihlutaflokkur fái annan eða jafnvel báða þm. í tvímenningskjördæmum. En það er þá ekki úr háum söðli að detta. Einn hv. þm., hv. þm. Barð., tók það dæmi, að ef 5 framboðslistar væru í tvímenningskjördæmi og hlutfallskosning væri við höfð, þá gæti svo farið, að minni hl. fengi kosna báða þm. En það er ekki úr háum söðli að detta. Hvernig mundi geta farið með núverandi fyrirkomulagi, sem eitt virðist vera réttlátt í augum andstæðinga þessa frv.? Við skulum hugsa okkur 5 flokka, og að einn fái 400 atkv. og báða þm. kosna, en hinir 4, hver fyrir sig, 399 atkv. Með þessu ágæta fyrirkomulagi er þá þessi möguleiki til, að einn flokkur, sem hefur 400 atkv., getur fengið báða þm. kosna, en fjórir flokkar með tæplega 1600 atkv. engan þm. Ég vil biðja hv. þm. að hneykslast líka á þessu og kalla það ekki eitt réttlætið. **(BÁ:** En hvernig fara þá hinir 3?.) Þessir 3 munu fá engan. Þeir fara að vísu ekki vel út úr því, en þó betur heldur en með núverandi fyrirkomulagi, því að ef hlutfallskosningar væru, þá kæmu atkv. þeira kannske til jöfnunar. Skiptingin er því skárri, þótt hún sé ekki góð. En ég vil hugga hv. andstæðinga þessa máls með því, að það eru uppbótarsætin, sem eiga, svo langt sem þau ná, að jafna hlut þeirra, sem eru fyrir borð bornir í kjördæmunum, og samt leggja þessir hv. þm. til, að uppbótarsætunum sé fækkað úr 11 í 8. Þeir óttast, að hér sé verið að skapa óréttlæti og bera rétt meiri hl. fyrir borð, en um leið leggja þeir til, að uppbótarþingsætunum sé fækkað.

Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, en með því er verið að gera tilraun til þess, að komið verði á meiri jöfnuði um atkv. og akvæðisrétt en verið hefur. Og ef þingið breytir einhvern tíma síðar því, sem hér er lagt til, sem vel getur orðið, þá verður það í þá átt einungis, að framkvæma þessa reglu betur en hér er um að ræða. Það verður aldrei stigið spor til baka í þessu efni.

***Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason):** Hv. frsm. meiri hl. heldur áfram að hamra á því, að sú breyt., sem hér er til stofnað, verði a. m. k. til þess að jafna heildarútkomuna hjá þingflokkunum í landinu, þ. e. a. s., að þeir fái þingsæti í sem nánustu samræmi við atkvæðatölu. Ég held ég sé rækilega búinn að benda á það, svo að ekki verði um villzt, að sú breyt., sem hér er gerð með hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum, tryggir minni hl. á þessum stöðum sama rétt og meiri hlutanum, og getur orðið til að auka gífurlega á það misrétti, sem nú er.

Það er augljóst, eins og ég hef þegar tekið fram, að ef þeir flokkar, sem hafa flest atkv. á bak við sig í þéttbýlinu, hafa nokkra möguleika til að vinna meiri hl. í tvímenningskjördæmunum, þá jafnar það meira en þessar hlutfallskosningar. Þess vegna er það rétt, eins og hv. þm. S.-M. hefur tekið fram, að hér er eingöngu um það að ræða, að þessir flokkar, sem mestu fylgi eiga að fagna í þéttbýlinu, hafa enga möguleika til að vinna meiri hl. í þessum kjördæmum. Og á þessu er stjskrbreyt. byggð. Hún er byggð á því, að það er vitund alþjóðar og fullkomin sannfæring þeirra flokka, sem að þessu samsæri standa, að þeir geti aldrei unnið traust meiri hl. kjósenda í þessum kjördæmum. Ég skora á hv. þm. V.-Ísf. að bera það til baka, ef hann treystir sér til, að ef þessir flokkar, jafnaðar-, sjálfstæðismenn og kommúnistar, geta unnið meiri hl. kjósenda í 2 eða 3 tvímenningskjördæmum, þá jafnar það meira milli flokkanna en þessar hlutfallskosningar, sem nú á að setja í stjskr. Þess vegna er það ósatt, að þetta sé spor í þá átt að jafna þann mismun, sem nú er talinn vera milli flokkanna í atkvæðamagni, heldur er þetta einungis byggt á þeirri staðreynd, að þeir treysta sér ekki til að vinna á þann veg, að þeir fái meiri hl. í þessum kjördæmum. Og ég hygg, að það sé alveg einsdæmi í allri veröldinni, að stjskr. sé byggð á því að tryggja einhverjum pólitískum flokkum „jafnan rétt“ með þeirri aðferð, að minni hl., sem þeim fylgir í kjördæmum, sem þeir geta ekki unnið, eigi að verða jafnáhrifamikill meiri hl. Nei, hér er ekki verið að veita minni hl. jafnrétti að tiltölu við kjósendafjölda, heldur langtum rýmri rétt en meiri hl. Þótt aðeins sé ¼ eða ⅓ kjósenda í þeim minni

hl., getur hann fengið tvo þm., annan kosinn hlutfallskosningu, hinn sem uppbótarþingmann. Það dettur engum í hug, að hér sé byggt á nokkru öðru en því, að flokkarnir, sem að frv. standa, áliti sér hagkvæmast að breyta þessu svona í vissu um að geta aldrei unnið sjálfir tvímenningskjördæmin, og þegar hv. þm. N.-Ísf. (ÁÁ) segir, að hann skuli nú samt kalla það réttlætismál, er ég sannfærður um, að hver, sem á hann hlustar, skilur, að það er eins og Jón á Bægisá kvað: „Vakri-Skjóni hann skal heita, honum mun ég nafnið veita, þó að meri það sé brún."

Hv. þm. (ÁÁ) virtist vera hneykslaður á, að við framsóknarmenn gerðum till. um að fækka uppbótarþingsætum úr 11 í 8. Það er gert til mótvægis, ef fjölga skal um 2 þm. í Rvík og hinn 3. á Siglufirði. Hann getur ekki talið það ósanngjarnt, því að hann fullyrti, að frv. minnkaði mjög þörfina á uppbótarþingmönnum. Eða skyldi leynast með honum grunur um, að svo geti farið, að áhrif stjskrbreyt. yrðu aukin þörf fyrir uppbótarþingsæti? Ef sú yrði reyndin, mundi enn þurfa að breyta, líklegast fjölga, uppbótarþingsætum, og það gæti endurtekizt æ ofan í æ, stöðugt undir yfirskini réttlætisins. Það er auðvitað mál, að óvandur er eftirleikurinn fyrir hvern flokk, sem undir kann að verða í kosningum framvegis, af því að kjósendur vantreysta þeim að gera þá ætíð flokkabandalag um að breyta kjördæmaskipun sér til stundarhagnaðar.

Ég öfunda hvorki hv. þm. V.-Ísf. né nokkurn annan af að verja það fyrir þjóðinni, að hér sé aðeins um „réttlætismál" að ræða, því að í krafti þessa rangnefnda réttlætis hugsa þeir sér að fremja eitthvert hið svívirðilegasta ranglæti, sem nokkurn tíma hefur verið reynt að beita íslenzka kjósendur.

*__Eysteinn Jónsson__: Ég hef ekki orðið fyrir vonbrigðum, þótt hv. þm. V.-Ísf. vildi ekki af því láta að kalla þetta réttlætismál. Hann um það. Það er honum svo nauðsynlegt að kalla það þessu nafni til að breiða yfir, að það er hagsmunamál. Hann segir, að þeir í meiri hl. n. vilji, að minni hl. fái einnig að njóta sín, — njóta sín hlutfallslega við atkvæðafjölda. Nei, tilgangurinn er að hindra, að meiri hl. fái notið sín betur en minni hl., eins og honum ber. Það á að gera það þýðingarlaust, hvaða flokkur ávinnur sér það traust að fá meiri hl. í tvímenningskjördæmunum. Þetta er að vega gegn lýðræðinu, en getur aldrei fullkomnað það. Hv. þm. varð raunar að játa það óbeint, sagði, að núv. kjördæmaskipun væri slík, að þar væri ekki úr háum söðli að detta. Er nú þetta eftir af glæsilegum fyrirheitum hans um réttlætisárangur frv., að hann þarf að afsaka ómerkileika þess með því, að þar sé ekki úr háum söðli að detta? Er þá slíkt frv. þess virði á tímum, sem nú eru, að hrinda þjóðinni vegna þess út í tvennar kosningar með öllu, sem þeim fylgir? Og hver er faðir núverandi kjördæmaskipunarlaga nema hv. þm. V.-Ísf.? Annaðhvort er, að þm. hefur tekið miklum breyt. síðan 1933, þegar hann þóttist vera stórhrifinn af þessu afkvæmi sínu, það mundi tryggja „réttlætið" um langa framtíð, eða hann hefur þá sem nú verið að tefla tafl stundarhagsmuna. Og orð hans þá og nú stangast, eins og hann hljóti í annað hvort skiptið að hafa talað þvert um hug sinn. Ég skal ekki dæma um í hvort skiptið heldur.

Það hefur verið talað af miklum fjálgleik um rétt kjördæmanna. En það, sem liggur bak við fyrirkomulag frv., er einmitt að skapa þeim mönnum, sem vilja afnema gömlu kjördæmin, vígstöðu, sem dugi þeim til að hefja brátt á eftir lokasóknina að rétti kjördæmanna. Það er þetta, sem gægist fram hjá hv. þm. (ÁÁ), þegar hann talar um frv. sem spor „í áttina til réttlætis" eða tilraun til að koma á „meira jafnrétti milli flokka". Fulla réttlætið á að koma síðar með stóru kjördæmunum eða því, að allt landið verði eitt kjördæmi. Hann lofaði því, að í framtíðinni skyldi ekki stigið neitt spor aftur á bak, ef þetta frv. næði nú samþykki. Hann á við, að þá yrði fært að taka upp till., sem ekki reyndist annað fært en hætta við 1931 og nú. Minnihlutaþingsætin og uppbótarþingsætin og það, sem stuðningsmenn frv. gætu skrapað saman af þm. hér í Rvík og víðar, á að tryggja það. Minnihlutaþm. úr kjördæmum er sérstaklega ætlað hlutverkið að draga lokur frá hurðum, þegar að lokum skal myrða hin gömlu kjördæmi.

Ég þarf í raun og veru ekki að svara fleirj atriðum í ræðu hv. þm. (ÁÁ) Ég vil aðeins enn einu sinni óska að fá að heyra röksemdirnar fyrir því að taka Akranes og Nes í Norðfirði ut úr frv., og hvers vegna ekki er tekin upp sú regla að láta kaupstaðina fá þm. eftir íbúatölu. Því fyllri svör, því skýrar mun koma fram, að hér er ekkert bak við nema pólitískur verzlunarsamningur. Og hvers vegna er ekki hægt að ná samkomulagi um að skipta tvímenningskjördæmum í einmenningskjördæmi eins og víðast eru á landinu?

*__Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)__: Hv. 1. þm. S.-M. (EystJ) spyr, hvers vegna ekki sé farin sú leið að skipta í einmenningskjördæmi. Það er af því, að meiri hl. n. vill fá hlutfallslegt jafnrétti milli flokka á þann hátt, að hinn sterkasti verði sterkastur, en hinum minni verði ekki heldur varnað máls á Alþ. Ef um allt landið utan Reykjavíkur væru einmenningskjördæmi, gæti einn flokkur unnið þau öll, án þess að hann hefði kjósendameirihluta bak við sig. Hann spyr, hví Akranes og Nes í Norðfirði hafi verið felld úr frv. Það var gert eftir ósk frá Sjálfstfl., og þarf ég sem Alþfl.m. raunar ekki að svara því. En Framsóknarflokksmenn, sem telja sig mótfallna fjölgun þm., geta skilið, að ekki þótti æskilegt að fjölga þm. meir en í 52, og sá Alþfl. þá ekki ástæðu til að gera þessi kjördæmi að kappsmáli.

Hv. 1. þm. Rang. (SvbH) hélt því fram, að minni hl. gæti fengið bæði minnihlþm. og uppbótarþm. úr sama kjördæmi. Mér blöskrar þetta ekki, því að vitanlega væru þá atkv. úr öðrum kjördæmum bak við uppbótarþingmanninn. Þm. finnur það mest að réttlæti þessa frv., að Framsfl. skaðist á því. En ég mundi alls ekki treysta mér til að finna þann réttlætisgrundvöll kjördæmabreyt., sem treysti og tryggði hagsmuni Framsfl., jafnvel gæfi honum fleiri þm. en nú, meðan sá flokkur lifir einmitt á ranglætinu í

því efni. Ég hygg, að eigi verði hjá því komizt, að afskiptari flokkar njóti góðs af hverri breyt. í réttlætisátt. Þetta er sá einfaldi sannleikur og ekkert við það athugavert, að flokkarnir, sem að frv. standa, hafi hagsmuni af framgangi þess. Hv. 1. þm. S.-M. hélt, að óvandur yrði eftirleikurinn og hver flokkur, sem óánægður væri með úrslit kosninga, gæti hrundið fram nýrri breyt. á kjördæmaskipun. En hafi sá flokkur ekki styrk réttlætisins að baki till. sínum í því efni, þá hefur hann engan styrk. Óánægja dregur þar ekki ein til, heldur þarf að vera ljóst, að flokkur eða flokkar hafi vissulega verið afskiptir. Þm. (EystJ) þótti ég gera lítið úr kostum núv. kjördæmaskipunar og uppbótarþingsæta. Það gerði ég ekki, þótt þau nái ekki tilgangi sínum nærri því að fullu. Stjskr. kveður svo á, að uppbótarþingsætum skuli útbýtt þannig, að hver þingflokkur fái sem jafnasta þingmannatölu. Væru ekki uppbótarsætin, gæti munað margfalt meira en nú á atkvæðatölu að baki þm. í hverjum flokki. Hún gæti í einum orðið þreföld, fjórföld eða fimmföld á við það, sem væri í einhverjum öðrum. Það er því ómögulegt að segja annað en breyt. frá 1933 hafi gert gagn. Ég hélt ég hefði tekið það fram á Alþ. þá, að ef þessi breyt. nægði ekki nokkurn veginn til að skapa jafnrétti, mundu koma fram till. um frekari breyt., og það er ekki vonum fyrr, sem þær koma. Vilji hv. þm. koma með aðrar till., sem tryggi jafnréttið enn betur, skal ég strax fylgja þeim.

Þetta mál verður frekar rætt síðar í útvarpi, svo að ég hirði ekki að fara lengra út í það. En mig skyldi ekki undra, þótt sú breyt., sem nú verður gerð, dugi um langt skeið. En ekki má búast við, að nein slík breyt. dugi að eilífu.

*__Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason)__: Hv. þm. V.-Ísf. blöskraði það ekkert, þótt lítill minni hl. í kjördæmi fengi tvo þm. kjörna, en meiri hl. ekki nema einn. Hann hefur ekki gert sér grein fyrir, hvaða truflanir mundi af slíku leiða í skipulagi kjördæmavalsins, eins og það var hugsað í heild, og að þetta fyrirbyggir a. m. k. ekki, að breyt. gæti orðið til að auka mismun á atkv. að baki þm. frá því, sem er. Afleiðingarnar getur enginn séð fyrirfram að fullu. Hvaða þýðingu hefðu nú kjördæmin, eftir að svona skipulag væri á komið? Sér ekki hver heilvita maður, að þá er búið að snúa við lýðræðisreglunni um meirihlutavaldið í kjördæmi? Hvers virði væru þá kjördæmin orðin?

Hv. þm. V.-Ísf. segir enn fremur, að erfitt sé að gera á stjskr. þær breyt., sem tryggðu Framsfl. fleiri þm. Hér er eingöngu verið að hugsa um flokkssjónarmið, en ekkert, hvernig kjósendurnir eru eða þeirra réttur. En þetta er hans hugsun, að hægt sé að byggja réttlæti á aðstöðu flokkanna í þann og þann svipinn og að kjósendur flokkanna, t. d. 1937, séu eilíf eign þeirra. Ég er sannfærður um, að þessi hv. þm. er búinn að afsala sér miklum hluta kjósenda sinna 1937, sem vilja ekki líta við því réttlæti, sem hann þykist vera að berjast fyrir, og þannig mun vera með öll kjördæmi, að þar hafa vitanlega orðið breyt., eins og alltaf verða frá einum kosningum til annarra. Það er eins og að byggja hús á sandi að ætla sér að byggja stjskr. landsins um alla framtíð á úrslitum einna kosninga. Það getur vel farið svo, ef þessi breyt. verður að l., sem ég er sannfærður um, að verður aldrei, — kjósendur landsins munu segja til um það, — en jafnvel þó að hún yrði samþ., þá getur vel farið svo, að aðrir flokkar græði á henni en þeir, sem nú ætla sér að græða á henni. Það hefur aldrei reynzt vel að verzla með rétt fólksins í flokkslegu augnamiði. Hv. þm. hefur það ekki í vasa sínum, hvernig aðstaða almennings er til flokkaskipunar og landsmála yfirleitt og hvernig hann álítur, að á málunum hafi verið haldið. Þess vegna er ekki hægt að hugsa sér neitt vitlausara en að ætla að byggja stjskr. landsins á flokksfylginu við einhverjar kosningar.

Hv. þm. V.-Ísf. viðurkenndi, að þeir flokkar, sem standa að þessu nýja réttlæti, sem ég hef nú nokkuð lýst, gerðu ráð fyrir að hafa hagsmuni af þessari breyt. Ætli það sé ekki það, sem fyrst og fremst muni vaka fyrir þeim, að þeir ætli sér að fá eitthvað fleiri þingsæti, þó að kjósendurnir treysti þeim ekki? En það gæti farið svo, að kjósendurnir, sem þeir ætla að verzla með, væru komnir eitthvað annað, þegar þeir eiga að verða gjaldmiðill í verzlun þessara þm. Það er ekki víst, að þeir komi til með að hafa mikið verðgildi fyrir þá.

Þá segir hann enn fremur, að við skulum koma með till., sem tryggi jafnréttið betur en þetta frv. Hann veit það vel, að við álítum, að þjóðin hafi annað þarfara að gera nú á þessum tímum en að deila um þessi mál, og að það skipti litlu, hvort kjördæmabreyt. kemst á 2 árum fyrr eða síðar, það séu allt önnur mál, sem nú ríði mest á. En þar að auki höfum við borið fram brtt., sem tryggja jafnréttið betur, sem sé að skipta tvímenningskjördæmunum, og þykir mér vænt um, að hann hefur gefið yfirlýsingu um, að hann ætli að styðja þá brtt., því að engum blandast hugur um, að hún tryggir betur jafnréttið en ef ákveðinn lítill minni hl. í tvímenningskjördæmunum sé jafnrétthár og stór meiri hl.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Því meir sem málið er krufið, því meir sem lítið er á hvert atriði þess og því frekar sem hv. frsm. og aðrir stuðningsmenn frv. eru krafðir sagna, því betur er komizt að því, sem er meginuppistaða málsins. Hv. frsm. lýsti yfir því síðast, að þetta væri fyrst og fremst hagsmunamál þeirra flokka, sem eru að reyna að koma því fram, og sé það þess vegna fram borið, en það er ekki víst, að hagsmunir þessara flokka séu það sama og hagsmunir þjóðarinnar, og úr því verður brátt skorið, hvort þjóðin vill sjá sínum málum borgið eða hvort hún vill láta þessa menn vera að verzla með þjóðina á þessum hættulegustu tímum, sem yfir hana hafa komið.

*__Eysteinn Jónsson__: Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að það væri ekki sitt að svara því, hvers vegna Akranes og Neskaupstaður ættu ekki að fá sérstaka þm. Hvers er það þá, ef ekki hans? Er ekki búið að semja um það, og er hann ekki búinn að ljá því fylgi sitt að fella þetta niður hér á þingi? Hvers vegna gerði hann ekki tilraun til að skýra, hvaða samræmi er í að fella þetta

niður, en láta Seyðisfjörð vera sérstakt kjördæmi? Heldur hann, að menn taki þá röksemd alvarlega, að það sé af því, að þá verði þm. of margir? Ef hann ætlast til, að menn líti svo á, að það sé röksemd Sjálfstfl., þá er hún einkennileg hjá þeim flokki, sem hefur sótt fast að fá uppbótarsætum fjölgað, þó að það kostaði fjölgun þm. Þetta er ekkert nema yfirklór. Nei, við vitum, hvers vegna till. voru teknar til baka. Það var vegna þess, að þær þjónuðu ekki þeim flokkslega tilgangi, sem er á bak við þetta mál, af því að það var líklegt, að Framsfl. fengi þm. í Borgarfjarðarsýslu og báða þm. í Suður-Múlasýslu, ef þetta væri látið ganga fram. Þess vegna var þetta strikað út, en ekki af neinu öðru.

Hv. þm. segir, að þeir vilji ekki skipta tvímenningskjördæmunum, af því að ef það væri gert, þá væri ekki tryggt hlutfallslegt réttlæti. Þetta hlutfallslega réttlæti er sjálfsagt það, að þingmannatala flokka sé í samræmi við kjósendatölu þeira. En hefur hv. þm. V.-Ísf. gert sér ljóst, hvað hann er að segja, þegar hann er að tala um hlutfallslegt réttlæti? Með því er hann að segja, að hans stefna sé að afnema rétt gömlu kjördæmanna, gera landið að einu kjördæmi, og við vitum, að það er þetta, sem vakir fyrir þeim þm., sem fylgja þessum till., þó að þeir vilji ekki viðurkenna það, en það skýzt upp hjá þeim, þegar þeir eru króaðir inni, þegar þeir verða að svara fyrir það, að nú eigi að taka upp hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum. Það er raunalegt fyrir þá, að þeir skuli verða að viðurkenna þetta, að þeir skuli hafa viljað flytja till. á þingi um stóru kjördæmin frá 1931 eða að gera landið að einu kjördæmi, en ekki þorað það af því, hvaða móttökur þeir fengu 1931. Þess vegna á nú að hafa aðra aðferð, fá fyrst inn á þing þessa minnihlutaþm. og síðan með þeirra hjálp samþ. þetta hlutfallslega réttlæti. Þetta er meiningin, þó að hv. þm. hafi ekki ætlað að játa það, en hafi nú samt gert það með því, sem hann hefur nú sagt um þetta mál.

Hvernig er frágangurinn á þessari breyt., sem á að gera á stjskr. landsins? Og hvað munu þeir gera, ef fylgi Framsfl., sem er ekki óliklegt, verður svo mikið næsta haust, að hann þrátt fyrir þessa breyt. fær báða þm. kjörna í tvímenningskjördæmunum? Þá verður væntanlega að breyta stjskr. á ný til að reyna að fleyta sér eitthvað áfram á því. Þetta sýnir, að það, sem hér er verið að fara út í, er óundirbúið óhæfuverk, sem tryggir ekkert réttlæti, heldur á að tryggja það, að lítill minni hl. í tvímenningskjördæmunum geti sent menn inn á Alþ., sem á svo að nota til þess að gera gerbreytingu á kjördæmaskipuninni síðar.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að sennilega væri það eitthvað á bak við hjá þeim flokkum, sem standa að þessari breyt., að þeir hefðu hagsmuni af „réttlætinu“. Ég veit ekki, hvort þeir hafa hagsmuni af réttlæti, en þeir hafa hagsmuni af því, sem þeir ætla að kom hér fram og kalla réttlæti.

*__Steingrímur Steinþórsson:__ Þetta mál er um það bil að fara út úr d. Ég vil ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um það nú, þegar ég lít framan í þá nýju ríkisstj., af því að mér þykir einkennilegt, að þessi ríkisstj., sem hefur ekki samkomulag nema um eitt mál hér á þingi og er sett upp til þess eins að koma fram þeirri frumvarpsómynd, sem hér er á ferðinni, skuli enn kinoka sér algerlega við að segja um það nokkurt orð, en láta hv. þm. V.-Ísf. algerlega einan um að verja það. Það virðist vera sú þjónkun, sem hann hefur gengizt undir í þessu samkomulagi, að taka að sér það skítverk að vera til andsvara hér í d. fyrir þetta frv. Mér þykir þetta nokkuð einkennilegt, að ríkisstj., sem er mynduð um þetta eina mál, skuli ekki segja eitt einasta orð um það hér, áður en það fer út úr d., og það því fremur sem hæstv. forsrh., meðan hann átti sæti í fyrrv. stj., lýsti yfir því við 1. umr., að hann væri mótfallinn þessu máli og teldi ekki rétt, að það næði fram að ganga á þessu þingi. Nú hefur hann gengið undir þetta jarðarmen að ganga inn í þessa nýju stj., sem hefur það hlutverk eitt að koma í gegn þessu máli, sem hann, hæstv. ráðh., fyrir fáum vikum hefur lýst yfir, að hann vildi ekki láta ná fram að ganga á þessu þingi. Ég verð að segja, að mér finnst þetta frv., sem er grundvöllur ríkisstj., ríkisstjórnin sjálf og sá sundurlausi stuðningur, sem hún hefur, allt hvað eftir öðru, og það er enginn vafi, að það svarar allt hvað öðru og sömuleiðis undirbúningur þessa máls. Allt frá því, sem skeð hefur í janúar og byrjun febrúar í þessu máli, og til þessa dags sýnir gerla, hvers konar mál er hér á ferðinni.

Ég vildi aðeins leyfa mér að láta í ljós undrun mína yfir því, að stj. skuli ekki segja eitt einasta orð um þetta mál, áður en það fer úr fjölmennari d., um afstöðu sína til þess.

Ég vil svo með örfáum orðum snúa mér að því, sem hv. þm. Borgf. sagði, því að þeir, sem hafa tekið til máls af hálfu Framsfl., hafa ekkert komið að því. Ræða hans var einkennileg og kannske það einkennilegasta, sem sagt hefur verið um þetta stjórnarskrármál, en þó mjög eðlileg.

Hv. þm. lýsir yfir því, að hann sé á móti því að afgreiða málið á þessu þingi, og þó ætlar hann að greiða atkv. með því, Hann lýsir yfir því, að hann sé á móti fjölgun þm., og til málamynda ber hann á þskj. 81 fram till. um fækkun, þannig að talan verði sú sama og áður. Hvað meinar hann með þessu, því að í næstu setningu segir hann: „Ég tel þetta ekkert atriði og ætla að greiða atkv. með frv., þó að þetta verði fellt.“ Að hugsa sér aðra eins framkomu á Alþ., að þm. skuli bera fram málamyndartill., sem hann lýsir yfir í umr. á Alþ., að hann meini ekkert með. En þetta er kannske mjög eðlileg afstaða hjá þeim mönnum, sem enn telja sig fulltrúa dreifbýlisins, því að þótt ég viðurkenni, að hv. þm. Borgf. sé einn af reyndustu, greindustu og gætnustu þm. á Alþ., þá veit hann vel, að þetta er aðeins byrjun á því, sem lýst var yfir af hv. 5. þm. Reykv. (SK), þar sem hann sagði, að síðar ætti að fá meira réttlæti, sem hann nefndi svo, en það er ekki hægt nema með því að afnema gömlu kjördæmin og annaðhvort gera allt landið að einu kjördæmi eða að taka upp nokkur stór kjördæmi. Þetta veit hv. þm. Borgf., um leið og hann greiðir atkv. með því að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Hann ætlar sér að fylgja flokki

sínum til þessa skemmdarverks gagnvart dreifbýlinu, eins og hann hefur fylgt flokki sínum nauðugur svo oft áður.

Ég er sannfærður um, að þetta er eitt stærsta hagsmunamálið fyrir dreifbýli landsins og að það er stór ógæfa að afnema þá skipun, sem staðið hefur, frá því að Alþ. var endurreist, að hér séu sérstök kjördæmi, sem hvert hafi sinn fulltrúa, sem komi fram fyrir það á Alþ. Þess vegna vil ég fyrst og fremst beina orðum mínum til þeirra, sem telja sig vilja hafa hagsmuni dreifbýlisins fyrir augum, því að það er óhugsandi, að þeir sjái ekki, til hvers leikurinn er gerður, þegar því er lýst yfir af þeirra eigin flokksmönnum, hvað það er, sem til er stofnað. Þetta mun greinilega verða dregið fram í kosningabaráttunni, sem nú er fyrir hendi í landinu. Þetta gerir það að verkum, að menn úti um landið sjá, hvert stefnir, og það er ekki víst, að þeir vilji ljá því lið sitt, að þessi frumvarpsómynd verði samþ. á þingi í sumar, því að það verður reynt að koma þjóðinni í skilning um, hvert er stefnt með þessu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég tók það fram í upphafi þessara orða, að það, sem hefði komið mér fyrst og fremst til að standa upp nú, þegar umr. hér virtist vera að verða lokið, væri það, að ég hefði ekki heyrt neinn úr hæstv. stj. segja neitt um þetta mál, sem væri það eina, sem hún hefði samkomulag um eða fylgi til að koma fram. Mér virðist það því vera lágmarkskrafa til stj., að hún láti eitthvað til sín heyra um þetta eina mál sitt, áður en það fer úr þessari deild.

*__Forsrh. (Ólafur Thors)__: Þessi síðustu orð hv. 2. þm. Skagf. eru alveg í fullu samræmi við allan loddarahátt Framsfl. í þessu máli. Hann veit það, sem allir vita, að á morgun eiga að hefjast umr. í áheyrn alþjóðar, þrjú kvöld í röð, um þetta mál. Það er hágborið verkefni stj. að fara að taka þátt í loddaraleik Framsfl. í því að tefja þetta mál. Þingið er búið að standa nægilega lengi, og hvítasunnan er fyrir höndum, og ég veit, að margir utanbæjarþingmenn eiga enga ósk heitari en að geta komizt heim af þingi fyrir hvítasunnuna. Málið verður að engu leyti skýrara, þó að við ráðh. förum að taka þátt í þessum umr. Í útvarpsumr., sem nú fara í hönd, munu okkar skýringar koma fram, og ég vænti þess, að þá verði upplýst í áheyrn alþjóðar, að hægt er að færa fram mörg sterk rök með þessu máli, enda þótt við eins og langflestir aðrir sjáum ágalla á þessari skipan, sem hér á að lögfesta, og það er ekki enn séð, hver ríður feitustum hesti frá þeim umr., þar sem við leiðum saman hesta okkar um þetta frv. Það er ekki minn tilgangur að ganga af Framsfl. dauðum, en ég veit það, að ef þetta mál nær fram að ganga, verður hann að afhenda eitthvað af þeim sérréttindum, sem hann hefur haft. Það er sagt, að þeir, sem séu á banasænginni, fái stundum óráð og tali þá oft það, sem enginn maður geri með heilbrigðum sönsum. Og mörg þau rök, ef rök skyldi kalla, eru líkust óráðshjali deyjandi manns, og ég skal lofa honum því, að þótt hann hefji yfirreið um land allt til að skýra þetta mál frá sínu sjónarmiði, þá skal verða hafin eftirreið til að skýra, hver rök eru fyrir þessu máli á báða bóga.

*__Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)__: Ég á ákaflega bágt með (__SvbH__: Hv. þm. á bágt!) að átta mig á rökum hv. 1. þm. Rang. Ég hef bent honum á, að þótt tvímenningskjördæmin fái uppbótarsæti á minni hl., þá eru þeir í raun og veru ekki uppbótarþm. fyrir þau atkv., heldur fyrir atkv. úr öðrum kjördæmum.

Það hneykslar hann mjög, að það skuli geta komið fyrir, að minni hl. geti fengið tvo þm., en meiri hl. einn, hvað oft sem honum er bent á, að það hneyksli meira, þegar meiri hl. þjóðarinnar fær á Alþ. einn mann, en minni hl. tvo, en hann vill ekki heldur taka undir það. Það er eins og hann standi í sífelldum hrepps-nefndar- og sýslunefndarkosningum, en gleymi að hugleiða þjóðina, sem hann er þó alltaf að tala um að skjóta málunum til. Hún má undir engum kringumstæðum njóta jafnréttis. Hann segir, að þjóðin sé einnig þeir menn úti á landinu, sem njóta nú sérréttinda vegna þessa misréttis, en ég get ekki kallað það þjóð. Það er einn flokkur.

Ég hika alls ekki við að segja, að þeir flokkar, sem standa að þessu máli, hafi hagsmuna að gæta í sambandi við þessa réttlætiskröfu, en það er svona, að þeir, sem hafa hagsmuna að gæta, eru líklegastir til að flytja sjálfir sitt réttlætismál, þó að til séu undantekningar, því að ég þekki dæmi til þess hér á þingi, að menn hafi fylgt réttlætismálum, þó að þeir hafi sjálfir engra hagsmuna haft þar að gæta. Ef hv. 1. þm. Rang. hefði snúizt til fylgis við þetta mál, hefði ég gefið honum þetta hól, en því er ekki að fagna í þetta skipti.

Það er vitanlega rétt, sem hv. þm. segir, að það verða breyt. milli flokka frá einum kosningum til annarra. Hver hefur nokkurn tíma borið brigður á það? Svo bætir hann við, að hér sé verið að búa til fyrirkomulag, þar sem flokkar geti fengið þm., þó að þeir hafi ekki kjósendur. Það er erfitt að svara slíkri fjarstæðu. Hér er lagt til, að flokkar fái þm. eingöngu, ef þeir hafa kjósendur, og ef breyt. verða milli flokka, sem alltaf verður, þá er þessum reglum þannig fyrir komið, að þeir flokkar, sem atkvæðaaukninguna fá, fá fleiri þm. Hér er ekki verið að reyna að tryggja það, að Sjálfstfl. eða Alþfl. fái svo og svo marga þm. Ekkert slíkt er á ferðinni, heldur aðeins það, að þeir, sem atkv. fá, fái þm. Hitt er fjarstæða, að hér sé verið að seilast eftir, að flokkar fái þm., þó að þeir hafi ekki kjósendur. En þessir þm. geta aldrei slitið sig frá hugsuninni um litla hluta af landinu. Þeir geta aldrei hugsað sér landið sem eina heild, og samt er alltaf verið að tala um, að skjóta máli sínu til þjóðarinnar. Mér finnst réttara að orða það svo, að skjóta eigi málunum undir kjósendur í Rangárvallasýslu.

Hv. 1. þm. S.-M. spurðist fyrir um, af hverju Akranes og Norðfjörður hefðu verið niður felld sem sérstök kjördæmi. Ég var því fylgjandi, að þau yrðu tekin upp, en eins og ég sagði rétt frá, vildu sumir hv. þm. draga úr þingmannafjöldanum. Hv. þm. spurði, hvers vegna Seyðisfjörður væri ekki felldur niður. Ég get sagt hv. þm., að

þá hefði þurft að gera ýmsar breyt. og fella niður ýmis önnur kjördæmi, svo sem Norður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu o. s. frv. Við það hefði verið höggvið svo stórt skarð í framsóknar-kjördæmin, að mönnum fannst ekki rétt að gera þær breyt. Þetta er alltaf sama sagan: Það er beðið um allt annað í þessu máli heldur en hægt er að fá. Hv. þm. réðst á málið frá öllum hliðum, án tillits til þess, hvort rökin rekast á og sprengja hvort annað. Þá vildi hv. þm. gera mikið úr því, að ég talaði um hlutfallslegt réttlæti, þ. e. a. s., þegar 1 þús. kjósendur fá einn þm., 2 þús. tvo þm., 3 þús. þrjá þm. o. s. frv. Hann spurði mig, hvort það hefði verið athugað, hvaða afleiðingar það hefði, ef farið yrði að afnema alveg gömlu kjördæmin. Mér þykir hann fara nokkuð langt í að útlista þessa reglu, en vitanlega er það hlutfallslegt réttlæti, að tala þm. fari eftir íbúafjölda, og á þann hátt er tryggt, að áhrif Alþ. verði í samræmi við óskir kjósenda. Og í öllum lýðræðislöndum er það einmitt þetta, sem er undirstöðuatriðið. Það er einstaklingurinn, sem hefur réttinn, og það hefur verið viðurkennt allt frá tímum frönsku stjórnarbyltingarinnar, að þessi réttur sé heilög mannréttindi. Þegar verið er að tala um, að stjskr. sé of heilög til þess að breyta gömlum rangindum, sem þar eru, þá virðist mér hún muni verða því heilagri, því réttlátari og betri sem hún er. Þessar breyt. eru a. m. k. ekki hættulegar fyrir virðingu hennar sem stjskr. Ég hygg nú, að þeir hv. þm., sem talað hafa móti þessu frv., finni það glöggt, að þeirra rök ná skammt. Enda sagði hv. 1. þm. Rang., þegar ég spurði um réttlátar till., sem væru betri heldur en þesar, að hann hefði öðrum málum að sinna. Vitanlega hafa þeir engin svör við slíkri spurningu, þó að þeim finnist engin þörf að leiðrétta það misrétti, sem þeir hafa sjálfir hagnað af.

Pétur Ottesen: Mér þykir leiðinlegt að geta ekki tekið mjög hátíðlega þau ummæli, sem hv. 2. þm. Skagf. lét falla um mig, — það mikla hrós, um gáfur mínar og hæfni til að starfa að þjóðfélaginu, — sökum þess, hve hann var æstur og óðamála, svo að hann, að því er virtist, vissi ógerla, hvað hann sagði. Það kom mjög berlega fram í ræðu hans, að hann fór algerlega villur vegar í því, sem hann sagði, að ég hefði haldið fram í minni ræðu. Hann sagði, að ég hefði lýst mig andvígan afgreiðslu þessa máls á þessu þingi. Þarna er hlutunum svo snúið við sem hægt er. Ég sagðist vera á móti því, að horfið væri frá kosningafrestuninni, eins og nú hefur verið gert. Og mér þætti gott, ef Framsfl. hefði átt í honum eins góðan stuðningsmann eins og Sjálfstfl. á í mér til að standa við þær samþykktir, sem á sínum tíma voru gerðar um þetta. En ég sagði, að úr því að farið væri út í kosningar á annað borð, þá væri eðlilegast, að þetta mál lægi fyrir í sambandi við önnur mál, sem kosningar kynnu að snúast um. Hv. þm. hefur í því æðiskasti, sem greip hann, alveg snúið því við, sem ég sagði um þetta atriði.

Hv. þm. hneykslaðist á till. minni og að mér skyldi finnast réttlátt að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Það, sem mest getur hneykslað hann í sambandi við mína till., er sú skoðun mín, að lagfæra þurfi ranglæti það, sem fram hefur komið í kosningatilhöguninni, og að það skuli gert með þessum hætti. Það er undarlegt, að þetta hneykslanlega kosningafyrirkomulag skuli vera einmitt lagt til grundvallar fyrir kosningu til búnaðarþings, einmitt sama fyrirkomulagið og hér er um að ræða. Ég veit, að hv. þm. ber mikla virðingu fyrir Alþ. og honum er umhugað um þá stofnun, en hann ætti líka að bera virðingu fyrir búnaðarþinginu, þeirri stofnun, sem fer með málefni Búnaðarfélags Íslands, sem hefur valið hann sem trúnaðarmann með því að gera hann að búnaðarmálastjóra. Ef þetta kosningafyrirkomulag er eins hneykslanlegt og hann segir, hvers vegna beitti Framsfl. sér þá fyrir því á sínum tíma og þar með þessi háttv. þm., að þessi kosningatilhögun yrði upp tekin við kosningar til búnaðarþings? Ég vildi skjóta þessu hér inn í, í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um mína till., og er bæði hollt og gott fyrir þennan hv. þm. að hugleiða þetta.

Það er venja á Alþ., að þm. gera grein fyrir sínu atkv. og hvaða skilning þeir hafa lagt í það, sem þeir greiða atkv. um. Það má segja, að eins og málið stendur nú, má líta á mína brtt. á svipaðan hátt. Í henni felst grg. fyrir því, hver mín afstaða er til þessa atriðis í málinu, en þar með er engan veginn sagt, að þetta málsatriði þurfi að vera þess valdandi, að ég snúist gegn málinu í heild eða þeim ákvæðum þess, sem eru miklu þýðingarmeiri eða meginkjarni málsins.

Í öðru lagi sagði hv. þm., að með þessu frv. og brtt. minni við það væri verið að rýra áhrif dreifbýlisins svo mjög, og jafnvel þurrka út öll þeirra áhrif. Mér þykir undarlegt, ef bændur, sem eru í minnihlutaflokki í tvímenningskjördæmunum, séu ekki eins góðir sveitamenn og ekki eins líklegir til að standa fyrir málefnum sveitanna eins og þeir, sem af tilviljun í það skiptið eru þar í meirihlutaaðstöðu. Það er eins og þessir menn séu réttlausir, ef þeir eru í minni hl. í tvímenningskjördæmunum, og að þeir séu slíkir undirmálsmenn, að þeir megi ekki njóta réttar til beinna áhrifa í kosningaúrslitum samkvæmt viðurkenndum lýðræðisreglum — og að einskis góðs megi af þeim vænta í þjóðfélaginu. Ég get ekki annað en tekið þykkjuna upp fyrir þessa menn, hvort sem þeir eru í Sjálfstfl. eða Framsfl., og ég mótmæli því, að þeir kjósendur, sem þessi ummæli eru látin falla um, verðskuldi slíka fyrirlitningu, sem í þessu felst. Þeim er jafnvel trúandi til að vinna gagn sinni stétt og landinu í heild eins og hinum. Ég mótmæli eindregið þessu gálausa gaspri, um leið og ég staðhæfi, að með auknu áhrifavaldi Sjálfstfl. á Alþ. sé betur séð fyrir hagsmunum sveitanna heldur en nú er gert.

***Steingrímur Steinþórsson:** Ég ætla fyrst að minnast á það atriði, sem hv. þm. Borgf. drap á í byrjun ræðu sinnar. Hann talaði um, að ég hefði verið svo æstur, að ég vissi ekki, hvað ég sagði. Sjálfur talaði hv. þm. sig upp í svo mikinn æsing, að hann lauk ræðu sinni með því að gera mér upp orð, sem mér hafa aldrei til hugar komið. Ég hafi átt að segja, að minni

hlutinn væri úrþvætti, og hann lemur sig allan utan og mótmælir þessu kröftuglega. Það er einmitt hv. þm. Borgf., sem veit ekki, hvað hann segir, og ég held honum farist ekki að tala um, að ég sé æstur. Það getur verið, að ég hafi að einhverju leyti farið rangt með það, sem hann sagði um kjördæmamálið, enda er oft erfitt að fylgjast með þræðinum í ræðum þessa hv. þm. Er það samrýmanlegt, úr því að hv. þm. er á móti einum kosningum, að hann gleypi við tvennum kosningum á sama sumrinu? Það er einkennileg röksemdafærsla að þykjast vinna fyrir almennri kosningafrestun og samþ. svo tvennar kosningar með litlu millibili.

Þá minntist hv. þm. nokkuð á kosningafyrirkomulagið í búnaðarfélaginu. Ég var aldrei spenntur fyrir, að þetta fyrirkomulag yrði upp tekið, og ég skal, hvenær sem er, taka höndum saman við hann og koma upp einmenningskjördæmum til búnaðarþings. Það var samþ. á síðasta þingi, að tvískipta mætti kjördæmunum, ef þess væri óskað, og þeim yrði breytt í einmenningskjördæmi. Hv. þm. Borgf. sér, hvert straumurinn stefnir í þessu efni, og það mun ekki standa á okkur framsóknarmönnum að vinna með honum að frekari breyt. á þessum grundvelli. Það þarf heldur ekki stjskrbreyt. til þeirra hluta.

Ég skal nú ekki ræða mikið um það, sem hæstv. forsrh. sagði. Ég er honum þakklátur fyrir, að hann skyldi standa hér upp og segja nokkur orð í þessu máli. Hann sagðist ætla að skýra frá afstöðu sinni í þessu máli í sambandi við útvarpsumræður, sem fram eiga að fara næstu kvöld, en það verða ekki umr. um stjórnarskrármálið. Nú hafði ég einmitt lagt áherzlu á, að ríkisstj. léti til sín heyra í þessu máli, áður en d. afgreiddi það, og það mun eiga að fara út úr d. í dag. Ég verð þó að sætta mig við það, sem hæstv. forsrh. sagði. En ég get ekki tekið því þegjandi, þegar hann talaði um leikaraskap Framsfl. í þessu máli og að hann hefði beitt málþófi til að tefja afgreiðslu þess. Annan daginn, sem hann situr í forsætisráðherrastóli, bregður hann Framsfl. um, að hann sé að beita málþófi. Ég býst við, að hæstv. forsrh., sem sjaldan sést í þessari d., hafi ekki vitað, hvenær umr. þessi byrjaði. Umr. þessi er búin að standa yfir í tæpar tvær klukkustundir, þegar forsrh. bregður Framsfl. um leikaraskap og að hann ætli að hafa málþóf, af því að 3. umr. í Nd. um breyt. á stjórnskipunarl. landsins er búin að standa yfir tvo tíma! Ég held, að nokkuð mikil einræðiskennd sé strax farin að segja til sín á öðrum valdadegi hæstv. forsrh. Ég er alveg undrandi yfir að heyra þessi orð hæstv. forsrh. Hvernig er svo forsaga þessa máls? Hefur þessi nýskapaði meiri hluti sýnt svo mikinn dugnað í því að koma málinu áleiðis? Hvað er langt síðan frv. kom fram? Ég veit ekki betur en að það lægi óbreytt í 4—5 vikur, eftir að stjskrn. skildi við það. Þetta er allur dugnaður hv. meiri hl. við að koma fram málum í þinginu. Svo er komið með ávítur um, að málið sé rætt of mikið, ef 3. umr. stendur yfir í 2 klukkustundir! Mér finnst varla sæmandi fyrir forsrh. að viðhafa slík ummæli.

Hæstv. forsrh. talaði um, að við framsóknarmenn hefðum allir óráð, eins og við værum í dauðateygjunum. Ég efast ekkert um, að hann óski þess, að dauðastund okkar sé komin, pólitískt séð, en um það skulum við ræða að afloknum næstu kosningum. Hann hótaði mér því, að á yfirreið minni nú um kosningarnar skyldi hann koma á eftir. Hann er nú orðinn minn yfirmaður, og ég verð víst að hlýða honum að einhverju leyti, en ég vil vona, að hann stundi þá eftirreið vel, eftir því sem hann getur. Ég skal mæta honum, hvar sem hann kemur á fundi, og mér væri sönn ánægja að eiga við hann orðastað þar.

*__Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason)__: Ég get ekki látið hjá líða að taka upp orð hv. 2. þm. Skagf. og lýsa undrun minni yfir framkomu hæstv. forsrh. Það fyrsta, sem hann hefur látið til sín heyra við afgreiðslu þessa máls, er það, að Framsfl. sé að beita málþófi, þegar búið er að ræða stutta stund um þetta mál. En mig furðar ekkert á því, þó að hæstv. forsrh. sé fámálugur í þessu máli, þar sem ég þekki forsögu þess, enda mun hann ekki hafa sem beztan málstað. En mig furðar á því, að hæstv. forsrh. skuli tala um málþóf í þessu sambandi, eftir að búið er að tefja þingið með afgreiðslu þessa máls um 5 vikur. Ég vil minna á, hvernig vinnubrögðin hafa verið með fjárl. á þessu þingi. Það er í fyrsta skipti í sögunni, að fjárl. séu ekki lögð fram, fyrr en þingið hefur setið í 7 vikur, og síðan ekki afgreidd. Það er áreiðanlega ekki Framsfl. að kenna, hversu seint gengur með störf þingsins, og ástæðulaust að ásaka hann um málþóf. Hæstv. forsrh. heldur, að þegar hann sé búinn að koma sér í ráðherrastólinn, geti hann lifað vel og lengi í þeim sessi. Það er eftir að vita, hversu langlífur hann verður þar, og vonandi fer hann ekki lengi með völdin. Og ég er sannfærður um, að með þeim vinnubrögðum, sem hann beitir í þessu máli, verður hann ekki langlífur, stjórnarfarslega séð. Ef hann heldur, að hægt sé að afla sér fylgis og komast til vegs og virðingar með slíkum vinnubrögðum, skjátlast honum hrapallega. Réttarmeðvitund þjóðarinnar lætur ekki slíkt viðgangast. Þetta vildi ég segja, áður en málið yrði afgreitt úr deildinni. Ég held, að ríkisstj. hefði gott af að athuga sinn feril og hvað hefur orðið til þess að skapa henni völdin, sem hún hefur vonandi stutta stund.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þetta mál við hv. þm. V.-Ísf. Hann vildi halda því fram, að ég hefði sagt, að flokkar ættu að fá þm., þó að þeir hefðu ekki kjósendur. Hv. þm. getur snúið þessu á þann hátt, sem honum þykir þægilegast. En ég sagði, að með þessu frv. væri ætlazt til þess, að vissir menn kæmust að kjördæmunum, þó að þeir hefðu ekki nægilegt kjósendafylgi þar, og gætu þeir fengið atkv. annars staðar. M. ö. o., það er flokksvaldið, sem á að ráða, án tillits til þess, hvort þjóðin vill fela þessum mönnum umboð sín. Kjördæmin fá ekki að ráða sínum þm., heldur eru þeir kosnir annars staðar á landinu, og á þann hátt geta þeir menn orðið fyrir valinu, sem ekki eru hæfir til starfsins.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að hann áliti stjskr.

ríkisins því heilagri, því réttlátari sem hún væri. Ég efast um, að hún verði réttlátari eða heilagri, þó að þessi hv. þm. fáist við hana. Hann átti meginþáttinn að þeim breyt., sem gerðar voru á stjskr. 1933, og það lék ekki á tveim tungum hjá þjóðinni, að hún varð henni ekki helgari fyrir þær aðgerðir. Sams konar afleiðingar mundi það hafa, ef hv. þm. fer enn að vinna skemmdarverk á stjskr. ríkisins.

Ég skil ekki, hvers vegna minni hl. í tvímenningskjördæmunum getur tapað vegna rangláts kjördæmaskipulags. Hv. þm. Borgf. sagði, að minni hl. væri eins góðir sveitamenn og meiri hl. Má það rétt vera. En sveitafólk hefur ekki sama skilning á félagsmálum og t. d. verkamenn í Óðni hafa hér, er þeir láta ávallt aðra vinna fyrir sig, — en ég segi afdráttarlaust, að *þeir verkamenn hafa ekki þann rétta skilning.*

En mergurinn málsins er sá, að Sjálfstfl. sér, að hann er í minni hl. í tvímenningskjördæmunum, en vill láta þennan minni hl. ráða. Á þessu ranglæti situr núverandi ríkisstj., sem hæstv. forsrh. er svo gleiðgosalegur yfir. En spá mín er sú, að hann njóti ekki lengi valdanna og ekki miklu lengur en landi hans, sem hér var um skeið hundadagakonungur.

ATKVGR.

Brtt. 381 felld með 15:2 atkv.

— 438,1 felld með 17:12 atkv.

— 438,2, aðaltill., felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, SvbH, BJ, BÁ, BjB, EystJ, GG, HelgJ, JÍv, PHann, SkG, JörB.

nei: StSt, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GP, GSv, HG, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PO, SEH, SK.

2 þm. (EE, ÞBr) fjarstaddir.

Brtt. 438,2, varatill., felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BÁ, BjB, EystJ, GG, HelgJ, JÍv, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, JörB.

nei: ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GP, GSv, HG, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PO, SEH, SK, StSt.

HV greiddi ekki atkv.

2 þm. (EE, ÞBr) fjarstaddir.

Brtt. 438,3 kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 16:12 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 425).

Á 61. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — *Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.*, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, MJ,[2]) MG, SÁÓ, ÞP, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ.

HermJ,[1]) IngP, JJ, PHerm, PZ,[3]) BSt, EÁrna greiddu ekki atkv.

---

1) **HermJ:** Það er nú í samræmi við aðra meðferð þessa máls að afgr. breyt. á stjórnarskipun landsins með afbrigðum frá þingsköpum. Ég lít svo á, að eins og mál þetta er allt til komið og undirbúið og eins og efni þess er, þá sé það

***Forsrh. (Ólafur Thors):** Þetta mál er komið frá Nd. og hefur verið mikið rætt þar og verður auk þess mjög mikið rætt við þær vantrausts-umr., sem hefjast eiga í kvöld. Enn fremur geri *ég ráð fyrir*, að örlög þess séu ráðin, og tel því ekki nauðsyn á því, að málinu verði fylgt úr hlaði af hendi stuðningsmanna þess með langri ræðu við þessa umr. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni umr. verði kosin sérstök stjskrn. eins og í hv. Nd., og verði hún skipuð 5 mönnum.

***Jónas Jónsson:** *Ég ætla ekki að ræða málið* neitt sérstaklega að þessu sinni, en aðeins taka það fram, að þau skilyrði, sem n. getur starfað undir nú, eru þannig, að þar getur ekki orðið lögð fram sú vinna, sem þarf og á að vera í n., *sem hefur svona stórt mál til meðferðar.* Við framsóknarmenn lítum svo á, að af undirbúningi og eðli málsins og tímanum, sem því er ætlaður, geti n. í sjálfu sér ekki starfað á þann hátt, sem nauðsynlegt er, — og því fremur sem það mun vera um samið af vissum meiri hl. í d., að það gangi fram óbreytt. Þess vegna höfum við framsóknarmenn ákveðið að sitja hjá við atkvgr. um þetta mál, hvort því verði vísað til n. En verði hins vegar n. kosin, munum við taka þátt í henni, þó að við búumst ekki við, að nefndarstörfin verði slík sem þessu máli hæfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ, JJós, ÞP.

nei: PHerm, PZ, BSt, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

Samþ. var með 9 shlj. atkv. að kjósa sérstaka stjórnarskrárnefnd, skipaða 5 mönnum.

Fram komu þrír listar, A, B og C, með *jafnmörgum* nöfnum samtals og kjósa skyldi menn í n. Fór kosning því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir:

Af A-lista: Jónas Jónsson,
Einar Árnason.

Af B-lista: Magnús Gíslason,
Bjarni Snæbjörnsson.

Af C-lista: Sigurjón Á. Ólafsson.

Frv. vísað til stjórnarskrárnefndar með 9:1 atkv.

---

hæfileg vanvirða fyrir stjórnarflokkana, sem standa að þessu máli, að afgr. það með afbrigðum. Við framsóknarmenn munum þess vegna sitja hjá við þann leik.

2) **Atvmrh.:** Ég vil leyfa mér út af því, sem hv. þm. Str. sagði, að minna á, að frv. um stjskr. hafa áður verið afgr. með afbrigðum frá þingsköpum hér á þingi. Og hafi það verið vansalaust þá, er það einnig nú, og segi ég því já.

3) **PZ:** Mér finnst ég ekki á annan betri hátt *geta sýnt lítilsvirðingu mína á öllum málflutn*ingi þessa máls og ríkisstj. heldur en með því að taka ekki þátt í þessum skripaleik og greiði því ekki atkv.

Á 63. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 425, n. 475 og 479).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, BrB, ErlÞ, MG, MJ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ.

BSt, IngP, HHerm, EÁrna greiddu ekki atkv.

4 þm. (HermJ, JJós, JJ, PZ) fjarstaddir.

*Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason): Herra forseti! Nefnd sú, sem kosin var til þess að segja álit sitt um þetta mál, gat ekki fallizt á nokkra eina lausn málsins. Þegar leitað var atkvæða um það í n., hvort samþ. skyldi frv., eins og það kom frá Nd., féllu atkv. þannig, að 3 nm., hv. þm. Hafnf., hv. 2. landsk. þm. og ég, mæltu með frv. óbreyttu, en hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. S.-Þ. vildu láta fella frv. Um þetta mál hafa farið fram miklar umr., bæði þegar málið var til umr. í Nd. og í útvarpsumr., sem fram hafa farið undanfarin kvöld. Mér þykir þó hlýða að skýra hér í stuttu máli afstöðu mína til þessa máls. Þær aðalbreyt., sem frv. gerir ráð fyrir, að verði gerðar á núverandi stjskr., eru í fyrsta lagi: að bæta einu kjördæmi við, í öðru lagi: að fjölga þm. í Rvík úr 6 í 8, og í þriðja lagi: að teknar verði upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum. Til þess að gera sér grein fyrir því, hvort breyt. þessar séu til bóta eða ekki, þarf að athuga, í hvaða sambandi þær standa við fyrri aðgerðir Alþ. í þessum málum, hvernig þróunin hefur verið í þessum málum og hvort þessar till. séu í anda lýðræðis, sem á að tryggja með stjórnarskránni. Sé það tilfellið, að hér sé um framhald af áður unnum störfum Alþ. að ræða og till. miða að því að auka lýðræðið, er rétt að samþ. þær. Ég skal þá fyrst snúa mér að því atriði, sem fjallar um fjölgun kjördæmanna. Sú kjördæmaskipun, sem nú er í gildi í landinu, er í stórum dráttum hin sama, sem sett var með kosningal. 1877. Með þeirri löggjöf var grundvöllurinn lagður undir núverandi kjördæmaskipun í landinu. Þá voru 30 þm. þjóðkjörnir og 6 konungskjörnir. Hinir 30 þjóðkjörnu þm. skiptust þannig, að 18 voru kosnir í 9 tvímenningskjördæmum, en 12 í jafnmörgum einmenningskjördæmum. Það er augljóst, hvað vakti fyrir löggjafanum, þegar hann setti þessi lög. Fyrst og fremst það, að kjördæmin voru bundin við þau lögsagnarumdæmi, sem þá voru í landinu. Í öðru lagi vakti það fyrir löggjafanum, að þm. skiptust jafnt niður á kjördæmin, þannig að fjölmennari kjördæmin fengju tvo þm., en hin fámennari einn, og með þessari kjördæmaskipan hefur verið haft fyrir augum hreint lýðræðisfyrirkomulag. Sú breyt., sem orðið hefur á atvinnuháttum, síðan þessi kjördæmaskipun var sett, hefur haft greinileg áhrif í þá átt, að hlutföllin innan hinna ýmsu kjördæma á landinu hafa raskazt. Atkvæðafjöldinn í kjördæmunum er misjafnari nú heldur en þá, og breyt., sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipuninni í þessi 65 ár, miða að því að jafna þennan mismun.

Árið 1903 er bætt við 3 nýjum kjördæmum. Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. Frá 1903 hefur ekki verið bætt við nýjum kjördæmum, sem hafa haft í för með sér fjölgun þm. En 3 tvímenningskjördæmum hefur verið skipt í einmenningskjördæmi, en það eru Ísafjarðarsýsla, Húnavatnssýsla, og auk þess var Hafnarfjörður gerður að sérstöku kjördæmi og Gullbringu- og Kjósarsýslu þannig skipt. Nú er gert ráð fyrir því að bæta við einu kjördæmi á Siglufirði, og mér virðist, að hér sé verið að halda áfram þeirri stefnu, sem Alþ. tók upp 1903, þegar það gerði þrjá mannmarga kaupstaði að sérstökum kjördæmum. Um Siglufjörð er það að segja, að síldariðnaðurinn gerir það að verkum, að kaupstaðurinn hefur sérstaka aðstöðu til þess að hafa rétt til þingfulltrúa út af fyrir sig. Auk þess yrði Eyjafjarðarsýsla með stærri kjördæmum á landinu eftir sem áður. Það virðist því ekkert einkennilegt, þó að Siglufjörður yrði gerður að sérstöku kjördæmi, enda hefur það áður komið til tals. Því var haldið fram við þessar umr. í Nd. af kommúnistum, að þeir hefðu fengið tilboð um það frá framsóknarmönnum að gera Siglufjörð að sérstöku kjördæmi. Ég skil ekki, hvers vegna Framsfl. leggst á móti þessari breyt. nú, þar sem hann hefur áður óskað þess og einnig stuðlað að sams konar breyt., þegar Hafnarfjörður var gerður að sérstöku kjördæmi 1923.

Um Rvík er það að segja, að fyrst var þar aðeins einn þm., enda var íbúatalan ekki meiri þar heldur en í hverju öðru einmenningskjördæmi. Við þetta stóð til 1903, að þm. var fjölgað um 2 í Rvík. 1920 var þeim aftur fjölgað um 2, enda hafði þá íbúatalan þrefaldazt. Frá 1903 til 1934 var þm. hér í Rvík fjölgað upp í 6, og er í þessu frv. farið fram á, að þeir verði 8, enda eru hér nú helmingi fleiri íbúar en 1920, og hafi hlutföllin verið rétt þá, er þessi krafa ekki ósanngjörn.

Þá kem ég að þriðju breyt., sem ætlazt er til, að verði gerð með þessu frv., en það er að hafa hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum. 1903 fengum við innlenda ríkisstj. undir forustu hinna mætustu manna, og eftir að stjórnin fluttist inn í landið, fór flokkapólitíkin að láta til sín taka. Síðan 1903 hefur flokkabaráttan stöðugt harðnað, og nú á síðustu árum hafa hlutföllin raskazt mikið milli atkvæðatölu flokkanna úti um landið og fulltrúatölu þeirra á Alþingi. Það fyrsta, sem gert var til þess að ráða bót á þessu, var landkjörið, sem ákveðið var með stjskrbreyt. 1915, og næsta breyt. var ákveðin með hlutfallskosningu þm. í Rvík 1920. 1934 var gerð enn breyt. á stjskr., þegar sett var ákvæði um 11 uppbótarsæti til þess að jafna milli þingflokka, svo að hver þeirra hefði þingsæti í fullu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Með þessu ákvæði hafa allir menn á landinu jafna aðstöðu til að hafa áhrif á gang málanna á Alþ. Ég hygg, að allir flokkar geti orðið sammála um, að rétt hafi verið að setja þetta ákvæði í stjskr. En menn höfðu búizt við, að með þessu mundi verða fullur jöfnuður milli flokkanna. En ef fullur árangur hefði átt að vera, þyrftu uppbótarsætin að vera 26, ef miðað er við kosningaúrslitin 1937. Eftir útreikningi hagstofunnar var meðaltal atkvæða þá á hvern þm. sem hér segir: Framsfl. 766, Sjálfstfl. 1419, Alþfl. 1385, Kommúnistafl. 1644, Bændafl. 1789. Þarna er um greinilegt misrétti að ræða, sem ætlazt er til, að verði

lagfært að miklu leyti með þessum breyt., sem hér er farið fram á.

Því hefur verið haldið fram af andstæðingum þessa frv., að það væri óeðlilegt og ranglátt að viðhafa hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Annars staðar með Norðurlandaþjóðunum hafa hlutfallskosningar verið teknar upp, þar sem hægt er að koma þeim við, vegna þess að það er talið heppilegasta fyrirkomulagið til þess að ná sem næst sanngirni og rétti í þessu máli. Hér á landi hafa hlutfallskosningar verið teknar upp í mjög mörgum tilfellum, t. d. við sveitarstjórnarkosningar og kosningar til búnaðarþings, og hér á Alþ. eru hlutfallskosningar almennt notaðar við nefndaskipanir og hvar sem þeim verður við komið. Mér virðist, að með því að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum sé haldið áfram stefnunni frá 1915 og síðar með því að ákveða hlutfallskosningar í Reykjavík, og í samræmi við það er líka ákvæði stjskr. um uppbótarþingsæti þau, sem ákvæðin voru til jafnaðar, og með þessari breyt. er stefnt í sömu átt, því að uppbótarsætin koma að betri notum, ef hlutfallskosningar eru í tvímenningskjördæmunum.

Þetta mál hefur jafnan verið baráttumál Sjálfstfl., en hann hefur á undanförnum árum ekki haft bolmagn til þess á Alþ. að koma því fram, því að aðrir flokkar hafa ekki viljað ljá því lið. En þegar svo vildi til í vetur, að Alþfl. bar þetta mál fram og vitað var af yfirlýsingu Hermanns Jónassonar, að kosningar mundu fara fram í vor, þá var sjálfsagt fyrir Sjálfstfl. að taka undir þetta mál og hagnýta sér þetta tilboð. Allt annað frá hendi Sjálfstfl. hefði verið svik við stefnu flokksins í þessu máli og líka svik við kjósendur Sjálfstfl. úti á landi, sem mest hafa orðið fyrir barðinu á þessu kosningafyrirkomulagi. Málið stendur nú þannig á þinginu, að allir þm. standa óskiptir með því nema þm. Framsfl., og ég skil ekki í því, hvers vegna Framsfl. tekur svona harða afstöðu gegn þessu máli. Ég vil benda á það, að þessar breyt. miða allar í lýðræðisátt, og Framsfl. telur sig lýðræðisflokk ekki síður en aðrir flokkar. Það er að vísu svo, að eins og nú er ástatt, er Framsfl. fjölmennur flokkur í tvímenningskjördæmunum úti um landið, eða var um síðustu kosningar, svo að hann nýtur ekki góðs af þessu fyrirkomulagi, eins og er. En mismunurinn á atkvæðatölu Framsfl. og annarra flokka var ekki svo mikill í sumum kjördæmunum, að Framsfl. fái að halda þessari aðstöðu til lengdar, og fari svo, að hann missi þessa aðstöðu, mun þetta fyrirkomulag snúast á móti honum, og hann mun telja sig verða fyrir því sama ranglæti og aðrir flokkar nú telja sig verða fyrir af því. Þær mótbárur, sem Framsfl. hefur fært fram gegn þessu frv., eru slíkar, að mér virðast þær fremur veigalitlar. Því er m. a. haldið fram, og hef ég heyrt það í útvarpsræðu, að með þessu sé Sjálfstfl. að stofna til friðslita og illinda um hið viðkvæmasta mál og geti það haft alvarlegar afleiðingar. Ég vil mótmæla því, að hér sé um nokkur friðslit að ræða og að það sé þessu frv. að kenna, að friðslit urðu. Friðurinn var nefnilega rofinn áður. Það var ljóst þegar á haustþinginu, þegar Hermann Jónasson baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt, að grundvöllurinn, sem hér var fyrir þjóðstjórn, var hruninn. Það fór að vísu svo, að forsrh. tók aftur við stjórn með sömu ráðherrum, sem voru í fyrri stj. hans, en um leið og hann tók við stj., lýsti hann yfir því, að hann ætlaði ekki að bera ábyrgð á þeim gerðum, sem þingið væri búið að samþykkja í ágreiningsmálunum, og gaf þar með ótvírætt í skyn, að hann vildi engan frið og samvinnan yrði að teljast vafasöm. Það er ekki Sjálfstfl., sem á sökina á því, hvernig fór. Það er ekki Sjálfstfl., sem vill kosningar. Hann hefur ekki birt ályktanir um það, en það hafa báðir hinir samstarfsflokkarnir gert.

Ég hef ekki trú á því, að kosningar hefðu orðið mjög friðsamar, þótt þetta frv. hefði ekki komið fram. Halda menn ekki, að kosningar hefðu snúizt fyrst og fremst um þetta mál, eftir að frv. á annað borð var komið fram, og halda menn, að kosningabaráttan verði svo miklu harðari fyrir það, að svolítil breyt., sem miðar í réttlætisátt, er tekin til meðferðar, úr því að kosningar eru fyrirfram ákveðnar?

Framsfl. segir, að með þessu sé verið að taka valdið af sveitunum. Af hverju getur það verið? Ég skil ekki slíka röksemdaleiðslu. Verða ekki kosnir jafnmargir fulltrúar og áður? Hvað breytist þá? Ekki annað en það, að Framsfl. getur ekki framvegis setið yfir hlut annarra flokka, eins og hann gerir nú. Þetta, að verið sé að taka valdið af sveitunum, gæti því aðeins verið rétt, að Framsfl. og byggðavaldið væri eitt og hið sama. En kjósendur utan Reykjavíkur hafa enn ekki viljað trúa Framsfl. fyrir að fara með umboð sitt á þingi, og þeir, sem eru í andstöðu við Framsfl., munu verða þeirri stundu fegnastir, þegar þetta vald, sem fæst með kosningum í tvímenningskjördæmum, verður brotið á bak aftur. Það er þess vegna, sem Sjálfstfl. í sveitum landsins fagnar því, ef þetta mál gengur fram á þingi, og það er þess vegna, sem þeir fylkja sér um þetta mál og munu berjast með hnúum og hnefum fyrir því, að Framsfl. komi ekki þeirri ætlun sinni fram að stöðva málið á næsta þingi. En jafnvel þó að það tækist, mundi það verða fullkominn Pyrrhusar-sigur. Það er alveg tilgangslaust að berjast á móti þessu, eins og þrátta gegn mannréttindamálum er alltaf gagnslaus.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann gefi ekki fundarhlé kl 4, því að ég þarf þá að vera snöggvast á fjárveitinganefndarfundi, en vildi nota tímann þangað til. **(Forseti:** Ég býst við, að það verði fundarhlé.)

Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum í ræðu síðasta ræðumanns, áður en ég kem að málinu sjálfu, mest til þess að sýna honum og öðrum hv. þdm., hve veikur sá málstaður er, sem hv. þm. berst fyrir. Hann heldur því fram, að sjálfstæðismenn úti um allt land séu ánægðir yfir þeim breyt., sem flokkurinn berst fyrir. En þeir eru það ekki. Ég get að vísu ekki lagt fram sannanir fyrir því, en ég veit ekki betur en almenn óánægja sé hjá öllum sjálfstæðismönnum úti um byggðir landsins, ekki út af málinu sjálfu, heldur afleiðingum þess, hvernig flokkurinn

neyðist inn í bandalag við kommúnista. Ég hitti í dag barnakennara úr sveit og spurði hann, hvernig stæði með pólitíkina hjá þeim þar í hreppnum. Hann svaraði því, að presturinn og aðrir, sem hafa fylgt Sjálfstfl. að málum, mundu ekki gera það núna, af því að þeim líkar ekki ráðabrugg flokksins. Þetta kemur fram við kosningarnar, og mun þm. reyna það þá, að mönnum er illa við þetta ráðabrugg.

Í öðru lagi heldur hann því ranglega fram, að það sé ekki nema lítill meiri hl. hjá Framsfl. í 6 tvímenningskjördæmum og það séu ekki dæmi fyrir því, að slíkur meiri hl. ráði. Ég vil í því sambandi benda honum á okkar ágæta bæ, sem við erum báðir búsettir í. Ef ég man rétt, höfðu þeir þrír flokkar, sem ekki fengu meiri hl. kosinn í bæjarstjórn, meiri hl., en Sjálfstfl., sem fékk meiri hl. í bæjarstjórn, hafði minni hl. atkvæða. Eftir sömu reglu ættu nú þessir 3 minni flokkar í Rvík að gera samband með sér um það, að sá minni hl., sem vann við kosningar í vetur, legði niður völdin og nýjar kosningar færu fram. Þetta er eitt af þeim dæmum, sem nærtækust eru. Nei, Sjálfstfl. fer með meirihlutavald í Rvík, og ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram, að hann notaði það vald með minni skörungsskap heldur en meirihlutaflokkar gera á þingi. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins í vetur man ég ekki eftir, að nokkrar af tillögum Alþfl. væru samþ. Alþfl., sem er næststærsti flokkurinn í bæjarstj., hefur kannske ekki álitið alla afgreiðslu þessara mála skynsamlega, en hann sagði ekkert um það. Það er því nýstárleg röksemdafærsla, að Framsfl. hafi fengið sinn meiri hl. hér á þingi ranglega. Það er aðeins spurt um, hver hafi fengið löglegan meiri hluta og hver hafi notað hann, svo að það er engin brú í þessari röksemd. Framsfl. hefur enga skjallega sönnun fyrir því, að hann verði áfram í meiri hl., og þess vegna ætti ekki að þurfa að breyta stjskr. í tilefni af því. Flokkar breytast eftir málefnum. Það er hinn rétti lýðræðislegi dómur. Þetta er eins, ef við framsóknarmenn hefðum gert samband við Alþfl. um að breyta og ógilda kosningarnar hér í Rvík og taka af þeim helminginn af því valdi, sem bæjarstjórnarmeirihlutinn nú hefur. Það voru nægir vegir til þess, ef þingið hefði viljað breyta þessu. Einn af dómurum hæstaréttar sagði einu sinni, að ef þingið samþ. lög um að höggva mann, þá væru það lög. Þau lög, sem þingið samþykkir, eru lög, en þm. talaði hér um, að þau lög, sem meiri hl. samþ., væru ranglát. Þess vegna er það, að það, sem ég ætla að koma næst að og mun sérstaklega víkja að eftir hlé, er það, hvernig þessi stjskrbreyt. er til orðin.

Þessi stjskrbreyt. er byggð á hagsmunapólitík, undirbúningslaust og án undangenginnar rannsóknar. Hún er knúin fram í hasti og vantar alveg þann undirbúning, sem þarf að vera um meðferð stjórnarskrármáls. Þetta er allt af því, að það á að knýja fram ranglæti yfir réttlætinu, mundi þm. segja. Það er ekki verið að segja: Við skulum skipta tvímenningskjördæmunum í einmenningskjördæmi. Eða t. d. þar sem gert er ráð fyrir í frv., að Siglufjörður verði sérstakt kjördæmi, þá var auðvelt fyrir þá að segja: Við skulum láta Eyjafjarðarsýslu hafa 3 þm. hlutfallskosna. Af hverju var þetta ekki gert? Af því að Alþfl., sem undirbjó frv., heldur, að hann fái þm. á Siglufirði, en aftur býst Sjálfstæðisfl. við að fá annan þm. Eyfirðinga. Þess vegna mun þessi stjskr. ekki eiga langa lífdaga, því að hún stendur á brauðfótum. Hún er byggð á meiri heimsku en nokkurt annað mál. Það hefur ekki verið gerð nokkur minnsta tilraun til þess að vinna skynsamlega að henni eða láta undirbúning hennar málgast nokkuð það, sem gerist um slík mál annars staðar. Þjóðin hefur ekki haft tíma til að átta sig á breytingunni. Það er ekki einu sinni kosin mþn. í málið. Það var síðast gert 1920 og einnig 1915, og í báðum þeim tilfellum var reynt að gera góða stjskr., en ekki reynt að níða neina sérstaka flokka niður. Þess vegna var fólkið með því, þegar landskjörnu þingmennirnir komu í stað hinna konungskjörnu. Það var af því, að þetta var byggt á reynslu.

Frá 1927—1931 var mjög náið samstarf framan af með þeim tveim flokkum, sem stóðu að ríkisstj., en þegar líða tók á kjörtímabilið, var það einn ævintýramaður, Héðinn Valdimarsson, sem nú er drukknaður pólitískum dauða í því hafi, sem hann hefur skapað. Hann sá það, að ekki var von um kjörfylgi fyrir sinn flokk, nema fundið væri upp eitthvert bragð. Svo rétt fyrir kosningarnar gerir hann leynisamning við Sjálfstfl. um að gera stjskrbreyt. En ef við athugum Noreg, þarf slík breyt. þar að vera 3—4 ár á leiðinni. Það má ekki bera slíka breyt. fram á árinu fyrir kosningar. Þjóðin á að hafa tíma til að gera sér grein fyrir henni, og það á að útiloka laumuspil og vélræði eins og það, sem Héðinn Valdimarsson innleiddi árið 1931. Þess vegna má nærri geta, hvaða undirbúningur það var á þessu máli, þótt Héðinn Valdimarsson semdi við Jón Þorlákksson um breyt. á stjskr., án nokkurrar þeirrar málsmeðferðar, sem þarf um slík mál. Og hvaða undirbúningur var undir þetta mál hjá Sjálfstfl.? Hann var sá, að hinn látni foringi, Jón Þorlákksson, var búinn að halda því fram, að hlutur kjördæmanna yrði að vera óskertur. En af hverju féll Jón Þorlákksson í freistni? Það var af því, að flokkur hans hafði verið að tapa fylgi í sveitunum, og þá var það hvorki meira né minna, sem átti að gera í þessu laumuspili, en leggja niður kjördæmin, sem voru arftakar gömlu goðorðanna. Það átti að sameina 6—7 kjördæmi og þurrka út öll þeirra einstaklingseinkenni, sem þau höfðu haldið í gegnum allt okkar niðurlægingartímabil, gegnum alla óskunartíð Norðmanna og Dana, og svo átti að gera þetta upp eins og reikning fyrir Bridgespil.

Ég ætla ekki að fara mikið út í þetta. Það endaði með þingrofinu 1931 og kosningunum á eftir. Fólk kvað upp þungan áfellisdóm yfir þessum mönnum, og hvorugur þessara herra hafði þor til þess að byrja á þessu á nýjan leik. Ef til vill fá þeir, sem standa að þessari breyt., ekki eins þunga áminningu upp úr þessari breyt., en það vil ég biðja þennan hv. þm. að muna, að það getur farið svo, að hans flokkur fái þá ráðningu, að þeir óski þess, að þeir hefðu ekki farið út í þetta. Kosningarnar 1931 læknuðu sjálfstæðismenn af því að vera að bræða sig saman við pólitíska glæframenn, því að kjósendur hafa

fyrirlitningu á slíku og hafa það til að segja, að það sé eitthvað til, sem heiti héraðaréttur.

Upp úr þessum jarðvegi spratt stjskrbreyt. sú, sem nú er borin fram, og það gerist á þann hátt, að sami maður, Ásgeir Ásgeirsson, sem bar fram þessa breyt., var sá eini þm., sem Framsfl. fékk kosinn 1931, sem var linur í trúnni á rétt héraðanna, og þessi maður vann það sér svo til augnabliksbrautargengis að svikja umbjóðendur sína til þess að verða stjórnarforseti. Honum tókst með þessu móti, með algengu liðhlaupi, að eyðileggja, eftir því sem hægt var, dóm kjósenda frá 1931. Og ég ætla að gleðja hv. þm. meiri hl. með því, að maðurinn, sem vann mest að þessari svikamyllu, Jón Jónsson í Stóradal, kúgaði Sjálfstfl. á áberandi hátt í samningum til þess, sem hann óneyddur hefði ekki viljað gera, að hafa landslistann ekki raðaðan, heldur væri það tilviljun sem réði, en hún var þess eðlis, að ef Framsfl. við síðustu kosningar hefði unnið Seyðisfjörð, þá var ekki útilokað, að komið hefðu kommúnisti, alþýðuflokksmaður og sjálfstæðismaður sem uppbótarmenn úr kjósendahópi Seyðisfjarðar. Það lá við borð, að það kæmu 2 þm. fyrir Seyðisfjörð, þó að tilviljun réði, að svo varð ekki. Þess vegna er það ef til vill fróðlegt fyrir hv. þm., ef hann veit það ekki, að heyra það, að Jón í Stóradal reiknaði út svo persónulega þetta dæmi og lagði á það slíkt ofurkapp, að það væri þessi tilviljun með uppbótarþm., af því að hann bjóst við að verða eftirmaður Guðmundar í Ási, en gerði ráð fyrir, að Þórarinn á Hjaltabakka, sem þá var aðalmaður Sjálfstfl., kæmist þar að sem uppbótarmaður. Svona var langt gengið í smáleik, þegar verið var að útbúa stjskr., að það voru gerðir útreikningar, um, hvernig þessir menn gætu unnið kjördæmi. En hvorugur fékk þetta hlutskipti og allra sízt sá, sem bjó það út, Jón í Stóradal.

[Fundarhlé.]

Ég var kominn að því atriði í sögu undirbúnings þessa máls að minnast á lausatökin, sem voru á stjskrmálinu frá 1933—34. Ég hafði minnzt á, hvernig aðalmaðurinn, Jón í Stóradal, hafði komið sumum þessum atriðum fyrir, sem áttu að verða honum í hag og hans kunningjum. Og þetta bar þann ávöxt, sem mönnum er kunnugt, sem sátu á þingi, að Jón Þorláksson tók sér svo nærri, að stjskr. var gerð með þessum endemum, að hann lét það verða til þess, að hann hætti að bjóða sig fram og sagði af sér formennsku flokksins. Svo mjög þótti þessum mæta manni á skorta um skynsamlegan undirbúning málsins. Og þegar um þessar breyt. er að ræða, er sama undirbúningsleysið á ferð. Ef Sjálfstfl. hefði talið nauðsynlegt að endurbæta stjskr., þá hefði hann á þessum 8 árum komið með þáltill. um að setja mþn. til að rannsaka stjskrmálið. Alþfl. hefði getað gert það sama. Hvorugur flokkanna gerir neitt í því, og er ekki sýnilegt, að þrengi neitt að þessum flokkum. Þessi vanræksla og síðan þetta fum Alþfl. í vetur um stjskrbreyt. verður til þess, að sömu ágallarnir haldast og voru hjá Jóni í Stóradal og Ásgeiri í fyrra skiptið. Það er ekki leitað til erlendra fyrirmynda á nokkurn hátt. En sá ráðh., sem hefur bætzt inn í ríkisstj. í tilefni af þessu máli, Magnús Jónsson guðfræðiprófessor, hefur einmitt sagt um það fyrirkomulag, sem á að taka upp, að það væri svo mikil vitleysa sem mest gæti verið. Þetta var það, sem hann sagði fyrr, og það er satt og rétt.

Ég vil nú víkja að því atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., að hann taldi það óhjákvæmilega réttlætið, að það stæðu helzt jafnmargir kjósendur að hverjum þingmanni. En í Noregi t. d. er stjskr. þannig úr garði gerð, að bæirnir geta aldrei haft nema einn þriðja af þm., og Oslo ekki nema 7 þm. af 150 þm. Og það hefur ekki þótt taka því að breyta þessu. Ég vil sérstaklega benda fulltrúum Alþfl. á, að þeirra samherjar í Noregi, sem lengi hafa verið áhrifamikill flokkur og farið með völd, hafa ekki reynt að gera neina breyt. á þessu, en hafa sætt sig við eina stjskrbreyt. í Noregi á 3—4 árum. Í Noregi er það beinlínis stjórnskipulega lögfest, að þjóðin skuli að verulegu leyti taka tillit til annars en höfðatölunnar, nefnilega landsins sem heildar, láta dreifbýlið hafa tiltölulega meiri áhrif á þennan hátt á þjóðmálin, af því að þéttbýlið hefur sín áhrif með fjármagni og ýmsum hætti. Og það, sem er fordæmanlegt í framferði Alþfl. og Sjálfstfl., er, að þeir hafa ekki reynt að afla sér nokkurra upplýsinga, — það eru meiri líkur til, að þeir hafi ekki vitað þetta, — því að það er tölurvert hart að gera sér stjskr. með allt öðrum hætti en aðrar síðaðar þjóðir, flaustra breyt. á henni hvað eftir annað undirbúningslaust og án tillits til reynslu annarra. Það eru nákvæmlega sömu orsakir í bæði skiptin, að nokkrir menn vilja ná augnablikshagnaði og gera þá hluti, sem þeir telja andstæðingnum koma verst, en sjálfum sér bezt. En slíkum verknaði fylgir þung ábyrgð. Hvað engilsaxneskar þjóðir snertir, þá er algerlega gengið fram hjá reynslu þeirra. Hvorki meira né minna en England, öll enskumælandi sambandslönd þeirra og öll Bandaríkin hafa byggt á því fyrirkomulagi, sem við nú búum við, nema við höfum leitt inn hlutfallskosningar með landkjörinu.

Ef um nokkurn skipulegan undirbúning hefði verið að ræða á stjskrbreyt., þá hefðu verið samdar um málið fræðilegar ritgerðir, dreift um landið og málið rætt við kjósendur. Þá hefði komið í ljós fyrir allra sjónum, að öndvegislönd frelsisins hafa einmenningskjördæmi og ekki það fyrirkomulag, sem hér á að taka upp. Það eru þessi lönd, sem nú á þessum erfiðu tímum halda uppi kyndli lýðræðisins. En í löndum, sem hafa reynt að ná réttlætinu með hlutfallskosningu, eins og hæstv. atvmrh. lýsti ýtarlega í útvarpsræðu sinni í gær, hefur pólitískt líf og lýðræði grotnað niður, en óendanleg mergð flokka þotið upp, eins og t. d. í þýzka ríkinu. Í enskumælandi löndum, einu löndunum, sem standa uppi með sína þjóðfélagsskipun, þar er hlegið að þessu fyrirkomulagi, t. d. hlutfallskosningum eins og í Rvík., og enn þá hærra er hlegið að hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum. Núverandi hæstv. atvmrh. á mikið hrós skilið fyrir að hafa fyrr á tímum sagt rétta orðið um þetta, nefnilega að það væri eindæma vitleysa. Það er svo mikill visdómur í þessari einu setningu ráðh., að ég er ekki fyllilega sannfærður um, að nauðsynlegt sé að fella hann úr stj. strax, vegna þess að þessum glampa hefur

brugðið fyrir í hans anda, sem getur e. t. v. orðið lýsandi fyrir aðra menn, þegar tímar líða, því að þessi setning verður undirstaðan að stefnunni, þegar þetta mál verður leiðrétt aftur.

Þessi hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum er bersýnilega hugsuð fyrst og fremst vegna þess, að viðkomandi flokkar hafa örvænt um það að ná meiri hl. á landsbyggðinni með réttum rökum. Ef þessir flokkar vildu fá eðlilega þingræðislegt skipulag, þá mundu þeir frekar leggja til að skipta tvímenningskjördæmunum, og til þess þyrfti ekki nema einföld lög. Og þá væri ekki hægt að segja, að þessi skipting væri gerð til bráðabirgðahagsmuna fyrir nokkurn flokk, því að það væri lítt hægt að segja, hvar meiri hl. myndaðist eftir skiptinguna.

Hv. frsm. meiri hl. taldi það ósvífið að ætla framsóknarmönnum að hafa öll 12 sætin í tvímenningskjördæmunum, af því að meiri hl. samtals væri svo lítill. Eftir sömu hugsun hefðum við framsóknarmenn átt að bera fram till. eftir bæjarstjórnarkosningarnar um að taka bæjarstjórnar-meirihlutann úr höndum sjálfstæðismanna, með því að á bak við hann er minni hl. kjósenda í bænum. Það hefði verið hægt að búa til einhver svikalög til að taka af núverandi borgarstjóra hans vald til hálfs, ef við hefðum verið nógu miklir labbakútar til að gera það.

Ég vil enn fremur beina því til hæstv. atvmrh., hvernig á að skilja það, að hans flokki þótti svo nauðsynlegt að gera þessa stjskrbreyt. nú, mitt í ófriðnum. Þetta mun verða eitt af því, sem skaðar Sjálfstfl. mest í kosningunum, því að ýmsir góðir menn eru svo óánægðir með þetta ástand og að rjúfa samvinnuna af þessum ástæðum. Sumir munu því sitja hjá og aðrir kjósa með framsóknarmönnum til að sýna sinn óvilja.

En úr því að farið er út í stjskrbreyt., hvers vegna þá að láta það standa óhreyft, að konungur Dana sé okkar konungur? Flokkurinn hefur sem fyrsta lið á stefnuskrá sinni skilnað Íslands og Danmerkur. Skilnaðurinn er svo undirbúinn af rás viðburðanna og ályktun Alþ. Hvers vegna ekki að setja í stjskr., sem á að kjósa um, að lýðveldi sé sett á stofn? Ég hygg það stafi af því, að innan þessa meiri hl., sennilega frekar af hálfu Alþfl. en Sjálfstfl., eru menn, sem ekki kæra sig um skilnað. Það kom a. m. k. fram í stjskrn. í Nd., að formaður hennar, hv. þm. V.-Sk., vildi taka þetta upp, en bæði menn úr Sjálfstfl. og einnig menn úr Alþfl. og kommúnistar vildu ekki. Þetta er svo ótrúlegt, að það getur varla leynzt á bak við annað en að það eigi að leggja þetta á hilluna. Því að ef það er meiningin að skilja, þá er eins gott að gera það nú. Því að það er einskis virði sá undirbúningur, sem hægt er að hafa fyrir kosningarnar. Það eru mjög fáir menn fyrir utan þingflokkana, sem hafa sérstaka aðstöðu til að rannsaka þetta mál eða þingflokkarnir taka gilda. Þetta er mál, sem allar líkur eru til, að verði leyst af trúnaðarmönnum þingflokkanna. Og hvernig á hæstv. atvmrh., sem verður í kjöri og hefur vandasama stjórnardeild, eða aðrir slíkir að leggjast djúpt í rannsókn þessa máls og koma með skipulag fram á næsta þingi? Þess vegna verð ég yfirleitt að segja, að ég tel þetta veilu á þessu frv. um stjskr. Ég skal geta þess, að í fórum fyrrv. stj. lá fyrir uppkast, sem undirbúið var af færustu lögfræðingum landsins, sem bæði felur í sér óhjákvæmilegar leiðréttingar á stjskr., sem ekki geta orðið deilur um, og enn fremur eru atriði, sem fylgja því, að Ísland verði lýðveldi og vald konungs færist á hendur forseta. Það er ekki gert ráð fyrir annarri efnisbreyt. Og um þetta hefur þingið verið sammála, enda hefur ríkisstjóri fengið þetta vald með alþingissamþykkt.

Hins vegar mætti segja, að það mætti líta í aðrar áttir en til nágrannaþjóða okkar um lýðræðisfyrirkomulag, nefnilega Bandaríkjanna. Þar er fyrirkomulagið byggt upp gagngert á annan hátt um kosningar og margt fleira. Til þess að byggja eitthvað á þeirri fyrirmynd þarf ýtarlega rannsókn og miklar umræður. Þar af leiðandi er ekki hugsanlegt, að á þessum fáu vikum, sem eiga að líða til væntanlegs sumarþings, að gera neina rannsókn, sem sé nokkurs virði í þessu efni. Það verður, ef slík n. verður kosin, ekkert annað gert en að taka þetta frv., sem liggur fyrir frá fyrrv. ríkisstj., sem er alveg til og var hægt að taka upp nú.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meira og mun mjög lítið taka til máls aftur, með því að þessu máli er þegar ráðið til lykta með samkomulagi. Það væri sama, þó að engill frá himni kæmi og talaði sínu himneska máli, það mundi ekki sannfæra þessa menn, — ekki einu sinni prófessorinn í guðfræði. En ég hef hins vegar talið rétt að benda á það, að þessi stjskr. er byggð á ranglæti og sérstaklega vanþekkingu, ákaflega mikilli. Þessi stjskr. er eins og stjskr. Jóns í Stóradal, hrákasmíði, byggð upp af mönnum, sem alls ekki hafa rannsakað skipulag frjálsra þjóða með þekkingu, heldur er hlaupið af stað með mestu léttúð til þess aðallega að ná sér taki á andstæðingnum, sem þó engar líkur eru til að náist. Ég vil benda á, að eftir það átti að kreppa alvarlega að Framsfl. 1933—4, hefur að vissu leyti staðið yfir hið merkilegasta tímabil síðan 1875. Ríkisstj. hefur verið undir forustu manna úr þessum flokki í samfleytt átta ár, þrátt fyrir margs konar stórbreytingar í landinu. Flokknum óx ásmegin, hefur verið trúað fyrir stjórn landsins þennan tíma, og hann hefur tekið með öðrum flokkum þátt í hinum vandasömustu lausnum fjölmargra mála. Þetta vil ég benda þeim á, sem hafa trú á því hrákasmíði, sem Ásgeir Ásgeirsson er fær um að búa til, hvort sem það er 1933 eða 1942.

Af því að hér sitja nú tveir forráðamenn Sjálfstfl., vil ég endur taka það þeim til minnis, að hans mikli leiðtogi, Jón Þorláksson, taldi sig nauðbeygðan til að hætta að vera forsvarsmaður kjördæmamálsins og formaður flokksins fyrir það, að hann átaldi svo mikið eina af þessum svikabrellum, sem aðrir sjálfstæðismenn höfðu komið inn.

Sá flokkur, sem Ásgeir Ásgeirsson hefur brugðizt, hefur haft ástæðu til að telja, að kosningalukkan og dómur þjóðarinnar hafi staðið með honum um þennan tíma. Ég vil spá því, að þó að stjskrbreyt. gangi fram, sem ég býst við, að verði stöðvuð í sumar, verði hvorki Alþfl. né Sjálfstfl. gagn að þessu hrákasmíði, af því að til er innra réttlæti í hlutunum. Og ég vil benda á, að þó að Sjálfstfl. vaxi, er því svo farið,

að það eru engar líkur til, að hann geti stjórnað í anda sinna ráðsettu manna nema með hjálp Framsfl. En enginn segir, að Framsfl. verði þess ekki langminnugur, hversu nú er að farið. Sjálfstfl. mun finna, hvernig upplausnaröflin eru. Það kemur að því, að Framsfl. getur sagt sitt stóra orð, og hann mun leggja sina þungu hönd á vogarskálina til að bjarga landinu. Ef þessi stjskrbreyt. verður samþ. nú, verður það fyrsta verk Framsfl. að heimta varanlega mþn. til að breyta henni, ekki með ræfilsvinnubrögðum, heldur vinnubrögðum, sem eru byggð á þekkingu. Við munum sækja fram til að þvo blettinn af okkar stjórnarskrá.

***Forsrh. (Ólafur Thors):** Ég ætla ekki að gera ræðu hv. þm. S.-Þ. að umræðuefni. Annar ráðh. mun gera það. Það er aðeins eitt atriði í henni, sem ég ætla að víkja að. Hann færði það í tal, að framkoma Sjálfstfl. gæti gefið til kynna, að veila væri í afstöðu hans til sjálfstæðismálsins. Það, sem Sjálfstfl. hefur lagt til, er, að skipuð verði n. til að gera þær breyt., sem þurfa að verða á stjórnskipunarl. landsins, til þess að hægt sé að fullnægja till., sem Alþ. hefur gert í sambandi við sjálfstæðismálið, svo að Alþ. í sumar gefist tækifæri til að ganga endanlega frá málinu. En hv. þm. S.-Þ. gerir ráð fyrir, að ekki sé kleift að ganga frá því nema á mörgum árum. Ef nokkuð skilur á milli hans og okkar, er það það, að við vonum, að sú rannsókn þurfi ekki að taka eins langan tíma og hann gerir ráð fyrir.

Hv. þm. lagði mikla áherzlu á, að það væri illa til valið, að enn stæði í stjórnskipunarl. landsins, að konungur færi með æðsta vald þjóðarinnar, en virðist samt ætla að sætta sig við, að þetta standi þar enn í mörg ár.

Hv. þm. talaði um það hrákasmíði, sem breyt. 1933 hafi verið, en segir þó, að hún hafi tryggt landinu ríkisstj., sem hafi farið farsællega með völdin. Það er ekki mitt að svara fyrir hv. þm. V.-Ísf., en ef breyt. hans hefur verið svo mikið hrákasmíði, hvaða glæpur er þá að hrófla við henni núna? Eins og hv. þm. S.-Þ. trúir því, að til sé æðra réttlæti yfir okkar dægurþrasi, er ég sannfærður um hið sama og geng því ótrauður fram. Það er ljóst, að það mál, sem við berum fram, felur í sér annað og meira réttlæti en sú skipun, sem við eigum við að búa. Ég treysti því, að gæfa þjóðarinnar verði sú, að þeir, sem berjast fyrir þessari réttarbót, sigri.

Forseti (EÁrna): Ég vil óska þess, að hv. dm. takmarki ræðutíma sinn, svo sem hægt er. Það er vilji flestra, að þingi geti orðið lokið sem fyrst, en til þess að hægt sé að koma áfram aðalmálum þingsins, væri það mikil fyrirgreiðsla, ef þessari 2. umr. gæti orðið lokið í dag. Þetta er aðeins ósk mín. Hv. dm. hafa fullt frelsi.

***Atvmrh. (Magnús Jónsson):** Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs nema af því, að hv. frsm. minni hl. beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort ekki væri farið fram á að breyta stjskr. endanlega. Hæstv. forsrh. hefur svarað þessu, en ég hefði haft gaman af að þreyta ræður um það við hv. frsm. Hans tíu ára gamla gremja yfir því, að Ásgeir Ásgeirsson tók við völdum á sínum tíma, er skiljanleg.

Það, sem hv. þm. hafði eftir mér um tvímenningskjördæmin, stendur í ræðu eftir mig, en ekki veit ég, hvort það er vísdómur minn eða þingskrifaranna. En ég vil minna hv. þm. á, að hann skrifaði greinar, sem hann nefndi „Komandi ár", og fer þar hlýjum orðum um hlutfallskosningar, svo að það hallast ekki á hjá okkur.

Hv. þm. gat þess, að til væri eitthvað frá kommúnistum í þessu máli. Mér er ekki kunnugt um það. Ég hef ekki talað eitt orð við neinn kommúnista um málið, og þeir hafa ekki unnið að því, aðeins lýst yfir fylgi sínu við það. En einu sinni var hv. þm. S.-Þ. kallaður kommúnisti í þessu landi.

Ég vil segja hv. þd., af hverju ég var því meðmæltur, að einmitt þetta atriði um kosningafyrirkomulagið væri tekið út úr og afgreitt fyrst. Það var vegna flokks hv. þm. S.-Þ. Ég er sannfærður um, að Framsfl. mundi aldrei hafa þorað að vera í samvinnu um neina stjskrbreyt., fyrr en búið var að taka þetta atriði út úr.

Annars hefur hæstv. forsrh. bent á, hve miklar veilur voru í öllu tali hv. frsm., þar sem hann gefur í skyn, að við ætlum að bregðast í stjórnarskrármálinu, en segir svo, að ekki sé hægt að gera neitt nema á mörgum árum. Það var einmitt það, sem mig grunaði, að Framsfl. ætlaði að láta málið liggja niðri af hræðslu við aðra hluti í stjskr. Ég er hræddur um, að það verði erfitt að klína því á okkur, að við viljum ekki afgreiða sjálfstæðismálið, eins fljótt og auðið er, og það er vitleysa, að málið sé óundirbúið. Það er vel undirbúið, bæði í meðvitund fólksins og af þm. sjálfum.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég tel rétt að segja örfá orð við þessa umr. fyrir hönd Alþfl. Þetta mál er flutt af alþýðuflokksmönnum í Nd. Um tilganginn þarf ekki að tala. Það er vitanlegt, að Alþfl. hefur alltaf verið með kjördæmaskipun, sem fæli í sér jafnan rétt allra kjósenda.

Ég ætla ekki að rökræða átökin 1931—1933. Það hefur sumpart verið gert. Það er hins vegar ljóst, að það verður að leita ráða til að fá jöfnuð í þessu máli. Við síðustu kosningar hafði Alþfl. helmingi fleiri atkv. á bak við hvern þm. en sá, sem hafði fæsta, sem sé Framsfl. Þetta er misrétti milli kjósenda, og allir flokkar nema Framsfl. eru ákveðnir í að leiðrétta það. Eins og sakir standa, er ekki hægt að finna aðra heppilegri lausn en þá, sem felst í frv. því, sem er til umr.

Ég skal ekki rökræða allt það, sem fundið er frv. til foráttu, til þess að lengja ekki umr. Þess er þó vert að geta, að Alþfl. hafði á sínum tíma á prjónunum till., sem miðuðu að vísu í nokkuð aðra átt, en aðrir flokkar vildu ekki fallast á. Það var þá hnigið að því ráði að fara þá leið, sem aðrir flokkar gátu orðið sammála um.

Í ræðu hv. þm. S.-Þ. kenndi eins og oftar margra grasa, og í henni komu fram ómakleg ummæli í garð ýmissa manna, sem ekki eiga sæti hér. Ég ætla að leiða hjá mér að hnotabítast við þann hv. þm. Ummæli hans falla um sig sjálf. Eitt ætla ég þó að leiðrétta. Hann vildi draga sínar ályktanir af því, hvernig þess-

um málum væri fyrir komið í nágrannalöndum okkar, t. d. í Noregi, og tók t. d. Oslo, sem hafði um 300 þús. íbúa, en íbúar Noregs voru þá um 3 millj. Oslo átti 7 þm.

Hér í Rvík býr ⅓ hl. þjóðarinnar, og samt hefur Rvík ekki nema 6 þm., en samkv. frv. á hún að fá 8 þm. En eftir réttum hlutföllum ætti Rvík að hafa 17 þm., ef miðað er við fólksfjölda. — Annað, sem mér þykir rétt að svara af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, er það, að hann vildi láta skína í það, að Alþfl. væri með óheilindi í sambandi við lausn sjálfstæðismálsins og að það mundi honum að kenna, að ekki væri búið að taka það til meðferðar. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að þetta er rangt. Alþfl. hefur, frá því að sjálfstæðismálinu var fyrst hreyft hér á Alþ., alltaf tekið í sama strenginn, sem sé að gera ýtarlegar till. í því máli. Það, að þetta mál er ekki tekið fyrir nú, er ekkert annað en hagkvæmnisástæður, þar sem ekki lá fyrir þessu þingi nauðsynlegur undirbúningur undir framtíðarstjórnskipun landsins. Þessi undirbúningur ætti hins vegar að liggja fyrir næsta þingi, og gengi hann síðan undir dóm kjósenda í haust. Ég hygg, að þetta hafi verið fullkomlega formlegt fyrirkomulag í vinnubrögðum við þetta mál, og held, að þetta þyrfti á engan hátt að valda neinum árekstrum, þó að hv. þm. vilji láta líta svo út. — Ég skal taka undir það með hæstv. atvmrh., og hygg ég það rétt mælt hjá honum, að það hafi verið hagkvæm vinnubrögð að fá þennan þátt tekinn út úr stjskrbreyt., til þess að hægt væri að sameina alla flokka þingsins um þær breyt., sem gera þarf, af því að þær breyt. eru miklu stærri heldur en þær, sem við erum nú að gera og ég vona, að öll þjóðin á sínum tíma geti verið sammála um. Ég vil einnig taka undir það með honum, að ég tel mjög mikinn vafa á því, að það hefði verið hægt að fá Framsfl. til þess að standa óskiptan að breyt. á stjskr., ef það mál hefði verið tekið fyrir um leið og þetta, sem nú er um rætt. Þetta tvennt, held ég, að verði að nægja til þess að svara því, að Alþfl. hafi á nokkurn hátt reynt að beita óhagkvæmum vinnubrögðum í þessum málum. Ég ætla ekki að fara að deila um það, sem hér er mest um deilt. Ég hef alltaf skilið það svo af hálfu þeirra, sem andmælt hafa þessu máli, að það sé í rauninni eitt atriði — og ekki nema eitt atriði — í þessu frv., sem verulega máli skipti, en það eru hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Við alþýðuflokksmenn höldum hins vegar fast við það, að hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum eigi fullkominn rétt á sér, og skal ég ekki rökræða það frekar. Það hefur verið gert. Því hefur hins vegar verið haldið fram, að 1933 hafi einmitt þessi till., um hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, verið búin að ná allmiklu fylgi innan Framsfl., en svo hafi viljað til, að búið hafi verið að ganga frá þessu máli í stjskrn., þegar þeirri till. átti að skjóta fram. Ég skal ekki ræða þetta frekar við hv. þm. S.-Þ., en ég verð þó að segja það, að mér þykir undarlegt, að hann og hans flokksmenn skuli nú fordæma jafnmikið eins og þeir gera þessa till. um hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum landsins, þar sem þeir voru því ekki með öllu mótfallnir 1933. Ég hef ekki nein plögg í höndunum til þess að staðfesta þetta, en eins og hv. þm. veit, vita menn oft, hvað gerist innan þingsins og hvað þar er efst á baugi, þó að það sé ekki opinbert. Ég vænti þess, að þetta máli fari þá leið, sem til er ætlazt, og það er þegar sýnt, að það gengur fram, og vænti þess, að það sé svo sterk lýðræðishugsjón með þjóðinni, að hún veiti þessu máli brautargengi og komi í veg fyrir það, að þeir menn, sem nú andmæla því, fái stöðvunarvald um framgang málsins.

Bernharð Stefánsson: Ég skal játa það, að ég vildi gjarnan, að þessu þinghaldi færi að ljúka, og ég vil því ekki tefja tímann með óþörfum umræðum. En mér finnst þó skylda mín að bera hér fram fyrirspurn til þeirra, sem að þessu máli standa, Sjálfstfl., Alþfl. og Kommúnistafl., eða Sameiningarfl. alþýðu. Það er nefnilega þannig, að blöð þessara flokka hafa marglýst yfir því, að samið hafi verið um þetta mál, og það er helzt að skilja það svo, að samið hafi verið um það í öllum atriðum. Það virðist því vera tilgangslaust fyrir okkur framsóknarmenn að bera fram brtt. við frv., en að bera fram brtt. í tilgangsleysi er fjarri mínu skapi. En ég skal þó játa, að ég hef mikla löngun til þess að bera fram brtt. við þetta mál, og það kann að vera, að ég geri það við 3. umr., ef ég hef nokkra von um það, að hún sé ekki fyrirfram dauðadæmd, jafnvel þó að menn gætu efnislega á hana fallizt, m. ö. o., að hún verði athuguð. Ég er ekki að heimta fylgi við þá till., sem ég kynni að bera fram, fyrirfram, en það er vitanlega tilgangslaust að bera slíkt fram, ef það verður ekki einu sinni athugað. Þessir flokkar, sem að frv. standa, hafa jafnan kvartað yfir því, þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu, Sjálfstfl. hér áður og Kommúnistafl., oft á liðnu kjörtímabili, að það hafi verið samið um málin á milli stjórnmálaflokka, áður en þau hafi verið lögð fyrir þingið. Þessir flokkar hafa talið þetta þingræðisbrot. Þó hefur aldrei mér vitanlega verið samið um annað á milli stjórnmálafl. heldur en aðalatriði málanna. Þegar skattal. voru á ferðinni, þá hélt hv. 10. landsk. langa ræðu um það, hversu óþinglegt það væri, að Sjálfstfl. og Framsfl. hefðu samið um þetta mál, áður en þau voru lögð fyrir þingið, og þó höfðu þessir flokkar aldrei samið um annað en aðalatriði málsins. Fyrirspurn mín er því sú, hvort að það sé útilokað, að brtt. við þetta frv. verði teknar til greina, og hvort þessir flokkar eru bundnir við það að samþ. frv., eins og það nú er, í öllum atriðum. Við þessu vildi ég fá skýr svör. Ég er að vísu andvígur þessu frv., eins og það liggur fyrir í höfuðatriðum. Þó mundi ég telja, að frv. mætti bæta án þess að fara út fyrir þann ramma, sem frv. nú er settur, sem er kjördæmabreytingin. Ég skal nú geta um það, hvaða breyt. það eru, sem ég vildi helzt óska eftir, að gerðar yrðu á þessu frv., jafnvel þó að höfuðtilgangi þess væri haldið. Með þessu frv. er áreiðanlega verið að skerða rétt sveitanna í landinu, og til að draga ofurlítið úr því vildi ég láta takmarka að einhverju leyti rétt utanhéraðsmanna til þess að bjóða sig fram í kjördæmum. Ég veit, að það er óhugsandi, enda ekki rétt, að banna þetta

með öllu eða útiloka, en ég tel vel geta komið til mála að takmarka þennan rétt að einhverju leyti. Mér sýnist þingið, eins og það er nú skipað, bera töluverðan keim af því, að það sé samkoma fyrir Rvík, en ekki þjóðarsamkoma, og Reykvíkingar eru komnir í meiri hl. hér á Alþ. Ég heyrði í útvarpinu í gærkvöldi, að hæstv. atvmrh. sagði, að þeir flokkar, sem að þessu standa, neituðu því, að með þessu væri verið að skerða rétt sveitanna. Þeir segja, að með þessu gerist aðeins það, að minni hl. í sveitakjördæmunum eigi að fá rétt til þess að senda sinn fulltrúa á Alþ. En þeir gleyma einu, þessir herrar, og það er, að ekkert af þessum tvímenningskjördæmum, sem þeir eru að tala um, eru hrein sveitakjördæmi nema e. t. v. aðeins 1 af þessum 6. Þeir kalla það sveitakjördæmi, þó að þau séu það raunverulega ekki. Í þessum kjördæmum eru, a. m. k. þar, sem ég þekki til, 90% sveitamanna, sem kjósa Framsfl., en atkv. þau, sem Sjálfstfl. og aðrir flokkar fá, eru frá kaupstöðum og kauptúnum, sem í þessum kjördæmum eru. Það er því þannig, þó að þessir menn neiti því, að tilgangurinn með þessu frv. er sá, að kaupstaðirnir og kauptúnin fái annan fulltrúann af þessum 2, sem eru í tvímenningskjördæmum. Auk þess munu atkvæðin í Rvík eingöngu skapa uppbótarþm. eftir breytinguna.

Ég skal í þessu sambandi engan dóm á það leggja, hvort það sé heppileg stefna að koma öllu valdi í þjóðfélaginu í hendur kaupstaðanna, en ég vil, að menn segi satt, en séu ekki með alls konar yfirvarp um það, hvað þeir virkilega meina. Við útvarpsumr. um þetta mál í hv. Nd. hefur nú verið mikið um þetta frv. rætt, og andstæðingar okkar framsóknarmanna hafa óskapazt yfir því, hvað Framsfl. njóti mikilla hlunninda með því fyrirkomulagi, sem nú er, og þar hafa þeir eingöngu miðað við kosningarnar 1937. Trúa þessir menn því þá virkilega, að atkvæðamagn flokkanna geti aldrei verið öðruvísi en það var 1937? Ég býst við því. 1937 héldu sjálfstæðismenn, að hver flokkur fengi nákvæmlega sama atkvæðamagn og 1934. Þess vegna gerðu þeir þá bandalag við Bændafl. og reiknuðu honum sama atkvæðamagn og 1934. Bættu því svo við sín eigin atkvæði frá sömu kosningum, og með þessu áttu svo að vinnast mörg kjördæmi frá Framsfl. En þeir reiknuðu bara ekki með því, þeir góðu herrar, að kjósendur geta breytt afstöðu sinni og fylgja ekki foringjunum út í hvað, sem er. Og þó að ég ætlaði ekki hér að gera annað en bera fram örstutta fyrirspurn, þá get ég þó ekki annað en bætt við annarri fyrirspurn til hæstv. atvmrh. Hann var að tala um það í útvarpsumr. í gærkvöldi, hvílíkur háski það væri, ef Framsfl. fengi stöðvunarvald og gæti stöðvað þetta frv. *með 25% af kjósendum.* Hann gerði ráð fyrir, að þetta gæti komið fyrir. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort honum dettur í hug, ef Framsfl. fær ekki meira atkvæðamagn en þessi 25%, að hann (Framsfl.) geti þá stöðvað málið. Mér skilst, að til þess að fá stöðvunarvald þurfi flokkurinn að bæta við sig miklu atkvæðamagni, því að án þess fjölgar ekki þingmönnum flokksins. En tölurnar frá 1937 virðast sitja fastar í heila hæstv. ráðh. Allt þetta mál er byggt á því, að þær geti ekki breytzt.

Ég skal að lokum segja það, að mér finnst vera einn ljós punktur í þessu frv., og það er, að Siglufjörður verði gerður að sérstöku kjördæmi. Við síðustu stjskrbreyt., sem þó var gerð til að fullnægja „réttlætinu", eins og nú stendur til, var þó lögfest það ranglæti, að Seyðisfjörður, sem ekki hafði nema 900 íbúa, var látinn haldast sem sérstakt kjördæmi, en Siglufjörður, sem hafði fjórum sinnum fleiri íbúa, varð engra réttinda aðnjótandi í því efni. Ég get ekki látið vera að minna hæstv. forsrh. á það, að einu sinni flutti ég till. um það að gera Siglufjörð og Hafnarfjörð að sérstökum kjördæmum, án þess að taka annan þingmanninn af Gullbringu- og Kjósarsýslu, eins og síðar var gert, en núverandi hæstv. forsrh. vildi ekki ganga inn á það þá. En nú ætlar hann að samþ. það að gera Siglufjörð að sérstöku kjördæmi. Má það undarlegt heita, að hann skyldi ekki á þeim tíma hafa notað þetta tækifæri, sem honum þá bauðst, því að þegar till. mín kom fram um þetta, þurfti ekki til þess stjskrbreyt. að koma því í kring. Til þess þurfti þá aðeins kosningalagabreyt. En þá var ekki litið á þetta. En svo á næsta þingi var Hafnarfjörður gerður að sérstöku kjördæmi, og þá hneykslaðist hæstv. forsrh. mjög á því, að ég var því fylgjandi. En það var réttlætismál. Á því átti aftur þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, núverandi hæstv. forsrh., sök, að annar þingmaðurinn var þá tekinn af kjördæmi hans. Hefði hann stutt till. mína, hefði aldrei til þess komið.

*__Forsrh. (Ólafur Thors)__: Ég skal ekki gera ræðu hv. 1. þm. Eyf. að umræðuefni, og er það einnig út af ósk hæstv. forseta um, að menn *stytti ræðutíma sinn. Það mun vera svo með* okkur báða, hv. 1. þm. Eyf og mig, að hvorugur muni alla sína fortíð. En ég hygg því miður, að ég sjái ekki allt fyrir, því að svo mikill vitmaður er ég ekki, en ég áskil mér rétt til þess að taka afstöðu til mála. Og hvað öðrum málum viðvíkur, læt ég ósagt um, en í þessu máli hef ég rökrétta fortíð. Þótt ég hafi ekki viljað árið 1927 fylgja því, að Siglufjörður yrði sérstakt kjördæmi, en vilji það nú, þá þarf ekki að vera neitt ósamræmi í því. Læt ég svo úttalað um þetta atriði.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf., sem var um, hvort endanlegir samningar hefðu farið fram og hvort þýðingarlaust sé að bera fram brtt. við málið, þá get ég svarað þessu á eftirfarandi hátt: Sjálfstfl. tilnefndi ráðh. flokksins til þess að ræða við Framsfl., en þegar þær umr. leiddu ekki til samkomulags, þá voru 3 menn kjörnir frá Sjálfstfl. til þess að ræða við Alþfl. Við Kommúnistafl. hefur enginn af þm. Sjálfstfl. rætt með umboði flokksins, en e. t. v. hafa einstaka þm. flokksins rætt við einstaka þm. Kommúnistaflokksins um þetta mál. Um það veit ég ekkert. — Þegar lokið var umr. við Alþfl., þá var sú samþykkt gerð í Sjálfstfl. að gera enga samninga um þetta aðra en þá, sem byggjast á sameiginlegri afstöðu þessara flokka í stjskrn. Viðvíkjandi hinni fyrirspurn þessa hv. þm. vil ég svara því, að ég er þess fullviss, að brtt. hans nær ekki fram að ganga. Einnig er ég henni mótfallinn, því að hún rekur marga hv. þm. af þingi, og eru það eftirtaldir hv. þm. Framsfl.,

sem yrðu þá að sitja heima, af því að þeir eiga ekki heima í kjördæmum sínum: Hv. þm. Mýr., þm. Barð., þm. Str., 1. og 2. þm. Skagf., þm. S.-Þ., 1. þm. N.-M. og 1. þm. S.-M. Það er nærri því helmingur hv. framsóknarþm.! Fyrr má nú rota en dauðrota. Þar að auki vil ég ógjarnan sjá á bak ýmsum þessara hv. þm. héðan af Alþ. Það yrði einnig til þess að skerða vald sveitanna að leyfa þeim ekki að taka sér þm., nema þeir séu búsettir í kjördæminu sjálfu. Ég tel alveg víst, að þessi brtt. næði ekki fram að ganga, og ef hún yrði borin upp, mundi hún aðeins tefja störf Alþ., en það virðist vera almenn ósk hv. þm. að ljúka þingi fyrir hvítasunnu.

***Atvmrh. (Magnús Jónsson):** Ég stend upp af kurteisi við hv. 1. þm. Eyf., því að hann spurði mig, hvort ég teldi hugsanlegt, að Framsfl. gæti fengið stöðvunarvald við kosningar með aðeins 25% af kjósendum landsins. Já, ég tel það mögulegt, því að það þarf ekki annað en tilflutning atkvæða í þau kjördæmi, sem Framsfl. vantar lítið til þess að koma að mönnum, t. d. ef atkv. Framsfl. í Rvík væru flutt í eitthvert slíkt kjördæmi. Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. Eyf. get ég sagt það, að ég mundi vera á móti henni, af því að hún væri skerðing á rétti sveitanna, eins og hæstv. forsrh. drap á. Hvert kjördæmi hefur rétt til þess að kjósa þm. innan sinna vébanda og einnig rétt til þess að fara út fyrir kjördæmið í vali sínu.

Það væri mjög æskilegt, að Alþ. gæti lokið störfum fyrir hvítasunnu, því að kosningar þurfa helzt að fara fram ekki síðar en fyrsta sunnudag í júlí.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Hæstv. forsrh. reifði málið frá sjónarmiði síns flokks og kallaði það gott mál. Hann minntist einnig á sjálfstæðismálið svonefnda, og vil ég gera grein fyrir minni skoðun þar. — Ég tel heppilegt að flýta skilnaðinum við Danmörku, því að á þessum tímum er ekki hættulaust að draga það mál von úr viti. Ég hef áður bent á, að skilnaðarmálinu eigi að halda í ákveðinni línu, þannig að forseti taki alveg við valdi konungsins, og yrði það sniðið eftir bandarískri fyrirmynd. Breyt. í þessa átt hafa þegar verið undirbúnar af hæfustu lögfræðingum landsins, og þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa.

Svo að ég víki að þessu máli, sem er hér á dagskrá, breyt. á stjórnskipunarl. eða kjördæmamálinu, þá er gaman í því sambandi að minnast ummæla hæstv. atvmrh., 1. þm. Reykv., á Alþ. árið 1928. Þar stendur svo í Alþingistíðindunum, bls. 2958, í ræðu, sem hæstv. ráðh. flutti þá og er yfirlesin:

„Ég skal nú ekki fara neitt út í útreikninga, en það þarf ekki annað en benda á það, að listakosning um tvo menn er ekki annað en vitleysa.“

Það er gaman að lesa þetta, og ég vona, að hæstv. ráðh. komist brátt á þessa skoðun aftur.

Talsmaður Alþfl. í Nd., hv. þm. V.-Ísf., sagði, að hv. 1. þm. Rang. hefði sagt á þingi 1933, að Framsfl. vildi hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmunum. En það upplýstist, að hv. 1. þm. Rang. var ekki á þingi 1933 sökum veikinda, svo að hv. þm. V.-Ísf. varð að biðja fyrirgefningar, því að hér var nefnilega um ósannindi að ræða. Þetta sýnir þau vandræði, sem þessir menn eru í, með rök fyrir sínu máli. Ég læt svo úttalað um þetta mál við þessa umr.

***Hermann Jónasson:** Ég hef þegar látið í ljós skoðun mína á þessu máli á öðrum vettvangi og mun ekki fjölyrða um það að þessu sinni, enda hefur verið lýst yfir því, að þýðingarlaust sé að koma með brtt. við málið. Og eftir slíka yfirlýsingu verður vitanlega að ræða málið á öðrum vettvangi.

Bæði ég og hæstv. fyrrv. viðskmrh. tókum fram í útvarpsumræðum í vetur, að við vildum láta kosningar fara fram, en svo kom þessi breyt., sem menn vilja nú gera á stjórnskipuninni, og þá horfir málið öðruvísi við. Og ég vil í stuttu máli gera grein fyrir hvers vegna. Í fyrsta lagi álít ég tímana þannig nú, að það sé alveg óverjandi að afgreiða skyndibreytingar á stjskr. og óverjandi að innleiða nú deilur um kjördæmaskipunina. Á þessum tímum eiga flokkarnir að leggja deilumálin á hilluna og vinna saman að velferðamálum þjóðarinnar. Fjöldi deilumála hefur verið lagður til hliðar undanfarin ár, og flokkarnir hafa haft samvinnu um mörg mál, enda þótt þeir væru ósamþykkir stefnum í ýmsum grundvallaratriðum, bæði í atvinnurekstri, fjármálum og verzlun. Við framsóknarmenn hefðum aldrei þolað þetta, ef við hefðum ekki skilið nauðsynina fyrir samstarfi, og töldum þess vegna heppilegra að leggja deilumálin á hilluna. Eitt af þessum deilumálum var kjördæmamálið, og var því sjálfsagt að bíða með það. Það leynir sér ekki, að mikil nýsköpun er í aðsigi í stjórnarskipun landanna, og það fer ekki hjá því, að þetta lýðræði, sem ríkir hér á hv. Alþ., er lýðræði, sem við allir óskum eftir að berjast fyrir og viðhalda. En þó verður að breyta stórkostlega til, og við vitum, að inn í stjórnskipun okkar verður að koma mikil nýskipun. Við vitum um og sjáum úti í heimi stórfelldar breyt. í atvinnulífi þjóðanna, sem einnig hljóta að berast hingað. Og meðan við sjáum þetta vera að koma á sviðum atvinnulífs og stjórnskipunar, þá vildi ég taka þátt í að halda fleytunni á floti og sigla henni fram úr sjóunum inn í komandi tíma. Þá hefði verið hægt að taka þetta og önnur deilumál fyrir, er við sjáum betur fram úr en nú er hægt. Ég álít því illa farið, að þeirri starfsreglu stjórnarflokkanna sé vikið til hliðar að leggja öll viðkvæm deilumál á hilluna, meðan þessir tímar eru. Deilumálin eru tekin of snemma til meðferðar. Ég hef ekki dregið dul á þá skoðun mína. Hér er vakin deila um viðkvæmt mál, er brýtur allar starfsreglur stjórnarinnar frá 1939, og er því illa og hörmulega farið. Að vísu hlýtur að verða samstarf í einum málaflokki eftir sem áður, en það er um utanríkismálin, en það verður þó svo bezt, að utanrmn. fylgist með málunum, áður en þau eru afgreidd. Það er því verr farið um þetta, að ég er viss um, enda þótt ég sé ekki spámaður, að allir sjá innan skamms og nú þegar, að þessi stjórnskipun er ekki til frambúðar. Við framsóknarmenn vitum vel, að miklar breyt. þarf hér að gera, og við erum fúsastir til að endurskoða þetta mál, er tími er

til kominn. En við vitum einnig, að gallarn'r aukast við þessa breyt., er hér á að gera.

Ég bendi á það, að Framsfl. og Sjálfstfl. hafa mikinn meiri hl. og geta ráðið málum, og ekki eru miklar líkur til þess, að sá meiri hl. vaxi mikið við kosningar. Það hefði verið hægt að viðhalda starfsreglum stjórnarinnar, ef þessir flokkar hefðu unnið saman. Eða hví tóku flokkarnir ekki upp samvinnu um þetta mál? Þeir flokkar, er standa að breyt., játa þó annað veifið, að nauðsyn málsins sé ekki svo mjög brýn. Er þá ekki tilgangur þessara flokka sá, að skapa sér enn þá sterkari meirihlutavald en meirihlutavald Framsfl. og Sjálfstfl., sem var þó ótvírætt? Ég sé ekki annað en að þessir ólíku flokkar ætli sér að vinna saman næsta kjörtímabil, þótt meiri hl. þeirra sé nú veikur og verði það, því að ekki þyrftu kosningar að fara fram, til þess að hægt væri fyrir Sjálfstfl. að halda meirihlutavaldinu með Framsfl. Nei, þótt hér þyrfti breyt. við, voru þær ekki aðkallandi, og málið er fram borið, að ég segi ekki í áróðursskyni, fyrir þá flokka, er að því standa.

Eins og stendur, ægir hér öllu saman, einmenningskjördæmum, tvímenningskjördæmum, hlutfallskosningum og meirihlutakerfi. Og haldið þið svo, að þetta sé framtíðin? Ég sagði áðan, að Framsóknar- og Sjálfstfl. hefðu sterkan meiri hl., og þetta mál hefði því getað beðið dálitið lengur. Og menn skulu athuga það, að þessar tvöföldu kosningar eru raunverulega aðeins fyrir eitt aðalþing. Við megum eiga von á, ef eitthvað verður farið að rofa til 1944, þá kollvörpum við allri þessari stjórnskipun. Ég sé því ekkert í þessum vinnubrögðum nema óvitahátt í íslenzkum stjórnmálum, og ég er sannfærður um, ef þessi stjórnskipun spyrst út meðal þjóða og það með, að fyrir hana hafi öllu verið stefnt í ófrið og óefni heima fyrir, þá muni hún þykja hið mesta viðundur.

Það er augljóst mál, að úr þeim hrærigraut, sem hér er í þessum efnum, verður aldrei annað en vitleysa. Það er hægt að hafa hlutfallskosningar og það er hægt að hafa meirihlutakerfi. En það er ekki hægt að hafa hvort tveggja og hræra því saman. Sannast að segja er þessi breyt. miðuð og sniðin við fylgi flokkanna, eins og það er núna. Segjum nú, að Framsfl. ynni við hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum. Þá gæti það ekki gengið, og hlutfallskosningarnar yrðu afnumdar samstundis. Kerfið, ef kerfi skyldi kalla, er tóm vitleysa frá upphafi til enda. Og framgangur þessa máls hér er af slysni. Það var borið fram, án þess að búizt væri við, að það gengi fram. Hér er sannast að segja, árið 1942, verið að gera svo einkennilega hluti við stjskr. Íslands, að lengi mun í minnum verða haft. Og svo mikið er víst, að þeir, sem standa nú að þessu máli, munu margir hverjir innan skamms tíma óska þess, að þeir hefðu aldrei verið með við að afgreiða það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar á þessum vettvangi, enda þótt ég vildi það gjarnan, nema sérstakt tilefni gefist. Og mér hefur skilizt, að þýðingarlaust sé að flytja við það brtt. Ég lít því svo á, að hér séu að gerast sömu hlutirnir og hafa gerzt á þingum annarra þjóða, að hér sé ekki um endurbót að ræða, heldur verði hér afgreitt mál, sem um efni og undirbúning markar vonandi lægsta hnignunarstigið, sem þetta þing lifir.

Forseti (EÁrna): Með því að mjög er nú liðið á fundartímann, er ekki um annað að gera en annaðhvort að fresta umr. eða takmarka ræðutíma deildarmanna. Þar sem nauðsyn er að ljúka þessari umr. hið fyrsta, mun ég taka síðari kostinn og takmarka ræðutíma hv. dm. við 5 mínútur.

Bernharð Stefánsson: Ég þarf nú ekki einu sinni 5 mínútur. Ég veit ekki, hvort ég á að þakka svör ráðh., því að þeir gáfu engin skýr svör, heldur voru með vífilengjur. Svo mikið skildi ég þó, að brtt. þýðir ekki að bera fram. Það er því staðfest, að þessu máli er ráðið til fullra lykta utan þingsins og öll hlutdeild okkar framsóknarmanna útilokuð.

Til þess að málið ljúkist fljótt, skal ég nú ekki segja meira, þótt tilefni hafi gefizt til þess. Ég mun því ekki ræða meira hér, en geymi það þar til síðar.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það er aðeins stutt svar til hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Str. Hv. þm. S.-Þ. sagði það fleipur, að nokkuð líkt þessu máli hefði komið fram árið 1933. Ég sagði ekki, að málið hefði verið rætt á Alþ. eða borin fram till. um það, en ég býst ekki við, að hann geti neitað, að það hafi þá verið rætt innan Framsfl. og í stjskrn., þótt það væri ekki borið fram á þinginu. Hv. þm. Str. sagði, að Alþfl. hefði borið mál þetta fram, án þess að hann byggist við, að það næði fram að ganga. Ég mótmæli því eindregið og eins því, að Alþýðublaðið hafi sýnt nokkur óheilindi í því.

***Forsrh. (Ólafur Thors):** Herra forseti! Ég ætla mér ekki að fara að svara ræðu hv. fyrrv. forsrh., en vísa til ræðu minnar í útvarpinu í fyrrakvöld. Vildi ég, að menn leituðu þar svara. En ég vil, að það komi fram, og ég tek það fram, að ég hef ekki gert honum nein verzlunartilboð um frestun kosninga. Ég hef alltaf sagt eftir kosningafrestunina í fyrra, að ekki bæri að kjósa í vor, og ég man ekki, að ég segði annað í útvarpsræðu minni. Hins vegar hef ég því af eðlilegum ástæðum einnig gert ráð fyrir því, að slíkt mál sem þetta mundi ekki ná fram að ganga, af því að það beinlínis leiðir af sér þær kosningar, er ég ekki vildi.

Hv. þm. Str. harmaði mjög brot það á starfsreglum stjórnarinnar, er hann kallaði. En það var hv. þm. sjálfur, er átti sök á, að svo hefur farið sem hann harmar. Hann kannast við, að Alþfl. bar okkur friðslit á brýn, er við settum gerðardómsl., en við skeyttum því litlu, þar eð við álitum þjóðarnauðsyn að. Það er því ekki sæmandi fyrir Framsfl. né frambærilegt að slíta þegar allri samvinnu, þótt okkar á milli hafi nú risið ágreiningsmál, er við sjálfstæðismenn álítum þjóðarnauðsyn að fái framgang, og leika þannig sama leikinn og Alþfl. í vetur, er hann dæmdi sem harðast. Ég læt þetta svo nægja. En mér er óskiljanlegt, að við verðum að viðundri meðal framandi þjóða, þótt við breytum þeirri stjórnskipun hjá okkur, er gefur 12 þúsund kjós-

endum rétt á 19 fulltrúum á þing, en aftur 24 þús. kjósendum aðeins 17 fulltrúum. Með slíkri kjördæmaskipun er verið að varna því, að þingið sé sem réttastur spegill þjóðarviljans. Og um það, að stjórnskipun okkar sé flókin og ruglingsleg, er ég ekki sammála. Tökum t. d. Dani til samanburðar. Þar gilda stjórnskipunarlög svo flókin, að sagt er, að aðeins einn þingmaður skilji þau til fulls, nefnilega Kragh í Fólksþinginu. En við kunnum full skil á okkar stjórnskipunarl., þótt á þeim megi finna galla.

***Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson):** Ég ætlaði aðeins að benda hv. talsmanni Alþfl. (SÁÓ) á það, að hann telur sig hafa heyrt það, að einhverjir framsóknarmenn hafi, þegar núgildandi stjskr. var samþ., verið fylgjandi hlutfallskosningum. Hann hefur ekki gögn fyrir því. En ég vil biðja hann að taka sér til athugunar og hugleiðingar þann ósigur, sem hv. þm. V.-Ísf. beið í Nd., þegar hann hélt fram þessu sama, en gat ekki sannað það.

Ég vil enn fremur benda þessum hv. þm. á það, að það getur vel verið, að einhverjir af þeim mönnum, sem brugðust Framsfl. um það leyti, er hv. talsmaður Alþfl. var að tala um, hafi verið með einhverjar slíkar bollaleggingar. En ég vil spyrja hv. þm. Alþfl., sem hér talaði, um það, hvort hann telur það bindandi fyrir sig eða flokk sinn, hvað Héðinn Valdimarsson kann að hafa sagt eða gert, eftir að hann var kominn á það stig að vera orðinn andstæðingur Alþfl. Og til frekari sönnunar því, hvað við framsóknarmenn áttum við að etja af þeim mönnum, sem voru að skilja við flokkinn þá, vil ég taka það fram, að Tryggvi heitinn Þórhallsson ætlaðist til þess, að 8 þm. væru kjörnir fyrir Rvík, en uppbótarþingsætin væru höfð færri. En þeir, sem voru að yfirgefa flokkinn, og þar á meðal Ásgeir Ásgeirsson, hv. þm. V.-Ísf., óttuðust, að með því að þm. yrðu svo margir í Rvík, þá fengi Framsfl. þar einn þm. kjörinn. Þess vegna felldi hann (ÁÁ) það, að Reykjavíkurþm. yrði fjölgað um þetta, og gerði það í þeim tilgangi að drepa flokkinn.

Ég vona því, að hv. 2. landsk. (SÁÓ) skilji það, að ég skoða mig ekki bundinn við það, sem einhverjir svikarar Framsfl. kunna að hafa sagt eða gert árið 1933.

***Forsrh. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins geta þess, að einn af hv. þm. Sjálfstfl. er fjarverandi í samráði við mig. Ég taldi, að ekki mundi nú koma til atkvgr. um þetta mál. Þessi þm. er hv. 9. landsk. (ÁJ). En með því að það skiptir engu um afgreiðslu málsins, getur atkvgr. farið fram eins fyrir því, þó að hann sé fjarverandi. En þar sem um svo alvarlegt mál er að ræða sem þetta, þótti mér rétt að taka þetta fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, BSn, BrB, ErlÞ, JJós, MG, MJ.

nei: BSt, HermJ, IngÞ, JJ, PHerm, PZ, EÁrna.

1 þm. (ÁJ) fjarstaddur.

2.—3. gr. samþ. með 8:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:7 atkv.

Á 64. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 425).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 6 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, SÁÓ, ÞÞ, BSn, BrB, ErlÞ.

IngÞ, JJ, PHerm, BSt, HermJ, EÁrna greiddu ekki atkv.

4 þm. (MJ, PZ, ÁJ, JJós) fjarstaddir.

***Frsm. meiri hl. (Magnús Gíslason):** Ég tók ekki til máls í gær, en ætlaði mér að svara ýmsu, sem þá kom fram hjá hv. þm. S.-Þ. Honum virtist þessi breyt. langt frá því að vera nokkur réttarbót, heldur hið freklegasta ranglæti, að mér skildist. Ég átti ákaflega erfitt með að skilja rök hans fyrir því. Það má sanna með tölum, hve mikill mismunur er á nýja kosningafyrirkomulaginu og hinu gamla í þessu efni.

Í tvímenningskjördæmunum gæti ⅓ hluti kjósenda komið að þm. Það þarf að hafa einum manni betur, til þess að meiri hl. geti fengið einn mann kjörinn. Ef við hugsum okkur tvímenningskjördæmi, þar sem einn flokkur fær 1001, en hinn 499, fær annar flokkurinn báða þm., en hinn flokkurinn engan. Með öðrum orðum: ⅔ hlutar kjósenda í því kjördæmi koma að tveimur mönnum. Er það ekki sama ranglætið og bent var á af andmælendum frv., að ⅓ hluti atkv. eigi að ráða vali þm.? Það má líka taka annað dæmi, sem sýnir, hvað ranglætið er mikið í þessu efni með núverandi fyrirkomulagi. Ef í einu tvímenningskjördæmi eru greidd 1999 atkv., annar flokkurinn fær 1000 atkv. en hinn 999, þá verður niðurstaðan sú, að sá flokkur, sem fær 1000 atkvæðin, fær báða þm. kjörna, en hinn engan. Það má lengi halda áfram að benda á svona möguleika með því kosningafyrirkomulagi, sem nú er. Hugsum okkur, að fjórir flokkar keppi um kosningar í tvímenningskjördæmi, og einn flokkur fær 1000 atkv., en hinir 999 hver um sig, eða samtals 2997, þá fengi flokkurinn með þúsund atkv. báða þm. kjörna, þó að bak við þá stæði aðeins ¼ hluti allra greiddra atkv. Slíkt ranglæti getur komið fyrir, og með þessari breyt. á stjskr., sem hér liggur fyrir, er ætlazt til, að þetta verði leiðrétt.

Hv. 1. þm. S.-M. minntist á og, að því er mér virtist, gerði lítið úr því ákvæði stjskr., sem sett var 1933 og var um, að 11 uppbótarþm. skyldu kjörnir til að jafna hlutföllin milli flokkanna með það fyrir augum, að þingmannatalan verði í sem mestu samræmi við kjósendatölu hvers flokks. Þetta ákvæði var sett inn í stjskr. samkv. þeim anda lýðræðis, sem er á vörum allra manna í öllum flokkum, og ég held, að enginn flokkur þori að mæla opinberlega á móti því, sem á að vera grundvallarregla þjóðskipulags okkar. Nú hefur komið í ljós, að þetta ákvæði er ekki nóg til að fullnægja tilgangi stjskr. að þessu leyti, og þess vegna er frv. þetta borið fram til þess að draga úr misréttinum og gera þetta ákvæði stjskr. áhrifameira heldur en það er nú.

Það var um þetta talað í gær, hvaða skoðanir menn hefðu haft í þessum málum á undanförn-

um árum, bæði hvað snertir hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum og hvort bæta eigi við þm. í kjördæmin. Mér finnst þýðingarlítið að deila um, hvaða skoðanir menn kynnu að hafa haft á ákveðnum málum fyrir svo og svo mörgum árum síðan. Það hefur þá ekki annað skeð en menn hafa skipt um skoðun og finnst af einhverjum ástæðum skynsamlegra að fara þessa leið. Viðvíkjandi því, að viðsjárvert sé að bæta við nýjum kjördæmum, eins og t. d. Siglufirði, þá er hér um að ræða framhald af þeirri stefnu, sem Alþ. strax 1903 tók upp með því að gera kaupstaðina að sérstökum kjördæmum. Sams konar breyt. var samþ. og studd af Framsfl., þegar Hafnarfjörður var gerður að sérstöku kjördæmi, þó að þar hafi ekki verið bætt við nýjum þm. Ég vildi taka þetta fram til þess að árétta það, sem ég sagði hér í gær, og ég er sannfærður um eftir þær rannsóknir, sem ég hef gert á þessum málum, að sú breyt., sem frv. fer fram á, er í fullu samræmi við gerðir Alþ. á undanförnum árum í þessu efni. Það er líka í samræmi við anda lýðræðisins, sem á að varðveita með stjskr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Enda þótt ég vilji ekki lengja umræður og ekki hafi þýðingu að ræða málið verulega, þar sem bæjaflokkarnir hafa komið sér saman um lausn þess, þá eru þó nokkur atriði, sem ég vil benda á í sambandi við meðferð málsins alla, áður en það fer út úr þinginu.

Í fyrra, um þetta leyti, var útrunninn sá tími, er alþingismenn höfðu umboð frá kjósendum sínum til að sitja á þingi. Þá var horfið að því óhapparáði að fresta kosningum, og þm. framlengdu sjálfir þingsetu sína og sitja því allir hér í umboði sjálfs sín, en ekki kjósenda landsins. Ég lýsti því þá yfir, að ég teldi þetta rangt og að ég mundi ekki á þing koma, nema ég fengi til þess endurnýjað umboð. Þetta fékk ég, og því er ég hér nú. En þótt þm. gerðu þetta þá, þá var það nú samt svo, að þeim stóð hálfgerður stuggur af þessum gerðum sínum. Og til að friða kjósendur lýstu þrír yfir því, þrír ráðherrar, sinn frá hverjum flokki, að ekki væri ætlunin, meðan kosningafrestunin gilti, þ. e. meðan þingmenn sætu í sjálfs umboði, að gera annað og meira á þingi en afgreiða þau mál nú, sem tímarnir krefðust, að leyst væru, og undir engum kringumstæðum ætti að gera grundvallarbreytingar á stjórnarkerfinu.

Finnst mönnum nú, að þessi loforð hafi verið haldin? Ég tel, að þau hafi verið svikin og að það lýsi lágum siðferðisþroska þeirra manna, er það hafa gert. Þeim er ekki nóg að ræna undir sig kosningarétti kjósenda sinna, taka hann af þeim og sitja í sjálfsumboði á þingi, heldur svíkja þeir þær yfirlýsingar, sem telja má loforð, sem þeir gáfu til að friða kjósendur, þegar þeir voru að framkvæma kosningafrestunina í fyrra. Þetta sýnir mér minna siðleysi en ég vildi mega vona, að væri hjá þingmönnum.

Þá vildi ég líka benda á það, hvernig síðustu stjórnarskrárbreytingar hníga allar í þá átt að auka flokksvaldið á kostnað persónuleika einstaklinganna. Uppbótarsætin, sem sett voru inn í stjskr.1933, gerðu þetta mjög. Í þau gátu þeir einir náð, sem höfðu það lítið persónuálit, að ekkert kjördæmi vildi hafa þá á Alþ. En þeir þurftu hins vegar að vera það þægir flokksmenn, að flokksstjórnirnar vildu setja þá í framboð þar, sem uppbótarsæti voru líkleg til að vinnast. Nú á enn að styrkja flokksvaldið. Með hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmunum er flokksstjórnunum enn á ný gefið tækifæri til að koma þægum, auðsveipnum flokksmönnum, sem hvergi hafa það persónufylgi, að menn treysti þeim inn á þing. Mér virðist þetta hníga í ógæfuátt. Ég vildi efla einstaklinginn og sjálfstæði hans, en ekki flokksvaldið og múgsálina. Það veldur mér hryggðar að sjá þessa stefnu, og það veldur mér líka hryggðar að hafa reynt það, að ekki má treysta loforðum ráðherra, sem gefin eru í flokksnafni. Hvort tveggja lýsir ástandi, sem er, en ekki ætti að vera.

Þá get ég ekki látið vera að minna á eitt atriði enn. Það getur enginn neitað því, að þeir menn, sem búa dreift yfir stór svæði, þurfa að hafa minni „representation" á Alþ. en jafnmargir menn, sem búa við eina, litla götu í sama bænum. Þarfir þeirra, er í dreifbýlinu búa, og kröfur til heildarinnar eru allt aðrar og margbrotnari en hinna. Auk þess hafa mennirnir í þéttbýlinu, sérstaklega þar, sem þing er haldið, allt aðra aðstöðu til að túlka mál sín við þm. og vinna fyrir framgang þeirra, en þeir, sem í dreifbýlinu búa. Við hér á þingi þekkjum hinar svo kölluðu „grenjaskyttur" og vitum, hvernig nefndir og einstaklingar eru sendir til þingnefnda og einstakra þm. til að vinna að framgangi sinna áhugamála. Þetta getur dreifbýlið ekki. Það var sagt hér í fyrra, að sendimenn þéttbýlisins héngju á þingmönnum að sinna ákveðnu máli, þeir hefðu ekki frið fyrir þeim, og þótt það hafi kannske verið eitthvað orðum aukið, þá er víst, að aðstaða þeirra er allt önnur til að hafa áhrif á þm. en mannanna, sem í dreifbýlinu búa og margir hverjir hafa aldrei aðstöðu til að koma til Reykjavíkur alla sína ævi.

Bæði vegna þessa og þess, að dreifbýlið þarf fleiri fulltrúa, til þess að öll sjónarmið þess komi fram, er það alrangt að halda því fram sem réttlætismáli, að jöfn atkvæði eigi að vera bak við hvern þingmann.

Það, sem ég þá vildi benda á, er þetta:

Ég tel ábyrgðarleysi þingmanna og skort á siðferðisþroska óheppilegt og óforsvaranlegt, þar sem þeir nú, þvert ofan í gefin loforð og yfirlýsingar, ætla að afgreiða mál eins og þetta.

Ég tel háskalegt að auka á flokksvaldið, auka á áhrif múgsálnanna á Alþ., en minnka að sama skapi áhrif persónuleikans og manndóms einstaklinganna, en þetta er gert með stjskrbreyt. Og ég tel rétt dreifbýlisins fyrir borð borinn með því að ætla smám saman að breyta kjördæmaskipuninni, þar til jöfn atkvæði verði bak við hvern þm., þ. e. gera landið að einu kjördæmi, en því var yfirlýst, bæði af Sjálfstfl. og jafnaðarmönnum í Nd., að að því bæri að stefna, að svo yrði.

Af öllum þessum ástæðum og þó mörgum fleiri mun ég greiða atkv. móti frumvarpinu.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hafði ekki ætlað mér að hefja máls við þessa umr., en úr því að

farið er að ræða málið, eins og nú er gert, finnst mér rétt að segja nokkur orð.

Þegar málið var til 2. umr., var svo naumur tími í fundarlokin, að ekki gafst tími til að svara andmælendum frv. Hv. þm. Str. lét orð falla um, að hér væri um verzlunarsamning að ræði milli flokka innan þingsins, sem staðið hafa að þessum málum, og hann taldi það mjög óviðeigandi. Ég get lýst yfir því, að slíkt mun ekki hafa þekkzt, að samið væri um svona mál, heldur eru hv. þm. á sömu skoðun um þetta mál, og engir samningar hefðu þurft þar til. Ég vil minna hv. þm. Str. á, að það er yfirlýst af hans eigin flokksbræðrum, að verzlað hafi verið með kosningar af hans hálfu á þessum vetri. Það hefur verið látið opinberlega í ljós og staðfest, að hér í Rvík hafi atkv. verið keypt af Framsfl. fyrir það að gangast inn á sjónarmið þeirra í skattamálum. Ég tel, að verzlun hafi átt sér stað um skattamálin, en ég mun ekki ræða þetta atriði frekar.

Ég hef svarað að nokkru því, sem hann sagði, að ekki hefði verið ætlun okkar flm., að frv. næði fram að ganga. Ég hygg, að hann hafi sannfærzt um það eftir þær útvarpsumr., sem fram hafa farið, að Alþfl. hafi borið þetta mál fram í þeirri trú, að meiri hl. Alþ. yrði því samþykkur, eins og nú hefur komið á daginn. Hv. 1. þm. N.-M. (PZ) sagði áðan, að flutningur þessa frv. væri „ósiðferðisleg“ aðferð hjá „umboðslausum“ mönnum. Hann telur sig víst ekki umboðslausan, þar sem hann hefur þá sérstöðu að geta leitað trausts kjósenda sinna, þegar kosningafrestunin var ákveðin. En ég heyrði það ekki dregið í efa af ríkisstj. á þeim tíma, að umboð það væri löglegt, sem Alþ. veitti þm. með frestun kosninganna. Ég heyrði ekki annað en þær ráðstafanir væru löglegar, sem ríkisstj. lagði áherzlu á, að Alþ. samþ. Ég hygg því, að þetta séu ranglátar ásakanir í garð þeirra, sem stóðu að frv. Hér er ekki verið að koma aftan að þjóðinni með þessum till., heldur eru þessar breyt. í fullu samræmi við anda stjskr., að kosningarétturinn sé jafn fyrir hvern þegn þjóðfélagsins. Hann talaði um, að sumir hv. þm. hefðu ekki traust sinna kjósenda bak við sig. Ég dreg ekki í efa, að hv. þm. hafi traust sinna kjósenda í sínu umdæmi. Það voru um 700 atkv., sem bak við hann stóðu, en bak við mig stóðu t. d. 4000 atkv., þó að ég næði ekki þeirri atkvæðatölu að vera kjördæmakjörinn. Ég býst við, að þær kosningar, sem nú fara í hönd, sýni, hvort þessi sami flokkur muni ekki standa á bak við þá menn, sem Alþfl. hefur í kjöri.

Hv. þm. sagði einnig, að þetta frv. yrði til þess að auka flokksvaldið. Ég skal viðurkenna, að þessi hv. þm. gerir oft tilraun til að brjótast úr þeim flokksviðjum, sem um hann eru. En stjórnmál okkar síðustu árin hafa gengið í þá átt, að flokkar, sem eiga sameiginlegar hugsjónir, bindast samtökum um stórmálin. Ég sé ekkert athugavert við það, þó að flokksvaldið hafi eitthvað að segja. Hitt er hreinasta fjarstæða, að halda því fram, að það komi annarlegir menn úr kjördæmum landsins, þótt þeir verði kosnir sem minnihlutamenn úr tvímenningskjördæmunum. Það hefur margsinnis verið staðfest hér af þeim mönnum, sem bezt þekkja til, að sjálfsagt komi menn úr byggðunum sjálfum, menn, sem þekkja allar aðstæður betur en þm., þótt kunnugir séu; menn, sem búa á þeim stöðum, sem kosið er í. Ég býst við, að það sé rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að með þessu sé verið að auka byggðavaldið, að það sé verið að auka vald sveitanna, sem verið er að gera grýlu úr, að eigi að skerða hér á hv. Alþ. Um það atriði, hvort það sé sérstaklega æskilegt og hyggilegt að auka sérstaklega byggðavaldið, skal ég ekki segja hér, en ég býst við, að byggðavaldið verði sterkara eftir en áður. Þessi ástæða er því ákaflega léttvæg til þess að vera á móti lögunum. Hitt er rétt, að það koma menn í sumum eða kannske öllum tvímenningskjördæmunum úr öðrum flokki en þeir þm. eru, sem nú sitja á þingi fyrir þessi kjördæmi. Við, sem teljum okkur ekki til þess flokks, sem hefur kjördæmin í sveitunum, göngum þess ekki duldir, að það koma menn úr öðrum flokki, en við búumst við, að það verði líka menn, sem koma, þótt þeir verði úr öðrum flokki en þessum. Svo mér finnst nú, að þessi ástæða hv. þm. falli um sjálfa sig, en ég skil náttúrlega afstöðu háttvirts þm. Ég mundi haga mér nákvæmlega eins og hann, þrátt fyrir það þótt ranglætið sé svo mikið sem öllum er kunnugt um. Ég veit, að hver flokkur reynir til hins ýtrasta að halda í sín sérréttindi, svo lengi sem unnt er. Það er mannlegt að halda í slík sérréttindi og láta ekki taka þau af sér. Þessar ástæður skil ég og get ekki lá hv. þm., þótt hann sé á móti þessu, eins og allt er í pottinn búið.

*Árni Jónsson: Hæstv. forseti gat þess, að æskilegt væri, að menn hefðu ekki mjög mörg orð um þetta mál, og sízt vil ég verða til þess að lengja þessar umr. mikið, en verð þó að segja hér nokkur orð, vegna þess að svo stendur á, að ég hef sérstöðu til þessa máls — ekki þessa máls, heldur þess máls, sem var náskylt þessu, sem var kosningafrestunin frá í fyrra.

Ég skal játa það, að hv. 1. þm. N.-M. getur talað djarft, því að hann var sá eini, sem raunverulega var á móti kosningafrestuninni, enda lagði hann ekki fingurinn á milli, hvort sem hann talaði um sinn eiginn forsrh. eða aðra. Það fer fjarri því, að ég sjái eftir að hafa greitt atkvæði með kosningafrestuninni, þegar hún var samþ. hér á þingi í fyrra. Ég játa, að þau rök, sem voru borin fram þá, hafi verið réttmæt, og af því að ég álít, að kosningafrestunin hafi verið réttmæt í fyrra, hef ég talið ekki einu sinni réttmætt, heldur sjálfsagt, að halda þessari kosningafrestun áfram út kjörtímabilið, eða meðan það ástand helzt, sem nú er. Og ég er á þeirri skoðun, að það sé tæplega sæmandi fyrir þingið að rjúfa þá ályktun, sem gerð var í fyrra. Þess vegna hreyfði ég því máli í vetur að halda kosningafrestuninni áfram, en hélt því jafnframt fram, að eina ráðið til þess, að svo mætti verða, væri að taka upp starfssamvinnu á breiðari grundvelli en eftir áramótin í vetur, og þykir mér undarlegt, að framsóknarmenn hafa mjög haldið því fram, að einmitt þeir, sem berjast fyrir áframhaldandi kosningafrestun, séu að rjúfa friðinn. Mér þykir þetta skjóta mjög skökku við, þegar athugað er, hvernig þeirri

bendingu, sem ég bar fram í vetur, var tekið af hv. framsóknarmönnum.

Nú er það svo um þá breyt., sem hér er fram borin, að það er ekki nema um tvennt að gera, að játa eða neita að vera lýðræðissinni. Ef við játum að vera lýðræðissinnar, erum við með henni, en ef við neitum að vera fylgjandi lýðræði, erum við á móti þessari breytingu.

Hv. 11. landsk. sýndi fram á, að það gæti komið fyrir, þar sem 4999 menn væru á kjörskrá og 5 í kjöri, að sá flokkurinn, sem fengi 1000 atkv., fengi 2 menn kjörna, en hinir flokkarnir engan. Ég játa, að í þessu tilfelli næði lýðræðið ekki tilgangi sínum.

Ef fulltrúar allrar þjóðarinnar hefðu viljað taka höndum saman um vandamálin, hefði þetta ekki þurft að koma fyrir núna, en slík mál geta alltaf komið fram. Og einmitt á þessum tímum, þegar mesta lýðræðisbaráttan fer fram í heiminum, situr ekki á okkur að draga okkur í hlé í þessu efni, og ég er sannfærður um, að sá mikli misskilningur, sem kemur fram hjá vissum mönnum á þessu máli, hlýtur að skaða okkur út á við. Það er ekki lýðræði, að flokkur, sem hefur 14500 atkvæði, skuli hafa fleiri þm. en flokkur, sem hefur 24 þús. atkvæði, og það er ekkert lýðræði, að kjósendur sumra flokka skuli hafa tvöfalt vald á við kjósendur annarra flokka. Það er ekki hægt að komast hjá því að rýra persónulegt frelsi sumra kjósenda, þegar sumir hafa tvöfaldan rétt. Þetta finnst mér allir ættu að skilja. Það er réttur dreifbýlisins, sem er tryggður með þessu, en eins og hv. 1. þm. N.-M. veit, hafa þær till., sem fram hafa verið bornar, verið miklu róttækari en hér er gengið út frá. Það er einmitt með hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmunum, sem réttur dreifbýlisins er tryggður. Það veit ég, að hann skilur, og honum er óhætt að kannast við, að hann skilji það. Ég vil benda honum á, að þeir framsóknarmenn ættu að fagna þessu, því að hitt var líka til, að breyt. yrðu miklu róttækari.

Þá er það, að við séum hér siðferðislausir og að verið sé að svíkjast aftan að kjósendum. Það er ekki verið að því. Það, sem gerzt hefur, er það, að Alþfl. neyddist til að draga mjög úr sínum fyrstu kröfum og Bændafl. líka.

Ég kunni ekki við annað en að segja þetta, sérstaklega af því, að ég taldi það í samræmi við það, sem samþ. var í fyrra, að kosningum væri enn frestað, en það krafðist samstarfs á viðtækari grundvelli en nokkru sinni áður. Og ég er á þeirri skoðun, að okkur hafi aldrei verið meiri þörf samstarfs en einmitt á þeim hættutímum, sem nú eru.

*__Páll Zóphóníasson:__ Ég skal ekki lengja umræðurnar. Mig langaði bara til að segja tvennt. Við síðasta ræðumann vil ég aðeins segja þetta: Við erum báðir kunnugir víða um landið. Við þekkjum hrepp með 26 kjósendum og annan hrepp með 486 kjósendum. Báðir senda þeir einn fulltrúa á sýslufund. Mér finnst, að ræðumaður verði að athuga þetta og leggja til og berjast fyrir breytingum á kosningum sýslunefndarmanna, svo að lýðræðið hans fái að njóta sín.

Við næstsíðasta ræðumann vil ég segja það, að ég mundi ekki vera hér á þingi, ef ég hefði ekki fengið umboð frá 930 mönnum, þeim 727, sem kusu mig við síðustu kosningar, og nokkrum í viðbót. Ég slæ því föstu, að það sitji enginn með siðferðislegu umboði frá sínum kjósendum, og þess vegna mátti þingið ekki hreyfa nema aðkallandi nauðsynjamálum, sem ekki þoldu bið. Ég slæ því föstu, að þetta séu svik á því, sem sagt var af Stefáni Jóhanni og Ólafi Thors, þegar þeir lofuðu að hreyfa ekki nema því, sem óumflýjanlega væri nauðsynlegt, meðan þm. sætu hér í sölum Alþ., kosnir af sjálfum sér og ekki öðrum. Þeir segja, að það séu réttlætanleg svik, en ég kalla það svik, og ekkert annað en svik.

__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Ég var búinn að biðja um orðið áður og ætlaði að afturkalla það, en satt að segja þóttu mér það svo mikil brjóstheilindi hjá hv. 1. þm. N.-M., þegar hann segir, að hér á þingi sitji enginn með svokölluðu siðferðisvottorði nema hann, að ég varð að standa hér upp. Hvaða siðferðisvottorð hafði hann hér á sumarþinginu á bak við sig? Eitt skeyti með nokkrum kjósendum og eitt skeyti austur á fjörðum með nokkrum nöfnum á, og í von um, að hann fengi meira, sagðist hann sitja á þingi og greiða atkvæði. Ég verð að segja það, að ef menn haga sér svona, að ganga um og nudda sér utan í hverja herkerlingu og fá það skriflegt, að þeir megi sitja á þingi, þá veit ég ekki, hverjir brjóta kosningalögin, ef það eru ekki slíkir menn, með kosningaáróðri sínum, því að það er bannað að safna of mörgum meðmælendum. Þetta er ekkert annað en að safna meðmælendum og búa sig undir næstu kosningar. Það eru fáir, sem vilja leggja sig niður við það að ganga til kjósenda, og það í svartasta skammdeginu, í slíkum erindum. Hv. þm. sagði, að grenjaskytturnar lægju í þm. Ég held það megi segja um þm., að hann liggi á sama hátt í kerlingunum austur þar! — Það er ekki ég, sem segi þetta. Þetta eru bara hans eigin orð.

Það gengur alveg fram af mér, hvernig hv. þm. getur talað. Hann segir, að sér blöskri að horfa á þessa lögleysu, sem hér sé framkvæmd af öðrum þm. Ég verð að segja, að menn með hans aðferðir eiga sem minnst að tala um aðra, þegar þeir búa í svona glerhúsi, og því kannske brothættu. Þeir ættu sem minnst að tala um menn, sem ekkert gera annað af sér en að ganga að sínum störfum, sem þeir hafa fulla heimild til og skyldan býður þeim.

Um þessa stjskrbreyt., sem hér er til umr., ætla ég ekki að tala, en ég varð að segja þetta, því að mér ofbauð svo tal þessa hv. þm.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:6 atkv. og afgr. frá Alþingi (A. 521).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, utan dagskrár, mælti

Héðinn Valdimarsson: Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvort ekki væri hægt að halda lokaðan fund um ýmis mál viðvíkjandi setuliðinu, sem er hér nú, ekki aðeins um það, sem talað hefur verið um, að haldinn yrði kannske lokaður fundur viðvíkjandi brottflutningi fólks úr bænum o. þ. h., heldur viðvíkjandi réttaröryggi Íslendinga hér í bænum gagnvart setuliðinu. Þrír Íslendingar hafa nú verið skotnir af setuliðinu, og nú fyrir rúmum sólarhring hefur einn þeirra látizt af skoti. Auk þess hafa af setuliðinu verið framin hér nokkur ofbeldisverk, sem ekki hefur heyrzt um í blöðum, en ekki hafa verið vefengd af neinum.

Ég óska þess fyrir mitt leyti, að hæstv. fjmrh. tali við hina ráðh., helzt í dag, eða þá sem fyrst, um það, hvort ekki væri hægt að hafa lokaðan þingfund um þetta mál, því að mér finnst, að það ætti að ræðast helzt á lokuðum fundi í Alþingi.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Það hefur verið ráðgert að halda lokaðan þingfund nú einhvern daginn. En mér vitanlega hefur ekki verið endanlega ákveðið, hvenær hann yrði, og gæti hann, virðist mér, þá eins orðið heldur fyrr en seinna. Að öðru leyti er ég ekki viðbúinn að svara neinum einstökum málum viðkomandi því, hvað verður tekið fyrir á slíkum fundi, enda skilst mér hv. 3. þm. Reykv. ekki ætlast til þess, að þessi mál, sem hann gat um, verði til umr. á opnum fundi að svo stöddu. (__HV:__ Það er rétt.) Hitt get ég staðhæft, að það verður haldinn lokaður fundur um ýmis mál, sem a. m. k. eru varðandi það ástand, sem nú ríkir og er yfirvofandi. Og ég skal gjarnan verða við tilmælum hv. 3. þm. Reykv. um að ýta á eftir, að það verði gert.

*__Finnur Jónsson:__ Ég vildi taka undir ósk hv. 3. þm. Reykv. í þessu efni, því að það er nú svo komið, að það lítur út fyrir, að öryggi landsmanna sé nokkur hætta búin af þeirri „vernd", sem við erum búnir að fá, því að maður heyrir rétt daglega um það, fyrir utan stórslys, sem orðið hafa, að ráðizt hefur verið á menn á götum og jafnvel á aðalgötum Reykjavíkur og þeir slegnir niður alveg að ósekju. Enn fremur veit maður um það, að það eru varla til svo sumarhús í nágrenni Rvíkur, að ekki hafi verið brotizt inn í þau og tekið úr þeim allt, sem hægt er að flytja burt. Það væri því ákaflega nauðsynlegt að gera einhverja gangskör að því að fá þessu kippt í lag, ef einhverjir möguleikar væru til þess.

Á 22. fundi í Nd., 19. marz, utan dagskrár, mælti

*__Jóhann G. Möller:__ Mig langar til að gera eina fyrirspurn til hæstv. félmrh., út af þáltill., sem ég flutti á vetrarþinginu í fyrra um það, að ríkisstj. léti fara fram rannsókn á því, hvort kleift mundi vera að koma á sameiginlegum líftryggingum landsmanna vegna ófriðarhættunnar og tryggingum vegna tjóns vegna ófriðarhættunnar. Þessi þál. fékk góðar undirtektir hér hjá þáv. félmrh. Síðan hefur ekkert heyrzt í þessu máli. Og þó að kominn sé annar félmrh. nú, langar mig til að vita, hvort nokkur rannsókn hefur átt sér stað af hálfu félmrn. í þessu máli, og ef sú rannsókn hefur ekki átt sér stað, þá hvort núv. ríkisstj. vildi ekki láta þá rannsókn fara fram og bera síðan fram frv. um þetta mál.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Þó að ég standi í raun og veru utan við það, að mér beri að svara þessari fyrirspurn, af því að þetta mál heyrir ekki undir þann hluta af störfum félmrh., sem ég hef tekið við, þegar breyt. varð á ríkisstj., heldur þann hluta, sem hæstv. viðskmrh. tók við, þá vil ég samt taka það fram, að ég veit ekki til, að nein rannsókn hafi farið fram þessu viðvíkjandi. Að öðru leyti get ég lítið um þetta mál sagt. Hvað ríkisstj. gerir í þessu máli hér eftir, get ég ekki svarað, þar sem ég veit ekki, hvaða afstöðu ráðh. taka til þess né heldur ríkisstj. í heild.

*__Jóhann G. Möller:__ Ég vildi beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh., að hann vildi vera svo vænn að koma þessari áskorun minni til ríkisstj., sem ég bar fram áðan. Því að það mun sízt vera minni hætta búin eignum manna hér á landi af völdum stríðsins en í fyrra, þegar samþ. voru l. um stríðsbótatryggingar fyrir svo að segja alla hluti í landinu, jafnt nauðsynlega og ónauðsynlega.

Og ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., að hún

geri eitthvað í því að tryggja líf landsmanna fyrir stríðshættunni.

*Garðar Þorsteinsson: Mig langar til, út af því, sem hefur komið hér fram, að spyrjast fyrir hjá ríkisstj. um það, hvort l. um tryggingar á eignum gagnvart skemmdum af hernaðarvöldum hafi komið til framkvæmda. Ég hef ekki lögin við höndina, en hygg, að þau eigi að koma til framkvæmda, þegar skemmdir hafa orðið á húsum manna eða öðrum eignum af völdum hernaðar. Nú er vitað, að hús á Austurlandi og Norðausturlandi hafa skekkzt á grunninum, þegar tundurdufl hafa sprungið, og fólk hefur orðið að flytja úr bæjum vegna skemmda af sömu ástæðum, að tundurdufl hafa sprungið í fjörum.

Vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. áliti ekki, að rétt væri að innheimta eitthvað af fasteignum í landinu til þess að bæta upp slíkt tjón sem þetta, og hvort það muni ekki rétt skilið, að l. eigi við að bæta slíkt tjón sem þetta.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Um skemmdir af völdum tundurdufla, sérstaklega fyrir Austurlandi og Norðausturlandi hefur verið rætt í ríkisstj., og er þeim umr. að miklu leyti lokið. Þetta mál hefur verið rætt á þeim vettvangi, hvort þeir aðilar, sem fyrir tjóni af þessum skemmdum hafa orðið, fengju greiddar skaðabætur vegna þessa tjóns fyrir milligöngu hernaðaryfirvaldanna brezku frá brezku stjórninni. En það hefur komið í ljós við umr. um þetta mál, að það er ekki líklegt, að það sé hægt að fá peninga greidda með þeim hætti, sem stafar af því, að tjónið af tundurduflum er mjög víðtækt, bæði hér við land og annars staðar við strendur landa samanlagt. Og herstjórnirnar, sem slíkar skaðabætur sem þessar, sem hér er rætt um, eru gerðar kröfur til um, telja oft ekki hægt að sanna, frá hvaða hernaðaraðila tundurduflin eru í hvert skipti, sem springa og valda tjóni, svo sem t. d. við strendur Noregs og Danmerkur, og það sama gæti líklega að einhverju leyti átt við hér við land um þau tundurdufl, sem springa. Auk þess hygg ég, þó að hægt væri að sanna um slíkt, þá mundi hlutaðeigandi hernaðarþjóð ekki undir neinum kringumstæðum ganga inn á svo víðtækar skaðabætur, sem af því mundi leiða, ef greitt væri tjón það, sem þessi tundurdufl valda. Það hefur verið komizt að samkomulagi um það, hvernig ætti að fyrirbyggja, að þessi tundurdufl geti framvegis valdið því tjóni, sem þau hafa gert hingað til, sem er fyrst og fremst í því fólgið að reyna að eyðileggja þau, en inn á umr. um það ætla ég ekki hér. En eftir að málið hefur verið rætt á þeim grundvelli að fá skaðabæturnar greiddar frá þeirri þjóð, sem líklegast er talið, að hafi lagt þau dufl, sem hér springa, hefur það ekki verið tekið upp í ríkisstj. að láta þetta tjón falla undir ákvæði þessara laga. Það er náttúrlega atriði, sem má taka upp og líklegt er, að verði tekið upp, skemmdirnar, sem hafa orðið og kunna að verða af völdum þessara tundurdufla, enda þótt gerðar hafi verið ráðstafanir til þess að fyrirbyggja sem mest, að tundurduflin geti valdið því tjóni framvegis, sem orðið hefur hingað til af völdum þeirra

*Gísli Guðmundsson: Ég vil taka undir það með hv. 7. landsk. (GÞ), að þess mun full þörf að athuga, hvaða möguleikar muni vera fyrir hendi til að bæta þeim, sem orðið hafa fyrir eignatjóni og jafnvel atvinnutjóni vegna þessara tundurdufla, sem sprungið hafa, en það hefur sérstaklega orðið fyrir Norðausturlandi. Ég hygg, að það muni mega teljast óhjákvæmilegt, að af því opinbera verði gerð einhver ráðstöfun til þess, að slíkt tjón verði bætt.

Vil ég skjóta því til hæstv. ríkisstj., hvort hún sér sér fært samkv. l. um stríðstryggingar að bæta slíkt tjón, sem verða kann á eignum manna í smáum stíl, án þess að l. um stríðstryggingar þyrftu að koma til framkvæmdar að öðru leyti.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Eins og ég tók fram áðan, hefur þessi hlið málsins ekki verið rædd í ríkisstj. Og það er vitanlega alveg rétt, sem hér kemur fram hjá hv. þm. N.-Þ., að ef ætti að bæta það tjón, sem orðið hefur samkv. þeim l., sem afgr. voru um stríðstryggingar, þá álít ég, ef ég man ákvæði l. rétt, að það yrði of þungt í vöfum. Það var í raun og veru ekki ætlunin með þeim lögum að láta þau koma til framkvæmdar — því að framkvæmd þeirra er stórt kerfi — nema tjón yrði miklu verulegra af völdum styrjaldarinnar heldur en orðið er af völdum þessara tundurdufla. Og ég lít þannig á, án þess að ég geti lýst yfir nokkru fyrir hönd ríkisstj. um þetta efni enn sem komið er, m. a. vegna þess, að þessi hlið málsins hefur ekki verið rædd, að miklu eðlilegra væri að bæta það tjón, sem af tundurduflunum er orðið og kann að verða, ef Alþ. álítur rétt að bæta það, beinlínis með fjárframlögum úr ríkissj., heldur en að láta þessi l., sem eru mikið kerfi, koma til framkvæmda til að bæta það tjón. En þetta mál allt er talsvert vandasamt og það fyrir þá sök, að tjónið af völdum ófriðarins, sem landsmenn hafa orðið fyrir, er margs konar. Og þó að þetta, af völdum tundurduflanna, sé mikið, og kannske umfangsmesta tjónið af því tagi, þá er mjög mikið vafamál, að það sé meira eða tilfinnanlegra fyrir einstaka menn heldur en annað tjón af völdum ófriðarins, sem sumir menn aðrir hafa orðið fyrir hér á landi. Ég get t. d. upplýst það hér, að það liggja olíuskip fyrir Austurlandi, og að ég hygg sérstaklega á Seyðisfirði, og þau eru tekin til hreinsunar að mér er sagt annað slagið. Fer þá mikið af olíu út á fjörðinn og meðfram ströndunum. Og á sumum bæjum, þar sem æðarvarp hefur verið stórkostlegur atvinnuvegur, er sýnilegt, eftir því sem mér hefur verið skrifað þar að austan, að yfir þeim bændum, sem þar búa, vofir, að sá atvinnuvegur gereyðileggist, því að æðarfuglinn rekur í stórum hrönnum upp á fjörurnar eftir að olían hefur komizt í fiðrið og fuglinn af þeim ástæðum getur ekki bjargað sér eins og annars. Þetta er kannske ekki eins mikið tjón í svipinn eins og vegna þess, þegar tundurdufl springa. En sem peningalegt tjón er það næstum alveg það sama.

Hvort hv. alþm., sem áhuga hafa fyrir þessu máli, vilja taka þetta mál upp eða beina því til ríkisstj. að gera það og leggja till. fyrir þingið um það, læt ég liggja milli hluta að svo komnu.

Á 50. fundi í Ed., 6. maí, utan dagskrár, mælti

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Ég vildi leyfa mér að bera hér fram þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstjórnar og þá til hæstv. forsrh., sem er hér staddur og á sæti í þessari hv. deild, hvort það sé rétt, sem skrifað hefur verið í flokksblaði hæstv. ráðh., „Tímanum", í gær, að samningar væru þegar gerðir milli ríkisstj. og setuliðanna hér á landi um mannafla til starfa hjá setuliðunum. Og ef sú fregn er rétt, þá vildi ég vinsamlegast fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann skýrði hv. d. frá, hvernig þeir samningar eru í aðalatriðum, en það hef ég ekki séð neitt um.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er ekki vettvangur til þess að svara þessu sérstaklega hér, a. m. k. ekki án þess að það sé borið fram á þann hátt, sem venja er til. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að hv. þm. geti fengið vitneskju um þetta næstu daga.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get náttúrlega ekki þakkað hæstv. ráðh. fyrir svarið, en ég veit ekki betur en slíkar fyrirspurnir sem þessi hafi oft komið hér fram á Alþingi utan dagskrár. Að minni hyggju er því alveg formlega spurt, en ef hér er um eitthvert leyndarmál að ræða, sem ekki má segja frá í sölum Alþingis, þá verður náttúrlega að spyrjast fyrir um það á öðrum vettvangi.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Hér á Alþingi er ekki það fyrirkomulag, að hafður sé sérstakur fyrirspurnatími til stjórnarinnar. Það getur vel verið, að ekki sé óeðlilegt að hafa það. Hér hefur hins vegar verið á því annað form, enda er nauðsynlegt, að sá ráðh., sem spurður er, hafi gögn við höndina viðvíkjandi þeim málum, sem um er spurt.

*Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Það er sjálfsagt rétt hjá hæstv. forsrh., að það sé ekki þingvenja að svara fyrirspurnum svona, en þetta er þó venja, sem hefur skapazt. Mér er kunnugt um það, að þessi hæstv. ráðh. hefur oft staðið í löngum umr., bæði í d. og sameinuðu þingi, um ýmis dægurmál, sem fram hafa komið fyrirspurnir um til ríkisstj. Hæstv. forsrh. er þó kunnugt, að þegar fram eru bornar hér fyrirspurnir, þá eru þær ekki teknar á dagskrá nema með leyfi ráðh., og ef hann vill hliðra sér hjá að svara, þá getur hann alveg eins gert það, hvort sem fyrirspurnin er skrifleg eða munnleg.

Ég get ekki hugsað mér, að það þurfi mikil gögn í þessu máli. Hér er aðeins um það spurt, hvort þessi samningur hafi verið gerður eða ekki, og þá með hvaða heimild, og einnig, hvernig frá honum hafi verið gengið. Mér er ekki grunlaust um, að í þennan samning hafi verið sett ákvæði, sem alþjóð á ekki að fá að vita um, og þess vegna vilji hæstv. ráðh. hliðra sér hjá að svara. En hvað sem því líður, þá ber hæstv. forsrh. að standa fyrir gerðum sínum hér á Alþingi og upplýsa það, sem ríkisstj. gerir, og þá sérstaklega, ef hún gerir það, sem telja má, að hún hafi hæpnar heimildir fyrir, eins og ég geri ráð fyrir, að sé um þetta mál.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég man ekki til þess að hafa hliðrað mér hjá að svara fyrirspurnum, sem bornar hafa verið fram á formlegan hátt. Þetta get ég því ekki tekið til mín.

Fyrirspyrjandi upplýsir það, að frá þessu hafi verið skýrt í blaði þess flokks, sem ég tilheyri. Eftir þessu er auðsætt, að vitneskja hans um samninginn er til staðar. En ef samningurinn hefur verið gerður, eins og blaðið skýrir frá, sem ég býst ekki við, að hann sé í neinum vafa um, þá þyrfti náttúrlega að gefa upplýsingar um samninginn, en þær eru bara ekki til staðar.

Í annan stað stend ég ekki sem ráðh. að þessum samningi. Það er þess vegna eðlilegra, að þeir hæstv. ráðh., sem þar eiga hlut að máli, svari þeim fyrirspurnum, sem fram hafa komið. En það veit ég, að báðum þessum hv. þm. er kunnugt, sem hafa sett út á það, að ég svaraði ekki þessum fyrirspurnum, að þessi mál heyra ekki fyrst og fremst undir þá stjórnardeild, sem ég veiti forstöðu.

*Brynjólfur Bjarnason: Það hefur verið venja hér, þegar bornar hafa verið fram fyrirspurnir til ráðh. utan dagskrár, að þeim hafi verið svarað. Hitt er alveg undantekning, að þeim hafi ekki verið svarað. Þegar samt slíkt á sér stað, verður maður að álykta, að hæstv. ráðh., sem þar á hlut að máli, hafi fram að færa einhverjar ástæður fyrir því, að hann neitar að svara.

Nú er spurt hér um, hvort það sé rétt, sem fullyrt er í ákveðnu blaði, og það í flokksblaði hæstv. ráðh. Og mér finnst það nokkuð hart, að maður skuli ekki geta fengið því svarað. Hvaðan hefur blaðið þesar upplýsingar? Ef það hefur þessar upplýsingar frá hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj., þá skil ég ekki í því, að hægt sé að verja það, að einu ákveðnu blaði séu gefnar slíkar upplýsingar, en þm. sé hins vegar neitað um þær. Ef þetta aftur á móti er ekki rétt hjá blaðinu, ef það fer þarna með fleipur og hefur ekki fengið neinar upplýsingar hjá hlutaðeigandi ráðh., þá finnst mér líka óviðeigandi að skýra ekki frá því. Ég get þess vegna ekki séð, hvernig hæstv. ráðh. getur komizt hjá því að svara þessari fyrirspurn, og sömuleiðis, að hann svari því, hvort það sé rétt hermt hjá blaðinu eða ekki, að samningar séu komnir á við amerísku setuliðið.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég held, að tæplega sé hægt að segja það með réttu, eins og ég sagði áðan, að ég hafi verið tregur til að svara fyrirspurnum. Hitt er annað mál, að það er á valdi stjórnarinnar, hvernig hún vill, að þær séu bornar fram, af því að það er ekki munnlegur fyrirspurnatími hér á þingi. Það getur verið rétt að innleiða það, en það hefur ekki enn verið gert. Frá minni hendi er ekki um nein undanbrögð við þingið að ræða í þá átt að gefa ekki upplýsingar um samninga, sem kunna að hafa verið gerðir. Við vitum það allir í þessari hv. d., að þeir hv. þm., sem spyrja, vita miklu meira um þessi mál en blaðið, sem þeir tala um,

að viti meira heldur en þeim hefur verið gefið upp. Það er ekki þess vegna sem þeir spyrja, heldur er það vegna þess að þeir óska eftir að innleiða umr. um samningana á þessu stigi í hv. d., ef þeir liggja fyrir. Og af því að sá hæstv. ráðh. er ekki við, sem þetta heyrir undir, og ég hef ekki þau gögn, sem til þarf, þá kæri ég mig ekki um að fara út í umr. um málið. En ef fyrirspurnin er borin fram á eðlilegan hátt, þá skal ekki standa á mér að ræða þetta mál, því að það er engin launung yfir því.

Á 51. fundi í Nd., 7. maí, utan dagskrár, mælti

*__Einar Olgeirsson:__ Mig langar að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort það sé rétt, sem sagt er frá í *Tímanum* síðasta þriðjudag, að samningar hafi verið gerðir milli ríkisstj. og yfirmanna setuliðsins um vinnu verkamanna í þágu þeirra erlendu herja, sem hér eru, með þeim árangri, að þar verði um talsverða fækkun að ræða. Mér fyndist vægast sagt viðkunnanlegt, að Alþ. fengi að vita af því, ef svona ráðstafanir eru gerðar. Það er hart, að maður skuli þurfa að lesa í blöðum um slíkar framkvæmdir, sem maður hefði getað búizt við, að hæstv. stj. hefði skýrt fá hér á þingi. Ég vil því mælast til þess, að hæstv. ráðh. skýri frá því, hvort þetta er rétt, og gefi nánari upplýsingar, ef það reynist vera satt.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Ég hef ekki lesið þessa frásögn í Tímanum og get ekki að svo stöddu gefið nánari upplýsingar um þetta mál. Hitt mun rétt vera, að samningar um þetta hafa verið gerðir um ráðningu verkamanna eitthvað með þeim hætti, að þær verði gerðar fyrir milligöngu vinnumiðlunarskrifstofu.

*__Einar Olgeirsson:__ Það virðist ganga erfiðlega að fá upplýsingar um þetta mál. Mér er kunnugt um, að í Ed. var í gær gerð fyrirspurn um þetta sama mál. Þar var hæstv. forsrh. til svara, og hann gat jafnmiklar upplýsingar gefið og hæstv. fjmrh. nú. Líklega hefur hæstv. forsrh. lesið Tímann, en ekkert vildi hann um það segja, hvort hann segði satt. Vitnaði hann sérstaklega til hæstv. atvmrh., að hann mundi helzt vita, hvað gerzt hefði í málinu, en ég vil þá mælast til þess, ef svo einkennilega skyldi vilja til, að hæstv. atvmrh. sæist hér, að hann fengi að vita um þessa fyrirspurn, svo að hann gæti svarað henni.

__Forseti: (JörB):__ Út af fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv., vil ég taka fram, að ég skal sjá svo til, að hæstv. atvmrh. berist fyrirspurn hans.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 39. fundi í Nd., 21. apríl, utan dagskrár, mælti

*__Pálmi Hannesson:__ Á öndverðu þingi bar ég og fleiri þm. fram frv. um breyt. á l. um dragnótaveiði í landhelgi. Þetta frv. fór gegnum 1. umr. og til sjútvn. Nú er liðinn langur tími, síðan frv. fór þangað, en bólar ekki á því enn, og virðist þó, að nægur tími hefði átt að vera til þess, að afgreiðslu þessa máls hefði átt að vera lokið. Ég vil leyfa mér fyrir hönd flm. að beina því til hæstv. forseta og þessarar n., að okkur verði gerð úrlausn og þetta mál megi koma til 2. umr. sem allra fyrst.

__Forseti (JörB):__ Ég vil mega vænta þess, að hv. sjútvn. afgreiði þetta mál bráðlega.

*__Finnur Jónsson:__ Ég skal upplýsa, að þetta frv. var sent til Fiskifélags Íslands til umsagnar, og sömuleiðis var leitað umsagnar forstjóra fiskideildar atvinnudeildarinnar. Þessar umsagnir eru ókomnar til n., en þegar þær hafa borizt, mun málið fljótlega verða tekið fyrir. Fundir hafa farizt fyrir í dag, þar sem margir nm. voru fjarverandi, en að sjálfsögðu verður málið afgr. svo fljótt sem hægt er, eftir að þessar umsagnir eru komnar.

En úr því verið er að spyrjast fyrir um mál hér, langar mig til að spyrjast fyrir um mál, sem ég hef flutt hér ásamt öðrum flokksmönnum mínum hér í d. mjög snemma þings. Það er frv. um breyt. á l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Við flm. höfðum ástæðu til að halda, að þetta frv. ætti hér mikið fylgi og sennilegt, að það mundi ekki verða að ágreiningsmáli, þar sem því var yfirlýst af hv. form. Sjálfstfl. fyrir tæpu ári, að hann hefði mikinn áhuga fyrir, að þeir, sem orðið hefðu fyrir tapi vegna gengisbreyt. 1939, fengju nú það tap endurgreitt á þann hátt, að genginu yrði breytt í réttlátara horf en verið hefur nú síðustu ár. Sömuleiðis er kunnugt, að sá þröskuldur, sem var í vegi fyrir gengisbreyt. fram á síðustu mánuði ársins 1940, er nú burtu fallinn, þar sem Bretar gera ekki lengur kröfu til þess, að íslenzka krónan sé í óbreyttu hlutfalli við sterlingspundið. Auk þess sem hv. form. Sjálfstfl. virtist hafa sérstakan áhuga fyrir þessu máli, þá hafa 3 eða fleiri þm. frá Sjálfstfl. gefið yfirlýsingu um, að genginu væri breytt til réttlátari vegar og töldu það þá merkustu og réttlátustu dýrtíðarráðstöfun, sem hægt væri að gera. Hv. þm. V.-Sk. var meðal þeirra. Og úr því að ýmsir helztu áhrifa- og ráðamenn Sjálfstfl. hafa sérstakan áhuga á því, að gengið sé hækkað, þá hefur Alþfl. og við flm. sérstaka ástæðu til að halda, að þessu máli yrði hraðað, og því meiri ástæða er fyrir mig að óska, að þetta mál verði afgr. frá n. og tekið til meðferðar hér í d. sem allra fyrst. Nú er farið að byrja á nýjum sölusamningum við Breta, og vitanlega væri þá tækifæri til að breyta gengi krónunnar, áður en gengið er til þessara samninga. Ég vil því mjög mælast til þess við hæstv.

forseta, að hann hlutist til um það við hv. fjhn., að hún skili áliti sínu um þetta mál sem allra fyrst.

*Sveinbjörn Högnason: Hv. þm. Ísaf. telur, að það dragist nokkuð hjá fjhn. að skila áliti um þetta frv., sem jafnaðarmenn hafa flutt hér í d., en honum er kunnugt, að það er mikið að starfa í þeirri n., en gengið treglega að fá menn til að mæta þar til vinnu, og hygg ég, að það sé ekki sízt fulltrúi jafnaðarmanna, sem oft hefur ekki komið á fundi, og væri æskilegt, að hann gæti sótt fundi betur en verið hefur, ef á að koma fram málum, sem fyrir n. liggja. Það er ómögulegt að afgreiða þar mörg stórmál, nema fundir séu sóttir daglega af öllum nm. Ég vil því mælast til, að jafnaðarmenn sjái um, að fundir verði betur sóttir en verið hefur af þeirra hálfu.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til ræðumanna, sem hér taka til máls, að rökræða ekki mál, heldur koma aðeins með fyrirspurnir um þau.

*Haraldur Guðmundsson: Út af ummælum hv. 1. þm. Rang. vil ég segja, að honum væri nær að líta í eigin barm. Mér er ekki kunnugt um, að tveimur fundum undanteknum, að skort hafi á, að ég hafi mætt til funda í fjhn. Hitt er ekki mín sök, þó að form n. gleymi stundum að boða fundi eða gleymi að koma þar sjálfur eða stjórni fundum þannig, að helmingur þeirra lendi í meiningarlausu kjaftæði. Ef hv. þm. meinar, að ég sé ekki starfhæfur í n., á hann að kvarta við hæstv. forseta í staðinn fyrir að koma með slíkar árásir sem þessa. Ég hef hingað til setið í n. til jafns við þennan hv. þm., og án þess að raupa, þá hygg ég, að ég teljist fullkomlega jafnhæfur honum til starfa í hvaða n. sem er.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. þm., að þeir geri út um þessi mál sín í n. í staðinn fyrir að deila hér.

*Sveinbjörn Högnason: Það má vera, að hv. þm. Seyðf. þyki allt kjaftæði, sem ekki kemur frá honum sjálfum, en allir vita, að mjög er erfitt að fá hann til að mæta á fundum. Hefur stundum orðið að hringja til hans út í bæ til að reyna að fá hann á fund. Það er og vitanlega alveg ómögulegt að heimta aðeins afgreiðslu á einu einasta máli, sem þm. kann að hafa áhuga á, en önnur eigi að sitja á hakanum. Ég var ekkert að deila á hann fyrir starfhæfi hans, hann er sjálfsagt í bezta lagi starfhæfur, þegar hann kemur, en öllum er kunnugt, að mjög er erfitt að fá hann til að sækja fundi.

*Haraldur Guðmundsson: Ég vil aðeins segja, að það er fullkomlega ósæmilegt og ósatt hjá hv. form. fjhn., að ég ræki störf mín þar verr en hver annar, a. m. k. geri ég það miklu betur en hann. Það eru tveir fundir, sem ég hef ekki getað mætt á, og í báði skiptin hef ég tilkynnt það. Hitt er annað mál, að það kemur stundum fyrir, að aðrir fundir kalla að á sama tíma og honum dettur í hug að halda nefndarfund. Ég veit ekki betur en að þessi hv. þm. dragi sig burt úr bænum um hverja helgi, og er þá stundum 2—3 daga í burtu, en einmitt um helgar er oft helzt tími til nefndarstarfa. Mér dettur ekki í hug að láta þennan hv. þm. komast upp með að bera sakir á mig. Ég hef þrásinnis óskað eftir, að þetta mál væri tekið fyrir í n., en hann hefur þá aðeins verið með vífilengjur.

Forseti (JörB): Ég vil mjög beina því til þessara hv. þm., að þeir geri þessar sakir sínar upp innan n. Skilst mér, að það mætti takast.

*Sveinbjörn Högnason: Mér dettur ekki í hug að liggja undir brigzlum frá hv. þm. Seyðf. Ef hann heldur, að hann sé einhver heilög persóna, sem ekkert megi deila á, þá er það misskilningur. Hann veit það fyrir samvizku sinni, hvað hann er að fara og hvernig hann hefur mætt á fundum.

Hann segir, að ég sé í burtu um flestar helgar. Ég hef beðið hann að koma á fund á laugardegi og sunnudegi, en hann hefur ekki getað það. Ég hef ekki verið í burtu nema annan hvern eða þriðja hvern sunnudag. Að heyra þennan hv. þm. vera að ráðast á aðra með persónulegar svívirðingar fyrir að mæta ekki á fundum, þegar hann sjálfur mætir þar ekki betur en hann hefur gert, eins og ég veit, að hverjum einasta nm. er kunnugt, að hann komist þar á ofan upp með að vera með persónulegan skæting, það skal hann ekki láta sér detta í hug. Ég hef ekki orðið var við verulegan áhuga hjá honum fyrir öðrum málum en þessu eina, en eins og allir vita, hafa mörg önnur mál legið fyrir n., og ég vil segja honum það, að ef á að afgr. þar mál, þá verður að koma á fundi og vinna að þeim, en hann skal ekki láta sér til hugar koma, að hann komist hér upp með merkilegheit og svívirðingar og sé svo með digurbarkalæti, að hann sé einhver heilög persóna, sem ekki megi setja neitt út á.

Forseti (JörB): Ég vil nú biðja menn að hætta að skattyrðast út af þessu.

*Haraldur Guðmundsson: Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann telji viðeigandi, að form. n. beini að meðnm. sínum ákúrum og skammaryrðum. Ég vil því mælast til þess, að þeim ámælum, sem hæstv. forseti beinir að mér, beini hann heldur til sessunautar síns, hv. 1. þm. Rang. Ég á því ekki að venjast, að form. n. beri á mig sakir í d. fyrir vinnubrögð í n., og mér dettur ekki í hug að taka því með þögn og þolinmæði, að svo sé gert, allra sízt þegar form. sjálfur er ekki nýtari til starfa en sá, sem hér um ræðir. Ég vil aðeins endurtaka það, að mér dettur ekki í hug að sitja undir slíkum ásökunum frá honum.

Forseti (JörB): Ég vil beina því til hv. þm. Seyðf., að ég hef ekki verið að gera hér upp á milli manna og á engan hátt tilgreint, hver væri ámælisverður. Það er því óþarfi fyrir hann að vera að beina skeytum sínum til mín. Ég hef aðeins bent hv. fjhnm. á, að þeir eigi að gera upp þessar sakir innan n. Og hvað áhrærir afgreiðslu

mála, þá mun ég, eins og mín er venja, reyna, ef óskað er eftir, að greiða fyrir afgreiðslu þeirra í n., og mun ég reyna að gera það einnig í þessu atriði.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort ekki beri að athuga í bókum n., hverjir hafi mætt laklegast. — Ég boða svo hv. þm. Seyðf. á fund í n. kl. 9 í fyrramálið.

Forseti (JörB): Ég vil biðja þá hv. þm., sem hafa kvatt sér hljóðs, að deila ekki um of hver á annan.

Finnur Jónsson: Ég spurði aðeins um, hvað málinu liði, og get ég ekki talið það neitt saknæmt. Ég endurtek það, að mér finnst málið hafa legið allt of lengi hjá n. óafgreitt.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil beina því til hæstv. forseta, að þegar gerðabækur n. eru athugaðar, þá er það formaður n., sem ákveður fundartíma. Nú hefur verið boðað til fundar kl. 9 í fyrramálið, og ég vona, að ég geti mætt, ef ekkert óviðráðanlegt kemur fyrir.

III. Minning Thorvalds Staunings.

Á 11. fundi í Sþ., 4. maí, mælti

forseti (GSv): Háttv. alþingismenn! Ég tel mér skylt að tilkynna Alþingi Íslendinga, að fregn hefur borizt hingað um, að Thorvald Stauning, forsætisráðherra Dana, hafi andazt í gærmorgun. Hér er hvorki staður né stund til þess að rekja æviferil þessa alkunna og merka stjórnarforseta þess lands, sem fram að þessu hefur verið sambandsland vort, en segja má óhikað, að hann hafi verið meðal hinna mikilhæfustu stjórnmálamanna síðari tíma, eigi aðeins á Norðurlöndum, heldur þótt víðar væri leitað.

Eins og kunnugt er, var Thorvald Stauning af eðlilegum ástæðum mjög svo riðinn við mál lands vors á ýmsan veg í allri stjórnartíð sinni, og ljúka allir, sem til þekktu, upp einum munni um það, þótt skoðanir yrðu stundum skiptar, að hann hafi borið einlægt vinarþel í brjósti til Íslands og Íslendinga og á margvíslegan hátt leitazt við að verða oss að liði, enda mun það verða lengi í minnum geymt meðal þeirra, er hlutu að eiga við hann skipti.

Um leið og ég vil í nafni Alþingis þakka þetta, vil ég votta landi og þjóð í Danmörku fyllstu samúð vil frafall þessa stjórnarhöfðingja og biðja háttv. alþingismenn að heiðra minningu hans með því að risa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum.]

IV. Stjórnarskipti.

Á 15. fundi í Sþ., 16. maí, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Ég leyfi mér hér með að tilkynna hinu háa Alþingi, að eftir að ríkisstjóri hafði samkvæmt ósk forsrh., Hermanns Jónassonar, veitt ráðuneyti hans lausn, fól hann mér að mynda nýtt ráðuneyti.

Samkvæmt þessu umboði hef ég myndað nýtt ráðuneyti, og er það svo skipað, að auk mín eiga sæti í því alþingismennirnir Jakob Möller og Magnús Jónsson.

Þegar fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, ritaði formanni Sjálfstfl. bréf, dags. 15. apríl síðastl., og tjáði honum, að ráðh. Framsfl. mundu fara úr ríkisstj., ef felld yrði till. sú, til rökstuddrar dagskrár, sem Framsfl. mundi bera fram til stöðvunar stjórnarskrármálsins við 2. umr. þess máls, og þegar sýnt var, að stjórnarskrárbreyt. átti svo mikið þingfylgi, að dagskrá þessi hlaut að falla, var hafizt handa um undirbúning þess, að mynduð yrði ríkisstj., sem fylgt gæti fram stjórnarskrárbreyt. og farið með önnur mál, er fyrir liggja.

Var þá sérstaklega um tvær leiðir að ræða: Að mynduð yrði samsteypustjórn einhverra þeirra flokka, er að málinu stóðu, eða að fjölmennasti flokkurinn, Sjálfstfl., myndaði einn stj. Sjálfstfl. kaus síðari kostinn í því trausti, að innan þingsins sé og muni verða nægilega mikið fylgi við stjórnarskrárbreytinguna, til þess að afstýra vantrausti á þá ríkisstj., sem mynduð er til þess að fylgja þessu máli fram til fullnaðarsamþykktar.

Stjórn sú, er nú tekur við völdum, er stjórn Sjálfstæðisflokksins í þeim skilningi, að hana skipa eingöngu sjálfstæðismenn. Hins vegar hefur hún ekki þá aðstöðu flokksstjórnar að vera bær um að framkvæma þau stefnu- og hugsjónamál Sjálfstfl., sem ekki njóta stuðnings annarra flokka, þar eð sjálfstæðismenn eru nú, svo sem kunnugt er, aðeins 16 á þingi, af alls 47 mönnum, er nú eiga þar sæti.

Hlutverk stjórnarinnar verður því fyrst og fremst það tvennt, að sjá farborða máli því, er stjórnarskiptum hefur valdið — stjórnarskrármálinu —, og að inna af hendi það höfuðverkefni undanfarinna ríkisstjórna að verja þjóðina gegn áföllum á þessum einstæðu og örðugu tímum, framfylgja lögum og annast daglega afgreiðslu þeirra mála, er á hverjum tíma koma til úrskurðar og framkvæmda sérhverrar ríkisstj.

Ríkisstj. mun samkv. eðli málsins ekki telja sig bæra um að taka upp eða fylgja fram nýjum ágreiningsmálum, meðan stjórnarskrármálið er til meðferðar, nema hún telji óumflýjanlega þjóðarnauðsyn til bera.

Þegar stjórnarskrármálið hefur náð samþykki þess Alþingis, er nú situr, mun þing tafarlaust verða rofið, svo sem 75. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um, og stofnað til kosninga svo fljótt sem auðið er, væntanlega í júnílok eða byrjun júlímánaðar næstkomandi. Hið nýja þing mun síðan kvatt saman svo fljótt á þessu sumri sem kostur er á. Mun stjórnarskrárbreyt. verða lögð fyrir það þing á ný, og verði hún þá samþykkt

þar, verður það þing að sjálfsögðu rofið og stofnað til nýrra kosninga, væntanlega á næsta hausti, eftir ákvæðum hinnar nýju stjórnarskrár.

Þá er það vilji stjórnarinnar, að skipuð verði milliþinganefnd, er semji frv. til l. að nýrri stjórnarskrárbreyt., og gefist þá Alþingi kostur á að ganga endanlega frá sjálfstæðismálum þjóðarinnar í samræmi við áður gefnar yfirlýsingar Alþingis í þeim efnum, þannig að stofnað verði lýðveldi á Íslandi.

Að þessu sinni þykir ekki ástæða til að víkja að þeim ágreiningsmálum, er stjórnarskiptum hafa valdið, eða freista þess að gera grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. til þeirra, enda mun það væntanlega gert bráðlega í áheyrn alþjóðar.

Ég skal svo að lokum leyfa mér að lesa efni ríkisstjóraúrskurðar um breyting um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl.:

„Auk þeirra mála, sem samkvæmt konungsúrskurði frá 29. desember 1924 heyra undir forsætisráðherra, fer forsætisráðherra Ólafur Thors einnig með utanríkismál, landbúnaðarmál, vegamál, útvegs- og siglingamál önnur en síldarútvegsmál og strandferðamál, svo og útflutningsverzlunarmál, þar undir útflutningsnefnd.

Jakob Möller fer með fjármál ríkisins, skattamál, tollamál og önnur þau mál, sem samkvæmt konungsúrskurði 29. desember 1924 heyra undir fjármálaráðherra og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum. Enn fremur bæjar- og sveitarstjórnarmál, tryggingamál, heilbrigðismál, dómsmál og önnur þau mál, sem samkvæmt téðum konungsúrskurði heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum.

Magnús Jónsson fer með póstmál, símamál og loftskeytamál, vatnamál, iðnaðarmál, strandferðamál, verzlunarmál önnur en útflutningsverzlun, síldarútvegsmál, þar undir síldarverksmiðjur ríkisins og síldarútvegsnefnd og önnur þau mál, sem í téðum konungsúrskurði eru falin atvinnu- og samgöngumálaráðherra og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum. Enn fremur bankamál og sparisjóðamál, gjaldeyrismál, kirkju- og kennslumál."

V. Kosningar.

1. Ríkisstjóri Íslands.

Á 14. fundi í Sþ., 9. maí, var tekin til meðferðar **kosning ríkisstjóra Íslands til eins árs, frá 17. júní 1942 til jafnlengdar 1943, samkv. l. nr. 25 16. júní 1941.**

Kosningu hlaut
Sveinn Björnsson, ríkisstjóri,
með 38 atkv. — 4 seðlar voru auðir.

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 6. fundi í Sþ., 14. apríl, var tekin til meðferðar **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1941, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 38. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseta bárust þrír listar, A, B og C. — Á A-lista var JPálm, á B-lista JörB og á C-lista SÁÓ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr. alþingismennirnir

Jörundur Brynjólfsson,
Jón Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson.

3. Gjaldeyrisvarasjóðsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning 3 manna í nefnd samkv. 6. gr. l. nr. 50 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum, að viðhafðri hlutfallskosningu.**

Fram komu þrír listar, A, B, og C. — Á A-lista var Björn Ólafsson, á B-lista Sigurður Kristinsson og á C-lista Haraldur Guðmundsson. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina

Sigurður Kristinsson forstjóri,
Björn Ólafsson stórkaupmaður,
Haraldur Guðmundsson alþm.

4. Útvarpsráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning 5 manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna, allra til 3 ára, frá 18. apríl 1942 til jafnlengdar 1945, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 16 6. apríl 1939.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru Valtýr Stefánsson og Árni Jónsson, á B-lista Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson, á C-lista Finnbogi R. Valdimarsson. — Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að rétt væru kjörnir í útvarpsráð sem aðalmenn:

Jón Eyþórsson veðurfræðingur,
Valtýr Stefánsson ritstjóri,
Pálmi Hannesson rektor,
Árni Jónsson alþm.,
Finnbogi R. Valdimarsson fyrrv. ritstj.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, A, B og C. — Á A-lista voru Páll Steingrímsson og Jóhann Hafstein, á B-lista Sigurður Baldvinsson og Sveinn Víkingur, á C-lista Guðjón Guðjónsson. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir varamenn útvarpsráðs:

Sigurður Baldvinsson póstmeistari,
Páll Steingrímsson fyrrv. ritstjóri,
Sveinn Víkingur prestur,
Jóhann Hafstein lögfræðingur,
Guðjón Guðjónsson skólastjóri.

5. Fyrri varaforseti Ed.

Á 60. fundi í Ed., 18. maí, var tekin til meðferðar **kosning fyrri varaforseta deildarinnar.**

Fram kom einn listi, er á stóð nafnið Jóhann Jósefsson. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir, lýsti forseti yfir, að rétt væri kjörinn án atkvgr.

Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

6. Þingfararkaupsnefnd.

Á 19. fundi í Sþ., 21. maí, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. alþingismennirnir

Sigurður E. Hlíðar,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson,
Steingrímur Steinþórsson,
Finnur Jónsson.

7. Stjórnarskrárnefnd.

Á 20. fundi í Sþ., 22. maí, var tekin til meðferðar

kosning stjórnarskrárnefndar (samkv. nýafgr. þál. um það efni).

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar. Voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt kjörnir væru í nefndina án atkvgr.:

Af A-lista: Gísli Sveinsson alþm.,
Bjarni Benediktsson borgarstjóri.
Af B-lista: Stefán Jóh. Stefánsson fyrrv. ráðh.
Af C-lista: Jónas Jónsson alþm.,
Hermann Jónasson alþm.

VI. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 23.febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Svanhildur Þorsteinsdóttir, Björgvin Magnússon, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir:
Teknir strax: Ólafur Tryggvason, Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Svanhildur Ólafsdóttir, Björn Franzson, Björn Sigfússon, Ársæll Júlíusson, Auðbjörg Tryggvadóttir.
Teknir síðar eftir þörfum: Róbert Bjarnason, Sigrún Pálsdóttir, Guðjón Kristinsson, Friðfinnur Ólafsson.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Jón Bjarnason, Jens Magnússon, Gunnar Bergmann, Baldur Kristjónsson, Bragi Kristjánsson, Sigvaldi Indriðason, Einar Blandon, Guðmundur Davíðsson, Benjamín Sigvaldason, Einar Ólafsson.

Þingsveinar:
Friðrik Guðnason, Haukur Heiðar, Svafar Ársælsson, Friðrik Hjaltason, Hreinn Steingrímsson, Ólafur Jónsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

Fatagæzla:
Ragna Þorvarðsdóttir, Vigdís Torfadóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

9. marz var Sigríður Bjarklind ráðin til aðstoðar í skrifstofu, og 16. apríl var bætt við tveimur innanþingsskrifurum, Rannveigu Þorsteinsdóttur og Emil Björnssyni.

VII. Þingfrestun og þingrof.

Á 22. fundi í Sþ., 23. maí, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Með því að hið háa Alþingi hefur nú veitt samþykki sitt til þess að fresta fundum Alþingis, samkv. þáltill. á þskj. 509, er nú hefur verið samþ., þá leyfi ég mér að tilkynna hinu háa Alþingi, að samkv. umboði því, sem felst í ríkisstjórabréfi, dagsettu í dag, er ég hef lesið upp, fresta ég fundum Alþingis fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Þá vil ég leyfa mér að lesa upp bréf ríkisstjóra um þingrof:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt:

Þar eð Alþingi hefur samþykkt frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá ríkisins 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934, verður samkv. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. téð stjórnarskipunarlög, að rjúfa Alþingi.

Fyrir því mæli ég svo fyrir, að Alþingi, sem nú situr, skuli rofið frá þeim degi að telja, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri.

Gert í Reykjavík, 23. maí 1942.
Sveinn Björnsson.
Ólafur Thors."

Og að lokum skal ég lesa ríkisstjórabréf um alþingiskosningar:

„Ríkisstjóri Íslands gerir kunnugt:

Með því að ég hef með bréfi, dagsettu í dag, rofið Alþingi frá þeim degi að telja, sem almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri, ber samkv. stjórnarskránni að láta almennar kosningar til Alþingis fara fram.

Fyrir því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram sunnudaginn 5. júlí n. k.

Gert í Reykjavík, 23. maí 1942.
Sveinn Björnsson.
Ólafur Thors."

Forseti (GSv): Samkv. þessari tilkynningu má telja, að þessi fundur sameinaðs Alþingis verði að þessu sinni hinn síðasti. En eftir venju, þegar þingi lýkur þannig með frestun, verður ekki gefið neitt sérstakt yfirlit yfir þingstörfin. En ég vil nota tækifærið til að þakka þingmönnum fyrir gott samstarf við mig sem forseta og árna þeim allrar farsældar í sumar, bæði heima og heiman.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég leyfi mér fyrir hönd alþingismanna að þakka forseta sameinaðs Alþingis fyrir góða fundarstjórn og röggsama. Ég veit, að ég mæli þetta fyrir hönd allra þingmanna án undantekningar, og við árnum honum allrar blessunar í framtíðinni.

Forseti (GSv): Ég þakka hlý og heil orð í minn garð og segi þá fundi slitið.